Alþingi 1926.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1926, laugardaginn 6. febrúar, var 38. löggefandi Alþingi sett. Er það tuttugasta og níunda aðalþing í röðinni, en fimtugasta og þriðja samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu kl. 12,45 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1. Sjera Árni Sigurðsson fríkirkjuprestur steig í stólinn og lagði út af Jes. 21, 11.—12.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A.

Landskjörnir þingmenn:

1. Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm.
2. Jón Magnússon, 2. landsk. þm.
3. Jónas Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Ingibjörg H. Bjarnason, 4. landsk. þm.
5. Gunnar Ólafsson, 5. landsk. þm.
6. Ágúst Helgason, 6. landsk. þm.

B.

Kjördæmakjörnir þingmenn:

1. Árni Jónsson, 2. þm. N.-M.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
4. Bjarni Jónsson, þm. Dal.
5. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
6. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
7. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
8. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
9. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
10. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
11. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
12. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
13. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
14. Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
15. Jón Kjartansson, þm. V.-Sk.
16. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.

17. Jón Þorláksson, 1. þm. Reykv.
18. Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn.
19. Klemens Jónsson, 2. þm. Rang.
20. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
21. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
22. Magnús Torfason, 1. þm. Árn.
23. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
24. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
25. Pjetur Þórðarson, þm. Mýr.
26. Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.
27. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
28. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
29. Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv.

En ókomnir voru til þings:

1. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
2. Björn Líndal, þm. Ak.
3. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
4. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
5. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.

Konungsboðskapur.

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra, Jón Magnússon, og las upp opið brjef, er stefnir Alþingi saman til reglulegs fundar laugardaginn 6. febrúar 1926, dags. 3. des. 1925. (Sjá Stjórnartíðindi 1925, A. bls. 391).

Því næst las forsætisráðherra upp konungsumboð sjer til handa til þess að setja Alþingi, gefið út sama dag. (Sjá Stjórnartíðindi 1925, A. bls. 392).

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því, að Alþingi væri sett.

Þá stóð upp *Jóhannes Jóhannesson*, þm. Seyðf., og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!“

og tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Þá lýsti forsætisráðherra yfir því, að eftir tilmælum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins og með samþykki Íhaldsflokksins væri þessum fundi frestað fyrst um sinn, vegna þeirra þingmanna, sem ókomnir væru. Yrði þingmönnum síðar gert aðvart um framhald fundarins.

Mánudaginn 8. febrúar, kl. 1 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Voru nú komnir til þings þeir sjö þingmenn, sem ókomnir voru, þá er þing var sett. Allir þingmenn voru á fundi.

Forsætisráðherra kvaddi elsta þingmanninn, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., til þess að gegna forsetastörfum þar til er kosinn væri forseti sameinaðs þings.

Aldursforseti (BK) gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning látinna manna.

Aldursforseti (BK): Það hefir verið venja að minnast látinna þingmanna við þingsetningu, þeirra er látist hafa milli þinga.

Í þetta sinn hafa tveir þingmenn og fimm fyrverandi þingmenn látist síðan þingi sleit síðast.

Vil jeg fyrst minnast á *Hjört Snorrason*, 3. landsk. þm. Hann var fæddur 29. sept. 1859. Hann gekk í Ólafsdalsskólann og útskrifaðist þaðan og varð síðan kennari við þann skóla. Síðan var hann beðinn að taka við forstöðu búnaðarskólans á Hvanneyri, vorið 1894, sem þá var í mestu niðurníðslu. Tók hann þá forstöðu að sjer og stjórnaði skólanum til vorsins 1907 með mikilli sæmd. Þá var skólafyrirkomulaginu breytt og forstaðan veitt af nýju. En Hjörtur Snorrason vildi ekki sækja um hana.

Árið 1914 var Hjörtur kosinn þingmaður fyrir Borgarfjarðarsýslu; sat hann frá því á þingi til dauðadags, með því hann varð 3. landsk. þm. árið 1916.

Minning látinna manna.

Hjörtur Snorrason var bæði hreppstjóri og hreppsnefndaroddviti í Andakílshreppi á meðan hann bjó þar; auk þess sat hann í sýslunefndinni þar í sýslu. Þá var hann kosinn í landsyfirmatsnefndina til þess að samrýma fasteignamöt landsins, og vann þar með dugnaði og áhuga. Yfirskoðunarmaður landsreikninganna var hann kosinn 1923 og hjelt því starfi til dauðadags.

Hjörtur Snorrason var sjerstakur dugnaðarmaður, vel mentaður og talinn ágætur kennari. Hann var þjettur á velli og þjettur í lund og hjelt jafnan því fram í stjórnmálum og öðru, sem hann áleit hollast fyrir land og lýð. Hann ljest 1. ágúst f. á.

Þar næst vil jeg minnast á *Sigurð Jónsson*, 2. landsk. þm. Hann var fæddur 28. janúar 1852. Hann var fyrst kosinn á þing við landskjör það, er fór fram 1916, og hjelt því sæti til dauðadags. Atvinnumálaráðherra varð hann þegar á fyrsta þingi, 1917, og hjelt því embætti til 25. febrúar 1920.

Þó Sigurður Jónsson ætti ekki langa þingsetu, þá var hann samt mjög við almenn mál riðinn. Þannig varð hann hreppsnefndarmaður og sýslunefndarmaður 1887 og hreppsnefndaroddviti 1888, og hjelt þeim sætum þangað til hann fluttist til Reykjavíkur og varð ráðherra. Auk þess gegndi hann öðrum opinberum störfum í sínum hreppi.

Þess utan var hann einn af forvígismönnum samvinnuhreyfingarinnar í landinu og vanst mikið á sökum góðra hæfileika, og þó engu síður vegna áreitnislausrar og prúðmannlegrar framkomu. Hann bar jafnan mikla umhyggju fyrir almenningshag og sjerstaklega þeim minni máttar. Mun sú tilhneiging hafa leitt hann inn á samvinnubrautina. Gerði hann sjer vonir um, að samvinna í verslun yrði bændastjettinni til hagsældar, ef vel væri á haldið. En hann vildi líka meðan orka hans leyfði og hann gat við ráðið, að samvinnan væri rekin á heilbrigðum og friðsömum grundvelli.

Sigurður Jónsson var bæði dugnaðarmaður og fjörmaður á yngri árum og sanngjarn í dómum um menn og málefni. Aldrei hafði hann í skóla gengið, en varð þrátt fyrir það, vegna góðra hæfileika og óbilandi viljaþreks, vel mentaður maður.

Hann ljest á heimili sínu 16. janúar þ. á.

Þá vil jeg minnast þeirra fimm fyrverandi þingmanna, sem látist hafa síðan síðasta þingi sleit.

Ari Brynjólfsson bóndi á Þverhamri ljest 9. júlí f. á. Hann var fæddur 3. febrúar 1849 og var þingmaður fyrir Suður-Múlasýslu á aukaþinginu 1902. Hann gegndi og ýmsum opinberum störfum í þarfir sveitar sinnar og var meðal annars um langt skeið hreppsnefndaroddviti.

Þá ljest landsbókavörður *Jón Jacobson* 18. júní f. á. Hann var fæddur 6. desember 1860. Hann gekk í latínuskólann 1874 og útskrifaðist þaðan 1880. Þar eftir gekk hann í Hafnarháskóla, tók þar heimspekipróf 1881 og las þar svo forntungurnar um nokkur ár, en lauk ekki prófi. Hann var alþingismaður Skagfirðinga 1891—1899 og Húnvetninga 1903—1907.

Árið 1895 varð Jón Jacobson aðstoðarbókavörður við landsbókasafnið, en landsbókavörður árið 1906, og gegndi því embætti þangað til haustið 1924, að hann varð að hverfa frá því sökum vanheilsu.

Þá ljest fyrrum alþingismaður *Jón Jónatansson* 25. ágúst f. á.

Hann var fæddur 14. maí 1874 og gekk í búnaðarskólann í Ólafsdal. Þar eftir var hann í nokkur ár í þjónustu búnaðarsambands Íslands. Hann var kjörinn þingmaður fyrir Árnessýslu 1911 og sat á

þingunum 1912 og 1913. 1917 gekk hann í þjónustu landsverslunarinnar og hjelt því starfi meðan hann hafði heilsu til þess.

Þá ljest *Ólafur Briem* frá Álfgeirsvöllum á síðasta ári. Hann var fæddur að Espihóli í Eyjafirði 28. jan. 1851. Hann gekk í latínuskólann á 15. ári og útskrifaðist þaðan 19 ára gamall árið 1870 með 1. einkunn. Hann var fyrst kosinn á þing árið 1885 fyrir Skagafjarðarsýslu og hjelt þingmenskunni óslitið til 1919. En þá gaf hann ekki lengur kost á sjer til þingmensku. Hann var því þingmaður í 34 ár og lengst af 1. þingmaður kjördæmisins. Þá sat hann lengi í sýslunefnd og aðalamtsráðsmaður varð hann 1891 og sat í amtsráðinu þangað til það lagðist niður. Hann var og mjög riðinn við sveitarstjórn í hreppi sínum.

Síðustu þingár sín var hann forseti neðri deildar.

Ólafur Briem ljest 19. maí f. á.

Loks ljest *Stefán Stefánsson* bóndi í Fagraskógi hinn 24. maí f. á.

Hann var fæddur 29. júní 1863 að Kvíabekk í Ólafsfirði. Hann gekk í búnaðarskólann á Eiðum og útskrifaðist þaðan árið 1885; þar eftir var hann eitt ár í Möðruvallaskólanum.

Árið 1901 var hann fyrst kosinn á þing fyrir Eyjafjarðarsýslu, en sat þó ekki á þingi 1902 nje 1903. Við næstu kosningar þar á eftir var hann kosinn á ný fyrir sömu sýslu og sat úr því óslitið á þingi fram að kosningunum 1923. Hann gegndi og lengi opinberum störfum í hreppsfjelagi sínu og sýslunefndarmaður var hann í mörg ár.

Nú vil jeg biðja hina háttv. þingmenn í virðingar og viðurkenningarskyni við hina látnu þingmenn að standa upp.

(Þingmenn vottuðu virðing minningu þessara manna með því að standa upp).

Þá kvaddi aldursforseti sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., og Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

Rannsókn kjörbrjefa

Þingmenn skiftust nú í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁJ, ÁÁ, BSv, BSt, BJ, BK, EP, HStef, JK, JM, MJ, PÞ, SigurjJ, ÞórJ.

2. kjördeild:

ÁH, GuðmÓ, IHB, IP, JakM, JóhJóh, JAJ, JS, JörB, MG, MT, SE, TrÞ, ÞorlJ.

3. kjördeild:

BL, EÁ, GunnÓ, HSteins, HK, IngB, JJós, JBald, JÞ, JJ, KlJ, ÓTh, PO, SvÓ.

Fyrir lá að rannsaka kjörbrjef Ólafs Thors, 2. þm. G.-K., og kjörvottorð tveggja landskjörinna varaþingmanna, þeirra Ágústs Helgasonar og Gunnars Ólafssonar.

Kjördeildir skiftu með sjer verkum svo sem lög mæla fyrir, og hlaut 1. kjördeild til rannsóknar kjörbrjef Ólafs Thors og kjörvottorð Gunnars Ólafssonar, en 3. kjördeild kjörvottorð Ágústs Helgasonar.

Var svo gert fundarhlje meðan kjördeildir lykja störfum sínum.

Að stundarkorni liðnu, er kjördeildir höfðu lokið störfum sínum, var fundinum fram haldið.

Frsm. 1. kjördeildar (ÁJ): Jeg lýsi því yfir fyrir hönd 1. kjördeildar, að hún hefir athugað kjörbrjef þeirra Gunnars Ólafssonar og Ólafs Thors. Kjördeildin hefir

ekkert við þau að athuga og leggur einróma til, að kosningin verði samþykt.

ATKVGR.
Kosningin samþ. í e. hlj.

Frsm. 3. kjördeildar (KlJ): Þriðja kjördeild hefir haft til meðferðar kjörbrjef Ágústs Helgasonar. Hafði hún fyrir sjer útdrátt úr gerðabók landskjörstjórnarinnar í Reykjavík, og þar er því lýst yfir, að Ágúst Helgason sje varamaður Sigurðar Jónssonar. Hefir kjördeildin ekkert við þetta að athuga og leggur til, að kosningin verði samþykt.

ATKVGR.
Kosningin samþ. í e. hlj.

Eiðar unnir.

Þá ljet aldursforseti vinna eið að stjórnarskránni þá tvo nýkjörnu þingmenn, Ágúst Helgason og Ólaf Thors, er ekki höfðu setið á þingi áður.

Kosning forseta.

Þessu næst ljet aldursforseti fram fara kosning á forseta sameinaðs þings.

Kosningu hlaut

Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.,

með 22 atkv. — Klemens Jónsson, 2. þm. Rang., hlaut 15 atkv. og Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm., 5 atkv.

Hinn kjörni forseti gekk þá til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Forseti (JóhJóh): Jeg þakka háttvirtum þingmeirihluta þann sóma, sem mjer er sýndur með því að vera kosinn í 8. sinn í þessa virðingarstöðu.

Kvaddi forseti sjer til aðstoðar sem fundarskrifara Jón Auðun Jónsson, þm. N.-Ísf., og ljet því næst fara fram kosningu varaforseta sameinaðs þings. Kosningu hlaut

Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv.,

með 21 atkv. — Jakob Möller, 3. þm. Reykv., fjekk 5 atkv., Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., 1 atkv., en 15 seðlar voru auðir.

Kosning skrifara.

Þá voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Tveir listar komu fram, merktir A og B. Á A-lista stóð Jón Auðunn Jónsson, en á B-lista Ingólfur Bjarnarson.

Þar eð eigi voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir því, að þeir

Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf., og

Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.,

væru rjettkjörnir skrifarar sameinaðs þings.

Kjörbrjefanefnd.

Loks ljet forseti kjósa kjörbrjefanefnd. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram tveir listar, A og B. Á A-lista voru Björn Líndal, Jón Sigurðsson og Sigurjón Jónsson, en á B-lista Sveinn Ólafsson og Einar Árnason. Lýsti forseti yfir því, að þessir fimm þingmenn væru rjettkjörnir í kjörbrjefanefnd án atkvgr.:

Björn Líndal,
Sveinn Ólafsson,
Jón Sigurðsson,
Einar Árnason,
Sigurjón Jónsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi sameinaðs þings var fyrsti fundur efri deildar settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn, og voru þeir allir á fundi:

A. Landskjörnir:

1. Sigurður Eggerz, 1. landsk. þm.
2. Jón Magnússon, 2. landsk. þm.
3. Jónas Jónsson, 3. landsk. þm.
4. Ingibjörg H. Bjarnason, 4. landsk. þm.
5. Gunnar Ólafsson, 5. landsk. þm.
6. Ágúst Helgason, 6. landsk. þm.

B. Kjördæmakjörnir:

1. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
2. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
3. Einar Árnason, 1. þm. Eyf.
4. Guðmundur Ólafsson, þm. A.-Húnv.
5. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
6. Ingvar Pálmason, 2. þm. S.-M.
7. Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.
8. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.

Elsti þingmaður deildarinnar, Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K., tók forsæti, til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Gunnar Ólafsson, 5. landsk. þm., og Einar Árnason, 1. þm. Eyf.

Kosning forseta og skrifara.

Ljet aldursforseti því næst ganga til kosningar um forseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Halldór Steinsson, þm. Snæf.,

með 8 atkv. — Guðmundur Ólafsson fjekk 5 atkv., en 1 seðill var auður.

Hinn kjörni forseti gekk nú til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Forseti (HSteins) Jeg þakka háttv. þm. þann heiður, sem þeir hafa sýnt mjer með því að kjósa mig enn á ný forseta þessarar háttv. deildar. Mun jeg gera alt, sem jeg megna, til þess að samvinna milli mín og háttv. deildarmanna verði jafngóð á þessu þingi og hún hefir jafnan verið áður í þessari háttv. deild.

Vjer í þessari deild eigum nú á bak að sjá tveimur mikilsmetnum þm., þeim 2. og 3. landsk. þm., Sigurði Jónssyni og Hirti Snorrasyni, en þar eð þeirra hefir nú í dag þegar verið minst í sameinuðu þingi, tel jeg óþarft að endurtaka það hjer. Jeg vil aðeins taka það fram, að við, sem hjer höfum áður starfað með þessum þm. í þessari háttv. deild, kennum allir mikils saknaðar við fráfall þeirra. En svo vel hefir þó tekist til, að tveir góðir og þjóðkunnir athafnamenn, sem vænta má af að leggi drjúgan skerf til góðra þingstarfa í deildinni, hafa valist í hin auðu sæti, og býð jeg þá hjer með velkomna í okkar hóp og vænti þess, að þeir kunni vel við sig í andrúmslofti þessarar háttv. deildar.

Þá var gengið til kosningar á fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.,

með 8 atkv. — 6 seðlar voru auðir.

Því næst ljet forseti fara fram kosningu annars varaforseta, og hlaut kosningu

Ingibjörg H. Bjarnason, 4. landsk. þm., með 7 atkv. — 7 seðlar voru auðir.

Loks voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar, með einu nafni á hvorum, eða jafnmörgum og kjósa átti. Lýsti forseti þá rjettkjörna skrifara deildarinnar, en þeir voru þessir:

Einar Árnason, 1. þm. Eyf., og
Gunnar Ólafsson, 5. landsk. þm.

Sætaskipun.

Að tillögu forseta voru samþykt þau afbrigði frá þingsköpum, að hluta ekki um sæti deildarmanna, en láta haldast sætaskipun síðasta þings.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, þriðjudaginn 9. febr., voru kosnar fastanefndir samkvæmt 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram við kosningu hverrar nefndar tveir listar, með samtals jafnmörgum nöfnum og kjósa skyldi menn í nefndina. Kosning í allar nefndir fór því fram án atkvgr.

Kosnir voru í nefndirnar:

1. *Fjárhagsnefnd.*

Björn Kristjánsson, Jóhann Jósefsson, Gunnar Ólafsson,	Af A-lista.
Jónas Jónsson, Ingvar Pálmason.	Af B-lista.

2. *Fjárveitinganefnd.*

Jóhannes Jóhannesson, Ingibjörg H. Bjarnason, Eggert Pálsson,	Af A-lista.
Einar Árnason, Guðmundur Ólafsson.	Af B-lista.

3. *Samgöngumálanefnd.*

Sigurður Eggerz, Jóhann Jósefsson, Björn Kristjánsson,	Af A-lista.
Einar Árnason, Ágúst Helgason.	Af B-lista.

4. *Landbúnaðarnefnd.*

Eggert Pálsson, Gunnar Ólafsson,	Af A-lista.
Ágúst Helgason.	Af B-lista.

5. *Sjávarútvegsnefnd.*

Björn Kristjánsson, Jóhann Jósefsson,	Af A-lista.
Ingvar Pálmason.	Af B-lista.

6. *Mentamálanefnd.*

Ingibjörg H. Bjarnason, Jóhannes Jóhannesson,	Af A-lista.
Jónas Jónsson.	Af B-lista.

7. *Allsherjarnefnd.*

Jóhannes Jóhannesson, Eggert Pálsson,	Af A-lista.
Guðmundur Ólafsson.	Af B-lista.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg leyfi mjer að leggja þessi frv. fyrir hv. deild:

1. Frv. til laga um skipströnd og vogrek.
2. — til laga um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur).

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa hv. deild þessi fjögur frv.:

1. Frv. til laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl.
2. — til laga um raforkuvirki.

3. Frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.
4. — til laga um löggilta endurskoðendur.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa hv. deild:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga inn í viðbótarsamning við myntsamning Norðurlanda.

Á 13. fundi deildarinnar, fimtudaginn 25. febr., mælti

fjármálaráðherra (JÞ): Hjer með leyfi jeg mjer að leggja fyrir hv. deild:

Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út ný bankavaxtabrjef.

Á 27. fundi deildarinnar, laugardaginn 13. mars, mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg skal leyfa mjer að leggja hjer fram í háttv. deild:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Á 38. fundi deildarinnar, föstudaginn 26. mars, mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild:

Frv. til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum sínum á 1. fundi og þeir þingmenn voru gengnir til efri deildar, er þar áttu sæti.

Þessir þingmenn sátu neðri deild:

1. Árni Jónsson, 2. þm. N.-M.
2. Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.
3. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
4. Bernharð Stefánsson, 2. þm. Eyf.
5. Bjarni Jónsson, þm. Dal.
6. Björn Líndal, þm. Ak.
7. Halldór Stefánsson, 1. þm. N.-M.
8. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
9. Ingólfur Bjarnarson, þm. S.-Þ.
10. Jakob Möller, 3. þm. Reykv.
11. Jón Auðunn Jónsson, þm. N.-Ísf.
12. Jón Baldvinsson, 2. þm. Reykv.
13. Jón Kjartansson, þm. V.-Sk.
14. Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.
15. Jón Þorláksson, 1. þm. Reykv.
16. Jörundur Brynjólfsson, 2. þm. Árn.
17. Klemens Jónsson, 2. þm. Rang.
18. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
19. Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv.
20. Magnús Torfason, 1. þm. Árn.
21. Ólafur Thors, 2. þm. G.-K.
22. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
23. Pjetur Þórðarson, þm. Mýr.
24. Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.
25. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
26. Tryggvi Þórhallsson, þm. Str.
27. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
28. Þórarinn Jónsson, þm. V.-Húnv.

Voru deildarmenn allir á fundi.

Elsti þingmaður deildarinnar, Klemens Jónsson, 2. þm. Rang., tók forsæti til þess að gangast fyrir kosningu forseta deildarinnar, og kvaddi hann sjer til aðstoðar sem skrifara þá Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv., og Tryggva Þórhallsson, þm. Str.

Kosning forseta og skrifara.

Var því næst gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.,

með 17 atkv. — Klemens Jónsson fjekk 11 atkv.

Aldursforseti vjek þá forsætið, en hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn. Ljet hann fyrst fara fram kosningu fyrri vara-forseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Pjetur Ottesen, þm. Borgf.,

með 13 atkv. — Þorleifur Jónsson fjekk 7 atkv., Magnús Torfason 1 atkv., en 7 seðlar voru auðir.

Þessu næst fór fram kosning 2. vara-forseta, og hlaut kosningu

Sigurjón Jónsson, þm. Ísaf.,

með 13 atkv. — Þorleifur Jónsson fjekk 4 atkv., Hákon Kristófersson 2 atkv., en 9 seðlar voru auðir.

Þá var gengið til kosningar á skrifurum deildarinnar. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram tveir listar, A og B. Á A-lista var Magnús Jónsson, en á B-lista Tryggvi Þórhallsson. Kosnir voru því án atkvgr.:

Magnús Jónsson, 4. þm. Reykv., og *Tryggvi Þórhallsson*, þm. Str.

Sætaskipun.

Fram kom tillaga um að láta sætaskipun haldast eins og hún var á síðasta þingi. Var leitað afbrigða frá þingsköpum um þetta efni, og voru þau leyfð og samþykt með 20:2 atkv.

Kosning fastanefnda,

Á 2. fundi deildarinnar, þriðjudaginn 9. febr., fór fram kosning fastanefnda samkv. 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og fóru kosningar þannig:

1. *Fjárhagsnefnd.*

Þorleifur Jónsson: Áður en farið er að kjósa í fastanefndir leyfi jeg mjer að gera þá uppástungu, að kosnir verði 7 menn í fjárhagsnefnd. Það hefir sýnt sig á fyrri þingum, að nauðsynlegt hefir þótt að bæta við mönnum í þessa nefnd, og má búast við, að svo fari enn, því að störf nefndarinnar eru víðtæk engu síður nú en áður. Er því rjettast að kjósa nú þegar 7 manna nefnd.

Afbrigði um að skipa fjárhagsnefnd 7 mönnum leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Fram komu 3 listar, og voru á þeim jafnmargir menn samtals og kjósa skyldi í nefndina. Lýsti forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Jón Auðunn Jónsson,	
Magnús Jónsson,	Af A-lista.
Björn Líndal,	
Klemens Jónsson,	
Ásgeir Ásgeirsson,	Af B-lista.
Halldór Stefánsson,	
Jakob Möller.	Af C-lista.

2. *Fjárveitinganefnd.*

Þrír listar komu fram, með samtals 7 mönnum, en 7 skyldi kjósa. Lýsti forseti þá alla rjettkjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Þórarinn Jónsson,	
Jón Sigurðsson,	Af A-lista.
Pjetur Ottesen,	
Þorleifur Jónsson,	
Tryggvi Þórhallsson,	Af B-lista.
Ingólfur Bjarnarson,	
Magnús Torfason.	Af C-lista.

3. *Samgöngumálanefnd.*

Fram komu tveir listar, A og B. — Á A-lista voru HK, JAJ og JK, en á B-lista KlJ, SvÓ og BSt. A-listi fjekk 13 atkv., B-listi 12 atkv., en 3 seðlar voru auðir. Lýsti forseti rjett kjörna í nefndina:

Hákon Kristófersson,
Klemens Jónsson,
Jón Auðun Jónsson,
Svein Ólafsson,
Jón Kjartansson.

4. *Landbúnaðarnefnd.*

Fram komu tveir listar, A og B. Á A-listanum voru ÁJ, HK, JS, en á B-lista JörB, HStef, PÞ. A-listi fjekk 13 atkv., B-listi 12 atkv., og 3 seðlar voru auðir. Kosnir voru því í nefndina:

Árni Jónsson,
Jörundur Brynjólfsson,
Hákon Kristófersson,
Halldór Stefánsson,
Jón Sigurðsson.

5. *Sjávarútvegsnefnd.*

Tveir listar komu fram, er á voru samtals fimm menn, eða jafnmargir og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rjett kjörna án atkvgr., en þeir voru þessir:

Ólafur Thors,
Sigurjón Jónsson,
Björn Líndal, } Af A-lista.
Sveinn Ólafsson,
Jón Baldvinsson. } Af B-lista.

6. *Mentamálanefnd.*

Tveir listar komu fram, er á voru 5 menn, en 5 skyldi kjósa í nefndina. Lýsti forseti þá rjett kjörna, en þeir voru þessir:

Sigurjón Jónsson,
Magnús Jónsson,
Þórarinn Jónsson, } Af A-lista.
Ásgeir Ásgeirsson,
Bernharð Stefánsson. } Af B-lista.

7. *Allsherjarnefnd.*

Fram komu 3 listar, A, B og C. Á A-lista voru JK, ÁJ, PO, á B-lista PÞ, J-Bald, MT, og á C-lista MT. A-listi fjekk 13 atkv., B-listi 11 atkv. og C-listi 4 atkv. Forseti lýsti yfir, að kosnir væru í nefndina:

Jón Kjartansson,
Pjetur Þórðarson,
Árni Jónsson,
Jón Baldvinsson,
Pjetur Ottesen.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á sama fundi mælti

forsætisráðherra (JM): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir háttv. deild:

1. Frv. til laga um lærða skólann í Reykjavík.
2. — til laga um fræðslu barna.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir háttv. deild:

1. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1927.
2. Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1924.
3. — til fjáraukalaga fyrir árið 1924.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild:

1. Frv. til laga um útsvör.
2. — til laga um viðauka við lög nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann
3. — til laga um kynbætur hesta.
4. — til laga um bryggjugerð í Borgarnesi o. fl.
5. Till. til þál. um sæsímasambandið við útlönd o. fl.

Vænti jeg þess, að hæstv. forseti taki þessi mál til meðferðar eftir því sem þingsköp mæla fyrir.

Á 8. fundi deildarinnar, þriðjudaginn 16. febr., mælti

fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1925.

Á 17. fundi deildarinnar, mánudaginn 1. mars, mælti

fjármálaráðherra (JÞ): Hjer með leyfi jeg mjer að leggja fyrir þessa hv. deild:

Frv. til laga um verðtoll á nokkrum vörum.

Á 30. fundi deildarinnar, laugardaginn 13. mars, mælti

atvinnumálaráðherra (MG): Hæstv. forsætisráðherra hefir beðið mig að leggja fyrir háttv. deild af hálfu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þessi lagafrumvörp:

1. Frv. til laga um friðun Þingvalla o. fl.

2. Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar.

Vona jeg, að hæstv. forseti taki þessi mál til meðferðar hjer í þessari háttv. deild samkv. þingsköpum.

Á 33. fundi deildarinnar, miðvikudaginn 17. mars, mælti

fjármálaráðherra (JÞ): Jeg leyfi mjer hjer með að leggja fyrir háttv. deild:

1. Frv. til laga um Landsbanka Íslands.
2. Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík.

Lagafrumvörp samþykt.

1. Fjárlög 1927.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1927 (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Fjármálaráðherra (JÞ): Áður en jeg vík að fjárlagafrumvarpinu fyrir 1927, sem hjer liggur fyrir, þykir mjer rjett að gefa samkvæmt venju yfirlit yfir hag ríkissjóðs á liðna árinu. Skal jeg strax geta þess, að niðurstaðan hefir orðið öllum vonum hagstæðari, svo að tekist hefir að greiða að fullu á umliðna árinu allar lausaskuldir ríkissjóðs, sem voru í ársbyrjun um 4 milj. kr., og jeg í yfirliti mínu fyrir ári síðan gerði ráð fyrir, að greiddar yrðu á 3 árum, ef vel gengi. Eftirfarandi yfirlit yfir hinar einstöku tekju- og gjaldaupphæðir gef jeg með hinum venjulega fyrirvara, að útborgunum og innborgunum ársins er ekki lokið ennþá, og geta upphæðirnar því breyst eitthvað.

Tekjur:

Fjárlagagr.			Áætlun. kr.	Reikningur. kr.	kr.
2. gr.	1.	Fasteignaskattur	215000	234000	
	2.	Tekju- og eignarskattur	800000	2250000	
	3.	Aukatekjur	280000	422000	
	4.	Erfðafjárskattur	30000	36000	
	5.	Vitagjald	195000	390000	
	6.	Leyfisbrjefagjöld	10000	12000	
	7.	Útflutningsgjald	700000	1189000	
	8.	Áfengistollur	430000	808000	
	9.	Tóbakstollur	400000	630000	
	10.	Kaffi- og sykurtollur	890000	1082000	
	11.	Vörutollur	1120000	2134000	
	12.	Annað aðflutningsgjald	115000	228000	
	13.	Gjald af konfekt- og brjóstsykurgerð	15000	25000	
	14. a.	Stimpilgjald	600000	410000	
	14. b.	Verðtollur		2074000	

Fjárlagagr.			Áætlun. kr.	Reikningur. kr.	kr.
	15.	Lestagjald af skipum	30000	43000	
	16.	Pósttekjur	350000	561000	
	17.	Símatekjur	1000000	1487000	
	18.	Víneinkasala	300000	500000	
	19.	Tóbakseinkasala	200000	450000	
	20.	Steinolíueinkasala	60000	80000	
	21.	Skólagjöld	20000	6000	
	22.	Bifreiðaskattur	22000	20000	
					15071000
3. gr.	1.	Afgjöld jarða	35000	36000	
	2.	Tekjur af kirkjum	100		
	3.	Tekjur af silfurbergi	20000		
					36000
4. gr.	1.	Tekjur af bönkum	50000	148000	
	2.	Tekjur af ræktunarsjóði	25000	37000	
	3.	Vextir af bankavaxtabrjefum	30000	30000	
	4.	Fyrir útdregin brjef	15000	27000	
	5.	Vextir af innstæðum	5000	5000	
	6.	Vextir frá landsverslun	25000	35000	
	7.	Vextir af viðlagasjóði	75000	80000	
					362000
5. gr.	1.	Óvissar tekjur	50000	73000	
	2.	Endurgreiddar fyrirframgreiðslur	2000	19000	
	3.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	175000	397000	
					489000
		Tekjur af skiftimynt			323000
		Tekjur alls	8289100		16281000
		Gjöld:			
7. gr.		Vextir af lánum	1162521	1026000	
		Afborganir fastra lána	931080	883000	
		Framlag til Landsbankans	100000	100000	
					2009000
8. gr.		Borðfje H. H. konungsins	60000		60000
9. gr.		Alþingi og yfirskoðun	174500		269000
10. gr.	A.	Ráðuneytið, ríkisfjehirðir o. fl.	155850	201000	
	B.	Hagstofan	36500	56000	
	C.	Utanríkismál o. fl.	39500	52000	
					309000

Fjárlagagr.		Áætlun.	Reikningur.	
		kr.	kr.	kr.
11. gr.	A. Dómgæsla og lögreglustjórn	396300	485000	
	B. Ýmisleg gjöld	205600	275000	
				760000
12. gr.	Læknaskipun og heilbrigðismál	927260		1195000
13. gr.	A. Póstmál	398374	450000	
	B. Vegamál	254000	466000	
	C. Samgöngur á sjó	265000	280000	
	D. Landssíminn	815300	1365000	
	E. Vitamál	112650	214000	
				2775000
14. gr.	A. Andlega stjettin	229056	295000	
	B. Kenslumál	835730	1094000	
				1389000
15. gr.	Vísindi, bókmentir, listir	180810		203000
16. gr.	Verkleg fyrirtæki	531850		550000
17. gr.	Lögboðnar fyrirframgreiðslur	4000		39000
18. gr.	Eftirlaun og styrktarfje	190512		204000
19. gr.	Óviss gjöld	268000		160000
22. gr.	Til Eimskipafjelags Íslands			60000
24. gr.	Greiðslur samkv. lögum m. m.			1030000
	Gjöld samtals	8274395		11012000
	Tekjuafgangur			5269000
	Samtals			16281000

Eins og tekjuyfirlitið sýnir, hafa flestir hinir stærri tekjuliðir farið mikið fram úr áætlun, og þessir mest:

Verðtollur	1774000 kr.
Tekju- og eignarskattur	1450000 —
Vörutollur	1014000 —
Útflutningsgjald	489000 —
Símatekjur	487000 —
Áfengistollur	378000 —

Ýmsir gjaldaliðir hafa líka farið fram úr áætlun, og þessir mest:

Landssíminn	550000 kr.
Vegamál	212000 —
Kenslumál	259000 —
Heilbrigðismál	268000 —

Orsakirnar til þess, að tekjurnar hafa farið svo mjög fram úr áætlun, eru aðallega tvær. Hin fyrri er sú, að tekjuáætlun fjárlaganna fyrir 1925 var mjög gætileg, eða jafnvel lág. Þessi fjárlög voru sett á þinginu 1924, og um hina eldri tekjustofna var þá áætlunin aðallega miðuð við útkomu næstu tveggja áranna á undan, 1922 og 1923, sem voru tekjurýr ár. Um hina nýju gjaldauka og gjaldstofna, gengisviðaukann og verðtollinn, sem lögleiddir eru á þessu sama þingi, var einnig gerð mjög varleg áætlun. Síðari orsökin var árgæska 1924. Hin mikla hækkun á tekju- og eignarskatti er bein afleiðing hennar,

en hækkunin á tolltekjum og öðrum tekjuliðum flestum á einnig rót sína að rekja til hennar. Loks stafar hækkunin á útflutningsgjaldi að nokkru af breyttri löggjöf frá síðasta ári.

Umframeyðslurnar á gjaldaliðum stafa að talsverðu leyti af því, að dýrtíðaruppbót opinberra starfsmanna var í fjárl. 1925 áætluð 50% af launum upp að 4500 kr., en reyndist 78%. Við þetta hafa allar launagreiðslur hækkað um nærri 19% frá því, sem áætlað er í hlutaðeigandi fjárlagagrein. Ennfremur voru einstöku lögbundnar upphæðir, sem máli skifta, of lágt áætlaðar í fjárlögunum. Umframeyðslurnar til vega og síma stafa þó meðfram af því, að heimilaðar hafa verið framkvæmdir, sem ekki var ætlað fje til í fjárlögunum, þar á meðal einkum brúargerð á vesturós Hjeraðsvatna, ný símalína milli Fáskrúðsfjarðar og Egilsstaða á Völlum og nýr sæsími milli Vestmannaeyja og lands.

Af umframeyðslum til heilbrigðismála stafa 196 þús. kr. frá styrk til berklasjúklinga, sem var áætlaður 300 þús. kr., en reyndist 496 þús. kr.

Af þeim upphæðum, sem greiddar hafa verið samkvæmt sjerstökum lögum og taldar eru til útgjalda samkv. 24. fjárl., eru þessar hæstar:

Flóaáveitan		277000 kr.
Ræktunarsjóður	um	250000 —
Fjáraukalög 1925		197000 —
Vestmannaeyjahöfn		100000 —
Myntslátta		37000 —

Eftir þessu yfirliti um tekjur og gjöld ætti tekjuafgangur ársins að verða um 5¼ milj. kr. Af honum hafa verið greiddar, eins og jeg gat um í upphafi, allar lausaskuldir ríkissjóðs, en þær töldust í árslok 1924 sem hjer segir:

A. Íslenskar krónur:

Landsbanki á hlaupareikningi	394000 kr.
Sami, víxillán	200000 kr.
Sami, lán frá 1918	500000 —
Íslandsbanki á hlaupareikn.	249000 —
Landhelgissjóður	840000 —
Samtals ísl. kr.	2183000

B. Danskar krónur:

Landsbanki á hlaupareikningi	699000 kr.
Ríkissjóður Danmerkur	778000 —
Samtals danskar kr.	1477000

C. Sterlingspund:

Landsbanki á hlaupareikningi	£ 8246-14-8
Bókfært ca.	kr. 240000
Samtals A.—C. kr.	3900000

Að meðtöldum gengismismun hafa farið rúmar 4 milj. kr. til greiðslu þessara lausu skulda. Af tekjuafganginum er þá ónotað um 1¼ milj. kr., sem ætti að koma fram sem aukning á sjóði frá ársbyrjun til ársloka 1925, þegar LR fyrir það ár verður gerður upp; nú var sjóður reikningslega kr. 2523715.08 í byrjun árs 1925, en ætti þá að verða um 3¾ milj. kr. í árslokin, þegar allar tekjur eru komnar inn.

Jafnframt þessari greiðslu lausaskulda hafa að sjálfsögðu verið intar af hendi umsamdar afborganir af öðrum skuldum ríkissjóðs. Einnig var á árinu 1924 greidd um ¾ miljón af lausaskuldum. Niðurstaðan af öllum þessum greiðslum er sú, að á þessum tveim árum, 1924 og 1925, hafa skuldir ríkissjóðs að nafnverði lækkað úr h. u. b. 18197000 kr. niður í 11815000 kr. Lækkun alls 6382000 kr.

Vjer höfum þannig á þessum 2 árum greitt nokkuð meira en þriðjung ríkisskuldanna. Á sama tíma hefir sjóður ríkissjóðs hækkað úr 1627000 kr. upp í h. u. b. 3750000 kr., eða vaxið um 2123000 kr. Þannig hefir þá efnahagur ríkissjóðsins

sjálfs batnað á þessu tímabili samtals um 8½ milj. kr.

Það má nú eflaust segja með sanni, að þessi tvö síðustu ár hafa sýnt það, að ríkisskuldir vorar eru þjóðinni vel viðráðanlegar. Jeg hefi þegar bent á, að góðærið 1924 á mikinn þátt í því, hve vel hefir úr ræst. En þar fyrir væri ekki rjett að gleyma því, að góðæri gefur því aðeins fje til umráða handa landsmönnum sjálfum og ríkissjóði þeirra, að góðærið sje notað. Undanfarinn vöxtur atvinnuveganna, og þó einkum sjávarútvegsins, hefir lagt grundvöllinn að þessum miklu tekjum ríkissjóðs, en góðærið 1924 lagt þar á smiðshöggið. Hvað sem menn annars vilja segja um vöxt sjávarútvegsins og straum fólksins til sjóþorpanna, þá er það augljóst, að frá atvinnurekstri kaupstaða og sjóþorpa stafar vöxturinn á tekjum ríkissjóðs að miklu leyti. Þessu til stuðnings skal jeg einungis geta þess, að af öllum tekjum ríkissjóðs 1925 hafa lögreglustjórar, bæjarfógetar og sýslumenn innheimt um 11 milj. 834 þús. kr. Þar af koma 7 milj. 155 þús. kr. á lögreglustjórann og bæjarfógetann í Reykjavík. Póststjórn, landssímastjórn og einkasölurnar hafa innheimt milli 3 og 4 milj. kr., og á atvinna kaupstaðanna óefað einnig drjúgan þátt í þeim. Ef þjóðin sýnir nú þann manndóm, að koma ámóta miklum þrótti í landbúnað sinn, þá stendur hagur hennar traustum fótum.

En þetta tvent, vöxtur atvinnuveganna og góðærið, hefði þó ekki nægt til að rjetta við hag ríkissjóðs, ef vantað hefði viðeigandi tekjulöggjöf. Af tekjum ársins 1925 stafar rúmlega 3½ milj. kr. frá löggjöf 1924 og 1925. Í fyrra gerði jeg grein fyrir því, að um 1½ milj. kr. af tekjum ársins 1924 stafaði frá breytingum á löggjöfinni á því sama ári. Samtals eru það þá rúmar 5 milj. kr. á þessum tveimur árum, er stafa frá nýrri tekjulöggjöf, eða rúmlega sem svarar lausaskuldunum í byrjun tímabilsins.

Þó mikið hafi nú saxast á skuldir ríkissjóðs, þá er bæði margt og mikið ógreitt enn. Það er venja að birta skrá yfir skuldir ríkissjóðs í landsreikningunum, en af því að þeir koma fremur fáum mönnum í hendur, þykir mjer rjett að gefa í þetta sinn sundurliðaða skýrslu um eftirstöðvar lánanna eins og þær voru nú um nýliðin áramót.

YFIRLIT

yfir skuldir ríkissjóðs 1. janúar 1926.

A. Innlend lán.

Nr.	Lánveitandi	Lánið tekið vegna	Hvenær tekið	Vextir %	Upphafleg upphæð kr.	Eftirstöðvar 1. jan. 1926 kr.	Árleg afborgun kr.
1.	Landsbankinn .	Símalagninga . .	1916	bankav.	100 000	64 000	4 000
2.	„ sami .	sama . .	1918	—	85 000	57 800	3 400
3.	Íslandsbanki .	Landsverslunar .	1918	—	1 000 000	300 000	100 000
4.	Háskólinn . .	Landsversl. o. fl. .	1918	5	1 000 000	1 000 000	engin
5.	Innanríkislán .	Verkl. framkv. .	1920	5½	3 000 000	2 280 300	150 000
6.	Landsbankinn .	Helgustaðanáma .	1921	bankav,	70 000	42 000	7 000
7.	Veðdeildin . .	Staðarfells . . .		5	9 500	7 638	172
				Samtals A. isl. kr.		3 751 738	264 572

B. Dönsk lán.

Nr.	Lánveitandi	Lánið tekið vegna	Hvenær tekið	Vextir %	Upphafleg upphæð kr.	Eftirstöðvar 1. jan. 1926 kr.	Árleg afborgun kr.
1.	Bicuben . . .	Vífilsstaðahælis .	1911?	4½	150 000	131 727	1 521
2.	Danskir bankar	Vaxtabrjefakaupa	1909	4½	1 500 000	675 000	50 000
3.	Statsanstalten .	sama	1912	4½	250 000	145 833	8 333
4.	Danskir bankar	Rvíkurhafnar o. fl.	1913	4½	500 000	66 667	33 333
5.	Mikla Norræna	Símalagningar .	1913	4	500 000	369 474	13 797
6.	sami	sama .	1917	5	500 000	423 287	10 783
7.	Kbh. Handelsb.	Skipakaupa . .	1917	bankav.	2 200 000	425 000	200 000
8.	Danskir bankar	Landsversl. o. fl.	1919	5	4 500 000	3 150 000	225 000
				Samtals B. danskar kr.		5 386 988	542 767

C. Lán í sterlingspundum.
(£ reiknað á h. u. b. kr. 21,33).

1.	Handh. sk.br. .	Ýmsra útgjalda .	1921	7	2 712 983	2 676 574	36 409
				Samtals A. til C.		11 815 300	843 748

Í yfirliti þessu er, samkvæmt venju landsreikninganna, einungis talinn sá hluti enska lánsins frá 1921, sem rann beinlínis til ríkissjóðs, en slept þeim hlutanum, sem Íslandsbanki og Landsbankinn fengu, þó ríkissjóður gagnvart lánveitendunum standi einnig sem skuldunautur fyrir þeim upphæðum.

Hin árlega afborgun er, eins og yfirlitið sýnir, 843748 krónur. Þessi upphæð er samt breytileg, því að afborganir sumra lánanna hækka eftir því sem vaxtagreiðslan minkar. Á árinu 1928 minkar hin árlega afborgun hinsvegar um 333333 kr. við það, að greiðslu lánanna A. 3., B. 4. og B. 7. verður þá lokið.

Þó sjálfsagt megi segja, að afkoma ríkissjóðs árið sem leið hafi orðið allglæsileg, þá má ekki gleyma því, að síðari hluta ársins hefir sortnað æðimikið að fyrir atvinnuvegum landsins, svo sem jeg mun víkja að síðar, og því full ástæða til að halda áfram að fara gætilega. Sumstaðar er nú þegar orðið svo þröngt fyrir dyrum, að nokkrir — þó eigi margir — gjaldendur, sem greiða áttu háar upphæðir í tekjuskatt eftir árið 1924, munu ekki geta staðið í skilum. Hefi jeg hjer að framan talið tekju- og eignarskattinn með þeim afföllum, sem vitanleg eru, en alt ástandið bendir nú til þess, að hvorki megi vonast eftir tekjum í líkingu við þær, er fengust 1925, nje heldur sje annað þorandi en að ljetta eitthvað skattabyrðina á atvinnuvegunum.

Þá skal jeg snúa mjer að frv. því til fjárlaga fyrir árið 1927, sem fyrir liggur. Tekjurnar eru áætlaðar .. kr. 10442100,00
og gjöldin ..... — 10397293,80

Tekjuafgangur kr. 44806,20

Tekjuáætlunin er í heild um 600 þús. kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Hefir þótt fært að hækka áætlunina um ýmsa tekjuliði dálítið, með hliðsjón af reynslu síðari ára. Gert er ráð fyrir, að gengisviðauki af vörutollinum verði burtu fallinn, en um það, hvort hann skuli falla burtu þegar á þessu ári, hefir stjórnin ekki tekið ákvörðun, og þótti rjettara að ráðgast um það við þær þingnefndir, sem fá fjár-

málin til meðferðar. Gert er ráð fyrir, að verðtollur haldist, en áætlað, að hann lækki nokkuð umfram þá lækkun, sem ákveðin er og gengur í gildi 1. næsta mánaðar.

Gjaldaáætlunin er einungis 80 þús. kr. hærri en í núgildandi fjárlögum. Helstu breytingarnar eru hjer þær, að útgjöld samkvæmt 7. gr., vextir og afborganir lána, hafa lækkað um fulla 1 milj. kr., og mun það atriði ekki þurfa frekari skýringa en þegar hafa verið gefnar. Hinsvegar er stungið upp á hækkuðum framlögum til nýrra verklegra framkvæmda, einkum til vega, brúa, síma og vita, og nema þessar hækkanir til verklegra framkvæmda alls um 453 þús. kr., svo sem sjá má á eftirfarandi samanburði:

Fjárlgr.		Fjárl. '26. kr.	Fjárlfrv. '27. kr.
12.	Sjúkrahús og læknisbústaðir	343000	290000
13. B.	Nýir vegir	140000	284000
	Til brúargerða	90000	200000
13. D.	Nýir símar	102800	300000
13. E.	Nýir vitar	50000	170000
14. A.	Húsabætur á prestssetrum	29000	20000
14. B.	Skólahús og sundlaugar	89000	13000
16.	Ýms verkleg fyrirtæki	50000	70000
	Samtals	893800	1347000

Ennfremur eru framlög til viðhalds og umbóta á vegum hækkuð um 77 þús. kr., og til starfrækslu, viðhalds og smærri umbóta á símakerfinu um 92 þús. kr., og nema þá þessar hækkanir, sem í rauninni eru allar til verklegra framkvæmda, 622 þús. kr.

Þá er í frv. gert ráð fyrir því nýmæli, sjúklinga verið lækkuð um 200 þús. kr. (úr 300 þús. upp í 500 þús.). Með núgildandi löggjöf óbreyttri og eftir reynslu síðasta árs má alls ekki gera ráð fyrir, að minni upphæð nægi, miklu fremur hætta á, að þessi gjaldaliður, sem virðist fara hraðvaxandi, fari enn fram úr áætlun þegar til kemur.

Þá hefir áætlunin um styrk til berklaað taka upp aftur sendiherraembættið í Kaupmannahöfn, og þar af leiðir 45 þús. kr. hækkun á kostnaðinum við utanríkismál.

Loks nema framlögin til ræktunarsjóðs, samkv. lögunum um hann, 102500 kr., sem er nýr gjaldaliður í 16. gr. þessa frv.

Enn má nefna hækkun á framlagi ríkissjóðs til landhelgisgæslu, sem nemur raunverulega eftir frv. 60 þús. kr., og leiðir af væntanlegri útgerð hins nýja gæsluskips allt árið.

Hefi jeg þá gert grein fyrir útgjaldahækkunum, er nema samtals 1 milj. 30 þús. kr. Að öðru leyti er um smávægilegar breytingar og lagfæringar á áætlunarliðum að ræða.

Að endingu skal þess getið, að hækkun útgjaldanna til vegamála stendur að nokkru í sambandi við þá fyrirætlun stjórnarinnar, sem gerð er grein fyrir í athugasemdum við frv., að hraða lagningu akvegar úr Borgarnesi norður um land nokkru meira en vegamálastjóri gerði ráð fyrir í yfirlitstill. sínum, sem fjvn. þessarar þingdeildar

hafði til meðferðar á síðasta þingi, þannig, að þessi vegur verði fullgerður norður að Bólstaðarhlíð í Húnavatnssýslu í síðasta lagi árið 1932, ef engar óvæntar tafir koma fyrir.

Loks skal jeg víkja nokkrum orðum að almennri fjárhagsafkomu þjóðarinnar síðasta ár og horfunum, sem fram undan eru.

Liðna árið var yfir höfuð fremur hagstætt fyrir atvinnuvegi þjóðarinnar. Talið er, að útfluttar afurðir hafi numið nálega 71 milj. pappírskróna, eða 50½ milj. gullkróna, móts við 80 milj. pappírskróna, eða 43 milj. gullkróna, árið 1924. Eftir bráðabirgðaskýrslum gengisnefndarinnar um vörumagn og verð útfluttrar vöru hefir að vísu verðið í pappírskrónutali verið lægra á öllum aðalafurðum landsmanna síðastliðið ár en það var 1924, nema saltkjöti. En sje reiknað eftir gullverði, þá hefir verðið bæði á saltkjöti og verkuðum fiski verið talsvert hærra en 1924, verðið á lýsi nokkru hærra en 1924, verðið á blautfiski og síld nálega óbreytt, verðið á ull og gærum lægra en 1924. Vörumagn framleiðslunnar á árinu hefir einnig yfirleitt verið meira en árið á undan, og á aukning fiskiflotans í árbyrjun mestan þátt í því.

En þótt árið 1925 í heild þannig sýni mjög viðunanlega niðurstöðu, bæði hvað verðlag og framleiðslumagn snertir, þá er ekki þar með dregin rjett mynd af ástandinu. Eftirspurnin hefir farið minkandi og verðlagið lækkandi á ýmsum veigamestu útflutningsvörunum, svo sem verkuðum smáfiski, blautfiski og síld. Horfurnar framundan mótast af því lága verði og þeirri dræmu eftirspurn, sem nú er, og má því alls ekki gera ráð fyrir öðru en að afkoma atvinnuveganna á hinu nýbyrjaða ári verði erfiðari en á liðna árinu.

Gengi íslenskrar krónu hækkaði á árinu úr tæpum 63 upp í 81½ gullgildan eyri. Þessi mikla hækkun var að nokkru leyti bein afleiðing af hagstæðri útkomu ársins 1924, og framhaldi hennar fyrri hluta ársins 1925, en að nokkru leyti stafaði hún óefað af samtíma hraðri hækkun norsku og dönsku krónunnar. Hækkunin á gullverði útfluttrar vöru sýnir greinilega hið sama, sem einnig hefir komið í ljós annarsstaðar, að gengishækkun hefir ekki ávalt í för með sjer samtíma tilsvarandi lækkun á vöruverðinu. Í fyrstu verður gengishækkunin til þess að hækka gullverðlagið raunverulega, og jafnvægi kemst ekki á aftur fyr en hið hækkaða gengi hefir staðið nokkurn tíma. Það væri því misskilningur að ætla, að öll gengishækkunin hafi þegar á hinu liðna ári bitnað á framleiðendum eða útflytjendum sem lækkun á afurðaverði þeirra að pappírskrónutali.

Nokkuð af gengishækkuninni hafa hinir erlendu kaupendur orðið að greiða með hækkuðu gullverðlagi. En hitt má vera öllum ljóst, að eins og gengishækkunin yfir höfuð er bót í búi fyrir verkamenn og innstæðumenn, af því að hún eykur kaupmátt peninga og verkalauna meðan krónutalan er að semja sig eftir hinum breyttu aðstæðum, svo þyngir hún einnig um jafnlangan tíma róðurinn fyrir atvinnufyrirtækjunum, einkum þeim, er nota mikið lánsfje eða mikla aðkeypta vinnu, eða hvorttveggja. Því verður að gæta sjerstakrar varúðar um álögur á atvinnufyrirtækin, bæði beinar og óbeinar, þangað til tilkostnaður þeirra, að krónutali, hefir náð að laga sig eftir hinu hækkaða peningagengi.

Aðstaða bankanna út á við hefir árið sem leið verið yfir höfuð mjög góð. Innieign erlendis var í árslokin um 225 þús. sterlpd., eitthvað ofurlítið minni en um næstliðin áramót. Að innieignin erlendis

ekki jókst á árinu, þrátt fyrir aukið verðmæti útfluttu varanna, stafar af því, að innflutningur var óvenjumikill, bæði vegna mikilla framkvæmda í húsabyggingum og aukningar fiskiflotans, og vegna afnáms innflutningshaftanna, sem verið höfðu síðan 1. apríl 1924.

Seðlaútgáfa ríkissjóðs samkv. lögum nr. 7, 4. maí 1922, náði lágmarki, ef miðað er við mánaðamót eingöngu, í lok aprílmánaðar, og nam þá 800 þús. kr. Alls var þá seðlaveltan, er með eru taldir hinir eldri Landsbankaseðlar, um 7½ milj. kr. Hámarki náði seðlaútgáfa ríkissjóðs svo í lok okt., og var þá 5 milj. 726 þús. kr. Hefir þá seðlaveltan í heild, talin á sama hátt, numið nærri 11½ milj. kr. Um áramótin var hún aftur komin niður fyrir 9½ milj. kr., og hefir væntanlega farið eitthvað lækkandi síðan.

Í sambandi við þessa stuttu skýrslu um bankamálin þykir mjer rjett að geta þess, að ræktunarsjóðurinn tók til starfa samkv. hinum nýju lögum í byrjun októbermánaðar.

Síðan hafa verið veitt lán úr sjóðnum, er nema samtals um 230 þús. kr. Sjóðurinn hefir selt jarðræktarbrjef fyrir litlu hærri upphæð. Samningur hefir verið gerður við Landsbankann um kaup á jarðræktarbrjefum, svo sem lögin áskilja, en þeim kaupum hefir verið skotið á frest til þessa, eftir ósk stjórnar ræktunarsjóðsins, af því að sjóðurinn hefir ekki þarfnast þeirra. Jarðræktarbrjefin hafa selst affallalaust.

Jeg vil svo enda mál mitt með þeirri einlægu ósk, að Alþingi láti ekki hið umliðna góðæri á neinn hátt glepja sjer sýn í fjármálum, eða leiða sig burt frá þeirri braut gætni og varúðar, sem það hefir fylgt þessi tvö síðustu ár.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjvn. með 23 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 39. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. mars, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., fimtudaginn 25. mars, var fram haldið 1. umr. um frv. (A. 1, n. 197, 184).

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi ekki annað að segja af hálfu nefndarinnar á þessu stigi málsins en að jeg legg til, að frv. verði, að þessari umræðu lokinni, vísað til 2. umr.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þarf ekki að taka það fram, að jeg tek ekki til máls sem frsm. síðari hluta fjárlaganna fyrir hönd nefndarinnar, heldur sem stjórnarandstæðingur fyrir hönd kjósenda minna og þess flokks, sem jeg starfa í. Mun jeg í þetta sinn hefja eldhúsverkin á nokkuð óvenjulegan hátt. Jeg ætla að fara að dæmi eins hins vitrasta Íslendings, sem uppi hefir verið og ritað hefir þátt úr sögu Íslands betur en nokkur annar — Sturlu lögmanns Þórðarsonar. Það var eitt sinn fyrir nálega 700 árum — rjett áður en Þórður kakali rjetti hlut Sturlunga — að hann sat fanginn á valdi fjandmanna sinna. Frændur hans höfðu verið drepnir norður á Örlygsstöðum, en hann sjálfur hrakinn. Snorri Sturluson hafði verið veginn í Reykholti. Hann og Órækja höfðu verið sviknir við Hvítárbrú. Sturla sat í Tungu á valdi Gissurar jarls og átti að svara „skökkum sáttum“. Hann segir sjálfur frá tíðindum, svo það fer ekki milli mála. „Var Sturla til kallaður

að inna þetta mál,“ — segir í Íslendingasögu, — „*en hann kvaðst ekki mundi inna annað en víg Snorra.*“ Hann inti ekki dráp frænda sinna stórgöfugra og ástvina á Örlygsstöðum, og hann inti ekki sína eigin hrakninga. Hann inti ekki svikin við Hvítárbrú nje heldur fangelsisvist sína. — Hann inti það eitt, sem var mest, og svo mikið, að alt annað hvarf fyrir — að lærimeistari hans, skáldmæringur Íslands og sagnfræðingajöfur, sem mestur hefir verið á Íslandi, var svikinn og drepinn.

Jeg ætla að fara að dæmi Sturlu Þórðarsonar. Jeg hefi ótal margar sakir á hendur hæstv. landsstjórn, fjölda ávirðinga, stærri og smærri, sem venja er að telja upp á eldhúsdegi. En jeg mun ekki inna þær. Ein ávirðingin, ein sökin ber svo langt af öllum og er svo mikil, að jeg hygg, að þegar skrifuð verður saga síðari tíma, verði það sagt, að aldrei hafi ógæfusamlegri landsstjórn setið á Íslandi. Afleiðingar þeirrar ógæfu eru svo gífurlegar orðnar þegar — og munu eftir enn meiri — að alt annað hverfur í skuggann, og við hliðina á þeirri sök getur jafnvel það svarta virst hvítt.

Jeg mun ekki inna á hendur dómsmálaráðherra eitthvert stærsta hneyksli í áfengismálinu — að neitað var kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um að áfrýja dómi, en dæmdum smyglara skilað aftur áfengu öli. Jeg mun heldur ekki inna á hendur sama ráðherra, að einn elsti og grandvarasti lögfræðingur landsins hefir ráðist á lagaframkvæmd og rjettarrannsókn harðar en dæmi eru til, og dómsmálaráðherra þagað við. Jeg mun ekki inna það á hendur atvinnumálaráðherra — þótt jeg segði honum í gær, að jeg gerði það ef til vildi — að hann hefir misnotað vald sitt yfir bjargráðasjóði Íslands. Og jeg mun ekki inna á hendur fjármálaráðherra, að hann hefir móðgað bændastjett þessa lands með skipun í stjórn ræktunarsjóðsins, nje heldur það, að hann gaf þessari háttv. deild skakka skýrslu í stóru máli. (*Atvrh. MG*: Þetta skilst ekki, vill ekki háttv. þingmaður tala skýrar?). Jeg skal tala skýrar, ef hæstv. ráðherra beiðist þess síðar; nú ætla jeg að komast að efninu í máli mínu. Jeg mun ekki inna á hendur landsstjórninni í heild sinni hina grimmu skattamálastefnu hennar, meðal annars af þeirri ástæðu, að hún hefir nú verið barin svo til batnaðar, að hún hefir í bili runnið af þeim hólmi. Jeg mun jafnvel ekki inna það, að landsstjórnin og flokkur hennar er orðinn brotlegur gegn hinum æðstu lögum, sem krefjast ákveðins siðferðilegs hreinleika í framkomu opinberra starfsmanna.

Jeg læt vera að inna nokkuð af þessu og mörgu fleiru. Því að eitt hefir landsstjórnin gert, sem er Íslandi svo hættulegt og skaðsamt í nútíð og framtíð, að bæði jeg og aðrir ættu um það að fara að hinu fræga dæmi Catos hins gamla og segja um það: „Praeterea censeo“ í hverri einustu ræðu og við hvert einasta tækifæri, til þess ef vera mætti, að að einhverju leyti yrði úr bölinu bætt og hindruð bölvun af því í framtíðinni. Jeg ætla að fara að dæmi Sturlu lögmanns og inna aðeins eitt, en það er *víg íslenskra atvinnuvega*, og jeg lýsi því vígi á hendur landsstjórninni.

Með óviturlegri, gríðarmikilli gengishækkun, þvert á móti yfirlýstum vilja þingsins, sem landsstjórnin í raun og veru ein ber ábyrgð á, hefir verið framið ógurlegt ranglæti á miklum meiri hluta þjóðarinnar. Og bændastjett landsins, sem framtíð landsins, að minsta kosti um andlegu og heilbrigðilegu hliðina, hvílir mest á, hefir með gengishækkuninni verið skattlögð ranglega og svo mjög, að mikill afturkippur er þegar orðinn um framsókn henn-

ar og þegar brotnir á bak aftur margir hinna ungu og efnilegustu bænda — en miklu meiri og alvarlegri tíðindi eru þó framundan.

Þá hefir og sjávarbændum verið íþyngt enn stórkostlegar, svo að hin allra alvarlegasta kreppa hefir yfir þann atvinnuveg dunið, með stöðvun atvinnuvegarins um tíma í haust, og nú þessa dagana standa allir bæjarbúar á glóðum vegna ólgunnar í bænum, sem hamingjan má vita, hvernig úr rætist. En horfur þess atvinnuvegar eru nú svo alvarlegar, að hingað inn á þing til okkar koma hvert af öðru vandræðaerindin, sem eru beinar afleiðingar þessarar óheillastefnu.

Það eru aðeins tvö ár síðan þessi stjórn tók við, — og hverskonar ár hafa það verið! Það hafa verið einhver hin bestu ár, sem yfir þetta land hafa komið. Og hvers mætti þá vænta um ástandið, ef vel hefði verið stjórnað! Það mætti vænta þess, að hjer væri alt í blóma, friður og hagsæld ríkjandi og framkvæmdahugur. En lítum á ástandið. Bændur hafa safnað skuldum í hundruðum þúsunda. Ungir bændur flosna upp og flýja sveitirnar. Framsóknarhugurinn er drepinn niður, og það er fyrirsjáanlegt, að ástandið verður enn verra. — Útgerðin stöðvuð um hríð í haust og allir flutningar stöðvaðir nú og sú barátta háð hjer í bæ, sem enginn veit, hvað úr verður. Útgerðin hefir tapað stórkostlega og fyrirsjáanleg margföld töp, gjaldþrot og vandræði. Útgerðarmenn verða að koma til þingsins til þess að fá sjerstaka hjálp. Og vegna bankanna verður að gera alveg sjerstakar ráðstafanir, sakir yfirvofandi hættu. Það liggur í loftinu, að ríkið verði að taka á sig meiri fjárhagshættu en nokkru sinni fyr. Hvílík útkoma er þetta — eftir einmuna góðærin! Hvílík kaldhæðni örlaganna! Mjer verður að spyrja: Til hvers höfum við landsstjórn? Það á að vera til þess að stýra landinu til blessunar, snúa góðærunum til farsældar landi og lýð og koma í veg fyrir illar afleiðingar erfiðu áranna. Hvað hefir núverandi landsstjórn gert? Hún hefir snúið einhverjum mesta góðæriskafla, sem yfir þetta land hefir komið, í eitthvert hið mesta illæri. — Þess vegna er núverandi landsstjórn einhver hin ógæfusamasta stjórn, sem setið hefir á þessu landi — ógæfusamasta segi jeg, því að vitanlega dettur mjer ekki í hug, að hún hafi gert það vitandi vits.

Við hliðina á þessu hverfur alt annað á eldhúsdegi.

Sá maður, sem særður hefir verið holundarsári til ólífis, kvartar ekki um skeinur, þótt allmiklar sjeu á limum. Þetta inni jeg, að góðærinu var snúið í hallæri — jeg inni þetta eitt, sem er víg atvinnuveganna. Og þá er það eitt eftir, að rökstyðja það, að jeg lýsi víginu alfarið á hendur stjórninni. Jeg verð þar að segja nokkru meira en jeg hefi áður sagt um það mál. Jeg tel það skyldu mína gagnvart Alþingi að segja það, og jeg skal rökstyðja það, að landsstjórnin ber *alla* ábyrgðina. Hún getur ekki kastað henni yfir á þingið, því að hún vissi vel um ákveðinn og margyfirlýstan vilja þingsins um að fara varlega í gengishækkun; þótt það sje nú sjeð, að betra hefði verið, að þingmeirihlutinn hefði ekki trúað landsstjórninni til að fara eftir öðru en skráðum lögum. Þvert ofan í þingviljann er framkvæmd stjórnarinnar í gengismálinu. Og jeg skal nú rekja hvert af öðru atriðin, sem sýna, að landsstjórnin ber alla ábyrgðina.

Það hefir enn ekki komið fram, — en jeg býst við að allmargir háttv. þingmenn viti

það, — hvað það var, sem hratt gengissveiflunni af stað í haust, þegar sterlingspundið fjell úr 26 krónum. Annar bankinn vildi halda áfram að kaupa erlendan gjaldeyri með 26 kr. verði á sterlingspundi, en landsstjórnin neitaði honum um loforð um þann styrk, sem þurfti til að gera það, og það er nú sannað, að það var óhætt. Þá hófst gengishækkunin á ábyrgð landsstjórnarinnar. — Næst heimta báðir fulltrúar atvinnuveganna aukaþing, vegna neitunar landsstjórnarinnar um að stöðva hækkunina. Þeir voru skipaðir af Alþingi til þess að vera á verði atvinnuveganna vegna. Samróma kröfðust þeir þess, að þingið skærist í málið. Landsstjórnin tók á sig ábyrgðina að neita um það og halda áfram hækkuninni, óáreitt af þingviljanum. Þriðja atriðið er það, að fulltrúi annars atvinnuvegarins bar fram tillögur til landsstjórnarinnar, samkv. lögunum, um að stöðva hækkunina á ákveðnum stað. Fáir munu nú neita, að betur hefði það verið gert. Reynslan er búin að skera úr, að það var óhætt. En hæstv. stjórn neitaði og tók enn á sig ábyrgðina af að hækka og hækka.

Eitt hefir ekki verið getið um áður, en jeg tel það skyldu mína að geta um það. Landsstjórnin átti fulltrúa í gengisnefndinni, einn hinn besta starfsmann þessa lands og grandvarasta, en hann á því miður ekki sæti hjer. Hann sá, að of langt var gengið, og lýsti því yfir í nefndinni oftar en einu sinni. Hann gekk nauðugur til þessa leiks áfram, en lýsti því yfir, að hann gerði það samkv. vilja umbjóðanda síns. Enda var hægast fyrir landsstjórnina að skifta um mann, ef hann vildi eigi fara að vilja hennar.

Loks er það atriðið, sem oft hefir komið fram í umræðum um bankamál, að seðlabanki landsins á að bera ábyrgð á gjaldeyrisversluninni; en seðlabanki er enginn til í venjulegum skilningi. Seðlabankinn er hæstv. fjármálaráðherra sjálfur. Landsbankinn varð að líta á áhættu sína, þegar af þeirri ástæðu, að hæstv. fjármálaráðherra er seðlabankinn, — á honum hvílir ábyrgðin. Sá seðlabanki neitaði Íslandsbanka í upphafi um stuðning.

Jeg mun svo ekki rekja þetta lengur nje telja aðrar sakir. En jeg taldi mjer skylt að inna þessa sök, því að jeg var sjálfur þátttakandi í rekstri þessa máls, þótt jeg fengi minnu um það að ráða en skyldi. Flokkur sá, sem jeg starfa í, lítur svo á, að hjer sje um svo þýðingarmikið mál að ræða, að í raun og veru hverfi allar sakir aðrar við hliðina á afglöpum stjórnarinnar í því eina máli.

Svo vil jeg enda mál mitt með þeirri ósk, að Ísland sje ekki svo heillum horfið, að sjálft þing þjóðarinnar leggi blessun yfir það, sem hjer hefir gert verið, heldur geri þær ráðstafanir, er firri þingið því gengisleysi, sem síðasta þing því miður bakaði sjer og þjóðinni með lausatökum á þessu máli, vegna þess, að það trúði stjórninni helsti vel. Nú er hjer sú stofnun saman komin, sem vjer, fulltrúar atvinnuveganna í gengisnefnd, kröfðumst árangurslaust, að kvödd yrði saman í haust. Jeg vona, að stjórnin verði ekki látin einráð um það að stýra þjóðarskútunni norður og niður — svo sem nú hefir horft um hríð.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg bjóst satt að segja við því, að eitthvað mundi verða meira að segja á eldhúsdegi en þetta, enda þótt jeg viti, að núverandi stjórn hefir verið svo heppin í stjórnarstörfum milli þinga, að ekki muni margt við það að athuga.

Hitt er auðvitað, að hægt er að draga ýmisleg mál inn í þessar umræður, t. d.

gengismálið. Og úr því háttv. þm. Str. (TrÞ) hefir óskað þess, að það mál yrði tekið hjer sjerstaklega út úr, og líkt hækkun ísl. kr. á síðastliðnu ári við ódæði á borð við víg Snorra Sturlusonar, þá vil jeg segja honum það, að skoðun manna, sem vit hafa á, bæði utan lands og innan, um hækkun krónunnar, er mjög á annan hátt en skoðun háttv. þm. Str. Þessi hv. þm. er mjög gefinn fyrir það að vitna í sögu, og vitnar þá jafnan í eina sögubók, sem sje Sturlungasögu. Jeg geri þó ráð fyrir, að það sje ekki af því, að hann hafi enga aðra sögu lesið, en vil samt ráða honum til þess að rifja upp fyrir sjer fleiri sögur og kynna sjer nýjar, og væri mjer ljúft að lána honum einhverja, ef á lægi. Hann þyrfti þá ekki að ganga þess lengur dulinn, að það hefir komið æðioft fyrir í veraldarsögunni, að peningar fjellu í verði, og það áður en farið var að nota pappírspeninga. Þá tóku menn upp á því stundum að láta slá ljelegri mynt en vera átti. Það var þeirra tíma háttur að fella gildi peninga. Háttv. þm. Str. getur lesið alla veraldarsöguna, og hann mun sjá, að það var aldrei gert nema sem mesta örþrifaráð að slá ljelega mynt. Þegar í öngþveiti var komið með hag einhvers ríkis, var stundum til þess ráðs gripið að slá enn ljelegri mynt, til þess að bæta úr þeim vandræðum, sem þessi ljelaga mynt hafði fyrst og fremst orsakað. Það er álit hinna merkustu sagnfræðinga, að ýmsar hinar mestu byggingar á ríkisfjelagasviðinu hafi hrunið af því, að þeir, sem þeim áttu að sjá borgið, hafi ekki gætt þess að halda peningum þeirra í því gildi, sem vera átti að rjettu lagi. Og eins hitt, að það hafi komið fyrir, að tekist hafi að sporna við hruni, sem yfir vofði, þegar góð og röggsöm stjórn kom eftir vonda stjórn og ljelega. Þá ljet hin nýja stjórn einatt slá betri peninga, og þegar sagnaritarar geta um slíkt, þá gera þeir það ætíð henni til lofs. Ætti nú þetta land að vera einhver sjerstök undantekning frá þessari algildu reglu? Ætti það hjer að verða gæfan og farsældin, sem gerðist hjer áður, meðan peningar landsins voru stöðugt að falla í gildi? Og ætti það að vera hermdarverk og óstjórn, þegar það hefir nú tekist á tiltölulega skömmum tíma að þoka peningum landsins æðistóran spöl í áttina að sínu fyrra gildi? Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. Str. getur fengið samlíkingu við þetta úr griðrofa- og vígaferlasögu Sturlungaaldarinnar, en það veit jeg, að hann fær það hvergi í veraldarsögunni, er hann leitar þar hliðstæðra atburða, sem gerst hafa í öðrum löndum.

Það væri ástæða til þess að tala hjer nokkru nánar um þá skyldu, sem á okkur hvílir að koma íslenskri kr. upp í gullverð, en jeg mun samt ekki fara langt út í það af ýmsum ástæðum. En þó vil jeg leyfa mjer — sökum þess að jeg af tilviljun er hjer með brjef í vasanum — að vísa til ummæla þess manns, sem lengstan tíma hefir átt þátt í stjórn okkar málefna, en stendur sjálfur utan við deilumál dagsins, og ber sjálfur gott skyn á málið og er því kunnugur, hvernig heimurinn lítur á það. Hann segir í brjefi til mín, sem mjer barst fyrir rúmri viku, þar sem hann minnist á þýðingu þess, ef vjer stýfðum gengi krónunnar:

„Það er enn ekki hægt að fullyrða um það, hvaða stefnu Norðmenn taka í þessu máli. En ef Íslendingar verða eina hlutlausa þjóðin, sem stýfir gjaldeyri sinn, þá er víst, að af því mun stafa mikið og langvarandi tjón fyrir lánstraust landsins.“

Svona líta þeir menn á þetta, sem eru vel kunnugir okkar högum og þessu máli öllu, en standa hinsvegar svo langt álengdar, að þeir láta ekki glepjast af þeim lúðurhljóm uppgjafar og ómensku, sem sífelt kveður við í blaði því, sem háttv. þm. Str. stýrir.

Það mætti mjög mikið segja um þær ríku skyldur, sem á okkur hvíla um að rjetta aftur við gengi okkar gjaldeyris, sem fallið hefir í verði af litlu öðru en okkar eigin handvömm. Og jeg er satt að segja upp með mjer af því, þegar forustumaður andstæðingaflokksins getur ekki fundið stjórninni annað eða verra til foráttu en það, að hún hafi leyft sjer að horfa upp á það, að góðærið þokaði gjaldeyri vorum allverulega í áttina til hækkunar í gullverð, sem er skylda okkar að ná, ef fjárhagslegur máttur þjóðarinnar leyfir það.

Þá skal jeg minnast nokkuð á þau einstöku atriði, sem háttv. þm. Str. tíndi fram í sambandi við þetta mál, og mun jeg þá eins og hann minna ofurlítið á það, sem gerst hefir í þinginu um þau mál. Fyrst taldi háttv. þm. Str., að stjórnin hefði hundsað bændastjett landsins, er hún skipaði stjórn ræktunarsjóðsins. Jeg hefi nú ekki úr neinni átt heyrt að því fundið, hver skipaður var forstjóri ræktunarsjóðs, svo jeg geri ekki ráð fyrir því, að þessi ummæli eigi við skipun hans. En í lögunum um ræktunarsjóð var svo ákveðið, að stjórn hans skyldu skipa tveir menn, auk forstjórans, sem gæslustjórar, og tekið fram um annan þeirra, að hann skyldi hafa sjerþekking á landbúnaði. En um hinn virtist liggja í augum uppi, að ef sjálfur forstjórinn hefði ekki sjerþekking á bankamálum, þá ætti að velja hann með það fyrir augum. Og jeg fæ ekki sjeð, hvaða hundsun það er fyrir bændastjett landsins, þó settur væri við hlið þessa manns annar maður með sjerþekking á landbúnaði, úr því það var ákveðið í lögunum, að annar gæslustjóranna, en ekki báðir, skyldi hafa sjerþekking á landbúnaði. Mjer virðist þá ekki annað eftir en efniságreiningur um það, hvað sje sjerþekking á landbúnaði. Þegar það er athugað, hverra manna var völ í þetta starf og jeg hafði talað um málið við hæstv. atvrh. (MG), þá kom okkur saman um, að það bæri að gera þá kröfu til mannsins, sem skipaður yrði, að hann væri starfandi maður á sviði landbúnaðarins, ræki búskap annaðhvort fyrir eiginn reikning eða sem ráðsmaður annara. Jeg vildi ekki láta það nægja, þó maðurinn hefði eitthvert búfræðispróf, ef hann annars fengist ekki við búskap sjálfur. Þetta er nú mín skoðun á því, hvað sje sjerþekking á landbúnaði. Það má vera, að háttv. þm. (TrÞ) álíti, að sjerþekking á búnaði sje eitthvað annað. En nú eru það ekki ákaflega margir menn, sem sjálfir reka búskap hjer í bænum eða svo nálægt honum, að til greina gætu komið, þar sem gera verður ráð fyrir því, að þessir menn verði að vera þarna viðlátnir daglega, eða að minsta kosti tímum saman, en þó voru þeir nokkrir. Þá sneri stjórnin sjer til Búnaðarfjelags Íslands og bað um tillögur þaðan, en þar er háttv. þm. (TrÞ) formaður í fjelagsstjórninni. Og meðal þeirra manna, sem Búnaðarfjelagsstjórnin mælti með, var sá maður með sjerþekkingu á landbúnaði, Þórður læknir Sveinsson, sem allir vita, að hefir um langa hríð veitt forstöðu stórbúi, og það einmitt búi, sem rekið hefir verið að nýtískuhætti. Þar við bætist, að hann var sá eini af umsækjendum, sem stjórn Búnaðarfjelagsins öll var sammála um. *(TrÞ:*

Jeg veit heldur ekki til þess, að nokkur hafi gert athugasemdir við skipun þessa manns). Nú, jeg veit þá sannarlega ekki, að hverju hjer er verið að finna — jeg segi það satt. En jeg vona, að háttv. þingdeild skilji, að hjer var ekki verið að sýna bændastjett landsins neina móðgun. Hjer var um þá einu kröfu að ræða, að sá, sem teldist hafa sjerþekking á búskap, ræki búskap sjálfur. Að það varð maður með embættisprófi var a. m. k. meðfram vegna till. frá Búnaðarfjelagi Íslands.

Þá sagði hv. þm. (TrÞ), að stjórnin hefði gefið hjer ranga skýrslu um mikilsvarðandi mál. Jeg játa það, að jeg veit ekki, við hvað hann á, enda ljet hann ekki fylgja þessu neina skýringu. Og jeg verð að telja það fullkomlega óviðeigandi að hreyta slíku fram án þess að gera minstu tilraun til þess að rökstyðja það.

Hv. þm. (TrÞ) mintist einnig á skattastefnur, en bað um leið eins og afsökunar á því, að hann skyldi minnast á slíkt hjer. Jeg hjelt, að það mál hefði verið útrætt á síðasta þingi og ekkert hefði gerst í því efni síðan, sem hægt væri að gera að umtalsefni hjer. Nei, gengismálið var alt, sem hv. þm. gat fundið sjer til; en vol hans og víl um það, að búið væri að ganga af atvinnuvegum landsins dauðum vegna gengishækkunar, var ekki annað en hugarórar, sem jeg gæti skilið hjá sjúklingi, en eru hinsvegar svo fjarri rjettu lagi, að jeg get ekki látið vera að undrast það, að heilbrigður maður skuli láta sjer slíkt um munn fara. Það er nú svo fyrir að þakka um landbúnaðinn, að hann ber nú hærra höfuðið, sem betur fer, en hann hefir gertum langt undanfarið skeið. En það er með þennan atvinnuveg eins og aðra atvinnuvegi þessa lands og alla atvinnuvegi yfirleitt, að honum vegnar stundum betur og stundum miður. Það hefir verið sagt, að bændur hafi safnað skuldum á síðasta ári. En slíkt er ekki annað en staðfesting á því lögmáli, að í góðu árunum safna menn skuldum. Af hverju? Af því, að þá ráðast menn í framkvæmdir. Jeg verð því að segja það, að þó kunnugleiki minn um sveitir landsins sje ekki eins mikill nú eins og hann var áður, þá þori jeg þó að segja það, að framkvæmdir bænda á síðasta ári voru meiri en nokkru sinni á síðustu 10 árum. Það er því von, að skuldirnar hafi aukist. Menn hafa líka notað sjer góðærið, einkum norðanlands, þar sem heyfengur var afburðagóður, til þess að auka bústofn sinn. Svo þó skuldir manna hafi vaxið, þá sannar það ekki, að gengishækkunin hafi bakað þessum atvinnuvegi verulegt tjón, og það því síður, sem verslun með landbúnaðarafurðir gekk dável.

Skraf hv. þm. (TrÞ) um unga menn, sem gengishækkunin hefði brotið á bak aftur, hefir heyrst hjer áður, og eina viðeigandi svar við því var þingvísa, sem þá kom og dró fullkomið dár að þessum orðum. Og þó það kynni að vera einstöku maður í þessu landi, sem festi trúnað á skrafi hv. þm. (TrÞ) og misti kjarkinn, þá er slíkt ekkert undarlegt. Svo mikið talar hann um þær ógnir og erfiðleika, sem framundan sjeu af völdum gengishækkunarinnar. Jeg held nú, að ef einhver ungur maður af góðum ættum í sveit hefir mist kjarkinn og ætlað að bresta eða bogna, þá eigi hv. þm. Str. sjerstaklega sök á því.

Þá talaði hv. þm. (TrÞ) um það, að sjávarútveginum hefði verið íþyngt, svo nú væri þar fyrir dyrum alvarleg kreppa. Jeg skal viðurkenna, að það sje ögn meira sannleikskorn í því, að gengishækkunin hafi þrýst að sjávarútveginum. En því má ekki gleyma, að breytingin hjer stafar af fleiru en gengishækkuninni. Hún

stafar fyrst og fremst af verðfalli á fiski — ekki því, að verðið hafi lækkað að krónutali vegna gengishækkunar, heldur af verðfalli, í gulli reiknað. Og þó verðfall hafi stundum orðið meira og verra en nú, þá var það þó óvenjumikið og hastarlegt. Jeg hefi gert grein fyrir því áður, hve miklu það hafi numið, og að það byrjaði ekki fyr en nokkru eftir það, að gengishækkunin á síðasta hausti var um garð gengin. Það var sem sje afarmikil framleiðsla á fiski 1925, og enn bættist hjer fleira við, sem oft vill verða, þar á meðal það, að eitt stærsta fiskframleiðslulandið, Frakkland, hefir átt við gengislækkun að búa. Og eins og jafnan verður, þá undirseldi þetta land, Frakkland, sína framleiðslu, með þeim venjulegu afleiðingum, að vara þessi, fiskurinn, fjell. Eins fór á Ítalíu. Það er þessi undirsala Frakka, sem gert hefir markaðinn þar svo erfiðan síðustu mánuðina. Það þýðir ekki að kenna hækkun krónunnar um það, sem runnið er af alt öðrum rótum. En hinu skal jeg ekki neita, að hækkun krónunnar hafi valdið nokkrum erfiðleikum. Enda er ekki hægt við því að búast, að hægt verði að hækka krónuna án þess. Það má kalla sjerstakt lán, að það gat orðið eins mikil gengishækkun og varð á síðasta ári, án þess að landbúnaðurinn yrði þess var svo teljandi væri. Þegar hann svo segir út af þessu, „að framsóknarhugur bændanna sje drepinn,“ þá segir hann það af því, að hann hefir svo áþreifanlega rekið sig á það í hinum pólitíska skilningi, því að honum mun fullkunnugt um, að síðastliðið ár hefir dregið mjög úr hug bænda til þess að fylgja flokki þeim, sem kallar sig Framsóknarflokk. En að dregið hafi úr framsóknarhug bænda til þess að efla og bæta hag sinn og sinna, þarf hann ekki að segja mjer neitt um. Annars get jeg vel trúað, að honum þyki ekki glæsilegur árangurinn af starfi sínu, þegar svona hefir farið um framsóknarhug bændastjettarinnar til fylgis við Framsóknarflokkinn. En þar má hann sjer sjálfum um kenna.

Þá endurtók þessi háttv. þm. þau ummæli sín, að hækkun gjaldeyrisins síðastliðið haust hefði verið gerð á móti vilja þingsins. En þetta er ekki rjett, og hefi jeg gert fulla grein fyrir því áður, að það lá fyrir ákveðinn þingvilji um að hækka krónuna, svo framarlega sem kringumstæður leyfðu.

Um það, hverjum hin öra hækkun krónunnar sje að kenna eða þakka, er það að segja, að þessi háttv. þm. og hver annar, sem vill kenna eða þakka stjórninni hana, fer villur vegar, og eins þó að þeir vilji eigna Landsbankanum hana. Því að það er nú svo, að gengi íslenskrar krónu er ekki hlutur, sem hægt er að ákveða með auglýsingu eða tilkynningu, heldur miðast það við framboð og kaup á erlendum gjaldeyri. Nú stóð svo á hjer, að krónan hafði staðið föst frá því í maí og til ágústmánaðarloka. En þá kom það, að Landsbankinn vildi ekki kaupa sterlingspundið lengur óbreyttu verði. Hinn bankinn vildi aftur á móti halda áfram að kaupa það með sama verði fram í miðjan september. Að hann hafi þá snúið sjer til landsstjórnarinnar um stuðning til að halda genginu óbreyttu, er ekki rjett. Hið sanna er, að stjórn Landsbankans skrifaði landsstjórninni brjef um málið, og skyldi jeg sannarlega hafa tekið það með mjer, ef mjer hefði dottið í hug, að háttv. þm. Str. hefði ekkert annað fram að bera við þetta tækifæri en gengismálið.

Í brjefi þessu leiðir bankastjórnin athygli að því, að fara þurfi gætilega með seðlaútgáfuna að haustinu. Eftir að hafa yfirvegað þetta, svaraði landsstjórnin brjefinu og tjáði sig samþykka þessu. Af-

rit af brjefi þessu sendi stjórnin svo Íslandsbanka. Er því hjer um alt annað að ræða en að bankinn hafi snúið sjer til stjórnarinnar um stuðning, eins og háttv. þm. Str. hefir haldið fram. Skal jeg svo ekki fara lengra út í þetta mál nú, af því að hann gaf ekki tilefni til þess, en jeg er reiðubúinn að ræða það áfram, ef þess er óskað.

Þá mintist þessi háttv. þm. á kröfurnar um aukaþingið. En eins og jeg hefi tekið fram áður, get jeg ekki rætt þær í sambandi við gengismálið, því jeg tel, að aukaþing, sem kallað hefði verið saman í október, myndi engin áhrif hafa haft á verð sterlingspunda, sem streymdu hingað í september. Annars heyrir það ekki undir mig sjerstaklega að taka til yfirvegunar, hvort rjett hefði verið eftir tillögum frá einum þingmanni og einum utanþingsmanni að hlaupa upp og kalla saman aukaþing.

Þá gat hann þess, að hann hefði borið fram tillögu um að stöðva gengi sterlingspundsins í 24 kr. Jeg skal strax taka það fram, að tillaga þessi var borin fram af honum sem gengisnefndarmanni. En sá ljóður var á því ráði, að hún var borin fram af honum sem minni hluta í nefndinni, og frá sjónarmiði mínu og annara, sem telja það skyldu að hækka krónuna upp í gullverð, hafði tillaga þessi þann ókost, að gera mátti ráð fyrir, að ekki yrði hægt að hækka krónuna síðarmeir upp úr þessu gildi, ef tillögunni hefði verið fylgt. Vitanlega var þetta ekki ókostur í augum stýfingarmanna. En það var nóg til þess, að við hækkunarmenn gátum ekki gengið inn á hana, þar sem búast mátti við, ef það yrði gert, þá yrði ekki hægt að framkvæma frekari hækkun gjaldeyrisins.

Fyrir þetta tjáir háttv. þm. (TrÞ) ekki að deila á okkur. Hann verður að gera það á rýmri grundvelli, sem sje þeim, að við viljum ekki aðhyllast stýfingu, heldur erum hækkunarmenn.

Meðal annars endaði hann ræðu sína með ummælum um fulltrúa stjórnarinnar í gengisnefndinni. Inn á það ætla jeg ekki að fara nú. Jeg hefi áður getið þess, að stjórnin hafi skipað formann gengisnefndarinnar, og að hún hafi verið svo heppin í vali sínu, að hafa skipað þann mann, sem gæddur er miklum vitsmunum og nýtur trausts alþjóðar. Getur hann því sjálfur komið fram sem forsvarsmaður sinna eigin skoðana. Gerist því engin þörf að draga skoðanir hans inn í umr. nú.

Þá klingdi hann ræðu sína út með því að segja, að seðlabankinn væri fjármálaráðherra sjálfur. En þetta er tæplega hálfur sannleikur, og þarf jeg ekki að skýra það fyrir þeim, sem kynt hafa sjer bankamál, að það er ekki nema örlítið brot af þeirri starfsemi, sem seðlabanki annars hefir, sem nú er í höndum fjármálaráðherra.

Hitt skal jeg viðurkenna, og það tók jeg fram í fyrra, að brýn þörf væri á, að þingið reyndi sem fyrst að ráða fram úr seðlabankamálinu þannig, að hjer kæmi upp seðlabanki, sem ráðið gæti bót á því ástandi, sem nú er, því að það ástand er hvorki fugl nje fiskur.

Forsætisráðherra (JM): Jeg var því miður ekki staddur hjer í deildinni, þegar þessi umræða byrjaði. En mjer hefir verið sagt, að háttv. þm. Str. (TrÞ) hafi meðal annars átalið stjórnina fyrir, að áfengi hafi verið skilað aftur til smyglara. Jeg veit satt að segja ekki, hvað hann á við, ef hann hefir sagt þetta. Það hefir aldrei neitt slíkt komið fyrir, svo stjórnin viti.

Þá var mjer líka sagt, að hann hefði fundið að því, að þagað hefði verið við árás á dómara. Jeg veit ekki heldur, hvað

hann á þarna við. Hv. þm. Str. til leiðbeiningar skal jeg geta þess, að áður var sú tíð, að ekki var þagað yfir meiðyrðum um dómara og aðra embættismenn. Það var jafnan svo, að landsstjórnin skipaði dómurum og öðrum embættismönnum að fara í mál, ef á þá var ráðist með meiðyrðum, og þeir fengu gjafsókn, en sá, sem á móti var, varð að borga. Þetta þótti stundum misnotað af stjórninni, og því var tekið úr lögum annarsvegar rjettur embættismanna til gjafsóknar í meiðyrðamálum og hinsvegar rjettur stjórnarinnar til að skipa embættismönnum að fara í mál út af meiðyrðum. Síðan (það var 1907) hefir auðvitað ekki verið lagt fyrir embættismenn að fara í meiðyrðamál. Til þess hefir stjórnin ekki lagaheimild.

Jeg sje því ekki, hvernig hægt er að nota það til árása á stjórnina, þó ekki hafi verið skipað fyrir um slíkt mál nú.

Annars hefir það oft komið fyrir áður, bæði hjer á landi og annarsstaðar, að ráðist hefir verið á bæði dómara, dómsmálaráðherra og aðra embættismenn, ýmist í bæklingum eða á annan hátt. En menn kiptu sjer ekki upp við það. Jeg minnist þess t. a. m., að á Nellemann ráðherra var ráðist óþyrmilega í víðlesnum bæklingi, en jeg minnist þess ekki, að bæklingi þessum væri neitt skeytt. Sjálfur hefi jeg orðið fyrir meiðyrðum út af dómstörfum mínum, og skifti jeg mjer ekki af. Varð jeg ekki var við, að jeg yrði fyrir neinum álitshnekki þar fyrir.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð mín lengri.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get ekki annað en gert fyrirspurn til hv. þm. Str. (TrÞ) um það, hvað hann hafi meint með ummælum sínum um stjórn mína á bjargráðasjóðnum. Vilji hann fá svar, verður hann að spyrja skýrt eða finna skýrt að.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg finn enga ástæðu til að tala langt mál, enda þótt allir ráðherrarnir, að vonum, hafi fundið ástæðu til að spretta upp, hver eftir annan, til þess að svara mjer. Jeg tók það strax skýrt fram, að það væri aðeins eitt mál, sem jeg áliti svo langt fram yfir öll önnur, að jeg mundi gera það eitt að umtalsefni, enda þótt margt annað væri til, sem víta þyrfti hæstv. stjórn fyrir við þetta tækifæri. Sakir þess nefndi jeg aðeins lauslega nokkur atriði, en þau hafa verið nægileg til þess, að hæstv. stjórn hefir stokkið upp, af því að hún hefir fundið sig veika fyrir.

Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði langt mál um ræktunarsjóðinn, og talaði þar um margt, sem hann vissi, að engin þörf var að tala um, meðal annars um skipun Þórðar læknis Sveinssonar á Kleppi sem gæslustjóra sjóðsins, því að enginn hefir kastað ásökunum í garð hæstv. stjórnar fyrir þá skipun. En hæstv. ráðherra veit, að það stendur í lögunum, að a. m. k. annar gæslustjórinn skuli hafa sjerþekking á landbúnaði, og jafnframt er gefið í skyn, að þeir eigi að hafa það báðir. Og nú veit hæstv. ráðherra, að Þórður læknir hefir ekki verið skipaður í stjórn sjóðsins sem hinn búfræðilegi ráðunautur. Þá er það ekki undarlegt, þó að *margir telji það móðgun* í garð bændastjettarinnar að skipa í þessa stöðu mann, sem ekkert skyn ber á slíka hluti.

Þá þóttist hæstv. ráðherra ekki skilja, þar sem jeg var að tala um, að hann hefði gefið þinginu skakka skýrslu. En það hefði honum þó átt að vera í fersku minni, því að ekki er lengra síðan en í

gær, að útbýtt var hjer í deildinni þingskjali, sem upplýsti, að hann sem fjármálaráðherra hefði verið búinn að gefa eftir veðrjett ríkissjóðs í skipum fiskiveiðahlutafjelagsins „Kára". En eins og öllum mun kunnugt, hefir þó öðruvísi sungið í honum áður. Þetta kalla jeg að gefa skakka skýrslu, og ætti þetta dæmi að nægja til að sanna mál mitt.

Hæstv. forsrh. (JM) mintist á tvö atriði, en þau eru bæði aukaatriði. Hann neitaði, að skilað hefði verið aftur áfengi til smyglara. Þetta er ekki rjett. Hæstv. ráðherra veit, hvað jeg á við. Maðurinn fjekk sekt, og lögreglustjóri vildi áfrýja málinu, en fjekk ekki, og varð því að þola, að maðurinn heimtaði „sprúttið" aftur.

Þá þóttist hæstv. forsrh. (JM) ekki skilja, hvað jeg hefði átt við, þegar jeg mintist á, að þagað hefði verið við árás á dómara. Það, sem jeg átti við, var árás Sigurðar Þórðarsonar á einn þektan dómara þessa lands. Mjer dettur vitanlega ekki í hug, að stjórnin hlaupi upp til handa og fóta hvenær sem einhver hnýtir að dómara. En hjer stóð sjerstaklega á, þegar um var að ræða „krítik" frá gáfuðum og reyndum fyrverandi dómara.

Þá sný jeg máli mínu til hæstv. atvrh. (MG). Hann veit vel, að síðastliðið haust var stjórn bjargráðasjóðsins á fundi uppi í stjórnarráði og lagði eindregið til að veita ekki lán úr sjóðnum til þeirra hreppa, sem vegna auðsærra sjálfskaparvíta höfðu lent í örðugleikum, því að bjargráðasjóðsstjórnin áleit það misnotkun á sjóðnum, að taka fje frá öðrum til slíks. Og þar af leiðandi lagði stjórn sjóðsins í einu hljóði á móti því að veita einum hreppi í kjördæmi hans lán úr sjóðnum, en hann veitti það samt. *(Atvrh. MG:* Það er satt). Jæja, þá stend jeg vel að vígi, úr því hæstv. ráðherra játar syndir sínar. *(Atvrh. MG:* Var það ekki meira?). Það má vel vera, að svo hafi verið; jeg hefi ekki haft aðstöðu til að fylgjast með um úrslit allra lánbeiðnanna, en þetta stakk svo sjerstaklega í augu.

Þá hafði jeg þá ánægju að heyra hæstv. fjrh. (JÞ) halda langan fyrirlestur um gengismálið. Jeg efa ekki, að honum gangi gott til gerða sinna í því máli, en reynslan hefir sýnt, að hann hefir gert landinu stórtjón með því, hvernig hann hefir stýrt í málinu. Hann talaði langt mál um, að jeg vildi fella peningana í verði. En slíkt er ekki rjett, því að það tel jeg glæp að fella peningana í verði út í bláinn. Það, sem jeg vil vinna að, er að festa þá í verði, því verði, sem þeir raunverulega hafa, að því er rannsókn leiðir í ljós, og hæstv. ráðh. (JÞ) veit vel, að í þessu efni er jeg í fylsta samræmi við kenningar merkustu erlendra fjármálamanna.

Annars þykir mjer það merkilegt, ef hæstv. fjrh. beinir þungum ásökunum til mín út af gengismálinu, því að jeg fylgi þar algerlega hinum nafnkunna fjármálamanni Cassel, sem hæstv. fjrh. kallar læriföður sinn í gengismálinu, eins og sjá má á bók hans „Lággengi". En þegar hann veitist með þungum ásökunum að þeim, sem fylgja Cassel í gengismálinu, þá er hann þar hreint og beint á móti sjálfum sjer.

Hæstv. fjrh. hafði þung ummæli og ásakanir eftir einhverjum um, að það væru svik að hækka peningana ekki aftur í þeirra gamla verð. Það er líklega mætur maður, fyrst sjálfur ráðherrann tekur sjer hans orð í munn. En hvað segir nú Cassel um þær tilraunir, að koma peningum í gullverð? Hann segir, að það sje æðri skylda að svíkja ekki skuldbindingar sínar

fyrir hverja þjóð og hvert land. En í því landi, þar sem gengissveiflur eru tíðar, eru einmitt sviknar allar skuldbindingar í hvert einasta sinn, sem breyting verður á genginu.

Síðast í gærdag sagði hæstv. fjrh. og leit vingjarnlega til mín um leið, að krónan yrði að vera innleysanleg, hvar svo sem gullsinnleysanleikinn væri. Með þessum orðum gaf hann í skyn, að það gæti þó komið til mála að drýgja þennan glæp.

Þá var hæstv. fjrh. að tala um „lúðurhljóm vesalmenskunnar". Jú, hann er sá að fara eftir kenningum þeirra manna, er best og rjettast hafa kent í þessum málum.

Þá talaði hæstv. fjrh. um landbúnaðinn og gengið og sagði, að landbúnaðurinn stæði nú rjettari en verið hefði áður. Þetta haggar í engu því, sem jeg sagði, því hæstv. fjrh. gat vitanlega ekki komið með snefil af rökum fyrir þessari staðhæfingu. Það er aðeins orð á móti orði. Jeg *veit*, að bændur skulda nú alment miklu meira en áður, og jeg get ekki fallist á þá staðhæfing hæstv. fjrh., að menn safni aðallega skuldum þegar góðæri sje. Jeg veit líka, að mestu erfiðleikarnir eru fyrir dyrum hjá bændastjettinni. Það hjálpar ekki nú, sem hjálpaði á síðasta ári, að kjötið var í 50% hærra gullverði en árið þar á undan, vegna þeirrar tilviljunar að norska krónan hækkaði enn meira en sú íslenska og verðlag þar í landi var ekki komið í samræmi við það. Það voru ekki mín orð, sem hæstv. fjrh. hafði eftir mjer, að landbúnaðurinn væri lagður að velli, en hitt veit jeg, að sum bök hinna yngri bænda hafa brotnað, og jeg veit upp á víst, að næsta ár verður stórkostleg verðlækkun á kjöti vegna hækkunar íslensku krónunnar.

Hæstv. fjrh. neitaði því, að hann hefði gengið á móti þingviljanum í gengismálinu. Við höfum talað um þetta áður, og jeg vil minna á það, að jeg er ekki sá eini, sem hefi þessa skoðun. Í gerðabók gengisnefndar hafa báðir fulltrúar atvinnuveganna skírskotað til þingviljans, er þeir mótmæltu hækkun krónunnar.

Afleiðingin af stefnu hæstv. fjrh. er sú, að hjer er aldrei fast gengi. Hann vill láta gengið vera komið undir dutlungum árferðisins. Við viljum setja lög um, a. verð peninga fylgi ákveðnu gullverði.

Hæstv. fjrh. bar á móti því, sem jeg sagði, að árekstur hefði orðið milli hans og Íslandsbanka út af gengisversluninni í haust. En það kom einmitt fram í gengisnefnd af hálfu fulltrúa Íslandsbanka, að bankinn hefði orðið að hætta að kaupa sterlingspund, af því að hæstv. fjrh. hefði neitað honum um þann stuðning, er þurfti.

Þá dró hæstv. fjrh. dár að því, að jeg vildi taka til greina kröfur frá einum þingmanni og einum utanþingsmanni um að kveðja til aukaþings. En þetta voru menn, er settir höfðu verið í gengisnefnd af sjálfu Alþingi sem fulltrúar atvinnuveganna, og þeir báru fram þessa kröfu, þegar þeir sáu, að hagsmunum atvinnuveganna var stórhætta búin. Svo sagði hæstv. fjrh. síðar, að eina afleiðingin af tillögu minni í haust — ef farið hefði verið eftir henni — hefði orðið sú, að ekki hefði verið hægt að hækka krónuna, heldur aðeins að festa hana. Það var þá svona ákaflega erfitt að hækka krónuna, og það varð að stíga þessi voðalegu spor til þess, því að annars hefði verið loku fyrir skotið, að hægt hefði verið að hækka hana endanlega! En það, sem blasir nú við, eru enn meiri erfiðleikar og erfiðari spor til þess að ná því marki, er hæstv. fjrh. vill ná. Og jeg öfunda hann ekki út af því að standa yfir hinum mörgu rústum hjer á landi, sem fjármálaspeki hans á sök á nú og í framtíðinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg varð fyrir stundu síðan að gera fyrirspurn til hv. þm. Str. (TrÞ) um, hvað hann ætti við, er hann með óákveðnum orðum bar mjer á brýn, að jeg hefði farið rangt að í stjórn minni á bjargráðasjóðnum síðastliðið ár. Jeg hefi nú fengið það svar við þessari fyrirspurn minni, að þessi hv. þm. (TrÞ) sakar mig um hlutdrægni í lánveitingu til hrepps eins í mínu kjördæmi, Holtshrepps í Skagafjarðarsýslu, að jeg hafi í lánveitingum úr sjóðnum farið á móti einróma tillögum bjarðráðastjórnarinnar, sem hv. þm. Str. á sæti í.

Til þess er því að svara, að það er alveg rjett, að jeg hefi í lánveitingum úr sjóðnum farið jafnvel þvert ofan í till. bjargráðastjórnar, ekki einungis að því er snertir Holtshrepp í Skagafjarðarsýslu, heldur ýms önnur lán. Og þetta er mjer fyllilega heimilt; bjargráðasjóðslögin frá síðasta þingi veita ráðherra slíkt vald. Samkv. 1. gr. laga þessara á hann að fá tillögur bjargráðastjórnar, en er engan veginn skyldur að fara eftir þeim, enda væri það sama og að leggja lánveitingarvaldið í hendur bjargráðastjórnarinnar, en það var ekki tilætlun laganna. Ætti jeg að fara nærri um hana, þar sem jeg er höf. þeirra og Alþingi gerði engar breytingar á þeim.

En með þessu er vitaskuld ekki hrundið þeirri ákæru hv. þm. Str., að jeg hafi verið hlutdrægur í lánveitingum úr sjóðnum. Mun jeg því athuga það atriði nánar.

Hv. þm. Str. tilkynti mjer það hátíðlega í gær, að hann mundi í dag ráðast á mig út af stjórn minni á bjargráðasjóðnum. Jeg hefi því hjer öll gögn við hendina, er að henni lúta. En í fyrri ræðu sinni kom þessi hv. þm. (TrÞ) aðeins með dylgjur í minn garð, svo að jeg varð að beiðast frekari skýringa. Jeg hefi nú fengið þær, og eru þær á þá lund, sem jeg átti von á, því jeg hafði heyrt því fleygt, að hann sakaði mig um hlutdrægni. Mjer er því tækifærið kærkomið til þess að sýna, að þetta er á alls engum rökum bygt.

Þegar bjargráðastjórnin átti fund um lánveitingar úr sjóðnum, lágu fyrir beiðnir frá 3 hreppum um lán vegna fjárhagsvandræða. Þessir hreppar voru: Stokkseyrarhreppur í Árnessýslu, Holtshreppur í Skagafjarðarsýslu og Borgarfjarðarhreppur í Norður-Múlasýslu. Tveim hinum síðarnefndu hefi jeg veitt lán, en bjargráðastjórnin lagði á móti öllum lánunum.

Um Borgarfjarðarhrepp vil jeg geta þess, að hann beiddist hjálpar þingsins 1924, og var því erindi vísað til fjvn. Áttum við hv. þm. Str. þá sæti þar, og man jeg ekki betur en að við værum þá sammála um, að hann þyrfti hjálpar, þótt ekki þætti þá fært að veita hjálp úr ríkissjóði, sjerstaklega vegna þess, að ýmsar fleiri slíkar beiðnir lágu fyrir. Báðir þm. N.-M. hafa mælt með þessari lánveitingu, svo að jeg býst ekki við, að þeir sjeu sammála hv. þm. Str. um þetta. *(TrÞ:* Jeg hefi ekki talað um þetta lán). Nei, ekki sjerstaklega, en þar sem hv. þm. Str. hefir kvartað yfir, að jeg hafi ekki farið eftir tillögum bjargráðastjórnar, þá kemur það einnig þessu máli við. En vitaskuld var aðalatriðið hjá hv. þm. lánið til Holtshrepps, og við það átti hlutdrægnisásökunin. Jeg sný mjer þess vegna að þessu láni.

Um þetta lán hefir hv. þm. Str. bókað þetta í fundabók bjargráðastjórnar. *(TrÞ:* Ekki jeg, heldur öll stjórnin). Nei, það er hv. þm. sjálfur, sem hefir fært fundarbókina. *(TrÞ:* Telur hæstv. ráðherra, að jeg

hafi falsað bókunina?). Jeg kem að því síðar, hversu rjett bókun hv. þm. (TrÞ) er, en hún er svo hljóðandi að því er Holtshrepp snertir:

„Aðalástæður til erfiðleika Holtshrepps eru: óheppileg jarðakaup hreppsins og vanskil hreppsnefndaroddvita og kaupfjelags. Virðist svo sem skuldir hreppsins sjeu að miklu leyti samningsbundnar, svo að lánsins sje óskað aðallega í því skyni að fá lægri vexti.“

Með hliðsjón þessara ummæla leggur hv. þm. Str. eindregið á móti því, að Holtshreppi verði veittur einn einasti eyrir að láni.

Í brjefi oddvita Holtshrepps, þar sem hann sækir um lánið, er meðal annars þessi kafli, sem jeg skal leyfa mjer að lesa upp orðrjett:

„Til þess, hvernig skuldirnar hafa orðið til, liggja sjálfsagt margar orsakir. Fyrst tap á jörðinni Bakka, sem keypt var á þeim tíma, þegar alt var í vitlausum spenningi. Ábyrgð hreppsins á skuldum gamla kaupfjelagsins. Afskapleg vorharðindi 1920 og af því stafandi feikna mikill kostnaður og tap. Mikill fólksflutningur út úr sveitinni til Siglufjarðar og síðast en ekki síst þeir miklu mannskaðar, sem hjer hafa orðið við skipstöp á undanförnum árum. Flest af mönnum þessum hafa verið heimilisfeður, sem hafa skilið eftir fátækar ekkjur og fjölda barna, sem sveitin hefir orðið að annast að meira og minna leyti. Líklega mætti telja fleiri orsakir til þess, að sveitin er svona stórilla komin efnalega, en jeg vona, að háttv. atvinnumálaráðherra láti þetta nægja, þar sem hann er töluvert kunnugur ástæðum sveitarinnar og þeim óhöppum, sem hún hefir orðið fyrir.“

Þetta brjef hafði hv. þm. Str. fyrir sjer, er hann lagði á móti lánveitingunni. *(TrÞ*: Ekki jeg einn, heldur öll bjargráðastjórnin). Veit jeg vel, en enginn nema hv. þm. Str. hefir fundið að gerðum mínum í þessu máli, svo að jeg svara einungis hv. þm. Ef nú hin áður tilfærða bókun hv. þm. Str. er borin saman við frásögn oddvitans, sjest það greinilega, að í bókuninni er slept aðalatriðunum fyrir því, að hreppurinn er kominn í fjárhagsvandræði. Hv. þm. gleymir alveg hinum gífurlegu vandræðum 1920 og mannsköðunum 1922. Bókun hv. þm. Str. er því alveg röng; hún gefur alveg skakka hugmynd um ástandið. Og vissulega hefði jeg meiri ástæðu til þess að segja, að hv. þm. Str. hefði bókað hlutdrægt af því að hreppur í mínu kjördæmi átti í hlut, heldur en hann hefir til þess að bera mjer hlutdrægni á brýn. Til þess að sýna það enn betur, hversu villandi þessi bókun hv. þm. Str. er, vil jeg leyfa mjer að lesa upp kafla úr nýkomnu brjefi frá oddvita Holtshrepps. Hann er svo:

„Druknun í Holtshreppi hefir öðruhvoru átt sjer stað, en nú um æðilangt skeið hafa druknanir ekki átt sjer stað í stórum stíl, að undanskildu árinu 1922. Þá fórust 12 menn á einu skipi, allir úr Fljótum, en helmingurinn af þeim var úr Haganeshreppi. Sá var munurinn, að þeir, sem voru úr Holtshreppi, voru bláfátækir fjölskyldumenn (3 að mig minnir 8 barna feður). Á því sama hörmungaári druknuðu 2 fátækir fjölskyldufeður, sem að sönnu áttu ekki heimili í Holtshreppi, en áttu þar sveitfesti, og af því að menn þessir áttu heima í kaupstöðum, varð það sveitinni ennþá tilfinnanlegra en þó að þeir hefðu átt heimili í hreppnum, því að kaupstaðaþurfalingar eru regluleg plága á hlutaðeigandi sveitum.“

Lengra held jeg ekki, að þurfi að lesa til þess að fullvissa sig um rjettmæti þess, að veita þessum hreppi lán. Hann uppfyllir svo greinilega sem verða má öll skilyrði laganna til þess að fá lán úr bjargráðasjóði. Og jeg vil spyrja: Hvenær á að veita lán úr þessum sjóði, ef ekki þegar eins stendur á sem hjer? Og hvað er bjargráðasjóður og til hvers á að nota hann? Bjargráðasjóður er sjóður, sem hver sýsla og kaupstaður safnar fje í með árlegum nefskatti, til þess að geta hjálpað, ef í nauðir rekur. Er nú rjettara að láta það liggja í Landsbankanum en að leyfa illa stöddum, bláfátækum hreppum að taka sitt eigið fje heim um nokkurra ára skeið, þar til um hægist? Jeg segi nei, því að jeg tel það rangt, að fátækir hreppar láni þannig Landsbankanum fje, meðan þeir eru sjálfir í sárustu neyð.

Hvaðan hv. þm. Str. hefir þá vitneskju, sem kemur fram í bókun hans, að skuldir hreppsins sjeu að miklu leyti samningsbundnar, veit jeg ekki, en það veit jeg, að úr skjölum málsins er þessi vitneskja ekki fengin, og jeg veit ekki betur en að hreppnum hafi verið ómögulegt að standa við lánssamninga sína undanfarið, svo að þeir sjeu burtu fallnir. Að minsta kosti veit jeg vel, því að um það liggja fyrir upplýsingar í skjölum málsins, að hreppurinn hefir ekki getað greitt sýslusjóðsgjöld sín 2 síðastliðin ár.

Jeg vona, að jeg með þessu hafi sýnt það greinilega, að brigsl hv. þm. (TrÞ) um hlutdrægni eru tilhæfulaus, og þar sem þetta er eina atriðið, sem fundið hefir verið að í framkvæmdastjórn minni síðastliðið ár, finst mjer jeg geta látið mjer vel líka.

En fyrst minst hefir verið á þessi bjargráðasjóðslán, þá þykir mjer rjett að geta þess, að hv. þm. Str. hefir í tillögum sínum til mín um lán til bústofnskaupa lagt til, að þau væru veitt aðeins til 7 ára, en jeg hefi veitt þau til 20 ára. Þess verður sem sje að gæta, að lán þessi eru veitt fátækustu mönnum hvers hrepps, og jeg lít svo á, að þeir verði að fá lánin til talsvert langs tíma, ef þau eiga ekki að verða hlutaðeigendum óbærilega þung. Þessar tillögur hv. þm. Str. komu mjer yfirleitt talsvert á óvart. Hann kveðst vera bændavinur, en þegar hann hefir aðstöðu til þess að gera þeim greiða, þá eru tillögur hans þannig, að hann gengur miklu skemra en lög leyfa. *(TrÞ:* Hefir sjóðurinn ótakmarkaða peninga?). Nei, jeg þekki engan sjóð, sem hefir ótakmarkað fje. Spurning hv. þm. er auk þess þessu máli óviðkomandi, því að hjer er um að ræða, hvernig eigi að lána út það fje, sem til er, hvort sem það er mikið eða lítið.

Jeg mun ekki blanda mjer í deilur hv. þm. Str. við hæstv. fjrh. (JÞ), en get þó ekki stilt mig um að benda á, hversu rækilega hv. þm. (TrÞ) gefur sjálfum sjer á munninn, er hann heldur því fram, að bændur hafi stórtapað síðastliðið ár vegna gengishækkunarinnar, en upplýsir þó sjálfur, að bændur hafi fengið 50% meira eftir gullverði fyrir aðalframleiðsluvöru sína, kjötið, síðastliðið haust en haustið 1924. Það verður þó væntanlega ekki um það deilt, að gengishækkunin nam ekki 50%. Og ef ekki var fært að hækka gengi krónu vorrar síðastliðið ár vegna aðstöðu bænda, þá mun það sjaldan hægt, og þá hefði verið rjettara af Alþingi í fyrra að taka af skarið og stýfa krónuna. En það var ekki gert, heldur þvert á móti gengið út frá, að hún hækkaði, ef hægt væri.

Forsætisráðherra (JM): Það var þetta smyglunarmál, sem hv. þm. Str. (TrÞ) var að áfellast stjórnina fyrir áðan. Mjer hefir nú verið skýrt frá, að því víki svo

við, að tollþjónar hefðu ekki innsiglað um borð í skipinu alt það áfengi, er uppgefið var. Daginn eftir fundust óinnsiglaðar birgðir, og hjeldu menn þá, að þeim hefði verið skotið undan. En er hið sanna vitnaðist, áleit dómarinn þetta ekki smyglun og dæmdi eftir því. Lögreglustjóri hefir aldrei talað um áfrýjun þess dóms við mig. Held jeg því, að hv. þm. (TrÞ) sje alstaðar á villugötum.

Þá er það þessi árás á dómarann, sem hv. þm. (TrÞ) sagði, að stjórnin hefði átt að taka til greina, vegna þess að hún kom frá fyrv. sýslumanni Sigurði Þórðarsyni. Jeg tel árásina ekki merkilega, þótt hún sje komin frá þessum manni. Jeg veit ekki, hvers vegna sú árás ætti að vera merkilegri en það, sem hann skrifar um ýms önnur mál og „Tíminn" hefir stórlega fordæmt. Vilji hv. þm. (TrÞ) nú undirskrifa alt það, sem stendur í „Nýja sáttmála", þá held jeg að hann geri samverkamanni sínum órjett, því að jeg man ekki betur en að mjög harður dómur væri nýlega kveðinn upp yfir bókinni í blaði því, er hv. þm. (TrÞ) stjórnar. Hann ætti því ekki að vera að veifa þessu vopni; það bítur ekki eins og á stendur, nema sjálfum honum syngi of höfði.

Tryggvi Þórhallsson: Það er langt frá því, að jeg vilji um þetta veifa nokkru vopni, enda var það á móti vilja mínum og hrein tilviljun, að þetta atriði hefir svo dregist inn í umræðurnar, sem hæstv. ráðh. (JM) mintist síðast á. Annars vil jeg benda hæstv. forsrh. á það, að út frá því, sem um var talað, hvaða tillit bæri að taka til ádeilu og ummæla Sigurðar Þórðarsonar, þá álít jeg, að greina ætti á milli þess, sem hann skrifar um dómsmál, og þess, sem hann skrifar um utanríkismál. Jeg álít, að mikið tillit beri að taka til hans, þegar hann talar um dómsmál, þar sem hann er kunnugur þeim.

Þá kom hæstv. forsrh. (JM) að smyglunarmálinu. Sagði hann, að lögreglustjóri hefði ekki nefnt áfrýjun við sig. Satt er það og ekki óeðlilegt, þar sem hæstv. ráðherra var ekki í bænum. En það afsakar hann ekki neitt, og þess vegna beindi jeg þessu að honum. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. forsrh. viti, að mikil mistök voru á meðferð þessa máls.

Hæstv. atvrh. (MG) talaði langt mál og las upp skrifað mál viðvíkjandi bjargráðasjóðnum. Get jeg verið honum í raun og veru þakklátur fyrir það. Hann sagði, að jeg hefði ráðið yfir sjóðnum, að jeg hefði haft stjórn sjóðsins í vasanum. Síðan kom hann með þá ásökun til mín, að jeg, sem vildi hjálpa bændum, vildi ekki veita lán úr sjóðnum lengur en til 7 ára, þar sem hann aftur á móti vildi veita þau til 20 ára.

Hæstv. ráðherra (MG) veit nú vel, hve afarströng fyrirmæli gilda um útlán úr sjóði þessum, að það er aðeins mjög takmörkuð upphæð, sem kemur á hverja sýslu. Og stjórn sjóðsins er skyldug til að binda ekki fje sjóðsins svo mjög á fáum stöðum, að ekki verði þess vegna hægt að rækja hinar almennu þarfir þjóðarinnar. Þess vegna ætti það að vera sjálfsagt „princip" að veita engin lán úr sjóðnum lengur en til 7 ára. Enda er lánum þessum svo varið, að þau má veita til tiltölulega skamms tíma, eins og t. d. lán til bústofnskaupa, sem koma strax til með að svara vöxtum. En að veita stórlán til 20 ára útilokar alla aðra hreppa, sem lán þurfa að fá, um langan tíma. En við höfum ekki ótakmarkað fje til að sinna öllum, og því hljóta þessar ásakanir um bændaóvild að falla um sjálfar sig. Annars get jeg vel staðið fyrir þeim einn. þótt þær annars skelli á öllum þeim mönn-

um, sem hafa haft meðgerð með fje sjóðsins.

Jeg efa ekki það, sem hæstv. ráðh. (MG) sagði, að hann hefði fengið annað brjef, þar sem upplýst er, að í Holtshreppi sjeu 24 börn sjódruknaðra manna. *(Atvrh. MG*: Brjefið, sem jeg nefndi fyr, lá fyrir stjórn bjargráðasjóðs). Það lá ekki fyrir okkur. Og svo las hann upp úr brjefinu kafla, til að sýna að vandræði hreppsins stöfuðu af óheppilegum jarðakaupum, vanskilum oddvitans og skuldum kaupfjelagsins.

Jeg vil nú segja það, að fyrst hæstv. ráðh. (MG) fjekk þessar upplýsingar, átti hann að kalla saman stjórn sjóðsins, og þótt hann vildi ekki sýna mjer þá virðingu, heldur ganga fram hjá mjer, þá átti hann ekki að gera það gagnvart henni allri, heldur bera undir hana þessar upplýsingar, sem vitanlega hefðu haft áhrif á úrskurð lánsins.

Þá kom hæstv. atvrh. inn á gengismálið. Jeg er því sammála, sem hann sagði þar. En eitt fanst mjer mjög eftirtektarvert, sem hann sagði, nefnilega það, að ef ekki væri hægt að hækka krónuna, þegar verð á útfluttum landbúnaðarafurðum er 50% hærra en áður, þá sje það aldrei hægt. Þetta vil jeg undirstrika, að þegar eitthvað „extraordinært" er til staðar, þá sje hægt að hækka gengið, en þegar ekkert slíkt komi fyrir, þá sje það ekki hægt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að jeg hefði átt að leggja fyrir bjargráðastjórnina síðara brjefið, sem jeg las kafla úr. En þetta brjef fjekk jeg fyrst fyrir 3 dögum, eða löngu eftir að jeg veitti lánið, svo að það hefði verið tilgangslaust að sýna sjóðsstjórninni það. *(TrÞ*: Þá hefir hæstv. ráðh. enga afsökun). Það er undarleg rök-semdaleiðsla, því að brjefið sýnir jafnvel ástand hreppsins, þótt það sje svona nýtt. Annars er það um skipstapann 1922, og hann var einnig nefndur í brjefi oddvitans, sem lá fyrir hv. þm. Str. En um þetta bókar háttv. þm. ekkert í gerðabók sína, svo að jeg hefi miklu meiri ástæðu til þess að bregða honum um hlutdrægni en hann mjer.

Þá talaði hv. þm. Str. um það, að ekki mætti binda fje bjargráðasjóðsins á vissum stöðum. Jeg lít svo á, að það eigi að láta fjeð þangað, sem mest þörfin er fyrir það, og svo mikið á hvern stað, sem á annað borð fær lán, að það komi að einhverju gagni. Fátækum mönnum kemur ekki að neinu verulegu gagni að fá lán til 7 ára til bústofnskaupa. Annars er það auðsætt, að mig og hv. þm. Str. skilur mjög á um lánveitingar úr sjóðnum. Hann vill, að sjóðurinn standi sem mest óhreyfður í Landsbankanum, en jeg vil, að þurfandi hreppar fái lán úr honum og tel hann með því einu koma að fullu gagni. Þá gleymir hann og því, að sjóðurinn vex árlega talsvert, og þess vegna verður með afborgunum og vöxtum altaf talsvert fje til útlána.

Mjer þótti vænt um það, sem hann sagði um gengismálið, og þó sjerstaklega um það, hvernig hann tók ummælum mínum. Jeg hjelt því fram, að bændur hefðu ekki getað tapað vegna gengishækkunarinnar, vegna þess að þeir hefðu fengið 50% hærra verð síðastliðið haust fyrir afurðir sínar en áður, og að ef þá væri ekki hægt að hækka gengið, þá væri það aldrei hægt. Jeg skildi hv. þm. svo, að hann viðurkendi þetta, en með þeirri viðurkenningu er kipt fótunum undan öllum skrifum hans um gengismálið, að því er bændur snertir, og allan hinn mikla halla, er þeir hafi haft af gengisbreytingunni. Það

er satt, að jeg hefi ekki mikið um gengismálið talað, enda tilheyrir það ekki mínum verkahring. Verkum er skift í stjórninni, eins og kunnugt er, og hver ráðherrann um sig stendur fyrir svörum í sínum málum. Og hæstv. fjrh. (JÞ) hefir staðið svo fyrir svörum í þessu máli, að ekki hefir þurft að hjálpa honum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg bíð eftir því að fleiri rísi upp úr sætum sínum en hv. þm. Str. (TrÞ). Jeg lít svo á, að stjórnin hafi ekki þá rjettu aðstöðu á svona degi, ef aðeins 1 maður er á móti henni og á við ofurefli að etja. Jeg játa mig eigi meiri harðýðgismann en það, að jeg kveinka mjer við að höggva hart í það hold, sem þegar er búið að tukta svo, sem mjer finst raun á orðin. En úr því að aðrir kveðja sjer ekki hljóðs, þá ætla jeg að svara með nokkrum orðum því, sem sjerstaklega hefir verið að mjer beint, og ætla jeg mjer að gera það eins hógværlega og frekast er unt.

Jeg skal þá játa það, að það mun hafa farið fram hjá mjer þetta þingskjal, sem fjallar um það, að jeg hafi gefið skakka skýrslu um tilfærslu á veðrjetti ríkissjóðs í togurum Kárafjelagsins. En hvað sem nú stendur í þessu þskj., þá hefi jeg alls ekki gefið skakka skýrslu. Jeg hefi áður lýst yfir því, að stjórnin hefði talið fært að færa veðrjett ríkissjóðs í togurunum aftur fyrir rekstrarlán, sem borgast átti af tekjum yfirstandandi vertíðar. En hjer var farið fram á eftirgjöf á veðrjetti ríkissjóðs fyrir *föstu láni*, og það gat stjórnin vitanlega ekki gert upp á sitt eindæmi, heldur beiddist heimildar Alþingis, og jeg vil taka það skýrt fram, að alt, sem við kemur þessu máli, er skrifað og skjallegt og hefir verið afhent fjhn. þessarar hv. deildar. Auðvitað stóð fleira í þeim brjefum en tekið var fram í umræðunum, og hafa hv. fjhn. beggja deilda haft tækifæri til að kynnast því, sem í þeim stendur. Verð jeg því að vísa til baka öllum ásökunum um það, að jeg hafi gefið skakka skýrslu.

Viðvíkjandi skipun Þórðar læknis Sveinssonar á Kleppi í gæslustjórastöðu ræktunarsjóðsins vil jeg taka það fram, að jeg hefi góða samvisku út af því, þar sem hann er landbúnaðarfróður maður, en jeg skal játa, að hann er ekki bankafróður og að það var ekki borið undir stjórnarnefnd Búnaðarfjelagsins að fá bankafróðan mann, enda var það ekki tilætlun form. Búnaðarfjelags Íslands, hv. þm. Str., að því er jeg best veit.

Jeg vil þó bæta því við, að á meðal þeirra, sem stjórn fjelagsins stakk upp á, var enginn annar maður starfandi að landbúnaðarmálum. *(TrÞ*: Ekki rjett). Ekki rjett, segir hv. þm., en jeg veit ekki, hver sá annar maður er. *(TrÞ*: Einar Helgason). Mjer er ókunnugt um, að hann reki búskap. *(Atvrh. MG*: Hann hefir 3 kýr. — *TrÞ*: Hann rekur kúabú). Mjer var ekki kunnugt um þessar kýr og get varla talið það búskap í þeim skilningi.

Við verðum seint sammála, jeg og hv. þm. Str., um gengismálið, þótt hann telji okkur báða lærisveina Cassels, með þeim mismun, að hann sje sjálfur sá rjetti lærisveinn, en jeg sje afdankaður. Jeg get sagt hv. þm., hvað á milli ber, og vil láta það koma skýrt fram í þessari hv. deild. Jeg hefi aðhylst það í kenningum Cassels, sem var búið að ná viðurkenningu þegar jeg reit bók mína, og voru það einkum hans skarplegu athuganir og skýringar á orsökum og afleiðingum lággengisins. Mjer var kunnugt, að Cassel var ákveðinn stýfing-

armaður, hann vildi láta Dani stýfa, hann vildi láta Norðmenn og Svía stýfa, hann vildi yfirleitt láta alla stýfa gjaldeyri sinn, en það var einmitt það, sem jeg gat aldrei aðhylst, enda finst ekki neitt slíkt í bók minni, en gerði grein fyrir því í formálanum, hvað okkur bæri á milli. Cassel bar fyrst niður í Svíþjóð með kenningar sínar; hafði hann stjórn ríkisbankans sænska á móti sjer og yfirleitt alla. Hvers vegna? Vegna þess að Svíar höfðu stýft gjaldeyri sinn 1834 niður í 25—35% af nafnverði og supu síðan seyðið beyskt af afleiðingunum og hafa alls ekki gleymt þeim enn þann dag í dag. Þeir voru því ófúsir á að fara að ráðum Cassels í þessu efni, en notuðu hinsvegar hinar skarplegu skýringar hans til þess að koma gjaldeyri sínum í gullverð. Sama sagan er með Dani; þeir notfærðu sjer ekki tillögur hans að stýfa, en hafa nú ákveðið að koma krónu sinni í gullverð. En þar fyrir getur vel verið, að ekki sjeu öll ríki á móti tillögum hans. En vísindamaðurinn á þessu sviði, sá sem skýrir orsakir og afleiðingar gengisbreytinganna, þarf ekki endilega að vera kjörinn stjórnmálaleiðtogi. Og þar missýnist hv. þm. Str., ef hann heldur, að það sje alveg afgerandi, að vísa í prófessor í hagfræði. Það felst vissulega ekki alt í því, heldur í því að meta afleiðingar þessarar stefnu fyrir pólitískt líf í framtíðinni. Jeg hefi í þessu litla kveri, sem jeg hefi samið, haldið því fram, að svo virtist, sem erfiðleikarnir sjeu hjer á landi ekki eins miklir og víða annarsstaðar á því að koma gjaldeyrinum í gullgengi, af því að við erum ekki eins langt komnir í lánsfjárnotkun, eða skuldabúskap, eins og aðrar þjóðir. En það reynist einmitt versti þröskuldurinn fyrir hækkuninni. Að vísu eru ýmsir erfiðleikar samfara hækkuninni, svo sem vinnudeilur, sem hljótast af henni, þungbærir í svip, en alt slíkt jafnast á fáum árum, þegar menn fara að skilja, hvað gera verður í þessum efnum.

Það gladdi mig að heyra yfirlýsingu hv. þm., þar sem hann viðurkennir, að enn sje ekki búið að baka landbúnaðinum stórtjón með gengishækkuninni. En hv. þm. er hræddur við yfirvofandi erfiðleika. Það er nú best að bíða og sjá hvað setur, meðan krónan er róleg. Það koma ekki neinir framtíðarerfiðleikar til greina meðan krónan er kyr.

Þá þótti hv. þm. Str. einkennilegt, að hækkun krónunnar skyldi ekki vera ákveðin með auglýsingu, heldur með kaupum og sölu gjaldeyris. Það er ómögulegt, að þetta sje vel íhugað hjá hv. þm., því að genginu verður aldrei haldið föstu með öðru en gjaldeyrisverslun. Það getur vel komið fyrir, þótt seðlar eigi að heita gulltrygðir, að þá verði þeir ekki seljanlegir fyrir gullverð. Enda hefir það komið fyrir, að mistekist hefir að halda genginu föstu, þótt seðlarnir hafi verið gerðir innleysanlegir í gulli. Þetta verða menn að gera sjer ljóst. Sjerstaklega var svo komið í haust, að ísl. krónunni varð ekki haldið niðri nema með því að kaupa erl. gjaldeyri háu verði. Þess vegna er ekki rjett að áfellast þann bankann, sem keypti fyrir meira en gullgengi, fyrir það, að krónan hækkaði, því að ef hann hefði ekki keypt erl. gjaldeyri á þessu verði, þá hefði krónan hækkað enn meira. Jeg vil því taka það fram, að allar ráðstafanir stjórnarinnar miðuðu að því að hindra hækkun krónunnar, hvort sem hún fær síðar lof eða last fyrir það. Jeg get eins vel búist við því, að eftirkomendur vorir álasi henni fyrir það, að hafa ekki notað

góðu árin 1924 og '25 til meiri hækkunar í stað þess, sem gert var til þess að halda krónunni niðri.

Þá sagði hv. þm. Str., að jeg hefði neitað Íslandsbanka um stuðning þann, er jeg hefði lofað honum. Það er ekki satt, að jeg hafi neitað honum, en jeg hefi hinsvegar ekki boðið fram þá seðlafúlgu, sem þurft hefði til þess að halda sterlingspundinu í 26 kr.; til þess hefði þurft sannkallað seðlaflóð. Og hefir Íslandsbanki heldur ekki farið fram á það.

Jeg verð þess vegna fyrir mitt leyti að halda því fram, að það, sem á milli ber, er ekki þess eðlis, að hv. þm. geti með neinum rjetti fundið að ráðstöfunum stjórnarinnar. Ágreiningurinn stafar af því, að hann er á annari skoðun í málinu en stjórnin, en hann getur ekki búist við öðru en að stjórnin hagi sjer eftir meginstefnu sinni, eða geri annað en það, sem hún telur rjett. Undir þetta má telja afstöðu stjórnarinnar til kröfu þeirrar, er háttv. þm. kallar kröfu frá fulltrúum atvinnuveganna í gengisnefndinni, um aukaþing. Það má vel vera, að þessir tveir menn í gengisnefndinni sjeu þar sem fulltrúar atvinnuveganna. En verk þeirra í gengisnefndinni er þá að gera tillögur um ráðstafanir, er miði að því að hækka og festa verð hins íslenska gjaldeyris. En það er fyrir utan verksvið þeirra sem fulltrúa atvinnuveganna, enda hafa þeir ekki umboð til þess að koma fram með kröfu um aukaþing.

Háttv. þm. Str. virðist ákaflega sannfærður um ómöguleika þess að hækka íslenskan gjaldeyri. En jeg er nú ekki jafnsannfærður um þann ómöguleika, og kemur það af mismunandi skoðun okkar á þessum öðrum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Mjer finst, að altaf þegar þessi háttv. þm. talar um landbúnaðinn, þá skoði hann hann sem örvasa vesaling, sem sje svo lasburða, að hann geti ekki hangið á hestbaki nema með eilífum stuðningi hins opinbera, og sje því aðeins byrði á þjóðfjelaginu. Þess vegna sje hjer ómögulegt að hækka gjaldeyri landsins. Þetta finst mjer vera grundvallarskoðun háttv. þm. Str. En jeg lít alt öðrum augum á landbúnaðinn. Jeg lít á hann sem frumvaxta ungling, sem vantar þroska. En hann hefir skilyrði til þroska, og ber þjóðfjelaginu skylda til að hlynna að honum. Og eins og hann hefir lifað hingað til, og oft við mikla erfiðleika, þá hefi jeg þá trú, að hann muni enn lifa og þroskast, að hann fái enn sigrast á erfiðleikunum og stuðlað að því að leysa úr örðugum viðfangsefnum þjóðfjelagsins. Og jeg trúi því, að hann geti orðið oss stoð til þess að fullnægja þeirri sæmdarkröfu að koma gjaldeyri landsins í lögboðið verð.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þakka hæstv. forseta fyrir þá velvild að leyfa mjer að komast undir þann „paragraf" að fá að bera af mjer sakir, enda þótt jeg hafi engar sakir af mjer að bera. En þar sem jeg tek hjer til máls einn úr flokki, þá vonast jeg til, að menn hneykslist ekki á því, þó að jeg noti þetta leyfi. En jeg skal ekki misnota það; mun aðeins drepa örlítið á það, sem hæstv. fjrh (JÞ) sagði síðast. Þó verð jeg að segja það honum til hróss, að þar sem jeg var dauður og gat ekki búist við að fá að tala aftur, þá stilti hann mjög í hóf. Hann vjek að skoðunum okkar á landbúnaðinum, og er jeg honum þar mjög ósamþykkur. En jeg get tekið undir það, að landbúnaðurinn er góð stoð við að framkvæma örðug verkefni. En hví er verið að leggja út í örðug verkefni,

ef til einskis er að vinna? Og hjer er til einskis að vinna. Það er alveg misskilið verkefni að vera að lengja alinmál peninganna um einn þumlung.

Jeg vil svo aðeins leggja áherslu á, að allur fyrri hluti ræðu hæstv. fjrh. var ekki svar til mín, heldur svar til læriföður hans, Cassels. En gagnstætt því, sem var í bókinni „Lággengi", þá gefur hann hjer Cassel hreina og beina vantraustsyfirlýsingu, og falla öll orð hæstv. fjrh. á hann. En jeg læt þá um að eigast við. Vil aðeins minna á hina fornu setningu: Ekki er lærisveininn yfir meistaranum.

Hæstv. fjrh. beindi því til mín, að jeg væri ætíð með þennan barlóm vegna atvinnuveganna, og stæði jeg þar einn uppi. En það stóð nú svo einkennilega á, að einmitt þegar hann var að mæla þessi orð, var jeg að undirskrifa *meiri hl. álit* gengisnefndar, og felst í því hin sama skoðun og jeg hefi hjer haldið fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 197, 184, 230).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg skal gleðja háttv. deild með því, að jeg hefi a. m. k. einn góðan ásetning, og hann er sá, að vera stuttorður. Því fremur vona jeg að geta staðið við það, sem við þennan kafla fjárlaganna eru fremur fáar brtt. Jeg þarf ekkert að taka fram viðvíkjandi inngangi nál.; það ber sjálft með sjer, hvernig fjvn. lítur á málið, og getur hæstv. stjórn gert aths., ef henni þykir eitthvað ofsagt. — Á undan einstökum brtt. vil jeg víkja lítið eitt að fjárlögunum í heild.

Það er víst alment álitið, að fjárlögin sjeu eitthvert merkasta, ef ekki undantekningarlaust allra merkasta málið, sem þingið fjallar um. Það er auðvitað algengt að telja ýms önnur mál merkustu málin, sem þetta og þetta þing hefir með höndum. En þetta mun mikið stafa af því, að fjárlögin eru svo hversdagsleg, að menn gleyma þeim, hafa ekki altaf í huga þýðingu þeirra. En þegar betur er aðgætt, þá hvíla í raun og veru öll önnur mál á þessu eina máli. Flest eða öll mál eru þannig vaxin, að fjárhagshlið þeirra er undir ríkissjóði komin, eða með öðrum orðum, undir fjárlögunum. Álit þjóðanna hverrar á annari er mjög mikið miðað við það, að sú þjóð, sem hefir með fjárlögum sínum tryggt sjer sterkan ríkissjóð, hefir meira traust. Þannig svöruðu fyrir skömmu Bandaríkjamenn lánbeiðni Frakka, að þeir yrðu fyrst að koma lagi á fjárlög sín, áður en þeir fengju lán hjá þeim. Enda verður það ekki talið annað en hnignunarástand hjá einhverri þjóð, þegar stöðugur og stór tekjuhalli er á fjárlögum hennar.

Af þessu er það auðsætt, að það er hið mesta vandaverk að búa fjárlög vel undir þing, og þá verður það hin mesta nauðsyn, að fjármálastjórnin leggi þar í alla sína þekkingu og samviskusemi.

Það mætti með mýmörgum dæmum sanna, að mistök í þessu efni er hinn mesti háski; t. d. ef tekjurnar næðu enganveginn áætlun, þá er vá fyrir dyrum. Sama er að segja, ef lögákveðin útgjöld ríkissjóðs fara langt fram úr áætlun, þá raskar það líka öllu.

Tekjuáætlunin er vog á alla fjárhagslega getu þjóðarinnar. Ef hún er of há, þá er vegið af þjóðinni. Það er svikin vog, sem

kemur þannig niður á þjóðinni, að henni verður að íþyngja með sköttum, til þess að ná aftur jafnvæginu. — Á „normölum“ tímum stafa flest eða öll missmíði, sem verða á fjárhag þjóðarinnar, af ógætilegum fjárlögum. Við höfðum um langt skeið glæsilegt álit á okkur fyrir varfærna fjármálastjórn, og lifum á því enn, þótt mikill sje orðinn misbrestur á.

Mjer dettur það í hug, að nú lágu fyrir fjvn. mörg skjöl, sem fóru fram á fjárveitingu til að undirbúa hitt og þetta fyrir 1930. Það er sjálfsagt rjettmætt að biðja um hitt og þetta fyrir það ár. En ef við vildum hafa eitthvað, sem vekti á okkur sjerstaka eftirtekt, þá held jeg, að ekkert væri vænna til þess en *skuldlaus ríkissjóður*.

Ef það er nú rjett, sem jeg hefi haldið fram, að fjárlögin sjeu svona mikilsverð, hvernig stendur þá á því, að engin stjórn gerir fjárlögin fremur öllum öðrum málum að fráfararatriði? Nú er það síður en svo, að svo sje, heldur verður ekki annað sjeð heldur en að það sje í raun og veru alveg sama, hvernig þingið fer með fjárlögin; þó að það hækki tekjuáætlunina um miljónir og hlaði óhemju á gjöldin. Annaðhvort er tilgangur þeirrar stjórnar, sem þannig undirbýr fjárlögin, að þetta sje unt, sá, að gefa þinginu nóg svigrúm til að dansa í, eða það er gert af hreinu skeytingarleysi.

Það, sem jeg vil, að lögð sje áhersla á, er það, að hver stjórn geri sem áreiðanlegust fjárlagafrv., sjerstaklega tekjuáætlunina, og standi síðan og falli með því. Enda er það svo, að enginn hefir betri ástæður til að geta gert áætlanirnar vel úr garði heldur en einmitt stjórnin. Þó kemur það oft fyrir, að þingið tekur fram fyrir hendurnar á henni og hækkar tekjuáætlunina að miklum mun, til þess að geta síðan hækkað útgjöldin ennþá meira.

Jeg hefi eigi tekið þetta fram sakir þess, að meiri ástæða sje til að beina því til þeirrar hæstv. stjórnar, sem nú situr, en til hverrar annarar. Heldur hefi jeg viljað minna hv. þm. á þetta sakir þess, að aldrei má afgreiða fjárlögin án þess að hafa þetta hugfast. Skal jeg svo ekki hafa þennan inngang lengri, en snúa að brtt. fjvn.

Vil jeg fyrst taka það fram, að við þennan kafla (1.—13. gr.) hefir nefndin lagt til, að gjöldin hækkuðu um 97100 kr., en jafnframt lagt til lækkanir um 45250 kr., svo að mismunurinn er 51850 kr., sem gjöldin hækka eftir till. nefndarinnar. En yfirleitt hefir nefndin (eins og tekið er fram í áliti hennar) lagt til, að tekjuáætlunin væri hækkuð um 310 þús., en útgjaldaáætlunin hækkaði um 283½ þús. kr. Auk þess leggur nefndin til, að útgjöldin lækki um 65½ þús., svo að tekjuafgangur frv. verður ca. 92 þús. kr. hærri samkv. till. nefndarinnar en ráð er fyrir gert í stjfrv.

Eftir það, sem jeg hefi áður sagt um varlegar áætlanir, kann það að þykja undarlegt, að nefndin leggur til, að tekjuáætlunin verði hækkuð svo mjög. En hún gerir þetta meðfram til þess að fyrirbyggja, að frekari hækkanir verði samþyktar, því að eftir reynslunni á undanförnum þingum má búast við mýmörgum brtt. í þá átt. En nefndin stendur öll með því, að lengra skuli eigi fara í hækkunum á tekjuáætluninni. Yfirleitt má líka segja, að brtt. fjvn. sjeu mjög varlegar.

Þá get jeg snúið mjer að einstökum brtt.

Fyrsti liðurinn, sem nefndin leggur til að verði hækkaður, er útflutningsgjald, að í staðinn fyrir 950 þús. komi 1 miljón.

Þessi liður hefir hækkað mikið á síðustu árum, og þótt nú megi búast við verðlækkun á ísl. afurðum, má jafnframt búast við aukinni framleiðslu. Að þessu athuguðu þykir nefndinni ekki of djarft að hækka þennan lið upp í 1 miljón.

Næsti liður, sem nefndin vill hækka, er áfengistollurinn. Það er undarlegt tímanna tákn, hve hann hefir hækkað mikið og ört á síðustu árum, og eru engar líkur til, að hann lækki í náinni framtíð, nema bindindi aukist að mun. En til að forsvara nefndina vil jeg taka það fram, að 2 bannmenn, sem sæti eiga í henni, hafa álitið rjett að hækka þennan lið.

Annars álít jeg, að það eina, sem getur orðið til að lækka þennan lið, sje það, ef nú verður byrjað aftur á heilbrigðum grundvelli að aukning bindindis. Bannið hygg jeg að sje einskis virði.

Jeg get tekið víneinkasöluna undir sama „númeri". Það er nú upplýst, að meiri hagnaður hefir orðið að henni á síðasta ári heldur en sjeð varð þegar hæstv. fjrh. (JÞ) samdi áætlun sína, og hefir nefndin hækkað liðinn á þeim grundvelli um 125 þús. kr.

Tóbakstollurinn er næsti liður, sem nefndin leggur til að hækkaður verði um 50 þús. kr. Nefndin hafði þar ekkert sjerstakt að byggja á, en þó varð ofan á, að hún áleit þessa hækkun rjettmæta. Annars býst jeg við, að hæstv. ráðh. (JÞ) geti upplýst eitthvað um þennan lið betur en jeg.

Þá er aðeins eftir „annað aðflutningsgjald" tekjumegin. Nefndin hefir lagt til, að sá liður yrði hækkaður um 35 þús. kr. Þessi liður var á síðasta ári 228 þús., og þótt búast megi við allmikilli lækkun á honum, sakir þess að aðflutningsbanni er af ljett, álítur nefndin þetta ekki of langt farið.

Læt jeg þetta nægja um tekjuhlið frv.

Þá kem jeg að gjaldahliðinni. Þá er fyrst brtt. við 10. gr., um að fella niður 3 liðina til sendiherra. Það er dálítið einkennileg aðstaða fyrir mig að tala um þennan lið. Ef jeg á að tala fyrir munn meiri hl. nefndarinnar, þá stafar niðurfellingin af sparnaðarástæðum og lítilli trú á nauðsyn sendiherra. Jeg hefi nú lengi staðið þarna megin, en er nú orðinn annarar skoðunar og verð að skýra ástæðurnar til þess. Eins og kunnugt er, þá hefir ekkert verið veitt til sendiherra síðastliðin tvö ár, og var niðurfelling þeirrar fjárveitingar bygð á sparnaðarástæðum og einnig á lítilli trú á nauðsyn embættisins. Jeg var með þessu þá, vegna þess, að þá áttum við úti í Danmörku ágætan mann, er var mjög vel til þess fallinn að gegna starfi sendiherrans. Á jeg hjer við Jón Krabbe. Nú hefir enginn leyft sjer að vefengja það, að þessi maður hafi rækt starfið framúrskarandi vel, og var ekki eftirsjá að fella niður sendiherraembættið meðan þessa góða manns naut við. En nú hefir hann tjáð stjórninni, að hann geti ekki lengur tekið þetta að sjer. Hann er ofhlaðinn störfum og því naumast fær um að gegna þessu. Þegar hans nýtur ekki við lengur, þá álít jeg, að ekki sje hvarvetna tekinn maður upp af götunni í hans stað. Því get jeg ekki annað en gengið inn á það að taka aftur upp sendiherraembættið. En jeg geri það með það fyrir augum, að við fáum að njóta þess góða manns, sem áður gegndi sendiherraembættinu, og legg jeg áherslu á það. Eitt af því, sem gerði mig ragan við þetta embætti, og gerði það að verkum, að jeg taldi það ekki hafa raunverulega þýðingu, var það, að eftir því sem utanríkismálin urðu umfangsmeiri, voru gerðir út ýmiskonar sendimenn við hlið sendiherrans. En ef

góður maður er í sendiherraembættinu, álít jeg þeirra ekki þörf, nje þess kostnaðar, er af þeim leiðir. En er jeg lít á kostnaðinn við utanríkismálin, þá hika jeg ekki við að koma aftur inn á þessa braut, þótt jeg hafi áður verið henni fráhverfur. Því að niðurfellingin á þessum 45 þúsundum getur ekki átt sjer stað, þótt við tökum ekki upp sendiherraembættið, því að þessi kostnaður nam síðastliðið ár 32 þús. kr.

Þá kem jeg að 12. gr. Þar nemur hækkunin æðimiklu, 62400 kr., en lækkunin ekki nema 250 kr. Hækkunin liggur aðallega í auknu framlagi til sjúkraskýla og heilsuhælisins á Norðurlandi. 1. brtt. er lækkun á styrknum til læknavitjana. Stafar það af því, að nú hafa nokkrar sveitir gengið frá og bygt sjer sjúkraskýli og læknisbústað. Nefndin vill taka upp aftur sundurliðun á styrknum í fjárlögunum, svo engin mistök geti átt sjer stað um það, hverjir verði styrksins aðnjótandi. Næsta brtt. er nýr liður, 3000 kr. til þess að kaupa lækningaáhöld handa Röntgenstofunni. Í nál. er tekið fram, hvað kaupa eigi, áhöld, sem læknirinn telur að eigi verði hjá komist til þess að fylgjast með og gera stofnunina sem fullkomnasta. Nægir því að vísa til nál. Í þessu sambandi vil jeg minnast á notkun Röntgenstofunnar á árinu 1925 samkv. skýrslu læknisins. Skoðaðir hafa verið á árinu 708 sjúklingar, en 125 verið í röntgenlækningu. Sýnir þetta, að aðsóknin er mikil. Það er því vert að styrkja þessa stofnun og gera hana svo fullkomna sem hægt er.

Þá er næst brtt. um hækkun á tillaginu til sjúkraskýla og læknabústaða. Eins og tekið er fram í nál., er hækkunin gerð fyrir eitt sjúkrahús, sjúkrahúsið á Siglufirði. Hækkunin er miðuð við áætlun, sem gerð hefir verið um byggingu sjúkrahússins. Jeg þarf ekki að taka það fram, hverja þýðingu það hefir að hafa gott sjúkrahús á þessum stað. Þangað sækir fjöldi framandi manna til fiskiveiða, sem þurfa að leita læknis. Menn hafa oft orðið að ganga á milli bæjarbúa til þess að fá pláss, og ekki fengið og orðið frá að hverfa. Nefndin telur þessa hækkun sjálfsagða, og get jeg sparað mjer frekari ummæli um þetta, uns aðrar raddir heyrast. Í sambandi við þetta sjúkraskýlamál hafa legið fyrir margar beiðnir um lokafjárframlög til sjúkraskýla, sem þegar eru reist, af því að byggingarkostnaður hafi orðið meiri en ætlast var til í upphafi. En það var meining síðasta þings, að áætlanirnar væru svo ábyggilegar, að ekki þyrfti að veita uppbót. Nefndin hefir sent landlækni þessar beiðnir, og lagði hann til, að ekki yrði tekin ákvörðun um þetta að sinni, þar sem byggingarnar væru ekki fullgerðar víða og fullnaðarreikningar lægju ekki fyrir. Nefndin fellst á, að rjett væri að taka þetta alt fyrir á einum grundvelli, þegar fullnaðarreikningar lægju fyrir og málið væri komið í fast horf.

Næst er brtt. við 12. gr. 15. e., heilsuhæli Norðurlands. Heilsuhælisfjelagið hefir með símskeyti, sem fyrir nefndinni lá, farið þess á leit, að tillag ríkissjóðs yrði hækkað um 100 þús. kr., eða upp í 250 þús. kr. Því miður liggur ekkert fyrir frá Heilsuhælisfjelaginu, sem á er að byggja, nema símskeytið. En þar segir, að á nýafstöðnum fundi leyfi stjórnin sjer að fara þess á leit, að fjárveitingin verði hækkuð upp í 175 þús. kr. Nefndinni þótti þetta skjóta nokkuð skökku við frá því á síðasta þingi, er áætlað var, að heilsuhælið kostaði ekki nema 300 þús. kr., er ríkissjóður kostaði að hálfu. En nú er kostnaður áætlaður 500 þús. kr., og framlag ríkissjóðs yrði því 250 þús. kr. Húsa-

meistari ríkisins hefir nú gefið nefndinni þær upplýsingar, að frá því í fyrra hafi ýmsar breytingar verið gerðar á byggingu hælisins, svo sem rafvirkjun ákveðin til hita og ljósa, og því eðlilegt, að breytingar yrðu á með kostnaðinn. En húsameistari heldur því fram, að þessi áætlun muni algerleg vera örugg. Í þessum upplýsingum er líka tekið fram, að fjelagið hafi safnað 225 þús. kr. til byggingarinnar. Til þess nú að ríkið legði fram 250 þúsund, vildi nefndin, að það lægi skýrt fyrir, að fjelagið hefði safnað öðru eins til byggingarinnar sjálfrar. En það er ekki fastákveðið, hverju af þessu safnaða fje verður varið til byggingarinnar. Það er upplýst, að í byggingarkostnaðinum eru taldar 50 þús. kr. til innanhúsmuna, og auk þess fleiri smáupphæðir, er telja verður fjarskyldar byggingarkostnaðinum. Auk þess er kostnaðurinn við afleggjarann af brautinni heim að hælinu líka metinn með, en á hann verður tækifæri til að minnast síðar. Nefndin vill því ganga út frá því, að 200 þús. kr. af fje því, sem safnað er, sje beinn byggingarkostnaður, og leggur því til, að ríkissjóður leggi af mörkum í fjárlögum 1927 þá upphæð, sem verði með því, sem í gildandi fjárlögum er veitt, 200 þús. kr. Nefndin hækkar því lið þennan upp í 125 þús.

Næst er nýr liður, 800 kr. styrkur til Fjelags íslenskra hjúkrunarkvenna. Fjelag þetta hefir með höndum nám allra hjúkrunarkvenna landsins. Það er tveggja ára nám, 1½ ár á spítölum og ½ ár við hjúkrunarfjelagið „Líkn", sem ekki hefir efni á að launa nemendur sem vert er. Þær hafa 50 kr. á mánuði, og er ómögulegt að lifa á því. Fjelag þetta hefir því styrkt þær úr sjóði sínum með 50 kr. á mánuði, en nú er sjóðurinn tæmdur. Fjelagið hefir því sótt um 1500 kr. styrk og beint tekið það fram, að hann ætti að ganga til hjúkrunarkvenna, sem færu út um sveitir landsins. Nefndinni þótti viðurhlutamikið að verða ekki við áskorun um það að leggja nokkurt fje af mörkum til þess, að hjúkrun og heilbrigðiseftirlit í sveitum fari batnandi, og leggur því til, að veittar verði 800 kr. til fjelags þessa.

Þá er síðasta brtt. við 12. gr., hækkun á styrknum til Halldórs Arnórssonar umbúðasmiðs. Styrkur þessi var hækkaður á síðasta þingi, en þó ekki eftir kröfum hans. En hann hefir lýst því með rökum, sem nefndin hefir fallist á, að hann er vanhaldinn af þessum styrk eins og hann er, og vill nefndin því hækka hann um 600 kr. Hún þykist þess fullviss, ef þessi maður hætti, þá væri ekki hægt að fá hjerlendan mann til starfans, en hinsvegar afarkostnaður að sækja þetta til annara þjóða, og kæmi niður á þeim, sem síst skyldi, fötluðum mönnum.

Þá er komið að 13. gr. Hún er hækkuð um 35 þús. kr. Fyrst er brtt. um Hróarstunguveg. Fjárveiting til hans er hækkuð úr 15 þús. upp í 20 þús. Fyrir þessu er grein gerð í nál., og því ekki ástæða til þess að fara frekari orðum um það að svo stöddu. Auk þess koma fram brtt. þessu viðvíkjandi, brtt. hv. þm. N.-M., og er þá tækifæri til þess að skýra afstöðu nefndarinnar.

Jeg vil í þessu sambandi geta þess, að áætlað er að verja stórri upphæð til brúargerða, 200 þús. kr. Þó nefndin hafi ekki gert brtt. við þennan lið, þá vil jeg skýra frá því hjer, hvernig vegamálastjóri hugsar sjer, að þessi upphæð verði notuð, og stjórnin hefir fallist á það. Á næstu 3 árum er áformað að byggja brýr á Hjeraðsvötn og Hvítá í Borgarfirði. Það eru langstærstu og dýrustu brýrnar, og búist er við, að þær kosti 260 þús. báðar.

Vegamálastjóri segir, að næsta ár verði lítið eitt byrjað á Hjeraðsvatnabrúnni, og lendir því mestur hluti kostnaðarins á árunum 1927—28. Vill hann áætla til þeirra beggja 1927 130 þús. kr. Auk þess áætlar hann 70 þús. kr. til að byggja minni brýr og gera við gamlar. Meðal þeirra brúa, sem hann vill sjerstaklega nefna, eru brýr yfir Hölkná í Þistilfirði, Eskifjarðará, Grímsá á Völlum og Bakkarholtsá og Gljúfurholtsá í Ölfusi. Af þessu getur háttv. deild sjeð, hvert stefnir með brýrnar.

Jeg gerði fyrirspurn til vegamálastjóra um brýr í mínu kjördæmi, hvort ekki kæmi til mála, að þær yrðu bygðar á árinu 1927, og sagði hann, að það væri tilætlunin. Jeg get þessa vegna þess, að það er betra að það sje tekið rækilega fram, hvað vegamálastjóri hugsar sjer, að gert sje.

Þá er komið að fjallvegunum. Þar leggur nefndin til, að liður sá verði hækkaður um 4000 kr. Hækkunin stafar af því að sumu leyti, að hreppsnefnd Skútustaðahrepps hefir farið fram á, að lagt verði af fjallvegafje til vegagerðar yfir heiðina milli Reykjadals og Mývatnssveitar til framhalds veginum upp Reykjadal, sem búist er við, að lokið verði næsta sumar. Nauðsyn þessa er viðurkend af vegamálastjóra.

Sveitin hefir hjálpað til að láta gera veginn um heiðina, og byggir hún á því umsókn sína. Nefndinni fanst, þar sem þessi hreppur hefir lagt 10 þús. kr. í þennan veg, án þess þó að nokkuð af þessum vegi liggi í þessari sveit, að hreppurinn hefði nú lagt svo mikið á sig þarna, að það væri naumast gerlegt að neita um nokkurt fje til þessa. Þó er þessi fjárupphæð ekkert sjerstaklega miðuð við, hvað þetta hefir kostað, heldur veitt til þess að leggja í þennan veg, og einnig til þess að halda áfram vegagerð á Kolugafjalli, sem hafin hefir verið áður, en það á að vera eftir mati vegamálastjóra, hvernig hann skiftir fjárveitingunni milli þessara staða, eftir því sem hann álítur þörfina knýjandi á hvorum stað.

Þá er næsta brtt. nefndarinnar um hækkun á fjárveitingu til akfærra sýsluvega. Þetta framlag til sýsluveganna hefir undanfarið verið lægra, og í þeirri fjárkreppu, sem var, var gert mjög lítið og takmarkað, en vegamálastjóri telur, að það væri mjög nauðsynlegt, að hjer væri ætlað sem ríflegast fje til, þar sem verkið sje mjög mikið og ekki síður áhugi til að vinna, og vill hann þess vegna leggja til, að fjárframlag til þessa verks fari stöðugt vaxandi, svo sem kostur er á. Þess vegna hefir nefndin hækkað þennan lið, þó aðeins óverulega, um 5000 kr.

Næsta brtt. nefndarinnar er aðeins orðabreyting, að fyrir 40 þús. kr. komi: alt að 40 þús. kr. Það er aðeins gert í því skyni, að það er álit hennar, að ekki fari meira til þessa en þær 40 þús. kr., sem ákveðnar eru.

Þá er næsta brtt. nefndarinnar við liðinn „Nýjar símalagningar“. Leggur hún til, að liðurinn sje hækkaður um 15 þús. kr., sem er símalínan frá Minni-Borg austur í Biskupstungur. Landssímastjóri hafði gefið meðmæli sín með þessari brtt. og annari brtt., sem nefndin hefir ekki tekið upp, en sem nú er komin frá öðrum hv. þm., og þess vegna tók nefndin upp þessa brtt.; en í sambandi við þetta vil jeg upplýsa það, að eftir tillögum landssímastjóra um það, hverjar línur er fyrirhugað að leggja fyrir þessar 300 þús. kr., sem áætlaðar eru í stjfrv., þá er það fyrst Barðastrandarlínan. Þessi lína tekur nátt-

úrlega mest upp af fjenu, því að áætlað er, að hún muni kosta um 240 þús. kr., en jeg fjölyrði ekki frekar um þetta, því að það gefur að skilja, að þar sem nefndin gerði ekki neinar aths. við þetta, þá gengur hún inn á það, sem hann leggur til. Hann telur, að síminn til Vestfjarða komi ekki að fullum notum fyr en þessi lína er lögð, því að hún hafi svo mikla þýðingu fyrir fiskiveiðarnar, og veit jeg, að hv. þm. Barð. (HK) ætti ekki að koma það illa að fá hjer meðmæli frá fjvn. þessarar deildar. Þá koma næstar línan að Skálum á Langanesi og Fljótshlíðarlínan. Jeg skal svo ekkert fjölyrða um þetta frekar, nema geta þess, að áætlun landssímastjóra verður ekki alveg fylgt, því að eins og tekið er fram í nál., verður loftskeytastöð ekki bygð í Öræfunum vegna þeirrar fyrirhuguðu Suðurlandslínu, sem nú á að fara að leggja. Þá eru hjer 1200 kr., sem á að veita til símalínu frá Breiðumýri til Laugaskólans. Eru eindregin meðmæli landssímastjóra með henni, og þingið hefir líka áður gengið inn á samskonar fjárveitingu til skólans á Núpi í Dýrafirði.

Næsta brtt. nefndarinnar eru 2 þús. kr., sem veittar eru til kenslu símamanna. Landssímastjóri hefir oft farið fram á, að veitt væri fje til utanfarar símamanna, og því er ekki hægt að neita, að það hefir mikla þýðingu fyrir starf þeirra, en það er með það eins og annað, að það hefir ekki fengist nein fjárveiting til þess. Nú hefir landssímastjóri í hyggju að koma upp kenslu fyrir símamenn hjer í Reykjavík og ætlar hann mikið af þessu til kenslu og áhaldakaupa, en það er aftur á valdi landssímastjóra og ríkisstjórnar, hvort eitthvað af þessari upphæð verður notað til utanferða; um það vill fjvn. ekkert ákveða.

Síðasta brtt. um fjárframlag, sem um ræðir í þessum kafla, er styrkur til Gunnlaugs S. Briems, til framhaldsnáms í símaverkfræði. Jeg held að jeg þurfi engu við það að bæta, sem stendur í nál. Þarna er um að ræða fræðigrein, sem okkur er mjög nauðsynlegt að fá vel hæfan mann í, og svo er það, að þessi maður, sem hjer er um að ræða, er, eftir þeim skjölum, sem fyrir liggja, sjerstaklega efnilegur, og því leggur nefndin til, að honum sje veitt þetta.

Loks er síðasta brtt. aðeins orðabreyting, sem á að sýna þá aðstöðu nefndarinnar, að hún vill láta takmarka sem kostur er á aðstoð þá, sem hjer ræðir um, svo ekki þurfi þar til fullkominn mann.

Það eru ekki fleiri brtt. við þennan kafla, sem mjer tilheyra, og jeg hefi viljað gera hv. þd. það skiljanlegt, sem nefndin hefir lagt til, og vona jeg, að hv. þm. láti það ekki ráða atkv. sínu, þó að jeg kunni að hafa gleymt einhverju.

Fjármálaráðherra (JÞ): Nál. og ræða hv. frsm. fyrri hlutans (ÞórJ) gefur mjer ekki tilefni til margra eða mikilla athugasemda að svo stöddu. Get jeg tekið undir það, sem hv. frsm. sagði, að sjerhver stjórn ætti að gera fjárhag ríkisins að einu sínu aðalmáli og standa og falla með honum. Og jeg skoða þetta, eins og hv. frsm. sagði, ekki borið fram svo sem neina sjerstaka áminningu til núverandi stjórnar, enda held jeg, að hún fram að þessu hafi sýnt það, að hún hafi fylgt þessari reglu; en það er náttúrlega gott að heyra orð þessi öðruhvoru, og gætu þau þá sjerstaklega verið til áminningar fyrir þá stjórn, sem næst kynni við að taka. Það var líka rjett, að afkoma fjárhagsins, eða tekjuhlið fjárlaganna, sem hv. frsm.

lagði sjerstaka áherslu á, er mjög undir því komin, að vel sje vandað til undirbúnings fjárlaganna. Það er sjálfsagt rjettmæt krafa til hverrar stjórnar, að þetta sje gert eftir því sem frekast er unt; en jeg vil benda á það, að eftir því sem löggjöfinni nú er háttað, er sjerhverri stjórn í rauninni gert ómögulegt að koma við sæmilega vönduðum undirbúningi á þessu sviði. Það er nú svo, þegar á að semja frv. til fjárlaga fyrir árið 1927, þá verður stjórnin að gera það í nóvember 1925, og hún getur þá ekki einu sinni haft reynslu ársins 1925 til að byggja á. Það seinasta, sem hún getur haft fyrir sjer, er reynslan frá árinu 1924, sem liggur þrem árum á undan því tímabili, sem verið er að gera áætlun fyrir, og vona jeg, að allir sjái það, að með þeim óvanalega stóru sveiflum, sem eru á okkar atvinnulífi, er ekki hægt að draga neinar ábyggilegar ályktanir af reynslunni, þegar þær eiga að gilda þrjú ár fram í tímann. Það hefir einu sinni komið til orða hjer á þingi að gera lagfæringu á þessu, sem myndi hafa gefið stjórninni talsvert betri aðstöðu í þessu efni, sem sje með því að færa til reikningsárið, eins og á sjer stað í mjög mörgum öðrum ríkjum, og láta ekki reikningsárið fylgja almanaksárinu, heldur reikna frá vori til vors. Ef svo hefði verið gert, þá væri nú verið að semja fjárlög, sem ættu að ganga í gildi eftir 1—2 mánuði, og þá væri nokkuð hægra að dæma um útlitið fyrir því, hvernig tekjur ríkissjóðs myndu reynast á því tímabili, sem verið er að tala um; en nú er það svo, að ekki einu sinni 3—4 mánuðum eftir að stjfrv. þurfti að vera samið geta menn gert sjer grein fyrir, hvernig ástandið muni verða á því tímabili, sem samið er fyrir. Það eina, sem hægt er að gera, er að fara eins varlega og hægt er, og þetta verður þingið og stjórnin að vera samtaka um, á meðan löggjöfinni er eins háttað í þessu efni og nú er. Það er ekki að öllu leyti rjett, sem hv. frsm. sagði, að stjórnin hefði betri aðstöðu til þess að undirbúa tekjuhlið fjárlaganna heldur en fjvn.; fyrst og fremst er nú það, að fjvn. hefir áætlun stjórnarinnar til að byggja á og hana til að gera sínar athugasemdir við, og þar að auki liggja fyrir á þeim tíma, sem nefndin situr, nýjar upplýsingar, sem eru bráðabirgðayfirlit yfir útkomu næsta árs á undan, sem ekki var til þegar stjórnin samdi sitt frv. Það er því ekki nema eðlilegt, að fjvn. hefir altaf nokkurn grundvöll til að byggja breytingar sínar á frá því, sem stjórnin leggur til, nefnilega þann grundvöll, sem afkoma næsta árs á undan gefur ástæður fyrir. Nefndin hefir nú að þessu sinni lagt til, að tekjuáætlunin verði hækkuð samtals um 310 þús. kr., og skiftir þessari hækkun á 5 tekjuliði. Já, það er ákaflega erfitt bæði að rökstyðja þessar till. og eins að hnekkja þeim, af því að í raun og veru eru þetta spádómar um afkomu á árinu 1927, sem enginn getur vitað neitt verulega um, hversu rætast muni. Jeg á ákaflega bágt með að leggjast fast á móti þessum hækkunartillögum hv. nefndar, af því að það fylgja þeim þau skilaboð frá nefndinni, sem hv. frsm. flutti, að með samkomulagi um þessa hækkun ætlaði háttv. nefnd að standa saman gegn öllum öðrum hækkunum. Slíkur samhugur, sem liggur í samtökum fjvn. Nd., er svo mikils virði, að jeg verð að telja það mjög varhugavert fyrir hverja stjórn sem er, að gera nokkuð það, sem kynni að verða til þess að sundra þeirri einingu innan nefndarinnar, og ætla jeg þess vegna ekki að leggjast fast á móti þeim, en jeg verð þó að láta það álit mitt í ljós, að ekki hafi

fram komið nægileg rök fyrir þeim. Að því er útflutningsgjaldið snertir, hefir það verið áætlað 700 þús. kr. á ári, en nokkur hluti þess, sem svarar upp og ofan ⅔ hlutum þess, hefir verið hækkaður um 50% með lögum frá síðasta ári, og sú hækkun á að koma fram nú, þegar það er fært upp í 1 milj. kr. Er það þó nokkuð meira en það, sem beint leiðir af hinni breyttu löggjöf, ef afkoma síðasta árs er lögð til grundvallar. Það er þó satt, að afkoman hefir verið nokkuð betri en áætlað var, en krónurnar hafa verið smærri, og þess vegna nokkuð fleiri, og gengishækkun kemur mjög fljótt fram í krónutölu þess verðs, sem fæst fyrir útfluttar afurðir, og ef nú krónutalan er lækkuð í hlutfalli við orðna gengishækkun, þá nær maður ekki upphæð nefndarinnar. Nú, hitt er ómögulegt að segja um, hvort muni gefa rjettari raun, 950 þús. eða 1 milj. kr.

Þá er hækkun á áfengistollinum. Það er lagt til, að tollurinn hækki um 50 þús. kr. og tekjur verslunarinnar um 125 þús. kr. Jeg skal játa það um þessa hækkun, að nefndin hefir nokkra stoð í reynslunni fyrir árið 1925, sem ekki var fyrir hendi þegar stjfrv. var samið, en jeg er samt hræddur um, að þessar hækkanir sjeu ekki nægilega gætilegar, og jeg byggi það á því, að það er meira en bindindisstarfsemin, sem ræður því, hve mikið er flutt inn af vínum verslunarinnar. Það er líka árferðið og það, hve mikla peninga almenningur hefir á milli handa, og þessar tekjur minka mjög fljótt, þegar harðnar í ári. Þess vegna hefði jeg ekki talið gætilegt að taka mikið tillit til þess, sem aflast hefði á árinu 1925 umfram það, sem varð 1924. Jeg hugsa, að árið 1924 á þessu sviði hafi verið svo sæmilegt ár, að við megum eiginlega ekki búast við miklum tekjum umfram það, sem þá reyndist.

Um hina tvo liðina, sem eftir eru, tóbakstollinn og annað aðflutningsgjald, er það að segja, að það er náttúrlega ennþá minna á að byggja um tóbakstollinn, því að það er nú eiginlega ekki hægt að reikna hann eftir neinni reynslu. Það er ný tilhögun, sem nú er upp tekin, og það kann vel að vera, að sú upphæð náist, sem nefndin hefir áætlað. Þetta fer líka nokkuð eftir árferðinu, hvað notað er af þeirri vöru, þó að tóbaksnotkun sje ekki nærri því eins mikið háð sveiflum í árferðinu eins og áfengisnautn. Þá er liðurinn „annað aðflutningsgjald“ hækkaður úr 115 þús. kr. upp í 150 þús. kr. Þessar 150 þús. kr. eru sem næst meðaltali þessara tekna fyrir árin 1924 og 1925. Þetta eru óþarfavörur eða munaðarvörur, og jeg er ákaflega hræddur um, að þegar þrengist í ári, eins og nú lítur út fyrir, þá muni innflutningur á þeim vörum minka, og það getur svo farið, að ekki náist upphæð nefndarinnar. Mjer finst, sem sagt, ekki vera hægt að færa full rök fyrir þessari hækkun, en vil gjarnan halda góðu samkomulagi við hv. nefnd, og breyti því ekki tekjuáætluninni, að óbreyttri löggjöfinni, og ætla þess vegna ekki að leggjast neitt fast á móti þessum tillögum.

Klemens Jónsson: Það var rjett að því komið, að lokið væri umr. um þennan kafla fjárlaganna, og veit jeg ekki nema það hefði kannske mátt vera svo, en úr því það varð ekki, vildi jeg gera nokkrar athugasemdir, sjerstaklega við tekjuliðina. Jeg skal fyrst taka það fram, að mjer finst nú að ýmsu leyti sem sá sparnaður sje á förum, sem Alþingi varð sammála um

1924; þá stóð þingið sem ein heild um þann tilgang að reyna að spara. Á þinginu 1925 var það líka svo í orði kveðnu, og að nokkru leyti í framkvæmdinni, en nú finst mjer, sem horfið sje frá þessu öllu; að minsta kosti finst mjer það, þegar jeg lít á þær mörgu breytingartillögur frá einstökum þm., sem fram eru komnar. Jeg skal ekki fara mörgum orðum um verk fjvn., þó að breytingar hennar sjeu allverulegar, en þegar litið er á brtt. frá einstökum þm., þá er ekki þess að dyljast, að þeir hugsa sjer talsvert ríflegt framlag úr ríkissjóði, þegar 19 þm. af 28 hafa komið með brtt. við fjárlögin, sem allar ganga í þá átt að hækka útgjöldin stórkostlega, og jafnvel menn úr fjvn. hafa komið með till. til hækkunar. Jeg er að vísu ekki einn í þeirra tölu, því að jeg hefi ekki komið fram með eina brtt., og býst varla við að gera það. En ef svo skyldi fara, að jeg kæmi kannske fram með eina brtt., þá verður hún þess eðlis, að hún fer ekki fram á neina verulega hækkun á útgjöldum. Af þessum ástæðum þykist jeg nú hafa leyfi til að koma fram sem nokkurskonar sparnaðarpostuli.

Það hefir dálítið verið talað um tekjuhliðina, bæði af háttv. frsm. (ÞórJ) og hæstv. fjrh. (JÞ), og verið haldið fram, að það bæri að fara mjög varlega í að hækka tekjuáætlunina. Þegar breytingar voru gerðar á þingsköpunum á þinginu 1915, var svo til ætlast, að fjhn. hefði tekjuhlið fjárlaganna til meðferðar, og svo var það nokkur þing þar á eftir, að þá var fjárlögunum vísað bæði til fjhn. og fjvn. En á þinginu 1921 varð breyting á þessu, því að þá fóru þau til fjvn. einnar, og hefir það haldist síðan. Í sjálfu sjer hefi jeg ekkert við þetta að athuga, því að í rauninni er sjálfsagt, að fylgist að tekju- og gjaldabálkurinn. Nefndin hlýtur þá að verða að gera sjer glögga hugmynd um, hvað óhætt muni að áætla tekjurnar, en á þeirri áætlun verður hún svo að byggja breytingar þær, er hún gerir á gjaldabálkinum.

En þó að fjvn. þurfi að taka tekjuhliðina til sjerstaklegrar athugunar og koma fram með sínar áætlanir um einstaka tekjuliði, þá hlýtur fjárhagsnefnd líka að líta eftir tekjubálki fjárlaganna og reyna að skapa sjer sitt álit um hina ýmsu tekjuliði. Er og full þörf á þessu fyrir fjárhagsnefnd, einkum þó þegar svo stendur á eins og nú, að til hennar er vísað jafnmörgum stórmálum, er óhjákvæmilega hljóta að grípa meira og minna inn í fjárhag landsins, enda hefir nefndin fundið sjerstaka ástæðu til að athuga tekjuliði fjárlaganna að þessu sinni og draga út frá þeim athugunum sínar ályktanir og áætlun um tekjubálkinn.

Það hefir orðið sameiginlegt hjá báðum nefndunum, að óhætt mundi vera að hækka áfengistoll og tekjur af víneinkasölu talsvert mikið frá því, sem þeir liðir eru áætlaðir í frv. stjórnarinnar, og hafa báðar nefndirnar komist þar að líkri niðurstöðu. Sama er að segja um „annað aðflutningsgjald“. Hinsvegar hefir fjhn. ekki álitið, að gerlegt væri að hækka útflutningsgjaldið eða tóbakstollinn, enda lítur hún svo á, að útflutningsgjaldið sje óábyggilegasta tekjugrein ríkisins og því full ástæða til að fara varlega um áætlun þess.

En fjárhagsnefnd hefir ennfremur talið, að hækka mætti talsvert þessa tekjustofna: tekjuskatt, stimpilgjald, póst- og símatekjur, — þó nefndin hafi ekki enn þá komið fram með neina brtt. til hækkunar, og komi ef til vill ekki.

Hinsvegar vil jeg geta þess, að öll nam upphæðin, sem fjárhagsnefnd taldi að

óhætt mundi að hækka tekjubálkinn, um 460 þús. krónum. En eins og nál. fjvn. ber með sjer, nemur tekjuhækkun nefndarinnar um 310 þús. krónum.

Þó að allmiklu muni á áætlunum nefndanna, hefir fjárhagsnefnd ekki enn fundið ástæðu til að koma með brtt., enda er líklegt, ef að vanda lætur, að fjvn. komi með einhverjar tekjuhækkanir við 3. umr.

Annars legg jeg ekki svo mikið upp úr þessu mikla samkomulagi innan fjvn. um að áætla tekjurnar varlega, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) gaf í skyn, að það ætti að verða til þess, að aðrir bæru ekki fram hækkunartill. við tekjubálkinn. En jeg vil þó minna á, að ef fjhn. stæði saman um hækkunartill., sem fjvn. vildi ekki fallast á, þá eru þar aðeins 7:7. Hinir 14 hv. þdm. yrðu þá að segja til, hvorum hlutanum þeim virtist rjettara að fylgja, og sína það með atkv. sínu. En vonandi dregur ekki til slíks kapps milli nefndanna, enda skal jeg játa, að um áætlun tekjubálksins beri að fara mjög varlega og gætilega.

Hæstv. fjrh. sagði, að áætlanir þingsins um tekjuhlið ríkissjóðs væri spádómur. Það má til sanns vegar færa, að það sje spádómur, hvort áætlanir fjvn. sjeu of háar eða of lágar. En sje svo, þá er þó fremur ástæða að tala um spádóma hjá hæstv. stjórn, sem býr fjárlagafrv. undir í nóvember, á öðru ári áður en fjárlögin koma í gildi, því ólíku er saman að jafna, hvað stjórnin hefir færri gögn í höndum þá til þess að byggja á sínar fjárhagsáætlanir heldur en fjvn., sem altaf fær nýjar og ábyggilegri skýrslur eftir því sem lengra líður á þingtímann. Því verður ekki neitað, að áætlanir stjórnarinnar geta ekki verið annað en spádómar, nema þá að einhverju litlu leyti. En hvað sem öðru líður, verður þingið í fjárhagsáætlunum sínum að byggja á því, sem verið hefir undanfarið, og með tilliti til þess draga ályktanir sínar um ástandið framundan. Lengra verður ekki komist og meira má ekki heimta, hvorki af stjórninni, einstökum nefndum eða þinginu. Og jeg vil bæta því við, að frá mínu sjónarmiði er hækkun fjvn. á tekjubálkinum í alla staði forsvaranleg og varleg, enda greiði jeg henni óhikað atkv. mitt.

En úr því jeg kvaddi mjer hljóðs á annað borð, þá vil jeg minnast lítið eitt á símamálið og þá sjerstaklega í sambandi við það, sem stendur í nál. fjvn. á bls. 6. um að tengja saman Suður- og Austurland með óslitinni símalínu suðaustur um landið, alt til Seyðisfjarðar. Mjer er kunnugt um, að frá fyrstu, eða frá því að sími var lagður til landsins, að það var föst skoðun stjórnarinnar og eitt af áhugamálum hennar, að með tíð og tíma ætti að koma þessu sambandi á. Enda leit stjórnin og fleiri svo á, að símasambandið við útlönd væri þá fyrst tryggt, er þessi lína væri lögð. Þessu var líka slegið föstu með símalögunum 1917, þótt ekki hafi enn orðið að framkvæmdum. Vona jeg því, að takast megi svo fljótt sem hægt er að koma þessari tengilínu á, svo símakerfið nái þeirri fullkomnun, sem ætlast var til í öndverðu.

Áður en jeg sest niður, langar mig að mæla lítilsháttar með einni brtt., og mest vegna þess, að flm. hennar er fjarverandi og á ekki kost á að fylgja henni úr hlaði, þótt jeg hinsvegar geri ráð fyrir því, að hann hafi fengið einhvern til þess að mæla fyrir henni. Á jeg hjer við IX. brtt. á þskj. 230, frá hv. þm. Dal. (BJ), um 15 þús. kr. fjárveitingu til Vesturlandsvegar. Jeg veit, að honum hefir verið það lengi áhugamál að koma þessum vegi á um Bröttubrekku, og vænti jeg, að hv. þdm.

vilji styðja hann til þess, og það því fremur, sem hann ber að líkindum ekki fram fleiri brtt. að sinni. Hinsvegar vona jeg, að hann eigi eftir að hressast svo, að honum megi auðnast að taka þátt í þingstörfum meira en verið hefir.

Jeg ætla mjer ekki að telja eftir, þó ríflega sje ætlað til símalagninga á Vestfjörðum. Mjer er kunnugt um, að Barðastrandarsýsla hefir hingað til orðið útundan, og er ekki nema sjálfsagt, að úr því verði nú bætt, strax og fje er fyrir hendi. En þó að þessi fyrirhugaða Vestfjarðalína gleypi allmikið fje, sje jeg ekki betur en að talsverð upphæð sje eftir samt, og henni óráðstafað. eftir því sem mjer skildist á ræðu hv. frsm. (ÞórJ). Nú virðist mjer þessari upphæð, sem óráðstafað er, væri vel varið til áframhalds lagningar símalínunni, sem liggja á af Skeiðum upp að Stóra-Núpi og yfir á Land. Sjerstaklega vil jeg benda á, hver nauðsyn það er, þegar síminn er kominn upp að Stóra-Núpi, að leggja hann austur yfir Þjórsá, enda er það stutt leið og kostnaðurinn smáræði í samanburði við það hagræði, sem Landmenn hefðu af símanum. Eins og kunnugt er, þá á Landsveit mjög langt til vega og síma, enda hefir þaðan þrásinnis verið um hvorttveggja beðið, en enga áheyrn fengið. Vona jeg því, ef einhver verulegur afgangur verður, eftir að lagðar hafa verið þær línur, sem ákveðið er að leggja, að hæstv. stjórn muni þá sjerstaklega eftir þessari línu, sem jeg nefndi.

Eins og vant er í byrjun umræðna um þennan kafla fjárlagafrv., hefir lítið verið minst á samgöngumál. Þau mál eru líka hjá samgöngumálanefnd, og hún ekki vön að koma með álit sitt fyr. En að þessu sinni hefir hún hraðað störfum sínum svo, að lokið er við nál. og það sent í prentun í morgun, svo búast má við, að það liggi fyrir fundinum á mánudag. *(JBald*: Eru það mörg nál.?). Nei, það er ekki nema eitt, en það er langt mál, glögg greinargerð og ítarlega samin, eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) mun sannfærast um, er hann sjer skjalið.

Sigurjón Jónsson: Á þskj. 230 á jeg II. brtt., þar sem lagt er til að hækka áætlun endurgreiddra lána árið 1927 úr 20 þús. kr. upp í 80 þús. krónur. Það lán, sem jeg geri þar ráð fyrir að greiðist, er dýrtíðarlán, sem Ísafjarðarkaupstaður tók haustið 1919. En lán þetta, sem upphaflega var 100 þús. kr., er nú 93200 krónur.

Jeg býst nú við, að hv. þdm. hefðu ekkert á móti að samþykkja, að þessi upphæð greiddist inn í ríkissjóðinn á næsta ári, ef enginn böggull fylgdi þar skammrifi. En hjer er einmitt um slíkan böggul að ræða, þar sem er önnur brtt frá mjer, sú XXVIII. í röðinni á sama þskj. En þó að brtt. þessar eigi heima sín í hvorum kafla, þá get jeg ekki talað svo fyrir þeirri fyrri, að jeg geri ekki nokkra grein fyrir þeirri síðari, sem hljóðar svo:

„Til hafskipabryggju Ísafjarðarkaupstaðar og mannvirkja við hana 60 þúsund krónur", með þeirri athugasemd, að „styrkurinn greiðist þannig, að dýrtíðarlán kaupstaðarins við ríkissjóð lækki um þessa upphæð, en ógreiddir áfallnir vextir af upphæðinni falli niður."

Jeg skal slá þann varnagla strax, að þessar 2 brtt. verða að skoðast í sambandi hvor við aðra, enda um gamlan kunningja hjer að ræða, þar sem jeg hefi borið þessa styrkbeiðni fram á tveim þingum, án þess þó að fá áheyrn hv. þdm.

En til þess dálítið að rifja þetta mál upp, verð jeg að fara aftur í tímann, og kem þá fyrst að hafnarlögum fyrir Ísa-

fjarðarkaupstað, nr. 34, frá 19. júní 1922. 1. gr. þeirra laga hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til hafnargerðar og hafnarumbóta á Ísafirði veitist úr ríkissjóði einn fjórði hluti kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefir samþykt, þegar fje er veitt til þess í fjárlögum.“

Í 7. gr. sömu laga eru svo ákvæði um skyldur bæjarstjórnar Ísafjarðar gagnvart ríkisstjórn. Þar segir svo:

„Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis stjórnarráðsins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkra nýja fasteign, taka stærri lán eða til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs .... og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi eigi til að koma þeim í framkvæmd.“

Þetta er þá það, sem hafnarlögin frá 1922 taka aðallega fram um þetta efni, og mun jeg nú sýna, að hve miklu leyti þessi ákvæði hafa komið til framkvæmda.

Veturinn 1923 keypti Ísafjarðarkaupstaður svokallaða Hæstakaupstaðareign á Ísafirði fyrir 300 þús. krónur. Um leið og kaupsamningur þessi var gerður, gerði bærinn einnig leigusamning við seljanda eignarinnar um að leigja honum eign þessa, en í leigusamningnum skuldbatt bærinn sig til þess að byggja hafskipabryggju við eignina fyrir árslok 1924. Sektir voru lagðar við þessu ákvæði, þannig, að bærinn skyldi greiða leigutaka eitt þús. kr. fyrir hvern þann mánuð, er svo liði frá 1. jan. 1925, að bryggjan væri ekki fullgerð. Báðir þessir samningar voru samþyktir af ríkisstjórninni.

Eftir að kaupsamningurinn var gerður og leigusamningurinn undirritaður *varð* kaupstaðurinn að byggja bryggjuna, enda var bryggjubyggingin ekki aðeins æskileg fyrir bæinn, heldur var hægt að segja, að hún væri nauðsynlegt skilyrði þess, að mögulegt væri að renta eign þá, sem orðin var eign bæjarfjelagsins.

Þegar bryggjan var bygð sem eign hafnarsjóðs, leiðir af sjálfu sjer, að hafnarsjóður þurfti að eignast nægilegt land við bryggjuna með húsum, til þess betur að starfrækja hina miklu eign sjóðsins. Öll uppskipun frá póstskipunum og útskipun í þau er nú framkvæmd við þessa bryggju, en til þess betur að fullnægja kröfum þeim, er gera verður til hafnarsjóðs um afgreiðslu skipa og fleira í því efni, hefir hann orðið að reisa vörugeymsluhús í viðbót við þau önnur hús, er þar voru fyrir. Öll þessi eign hafnarsjóðs hleypur nú upp undir 242800 krónur. Af þeirri upphæð skuldar sjóðurinn bænum fyrir land og hús við bryggjuna freklega þá upphæð, sem hjer er farið fram á, að ríkissjóður veiti til þessa mannvirkis, og eru þó ekki reiknaðir vextir skuldarinnar.

Þess skal einnig getið, að bryggjan er bygð eftir teikningum frá Krabbe vitamálastjóra, og er bryggjan í alla staði vönduð og góð eign fyrir höfnina og bæjarfjelagið.

Nú þykir mjer sennilegt, að hv. þdm. spyrji sem svo: Er þá bryggjan og þau önnur mannvirki, sem reist hafa verið í sambandi við hana, bygð á þann hátt, að fallið geti það undir hafnarlögin frá 1922?

Þessu er til að svara, að þáverandi hæstv. stjórn leit svo á, að bryggjugerðin væri hafin samkv. lögunum, og með leyfi hennar og fullu samþykki ríeðst svo bæjarstjórn og hafnarnefnd Ísafjarðar í betta fyrirtæki. Það verður ekki hægt að líta öðruvísi á en að þáverandi stjórn hafi með samþykki sínu lagt þann úrskurð á, að mannvirki þessi væru gerð í fullu samræmi við lögin frá 1922. En þáverandi

stjórn er ekki ein um þann úrskurð, því núverandi hæstv. stjórn lítur einnig svo á og hefir staðfest það með reglugerð um hafnargerð á Ísafirði, er hún gaf út 14. nóv. 1924, en þá voru hafnarbætur þessar fullgerðar. Reglugerð þessi hefir sína stoð í lögunum frá 1922 og gat hvorki orðið samin nje samþykt, nema áður væru gerðar þær umbætur, sem jeg hefi nú lýst. Svo alt ber að sama brunni og getur ekki leikið á tveim tungum, að hafnarumbætur Ísafjarðar eru gerðar að öllu leyti samkvæmt þeim ákvæðum, er lögin frá 1922 taka aðallega fram. Þess vegna verður ekki fram hjá því komist, að ríkissjóði ber að greiða ¼ kostnaðar, en auðvitað ekki fyr en fje er til þess veitt í fjárlögum samkv. 1. gr. laganna frá 1922, er jeg las upp áðan. Fyr eða síðar hlýtur ríkissjóður að greiða Ísafjarðarkaupstað þessa upphæð, en spurningin er aðeins sú, hvort rjett sje að taka þetta upp í fjárlögin nú eða ekki.

Þó að jeg hafi getað sætt mig við að vera synjað um þessa málaleitun á tveimur undanförnum þingum, þá hefir það verið af fjárhagsörðugleikum ríkissjóðs og því, að þingið hefir synjað svo að segja um allar fjárveitingar til verklegra framkvæmda. En eins og nú er komið fjárhag ríkisins, og fjárlagafrv. stjórnarinnar ber með sjer, þá verður á næsta ári veitt drjúgum fje til ýmsra verklegra framkvæmda. Má í því sambandi t. d. nefna frv. stjórnarinnar um bryggjugerð í Borgarnesi. Þó jeg ætli ekki á neinn hátt að leggja stein í götu þess máls, virðist mjer þó, að eins mikil ástæða hefði verið til að taka upp í fjárlagafrv. þennan styrk til hafnargerðar á Ísafirði, því nú er sýnt, að fje er fyrir hendi hjá ríkissjóði, og því get jeg ekki sjeð, að í neinu ósamræmi sje við fjárlög þau, sem nú eru á ferðinni, að þessi brtt. mín nái samþykki hv. þdm. Jeg sje því ekki, að nokkur ástæða geti verið til þess að draga að setja í fjárlögin þá upphæð, er hjer um ræðir, og sem greiðast verður fyr eða síðar. Jeg skal taka það fram, að lán það, er Ísafjarðarkaupstaður fjekk 1920, var veitt sem bjargráðalán til að afla honum eldiviðar. En eins og háttv. þm. er kunnugt, er um litlar tekjur að ræða af þessum fyrirtækjum og megnið af því fje, sem lagt er í þau, er aðeins eyðslufje, sem hvergi kemur fram. Ísafjarðarkaupstaður ljet starfrækja surtarbrandsnámu til þess að afla eldiviðar, en það gaf lítið sem ekkert í aðra hönd. Lagði ríkissjóður fram lán til þess, og var hjer um dýrtíðarráðstöfun að ræða, og mátti búast við því, að það fje yrði ekki hægt að endurgreiða, enda getur það ekki talist á neinn hátt ósanngjarnt, að kaupstaðurinn fái eftirgefinn talsverðan hluta af dýrtíðarláninu, sem hann fjekk. Jeg vil svo aðeins bæta því við, að þó að þessari málaleitun verði ekki sint og neitað verði um þennan sanngjarna styrk, sem hjer er farið fram á, þá eru litlar líkur til þess, að lánið verði endurgreitt. Það er líka ekki til neins að breiða yfir það, að kaupstaðurinn er efnalega ekki vel stæður. Álít jeg það tæplega forsvaranlegt að verða ekki við hinni sjálfsögðu kröfu hans í þessu máli.

Jeg skal taka það fram, að jeg mun taka aftur brtt. mína nr. II, ef brtt. nr. I. frá háttv. þm. Borgf. (PO) verður samþykt. Fer hún fram á að færa endurgreidd lán upp í 83000 kr.

Þá á jeg aðra brtt., nr. VI, um að við 12. gr. 15 d. komi nýr liður, sem er lokastyrkur til byggingar sjúkrahússins á Ísafirði, 10000 kr.

Háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) gat þess, að fyrir nefndinni hefðu legið ýmsar beiðnir í þessa átt, sem hún hefði ekki getað tekið til greina. Einnig gat hann þess, að sumar þessar byggingar, sem sótt var um styrk til, væru ekki enn fullgerðar, enda lægju ekki fyrir háttv. fjvn. neinir reikningar frá þeim. En hvað við kemur sjúkrahúsinu á Ísafirði, er þessu alls ekki til að dreifa. Það var fullgert síðastliðið sumar, og hafa lokareikningarnir legið, eða að minsta kosti eiga að hafa legið fyrir hv. fjvn. En mjer er ekki grunlaust um, enda þótt háttv. form. nefndarinnar (ÞorlJ) tæki við skjölunum, að reikningar byggingarinnar kunni að hafa lagst til hliðar og nefndinni þannig sjest yfir þá.

Fyrsti styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði var veittur á þinginu 1923, og voru það 25 þús., og var gert ráð fyrir, að það væri ⅓ hluti af ríkissjóðsstyrknum, sem aftur er ⅓ hluti alls byggingarkostnaðarins, og gildir þar sama regla og um aðrar sjúkrahúsbyggingar. Svo átti bæjarstjórn Ísafjarðar að leggja fram ⅔ hluta kostnaðarins.

Á þinginu 1923 voru skiftar skoðanir um það, hvort veita ætti styrkinn í einu eða þrennu lagi. Þáverandi forsrh. (SE) hjelt því fram, að veita bæri styrkinn í einu lagi, en fjvn. vildi veita hann í þrennu lagi, og hafði hún sitt mál fram. En ef styrkurinn hefði verið veittur í einu lagi, þá hefði hann ekki orðið 75 þús., heldur 80 þús. kr., því að upphaflega var gert ráð fyrir, að hann yrði um 80 þús. kr. En nú var hin leiðin farin, sem sje að veita 25 þús. kr. í 3 ár, eða að láta styrkinn koma þrisvar í fjárlögum.

Nú er sjúkrahús þetta bygt á hinum mestu lággengistímum, og er því ekki að undra, þó að kostnaðurinn við það færi fram úr áætlun. Enda hefir það farið fram úr áætlun um 24 þús. kr. Má það ekki heita stór upphæð, þegar þess er gætt, að ofan á lággengið bættist það, að lagður var á verðtollur 1924, sem kom talsvert hart niður á byggingunni. Þá er hús þetta mjög vandað og vel bygt og hefir hlotið ákveðið lof hjá landlækni. Hygg jeg því, að það verði ekki álitin mjög stór upphæð, sem byggingin hefir orðið dýrari en áætlunin gerði ráð fyrir.

Það er nú eftir tilmælum frá bæjarstjórninni og sjúkrahúsnefndinni á Ísafirði, að jeg flyt þessa tillögu, sem fer í þá átt, að ríkissjóður greiði sinn þriðja hluta af upphæð þeirri, er fram yfir er áætlun. Eru það einar 8 þús. kr. Mjer sýnist ekki, að ríkissjóður geti skorast undan að verða við þessari beiðni. Mjer þótti það satt að segja undarlegt, er jeg las brtt. háttv. fjvn. og sá, að hún hefir hækkað styrkinn til Heilsuhælisfjelags Norðurlands um 50 þús. kr. jafnframt því, að hún hefir ekki sjeð sjer fært að veita 8 þús. kr. lokastyrk til sjúkrahússins á Ísafirði, sem þó sendi nefndinni lokareikninga sína. Þessi ákvörðun nefndarinnar freistar mín til þess að láta mjer detta í hug, að hjer sje um olnbogabarn en ekki eftirlætisbarn nefndarinnar að ræða.

Tilmæli mín eru þá þau, að háttv. deild samþykki þennan 10 þús. kr. styrk. Að það eru 10 þús., en ekki 8 þús., byggist á því, að vegna verðtollsins hefir byggingin orðið dýrari en ella mundi. Var talað um það á síðasta þingi að fá eftirgefinn verðtollinn. Og nú er því hjer slengt saman við lokastyrkinn og borið fram í einu lagi.

Jeg get bætt því við, að jeg hefi tvívegis talað við landlækni um þetta mál.

Hefir hann verið mjer algerlega sammála um þetta, og telur hann mjög sanngjarnt, að þingið verði við þessari styrkbeiðni.

Hjer liggja nú reikningarnir frammi fyrir hinu háa Alþingi, og kemur til kasta þess að ákveða, hvort það ætlar að standa við að leggja fram ⅓ hluta kostnaðarins eða ekki.

Jeg skal aðeins gefa þá skýringu viðvíkjandi samanburðinum á heilsuhæli Norðurlands, að það mun ekki hafa áhrif á atkvæði mitt um það, hvernig svo sem fer um þetta mál. Vona aðeins, að þingið sýni sömu sanngirni í þessu máli og í hinu.

Bernharð Stefánsson: Á þskj. 230 eru 2 brtt. frá mjer við þennan kafla fjárlaganna, og skal jeg nú gera grein fyrir þeim með nokkrum orðum.

Fyrst skal jeg víkja að IV. brtt. á þskj. 230, sem er við 12. gr. 15. d., sjúkraskýli og læknisbústaðir. Fer brtt. fram á, að Siglufirði verði veittar 30 þús. kr. til byggingar sjúkrahúss. Jeg bar fram þessa brtt. á síðasta þingi, en það fór svo, að hv. fjvn. lagðist á móti því að styrkurinn yrði veittur þá, enda fjell till. hjer í hv. deild. Hinsvegar hafði hv. frsm. nefndarinnar (ÞórJ) góð orð um, að styrkinn bæri að taka upp í fjárlögin 1927. Jeg verð að líta svo á, að í ummælum hans hafi falist loforð um, að málinu yrði sint á þessu þingi. Jeg kannast við með þakklæti, að nefndin hefir efnt þetta loforð sitt að miklu leyti, þar sem hún leggur til, að styrkurinn til sjúkraskýla og læknisbústaða verði hækkaður úr 15 þús. upp í 23 þús. kr., með það fyrir augum, að Siglufjörður fái hann allan. Miðar nefndin við það, að þetta sje ⅓ hluti þeirrar upphæðar, sem húsið muni kosta, en það er vanalegt, að ríkissjóður veiti ⅓ hluta til slíkra bygginga.

En þó að jeg sje nefndinni þakklátur fyrir að hafa tekið beiðnina frá Siglufjarðarkaupstað til greina að þessu leyti, hefi jeg samt leyft mjer að leggja til, að styrkurinn verði hækkaður um 7 þús. kr. og það skýrt tekið fram í fjárlögum, að hann sje ætlaður handa Siglfirðingum einum. Er þessi tillaga bygð á þeirri staðreynd, að til Siglufjarðar safnast að sumrinu mikill fjöldi aðkomufólks, og er þörfin fyrir sjúkrahús þar eins mikil, ef ekki meiri, vegna þessa fólks en Siglfirðinga sjálfra. Horfir til stórvandræða, ef veikindi koma upp hjá þessu fólki, sem hvergi á höfði sínu að að halla og býr við afarljeleg húsakynni. Lít jeg svo á, að ríkinu beri bein skylda til, vegna þessa aðkomufólks, að styrkja þessa sjúkrahúsbyggingu meira en aðrar, sem aðeins koma hlutaðeigandi bæ eða hjeraði að notum. Skal jeg svo ekki fjölyrða meira um þessa brtt., en vona, að hún fái góðar undirtektir hjá hv. deild.

Þá vil jeg minnast á XI. brtt. á sama þskj., af því að jeg er meðflm. að henni. Hún fer fram á, að heilsuhælissjóði Norðurlands verði endurgreiddar 10 þús. kr. fyrir lagningu vegar af Eyjafjarðarbrautinni heim að hælinu. Það hefir áður verið vikið að þessu máli við 2. umr. um vegalögin, og þarf jeg því ekki að fjölyrða um það nú, enda mun hv. aðalflm. (BL) gera nánari grein fyrir till. Jeg vil aðeins heita á meiri hl. samgmn., samkvæmt því, sem segir í nál hans, málinu til stuðnings, og vona jeg, að hv. meiri hl. standi nú við orð sín.

Jeg finn ástæðu til að votta hæstv. stjórn og hv. fjvn. þakkir fyrir að hafa munað eftir Ólafsfjarðarlækninum, því jeg

tel nauðsyn, að þessi fjárveiting standi áfram í fjárlögum.

Jeg vil beina því til hæstv. stjórnar, að jeg er ekki ánægður með framlagið til Þelamerkurvegar; finst það nokkuð lágt í samanburði við ýmsa aðra vegi. Mun jeg þó enga brtt. koma með við þennan lið, en láta sitja við það að þessu sinni, sem ætlað er til vegarins í frv.

Jeg hafði í fyrstu ætlað mjer að athuga nokkuð einstakar brtt. annara þm., en eins og ástatt er í deildinni nú, sje jeg ekki, að það sje til neins. Lýk jeg því máli mínu hjer með.

Pjetur Þórðarson: Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 230, undir VI. lið, sem að sönnu er að efni til lík till. næst á undan; en þó stendur líklega töluvert öðruvísi á um hana en hinar till. með sömu fyrirsögn. Þarna stendur svo sjerstaklega á, að farið er fram á að fá styrk til sjerstakrar skýlisbyggingar í Borgarnesi. Reynslan hefir sýnt nú um margra ára skeið, að það hafa orðið mjög mikil vandkvæði á að koma þar fyrir sjúklingum, sem hafa verið á ferð til Reykjavíkur. En eins og allir vita, er fólksstraumur mikill um Borgarnes til Reykjavíkur, og margir sjúklingar eiga þarna leið um. Það hefir að sönnu oftast nær gengið sæmilega vel að koma sjúklingum fyrir hjá einstökum mönnum, hafi þeir ekki verið sjerstaklega mikið veikir eða með smitandi sjúkdóm. Aftur á móti hefir það komið fyrir, að illmögulega hefir gengið að fá að hleypa inn sjúklingi, sjerstaklega hafi hann verið haldinn af einhverjum þeirra sjúkdóma, sem kallaðir eru farsóttir.

Afleiðingin af því, að ekkert sjúkraskýli er til í Borgarnesi hefir orðið sú, að nú fyrir nokkru reyndist það svo, að manni, sem heldur gistihús, var þröngvað til að hýsa sjúkling. Af því leiddi svo aftur það, að gera varð sjerstaka ráðstöfun til þess, að sjúkdómurinn breiddist ekki út frá þessum stað, og þar með alveg að kippa atvinnunni af manninum um lengri tíma. Eftir nokkurra ára þóf fjekst það þó, að ríkissjóður bætti þessum manni að nokkru leyti skaðann. Það má segja, að það sje dálítið einkennileg tilviljun, að næsta till. á eftir minni till. á þskj. 230 er einmitt um það að greiða manni á Norðurlandi 4 þús. kr. í skaðabætur vegna skaða, sem hann beið af sóttvarnarráðstöfunum 1924. Er auðsjeð á till., að það hefir verið samskonar sóttvarnarráðstöfun, sem þar var gerð, og vildi til í Borgarnesi fyrir nokkrum árum. Þó svo væri, að þarna væri lagt fram dálítið fje til þess að byggja sjúkraskýli, þá myndi það í raun og veru ef til vill borga sig fljótt betur að koma upp ódýru skýli heldur en að eiga yfir höfði sjer að verða að borga skaðabætur eftir á. Það getur numið miklu meiri upphæð heldur en það, sem fer í að styrkja skýlið, auk þess sem þetta bakar einstökum mönnum miklu meira tjón en hægt er að gera sjer í hugarlund. Og vitanlega kemur ekki til nokkurra mála, að ríkið bæti mönnum slíkt tjón nema að litlu leyti.

Hjer er þá um það að ræða að koma upp litlu sjúkraskýli, útbúnu með tveimur sjerstökum herbergjum, öðru til þess sjerstaklega að láta í þá sjúklinga, sem annaðhvort væru mjög veikir eða með smitandi sjúkdóma, en hinu fyrir almenna sjúklinga, sem ekki eru haldnir næmum sjúkdómum.

Nú vill svo til þarna uppfrá, að alkunnur góður maður, sem nýlega er látinn, ráðstafaði peningaupphæð til þess að efnt

yrði til sjóðstofnunar til þess að koma upp slíku skýli, sem hjer er um að ræða, í Borgarnesi. Maðurinn var Páll Jónsson bóndi í Einarsnesi. Síðan hann gaf þessa upphæð hefir í Borgarnesi sjerstaklega verið á ýmsan hátt skotið saman nokkru fje og fengið á annan hátt í þessu skyni. Vitanlega nemur það ekki mikilli upphæð enn. En því er haldið áfram, svo að gera má ráð fyrir, að það gæti orðið 1927 nægilegt fje til þess að byggja skýli fyrir, ef hæfilegur styrkur úr ríkissjóði fengist á móti. Þeir, sem sjerstaklega hafa þetta mál með höndum, eru fyrst og fremst læknirinn, Ingólfur Gíslason, og aðalgistihúshaldarinn, sem mest hefir liðið fyrir að vera þröngvað til að hýsa sjúklinga og komist oft í mikinn vanda út af því.

Jeg vænti þess, að hv. deildarmenn, a. m. k. þeir fáu, sem hjer eru viðstaddir, muni vilja líta nokkuð á þær sjerstöku ástæður fyrir þessari till. um fjárframlag til þessa sjúkraskýlis.

Þegar jeg samdi þessa litlu till., athugaði jeg í þingmálafundargerð úr Borgarnesi 30. jan. í vetur, hve mikla upphæð er farið fram á. Hún var sú sama og jeg hefi sett. Í fundargerðinni stendur: „gegn ⅔ kostnaðar annarsstaðar frá.“ En síðan hefi jeg fengið upplýsingar um, að þetta hafi ekki verið allskostar rjett eða eiginlega meiningin. Jeg býst við, að jeg þurfi að breyta þessu nokkuð áður til þess komi að greiða atkv. um till., og þess vegna geri jeg ráð fyrir að taka till. aftur og bera hana fram við 3. umr. En jeg hefði kosið þá að fá meiri áheyrn en jeg get nú fengið, eftir því sem á stendur hjer í háttv. deild, af því svo sjerstaklega stendur á, að mín till. á ekki nema að nokkru leyti skylt við þær samnefndu till. hjer á sama þskj.

Við erum svo heppnir í þessu hjeraði, að læknirinn er svo efnum búinn, að hann á sinn eiginn bústað; en vitanlega er hann ekki stærri en það, að hann getur ekki lagt til nokkra sjúkrastofu sjálfur.

Jeg endurtek það, að þarna í Borgarnesi verða oft mjög mikil vandræði, þegar svo stendur á — sem oft kemur fyrir — að það þarf að flytja sjúklinga, hvort heldur til dvalar hjá lækninum, eða þó í miklu fleiri tilfellum að flytja sjúklinga þar um, sem fara eiga til Reykjavíkur.

Jeg vænti þess, að háttv. deildarmenn skoði þetta mál með sjerstöku tilliti til þess, hversu vel er af stað farið með að afla fjárins til þessa skýlis.

Skal jeg svo ekki tefja tímann með því að fara út í annað eða fleira í þessu máli, sem hjer liggur fyrir, við þessa umr.

Halldór Stefánsson: Jeg tel, eins og fleiri, að fyrsta og ríkasta skylda þingsins sje að byggja upp trausta fjárhagslega heild. Því ríkari ætti ábyrgðartilfinning þjóðarfulltrúanna að vera fyrir þessum skyldum, sem land vort og þjóðfjelag er minna en flest önnur og hin ytri skilyrðin ómildari en víðast annarsstaðar. Fjárhagslegt sjálfstæði er sá grundvöllur, sem alt þjóðlífið verður að byggja á. En fjárhagssjálfstæðið verður aftur að byggjast á fjárhagsmætti einstaklinganna, og þeirra hagur aftur á því, sem náttúrufar og önnur ytri skilyrði — náttúrleg og tilbúin — leyfa. Af þessum ástæðum er það auðsætt, að leggja verður áherslu á alt það, sem bætir hin ytri skilyrði og gerir land vort betra og byggilegra, og alt það, sem styður einstaklinginn í lífsbaráttunni og samkepnisbaráttunni, ekki eingöngu innanlands, heldur og við einstaklinga annara landa, því að samkepni einstakling-

anna innbyrðis er nú harðari en nokkru sinni áður, orðin alþjóðleg, og þá er auðsætt, að því ver stöndum við í þeirri baráttu, sem náttúrufar lands vors er hrjóstrugra en flestra annara menningarlanda. Nú vitum við, að alt, sem viðkemur umbótum, er skemur á veg komið hjá oss en öðrum, og nefni jeg þar til einkum alt, er að samgöngum innanlands lýtur og ræktun landsins. Með þetta fyrir augum hættir mjer við að líta á hinar einstöku tillögur til fjárframlaga, og tel jeg, að verklegar umbætur verði að sitja þar í fyrirrúmi. Ef hægt er að gera ytri skilyrðin góð, þá er jeg ekki hræddur um, að ekki þróist hin innri, og þá verður miklu rýmra um framlög til alls þess, sem mönnum leikur hugur á.

Eftir þennan formála ætla jeg að minnast svolítið á sumar þær brtt., sem jeg er við riðinn hjer.

Fyrsta brtt., sem jeg ætla að minnast á, er X. brtt. á þskj. 230; fer hún fram á það, að hækkað verði framlagið til Hróarstunguvegarins úr 20 þús. kr. upp í 27500 kr. Á þingmálafundi, sem haldinn var þarna um slóðir, fengum við þm. N.-M. áskorun um að fá lagt svo mikið til vegarins, að hann gæti orðið fullgerður á 2 árum. Samkvæmt skýrslu vegamálastjóra eru ólagðir af veginum rúmir 9 km., og er áætlað, að það kosti 70 þús. kr. að fullgera hann. Í gildandi fjárlögum eru veittar til þessa 15 þús. kr. Þá eru eftir 55 þús., en upphæð sú, sem hjer um ræðir, er helmingurinn af því.

Við þm. N.-M. höfum rætt um þetta við vegamálastjóra, og hann hefir viðurkent, að seint hafi gengið vegagerð þessi. Fyrir rás viðburðanna hefir vegagerðin gengið seinna en þingið hefir ætlast til. Það eru nú meira en 10 ár síðan byrjað var á verkinu, og því til sönnunar, að seinna hafi sóst verkið en til var ætlast, vil jeg geta þess, að alls er búið að veita til þessa vegar 116 þús. kr. í fjárlögum, en ekki hefir verið unnið fyrir meira en 43500 kr. Ástæðan til þess er sú, að stundum hafa alveg fallið niður framkvæmdir, stundum að nokkru, af hvaða ástæðum, læt jeg ósagt. Ef unnið hefði verið það, sem þingið hefir ætlast til, væri vegurinn nú fullgerður.

Eins og getið er um í nál. fjvn., bárum við þetta mál undir hana, og tók hún því að vissu leyti vel, en í tillögum sínum miðar hún við, að veginum verði lokið á 3 árum, og með tilliti til þess hækkar hún fjárveitingu stjfrv. úr 15 þús. kr. upp í 20 þús. kr., en með það getum við ekki verið ánægðir og berum því fram þessa till., sem miðar við, að vegurinn að Fossvöllum verði fullgerður á tveim árum, 1927 og 1928.

Það hefir verið minst á nýlega af hæstv. fjrh. (JÞ), að líkt stæði á með þetta hjerað og hjeruðin hjer austanfjalls hvað snerti samgöngur. Á báðum stöðunum væri álíka örðug sókn til hafnar. En á Fljótsdalshjeraði er þó yfir torfærari fjöll að fara til hafnarstaða en hjer austanfjalls. Líka eru samgöngur örðugri þar að því leyti, að hjeraðið má heita veglaust til beggja handa frá þjóðveginum. Vegurinn notast heldur ekki til fulls fyr en hann er fullgerður til áfangastaðarins, vegna þess að það vantar auðvitað skýli, þar sem vegurinn endar, en þar verða vörur á stundum að geymast, því að þegar hann þrýtur, verða menn að skifta um flutningatæki og flytja á hestum. Menn eru því orðnir mjög óþolinmóðir að bíða eftir því, að veginum verði lokið.

Eins og menn skilja, er hjer ekki farið fram á, að veitt sje fje, sem ekki þarf að veita hvort sem er, heldur aðeins að það

sje veitt örar en ætlast var til í frv. stjórnarinnar og till. fjvn., og vænti jeg þess, að hv. deild geti fallist á, að rjett sje að gera það.

Þá kem jeg að XV. brtt. á sama þskj., um símalagningar. Þar er farið fram á, að fjeð til símalagninga sje hækkað um 15 þús. kr., eða úr 315 þús. kr. upp í 330 þús. kr., og sje hækkuninni varið til Loðmundarfjarðarsíma. Fyrir þinginu hefir legið ítarlegt og rökstutt erindi frá mönnum úr Loðmundarfirði, þar sem tekin er fram annarsvegar þörf sveitarinnar sjálfrar fyrir símann og hinsvegar þörf annara, sem eiga viðskifti við sveitina, meðal annars hvað því viðkemur að fá þar beitu, en hana er oft hægt að fá þar, þó að ekki fáist hún annarsstaðar. Við þm. N.-M. höfum átt tal um þetta við landssímastjóra, og hann tjáði okkur, að ef sú fjárveiting, sem ákveðin er í frv. stjórnarinnar, yrði hækkuð, teldi hann, að þessi sími ætti að koma næstur, enda talaði háttv. frsm. fjvn. í þá átt. En nú hefir nefndin ekki farið fram á, að hækkað sje tillag til þessa síma, heldur til annars síma, sem landssímastjóri mun hafa haft lík ummæli um. Hvað valdið hefir, veit jeg ekki, en vænti þess þó, að hv. nefnd taki þessari tillögu okkar vel og sömuleiðis hv. deild.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla aðeins að segja fáein orð við þennan kafla fjárlaganna, einkum út af því, að hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) skýrði ekki allskostar rjett frá, þegar hann greindi aðstöðu nefndarinnar til till. hennar við 2. gr. frv. viðvíkjandi hækkun á tekjunum. Hann gat þess um tvo liði, 2. lið og 5. lið brtt., að nefndin hefði verið því öruggari um að hækka þessa liði, þar sem bindindismenn í nefndinni hefðu verið því fylgjandi. Að því leyti, sem þetta nær til mín, er það ekki rjett. Jeg var á móti því að hækka þessa liði, og byggi jeg mótstöðu mína á því, að jeg hefi svo sterka trú á góðan árangur af aukinni bindindisstarfsemi í landinu, og það því fremur, sem glæðst hefir skilningur fjvn. á nauðsyn þessa máls, eins og raun ber vitni um, þar sem hún leggur til að hækka styrkinn til bindindisstarfseminnar um 4 þús. kr.

Jeg sagði, að trú mín á sigur góðs málefnis væri svo sterk og trúin á árangur bindindisstarfseminnar og aukinn skilning fólks á því, hvílík vá er fyrir dyrum, ef slík vínnautn heldur áfram í landinu, að jeg tel það alt of hæpinn, jeg vil segja óforsvaranlega hæpinn fjárhagsgrundvöll, að hækka þessa liði nokkuð frá því, sem stjórnin hefir lagt til í frv. Þetta vildi jeg aðeins taka fram í tilefni af orðum háttv. frsm.

Svo á jeg hjer eina brtt., I. brtt. á þskj. 230. Hún er eiginlega brtt. við næstu till. á eftir, frá hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), en till. hans fer fram á að hækka liðinn úr 20 þús. kr. upp í 80 þús. kr., en jeg legg til, að hann verði hækkaður upp í 83 þús. kr., og er sú till. mín í sambandi við XXXV. till., við 16. gr., um að gefa fátæku hreppsfjelagi eftir dýrtíðarlán að upphæð 3 þús. kr. Árið 1918—1919 var þetta lán tekið af brýnni þörf, þar sem dýrtíðin hafði krept mjög að. Fje þetta varð að eyðslufje á þessum árum, en erfitt er með endurgreiðslu, og vildi jeg því mælast til, að þessi upphæð yrði eftir gefin. Það eru nokkur fordæmi fyrir því, að undir svipuðum kringumstæðum hafi lán verið gefin eftir, þegar sjerstaklega hefir verið erfitt um endurgreiðslu, eins og hjer á sjer stað.

Ætla jeg svo ekki að fjölyrða frekar um þennan lið, en vænti þess, að hv. deildarmenn átti sig á því, að till. mín er brtt.

við brtt. hv. þm. Ísaf. og gerð til hægðarauka og að vissu leyti til sparnaðar, því að nú þarf bara eina atkvgr. um þetta í staðinn fyrir tvær.

Út af því, sem hv. frsm. gat um viðvíkjandi fjárveitingu til brúanna, að hann hefði talað við vegamálastjóra og fengið fyrirheit um, að einhverju af brúafjenu yrði varið til brúagerða í hans kjördæmi, þá get jeg sagt hið sama, að jeg hefi líka fengið fyrirheit um þetta hvað mitt kjördæmi snertir. Út af umtali því, sem orðið hefir um notkun brúafjárins, vil jeg láta þá skoðun í ljós, að jeg tel heppilegast að halda þeirri reglu, sem fylgt hefir verið um úthlutun þess fjár að undanförnu, að stjórnin ráðstafi því eftir till. vegamálastjóra.

Forsætisráðherra (JM): Jeg skal fyrst geta þess, að mjer þykir vænt um, að hv. fjvn. hefir ákveðið, hvernig skift skuli styrknum til læknavitjana. Álít jeg þá ráðstöfun heppilega, því að þegar hreppar bættust við, varð fjárveitingin of lág til þess að ná eins langt og þingið ætlaðist til, og varð því að taka vissa hundraðstölu af hverjum hreppi.

Jeg býst við, að það sje skynsamlegra að veita meira fje til heilsuhælis Norðurlands næsta ár en nú, því að kostnaðurinn verður eflaust meiri heldur en gert var ráð fyrir, þegar fjárveitingin kom inn í fyrra, en engin málaleitun hefir komið til stjórnarinnar um það.

Það er aðeins ein brtt. frá hv. fjvn., sem jeg vil gera verulega að umræðuefni, sem sje um að fella burt fjárveitingu til sendiherra. Mjer þykir leitt, að hluti af hv. fjvn. skuli þykjast þurfa að gera þetta. Það hefði verið æskilegt, að öll nefndin hefði getað fallist á till. stjórnarinnar í þessu efni, og holt fyrir þjóðina, ef fjvn. hefði gert það. Jeg ætti ekki að þurfa að minna hv. deild á, hve mikil barátta hefir um langan tíma staðið um utanríkismálin. Þó er eins og það þurfi að minna á þetta, því að það er í raun og veru satt, sem sagt hefir verið, að það er eins og menn hjer á landi hafi sofnað eftir 1918 og ekki munað, að þessi mál væru til. Menn verða að muna það, að hvert þjóðfjelag á ekki einungis sín heimamál, heldur einnig mál, sem snúa út á við, ef það vill ekki vera undirlægja annara þjóða. En sú var tíðin, að menn voru vel vakandi um þessi mál, enda gerðu þau mestan erfiðleikann á því að komast að samkomulagi við Dani. Að vísu voru vegirnir misjafnir að takmarkinu, en mjer er óhætt að segja, að Íslendingar yfirleitt vildu hafa ráð yfir utanríkismálum sínum, og það var erfiðasti hjallinn að fá það viðurkent. Loks varð það að niðurstöðu, að við fengum það viðurkent, að þessi mál væru vor og undir vorum yfirráðum, en það varð að samkomulagi, að Danir færu með þau um stund í voru umboði. Mörgum var ljóst, að þetta var ekki áhættulaust, einkum vegna þess, að þegar búið var að fela annari þjóð að fara með málin, var nokkur hætta á því, að menn bæði hjer og annarsstaðar athuguðu ekki, að málin eru eftir sem áður vor mál. En það er auðvitað, að mikill þáttur í sjálfstæði hverrar þjóðar er það, að hafa ráð yfir utanríkismálum sínum. Sjálfstæð og fullvalda er þjóðin annars ekki. Það var heldur ekki svo, að við ljetum Dani fara með öll okkar utanríkismál. Vjer höfum sendiherra í Kaupmannahöfn. Vjer getum sent sendimenn með diplomatiskum erindum hvert sem er.

Jeg verð að játa það, að jeg hafði ekki nógu vakandi auga á þessum málum í fyrstu og á þýðing þeirra. En augu mín hafa á síðari árum opnast fyrir því, að

okkur sje óumflýjanlegt að gæta vel utanríkismálanna, og að það er ekki samboðið þjóðarsómanum að hafa ekki sendiherra, búsettan í Kaupmannahöfn. Nú er það svo, að segja má, að við höfum getað komist af með þá lausn í bili á utanríkismálum, sem staðið hefir tvö árin síðustu. (*TrÞ*: Var þá þjóðarsóminn ekki í veði?). Nei, það skilur hv. þm. Str. undur vel, að svo var ekki, enda hefði þá ekki verið að því ráði horfið að leggja sendiherraembættið niður um stundarsakir, þó að hinsvegar væri vitanlegt, að sú ráðstöfun gæti á engan hátt orðið til frambúðar. Starfræksla utanríkismála okkar hefir verið góð þessi tvö ár, en þó svo, að þetta væri ekki nema til bráðabirgða.

Jeg sagði í fyrra, að þessi skipun utanríkismálanna væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun og afsakanleg vegna fjárhagsörðugleika ríkissjóðs. En nú er ekki hægt að bera þeirri afsökun við; ríkissjóður er fær um að taka á sig þessa byrði, og því ekki forsvaranlegt að sætta sig lengur við þá ráðstöfun, sem gerð var aðeins um stundarsakir. Hjer er líka um þann þjóðarmetnað að ræða, sem okkur ber fremur að glæða en rýra. Og þó að ýmsum vaxi í augum kostnaðarhlið málsins, eða hin beinu útgjöld við það að hafa sendimann búsettan erlendis, þá ber og að líta á það, að utanríkismálin snúast oft og einatt um stórkostleg fjárhagsatriði. Því verður ekki neitað með neinum rökum, að okkur sje mikils virði að hafa fulltrúa í öðru ríki, sem við getum beint ýmsum vanda til, sem að höndum ber, og sent hann í erindum okkar víða um lönd, eins og við gerðum á meðan við höfðum sendiherra búsettan í Kaupmannahöfn. Því neitar heldur enginn, að við höfum margfaldlega uppborið þann kostnað, sem sendiherraembættið í Kaupmannahöfn nam, og eru það þá litlar þakkir fyrir starfið, að vilja ekki endurreisa embættið, þegar sýnt er, að fjárhagsvandræði ríkisins eru því ekki lengur til fyrirstöðu. En vitanlega er það afarmikils virði, að sendimaðurinn sje að góðu kunnur ytra, og nú stendur einmitt svo vel á, að við eigum völ á manni, sem unnið hefir sjer traust og virðing erlendra sendimanna, þeirra er hann hefir kynst við. Mundi jeg því telja það illa farið, ef ekki yrði að því ráði horfið að grípa nú tækifærið og fela þessum manni sitt fyrra trúnaðarstarf, er hann rækti þá sjer og landinu til sóma.

Jeg sagði í fyrra, og drap á það líka áðan, að til bráðabirgða hefði mátt una við þá skipun, sem gerð hefir verið um utanríkismál okkar nú um stund. En nú get jeg gefið þær upplýsingar, að við eigum ekki kost þess að halda slíku áfram. Sá maður, sem farið hefir með þessi mál undanfarið og í alla staði vel, hann hefir nú lýst því yfir, að hann geti ekki lengur haft þetta starf með höndum. Það sje alt of mikið til þess að gegna því í hjáverkum. Og þegar sjeð er, að við eigum ekki lengur kost á Jóni Krabbe, þá liggur í augum uppi, að sú breyting, sem óhjákvæmilegt er að verði á utanríkismálum okkar, hlýtur að kosta talsvert meira fje en háttv. fjvn. gerir ráð fyrir með brtt. sinni. Brtt., eins og hún er borin fram, er ómöguleg í alla staði, eins og fljótt mundi koma á daginn, ef svo óhamingjusamlega skyldi til takast, að hún næði fram að ganga.

Fjárveiting sú, sem nefnd er í frv. til endurreisnar sendiherraembættis í Kaupmannahöfn, er tiltekin eins og sá maður, sem allir eru á einu máli um að skipa eigi í stöðuna, telur að þurfi að vera. Með

þessari fjárhæð er stilt svo í hóf um útgjöldin, að gert er ráð fyrir, að ekki þurfi að veita meira um fyrirsjáanlegan tíma.

Þó að svo slysalega hafi nú tekist til, að meiri hl. hv. fjvn. leggist á móti því að taka upp aftur sendiherraembættið í Kaupmannahöfn, þá ber jeg það traust til hv. þdm., að þeir sjái og skilji nauðsyn þessa máls og fallist á, að till. stjórnarinnar í þessu efni nái fram að ganga.

Jeg er ekki í neinum vafa um, að okkur er afarmikils virði að hafa sendiherra í Kaupmannahöfn, beint sendan hjeðan heiman. Og þótt engum sje það ljósara en mjer, hve ágætum manni vjer höfum haft á að skipa, þar sem Jón Krabbe er, þá er hann þó ekki íslenskur þegn, og getur því ekki til lengdar farið með sendiherraembætti fyrir oss.

Að sumir hv. þm. virðast ekki skilja þetta, sýnir einmitt þetta, sem jeg sagði í upphafi, að þeir skilja ekki þýðing þeirra mála, sem beint sendiherrasamband þarf til, nje þýðing sendiherraembættis, eru sofandi að þessu leyti og hugsunarlausir um hin mestvarðandi mál vor.

Jakob Möller: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð, og mest fyrir þá sök, að mjer finst, að ekki megi vera ómótmælt þeirri skoðun, sem bólaði á í ræðum hv. frsm. (ÞórJ) og hæstv. fjrh. (JÞ) um áætlun tekjubálksins. Þeir virtust koma sjer saman um það, að afaráríðandi væri að áætla tekjuhlið fjárlaganna sem allra lægst

Hv. frsm. fór í því efni hóti styttra en hæstv. fjrh., en kvað þó samnefndarmenn sína fylgja sjer í því að verða á móti öllum frekari hækkunum tekjubálksins, á hvað gildum rökum sem bygðar væru.

Nú hefir formaður fjhn., háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), skýrt frá því, að nefndin hafi athugað tekjuhlið fjárlaganna, og eftir því sem honum sagðist frá. munar það 150 þús. kr., sem fjhn. telur, að tekjubálkurinn megi hækka fram yfir áætlun fjvn. Hjer er því ekki alllítið sem munar á áætlun nefndanna, en það er ekki fyrir mjer aðalatriðið, heldur hitt, að það er röng kenning og skaðleg að halda því fram, að rjett sje að áætla tekjurnar lágt, en gjöldin aftur á móti hátt. Það á að áætla tekjur og gjöld eins rjett og nákvæmlega og nokkur kostur er á.

Það er auðvitað líka hættulegt að áætla tekjurnar of hátt, því að af því leiðir, að þjóðarbúskapurinn verður þá rekinn með tapi.

En hvað leiðir nú af því, ef tekjuhlið fjárlaganna er að jafnaði áætluð of lágt?

Það leiðir af því, að skattar aukast, eða standa að minsta kosti lengur en þörf er á, og dýrtíðin, sem allir vænta að fari minkandi, hún helst áfram.

Nei, það á ekki að sverta fjárhaginn meira fyrir sjer en þörf er á. Þess vegna vil jeg leyfa mjer að skora alvarlega á hv. fjvn. að taka tekjubálkinn til rækilegrar athugunar á ný, því jeg býst ekki við, að fjhn. fari í kapphlaup um að endurskoða frekar en orðið er þessa hlið fjárlaganna. Enda fæ jeg ekki betur sjeð en að það sje hrein og bein skylda þings og stjórnar að taka til alvarlegrar athugunar, hvort ekki muni fært að ljetta sköttunum meira af en orðið hefir.

Og síðan síðasta þingi lauk, hefi jeg ekki annað frekara að athuga við gerðir hæstv. stjórnar en það, að hún skuli ekki hafa tekið upp hjá sjálfri sjer að ljetta af þjóðinni einhverju af þeim sköttum, sem lagðir hafa verið henni á herðar út úr neyð, eins og t. d. gengisviðaukinn. Þeirri byrði hefði þó stjórnin getað ljett af, þeg-

ar í ljós kom, að fjárhagur ríkisins mundi verða sá, er nú er komið á daginn.

Nú er komið fram frv. frá fjhn. um að ljetta gengisviðauka af vörutolli, en það er hvergi nærri nóg. Það verður að ljetta betur af framleiðslunni, eins og horfurnar eru nú framundan um afkomu atvinnuveganna, enda vænti jeg, að fram komi fleiri frv. í þá átt áður en þinglausnir verða.

Jeg skal að vísu játa, að með því að ljetta af sköttunum til muna er vitanlegur hlutur, að tekjuhalli muni verða á fjárlögunum. En það vex mjer ekki svo mjög í augum. Hitt er þó ennþá hættulegri braut að ganga, að halda áfram háum sköttum á framleiðslunni, þegar atvinnuvegirnir eiga eins í vök að verjast og nú. Jeg held, að það væri ekki svo óskynsamleg fjármálapólitík að þessu sinni að hugsa minna um hallalaus fjárlög, en ljetta heldur sköttum af framleiðslunni. Síðasta reikningsár ríkisins skilaði digrum sjóði, sem er hreinn tekjuafgangur, en jafnhliða eru horfur um afkomu atvinnuveganna alt annað en glæsilegar.

Reynslan hefir líka að jafnaði sýnt, að tekjurnar hafa farið fram úr áætlun þingsins, og stundum svo miljónum skiftir. *(Atvrh. MG*: En gjöldin?). Jú, mikið rjett, gjöldin fara líka oft og tíðum fram úr áætlun, og það gildir vitanlega ekkert síður um gjaldahliðina, að skylt er að áætla hana sem nákvæmast.

Jeg átti í deilum um það á síðasta þingi og bar þá fram hjer í þessari hv. deild brtt. um að hækka tekjubálkinn til muna frá því, sem hv. fjvn. hafði þá gengið frá honum. Jeg hjelt því þá fram og færði rök fyrir, að tekjurnar 1925 mundu fara um 3 milj. kr. fram úr áætlun. Mjer var þá núið því um nasir, að jeg væri þektur að óframsýni í fjármálum og þess vegna að engu hafandi mínar till.

En hvað skeður?

Þegar öll kurl komu til grafar og reikningarnir gerðir upp, voru það ekki 3 heldur 8 miljónir króna, sem tekjurnar fóru fram úr áætlun þingsins, og hreinn tekjuafgangur 5 milj. kr.

Till. mín um hækkun á tekjubálki fjárlaganna fyrir árið 1926 var gerð með hliðsjón af auknum gjöldum, sem jeg flutti brtt. um, m. a. 100 þús. kr. til landsspítala, og jeg er óhræddur um, að þær standist og vel það. Það verður athugað á næsta þingi.

Jeg verð að halda því fram, að ef hægt er að gera tekjuáætlunina hærri, þá sje óforsvaranlegt að ganga frá henni eins og gert hefir verið á undanfarandi þingum, því að það hlýtur að leiða til þyngri skattaálaga.

En hitt skal jeg fúslega játa, að erfitt muni vera, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram, að gera nokkurn veginn rjetta og ábyggilega tekjuáætlun í október, eða rúmu ári áður en hún á að koma fram. Þess vegna er ekki rjett af honum að standa á móti þeim leiðrjettingum, sem þingið gerir hálfu ári síðar, eftir þeim upplýsingum, sem þá berast svo að segja daglega. Því lengra sem líður á þingtímann, því auðveldara er að gera áætlanir þessar, og ekki aðeins skylda stjórnarinnar að hjálpa til við slíkar leiðrjettingar, heldur og líka að fallast á þær áætlanir, sem nýjar rannsóknir leiða í ljós, að eru á rökum bygðar. Það er heldur engin minkun fyrir stjórnina, þó að gerð sje leiðrjetting við þessa áætlun, sem hún hafði ekki tök á að gera nákvæmari, af þeirri einföldu ástæðu, að hana brast þau gögn, sem síðar drifu til þingsins úr öllum áttum.

Jeg á enga brtt. við þennan kafla fjárlaganna, svo jeg hefi bráðum lokið máli mínu. En það eru margar brtt. frá öðr-

um hv. þdm., sem mjer skilst, að nemi um 280 þús. kr. með eftirgjöfum á lánum. Fyrir mitt leyti tel jeg enga hættu á því, að tekjuhalli yrði til stórra muna á fjárlögunum, þó að þær yrðu allar samþyktar. Þar með er jeg þó ekki að segja, að rjett sje að samþykkja þær allar. En eins og horfurnar eru framundan um afkomu atvinnuveganna, tel jeg forsvaranlegra að fresta einhverju þessara fyrirtækja, sem brtt. fara fram á að veitt sje fje til, heldur en að framleiðslan sje sköttuð á sama hátt og verið hefir.

Hvað sem öðru líður, má gera ráð fyrir allmiklum tekjuafgangi á þessu ári. Jeg sagði í fyrra, að gera mætti ráð fyrir, að tekjuafgangur mundi verða um 1½ miljón króna. Það er nú sannfæring mín, að um svipuð hlutföll verði að ræða eins og síðastl. ár. Að minsta kosti er jeg óhræddur um, að þessi áætlun mín standist ekki.

Það er engin sjerstök brtt. í þessum kafla fjárlaganna, sem jeg finn ástæðu til þess að tala um, nema ef vera skyldi sú till. hv. fjvn., að fella niður fjárveitingu til sendiherrahalds í Kaupm.höfn. Kann jeg nefndinni mikla óþökk fyrir að leggja til, að utanríkismálum okkar skuli haldið í sama öngþveiti og verið hefir nú um stund. En út í það ætla jeg þó ekki að fara frekar, enda hefir hæstv. forsrh. (J-M) talað svo vel fyrir þessu máli, að það verður ekki betur gert. Aðeins vil jeg þakka hæstv. stjórn, hve fast og röggsamlega hún heldur á þessu metnaðarmáli þjóðarinnar og vænti fastlega, að það margir hv. þdm. veiti henni brautargengi í þessu máli, að brtt. fjvn. verði kveðin svo rækilega niður, að henni skjóti aldrei framar upp.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. (JakM) verð jeg að segja það, að jeg hefði verið til með að fella fyr niður gengisviðaukann á vörutolli, en mjer var ekki ljóst, hvort stjórnin hefði heimild til þess. Bar jeg það því undir fjhn., þar sem þessi háttv. þm. (JakM) á sæti, og varð niðurstaðan sú, að það þyrfti að gera með lagaboði. Bar hv. nefnd fram frv. um það, og er það nú komið til hv. Ed. Finst mjer því, að ekki þurfi að koma ásakanir um þetta úr þessari átt, þótt jeg hafi eigi viljað leggja niður gengisviðaukann upp á mitt eindæmi.

Út af því, sem þessi hv. þm. sagði um áætlanir alment, vil jeg taka það fram, að ástæðan fyrir því, að áætla þarf tekjurnar varlega, er ekki aðeins sú, að það er gert svo löngu áður, heldur er gjaldaáætlunin einnig gerð fyrirfram, og getur verið ónákvæm. En nú eru hjer um bil öll gjöld, sem á áætlun standa, út goldin, sakir þess, að ýmsir hafa þar hagsmuna að gæta og reka nægilega á eftir. En nú er sú tíska komin á að framkvæma ýmislegt, sem ekki er í fjárlögum, en fje er veitt til samkvæmt öðrum lögum. Upp og ofan hygg jeg, að reynslan verði sú, að leggja þurfi 15% við gjaldaáætlunina, ef landsreikningurinn á að bera sig. Og jeg býst við því, að hvernig sem maður „vandar sig", verði niðurstaðan svipuð þessu. Móti þessari útgjaldahækkun er ekkert til nema varleg tekjuáætlun. Það sýnir reynslan. — Ef við eigum að líta á árið 1927, liggur næst að bera það saman við árið 1924. Jeg hygg hæpið að treysta því, að það verði meira tekjuár. Það þótti gott ár á sínum tíma, þótt það atvikaðist nú svo, að 1925 fór langt fram úr því. Tekjurnar það ár voru 10,7 miljónir samkvæmt lands-

reikningunum, en nú eru þær áætlaðar líðlega 10 miljónir, með lítið breyttri löggjöf. Vantar því mikið á, að áætlaður sje nægilegur tekjuafgangur, sem þarf til þess að verjast ófyrirsjáanlegum útgjöldum, verði tekjurnar ekki meiri en 1924. Skora jeg því á hv. deild að halda uppteknum hætti um varlegar tekjuáætlanir, svo að þar komi það umfram, sem venjan hefir sýnt, að þarf til þess að standast ófyrirsjáanleg útgjöld.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla að segja örfá orð um 13. gr. fjárlagafrv. Vil jeg byrja á því að þakka hv. fjvn. fyrir það, hve litlar brtt. hún gerir við greinina, því að þar með sýnir hún, að hún fellst í öllum verulegum atriðum á mínar tillögur. Þessi grein er nú langhæsta útgjaldagreinin, og stafar það af því, að nú hefir verið ákveðið að leggja á ný fje til verklegra framkvæmda, eftir nokkurra ára kyrstöðu. Brtt. hv. fjvn. eru ekki miklar. Eftir stjfrv. eru útgjöld samkvæmt 13. gr. á 4. miljón, en brtt. hv. nefndar eru alls ca. 40 þús. til hækkunar. Get jeg verið brtt. hennar samþykkur, og einkum þykir mjer gott að sjá, að hún hefir gengið inn á þá stefnu að flýta akfærum vegi frá Borgarnesi til Norðurlands. En þetta marka jeg af því, að hún lætur standa fjárveitinguna til að kaupa og húsa Fornahvamm. Væri þetta ekki tilætlunin, væri tilgangslaust að byggja þar. Út af því, sem nefndin segir í inngangi nál. um steinolíuverslunina, vil jeg benda á, að hún hefir hingað til verið rekin með heimild í þingsályktun frá síðasta þingi, og tel jeg þá heimild góða. Jeg fæ ekki sjeð, hvernig sá meiri hluti, sem samþykti nál., getur ávítað stjórnina fyrir að fram fylgja henni. En eftir því, sem sagt er í nál., verður álit nefndarinnar ekki skilið öðruvísi en sem ráðlegging um að halda versluninni ekki of lengi áfram. Og þannig hlýt jeg að taka það, nema annað komi fram í umræðunum.

Í sambandi við símalagningarfjárveitinguna vil jeg sjerstaklega taka það fram, að línan yfir Barðastrandarsýslu, milli Vestfjarða og Króksfjarðarness, er ekki lögð eingöngu vegna Barðastrandarsýslu sjálfrar, heldur einnig til þess að fá örugt samband við Vestfirði. Jeg álít, að þetta hafi allmikla þýðingu, því að svo sem nú er ástatt er talsímasambandið við Vestfirði mjög stopult, en það er talsíminn, sem mestar tekjur gefur. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) nefndi sjerstaklega símalínu frá Stóra-Núpi austur yfir Þjórsá yfir á Land. Um það get jeg sagt fyrir mitt leyti, að þegar símalína verður lögð að Stóra-Núpi, er jeg fús á að stuðla að því, að hún verði lögð áfram að Fellsmúla á Landi, því að það er stuttur vegur, en síminn nær þá yfir ilt og oft ófært vatnsfall, Þjórsá. *(MJ*: Verður komist yfir Þjórsá á símanum). Nei, en það þarf þá ekki að fara yfir hana til þess að síma. Annars vil jeg bæta því við, að það hefir ekki enn verið ákveðið, hvenær síminn verði lagður að Stóra-Núpi, og fyr kemur hin línan auðvitað ekki.

Það nýmæli hefir komið fram í háttv. fjvn. að veita 350 þús. kr. til símalínu milli Hornafjarðar og Víkur á næstu árum. Samkvæmt áætlunum landssímastjóra hafði hann hugsað sjer, að þetta mætti dragast nokkuð. En nú sje jeg, að háttv. fjvn. vill fylgja þessu, og hv. þm. þeirra kjördæma, sem hjer eiga hlut að, vilja láta niður falla byggingar loftskeytastöðva gegn heitorði um símalínu þessa. Þetta getur auðvitað ekki komið til atkvæða núna; mjer skilst, að Barðastrandarlínan

sje eina stórlínan, sem lögð verði á næsta ári, en á eftir henni hlýtur þessi að taka við. Kostnaðinum af þessu má dreifa á nokkur ár, svo að hann verður ekki eins tilfinnanlegur. Jeg get að minsta kosti sagt það, að ef jeg á þátt í undirbúningi fjárlaga á næstu árum, mun jeg telja mjer skylt að taka tillit til tillögu hv. nefndar, og það því fremur, sem loftskeytastöðvar eru tiltölulega dýrar í rekstri, — fagmann þarf við hverja stöð — en tekjur af þeim verða altaf litlar, sakir þess, að mestar tekjur eru af símtölunum. Annars vil jeg undirstrika, að fjárveitingum til síma og brúa er ekki ráðstafað enn, sakir þess, að stjórnin getur ekki ráðstafað þessu fje fyr en samþykki þingsins liggur fyrir í fjárlögum. En svo framarlega sem 300 þús. verða samþyktar til símalagninga, verður Barðastrandarlínan látin koma.

Um brýr 1927 er ekkert ákveðið ennþá, en um það verður að sjálfsögðu farið mjög eftir tillögum vegamálastjóra. Vona jeg, að hv. þdm. viðurkenni, að stjórnin og vegamálastjóri geri rjett í því að halda sjer til baka um loforð á fje til brúa, þegar spurt er, hvort ekki fáist brú á þessum og þessum stað, þangað til þingið hefir endanlega samþykt fjárveitingu til þeirra hluta.

Út í einstakar brtt. fer jeg ekki að sinni, en ef til vill síðar.

Umr. frestað.

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 29. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 197 og 240, 184, 230, 239, 245, 248).

Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Það er sem frsm. samgmn. að jeg vil segja nokkur orð. Eins og sjá má af nál., hefi jeg sem frsm. og form. nefndarinnar rannsakað lítillega strandferðir og aðrar skipagöngur eins og þær hafa verið og eru nú. Það var nokkur deila um það innan deildarinnar nú fyrir skemstu, hvort skipaferðir sjeu lakari nú eða jafngóðar og áður var. Margir þdm. hafa haldið því fram, að samgöngur á sjó væru nú mun lakari heldur en þegar best var, t. d. árið 1908 og 1912. Jeg hefi búið til skýrslu um þetta, og þó að hún sje ekki prentuð í nál., þá eru þó aðalniðurstöðurnar þar, og af þeim má sjá það, að nú eru mun fleiri viðkomur heldur en þegar best var áður. Þeir, sem hafa haldið fram gagnstæðri skoðun, hafa bygt hana á því, að skipin voru fleiri áður, þegar bestar voru samgöngur, og sömuleiðis á því, að áður voru 2 strandferðaskip, en nú aðeins 1. En þó að það sje rjett, að skipakosturinn til strandferða sje minni, — þ. e. færri skip — þá er það engan veginn þar með sagt, að samgöngurnar sjeu lakari, því að það er öllum vitanlegt, að strandferðaskipið „Esja“ er langbesta strandferðaskipið, sem gengið hefir í kringum landið, og þegar áætlun hennar er athuguð, þá sjáum við, að hún er miklum mun fljótari að fara í kringum landið, og koma þó við á 30—35 höfnum, heldur en „Skálholt“ og „Hólar“ eða „Austri“ og „Vestri“ voru að fara hjeðan úr Reykjavík norður á Akureyri og til baka aftur. Þessi samanburður sýnir, að það er meira komið undir gæðum, stærð, ganghraða og útbúnaði skipa en fjölda þeirra. „Esja“ hefir farrými fyrir 165 farþega, en „Austri“ og „Vestri“ höfðu til samans farrými fyrir 120. Niðurstöðurnar, sem jeg hefi komist að við rannsókn ferðaáætlana fyr og nú, eru þessar: Árið 1908 hafa viðkomur skipa verið alls 832, árið 1912 voru viðkomur strandferðaskipa, þar með taldar 4 hring-

ferðir, sem „Austri“ fór á árinu, og kom við á 5 höfnum í hverri hringferð, 656, viðkomur milliferðaskipanna 330, verður alls 986, en samkvæmt áætluninni í ár, þá eru viðkomur „Esju“ 594, þannig um 60 viðkomum færri en 1912, en milliferðaskipanna 593, eða um 260 viðkomum fleiri en árið 1912 og um 400 fleiri en árið 1908. Auk þess eru nú mun meiri ferðir með flóabátum á ýmsum stöðum kringum landið heldur en þá var. Nú er það öllum vitanlegt, að árin 1908 og 1912—'14 voru samgöngur á sjó bestar á landi hjer fram til 1924; þess vegna hefi jeg tekið einmitt þessi ár til samanburðar. Í skýrslunni fyrir árið 1908 eru ekki taldar með tvær aukaferðir, sem 1 skip Sameinaða fjelagsins fór til Vesturlandsins, og í skýrslunni fyrir árið 1912 eru heldur ekki taldar þær ferðir, sem „Pervie“ fór austur um land til Fáskrúðsfjarðar og Seyðisfjarðar, því þær ferðir munu ekki gera meira en samsvara ferðum Skaftfellings og Hornafjarðarbáts, sem nú eru. Það ár (1912) komu skipin við á 23 höfnum, sem þau koma nú ekki við á, en flestar þessar hafnir hafa fallið úr annaðhvort vegna þess, að nú þarf ekki að láta strandferðaskipin koma á þær, sumpart vegna þess, að flóabátar annast þær samgöngur, og í sumum tilfellum vegna þess, að það er alls ekki nauðsynlegt og ekki hægt að láta sigla á þessar hafnir. Hafnarfjörð talar maður ekki lengur um sem sjerstakan viðkomustað, vegna þess að hann hefir svo góðar samgöngur við Reykjavík. Akranes er komið í samband við flóabátinn til Borgarness. Þá eru Búðir, Stapi og Grundarfjörður; á þessa staði gengur flóabátur Breiðfirðinga. Skarðsstöð, Bakkabót, Haukadalur; til þessara hafna er nú hætt að sigla, vegna breyttrar aðstöðu. Verslanir þar lagðar niður, Álftafjörður, Aðalvík, Höfn; þessar hafnir annast flóabátur Ísfirðinga. Lambhagavík og Selvík er ekkert að gera á fyrir strandferðaskip. Hrísey, Hjalteyri og Svalbarðseyri munu kjósa annað fremur en viðkomur strandferðaskipa. Loðmundarfjörður, Unaós, Gunnólfsvík, Fjallahöfn, Grenivík, Berufjörður; á þessar hafnir komu strandferðaskipin áður, en nú er samgöngunum svo háttað innan hjeraða, að mótorbátar ganga um suma þessa staði, ríkissjóði að kostnaðarlausu og með eins miklum þægindum fyrir íbúana, svo að nú er engin nauðsyn að sigla strandferðaskipum á þessa staði. Árið 1912 hafa þessir strandferðabátar haft um 37 viðkomur í Eyjafirði, þar sem nú er aðeins Dalvík ein með 4 viðkomur. Jeg hygg, að t. d. Eyfirðingum sje mun hentugra að fá bættar samgöngur innan hjeraðs og tíðar ferðir milli Akureyrar og hinna einstöku hafna hjeraðsins en hafa svo og svo margar viðkomur strandferðaskipa. Jeg hefi rjett í þessu heyrt, að hjeraðsbúar hafi í huga að skora á Alþingi að styrkja flóabátaferðir um Eyjafjörð.

Á hafnir þær, sem jeg nú hefi talið, hafa verið 140 viðkomur árið 1912. Í skýrslunni í ár eru ekki teknar með 5 ferðir aukaskips Eimskipafjelagsins nú í sumar, og eigi heldur viðkomur þess skips, sem stjórnin hefir nú fengið heimild til að leigja til strandferða fjögra mánaða tíma í haust.

Jeg skal þá gefa skýrslu um viðkomur í hinum ýmsu landshlutum á árunum 1908, 1912 og 1926. Við hana ber þess að gæta, að til Vestmannaeyja eru aðeins taldar ferðir strandferðaskipsins árin 1908 og 1912, en ekki ferðir millilandaskipa, en þau komu þar ávalt við, þegar nægur flutningur bauðst.

Skýrslan er þannig:

	1908	1912	1926
Vestmannaeyjar	14	14	104
Austur-Skaftafellssýsla	12	6	6
Suður-Múlasýsla	119	159	229
Norður-Múlasýsla	58	60	53
Seyðisfjörður	30	47	54
Norður-Þingeyjarsýsla	29	33	61
Suður-Þingeyjarsýsla	50	62	47
Akureyri	36	51	56
Eyjafjörður og Siglufjörður	49	57	68
Skagafjörður	46	53	57
Húnavatnssýsla	58	75	74
Strandasýsla	59	69	81
Norður-Ísafjarðarsýsla	14	16	9
Ísafjörður	33	45	81
Vestur-Ísafjarðarsýsla	38	46	57
Barðastrandarsýsla	74	89	80
Dalasýsla	10	10	6
Snæfellsnessýsla	59	77	64

Af þessari skýrslu sjest, að öll hjeruð, nema Suður-Þingeyjarsýsla og Norður-Múlasýsla, hafa fengið auknar samgöngur.

Þá ber og að gæta þess, að skip þau, sem nú eru hjer í siglingum, eru 1. flokks farþegaskip og að öllu leyti vel út búin. En áður var meiri hluti skipanna mjög ljelegur og sum þeirra aðeins flutningaskip, er ekkert farþegarúm höfðu. Núna eru skipin líka að miklum mun ganghraðari en áður var, eða sigla með 11—13 mílna hraða, í stað þess að áður þótti gott, ef þau fóru 9 mílur. Þá má og enn telja það, sem allir vita, að skip Eimskipafjelags Íslands koma nú við á miklu fleiri höfnum heldur en á áætlun eru. Þannig kom „Goðafoss“ t. d. á 16 aukahafnir í einni utanferð sinni norðan um land, og það er nálega engin ferð svo, að ekki sje komið á fleiri aukahafnir. Af því að nú eru stór og að öllu leyti vel útbúin skip, kemur það aðeins örsjaldan fyrir, að ekki komist með allur flutningur og farþegar. En eins og menn muna, þá varð viðkoman áður ýmsum höfnum næsta gagnslítil. Skipin komu margoft við aðeins til þess að gera afsökun sína og taka póst, en að öðru leyti höfðu hjeraðsbúar lítið gagn af ferðunum.

Þau hjeruð, sem hafa mesta þörf fyrir strandferðirnar og aðallega njóta þeirra, eru Snæfellsnes, Vestur-Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Strandasýsla, Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Þingeyjarsýslur og Múlasýslur. Í þessum hjeruðum eru um 30 þús. íbúar, eða tæplega það. En hin hjeruðin, sem hafa mesta þörf fyrir flóabáta og hafa sama og ekkert gagn af strandferðum, eru: Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Hnappadalssýsla, Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla, Norður-Ísafjarðarsýsla, Skaftafellssýslur og Rangárvallasýsla, og Gullbringu- og Kjósarsýsla að nokkru leyti. Í þessum hjeruðum eru rúmlega 30 þús. íbúar. Til þessa flokks mætti og telja Eyjafjarðarsýslu, sem nú mun fara fram á að fá styrk til flóabáts.

Það er ekki nema eðlilegt, að talsverðar umkvartanir heyrist frá þeim hjeruðum, sem eiga að búa því nær eingöngu við flóabátasamgöngur, en í hinum hjeruðunum eru samgöngurnar nú miklu betri en áður, að undantekinni Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, en um Suður-Þingeyjarsýslu verður að athuga, að áður voru 11 viðkomur í Grenivík og 9 á Svalbarðseyri, en þessir staðir eru eins vel settir með bátaferðum. Fækkun viðkoma í sýslunni stafar af því, að þessum höfnum hefir verið slept. Þá ber og að geta þess, að nálega í öllum hjeruðum er nú fjöldi mótorbáta, sem annast flutninga án styrks, en er þó til stórbóta samgöngunum.

Flóabátar: Svo sem jeg gat um, hafa komið áskoranir um aukna styrki til flóabátanna og kvartanir um, að þær sam-

göngur væru ekki eins miklar og góðar og skyldi. Og þegar litið er til þess, að nær ⅓ hluti þjóðarinnar býr við samgönguleysi á sjó, að öðru en því, sem flóabátar afkasta, þá verður mönnum að skiljast, að miklu fje verður að verja úr ríkissjóði til þess að halda uppi þessum bátaferðum.

Skaftfellingur. Það er óhugsanlegt, að strandferðaskip komi þeim, sem búa á Suðausturlandi, að nokkru verulegu gagni; því veldur veðráttan og hafnleysið. Það verður því eina ráðið að kosta handa þeim hjeruðum sæmilega flóabáta. Árnessýslubúar óska nú sjerstaklega eftir ferðum frá Reykjavík til Eyrarbakka og Stokkseyrar. Nefndin sá sjer ekki fært að leggja það til, að nýr bátur væri fenginn til þess að halda uppi ferðum þessum, en taldi, að „Skaftfellingur" gæti komið að liði. Leggur hún því til, að styrkur til hans verði hækkaður um 3000 krónur. Þessi bátur hefir stórt hafnleysissvæði til yfirferðar.

Breiðafjarðarbátur. Það hefir áður vakað fyrir nefndinni að geta sameinað Breiðafjarðar- og Borgarnesferðirnar, en það hefir ekki tekist nema að litlu leyti. Nú í ár hefir nefndin og hæstv. atvrh. (MG) samið við „Suðurland" um 7 ferðir til Breiðafjarðar, en þeirra ferða hafa ekki not 4 hreppar við vestanverðan flóann — Austur-Barðstrendingar. Annars er í ráði, að samgöngur þar innan fjarðar verði með vjelbáti frá Flatey, og þá aðallega til hafnanna í Austur-Barðastrandarsýslu. Þetta fyrirkomulag heldur nefndin, að geti haldist næsta ár, en þegar akvegur er kominn milli Suður- og Norðurlands, fær „Suðurland" nóg að gera að annast Borgarnesferðirnar. Þá munu flestir fara landleiðina milli Suður- og Norðurlands og með skipinu milli Reykjavíkur og Borgarness, og þurfa því að vera stöðugar ferðir þar á milli. Það er eigi aðeins, að ódýrara verði að ferðast landveg milli Norður- og Suðurlands, þegar akbrautin er komin, heldur er það miklu fljótari ferð heldur en með skipi, því að þó það hafi ekki nema fáa viðkomustaði, tekur ferðin frá Akureyri til Reykjavíkur altaf 3—4 daga.

Djúpbáturinn. Eins og allir vita, þá er landslagi svo háttað í Norður-Ísafjarðarsýslu, að samgöngur eru þar engar, svo teljandi sje, nema á sjó. Á landi er ekki hægt að ferðast nema rjett hreppa á milli; það gera hinar miklu vegalengdir og vegleysur. Nú háttar svo til þar, að póststjórnin verður að halda uppi bátaferðum um Djúpið milli Ísafjarðar og Arngerðareyrar. Þær ferðir hafa orðið mjög dýrar. Hefir verið óhugsandi að fá bát til ferðanna fyrir minna en 8—10 þús. krónur. Með þeim styrk, sem báturinn fær nú, kemst ríkissjóður ljett út af samgöngum í Norður-Ísafjarðarsýslu. En sýslubúar hafa ekki komist ljett út af þessum samgöngum, þar sem þeir hafa kostað til þeirra um 60 þús. kr. á síðustu 8 árum.

Hornafjarðarbátur. Þá er Hornafjarðarbáturinn. Höfn er þar svo ljeleg, að ekki er hægt að fá stór skip þangað inn að hausti eða vetri, nema fyrir aukið gjald, og þá svo hátt, að frágangssök má telja. Þarf því að halda uppi sjerstökum bátaferðum milli Hornafjarðar og Austfjarða, og þá helst Fáskrúðsfjarðar, sjerstaklega að hausti og vetri til. Nefndin heldur, að eigi sje hægt að fá bát til þessa fyrir minna en 6000—7000 kr. Áður hefir styrkurinn verið 4000—5000 kr. og stundum enginn. Nú í ár er hann 8000 kr., en það er af sjerstökum ástæðum.

Vöruflutningaskip til Skaftaf.- og Rang-

árvallasýslna. Nefndin leggur til, að styrkur til vöruflutninga við Suðurlandsundirlendið verði 4000 kr. og verði honum varið til þess að fá millilandaskip til þess að flytja vörur beint frá útlöndum til Skaftfellinga og Rangæinga. Nefndin bjóst fyrst við því, að ekki mundi þurfa nema 3000 kr. til þessa, en Eimskipafjelagið vildi ekki ábyrgjast flutningaferð frá útlöndum til þessara staða fyrir minna en 4000 krónur.

Smærri bátar. Þá eru ýmsir smærri bátar, svo sem Rangársandsbátur. En þar dugir ekki einn bátur til flutninganna, því að sjaldan er hægt að taka þar land. Rangæingar hafa því leigt 5—6 báta í einu þegar gott hefir verið veður til flutninga frá Vestmannaeyjum til lands. Hefir verið borgað fyrir það eftir flutningsmagni, og hefir flutningurinn orðið svo dýr, að sanngjarnt er, að þeir fái nokkurn styrk.

Hvalfjarðarbáturinn flytur megnið af öllum vörum til Hvalfjarðarbúa og fleiri, alls 4 hreppa eða nálega það. Þessum bát eru aðeins ætlaðar 1000 kr., en því er ekki hægt að neita, að þarna er mikil flutningaþörf. Og þeir, sem hafa haft umsjón með bátsferðunum, hafa gefið góðar skýrslur um það, hvernig styrknum hafi verið varið, sent bæði áætlanir og skýrslur, og sjest á þeim, að styrkurinn mætti vera hærri en nefndin leggur til að hann sje.

Þá er *Grímseyjarbátur*. Nefndinni er ekki kunnugt um, hvort ferðum er nú haldið uppi milli Grímseyjar og lands, því að engar skýrslur hafa fengist um það. Mætti búast við, að styrkurinn yrði alveg feldur niður, ef ekki kæmu skýrslur um bátaferðir þessar.

Rauðasandsbát eru ætlaðar 400 kr. eins og áður. Sömu upphæð hefir nefndin ætlað Mýramönnum. Þar eru tveir hreppar, sem eru mjög illa staddir með aðflutninga á landi, og telur nefndin, að ekki verði hjá því komist að styrkja þá til að fá nokkrar ferðir milli Reykjavíkur og Mýra.

Lagarfljótsbáturinn hefir haft 400—600 krónur, en engar skýrslur hafa komið um það, hvernig þeim styrk er varið. Nefndin hefir heyrt, að engum ferðum hafi verið haldið þar uppi síðastl. ár. *(HStef*: Það er ekki rjett). Það er gott, ef háttv. þm. gæti gefið nánari upplýsingar um þessar ferðir. Nefndinni hefir nú borist erindi frá fjelagi, sem vill halda uppi samgöngum á fljótinu, og leggur til, að því verði veittur 800 kr. styrkur. Þetta má þó ekki skoðast svo, sem það eigi að fá sömu upphæð áfram, því að 300 kr. af þessu er styrkur til þess að kaupa bát á fljótið.

Jeg vil í þessu sambandi undirstrika það fyrir nefndarinnar hönd, að hún telur óhæft, að þeir, sem styrks verða aðnjótandi, sendi eigi skýrslur um það, hvernig styrknum er varið. Jeg vil biðja þá hv. þdm., sem eru þingmenn fyrir þessi hjeruð, að sjá um það, að skýrslur komi eftirleiðis. Menn geta kent sjálfum sjer um, ef þeir fá ónógan eða engan styrk, þegar þeir vanrækja að senda Alþingi skýrslur.

Þá er það eitt nýmæli, sem nefndin ber fram, en það er, að veittur verði styrkur til bátakaupa og vjelakaupa til þriggja flóabátafjelaga. Nefndinni barst frá atvinnumálaráðuneytinu brjef h/f „Skaftfellings", þar sem skorað er á stjórnina að útvega styrk til þess að kaupa nýja vjel í skipið. Skipið hefir altaf verið vjelvana, eigi síst nú, eftir að vjelin fór að slitna, og það er ekki forsvaranlegt að láta það halda uppi svona hættulegum ferðum nema það fái betri vjel. Fjelagið hefir samið við vjelaverksmiðju og getur þar fengið

nýja og aflmeiri vjel, og vill verksmiðjan að einhverju leyti taka hina gömlu sem borgun upp í hana. Allur kostnaðurinn við þetta er um 24 þús. kr., og er það sem næst þriðjungur kostnaðar, sem nefndin leggur til að veitt verði.

Einnig liggur erindi frá Djúpbátsstjórninni fyrir nefndinni. Hafði fjelagið farið þess á leit við atvinnumálaráðherra að fá 10 þús. kr. styrk til bátskaupa. Fjelagið varð fyrir því óhappi að missa mjög góðan bát sinn á síðastliðnu ári. Það á sama sem ekkert til; hlutafjeð að mestu tapað. Sýslunefndin vill ganga í ábyrgð fyrir fjelagið og óskar eftir, að það verði styrkt til þess að halda uppi bátsferðum um Djúpið. Álítur hún, að þeir menn, er standa fyrir fjelaginu, hafi svo mikla þekkingu á mann- og vöruflutningum í Norður-Ísafjarðarsýslu, að betra sje, að þeir fái fje til að halda uppi ferðunum en sýslunefndin sjálf annist þetta. Það má fullyrða, að aðstandendur fjelagsins, stjórn þess og formaður Djúpbátsnefndarinnar hafi aldrei fengið einn eyri greiddan fyrir öll sín ómök og vinnu við þetta mjög svo nýta fyrirtæki. Er álit allra, sem til þekkja, að ef fjelagið gæti rjett við og fengið sæmilegan farkost, muni rekstur Djúpbátsins verða miklu ódýrari en ef hnigið væri að öðru ráði.

Þá kem jeg að Flateyjarbátnum. Þar vantar nú einnig bát, og er sótt um 10 þús. kr. styrk til þess að halda uppi ferðum um austursýsluna. Nefndin sá sjer þó ekki fært að mæla með svo háum styrk, en leggur til, að veitt verði sem svarar ¼ eða ⅕ hluta af bátsverðinu, gegn því, að árlegur styrkur úr ríkissjóði verði ekki yfir 4500 kr.

Má segja, að hjer sje gengið inn á nýja braut, þar sem lagt er til að styrkja flóabátafjelög til bátakaupa. Sje betur að gætt, þá er hjer ekki um neitt nýtt fordæmi að ræða. Breiðafjarðarbáturinn „Svanur" var styrktur með 18 þús. kr. til skuldaafborgana. Nefndin álítur rjettara að styrkja þessi fjelög, sem geta starfað áfram að þörf almennings. Nefndin lítur ennfremur svo á, að sanngjarnt sje að styrkja að nokkru þessi hjeruð, sem varhluta fara af strandferðaskipunum. Önnur hjeruð, sem njóta „Esju"ferða, þurfa engu til þeirra samgangna að kosta. Vænti jeg allrar rjettsýni hjá háttv. þdm. í þessu máli.

Jeg skal geta þess, að samgmn. Ed. mælir eindregið með þessum tillögum nefndarinnar.

Árni Jónsson: Það eru aðeins örfá orð í þetta sinn. Jeg er flm. ásamt hv. samþm. mínum að brtt. XIII. á þskj. 230. Hún fer fram á að hækka liðinn til brúargerða úr 200 þús. upp í 224 þús. kr., og er ætlast til þess, að hækkunin fari til brúargerðar á Selá í Vopnafirði. Höfum við flm. talað við vegamálastjóra viðvíkjandi þessari brtt., og kvaðst hann alls ekki mundu leggjast á móti henni, þar sem þessi brú væri líka í 1. kafla vegalaganna, og væri aðeins tímaspursmál, hvenær hún yrði bygð. Taldi hann, að ef hún yrði ekki tekin upp í fjárlögin 1927, mundi verða veitt til hennar á næsta þingi.

Heyrst hefir, að vegamálastjóri segði, að í þessum 200 þús. kr. væri innifalin upphæð þessi, sem ætluð er til brúargerðar á Selá. Vil jeg skjóta því til hæstv. atvrh. Og ef svo er, þá er vitanlega þessi tillaga óþörf, og munum við þá taka hana aftur. En við höfðum skilið það svo, að upphæðin til þessarar brúargerðar fælist ekki í þessum lið, og þess vegna bárum við fram brtt. Þessi brú er á aðalleiðinni milli Norður- og Austurlands, og er því mjög fjölfarin.

Þar að auki er hún á aðalpóstleið síðan 1923.

Kunnugir vita, að vatnsfall þetta, Selá, er mjög slæmt yfirferðar. Er hún aðeins reið um hásumar, en getur þó jafnvel þá orðið ófær, ef rigningar eru miklar, sökum þess að botninn er mjög slæmur. Þarna norðurfrá eru mjög margir bæir, og því afarmikil umferð yfir hana, sjerstaklega þeirra manna, er ætla til Langaness eða yfirleitt til Norðurlandsins. Þess vegna er sjálfsagt, að þarna komi brú; og verður mönnum þar eystra ekki láð, þótt þeir sjeu orðnir nokkuð langeygðir eftir þessari samgöngubót. Enda hefi jeg ekki verið svo á þingmálafundi þar, að ekki kæmi Selárbrúin til umræðu. Enda má þetta mál ekki lengur bíða.

Hingað til hefir lítið verið gert fyrir sveit þessa í þessum sökum, og menn eru ekki heimtufrekir þar eystra. Jeg held, að ef þeir mættu búast við því á næstu 10—20 árum, að gerðar yrðu hjá þeim allar þær vegabætur, sem nú er búið að gera í þeim hjeruðum, þaðan sem háværastar kröfur koma nú í þessum efnum, ef þeir hefðu nú brýr og bílvegi, þá mundu ekki heyrast frá þeim miklar kröfur á næstu árum.

Jeg vona, að jeg þurfi ekki að mæla frekar með þessari brtt. og bið þess, að hv. nefnd og hv. þd. taki henni vel. Vil jeg skírskota til allra þeirra, er farið hafa yfir þessa á, að ekki megi telja vansalaust, að hún verði lengur óbrúuð látin.

Út af því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, að engin skýrsla hefði komið um rekstur Lagarfljótsbátsins síðasta ár, og það hefði jafnvel heyrst, að hann hefði alls ekki verið rekinn, þá vil jeg geta þess, að það er alger missögn, að hann hafi ekki verið rekinn. En hitt má satt vera, að engin skýrsla sje komin fyrir þetta ár. Er sjálfsagt að benda útgerðarmönnum bátsins á það, svo þeir gæti þess framvegis, að skýrslur þessar sjeu í lagi, en eigi ekki á hættu að missa styrksins vegna vantandi skýrslna.

Jón Kjartansson: Jeg á hjer eina brtt. og er hún nr. V. á þskj. 230. Fer hún fram á að hækka tillagið til sjúkraskýla og læknisbústaða úr 23 þús. upp í 30 þús. kr. Nemur þannig hækkunin 7 þús. kr. frá tillögum nefndarinnar. Ástæðurnar eru þær, að nú liggur fyrir þinginu beiðni frá tveim læknishjeruðum um viðbótarstyrk til sjúkraskýla. Þessi hjeruð eru Borgarfjörður og Mýrdalshjerað. Hafa þau bæði fengið styrk áður, Borgarfjörður á þinginu 1924, en Mýrdalshjerað á þinginu í fyrra. Lágu fyrir fjvn. þá áætlanir um byggingar þessar, og voru þær gerðar af húsameistara ríkisins. En þær stóðust ekki og fóru báðar byggingarnar fram úr áætlun, Borgarfjarðarsjúkraskýlið um 6 þús., en sjúkraskýlið í Mýrdalnum um 15 þús. kr. Hafa legið fyrir nefndinni skýrslur um ástæðurnar fyrir þessum kostnaðarauka, svo jeg hirði ekki að rekja það hjer.

Fara nú hjeruð þessi fram á viðbótarstyrk, Borgarfjörður 2 þús. kr., en Mýrdalshjerað 5—6 þús. kr. Er það ⅓ hluti af upphæð þeirri, er fram yfir er áætlun.

Háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) skýrði frá því, að landlæknir legði á móti að veita þessa styrki nú, þar sem byggingunum væri enn ekki lokið að fullu. Það er alveg satt, að þeim er enn ekki lokið. En jeg fer ekki fram á, að þingið taki að neinu leyti fram fyrir hendurnar á landlækni, án þess að honum sje gefinn kostur á að athuga málið og sannfærast um rjettmæti þess. Jeg fer aðeins fram á, að styrkir í þessu skyni verði teknir upp í fjárlögin

1927. Geri jeg ráð fyrir, að næsta sumar verði báðum byggingunum lokið. Einnig hefir landlæknir í hyggju að skoða sjúkraskýlið í Vík á sumri komanda, og er jeg ekki í efa um það, að hann leggi samþykki sitt á bygginguna, því til hennar er mjög vandað að öllu leyti. Enda hefir velmetinn læknir hjeðan úr höfuðstaðnum, Ólafur Jónsson, dvalið austur í Mýrdal nú um skeið og skoðað sjúkraskýlið og gefið því hin bestu meðmæli.

Að öllu þessu athuguðu, vona jeg, að háttv. fjvn. leyfi, að þessi viðbót komist í fjárlögin 1927 og ljetti þannig byrði af hjeraðinu. Að öðrum kosti mundi það frestast um eitt ár og styrkurinn ekki koma fyr en 1928, en það yrði miklu erfiðara fyrir hjeraðið. Vænti jeg svo, að hv. deild taki þessari till. vel og samþykki hana.

Jeg á ekki aðra brtt. við þennan kafla fjárlaganna. En jeg get ekki sest svo niður, að jeg ekki þakki háttv. fjvn. fyrir það, hvernig hún hefir tekið undir tillögu landssímastjóra um símalagningu um Skaftafellssýslu frá Hornafirði til Víkur. Landssímastjóri hefir lagt til, að símalína þessi verði lögð á árunum 1929—30, en fje verði til hennar veitt á árunum 1928, 1929 og 1930. Þar sem línan verður dýr, um 350 þús. kr., þótti rjett að skifta fjárframlaginu niður á þrjú ár, til þess að það skyldi ekki þurfa að draga úr framkvæmdum annarsstaðar á landinu.

Mál þetta er að vísu miklu stærra en svo, að það snerti eingöngu Skaftafellssýslur; það snertir einnig mörg önnur hjeruð. Íbúar Skaftafellssýslna munu þó sjerstaklega fagna komu þessarar nýju símalínu. Engar sýslur á landinu eru eins einangraðar eins og Skaftafellssýslur, vegna hafnleysanna og hinna mörgu og miklu torfærna, sem eru á landi. Erfiðleikarnir, sem þessi hjeruð eiga við að stríða, eru meiri en nokkursstaðar annarsstaðar hjer á landi. Felst þó ekki í þessu nein ásökun til hv. Alþingis um það, að hafa ekki skilið nauðsynjamál Skaftfellinga. Fyr og síðar hefir hv. Alþingi skilið örðugleika Skaftfellinga mjög vel og reynt að bæta úr þeim eftir mætti.

Jeg get þakkað hæstv. atvrh., hvernig hann tók í þetta mál. Þó þótti mjer miður, að hann skyldi hafa búist við, að símalína þessi mundi enn eiga að bíða nokkuð lengur, þar sem nú væri loftskeytastöð á Síðu og í ráði hefði verið, að önnur yrði reist í Öræfum í sumar. Jeg bjóst altaf við því, að loftskeytastöðvarnar yrðu þröskuldur á vegi símalínunnar milli Hornafjarðar og Víkur. En hvað lítið gagn almenningi er að loftskeytastöðvum móts við símann, geta menn best sannfært sig um með því að athuga tekjur þeirra og bera þær saman við tekjurnar af símanum. Jeg er samdóma hv. atvrh. um það, að ef engin mótmæli koma fram gegn tillögu landssímastjóra um lagning þessarar símalínu, þá beri skylda til að taka fyrstu fjárveitinguna í þessu skyni í fjárlagafrv. fyrir árið 1928.

Vona jeg svo, að engin mótmæli komi fram, og skal því ekki tefja umr. meira, enda fara þær nú að styttast úr þessu.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi skrifað undir nál. á þskj. 240 með fyrirvara, og þykir mjer hlýða að gera nokkra grein fyrir honum. Ágreiningurinn í nefndinni er ekki mikill og einkanlega í því fólginn, að jeg vil engar ákveðnar till. gera um suma flóabáta, þar sem jeg tel, að aukapóstskip geti komið í þeirra stað eða ætti að koma. Þetta á þó ekki við um Skaftfelling, Borg-

arnesbát eða Djúpbát vestra. Þeirra verður meiri eða minni þörf, þótt aukapóstskip fáist.

Ræðu hv. frsm. samgmn. (JAJ) má hins vegar skoða eins og mótmæli gegn stefnu minni og margra annara þm. í strandferðamálum, en hún er í því fólgin að auka og treysta strandferðir að mun með öruggum skipum, en fækka flóabátaferðum með ljelegum farkostum. Jeg ætla ekki að fara frekar út í ástæður fyrir þeirri stefnu; þær eru þegar kunnar frá því að umr. stóðu um þetta hjer í deildinni fyrir fám vikum. Ekki ætla jeg heldur að mótmæla þeim almennu athugasemdum utan við þetta efni í ræðu háttv. frsm. (JAJ), enda gerist þess ekki þörf, því að þær voru fremur lausar í sjer. Jeg verð þó að minnast á þá staðhæfingu hans, að strandferðirnar sjeu miklu betri nú en á árunum 1908—1912. Hann kvað ýmist svo að orði, að þær væru *betri* eða *ekki verri*. Þessar fullyrðingar eru fyrst og fremst fjarstæðar vegna þess, að nú er aðeins eitt skip til strandferða haft í stað tveggja, sem þá voru, en auk þess verður þess að gæta, að nú eru gerðar og verður að gera meiri kröfur um samgöngur en áður, enda er það augljóst af samanburði áætlana strandskipanna áður við „Esju"-ferðir nú, að samgöngurnar miðuðu áður meira að því að tengja saman öll hjeruð landsins, en nú meira að því að tengja saman stærri hafnir. Ferðirnar voru því áður meira miðaðar við almenningsþörfina en nú er.

Það er hinsvegar rjett hjá háttv. frsm. (JAJ), að ýmsar stærri hafnir hafa nú fleiri viðkomur á ári en áður, en það sýnir einmitt það, sem jeg held fram, að ferðirnar sjeu síður miðaðar nú við almenningsþörf en fyr.

Meginatriðið í stefnu okkar, sem viljum auka við einu strandferðaskipi og draga úr vjelbátaferðum, er einmitt það að koma öllum smáhöfnum í sem beinast og ódýrast samband við umhverfið og öll önnur hjeruð landsins, í líkingu við það, sem var 1908.

Talsvert margar hafnir, er höfðu skipaviðkomur 1908, hafa nú annaðhvort enga eða mun færri en þá. Þar er því afturför og einangrunin meiri en áður. Hinsvegar eru ýmsar stærri hafnir nú betur settar en áður.

Auðvelt er að sýna það með samanburði áætlananna frá 1908 við áætlun strandferðaskipsins í ár, að smáhafnir eru nú lakar settar. Langar töflur þýðir ekki að lesa upp, en jeg vil þó nefna nokkrar hafnir á leið Austra frá 1908, sem ýmist hafa færri viðkomur nú en þá eða alls engar. Viðkomur voru þá eftir áætlun í Keflavík 10, nú engin; á Stokkseyri 8, nú engin; á Hornafirði 12, nú engin; Loðmundarfirði 4, nú engin; í Vík 11, nú engin; í Grímsey 4, nú engin. Þá hafði Bakkafjörður 10 viðkomur, nú 8; Mjóifjörður 14, nú 10; Breiðdalsvík 14, nú 8; Stöðvarfjörður 8, nú 7; Raufarhöfn 9, nú 8; Flatey 7, nú 5.

Alveg var þessu eins farið um smáhafnirnar vestan og norðan, þar sem Vestri átti leið um, og getur víst enginn í alvöru haldið því fram, að þessi breyting sje til bóta fyrir smáhafnirnar eða nágrenni þeirra.

Það kemur ekki þessu máli við, þótt einhverjar af stærri höfnum landsins fái nú fleiri viðkomur millilandaskipa en áður; slíkt bætir ekki úr einangrun smáhafnanna, enda koma þau skip venjulega aðeins á þær hafnir, þar sem farm þarf að taka eða farmi að skila.

Þetta var það, sem jeg alment vildi taka fram viðvíkjandi hinum langa fyrirlestri háttv. frsm. samgmn. (JAJ) um samgöng-

ur fyrrum og nú. Hann telur á því sviði framför mikla, en jeg tel hana litla sem enga, og þó sumstaðar afturför. Jeg get hinsvegar lýst því yfir af nýju, að þegar jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara, þá var það ekki af því, að svo mikið bæri á milli um úthlutun styrksins, heldur vegna skipulags eða skipulagsleysis þess, sem á strandferðunum er. Þó taldi jeg og tel styrkinn til Hornafjarðarbáts of lágan, því að meðan ekki er fengið skip til strandferða, sem komið getur þar við, fer Hornafjörður oft á mis við skipaferðir, þótt þar sje álitleg verstöð síðari hluta vetrar og þess vegna mikil þörf samgangna þar. Aðalástæðan hjá mjer til fyrirvarans var, eins og áður er fram tekið, að jeg vildi hafa styrk sumra bátanna óbundinn og heimild til að breyta honum eða fella hann niður, ef fengið yrði annað skip með Esju til strandferða á þessum svæðum, hvort það yrði leigt eða keypt. Um annan minni háttar ágreining við samgmn. vil jeg ekki vekja deilur, og yfirleitt ætla jeg ekki að nota þetta tækifæri til að tala um aðrar brtt. við þennan kafla fjárlagafrv., sem nú bíður atkvgr. Jeg á þar engar sjálfstæðar brtt. og get því látið staðar numið að sinni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. frsm. samgmn. (JAJ) drap á það í ræðu sinni, að yfirleitt væri misbrestasamt með innheimtu skýrslna um flóabátaferðirnar. Jeg veit ekki betur en að það sje föst venja í stjórnarráðinu, að borga ekki út lokafjárveitingu fyr en slíkar skýrslur eru komnar. Jeg veit ekki til þess, að frá þessari reglu hafi nokkurntíma verið vikið; um Lagarfljótsbátinn t. d. var lögð fram skýrsla um ferðir hans, sem gefin var af fjelagi því, sem gerði bátinn út. Hitt er það, að skýrslur þessar eiga ekkert erindi inn á þing, og því hefir ekki verið venja að senda þær þangað.

Um úthlutun styrksins til bátaferðanna vil jeg taka það fram, að jeg tel skylt að fara sem mest eftir till. samgmn. En ef t. d. háttv. samgmn. í Ed. kemur líka með tillögur, sem ekki eru eins og till. háttv. samgmn. í þessari hv. deild, þá er ekki unt að fara eftir hvorumtveggja, og hlýtur þá atvinnumálaráðuneytið að hafa óbundnar hendur um úthlutun styrksins, þó þannig, að sjálfsagt er að fara sem næst að hægt er tillögum þeim, sem háttv. samgöngumálanefndir hafa gert. Út af skýrslu háttv. samgmn. um samgöngur á sjó tek jeg fram, að jeg tel það fullkomlega sýnt, að strandferðunum hefir alls ekki farið aftur; þvert á móti eru þar sýnilegar framfarir.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði fyrir nokkrum dögum í ræðu um þessi mál, að strandferðirnar væru nú mun verri en þegar Austri og Vestri höfðu þær með höndum, og í ræðu sinni nú tekur hann það fram, að feldar hafi verið niður ýmsar hafnir úr ferðaáætlun Esju og henni alls ekki ætlað að koma þar, eða mun sjaldnar en áður. En við þetta er það að athuga, að þetta eru hafnir, sem sjerstakir bátar sigla á, t. d. Hornafjörður, Vík o. fl. Keflavík hefir nú fengið bílveg og vill því heldur nota landflutningaleiðina, enda hafa engar kvartanir borist þaðan yfir strjálum skipaferðum. Þaðan eru líka daglega samgöngur á landi við Reykjavík allan tíma ársins. Annars eru það engar sannanir um afturför, þó að nokkrir viðkomustaðir hafi verið feldir niður; skýrslur samgmn. bera engan vott um hnignun strandferðanna, en þvert á móti er þar um augljósar framfarir að ræða. Styrkurinn til Hornafjarðarbátsins var í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár 8 þús. kr.;

samgmn. hafði áætlað 4 þús. kr. til ferða á þessu svæði, en með samþykt brtt. frá háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) var 4 þús. kr. bætt við, sem ákveðið var að færu eingöngu til ferða á Hornafjörð.

Það gleður mig að heyra af ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að hann hugsar nú meira um hinar minni hafnirnar en áður; á síðasta þingi deildi jeg á hann vegna þess, hve lítið hann vildi hugsa um smáhafnirnar. Hann vildi láta Esju fara sem flestar hraðferðir kringum landið. Nú hefir þessi háttv. þm. sýnilega tekið algerðum sinnaskiftum í því efni. *(SvÓ*: Þetta er útúrsnúningur). Nei, þegar hv. þm. (SvÓ) í ræðu sinni áðan kvartaði yfir því, að feldir hefðu verið niður ýmsir viðkomustaðir úr áætluninni um ferðir Esju, voru það eingöngu smáhafnirnar, sem hann taldi upp.

Um Selárbrúna ætla jeg ekki að ræða að þessu sinni. Vegamálastjóri mælti með henni að vísu, en tók það fram, að fje því, sem veitt er í fjárlögum 1927, er ekki skift niður eða ráðstafað ennþá.

Háttv. þm. V.-Sk. (JK) ljet á sjer skilja, að jeg mundi hafa gengið út frá, að dráttur yrði á símalínunni milli Víkur og Hornafjarðar. Þetta er rjett, að jeg hefi gengið út frá þessu einmitt vegna þess, að sett var fyrir skömmu loftskeytastöð á Síðunni og ráðgert að setja aðra í ár í Öræfum. Þetta er meiningarlaust, ef símalína á að koma bráðlega. Þetta hljóta allir að játa, því að símalínan gerir loftskeytastöðvarnar óþarfar.

En þótt jeg hafi verið þessarar skoðunar og hún sje rökrjett ályktun af því, sem áður hefir verið gert í þessu máli, þá er fjarri mjer að vilja snúast á móti þessari símalínu. Og þótt jeg geti ekki tekið undir það með hv. þm. V.-Sk., að stjórninni sje skylt að taka upp fjárveitingu til þessa í fjárlagafrv. 1928, þá vil jeg þó taka það fram, að stjórnin mun taka fult tillit til álits hv. fjvn. um þessa símalínu og taka upp fjárveitingu til hennar fyrir 1928, ef ástæður leyfa.

Þessa vildi jeg geta til þess að fyrirbyggja allan misskilning.

Jörundur Brynjólfsson: Það voru aðeins fáein orð, sem jeg vildi sagt hafa viðvíkjandi brtt. frá mjer á þskj 230. Það er brtt. III., um 1200 kr. utanfararstyrk til Óskars læknis Einarssonar. Hann var nokkur ár læknir í Grímsneshjeraði við ágætis orðstír. Vegna heilsubilunar varð hann að sækja brott þaðan í annað hjerað, sem ekki er eins erfitt að gegna. Sótti hann því um og fjekk veitingu fyrir Flateyrarhjeraði, en heilsan bilaði þá alveg, og gat hann því ekki tekið við hjeraðinu strax og sigldi utan á síðastl. hausti. Þó að heilsan væri tæp, gat hann alt fram að síðastl. áramótum kynt sjer ýmsar nýjungar í læknisvísindum, því maðurinn er mjög áhugasamur um alt, er snertir fræðigrein hans, og þó að hann gengi ekki heill til leiks, lagði hann mikið á sig til að fullkomna sig í læknislistinni, enda er maðurinn hinn efnilegasti og kappsfullur mjög. En nú hefir hann legið rúmfastur um skeið.

Meðan hann var læknir í Grímsneshjeraði, varð hann, vegna þess að heilsa hans leyfði ekki annað, að hafa aðstoðarmann sjer við hlið, til að gegna hinum erfiðari læknisvitjunum, og fór ekki sjálfur nema mikils þyrfti við í lengri ferðalög, enda rann og megnið af launum hans og tekjum af hjeraðslæknisembættinu til aðstoðarlæknisins. Nú hefir lega hans í sjúkrahúsum erlendis haft mikinn kostnað fyrir hann í för með sjer, en von er talin um að hann fái bót meina sinna og geti bráðlega tekið

við hjeraðslæknisembætti sínu á Flateyri, er hann kemur heim aftur. Það hefir verið venja hjer á landi, að læknar hafa verið styrktir til utanferða til að afla þeim aukinnar þekkingar í því, sem að starfi þeirra lýtur og ekki er kostur á að þeir geti öðlast hjer. Nú hefir í þessu skyni einnig á næsta ári verið áætluð dálítil fjárfúlga í fjárlagafrv., en Óskar læknir getur ekki hlotið neitt af því fje, þar eð því hefir þegar verið ráðstafað, eða lofað að veita það læknum, sem ætla að fara utan, að því er landlæknir hefir skýrt mjer frá, og þess vegna er þessi brtt. mín fram komin. Jeg vænti þess, að háttv. deild þóknist að samþykkja þessa brtt., sem svo margar og ríkar ástæður mæla með, en að öðru leyti ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um þetta eða þann hluta fjárlaganna, sem hjer liggur fyrir; það mun fara nógur tími samt í umræður, þó hver þm. tali ekki oftar en nauðsyn ber til.

Þorleifur Jónsson: Það var aðallega út af tillögum samgöngumálanefndar, sem jeg kvaddi mjer hljóðs. Það er satt best að segja, að jeg hefi lítinn tíma haft til að athuga till. hv. nefndar, eins og gefur að skilja, þar sem nál. var ekki útbýtt fyr en á þessum fundi, og fer jeg því þess á leit við háttv. samgmn., að tillögur hennar verði látnar bíða til 3. umr. og komi því ekki til atkvæða að þessu sinni. Það hefir líka oftast verið venja áður, að endanlegar ályktanir um samgöngur á sjó hafa ekki verið gerðar fyr en við 3. umræðu fjárlagafrv. Jeg vil samt við þetta tækifæri geta þess, að jeg tel framlag til Hornafjarðarbátsins of lágt áætlað hjá nefndinni, 7 þús. kr. Það er minna en til hans er varið í ár, sem er síst of mikið. Það er alkunna, að það er ekki unt að halda þar uppi samgöngum fyrir þetta fje nema 2—3 mánuði að vorinu og 2 mán. á hausti. Það hefir verið haldið uppi bátaferðum þar að vorinu frá því í marsmán. fram í júní og að haustinu frá miðjum sept. til októberloka. Þegar styrkurinn er ekki meiri en þetta, verða þetta þær einu samgöngur, sem Skaftafellssýslur fá að sumrinu, en það er ófært að eiga ekki kost á bátaferðum alt sumarið, en til þess mundi þurfa að veita um 10—12 þús. kr. alls. Jeg mundi bera fram brtt. um þetta, ef jeg ætti kost á því, til að fá framlagið til Hornafjarðarbátsins áætlað eitthvað hærra en þetta, sem hjer er gert ráð fyrir, þar eð ekki blæs mjög byrlega að fá samgöngur á Hornafjörð bættar á annan hátt á næstunni. Einu samgöngurnar, sem við þar eystra eigum kost á alt sumarið, eru þessar umræddu bátaferðir, og það er ekki nema sanngjarnt að mælast til, að gert verði kleift að halda þeim uppi alt sumarið.

Jeg fer ekkert út í skýrslu háttv. frsm. samgmn. um samgöngur á sjó, sem felur í sjer ýmislegan fróðleik. En þar er þó sýnilegt, að útkoman er ekki mikið betri nú en fyrir 20—30 árum síðan. Háttv. frsm. (JAJ) virtist vera rogginn út af því, að eitthvað hefðu þó samgöngur lagast á þessum áratugum. En hvað Hornafjörð snertir, þá er mjer kunnugt um það, að þar er ekki um framför að ræða í samgöngum, heldur miklu fremur afturför.

Og þegar tekið er tillit til þeirra framfara, sem orðið hafa á ýmsum sviðum — t. d. má geta þess, að hestvagnar voru lítið notaðir fyrir 20 árum, bílar voru óþektir o. s. frv. — þá verður ljóst, að í strandferðum er ekki um mjög miklar framfarir að ræða, samanborið við samgöngubætur á landi. Mjer skildist á ræðu háttv. frsm. (JAJ), að hún ætti að vera nokkurskonar

innlegg á móti tillögum þeim, sem hjer var rætt um fyrir nokkrum dögum, — að koma upp nýju skipi til strandferða, sem smærri hafnirnar mættu hafa meira gagn af en nú. Jeg hefi altaf skilið starf samgöngumálanefndar svo, að það ætti að vera sjerstaklega hennar verk að gera tillögur um sem haganlegastar strandferðir og flóabátaferðir, og reyna að samræma þær sem best, en að það væri ekki sjerstaklega hennar hlutverk að verja landið eða einhverja hluta þess gegn bættum samgöngum. *(TrÞ*: Heyr!).

Úr því jeg stóð upp, ætla jeg með fáeinum orðum að minnast á nál. fjvn. um símalínuna sunnanlands. Þó að hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) hafi vel fært fram rök nefndarinnar í þessu máli, vil jeg þó láta fylgja því nokkur orð frá sjálfum mjer. Hinar afskektari sveitir í Skaftafellssýslum hafa sífelt á síðari árum óskað eftir símalínu frá Hornafirði og vestur á bóginn; en um þessi hjeruð falla mörg vötn og stór; erfiðleikar eru miklir á öllum samgöngum, t. d. að vitja læknis o. s. frv., og er því hin mesta nauðsyn að fá síma um þessar sveitir landsins. Í fyrra bað jeg landssímastjóra um áætlun um kostnað við símalínu úr Hornafirði að Kálfafellsstað í Suðursveit, og áætlaði hann, að hún kostaði 29 þús. kr. En það var áætlað þannig, að gert var ráð fyrir, að línan yrði af allra einföldustu gerð. Nú í vetur hefi jeg aftur sent landssímastjóra brjef með ósk um, að þessi lína yrði nú tekin upp í fjárlög. Þegar landssímastjóri átti tal við fjvn., skýrði hann henni frá tillögum sínum um þetta mál. Hann taldi rjettara, að landssíminn yrði tengdur saman sunnan um land og taldi engin sjerleg tormerki á því, að það yrði gert. Þó að símalínan slitnaði vegna Skeiðarárhlaupanna, sem venjulega koma með 6—11 ára millibili, taldi landssímastjórinn það ekki meiri símabilun en nú verður oft á fjöllum norðan- og austanlands í stórhríðum að vetrarlagi. Að öðru leyti taldi hann, að sambandið við Seyðisfjörð yrði þá fyrst örugt, þegar símasamband væri komið líka sunnanlands. Hann hjelt því fram, að símasambandið yrði jafnvel tryggara með Suðurlandslínunni, því að bilunarhættan mundi verða lítil þar, að undanteknu þegar Skeiðará hleypur. Þessi lína mundi og gefa tiltölulega meiri arð fyrir ríkissjóð en þó að hafðir yrðu smáspottar af símalínum austur á við frá Vík og vestur frá Hornafirði. Samkvæmt þessum fyrirrætlunum, þá hætti jeg við að bera fram tillögu um símalínuna að Kálfafellsstað. Og landssímastjórinn hættir við að reisa loftskeytastöðina í Öræfum í sumar, og get jeg því aðeins fallist á það, að farið verði að öllu leyti eftir tillögum landssímastjóra um Suðurlandslínuna, sem jeg sterklega vona, þar sem fjárveitinganefnd mælir eindregið með því.

Mjer virtist hæstv. atvrh. taka vel undir þetta mál, og skildi jeg hann svo, að hann vildi fylgja fram till. landssímastjóra og vilja fjvn. í þessu efni. Vona jeg, að það sje vilji þingsins yfirleitt, að þessi lína verði lögð og á þennan hátt. Landssímastjóri leggur til, að byrjað verði á efnisflutningi og öðru slíku árið 1928, en svo verði línan lögð 1929 og 1930. Vonandi koma ekki þau ósköp fyrir okkur, að ekki verði hægt að veita fje til þessarar línu, sem er eina stórlínan, sem ólögð er. Jeg veit, að það er leitt, hvað dregst að Öræfin fái skeytasamband. En þeir verða þó að láta sjer þetta lynda núna, þegar þeir eiga von á að fá talsímasamband innan skamms. Vona jeg, að þeir geri sig ánægða með það.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg þarf að láta nokkur orð fylgja 2 brtt. Önnur er frá mjer, hin frá fjhn. Fjhn. gerir brtt. á þskj. 245 um að fella niður skólagjöldin, sem í 2. gr. 9 eru áætluð 15 þús. kr. Þykir fjhn. ekki viðeigandi að kreista þetta fje út úr nemendum ríkisskólanna eða aðstandendum þeirra. Gjaldið var lagt á, þegar ilt var í ári, en nú þegar fjárhagurinn hefir skánað og sýndur hefir verið litur á að ljetta af nokkrum sköttum, ætti þetta að vera hið fyrsta, sem felt er í burtu. Annars þurfa ekki mörg orð að fylgja þessari till. Hún byggist á einföldum rökum, sem sje þeim, að ríkissjóð munar minna um gjald þetta en þá, sem fjeð þurfa að greiða. Þeim sóma má þjóð vor halda, að heimta ekki skólagjald af nemendum ríkisskólanna.

Þá þarf jeg að minnast á XII. brtt. á þskj. 230, um 20 þús. kr., eða til vara 15 þús. kr., styrk til vegagerðar milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar. Það hafa oft komið til þingsins óskir um að taka veginn frá Ísafirði til Rafnseyrar í þjóðvegatölu, en þeim hefir til þessa verið tekið þurlega. En þetta er ein af þeim kröfum, sem ekki munu niður falla fyr en áheyrn er fengin. Íbúarnir á þessu svæði vilja ekki sætta sig við að eiga einir allra landsmanna að vera þjóðvegalausir. Nú er till. komin fram í nýrri mynd um að hefja þegar vegagerðina frá öðrum endanum, Ísafirði, til Önundarfjarðar. Þessar 20 þús. kr. nægja ekki til allrar vegagerðarinnar, þó að nokkur spotti sje þegar kominn. Hjer er því um fyrstu veiting til þessa nauðsynjafyrirtækis að ræða. Vona jeg svo, að menn virði við mig það lítillæti, að hafa ekki óskað eftir járnbraut á þessum slóðum, og samþykki brtt. mína.

Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) var að reyna að draga í efa, að skýrsla mín um strandferðir væri rjett, en þó vildi hann ekkert fullyrða. Hann sagði, að viðkomur væru færri nú á smáhöfnunum en áður. Jeg vil kenna hv. þm. um, ef svo er í hans hjeraði. Jeg sje ekki annað en að 229 viðkomur í einni sýslu sje sæmilegt, og mætti jafna því niður með góðum árangri. En það hygg jeg, að vaki fyrir hv. 1. þm. S.-M., að fá Esju til þess að koma við á öllum höfnunum í hans hjeraði í öllum ferðunum. Annars er það alveg skakt, að ferðirnar sjeu verri nú, eins og hv. þm. (SvÓ) sagði, og tók til dæmis Mjóafjörð. Þar ætti hann að þekkja svo vel til, að hann vissi, hversu margar ferðir væru þangað. Hann sagði, að þær væru 10, en þær eru 15, 10 Esjuferðir og 5 millilandaskipaferðir, og er þó í Mjóafirði helmingi færra fólk á sumrin en áður var, því að á þeim tíma, sem hjer um ræðir, var þar stór hvalveiðastöð.

Þá gat háttv. þm. (SvÓ) um það, að í Keflavík væru engar viðkomur. Það er alveg rjett, en þangað liggur bílvegur, svo að það væri hreinasta heimska að láta strandferðaskip koma þar við. Fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri er sjeð með „Skaftfellingi“. Það er líka miklum mun þægilegra fyrir Skaftfellinga að hafa „Skaftfelling“ til vöruflutninga heldur en strandferðaskip, sem ekki getur beðið eftir því að losa vörurnar, ef ilt er í sjóinn. Að nokkrar hafnir, sem jeg taldi upp, að áður hefðu haft viðkomur skipa, hafi fallið niður, er ekki nema eðlilegt. Jeg skil ekki, að nokkurt vit sje í því að láta strandferðaskipin koma við í Fjallahöfn eða Gunnólfsvík. Það var nú svo sem ekki

komið við á öllum þessum höfnum áður, þó á áætlun stæðu. Það var síður en svo. Þetta var bara á pappírnum; altaf farið framhjá ef veður var vont, lítill flutningur, eða skipið, sem koma átti við, yfirfult af fólki og farangri, en býsna oft voru þessar ástæður fyrir hendi, eða einhver þeirra.

Hæstv. atvrh. (MG) sagði, að ekki væri misbrestur á skýrslunum frá flóabátunum. Jeg hygg nú samt, að svo sje. Við höfum beðið um skýrslur úr stjórnarráðinu, en höfum aðeins fengið þær frá tveim bátum, sem altaf senda skýrslu, Djúpbátnum og Skaftfellingi. Auk þess fengum við skýrslu frá Hvalfjarðarbátnum senda beint. Hann er eini báturinn af smærri bátunum, sem altaf sendir reglulegar skýrslur til þingsins eða atvinnumálaráðuneytisins.

Þá hefði jeg þurft að segja nokkur orð við hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Vona jeg, að sessunautur hans riti það hjá sjer, svo að hann geti svarað mjer, þegar hann kemur. Mjer þykir undarlegt, að hann, sem er form. fjvn., skuli gefa í skyn, að samgmn. eigi ekkert að hugsa um, hversu mikið fje gangi til samgangnanna, heldur eigi hún að gera tillögur um, á hvern hátt samgöngurnar sjeu bestar. Ef á að lifa eftir þessu boðorði, þá er ekki vandlifað fyrir samgmn. En sem betur fer hygg jeg, að þingmaðurinn í hv. form. fjvn. rísi upp gegn þessari hans ályktun og vilji líta nokkuð á kostnaðinn. Vænti jeg, að ekki þurfi að endurtaka þetta við hv. þm. Annars virðist þessi hv. þm. (ÞorlJ) heldur ekki þekkja til í sínu eigin hjerað, þegar hann segir, að 11 ferðir 1908 sjeu betri en 6 ferðir nú og 8000 króna styrkur. Jeg hjelt þó, að það væri hægt að fá fleiri en 5 ferðir fyrir 8000 kr., þegar 800—900 manns nota bátinn. Í Austur-Skaftafellssýslu eru 1150 menn, en Öræfin nota Skaftfelling, en ekki Hornafjarðarbátinn. Ef hv. þm. (ÞorlJ) heldur, að samgmn. viti ekki neitt um Hornafjörð, þá skjátlast honum mjög. Hann segir, að jeg hafi verið mjög hróðugur yfir því, að samgöngurnar væru ekki verri nú en fyrir 20 árum. Jeg hefi aldrei lýst því, hvort jeg væri ánægður með þær samgöngur, sem nú eru, eða ekki, en hinsvegar vil jeg ekki láta það óátalið, ef blekkja á þá, sem minna vita, með því að segja, að samgöngurnar sjeu lakari nú en áður, þegar það er vitanlegt, að þær eru miklu betri. Það var vegna þessara blekkingartilrauna nokkurra hv. þm., að jeg tók mjer fyrir hendur að rannsaka málið og gera skýrslu.

Það, sem hv. þm. A.-Sk. vill fá styrk til, er að geta flutt sjávarafurðir frá Hornafirði og austur á firði, og svo aftur ýmislegt til útgerðar þaðan og til Hornafjarðar. En þetta er á móti því, sem nokkurntíma er gert annarsstaðar. Ísfirðingar fá til dæmis engan slíkan styrk. Þeir verða að sjá um alla þessa flutninga af eigin ramleik. Þeir fara norður á Húnaflóa og stunda þar sjóróðra yfir sumartímann. Þeir leggja saman og kaupa bát, en dettur ekki í hug að fara fram á styrk. En þegar forsjárleysið er svo mikið, að ekki er til salt í veiðistöðinni, þegar ein vika er liðin af vertíðinni, þykir mjer það nokkuð hart, að hrópað er á landssjóðsstyrk til aðflutninga á salti; en svona var ástandið í Hornafirði, þegar ein vika var liðin af vertíðinni. Eigi samgöngumálanefnd að vera þeim slík forsjón, sem ekki búa betur í haginn fyrir sig en þetta, þá ætla jeg að biðja um lausn úr nefndinni.

Við verðum að játa, að samgöngur á landi eru á eftir samgöngum á sjó, enda þótt samgöngur á sjó sjeu ekki eins og þær

gætu bestar verið, en þær eru eins góðar og við getum búist við fyrir það fje, sem við látum til þeirra. En þegar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) heldur því fram, að það megi draga af flóabátastyrknum, ef við fengjum 2 strandferðaskip, er það ekki rjett, því að það er vitanlegt, að slíkt flutningaskip kemur ekki að notum þeim 30 þús. manns, sem nota flóabátana. Okkur þótti Austri og Vestri góðir á sinni tíð, en þeir höfðu með naumindum farrými handa 60 manns hvor. Esja hefir rúm fyrir 165 manns, og er það talsvert meira en báðir hinir til samans.

Þá ætla jeg aðeins að víkja að einni eða tveimur brtt. á þskj. 230. VI. brtt. er frá hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), um lokastyrk til byggingar sjúkrahússins á Ísafirði. Það var álitið, þegar þessi styrkur var fyrst fluttur hjer á þingi, að kostnaðurinn mundi ekki verða 75 þús. kr., heldur hálfu meiri, enda held jeg, að af þeim verkum, sem framkvæmd hafa verið á seinni árum, hafi ekki mörg verið betur framkvæmd en sjúkrahúsið á Ísafirði að öllum myndarskap. Húsið er bæði prýðilegt og hefir ekki farið fram úr áætlun, eins og oft vill verða. Vona jeg, að háttv. þingdeildarmenn geti verið því meðmæltir að veita þennan styrk, ekki síst þegar þess er gætt, að búið er að leggja nær 60 þús. kr. í sjúkrahús fyrir austan fjall, og sjást þó engar verulegar menjar þess fjár. Ekki ætla jeg að andmæla neitt hv. þm. Árn. (MT og JörB). Það er ekki þeim að kenna, en það verð jeg að segja, að mikill er munurinn á framtaksseminni þarna fyrir austan eða á Ísafirði, ef dæma má eftir sjúkrahúsunum.

Jeg þarf engu við að bæta orð hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) um veginn milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar. Það er mikið nauðsynjamál, og mæli jeg að sjálfsögðu með, að það verði styrkt eins og hægt er.

Björn Líndal: Jeg finn sjerstaka ástæðu til að þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefir hækkað framlagið til heilsuhælis Norðlendinga. Svo sem menn muna frá umræðunum um það mál í fyrra, þá var gert ráð fyrir því, að komast mætti af með 300 þús. kr. Þá var nefnilega engin áætlun um byggingarkostnað hælisins og engar ábyggilegar tölur að fara eftir, og var þá ekki hugsað hærra en að hælið rúmaði 40 sjúklinga. En nú er gert ráð fyrir, að það rúmi a. m. k. 50 sjúklinga. Liggur nú fyrir ný áætlun um þetta, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp tölur þær, sem að henni lúta:

Húsið	330000 kr.
Vegur	12000 —
Jarðvinna	18000 —
Rafstöð	80000 —
Laugarleiðsla	10000 —
Skolpveita	7000 —
Vatnsveita	5000 —
Húsmunir	50000 —
Samtals ...	512000 kr.

Eins og menn muna, er þessi fjárveiting bundin því skilyrði, að Norðlendingar leggi eins mikið fram og þeirri fjárveiting nemur, sem ríkið leggur fram. Jeg get nú upplýst það, að búið er að safna á móti þessum 225 þúsundum. Jeg held mjer sje óhætt að segja, að þegar hafi safnast 230 þús. kr., og má óhætt fullyrða, að ekki líði á löngu þangað til safnast hefir helmingur alls kostnaðar við að reisa þetta hæli að fullu og öllu.

Á það var bent í fyrra, að sjerstök ástæða væri til þess að bregðast vel við þessu máli. Öllum er vitanleg nauðsyn málsins. Fyrir nokkrum dögum voru 66 sjúklingar í Akureyrarspítala, flest berklasjúklingar; og í öllum öðrum sjúkrahúsum norðanlands eru einnig berklasjúkling-

arnir í miklum meiri hluta. Það er vitanlegt, að hælið fyllist berklasjúklingum jafnskjótt og það er tilbúið, og rúmar ekki alla, sem þangað þurfa að leita. Þótt upphæðin, sem fer til hælisins, sje há, þá ber þess jafnframt að gæta, að árlegt rekstrarfje sparast mjög mikið við notkun laugarhitans til upphitunar. Stofnkostnaður laugarhitunarinnar er áætlaður 10 þús. kr., og ef miðað er við Vífilsstaðahælið, verður upphitunarkostnaður þessa nýja hælis 15 til 20 þús. kr. minni árlega. Kostnaður við undirbúning grunnsins verður miklu meiri en gert var ráð fyrir í fyrstu, sakir þess, að húsið á að byggja í talsverðum halla. En þetta varð að gera til þess að laugarhitinn gæti komið að sem bestu gagni. En það, sem mest hleypir fram kostnaðinum, er rafstöðin, því að þótt staðhættir sjeu góðir, þá eru þeir ekki betri en það, að gert er ráð fyrir, að hún muni kosta 80 þús. kr., ef hún á að vera nægileg til ljósa og suðu og annara nauðsynlegra afnota. Það þýðir ekki að fara neitt í launkofa með það, að enn verður að fara fram á fjárveitingu næsta ár, og þótt nú sjeu komnar 200 þús. kr., vantar þó nokkuð á, að öll upphæðin sje komin, því að minst 250 þús. kr. mun þurfa frá ríkissjóði.

Jeg ætla þá ekki að fara fleiri orðum um þetta; jeg er þakklátur nefndinni fyrir afskifti hennar af þessu máli, þótt hún hafi ekki sjeð sjer fært að þessu sinni að verða við óskum heilsuhælisnefndarinnar að öllu leyti.

Þá vildi jeg minnast nokkrum orðum á brtt., sem jeg og hv. 2. þm. Eyf. (BSt) flytjum, og sem er óaðskiljanleg frá heilsuhælismálinu. Fyrir skömmu var hjer fyrir þinginu frv. til laga um breytingu á vegalögunum, flutt af hv. 2. þm. Eyf., um það að gera Eyjafjarðarbraut að Kristsnesi að þjóðvegi. Þetta frv. er enn ekki útrætt og ekki útsjeð enn um forlög þess, og þess vegna komum við fram með þessa brtt.; því að það er ekkert efamál, að ríkinu ber að leggja til braut að heilsuhælinu. Og nú er heilsuhælisfjelagsstjórnin búin að leggja þennan veg. Hjer er því aðeins að ræða um þá sjálfsögðu sanngirniskröfu, að ríkið endurgreiði kostnaðinn við að leggja þennan vegarspotta, sem liggur af aðalveginum að hælinu, enda er það í samræmi við þá reglu, sem áður hefir verið fylgt, að þetta verði endurgreitt. Ætti enginn ágreiningur að þurfa að vera um það, að þessi spítali fái veg eins og aðrir spítalar. Enda á eftir tillögum vegamálastjóra að bæta inn nýjum flokki vega, spítalavegum, í vegakerfi landsins, þegar vegalögin verða endurskoðuð næst.

Jeg á eina brtt. við þennan kafla fjárlagafrv., sem mjer er grunur á, að blási ekki eins byrlega fyrir og ætti að vera, ef litið væri á þetta mál með fullri sanngirni. Er þó fordæmi fyrir samskonar fjárveitingu. Í fjáraukalögum 1923 var veittur styrkur manni í Borgarnesi vegna veikinda, sem upp komu í veitingahúsi hans og höfðu í för með sjer sóttkvíun í langan tíma, honum til tjóns og atvinnuhnekkis.

Hjer stendur svo á, að gistihúshaldarinn á Akureyri varð fyrir því óláni, að taugaveiki kom upp í húsi hans. Læknirinn áttaði sig ekki straks á því, hvað hjer væri um að vera. Margir veiktust og gistihúsinu var lokað, og er saga þessa máls sú, að flest heimilisfast fólk hjá gistihúshaldaranum veiktist, og voru legudagar þess 169 í sjúkrahúsi og 314 heima, samtals 483 legudagar heimafólksins. Það var í sóttkví langan tíma, frá 10. febr. til 31. mars. Er það langur atvinnuleysistími og öllum auðsætt, að hjer hefir verið um stórtap að ræða. Auk þess þorðu gestir ekki

að koma í þetta gistihús langan tíma eftir að sóttkvíun var lokið, af hræðslu við taugaveikina. Það liggja fyrir vottorð frá hjeraðslækni, bæjarfógetanum og bæjarstjóranum á Akureyri um það, að maður þessi hafi orðið fyrir stórtjóni. Beint tjón hefir verið áætlað 6 þús. kr., auk atvinnumissis og annara óþæginda.

Þar sem hjer er um að ræða ráðstöfun vegna þarfa almennings, lokun gistihússins um langan tíma vegna sýkingarhættu, þá tel jeg alveg sjálfsagt, að ríkið bæti að einhverju leyti það tjón, sem af slíkum ráðstöfunum hlýst fyrir hlutaðeigandi mann, enda gekk þingið 1923 inn á, að þetta væri rjett. Upphæðin, sem hjer er farið fram á, er að vísu nokkuð há, en er þó í rauninni aðeins lítið brot af öllu tjóni þessa manns.

Vona jeg því, að háttv. þm. verði samkvæmir sjálfum sjer, eins og þeir voru 1923, hlaupi hjer undir bagga og telji það hreina mannúðarskyldu. Og eins og heilbrigðismálum þjóðarinnar er nú fyrir komið, þá tel jeg það ekki umtalsmál að verða við því, sem hjer er farið fram á. Samkvæmt gildandi lögum reynum við að lækna allan þorra sjúklinga á opinberan kostnað, jafnvel þótt stundum sje að ræða um sæmilega efnaða menn. Væri því harla ósanngjarnt að neita þeim manni um allar bætur, er orðið hefir fyrir stórtjóni af völdum óviðkomandi sjúklinga og lögboðnum sóttvarnarráðstöfunum, án þess að honum verði rjettilega nokkur sök á því gefin.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg hefi ekki ástæðu til að tala langt mál, þar sem aðeins að örlitlu leyti hafa verið gerðar athugasemdir við gerðir nefndarinnar; jeg hefi fult eins mikla ástæðu til að þakka hv. deild undirtektir hennar undir brtt. þær, sem nefndin hefir komið með, nema þær, sem lutu að tveimur liðum tekjuáætlunarinnar.

Hæstv. fjrh. (JÞ) kom að því, sem jeg drap á, að stjórnin hefði ein tök á að gera tekjuáætlunina best úr garði. Áleit hann, að það væri ekki hægt og þess vegna hefði hann gert tilraun til að breyta reikningsárinu, og var jeg því fylgjandi á sínum tíma. En þótt sú breyting hefði komist á, áleit nefndin samt, að stjórnin ætti betri aðstöðu en fjvn. til þess að hafa sem glegst yfirlit yfir fjárhag ríkissjóðs. Það er rjett, að stjórnin gerir áætlun sína nokkuð snemma; en þegar litið er á það, að hún getur eftir því útliti, sem þá er, miðað við það, sem átt hefir sjer stað áður á hverjum ársfjórðungi, þá dylst engum, að stjórnin stendur betur að vígi. Hæstv. fjrh. taldi ekki hafa komið fram næg rök til þess að hækka tekjuliðina; jeg tók það fram í framsöguræðu minni, að þetta væri rjett, þar sem hækkunin væri gerð af líkum einum. Þótti mjer því vænt um, að hæstv. fjrh. er á sama máli og nefndin, og vill hún styðja hann í því að fara varlega í þessum efnum.

Vil jeg þessu næst víkja nokkrum orðum að ræðum háttv. þm, sem hjer flytja brtt. og hafa mælt fyrir þeim, og mun jeg fylgja röðinni eftir því, sem menn hafa talað, þegar jeg geri athugasemdir við ræður þeirra og skýri afstöðu nefndarinnar til brtt.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) hjelt því fram, að rjett væri, að fjhn. fengi tekjuliðina til athugunar. En, eins og jeg hefi áður tekið fram, felli jeg mig vel við þetta fyrirkomulag, sem nú er. Enda var komin reynsla á, að þetta reyndist illa. Fyrstu 2 árin eftir að núgildandi þingsköp komu í gildi, hafði fjhn. tekjuliðina. Frá þessu var horfið, og hafði þar með reynslan

skorið úr. Það hefir líka komið í ljós nú, að það er mjög óheppilegt, að 2 nefndir hafi sama frv. til meðferðar, og getur það gefið tilefni til mikils ósamkomulags. Ef fjhn. ætti að gera till. um tekjuhliðina, getur hún komist, eins og hún hefir nú komist, að annari niðurstöðu en fjvn. Hún vill hækka fleiri liði, og suma meira en fjvn., eða um 150 þús. fram yfir till. fjvn. Að einu leyti heyrðist mjer háttv. þm. vera fjvn. mjög andstæður hvað hækkun snertir; en það er tekjuskatturinn og eignarskatturinn. Eftir öllu útliti eru líkur til, að þessi liður lækki jafnvel meira en hæstv. stjórn gerir ráð fyrir. Hvað snertir síma og póst, hefir fjvn. líka komist að þeirri niðurstöðu að hækka ekki þessa liði. Þess er líka að gæta, að þegar 2 nefndir standa hvor gegn annari, skiftast atkv. deildarinnar og verður af sundrung. Þetta væri mjög óheppilegt, og jeg vænti þess, að fjhn. ráðist ekki í að koma fram með brtt., því að fjvn. mun standa fast við sínar till. Sami háttv. þm. mintist á afgang af símatekjum, og skal jeg í því efni skírskota til þess, sem hæstv. atvrh. hefir sagt um þetta, að ef bygð væri loftskeytastöðin í Öræfum, yrði ekki um afgang að ræða, en það væri óráðið enn, hvort það yrði gert á þessu ári. Raunar hefir nefndin gert ráð fyrir því, að þetta yrði ekki gert, eins og jeg hefi áður tekið fram. Hvað snertir síma og brúargerðir, þá eru fjárveitingar til þess ekki alveg einskorðaðar við viss fyrirtæki, heldur á að grípa til þeirra, ef með þarf, á ýmsum stöðum. Þannig hefir nefndin ekki fengið neinar fastar áætlanir frá hæstv. stjórn eða vegamálastjóra um þetta.

Þá er næstur háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ). Hann á brtt. á þskj. 230, um að hækka liðinn til endurgreiðslu lána um 60 þús. og jafnframt veita þá upphæð til bryggjugerðar á Ísafirði. Þetta er hv. þm. kunnugt frá fyrri þingum. Það er krafa frá Ísfirðingum um að ríkið greiði að sínu leyti kostnað við bryggjugerð á Ísafirði, og þykjast þeir hafa lagt í það fyrirtæki í fullri lagaheimild. Háttv. þm. las upp þessu til sönnunar kafla úr hafnarlögum fyrir Ísafjarðarkaupstað. Að vísu mun hann hafa lesið of langt, þar sem lögin heimila þetta ekki fyr en það er tekið í fjárlög; en þessu mun þó þannig varið, að líklega verður ekki hægt að ganga í móti þessari kröfu. Þegar fyrv. stjórn samþykti kaupin á Hæstakaupstað fyrir Ísafjörð, skuldbatt hún í raun og veru ríkið til þessa. Kaupin voru sem sje gerð með því skilyrði, að þessi bryggja yrði gerð, og frestun á því varðaði dagsektum. Það er þess vegna naumast hægt fyrir þingið að neita um þetta, enda þótt fje hafi ekki verið veitt í þessu skyni í fjárlögum eins og lög standa til. Annars eru óbundin atkv. í nefndinni um þetta. Jeg skal taka það fram, þó að það sje óþarfi, að hjer er ekki um bein útgjöld að ræða, þar sem þetta stendur inni hjá bænum sem hallærislán og mundi ef til vill ekki verða greitt nema það kæmi á þennan hátt.

Í öðru lagi mintist háttv. þm. á lokastyrk til byggingar sjúkrahússins á Ísafirði, og eru það 10 þús. kr., sem hann fer fram á, að veittar verði í þessu skyni.

Það er venjan með sjúkrahús, að ríkið greiði ⅓ kostnaðar, en miðað við það ættu það ekki að vera nema rúmar 7 þús. kr., sem ríkinu ber að greiða, og er því nokkuð málum blandað með þessar 3 þús. kr., sem fram yfir eru. Það er meiningin, að þetta eigi að vera endurgreiðsla á verðtolli, en þess er ekki gætt, að hann hefir komið fram í byggingarkostnaðinum, og verður hans því ekki krafist sjerstaklega. Nefndin er þess vegna algerlega á móti, að

þessi till. verði samþykt, af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi bent á, enda kæmi það í bága við þá grundvallarreglu, sem altaf er bygt á í þessum málum.

Þá er næstur háttv. 2. þm. Eyf. (BSt). Hann flytur brtt. um styrk til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði. Fjvn. hefir lagt til að hækka upphæðina til sjúkraskýla og læknisbústaða upp í 23 þús. kr., og látið þess getið, að hún ætlaðist til, að því fje yrði varið til byggingar þessa sjúkrahúss, enda myndi það nema hinum venjulega ⅓ hluta ríkissjóðs samkv. kostnaðaráætlun. Háttv. þm. fer fram á, að þessi upphæð verði hækkuð upp í 30 þús. kr., og skilst mjer, að það sje af því, að hann vilji ekki binda sig við, að ríkið greiði aðeins ⅓ hluta, af þeim ástæðum, að þetta sjúkrahús verði að vissu leyti fyrir alt landið. En þetta má segja um fleiri staði og svo er yfir höfuð alstaðar að meira eða minna leyti, að sjúkrahúsin koma mörgum fleiri að notum en hjeraðsbúum sjálfum, og telur nefndin ekki ástæðu til að víkja frá reglunni um þetta. Hinsvegar er nefndin fyllilega meðmælt þessari sjúkrahúsbyggingu þeirra Siglfirðinga og telur illa farið, að hún skuli ekki hafa komist í framkvæmd fyrr, því að auðsætt er, að hjer er um brýna nauðsyn að ræða.

Háttv. þm. Mýr. (PÞ) hefir tekið sína brtt. aftur.

Hv. þm. N.-M. flytja brtt. um að hækka tillagið til Hróarstunguvegarins og láta fullgera hann á 2 árum, en nefndin ætlast til, að það verði gert á 3 árum. Umsókn um þetta lá fyrir nefndinni, og sá hún sjer ekki fært að mæla með henni, en hækkaði hinsvegar liðinn nokkuð og jafnaði tillaginu niður á 3 ár. Nefndin getur ekki fallist á meiri hækkun eða að verkið verði framkvæmt á 2 árum, enda margt annað víðsvegar um landið, sem bíður framkvæmda. Þá er önnur brtt. frá háttv. þm. N.-M. um nýja símalínu til Loðmundarfjarðar frá Seyðisfirði. Fjvn. hefir í áliti sínu drepið á þetta og tekið fram, að landssímastjóri leggi til, að þessi lína verði lögð. Um þessa brtt. eru óbundin atkv. í fjvn., en jeg skal taka það fram fyrir mitt leyti, að jeg tel, að ástæðurnar mæli mjög með þessu. Loðmundarfjörður er mjög afskektur, og er þar oft illfært á landi til Seyðisfjarðar og ófært á sjó, og væri því mjög mikilsvert að fá þessa símalínu til þess að geta haft eitthvert samband við umhverfið.

Þá er næstur háttv. þm. Borgf. (PO). Hann var töluvert ergilegur í minn garð út af því, að jeg hafði ekki undanskilið hann frá hálfu fjvn. út af till. hennar um að hækka tekjuliðinn af vínfangatolli og víneinkasölu. Jeg mundi sem sagt ekki eftir því í svipinn, að hann hafði greitt atkv. á móti þessu, enda gerði hann það ekki með neinum ákveðnum ummælum, og því fanst mjer hann vera sammála kollega sínum, hv. þm. Str. (TrÞ). Hann mintist og á, að fjhn. væri með mjer um þessa hækkun, og er það líklega gert til þess að gera mig betri í augum deildarinnar. Hv. þm. á brtt. á þskj. 230, um eftirgjöf á 3 þús. kr. hallærisláni til Innri-Akraneshrepps. Um þessa till. er ekki meiri hluti á hvoruga hlið í fjvn., og eru óbundin atkv. um hana. En jeg vil taka það fram fyrir hönd þeirra nefndarmanna, sem ekki eru henni samþykkir, að hjer er um varhugavert fordæmi að ræða; með því að gefa einu sveitarfjelagi eftir slíka skuld, er öðrum, sem líkt er ástatt fyrir, gefið undir fótinn og hætt við, að þau komi á eftir. Hinsvegar mun nú auðvelt að komast að hagkvæmum samningum um greiðslu

þessara lána, og sje jeg ekki, að ástæða sje til að gefa þetta eftir, með því að um smáupphæð er að ræða, sem ætti að vera vel viðráðanleg.

Þá er næstur hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Hann hefir enga brtt. gert við þennan kafla, en mintist á tekjuhliðina. Jeg hefi nú minst á hana áður í sambandi við hv. 2. þm. Rang., en jeg skal gjarnan víkja að henni aftur. Hv. þm. taldi áætlunina fjarstæðu og hjelt því fram, að með því að hafa hana of lága, væri ranglega viðhaldið sköttum, sem almenningur yrði að greiða. En jeg álít, að ef tekjuhliðin væri hækkuð og þó að ríkið fengi nóg upp í þá hækkun, þá yrði enginn tekjuafgangur, og meðan svo er, er ekki hægt að lækka skatta. Það er einmitt það, sem safnast, sem gefur tilefni til lækkunar skattanna. Jeg er því alveg gagnstæðrar skoðunar í þessu atriði. Hv. þm. skoraði á nefndina að taka tekjuhliðina enn til athugunar, en það mun hún ekki gera, heldur standa fast við sínar till. Mjer skildist háttv. þm. telja enga hættu að samþykkja allar brtt., sem liggja fyrir frá einstökum þm., og miðar hann það auðvitað við það, hve tekjuhliðin megi hækka, og þó er hækkunin samkvæmt áliti hans ekki meiri en 130 þús., en mjer skilst að hún verði yfir 250 þús., fram yfir till. fjvn., og er hann þá ekki sammála hv. 2. þm. Rang., eftir því sem hann gerði ráð fyrir að fjhn. ætlaði að gera till. um tekjuhliðina. Og veitir heldur ekki af þeirri upphæð móti gjaldahækkunarlöngun hv. þm. Af öllu þessu sjest enn, hve mikið skaðræði það gæti verið, ef fjhn. ætti líka að gera till. um tekjuhliðina. Hæstv. atvrh. gerði engar athugasemdir við gerðir nefndarinnar. En jeg vil minnast á eitt atriði, er hann nefndi, að hann taldi rjett að bíða með byggingu loftskeytastöðva, sem ætlast hefir verið til að bygðar yrðu. Jeg veit auðvitað ekki, hvað vakir fyrir hæstv. stjórn. en jeg held, að það geti verið álitamál, hvort þetta væri rjett. Þessar stöðvar gefa vitanlega ekki beinar tekjur, en geta hinsvegar orðið að mjög miklu gagni fyrir hin afskektu hjeruð, sem um er að ræða, eins og t. d. Grímsey. Upphæðin er líka tiltölulega lítil, sem til þessa þarf, eða 30 þús. krónur til þriggja stöðva. Jeg ætla ekki að fara að deila við hæstv. atvrh. um brúargerðir; jeg er vanur að verða útundan fyrir mitt kjördæmi. Og þó að hann geri lítið úr loforðum vegamálastjóra, þá mega þeir deila um það, hvor nær standi rjettlætinu.

Þá er næstur háttv. þm. N.-Ísf., frsm. samgmn. Áliti samgmn. hefir ekki verið útbýtt fyr en á þessum fundi, og sje jeg, að háttv. þm. hefir skrifað á miða fyrir framan mig, að hann taki brtt. aftur til 3. umr. Jeg þarf þess vegna ekki að tala frekar um þær, en vil taka það fram, að það er óviðfeldið, að háttv. þingmenn hafi mjög nauman tíma til að átta sig á brtt. þeim, sem fram koma, og er jeg þess vegna háttv. þm. þakklátur fyrir, að hann hefir tekið brtt. þessar aftur nú.

Hv. þingmönnum N.-M. (ÁJ og HStef) þarf jeg engu að svara. Þeir háttv. þm. N.-M. flytja brtt. um að hækka liðinn til brúargerða um 24 þús. kr., og skal þeirri viðbót varið til brúar á Selá í Vopnafirði. Þessi brú er alveg ný í sögunni; jeg hefi hvergi sjeð hana á áætlunum talda meðal þeirra brúa, sem í ráði er að byggja á næstunni. Um þessa till. eru óbundin atkv. frá fjvn., en hún lítur svo á, að það gæti valdið glundroða, ef hún yrði samþykt, og hætt við að fleiri kæmu á eftir. Jeg býst við, að jeg neyðist þá til að flytja

brtt. fyrir mitt kjördæmi, sem jeg mun annars ekki koma fram með.

Þá er hv. þm. V.-Sk. (JK). Hann flytur brtt. um að hækka styrkinn til sjúkraskýla og læknisbústaða um 15 þús. krónur, og á þessi hækkun að vera lokastyrkur til skýlanna í Vík í Mýrdal og í Borgarfirði. Nefndin hefir enga brtt. gert um þetta, bæði eftir till. landlæknis og vegna þess að ekki lágu fyrir hreinir reikningar um byggingarkostnað þessara skýla. Nefndin lítur líka svo á, að það geti ekki skaðað þessi hjeruð, þó að þessi styrkveiting dragist t. d. til næsta þings. Landlæknir hefir upplýst, að í Borgarfirði er margt í ólagi og að í Vík hefir kostnaðurinn orðið miklu meiri en gert var ráð fyrir. Nefndin verður að halda fast við sínar till. og álítur ekki, að það geti skift nokkru máli fyrir þessi hjeruð, þó að þetta dragist. Auk þess leggur nefndin áherslu á það, að hreinir endanlegir reikningar um byggingu þessara skýla liggi fyrir, þegar ákveða á lokastyrk til þeirra.

Þá á háttv. 2. þm. Árn. (JörB) brtt. á þskj. 230, um 1200 króna utanfararstyrk til Óskars læknis Einarssonar. Nefndin hefir óbundin atkvæði um þennan lið. En jeg skal geta þess, ef þessi styrkur verður samþyktur, þá er hætt við að fleiri slíkir komi á eftir. T. d. er læknirinn í Blönduóshjeraði, sem er mjög góður og mikils metinn læknir, á ferð utanlands, og hefir frí frá október til ágústmánaðar. Jeg viðurkenni, að það er nauðsyn á því, að læknar sigli öðruhvoru til þess að kynna sjer nýjungar á sviði læknavísindanna, svo ef þessi till. verður samþykt, þá er óumflýjanlegt, að fleiri komi í kjölfarið.

Næst kem jeg að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), er mælti með brtt. frá fjhn. á þskj. 245, um að fella niður skólagjöldin. Þessari till. er nýlega útbýtt, og hefir því fjvn. engar ákvarðanir um hana tekið, og vildi jeg mælast til þess, að hún yrði tekin aftur til 3. umr., svo fjvn. eigi kost á að athuga hana. En frá mínu sjónarmiði þykir mjer till. athugaverð, þar sem ef ríkisskólarnir fella niður skólagjöldin, munu þau verða óvinsæl hjá öðrum skólum, en þó oft nauðsynleg til þess að ná inn fje móti því, er ríkissjóður leggur til og gerir að skilyrði, og verður því til þess að gera skólum þessum fært að starfa.

Þá á sami háttv. þm. brtt. á þskj. 230, um að veita 20 þús. kr. til vegagerðar milli Ísafjarðar og Önundarfjarðar. Nefndin verður að leggja á móti þessari till., þar sem hjer er um sýsluveg að ræða, en tilætlunin með þessu fjárframlagi er, að ríkissjóður kosti hann, sem þjóðvegur væri. Það er leitt, að þessi vegur hefir ekki fengist tekinn í þjóðvegatölu, en eins og þetta liggur fyrir getur nefndin ekki mælt með því. Þá mundi koma látlaus straumur líkra fjárbeiðna á eftir frá öðrum.

Þá er að minnast á nýjan lið við 13. gr. B. II. a. 3, um að veita 15 þús. kr. til Vesturlandsvegar. Nefndin er ókunnug þessu máli; það hefir ekki legið fyrir henni og hún hefir ekki treyst sjer til að vera með því, en er óskift á móti.

Þá er næstur hv. þm. Ak. (BL). Jeg þarf engu að svara viðvíkjandi veginum að Kristsnesi. Jeg hafði skilið það svo, ef Eyjafjarðarbrautin að Kristsnesi yrði tekin í þjóðvegatölu, yrði ekki gerð krafa til þess, að þessi vegur væri kostaður af ríkissjóði. En nú er sýnilegt, að hv. þm. Ak. (BL) og hv. 2. þm. Eyf. (BSt) vilja fá þetta hvorttveggja. Annars skal jeg taka það fram, að fjvn. hefir óbundin atkvæði um þetta.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 248, frá meiri hluta sjútvn., sem nýlega hefir ver-

ið útbýtt, þess efnis, að veita 25 þús. kr. til hljóm- og ljósdufla á Valhúsgrunni og Siglufjarðarhellu, ⅔ kostnaðar, sem greiðast eiga úr ríkissjóði. Um þessa till. hefir ekkert verið rætt í nefndinni, og vil jeg því skjóta því til hv. flm., hvort þeir vilja ekki taka hana aftur til 3. umr.

Jeg held, að það sjeu nú ekki fleiri till., sem jeg þarf að tala um, og get jeg því lokið máli mínu. Vænti jeg, að jeg hafi ekki gefið mörgum tilefni til þess að taka til máls, þar sem jeg hefi farið mjög hóflega í sakirnar.

Pjetur Ottesen: Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) sagði viðvíkjandi 1. brtt. minni á þskj. 230. Hann sagði, að sú væri ástæðan til þess, að meiri hl. fjvn. legði á móti þessari till., að hún mundi skapa fordæmi. En hann gat þess jafnframt fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að hann mundi vera með brtt. hv. þm. Ísaf. (SigurjJ). Það er að vísu talið, að eftirgjöfin á dýrtíðarláni Ísafjarðarkaupstaðar eigi að ganga upp í kostnað við bryggjugerð á Ísafirði og mannvirkja við hana, en það er þó ekki svo að öllu leyti, því á þskj. 230 stendur: „Styrkurinn greiðist þannig, að dýrtíðarlán kaupstaðarins við ríkissjóð lækki um þessa upphæð, en ógreiddir áfallnir vextir af upphæðinni falli niður.“

Nú er það upplýst, að Ísafjarðarkaupstaður hefir ekki greitt vexti af þessu dýrtíðarláni í nokkur ár, og er því meiningin að gefa þá eftir, án þess að sú eftirgjöf teljist styrkur til fyrumgetins mannvirkis, en þeir eru orðnir ⅓ af þeirri upphæð, sem jeg fer fram á, að eftir sje gefin. Þetta er því hliðstætt minni brtt., og fæ jeg ekki betur sjeð en að meiri hl. fjvn. sje búinn að skapa hjer fordæmi. Auk þessa gaf síðasta þing eftir 3000 kr. lán til mötuneytis kennaraskólans, og nú er farið fram á að gefa eftir 3000 kr. lán til mötuneytis stúdenta. Hjer er því nóg af fordæmunum. Hjer er því aðeins um það að ræða, hvort það sje sanngjarnt eða rjett að gefa þessa upphæð eftir. Og jeg get fullvissað hv. deild um það, að það er ekki að ástæðu- eða nauðsynjalausu, að jeg fer fram á þetta. Hjer er um að ræða fátækt og fáment hreppsfjelag, sem varð þunglega og tilfinnanlega fyrir barðinu á styrjöldinni miklu. Síðan hafa skuldir þess vaxið, en fólkinu fækkað og þar af leiðandi gjaldþol hreppsfjelagsins minkað. Ef þetta verður ekki gefið eftir, þá gæti svo farið, að þetta hreppsfjelag verði að neyðast til að leita á náðir þess opinbera, eins og sum önnur hafa orðið að gera á undanförnum árum. En ef þessari skuld yrði ljett af hreppnum, mundi það stuðla mjög að því, að hægt væri að sjá fjárhagslegri afkomu hreppsins borgið og lyfta þeim bagga, sem eftir er. Jeg vænti þess fastlega, að háttv. deild geti fallist á nauðsyn þessarar eftirgjafar og veiti hana.

Jeg hafði ætlað mjer að minnast á brtt. samgmn., en með því að þær eru teknar aftur til 3. umr., get jeg látið það bíða þangað til.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla mjer ekki að ræða um þær brtt., sem jeg er riðinn við, þótt ástæða væri til að segja ýmislegt um þær. Jeg stóð upp aðeins til að taka afstöðu til brtt. á þskj. 245, frá fjhn. Hún er svo fram sett, að það má virðast, að fjhn. standi óskift um hana. En jeg gat ekki fallist á ástæður hinna um að fella niður skólagjöldin. Jeg bjóst því við, að tillagan kæmi fram sem till. frá meiri hl. fjhn., eða þá að frsm. hennar mundi

geta þess í framsögunni, að jeg væri á móti henni. Skólagjöldin eru vitanlega sett til þess að jafna aðstöðu þeirra, er skólana sækja, þeirra, er geta sótt þá frá heimilum sínum, og hinna, sem það geta ekki, og tel jeg þau síst of há til að jafna þann mun, og tel jeg því rjettmætt að hafa þau, sjerstaklega þegar heimild er þá til þess að veita fátækum, efnilegum nemendum undanþágu frá gjaldinu. Það er að vísu rjett, að ríkissjóðinn munar minna um þetta en einstaklingana, en slíkt má segja um svo margt, t. d. skatta og tolla. Ríkissjóðinn munar minna um framlag einstaklingsins en einstaklinginn sjálfan.

Jeg vildi aðeins leiðrjetta þetta, til þess að menn misskildu ekki, hvers vegna jeg greiði atkv. á móti þessari brtt.

Sigurjón Jónsson: Jeg er hv. frsm. og hv. fjvn. þakklátur fyrir undirtektir við brtt. mína, II. á þskj. 230, og býst við, að skoða megi þær sem fyrirboða þess, að brtt. verði samþykt, því að það er, eins og hv. frsm. rjettilega tók fram, ekki hægt fyrir ríkissjóð að komast hjá því að greiða þennan styrk fyr eða síðar.

Út af því, sem háttv. þm. Borgf. (P-O) sagði, að vextir væru ógreiddir, þá er það rjett. Vextir voru síðast greiddir 27. ágúst 1924. Þetta vil jeg upplýsa, til þess að ekki sje hægt að segja, að nokkur launung sje yfir því af minni hálfu. En þá voru greiddir vextir fram yfir áramót 1924, svo að nú eru liðugir tveggja ára vextir ógreiddir.

Þá vil jeg minnast á aðra brtt., sem jeg ber fram á þskj. 230, um lokastyrk til byggingar sjúkrahúss á Ísafirði. Mjer þykir vænt um, að hv. fjvn. hefir getað ljeð fylgi sitt með þeim rjettmætu tilmælum að fá þennan ⅓ hluta, sem ríkissjóður á enn ógreiddan. En jeg skal geta þess, að hjer er ekki að ræða um liðug 7 þús., heldur tæp 8, eða sem nákvæmast 7716 krónur. Það er satt, að inn í þetta mál hefir blandast verðtollur, sem farið er fram á, að gefinn sje eftir. Það er ekki ósanngjörn krafa. Þegar áætlun var gerð um bygginguna, var hvorki til verðtollur nje 25% gengisviðauki, en af báðum þessum ráðstöfunum þingsins varð sjúkrahúsbyggingin dýrari en ella. Jeg fór fram á, að þetta væri eftir gefið í fyrra, en því var þá synjað. Þótti mjer því rjett að slengja 2000 kr. ofan á þessa upphæð nú. Það hefir verið borgað af Ísafirði í ríkissjóð meira en sú upphæð vegna verðtollsins og gengisviðaukans. Jeg vænti því, að háttv. deild sjái, að hjer er ekki um ósanngirni að ræða.

Jakob Möller: Aðeins örfá orð út af því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði viðvíkjandi athugasemdum mínum. Hann sagði viðvíkjandi því, að stjórnin hefði getað felt niður gengisviðaukann á vörutolli, að fjhn. Nd. hefði komist að þeirri niðurstöðu, að til þess að fella hann niður þyrfti lagaboð. Það er rjett, að fjhn. leit svo á, að úr því að þingið væri komið saman, þá færi betur á því, að svo væri. En jeg sagði aðeins, að stjórnin mundi ekki hafa verið áfeld, þótt hún hefði felt hann niður fyrir þing í sambandi við hækkun krónunnar sl. haust, og það því síður, sem vafi leikur á, hvort lagaboð þurfi til þess að fella gengisviðaukann niður, er lögin um hann eru heimildarlög. Hæstv. fjrh. sagði, að það þyrfti að áætla tekjur fjárlaganna varlega og væri best að áætla þær sem lægst, því að gjöld færu altaf fram úr áætlun. Það ætti nú að vera hægur hjá

að áætla gjöldin nokkurnveginn nákvæmlega. En jeg álít óforsvaranlegt að áætla ekki þau gjöld líka, sem greiða verður samkvæmt sjerstökum lögum, þótt ekki sjeu þau fjárlög. Að öðrum kosti er ekki hægt að gera nákvæma fjárhagsáætlun. Hæstv. fjrh. kvað það ekki varlegt að hækka tekjuáætlunina meira en gert hefir verið, jafnvel ekki meira en gert er í frv. stjórnarinnar, því að ekki væri líklegt, að árið 1927 yrði betra tekjuár en árið 1924, en þá hefðu ekki verið meiri tekjur en gert væri ráð fyrir í frv. stjórnarinnar. Nú er við þetta að athuga, að árið 1924 naut ekki gengisviðauka nema að litlu leyti og að árið 1924 var ekki eins gott tekjuár og afkoman benti til. Árin tvö á undan 1927 eru og mjög ólík tveimur árunum á undan 1924, en það hefir mikla þýðingu, hvernig árin á undan eru. Af þessu hygg jeg, að ekki muni vera óvarlegt að gera ráð fyrir því, að árið 1927 verði betra en 1924, enda skildist mjer það nú á hæstv. fjrh., að hann væri ekki á móti hækkunum þeim, er fjvn. hefir lagt til.

Hið eina, sem jeg get fengið út, að vaki fyrir honum með því að áætla tekjurnar mjög lágar, er það, að þá verði sá tekjuafgangur, sem síðar megi verja til þess að lækka skattana; að sjóðsöfnun þeirri, sem vænta má að leiði af of lágri tekjuáætlun, verði að einhverju leyti varið til þess að draga úr skattabyrði þjóðarinnar. En við þetta er það að athuga, að of lág tekjuáætlun gerir það að verkum, að mjög verður erfitt að fá þingið til að fallast á nokkra skattalækkun. Nei, jeg held áreiðanlega, að þegar um er að ræða að lækka skattabyrðina, takist það betur og sje að mestu undir því komið, að fjárlögin sjeu rjett úr garði gerð; að áætlanirnar sjeu eins nærri því að vera rjettar og hægt er að gera þær. Jeg held því, að þetta sje mest undir því komið, hvernig fjárlögin líta út, og þegar skattalækkunin var til umræðu í fjhn., varð það þess vegna að samkomulagi að fresta ákvörðunum í því efni, þar til 2. umr. fjárlaganna væri um garð gengin, svo hægra væri að gera sjer hugmynd um jafnvægið á fjárhag ríkissjóðs, er sýnt væri, hvernig fjárlögin mundu líta út hjá þinginu. Ef jafnvægi helst á tekjuáætluninni, en gjöldin fara fram úr áætlun stjórnarinnar, verður annaðhvort enginn tekjuafgangur eða jafnvel tekjuhalli, og þá verður erfitt að fá nefndina til að gera tillögur um lækkun á sköttum, því þá yrði tekjuhallinn orðinn meiri. Jöfnuður á fjárlögunum segir til um það, hvað ríkissjóður þarf að fá í tekjur, og við það verður að miða.

Háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) hafði það eftir mjer, að jeg teldi það ekki hættulegt, þó að allar brtt. á þskj. 230 yrðu samþyktar. Mjer taldist svo til, að það yrði um 280 þús. kr. gjaldaauki; en jeg taldi alls ekki rjett, að þær yrðu *allar* samþyktar, en jeg sagði, að þó að þær yrðu allar samþyktar, yrði það ekki hættulegt fyrir jöfnuðinn á landsreikningnum. Þetta bygði jeg á áætlunum fjhn. og fjvn. Fjhn. hafði áætlað, að hækka mætti tekjubálkinn um 450 þús. kr., en fjvn. 310 þús. kr. Munar á þessu ekki nema 140 þús., eins og hv. form. fjhn. tók fram. En við þetta er það að athuga, að form. fjhn. hefir ekki viljað viðurkenna áætlun fjvn. Fjvn. hefir sem sje sumpart hækkað aðra liði en fjhn., suma meira en fjhn., en fjhn. telur aftur óhætt að hækka liði, sem fjvn. hefir ekki lagt til að hækka.

Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að fara út í einstaka liði áætlananna, en ef treysta má áætlun fjvn. um að óhætt sje að hækka þá tekjuliði, sem hún hefir

gert till. um, verð jeg að telja óhætt, samkvæmt niðurstöðu fjhn. um aðra liði, að hækka tekjurnar enn um 275 þús. kr., en það svarar sem næst til brtt. á þskj. 230.

Það er mín skoðun, að það sje jafnskylt að áætla tekjurnar sem næst því, er þær munu verða, alveg eins og útgjöldin. Það gilda alveg sömu reglur um hvorttveggja. Það er nauðsynlegt að hafa sem rjettasta áætlun um fjárhag ríkisins, til þess að þingið geti farið sem næst því rjetta um allar skattaálögur. Sje tekjuáætlunin of lág, verða skattarnir of háir, en það er óforsvaranlegt, að skattabyrðin sje þyngri en þörf er á. Jeg er í þessu efni í algerðri andstöðu við fjölda manna, sem hrósa sjer af því að vera gætnir og hyggnir fjármálamenn og þykjast vilja fara að öllu varlega. Jeg tel það alls ekki gætilega að verið eða rjettilega, samfara töluverðri hækkun á gengi peninga okkar, sem kemur alltilfinnanlega hart niður á ýmsum atvinnuvegum, að hafa um 5 milj. kr. tekjuafgang á landsreikningnum. Að vísu er það gott fyrir ríkissjóðinn að fá þetta fje, en það er fullnærri gengið atvinnuvegunum að taka það af þeim; þeir hafa orðið að þola hart til þess að fita ríkissjóðinn.

Söfnun í ríkissjóð hefir tvær hliðar. Það getur orðið hvatning til eyðslu á ýmsum sviðum, og væri því rjettara að athuga, hvort ekki væri affarasælla að fara gætilega í þessu efni.

Háttv. frsm. fjvn. tók alldauflega í það að ljetta af skólagjöldunum. Skólagjöld eru, eins og þau eru nú tekin, afskaplega ranglát gjöld. Þau eru tekin af fátækum sem ríkum í bæjunum, þar sem skólarnir eru, en utan skólabæjanna sleppa menn algerlega við þau, ríkir sem fátækir, jafnvel auðmenn á okkar mælikvarða. Jeg veit til þess, að margir hafa orðið að taka allnærri sjer til að geta int þessi gjöld af hendi og hafa jafnvel orðið að fá fje til þess að láni. Hinsvegar er þessi tekjuliður gersamlega einskis virði fyrir fjárhag ríkissjóðs. Jeg man ekki betur en að hæstv. fjrh. hafi upplýst, að hann hafi síðastl. ár orðið um 6 þús. kr., en var áætlaður 15 þús. kr. Hvort heldur sem er, hefir þetta engin minstu áhrif á hag ríkissjóðs, en þetta er mjög ranglátt gjald og mjög tilfinnanlegt þeim, sem eiga að greiða það.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þó að það skifti raunar ekki miklu máli fyrir þann ágreining, sem hjer hefir komið fram í umr. á milli hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM), um grundvallarreglur við áætlun á tekjuhlið fjárlaganna, ætla jeg samt að segja hjer fáein orð.

Háttv. 3. þm. Reykv. segir, að grundvöllurinn undir skattalækkun, ef skattar eru of þungir, fáist með því að áætla tekjurnar sem allra næst því rjetta. Háttv. frsm. fjvn. segir, að þetta náist að mun betur með því að áætla tekjurnar gætilega. Jeg verð að segja það, að jeg fellst algerlega á skoðun hv. frsm. fjvn. Eina ráðið til að halda sköttunum niðri er að hafa hemil á útgjöldunum, en til þess er besta ráðið gætileg tekjuáætlun. Þetta vita allir, sem við þingstörf hafa fengist að nokkru ráði, að besti hemillinn á útgjöldunum er sá, ef tekjurnar eru gætilega áætlaðar. Það má ætíð ganga að því vísu, að hver einasta hækkun á tekjuáætlun hefir tilsvarandi aukning á útgjöldum í för með sjer. Þetta vita allir, og er það hinn raunverulegi grundvöllur undir allri skattaálagningu. Það er að vísu gott að geta haft tekju- og gjaldaáætlanirnar sem næst því rjetta, og er vitanlega gert að því

leyti sem því marki verður náð. Til þess að fá allar áætlanir sem næst því rjetta yrði því að fara að eins og hygginn verkfræðingur gerir, er hann býr til kostnaðaráætlanir um einhver fyrirtæki, — þ. e. að leggja ofan á hæfilega mörg % af útgjaldaupphæðinni, til þess að vera viðbúinn ófyrirsjáanlegum atvikum. Jeg skal játa, að ef bætt yrði við ca. 10—15% ofan á útgjaldahlið fjárlaganna, mætti komast að mun nær því rjetta; en þetta er samt aldrei gert, enda eru fjárlögin ekki þannig sniðin, að hægt sje að „slumpa" þannig til um ofanálagsupphæð, og því er ekki annað að gera en að hafa tekjuáætlunina sem gætilegasta, til þess að auðveldara verði að halda útgjöldunum í horfinu.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það var einn liður, sem jeg gleymdi áðan að tala um, en það var 8. brtt. á þskj. 230, frá hv. þm. Ak. (BL), um 4 þús. kr. til Jóns Kristjánssonar veitingamanns, til að bæta honum skaða af sóttvarnarráðstöfunum. Það er alveg rjett, að þingið hefir áður gengið inn á þessa braut; eftir margítrekaðar tilraunir um fleiri ár var það að lokum samþykt, en fjvn. hefir ávalt verið á móti þessu, og eins er hún það nú. Það er að vísu satt, að ástæður geta verið alveg sjerstakar, og fordæmið er til, því verður ekki neitað, en menn verða oft allhart úti og verða oft fyrir miklum útgjöldum, en ríkið getur ekki altaf hlaupið undir bagga með hverjum einstökum manni. Þrátt fyrir fordæmi það, sem til er í þessu efni, legg jeg þó fyrir hönd nefndarinnar eindregið á móti því, að þessi brtt. verði samþykt.

Þá voru það fáein orð, sem jeg átti eftir til háttv. þm. Borgf. (PO). Hann vildi gera brtt. sína hliðstæða við brtt. hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) og taldi það eftirgjöf, sem sú brtt. fer fram á. En þar er ekki um eftirgjöf að ræða. Stjórnin var búin að gera þær ráðstafanir, að þetta varð að gera. Háttv. þm. drap á aðra brtt., en hún kemur mjer ekki við, því hún tilheyrir þeim kafla fjárlaganna, sem jeg hefi ekki framsögu fyrir, en jeg veit, að hv. þm. Str. (TrÞ) muni svara þar til. Háttv. þm. veit, að þetta er ekki samkv. till. fjvn., og hann hefir sjálfur oft lagst á móti eftirgjöfum.

Þá ætla jeg heldur ekki að fara að stæla um það, hvort 8 þús. sje ekki meira en 7 þús., en nefndin er öll á móti þessari brtt., og ef hv. flm. vill fá brtt. framgengt, væri betra að taka brtt. aftur til 3. umr.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) og háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) þarf jeg ekki að svara; það hefir hæstv. fjrh. (JÞ) gert, og þarf jeg því ekki að tala frekara að þessu sinni.

ATKVGR. um 1.—13. gr.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 245,1 tekin aftur.

— 184,1 samþ. með 19:4 atkv.

— 184,2 samþ. með 19:3 atkv.

— 184,3 samþ. með 17:4 atkv.

— 184,4 samþ. með 15:5 atkv.

— 184,5 samþ. með 16:4 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 230,I feld með 14:10 atkv.

— 230,II samþ. með 21:3 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

6.—9. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 184,6 feld með 17:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JörB, KlJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt.
nei: HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, MG, MJ, ÓTh, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, BSv.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
11. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 184,7.a.—b. samþ. með 23 shlj. atkv.
— 184,8 samþ. með 16:5 atkv.
— 230,III samþ. með 15:7 atkv.
— 230,IV feld með 14:7 atkv.
— 230,V tekin aftur.
— 184,9 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 230,VI samþ. með 14:11 atkv.
— 230,VII tekin aftur.
— 184,10 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 184,11 samþ. með 20:2 atkv.
— 184,12 samþ. með 18:3 atkv.
— 230,VIII feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BL, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, ÓTh, PÞ, SigurjJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BSv.
nei: HStef, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 230,IX tekin aftur.
— 230,X samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KlJ, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, BSv.
nei: JK, JS, JÞ, MG, MJ, MT, ÓTh, SigurjJ, ÞórJ, BL, HK, JAJ.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Brtt. 184,13 sjálffallin.
— 230,XI samþ. með 16:6 atkv.
— 230,XII (aðaltill.) feld með 16:6 atkv.
— 230,XII (varatill.) feld með 14:11 atkv.
Brtt. 230,XIII samþ. með 15:10 atkv.
— 184,14 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 184,15 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 184,16 samþ. án atkvgr.
— 230,XIV.1 tekin aftur.
— 230,XIV.2 tekin aftur.
— 230,XV samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JörB, KlJ, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, IngB, BSv.
nei: JK, JS, JÞ, MG, MJ, ÓTh, PÞ, SigurjJ, JAJ, JBald.
JakM greiddi ekki atkv.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Brtt. 184,17 sjálffallin.
— 184,18 samþ. með 17:2 atkv.
— 184,19.a samþ. með 14:3 atkv.
— 184,19.b tekin aftur.
— 184,20 samþ. með 14:2 atkv.
— 248,I tekin aftur.
13. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 44. fundi í Nd., þriðjudaginn 30. mars, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 1, n. 197 og 240, 184, 230, 239, 245, 248, 257, 259).

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg ætla ekki að gera neinar almennar athugasemdir um fjárhagsástandið við framsögu þessa kafla, enda er það ekki venja. Skal jeg reyna að hafa framsögu mína eins stutta og unt er og vísa aðallega til nál.

Hinsvegar skal jeg gefa stutt yfirlit um brtt., bæði þær, sem fjvn. hefir borið fram, og eins um brtt. einstakra þingmanna, og bera þær saman við brtt. í fyrra. Kem jeg þá fyrst að brtt. fjvn. *Hækkunartill.* hennar við frv. eru þessar:

Við 14. gr. .... kr. 50300
— 15. — .... — 6000
— 16. — .... — 118700
— 17. — .... — 5000
— 18. — .... — 9600

þar með talin dýrtíðaruppbót, og verða þetta samtals kr. 189600,00. *Lækkunartillögur* fjvn. eru þessar:

Við 14. gr. .... kr. 5000
— 15. — .... — 8200
— 16. — .... — 3000
— 18. — .... — 2640

þar með talin dýrtíðaruppbót, og verða þetta samtals kr. 18840,00. Raunverulegar hækkanir hjá fjárveitinganefnd nema því kr. 170760,00.

Þá eru *hækkunartillögur* einstakra þm.

Við 14. gr. .... kr. 24800
— 15. — .... — 27300
— 16. — .... — 76500
— 18. — .... — 1280

með dýrtíðaruppbót. Verða þetta samtals kr. 129880,00. Þar frá dragast kr. 1200,00, sem er eina *lækkunartillaga* einstakra þm., og verða þá eftir kr. 128680,00. Jeg skal geta þess í sambandi við þessar tölur, að þar sem um varatillögur er að ræða, þá er ætíð tekin hærri upphæðin.

Hækkunartillögur, að frádregnum lækkunartillögum, eru því:

Frá fjvn. ..... kr. 170760,00
— einstökum þm. .. — 128680,00

eða samtals .... kr. 299440,00

En við umr. þessa kafla fjárlaganna í fyrra námu hækkunartillögur:

Frá nefndinni um .... 220000 kr.
— einstökum þm. um .. 380000 —

eða samtals um ... 600000 kr.

Eins og sjest á þessu yfirliti, eru hækkunartillögur fjvn. nú um 50 þús. kr. lægri en í fyrra. En hækkunartillögur einstakra þm. eru rúmlega þrisvar sinnum lægri en þær voru í fyrra við 2. umr. þessa kafla fjárlaganna. Í fyrra voru hækkunartillögur einstakra þingmanna miklu hærri en fjvn., en nú eru till. nefndarinnar stórum hærri en einstakra þingmanna.

Jeg skal þá ekki hafa fleiri inngangsorð í þessari ræðu, en vík að hinum ýmsu brtt. og kem þá fyrst að brtt. við 14. gr.

Þar lágu fyrir fjvn. um 50 erindi. Var mörgum þeirra sint, en fleirum þó vísað á bug og sum hafa ekki verið athuguð til fullnustu, eða ekki fengist um þau nægar upplýsingar.

Um 1. brtt. a., um 1000 kr. til dómkirkjuprestsins í Reykjavík fyrir skýrslugerðir, get jeg vísað til nál. Kirkjumálaráðherra bar þetta erindi upp fyrir nefndinni, og þótti henni sjálfsagt að fallast á að taka þetta upp. Geri jeg ráð fyrir, að þetta hafi gleymst í launalögunum. Jeg skal benda á, til viðbótar því, sem stendur í nál., að ef þessi upphæð væri ekki veitt, þá mundi enginn prestur sækja úr embætti annars prests í Reykjavík í dómkirkjuprestsembættið, því að hann hefði ekki annað upp úr því en stórkostlegt erfiði. Því að hjer er um mjög mikla vinnu að ræða, sem eingöngu hvílir á dómkirkjuprestinum fyrir alt kallið. Og mjer finst sjálfsagt, að sá prestur, sem hefir virðulegasta prestsembætti landsins á hendi, hafi dálítið hærri laun en aðrir prestar.

Þá kemur b.-liður till., um erfiðleikauppbót til Ögurþinga. Um það vísa jeg til nál. og svo getur hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) gefið nánari upplýsingar um það, ef óskað er. Það var farið fram á 600 kr., en fjvn. leggur til, að veittar verði 300 kr., en ætlast svo til þess, að það verði árleg greiðsla.

Í fjárlagafrv. hæstv. stjórnar voru ætlaðar 20 þús. kr. til húsabóta á prestssetrum, samkvæmt till. biskups. Hefir hann gert þá grein fyrir því, hvernig styrkur þessi eigi að notast, að hann eigi að verða lokastyrkur til Staðar í Steingrímsfirði, til Steinness og Saurbæjar í Eyjafirði og ef til vill til Skeggjastaða. Hækkunin, sem hjer er farið fram á, ætlast nefndin til að gangi til Holts undir Eyjafjöllum, og vísa jeg þar um til nál. En jeg skal þó bæta því við, að þarna er ákaflega veðrasamt, en húsið er orðið gamalt og feyskið og svo illa gengið frá þaki þess, að stórhætta er á, að þakið sviftist af og jafnvel að húsið fjúki. Enda fauk járn af því ekki alls fyrir löngu. Það er ómögulegt að gera við gamla húsið eins og það er, en viðir úr því og járn geta komið að gagni. Hjer þarf að reisa nýtt hús úr steini, en vitanlega fer um það eftir fyrirsögn húsameistara ríkisins. Jeg skal og geta þess, að meðmæli biskups eru með þessu. Jeg minni aðeins á það að lokum, að hjer er ekki um styrk að ræða, heldur lán, en að vísu með góðum kjörum. Og jeg get enn tekið það fram, sem jeg vjek að nánar í fyrra í sömu framsögu og þessari, að ríkinu ber tvímælalaus skylda til að bjóða prestum sæmileg kjör til að húsa prestssetrin. Má búast við nokkrum fjárframlögum í þessu skyni um takmarkaðan tíma, en því næst rekur að því, að það smáhverfi.

Fjvn. vill, að niður falli liðurinn í frv. um malbikun á mentaskólagarðinum. Jeg hefi ekki margt um þetta að segja. Vitanlega væri þessi till. og aðrar till. landlæknis, sem nefndar eru í nál., mjög æskilegar. En jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að mjer finst margt kalla meira að, t. d. það, að setja miðstöðvarhitun í skólahúsið. Að því yrði bæði sparnaður og hollusta. Hjer er að vísu ekki um mikið fje að ræða, en þegar þess er gætt, hvað öðrum skólum er sniðinn þröngur skór, þá gat fjvn. ekki fallist á, að þetta væri aðkallandi. Og satt að segja hefði það næstum þótt hlægilegt í minni tíð í skóla, ef átt hefði að mylja þannig undir okkur.

Nefndin hefir falljst á það, að keypt yrði skuggamyndavjel og fleiri kensluáhöld til Akureyrarskólans, og vísa jeg um það til nál. Það er fullvíst, að náttúrufræðikennarinn, Guðmundur G. Bárðarson, hefir unnið mikið og óeigingjarnt starf með aðstoð lærisveina sinna um að bæta söfn skólans og kensluáhöld, og virðist því einsætt, að nokkuð eigi að koma á móti af ríkisins hálfu.

Jeg skal fara fáum orðum um 25. brtt. Fjvn. fjellst á till. stjórnarinnar um að veita 10 þús. kr. til aukningar Hólabúsins, en hún vildi, að um leið væri sett það skilyrði, að skólastjóri tæki sjálfur við því. Skólastjóri hefir ekki haft búið sjálfur að undanförnu, heldur annar maður, en hann mun nú vera á förum í vor.

Þá er till. um að veita 1000 kr. í stað 500 til kensluáhaldakaupa handa Hvanneyrarskóla. Hjer er um fjölsóttari skóla að ræða en Hólaskóla, og verður ekki annað sagt en sanngirni mæli með þessu.

Þá koma 6 þús. kr. til miðstöðvarhitunar og raflýsingar Blönduósskólans. Fjvn. varð að kannast við, að sá skóli hefði ekki verið neitt eftirlætisbarn Alþingis. Honum hefir ekki verið lagður stofnkostnaður neitt í líkingu við aðra hjeraðsskóla, en sýslurnar hafa staðið þar myndarlega undir, og nú er komin mjög farsæl reynsla um hið nýja skipulag hans. Þar eru ágætis kenslukraftar og fjölbreyttilegri kensla en áður. Og þar á nú að hefja enn fjölbreyttari starfsemi en áður, svo sem með því að rækta í kringum skólahúsið og

koma þar upp gróðrarstöð og garðyrkjukenslu, og mun Búnaðarfjelagið styrkja að einhverju þá umbótaviðleitni.

Þá koma þrjár till. um hjeraðsskóla. Er þá fyrst 20 þús. króna framlag, sem háttv. deild veit að er í beinu framhaldi af fjárveitingu í fyrra, sama upphæð og með sömu skilyrðum og í núgildandi fjárlögum og ætlað er til þess að reisa hinn nýja hjeraðsskóla í Árnessýslu. Það er nú svo langt komið, að lokaákvörðun verður tekin um það á 3. í páskum, hvar skólinn á að standa. Og meðal annars mun það ráðið, að besti kennimaður Árnessýslu verður skólastjóri, og er það vel farið.

Þá er önnur tillaga um lokastyrk til Hvítárbakkaskólans, og vísa jeg um það til nál. Er þetta gert til samræmis um stofnstyrk annara hjeraðsskóla. Borgfirðingar hafa lagt mikið á sig til að halda skólanum uppi, og nú ætlar formaður skólanefndar að flytja sig þangað búferlum, og er enginn efi á, að það verður skólanum til góðs.

Þá er þriðja fjárveitingin til skólans á Laugum í Þingeyjarsýslu. Jeg skal geta þess, að það er prentvilla í þskj., ⅔ í stað ⅖, sem er það hlutfall, er gilt hefir. Það lágu fyrir upplýsingar um skólann og reikningar, er sýna, að skólinn á sanngirniskröfu til þessa lokastofnstyrks. Mun ekki ofmælt, að þetta er einhver fullkomnasti hjeraðsskólinn. Annars getur hv. þm. S.-Þ. (IngB) gefið nákvæmari upplýsingar um skólann.

Þá kemur styrkur til húsmæðraskólans á Ísafirði. Styrkur til hans hefir um hríð verið í fjárlögum. Nú vill nefndin hækka hann um 1500 krónur. Annars vísa jeg um þetta til nál., en get þess aðeins, að nefndin hefir fengið góðar fregnir af skólanum.

Þá eru ekki fleiri brtt. við 14. gr., og kem jeg þá að brtt. við 15. gr.

Fyrir nefndinni lágu 62 erindi frá stofnunum og einstaklingum, og var þar á meðal fjöldi utanfararstyrkja. Nefndin hefir orðið allharðhent á þessum erindum, og bið jeg ekki afsökunar hennar vegna út af því. Hún hafnaði flestu, enda erfitt að gera upp á milli.

Kem jeg þá að 1. brtt. við þessa grein. Hún hefir engin aukin eða minkuð útgjöld í för með sjer, heldur er það aðeins orðalagsbreyting, gerð samkvæmt ósk þjóðskjalavarðar.

Önnur brtt. er gerð samkvæmt ósk fornmenjavarðar. Að vísu hafði hann farið fram á ýmislegt fleira safninu viðvíkjandi, en nefndinni fanst rjett að taka þetta til greina.

Þá er 3. brtt. við þessa grein, 3000 kr. til bókasafns Þingeyinga á Húsavík, og er það húsbyggingarstyrkur til minningar um Pjetur heit. Jónsson frá Gautlöndum. Það á nú að fara að reisa hús yfir hið myndarlega bókasafn Þingeyinga, og er sú bygging gerð til minningar um stofnendur og aðalstuðningsmenn þess, Pjetur Jónsson og Benedikt Jónsson frá Auðnum. Fjvn. fanst sjálfsagt að styrkja þetta, bæði vegna þess, að hjer er um myndarlegasta hjeraðabókasafn að ræða, og eins vildi hún heiðra minningu Pjeturs Jónssonar. En hún lækkaði þó þá upphæð, sem farið var fram á að fá til þessa.

Um 4. brtt. get jeg vísað til nál., því að engin ástæða er til þess að fjölyrða þar um. Nefndin áleit, að þegar styrkur til skálda og listamanna væri bútaður svo smátt sem verið hefir, þá kæmi hann að litlu gagni, og þess vegna vill hún, að þetta skilyrði sje í fjárlögunum, að engum sje veittur minni styrkur en 1000 kr.

5. brtt. er ekki annað en tilfærsla milli greina, þannig, að styrkur Hjálmars Lárussonar hins oddhaga færist aftur í 18. gr. Um þetta vísa jeg til nál. Þessi maður er heilsulaus öryrki, og nefndin áleit rjett, að hann fengi því ríflegri styrk sem dýrtíðaruppbót nemur.

Þá hefir nefndin orðið sammála um að fella niður þann styrk, er Ed. kom inn í fyrra til dr. Guðbrands Jónssonar fyrir að rita menningarsögu Íslands á miðöldunum. Fyrir nefndinni lágu umsóknir frá landsbókaverði og fornmenjaverði um ritstyrk. Nefndin treystist ekki til þess að sinna þeim, og því til samræmis vill hún fella niður þennan lið.

Næst er tillaga nefndarinnar um að fella niður styrkinn til Sveinbjörns Högnasonar. En hún er tekin aftur eftir nánari athugun, að fengnum frekari upplýsingum.

Þá er styrkurinn til Helga Briems, sonar Páls heitins Briems amtmanns. Það eru 1500 kr. til þess að ljúka námi í hagfræði. Hefir hann lagt stund á skattamál sem sjerfræði. Er landinu mjög nauðsynlegt að fá fræðimann í þessari námsgrein. Vill nefndin því fyrir sitt leyti styrkja þennan unga og efnilega mann við námið. Er þessi liður sambærilegur við styrkinn til Gunnlaugs Briems til sjerfræðináms.

Í fyrra lagði fjvn. til, að dr. Jóni Stefánssyni yrði veittur styrkur til þess að rita sögu Íslands á ensku, og átti hún svo að koma út í stóru ritsafni, þar sem dr. Jón hefir áður ritað sögu hinna annara Norðurlanda. Hefir hæstv. landsstjórn nú felt niður styrkinn, enda átti hann ekki að vera nema í eitt skifti. Dr. Jón Stefánsson kom á fund nefndarinnar og óskaði eftir, að styrkurinn yrði tekinn upp aftur, þar sem hann mundi verða lengur með þetta verk en nefndin hafði upphaflega gert ráð fyrir. En hann vill, að myndarlega verði frá því gengið. Samkvæmt ósk hans ber því nefndin fram þessa brtt., og er ætlast til, að styrknum verði þar með lokið.

Síðast í 15. gr. er svo tillaga um að fella niður lið þann, er nefnist í frv.: Ferðastyrkur til útlanda. Er ekki ástæða til þess nú fremur en áður að hafa þennan lið. Hefir hæstv. landsstjórn ætíð tekið slíka styrki upp í aukafjárlög, og má svo einnig gera hjer eftir. Lítur nefndin svo á, að með því að hafa slíkan lið standandi í fjárlögum sje ýtt undir um að veita slíka styrki, og er engin ástæða til þess að gera það.

Þá er komið að 16. gr. Lágu þar fyrir nefndinni 50 erindi, og skal jeg geta þess, að við þá gr. hefir nefndin sint hlutfallslega langflestum erindum. Eru því flestar og mestar hækkunartillögur við þá gr. Þykir mjer og hin mesta ánægja að bera fram og mæla með þessum tillögum.

Fyrsta tillaga nefndarinnar er að hækka liðinn til sandgræðslu um 15 þús. kr. Er hún gerð samkvæmt tillögum atvrh. og búnaðarmálastjóra, en var þó beiðni þeirra nokkru hærri en hjer er farið fram á. Get jeg að mestu vísað til nál. um þetta mál. Á nú að taka upp nýja stefnu í þessu máli, taka fyrir og girða stærri landssvæði en áður, og á að byrja austur í Rangárvallasýslu. Jeg skal benda á, að alt það fje, sem veitt er til sandgræðslu, fer til framkvæmda, því að stjórnarkostnaður er enginn. Atvinnumálaráðuneytið og Búnaðarfjelag Íslands annast yfirstjórnina án sjerstaks kostnaðar. Er gleðilegt til þess að vita, að alstaðar þar, sem lagt hefir verið fram fje til þessara framkvæmda, er árangurinn þegar orðinn

ágætur. En allvíða mun þörf slíkra framkvæmda svo fljótt sem efni leyfa.

Þá er hjer tillaga um að hækka styrkinn til búnaðarfjelaga úr 15 þús. upp í 20 þús. kr. og láta honum fylgja athugasemd. Þetta er gamall kunningi, sem allir kannast við. Það hefir verið talað um það áður og háttv. Nd. ávalt verið sammála um að láta athugasemd þessa, er nefndin ber hjer fram, fylgja styrknum. Segir hún fyrir um, hvernig verja skuli styrkveitingunni. Hækkunin gerir það að verkum, að upphæðin er sú sama og í núgildandi fjárlögum, en stjórnin hafði lækkað hana um 5 þús. kr.

Næst er tillaga um að veita 32 þús. kr. til þess að kaupa fljótandi skurðgröfu. Hvað snertir þetta atriði get jeg að mestu vísað til nál. Er málið vel undirbúið. Hefir Búnaðarfjelag Íslands, samkvæmt beiðni áveitufjelagsins Freys í Skagafirði, látið rannsaka það, og verkfæraráðunautur þess skrifað eftir tilboðum um að smíða vjelina. Jeg skal benda á, að þarna er um fyrirtæki að ræða, er koma mun að almennum notum, því að þótt byrjað verði að nota hana á Staðar- og Víkurmýrum í Skagafirði, mun hún að sjálfsögðu verða notuð á svo mörgum stöðum sem hægt er. Enda mætti nefna marga fleiri staði en nú eru nefndir í nál. Upphæðin er miðuð við tilboðin, er Búnaðarfjelaginu bárust, og kostnaðinn við að koma vjelinni hingað. Og nú vill svo vel til, að maður sá, er væntanlega mun í fyrstu stjórna vjelinni, á erindi utan á sumri komanda, og mun hann því geta haft eftirlit með smíði vjelarinnar og geta lært að fara með hana. Þessi vjel er ekki ný að öðru leyti en því, að hún hefir útbúnað til þess að vinna seigan jarðveg og þarf, ef til vill, fleiri breytingar til þess að koma hjer að notum.

Næst er nýr liður, 5 þús. kr. til áveitufjelags Þingbúa, og er það ¼ kostnaðar við áveituna. Hjer er um sjálfsagt mál að ræða. Lágu öll gögn fyrir nefndinni. Verkið er fullgert og eru lokareikningar fyrir hendi. Hefir áveitan tekist ágætlega og gefur þegar af sjer arð. Jeg skal bæta því við, að að nokkru leyti er hjer um opinbera eign að ræða. En það hefir verið föst regla hingað til að styrkja slík mannvirki að einum fjórða hluta.

Næst er um allstóran lið að ræða, þar sem farið er fram á að veita til vegarlagningar í Vestmannaeyjum 17500 kr., gegn jafnmiklu framlagi frá Eyjarskeggjum sjálfum.

Er mjer sönn ánægja að mæla með þeim styrk. Það er gleðiefni, ef ríkið sem landsdrottinn getur stuðlað að því, að eitt stærsta sjávarútvegspláss landsins fái aðstöðu til þess að stunda jarðrækt og landbúnað í mun stærri stíl en áður. Hefir búnaðarmálastjóri rannsakað ræktunarmöguleika í Eyjunum og samið um það rækilegt erindi, er verður prentað í Búnaðarritinu. Hjer er um stórt land að ræða, sem skiftir jafnvel hundruðum hektara og er mjög vel hæft til ræktunar. Og til þess að opna þetta land er nauðsynlegt að leggja veg; en þessa vegar gerist ekki þörf til annara hluta. Var nefndin á einu máli um, að ríkissjóði væri skylt að leggja fram fje. En spurningin var aðeins um það, í hvaða hlutföllum skyldi veita það. Kom nefndin sjer saman um, að það yrði veitt á sama grundvelli og veitt er til engjaveganna um Flóaáveitusvæðið, þannig að ríkissjóður leggi fram fje að hálfu leyti. Allur kostnaðurinn við þessa vegarlagningu er talinn 60—70 þús. kr., og ætti því framlagið alls að vera um 35 þús. kr., sem kæmi þá væntanlega niður á tvö ár.

Jeg skal leyfa mjer að skjóta því fram

frá mjer persónulega, að jeg áleit, að ríkið ætti að veita fjeð á öðrum grundvelli, sem sje þeim, að ríkissjóður legði fram ⅔ kostnaðar, sem er sambærilegt við það, að leiguliðum á landssjóðsjörðum er heimilt að láta ⅔ kostnaðar við jarðabætur koma upp í afgjald jarðarinnar.

Þá er næst tillaga viðvíkjandi skógræktinni, 4000 kr. framlag til þess að kaupa Sigríðarstaðaskóg í Suður-Þingeyjarsýslu. Hefir þetta legið fyrir fjvn. áður. Kom til hennar í fyrra erindi frá eiganda Sigríðarstaða, þar sem hann lætur skóginn falan fyrir 5000 kr. Nefndin hefir fengið upplýsingar um þennan skóg hjá ýmsum kunnugum, þar á meðal frá búnaðarmálastjóra, sem ólst upp þar í nágrenninu. Má óefað telja, að hjer sje um eitt fegursta skóglendi á Norðurlandi eða jafnvel á öllu landinu að ræða, og vill nefndin því fastlega mæla með þessari tillögu.

Því skal ekki neitað, að sorglega er komið fyrir skógræktarmálum vorum, en sú var tíðin, að hin unga kynslóð vildi vinna að því máli með áhuga og kappi. Hefði verið í lófa lagið fyrir skógræktarstjórnina að ná samvinnu við hina ungu og áhugasömu menn í ungmennafjelögunum, og mátti af því vænta mikils árangurs. Því miður hefir reyndin orðið önnur. Samvinna hefir engin getað orðið milli skógræktarstjórnar og ungu kynslóðarinnar, af ástæðum, sem eru kunnar. Árangurinn af hinni opinberu starfsemi hefir orðið lítill, og eins og sakir standa er því ekki óeðlilegt, að framlög af hálfu hins opinbera hafi minkað. Nú verður lítið annað gert en að stuðla að því, að ríkið eignist góð skóglendi og að girða þau, sem það á fyrir. Svo verður að bíða betri tíma, og er gleðilegt, að til er ætlast samkvæmt frumvarpinu að fara að undirbúa ungan mann innlendan til að geta haft forystu um þetta þýðingarmikla framtíðarmál.

Þá leggur nefndin til, að við efnarannsóknastofuna komi nýr liður, 4200 krónur til aðstoðarmanns. Er gerð grein fyrir þessari till. í nál. Hjer er um stofnun að ræða, sem ætíð fær meiri og meiri verkefni að leysa, en forstöðumaður hennar er langsamlega ofhlaðinn störfum. Fyrir utan hin auknu störf við efnarannsóknastofuna, hefir hann á hendi kenslu við háskólann, og það jafnvel meiri kenslu en sumir prófessorarnir. En það er ljóst, að þessi stofnun má síst af öllu komast í vanhirðu. Og þar sem nú er völ á hæfum aðstoðarmanni, verður nefndin að mæla eindregið með þessari fjárupphæð.

Næst er till. um að hækka liðinn til bryggjugerða úr 15 þús. upp í 35 þús. kr. Lágu fyrir nefndinni umsóknir frá sex stöðum um styrk til bryggjugerða, og ætlar hún þeim þessa upphæð. Lágu fyrir nefndinni nákvæmar upplýsingar frá öllum þessum stöðum. Aðrar umsóknir lágu ekki fyrir nefndinni, sem fullnægðu settum kröfum. Vísast til nál. um sundurliðun styrkjanna.

Endurveitingar eru til þriggja þessara staða, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Húsavíkur. Hafa styrkir til þeirra verið áður samþyktir hjer í deildinni og er því óþarft að ræða frekar um þá. Þá eru hinir staðirnir. Stærsta fjárveitingin er þar til Akraness, 13 þús. kr. Lágu fyrir nefndinni fullnægjandi gögn, áætlun um kostnaðinn, sem verður alls 40 þús. kr., og álitsskjal frá vitamálastjóra um nauðsyn þessarar bryggjugerðar. Skal jeg lesa upp nokkur orð úr skjali hans. Jeg skal geta þess, að bryggjan á að vera á svokölluðu Lambhússundi. Þar segir svo:

„Það er staðreynd, að mótorbátar hafa

þurft að liggja dögum saman á sundinu, án þess að geta afgreitt sig við þá bryggju, sem nú er á Akranesi, en mundu geta það við þessa, ef upp væri komin, og þyrftu þá ekki að sitja af sjer fiskirí í fleiri daga í annars færu sjóveðri. Á sama hátt væri hægt með mótorbátum að afgreiða stærri skip við þessa bryggju, þar sem það er ómögulegt við hina. Að öllu athuguðu virðist það vera knýjandi nauðsyn að fá þessa bryggju bygða, og því meiri sem bátaútvegur Akurnesinga vex.“

Þá er næst styrkur til Króksfjarðarness í Barðastrandarsýslu. Lagði hv. þm. Barð. (HK) tillöguna fyrir nefndina, og fylgdu meðmæli frá samgmn. Nemur styrkurinn 2 þús. kr. Annars getur háttv. þm. Barð. gefið frekari upplýsingar.

Þá er styrkurinn til bryggjugerðar í Haganesvík. Er búið að gera tilraun með, hvort bryggja fái þar staðið, og tókst sú tilraun vel. En án bryggju er afarerfitt að skipa þar upp. Þarna liggja einnig stór og mannmörg hjeruð, er sækja kaupstað í Haganesvík. Er því mjög bagalegt, að bryggju skuli vanta. En nú er fullráðið að ganga þar frá bryggju, og mun kostnaðurinn nema 5 þús. kr.

Þá er næst nýr liður, verðlaun til mjólkurniðursuðuverksmiðjunnar Mjallar í Borgarfirði, 2 kr. fyrir hvern kassa, 8 þús. kr. Er gerð grein fyrir þessari till. í nál. Vakti það deilur í fyrra, hvernig ætti að styðja verksmiðjuna, en niðurstaðan varð þá þessi. Ástæðan til þess, að upphæðin var ekki tekin upp í frv. nú, mun hafa verið sú, að verksmiðja Mjallar brann í haust og óráðið, hvernig færi um framtíð fjelagsins, þá er frv. var samið. En nú mun afráðið, að það starfi áfram, og þykir því tilhlýðilegt að veita því hin sömu verðlaun og áður.

Næst er svo hækkun á styrk til Ungmennafjelags Íslands. Lá fyrir umsókn um 5 þús. kr., en nefndin vildi ekki fara hærra en upp í 3 þús. kr. Jeg álít óþarft að ræða þessa tillögu. Það er alkunnugt, hvílíkt gagn slíkur fjelagsskapur hefir gert bæði í sveitum og kaupstöðum, og mun nú aftur vera að færast nýtt líf í hann. Leggur því nefndin til, að þessi tillaga verði samþykt. Skal aðeins geta þess, að þessi styrkur er mun minni nú en áður var, vegna verðfalls peninganna.

Þá er loks tillaga um styrk til að koma upp vindknúinni rafmagnsstöð, 5 þús. kr. Er rækilega drepið á þetta í nál. Hjer er um nýmæli að ræða, er getur komið að miklu gagni, enda fengin reynsla fyrir því ytra. Komu tvær umsóknir, frá Ormssonum og Höskuldi Baldvinssyni rafmagnsfræðingum. Auk þess er hv. þm. Mýr. (PÞ) með þriðju umsóknina.

Nefndinni þótti nægilegt að styrkja aðeins eina tilraunina. Áleit hún, að líklegust væri umsókn Ormssona, þar sem þeir bjóðast til þess að útvega nægileg ljós fyrirhuguðu hressingarhæli í Kópavogi. Ef stöðin verður ekki reist, þarf rafmagn handa hælinu, sem mun kosta um 20 þús. kr. En hjer þarf aðeins 5 þús. kr. En að það er þó þetta mikið, kemur af því, að hælinu verða að vera trygð nægileg ljós, og því þarf þar meiri rafgeyma heldur en ef tilraunin væri gerð annarsstaðar.

Þá er loks síðasta brtt. við 16. gr. Þar leggur nefndin til að lækka fjárframlagið til skipulagsnefndar bæja og kauptúna úr 8 þús. og niður í 5 þús. kr. Telur hún óþarfa að verja meira fje til þessa en er í núgildandi fjárlögum. Var þessi liður alveg feldur niður í hitteðfyrra. Lítur nefndin svo á, að þetta sje ekki það nauðsynlegt, að það megi ekki bíða að nokkru, þar sem svo margt annað miklu þarfara verður að sitja á hakanum.

Þá er komið að 17. gr. Ber nefndin fram aðeins 4 brtt. við hana. Sú fyrsta er um að hækka styrkinn til Goodtemplararareglunnar eða til bindindisstarfsemi úr 6 þús. kr. upp í 10 þús. kr. Reyndar lá fyrir beiðni um mun hærri styrk, en samkomulag varð í nefndinni um þetta. Jeg geri ekki ráð fyrir öðru en að allir, sem vita, og það vita allir, hve drykkjuskapurinn hefir aukist hjer á landi í seinni tíð, einkum meðal yngri manna, að allir verði sammála um að styrkja bindindisstarfsemina. Það hefir verið oft látið klingja, að ef bannlögin yrðu afnumin, þá mundi fyrst bindindisstarfsemin njóta sín og þá mundi ekki skorta fjárframlög til hennar. En tillögum í þá átt hefir þó oftast verið tekið hryssingslega hjer á Alþingi. En jeg vil nú vona, að eins og fjvn. hefir fallist á þessa hækkun, muni háttv. deild einnig gera það.

Næst er hækkun til Rauða krossins úr 1 þús. upp í 2 þús. kr. Einnig hjer lá umsókn fyrir um hærri styrk. Það er kunnugt, að þessi fjelagsskapur er svo til nýr hjer á landi, en er þegar byrjaður að vinna hjer mjög þarft verk. Er honum stjórnað af áhugasömum mönnum. Get jeg bætt því við, að mikið fje er lagt fram af fjelagsmönnum. Þótti því nefndinni rjettmætt að koma hjer nokkuð á móti.

Þá eru tvær tillögur um fjárframlög til slysatryggingarsjóðs Dagsbrúnar og sjúkrasjóðs Fellshrepps. Hafa þessir liðir ætíð fylgst að, og hafa hæstv. atvrh. og háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) róið hjer á tveggja manna fari og tekist að láta styrki þessa fljóta hvorn á öðrum. Hefir nefndin fallist á þetta eins og áður.

Þá kem jeg að brtt. við 18. gr. frv. Þar eru fyrst tvær. og eru báðar sjálfsagðar, þar sem bæði eru látin síðan frv. var samið. Þá eru og næst smástyrkir, einnig sjálfsagðir, til ekkna látinna merkismanna, er setið hafa á Alþingi, góðrar minningar, og ýmsir aðrir svipaðir styrkir, sem einnig verður að telja mjög rjettmæta. Þá er og liðurinn til Hjálmars Lárussonar sjálfsagður; þar er aðeins um tilfærslu að ræða, og hefi jeg getið um þennan lið áður.

Þá ber nefndin fram brtt. samkv. tilmælum biskups um styrk til uppgjafaprests, sjera Jóns Ó. Magnússonar, sem orðið hefir sjerstaklega hart úti um eftirlaun. Er hjer um alkunnan mætismann að ræða, hniginn að heilsu, og á þessi tillaga við fylstu rök að styðjast.

Þá hefir nefndin og lagt til að hækka tillagið til Friðriks Klemenssonar, og munu allir kannast við aðstöðu hans, og bætt við einum nýjum lið, til Einars Árnasonar fyrv. pósts, sem er farinn að heilsu. Er það aðeins smáupphæð.

Þá er ein háöldruð ljósmóðir, Þórunn Gísladóttir, sem nefndin leggur til, að tekin verði upp í fjárlögin, og er það einnig örlítil upphæð. Nefndin fjekk upplýsingar frá sjera Birni á Dvergasteini um konu þessa, og samkv. þeim er hún styrksins vel verð; hafði hún um alllangt skeið lagt stund á lækningar í Skaftafellssýslum, en gegnt ljósmóðurstörfum síðar um langt skeið og alstaðar getið sjer hið besta orð.

Þá er næst mætur maður, Páll sundkennari Erlingsson, sem nefndin vill að verði veitt smávægileg launahækkun; hann hefir áður samkv. 18. gr. haft 800 kr., en nefndin vill hækka það í 1200 kr. Hann er nú hniginn mjög að heilsu, en um æfistarf það, sem hann hefir afkastað, leikur ekki á tveim tungum, að það hafi verið hið nýtasta, og munu það vera fleiri en jeg einn, sem geta þakkað sundkenslu Páls lífið. Þessa brtt. verður að telja alveg sjálfsagða.

Þá er sjálfsagt, að tekið verði upp aftur í fjárlög ákvæði um heimild til lánveitinga til að koma upp íshúsum á kjötútflutningshöfnum, og ekki síst af því, að þingið nú nýlega hefir afgreitt lög um kæliskipsútbúnað í eitt af skipum Eimskipafjelagsins. Jeg geri ráð fyrir, að stjórnin hafi ekki tekið upp í frv. ákvæði um þetta vegna þess, að þegar frv. var samið voru skýrslurnar frá S. Í. S. um útflutningstilraunir á frystu kjöti enn ókomnar. Um hitt þarf ekki að ræða, að ríkissjóður beri kostnaðinn af þessum tilraunum á næsta hausti; það er svo sjálfsagt.

Þá er næst lánsheimild úr viðlagasjóði til Malínar Hjartardóttur, til kaupa á nýtísku prjónavjelum, og telur nefndin þetta sjálfsagt, ef fje er til. Hafa allmargir þm. sjeð iðnað þennan og ljúka miklu lofsorði á.

Þá er það síðasta brtt. um lánsheimild til mjólkurfjelagsins „Mjallar" í Borgarfirði. Gamla lánið hefir þegar verið endurgreitt af brunabótafjenu, þegar hús fjelagsins brunnu á síðastl. hausti. Þetta er því aðeins endurábyrgð á láninu, þó nú sje um nýtt lán að ræða, og er eins sjálfsagt að veita þetta nú eins og þegar það var veitt í fyrstu. Fjelagið hefir þegar fengið allmikla reynslu í þessum iðnaði, og má því vænta alls góðs af því þegar það tekur til starfa aftur.

Þá hefi jeg lokið máli mínu að þessu sinni og skal ekki lengja þessar umr. frekar.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefði heldur kosið að þurfa ekki að taka svona fljótt til máls, en þó skal jeg ekki láta á mjer standa, úr því að hæstv. forseti hefir engan framar á mælendaskrá.

Jeg ætla mjer ekki að halda neinn búkonufyrirlestur um sparnað að þessu sinni; þess tel jeg sem sje ekki þörf, er aðrir hafa svo fagurlega um hann mælt, og jeg býst ekki við, að þeir mundu láta skipast af sparnaðaráminningum frá mjer, sem svo eru stórtækir, að vilja leggja í miljóna járnbrautarfyrirtæki, svona eins og dálitla aukagetu úr ríkissjóði.

Jeg þarf ekki að færa háttv. fjvn. neitt þakkarávarp fyrir undirtektir hennar við mín erindi. Svör hefi jeg engin fengið ennþá frá háttv. nefnd um þau erindi, en vera má, að þau komi síðar. Jeg tek það samt fram, að jeg ætla ekki að deila neitt á háttv. fjvn. Yfirleitt kannast jeg við, að hlutverk hennar er mjög erfitt, og víðast get jeg orðið henni samferða um till. á þskj. 184. Það, sem á milli ber, kemur fram við atkvæðagreiðslu. En við það vil jeg kannast, að um margt hafi nefndin sýnt hyggindi og forsjá í till. sínum.

Að svo mæltu verð jeg að víkja að þeim till., sem jeg er við riðinn í þessum kafla fjárlaganna.

Sjálfur á jeg aðeins 2 brtt., en auk þeirra eru aðrar tvær brtt., sem jeg er meðflm. að, ásamt öðrum háttv. þdm.

Fyrsta brtt. mín er á þskj. 230, XVII, við 14. gr. Það er aðeins lítil aths., sem jeg fer fram á að verði bætt við þennan lið í fjárl., þ. e. að heimila, að helminginn af þeim 600 kr., sem ætlaðar eru til að halda uppi búnaðarnámsskeiði við Eiðaskóla, megi nota til verðlauna handa nemendum, sem sýnt hafa alúð við námið. Skólastjóri hefir sjálfur óskað eftir að mega verja þessu fje þannig, og jeg veit til þess, að undanfarið hefir hann greitt nokkurt fje í þessu skyni úr eigin vasa, til þess að örva nemendurna til náms. Það er því alveg útlátalaust að samþykkja þetta,

því hjer er ekki um neina nýja fjárveitingu að ræða.

Þá er næsta brtt., á sama þskj., XVIII, sem jeg flyt ásamt hv. þm. V.-Sk. (JK). Hún er um það að veita 2500 kr. til að rita og safna gögnum til menningarsögu. Það er sjálfsagt öllum háttv. þm. kunnugt, og munu þeir enda hafa veitt því eftirtekt, að einmitt á síðustu 70 árum — eða frá því um miðja síðastl. öld — hafa gerst meiri breytingar á þjóðlífi voru en nokkurn tíma áður á jafnstuttum tíma. Á þessu tímabili hefir orðið fullkomin bylting og alhliða bæði í andlegum efnum og veraldlegum. Hugsunarháttur fólksins, menningargögn, uppeldisvenjur, trúarbrögð, búnaðarhættir, híbýlahættir, klæðaburður o. fl., alt hefir þetta umturnast á örstuttum tíma; en í endurminningu þeirrar kynslóðar, sem nú er í þann veginn að deyja út, geymist ennþá margt, sem tilheyrir horfinni kynslóð og hennar menningu. Kynslóðin, sem nú er að hverfa, hefir lifað viðreisnartímann allan frá 1874 og man jafnvel margt frá því um 1850. Á þeim tíma var enn margt við lýði af fornum þjóðháttum, sem menningarsögulegt verðmæti hefir og lítið sem ekkert hefir verið skráð um. Sá fróðleikur má eigi glatast komandi kynslóðum, því að þess má vænta, að sumt af því, sem nú er vanrækt og lagt fyrir óðal, verði síðar tekið upp af nýju í einhverri mynd. Því er nefnilega svo varið, að meðan byltingin stendur yfir, eru menn alt of flaumósa til að gefa gaum þeim einstöku menningarþáttum, sem forgörðum fara af vangá, en hagnýtir eru á öllum tímum. Svip útlendrar kaupstaðamenningar ber nú á hvarvetna hjá oss, og með honum afmást smámsaman forn og frumleg þjóðareinkenni. Frændþjóðir vorar á Norðurlöndum hafa lagt meiri alúð en vjer við að safna og geyma alt það, sem lýtur að hinni fornu bændamenningu, sem þar er horfin eða að hverfa. Þeir gefa meiri gaum þeim þjóðlegu háttum, sem þróast hafa meðal bændanna um langan aldur, en vjer. En yrði nú að því horfið að safna með vandvirkni öllum þessum menningarsögugögnum, mætti það verða eftirkomendum vorum til ómetanlegs gagns og jafnvel til fyrirmyndar.

Mjer dettur í hug að nefna t. d. þrjú atriði, sem koma hjer til greina við söfnun þjóðlegra fræða. Allir, sem kunnugir eru í sveitum eða hafa dvalið þar langvistum, vita það, að til er hjer á landi þjóðleg og forn veðurfræði. Það var ráðið veður eftir útliti lofts, láðs og lagar, háttum fugla og annara dýra og fleiru. Nú er á þetta litið eins og fávisku og forneskju. Í staðinn er komin hávísindaleg veðurfræði, sem auðvitað hefir mikla yfirburði yfir þá fornu, og nú er verið að koma hjer á fót sjerstakri veðurstofu. En enginn hefir ennþá rannsakað það, hve margt í þeirri fornu og þjóðlegu veðurfræði hafði við rök að styðjast, eða hitt, hve vel hún skerpti eftirtekt þeirra, sem hana stunduðu.

Annað atriðið er þjóðleg og forn læknisfræði. Um miðja fyrri öld var fátt um lækna hjer á landi, aðeins landlæknir og 3—4 læknisfróðir menn aðrir. Þá stunduðu ýmsir reyndir menn lækningar, þótt ólærðir væru, og bygðu um margt á aldagamalli reynslu. Enginn veit nú neitt með vissu um það, hvað mikið í þessum fornu fræðum var á rökum bygt eða hvað mikið var aðeins hjátrú og hindurvitni.

Þriðja atriðið er ein tegund þjóðlegra skemtana, sem háskólakennari Sigurður Nordal vakti nýlega athygli á í tímaritsgrein, sem hann nefndi „Íslensk yoga", ef jeg man rjett. Veit jeg ekki til, að aðrir hafi fyr athugað þessi þjóðlegu

yogafræði, sem annars mun miklu meira af en í nefndri ritgerð er talið. En það er víst, að ýmislegt af þesslegum æfingum og skemtunum var bygt á hugvitslegum ályktunum.

Þetta alt, sem jeg hefi nefnt, er ástæða til að taka til athugunar og ýmislegt fleira, sem ennþá er geymt í minnum gamalla manna. Hjer hefir að vísu verið safnað þjóðsögum og kveðskap, sem að góðu gagni mun koma síðar meir, þegar fræðimenn vilja rannsaka þessi efni. Eru ýmsir aðrir flokkar þjóðlegra fræða, sem lítt eða ekki hefir verið hugsað um. Jeg þekki aðeins til tveggja nýlátinna fræðimanna, sem hafa dregið saman nokkuð af þessu efni og munu hafa látið eftir sig nokkur söfn af þessu tægi; það eru þeir sjera Jónas heitinn frá Hrafnagili og Þorvaldur prófessor Thoroddsen. Jeg veit, að Thoroddsen lagði hug á söfnun þessara hluta, er hann var kennari við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, og ljet hann lærisveina sína rita um ýmsar sveitavenjur og erfikenningar, hvern úr sínu hjeraði, og dró þetta svo saman. Hygg jeg, að í söfnum þeirra sjera Jónasar og hans megi margt af fornum fróðleik finna.

Til þess að fjárveiting þessi komi að fullu gagni, verður einhver að hafa forystu og framkvæmd um starfið og varðveita það, sem safnað er. Við flutningsm. gerum ráð fyrir, að þetta verk verði falið landsbókaverði og þjóðminjaverði. Líklega hefði þó best farið á því, að 3. maðurinn til framkvæmda hefði verið aðalsögukennarinn við háskólann, en þetta er fyrirkomulagsatriði, sem síðar mætti ákveða, ef fjeð verður veitt.

Verkefni þessara forystumanna ætlumst við flm. til, að verði í því fólgið að leita uppi fróða menn, helst aldraða og reynda, víðsvegar um land, og fá þá til að rita um þessi efni. Ritsöfn þau og endurminningar gamalla manna, sem menningarsögulegt gildi hafa, ætlum við svo þessum forystumönnum að meta og greiða ritlaun fyrir af því fje, sem veitt kann að verða; en síðan verði ritsöfn þessi eign landsskjalasafnsins og geymist þar til afnota þeim, er síðar takast á hendur að rita menningarsögu, umfangsmeiri og stærri en til þessa hefir skráð verið.

Jeg hefi fundið ástæðu til að fjölyrða nokkuð um þetta vegna þess, að hjer er um nokkuð nýnæmislegt efni að ræða, sem till. sjálf skýrir ekki nógsamlega. Hugði jeg hv. þdm. fúsari að styðja þetta með atkv. sínu, er stefnu og tilgangi till. væri nánar lýst.

3. brtt. er XXI. á þskj. 230 og fer fram á, að veittar verði 3 þús. kr. til Þórarins Jónssonar tónlistarnema í Berlín. Jeg fór fram á þetta sama á síðasta þingi, en fjekk þá enga áheyrn. Í það skifti lágu fyrir, eins og nú, ágæt meðmæli með þessum manni og upplýsingar um hann og starf hans, sem jeg verð að segja, að eru í raun og veru mjög frægilegar. Nú að þessu sinni var sótt um 6 þús. kr. námsstyrk honum til handa í erindi til fjvn. Hún hefir, eins og þegar er búið að skýra frá, ekki sjeð sjer fært að verða við þeirri beiðni. Og fyrir þá skuld hefi jeg leyft mjer að koma fram með þessa brtt. og hefi fært upphæðina niður um helming, í 3 þús. kr.

Jeg tek það fram, að þessar 3 þús. kr. eru aðeins, ef svo mætti segja, dálítil viðurkenning, en engan veginn sá námsstyrkur, sem maðurinn hefir þörf fyrir. Hann hefir nú um þrjú ár stundað tónlistarnám, fyrst tvo vetur í Reykjavík undir handleiðslu þektra tónlistarmanna og hlot-

ið eindregið og mikið lof hjá þeim. En á síðasta ári hefir hann stundað námið í Brunsvick á Þýskalandi og sumpart í Berlín, á tónlistarháskóla, kominn þangað eftir margar erfiðar brekkur, sem hann hefir orðið upp að klifa. Námið hefir hann til þessa stundað með fjestyrk nokkurra vildarmanna. Hann er umkomulaus og fjelaus og varð á uppvaxtarárunum að vinna fyrir fátækri móður og yngri systkinum. Fjelaus varð hann því að draga út á djúpið, til þess að afla sjer frama í þeirri grein, sem hann er hneigður fyrir, þegar hann var kominn yfir tvítugsaldur. Af eigin ramleik gat hann það ekki, eins og jeg áður tók fram, heldur hefir hann notið hjálpar óskyldra vina sinna og vildarmanna á Austurlandi, sem meta kostgæfni hans og hæfileika og hafa stutt hann alt að þessu. Honum hefir þannig verið lagt til alls, sumpart í lánum, sumpart í styrk, fram að þessu um 11 þús. kr. Það er því ljóst, að þetta er ekki nema lítil upphæð, sem beðið er um, lítilfjörlegur styrkur móts við aðalframlögin, svo hann geti fremur náð því marki, sem hann hefir sett sjer. Og jeg verð að segja, að hann er meira til uppörvunar heldur en til hjálpar yfir erfiðleikana. En jeg skal líka geta þess, að jeg veit, að þeir, sem hafa styrkt Þórarin að þessu, munu ekki sleppa af honum hendi eftirleiðis. Þeir munu í lengstu lög reyna að hjálpa honum til þess að ná settu marki. En mjer finst það vera sæmdaratriði fyrir Alþingi að sýna honum einhverja viðurkenningu, því hann á hana vissulega skilið. Ekki aðeins fyrir það, að hann er, ef til vill, sá allra færasti og efnilegasti maður í sinni grein, svo sem jeg síðar mun sýna, heldur vegna hins, að hann úr helberri örbyrgð og fátækt hefir brotist áfram með karlmannlegum kjarki og er kominn langt á listabrautinni. Jeg veit, að fyrir Þórarni vakir sá drengilegi metnaður, að geta lagt boðlegt tónverk — helst meistaraverk — á borðið fyrir þá, sem lifa 1930, verk, sem gæti velgt einhverjum um hjartaræturnar á þeirri hátíðlegu stund, sem þá rennur upp yfir þessa þjóð. Náttúrlega er ekki víst, að honum auðnist þetta eða að æfin endist, en það veit jeg, að þetta er eftirlætishugsjón, sem fyrir honum vakir.

Enn sem komið er hefir Þórarinn engrar opinberrar viðurkenningar notið, nema þeirrar, sem jeg þakklátlega vil viðurkenna, að stjórnin veitti honum 300 kr. af því fje, sem úthlutað var af listamannastyrk þessa árs í febrúarmán. síðastl. Mjer er kunnugt, að þessi litla upphæð, sem fjell í hlut Þórarins, var honum mikil uppörvun og gleðiefni. Hefi jeg heyrt frá honum, að hann langi að launa hana áður langt líður með einhverju boðlegu tónverki, sem sendist hingað.

Jeg vil geta þess, að þótt Þórarinn sje byrjandi í tónlistarháskólanum í Berlín, þá er hann búinn að ljúka af einskonar þrekvirki í sinni grein. Jeg hygg, að hv. þdm. hafi veitt eftirtekt lítilli grein, sem stóð í Morgunblaðinu síðastl. sunnudag, þar sem skýrt var frá tónverki einu — tvífúgu svo nefndri — sem spilað var í Garnisonskirkjunni í Potsdam 5. febr. síðastl. og var eftir Þórarin. Í Potsdamer Tageszeitung frá 8. febr. eru mjög lofsamleg ummæli um þetta tónverk hans og þaðan eru að nokkru leyti tekin ummælin um Þórarin í nefndri grein Morgunblaðsins. En fiðlusnillingur að nafni Wollner, sem ljek tónverkið 5. febr., hefir ákveðið að leika það í Köln og víðar.

Það er af þessu auðsjeð, að þessi byrjandi í listinni er kominn það á veg, að

nafn hans er frægt orðið út um þýskumælandi lönd, og víðar ef til vill.

Jeg vil ekki tefja tímann með því að fara að lesa hjer upp meðmælaskjöl þau, sem fylgja umsókn Þórarins; þau eru hjer harla mörg fyrirliggjandi; en hver, sem vill, getur fengið að kynna sjer þau. Meðmælin eru meðal annars frá kennara hans próf. Fr. Koch og fiðlaranum E. Schacht, sem hjer dvaldi fyrir tveim árum. Ennfremur frá innlendum tónfræðingum, svo sem Páli Ísólfssyni og fleirum. Sömuleiðis frá ýmsum dómhæfum mönnum, sem kyntust Þórarni austur á landi og hjer syðra. Frekar skal jeg ekki fjölyrða um þetta, enda hygg jeg, að mörgum hv. þdm. sjeu kunn ýms af þessum skjölum. Mjer finst jeg mega fastlega vænta þess, að hv. þdm. vilji sýna þessum efnilega listamanni okkar dálitla viðurkenningu.

Þá kem jeg loks að síðustu brtt., sem nafn mitt er tengt við; hún er XL. liður á þskj. 230, brtt. við 23. gr. Jeg flyt þessa brtt. ásamt háttv. 1. þm. N.-M. (HStef), og förum við þar fram á, að ríkisstjórnin ábyrgist lán fyrir tóvinnufjelag á Reyðarfirði, að upphæð 25 þús. kr. Tóvinnufjelag þetta er verið að stofna, og er tilætlunin, að það geti tekið til starfa á næsta hausti. Ýmiskonar undirbúningur hefir verið framkvæmdur í vetur, og hugmyndin er, að þarna verði reistar kembingar- og lopavjelar, nokkuð í líkingu við þær, sem starfa hjer í bæ, og þær, sem starfað hafa síðustu tvö ár á Húsavík. Áætlað stofnfje er 50 þús. kr. Fer fjelagið fram á ábyrgð ríkisstjórnarinnar á láni, sem svarar helmingnum af þessari upphæð. Við flm. vildum ekki fara fram á lán úr viðlagasjóði, með því viðsjála skilyrði, að það skyldi veitast, *ef fje yrði fyrir hendi*. Okkur þótti rjettara að fara þessa leið og láta fjelagið sjálft um að útvega sjer lánið.

Engin hætta getur til greina komið vegna slíkrar lánsábyrgðar, því að bæði er hjer um lítið fje að ræða, og í öðru lagi er stjórninni innan handar að heimta þær endurtryggingar, sem hún telur óyggjandi. Meðan verið er að koma fyrirtækinu á fót er mjög mikils vert að geta stuðst við lánsfje að einhverju leyti og þurfa ekki, jafnframt og stofnfje verður að öðru leyti lagt fram og rekstrarfje til byrjunar, að hafa allan stofninn í einu undir til greiðslu.

Á síðasta þingi var veitt fyrirheit um samkynja stuðning við tóvinnufjelag á Vestfjörðum, þó með þeim mun, að gert var ráð fyrir, að lánið yrði veitt úr viðlagasjóði. Jeg vona því, að hv. þdm. sjái ekkert varhugavert við það að hlaupa undir bagga með þessu fjelagi á líkan hátt, og síður varhugavert, þar sem aðeins er um ábyrgð að ræða, en ekki framlag. Þess vegna er heldur ekki hjer nein ívilnun að því er snertir lága vexti eða langan afborgunarfrest.

Að því er kemur til brtt. annara háttv. þdm., sem jeg felli mig ekki við, þá læt jeg mjer nægja að gera grein fyrir aðstöðu minni með atkvæðinu.

Forsætisráðherra (JM): Það er ekki margt, sem jeg þarf að tala um við þessa umræðu. Jeg skal nefna einstaka liði í brtt., sem mjer finst þó, að jeg þurfi að athuga lítillega.

Jeg er hv. fjvn. þakklátur fyrir það, að hún hefir tekið upp nokkra uppbót til dómkirkjuprestsins í Reykjavík, vegna skýrslugerðar. Það er mjög sanngjarnt og rjett, að dómkirkjupresturinn hafi eitthvað meiri laun heldur en hinn presturinn. Enda var það svo, áður en þessi launalög

komu, að dómkirkjupresturinn hafði dálítið hærri laun en aðrir prestar, enn hærri viðbót en hjer er farið fram á.

Þá held jeg það sje mjög rjettmætt að veita Ögurþingum erfiðleikauppbót. Það er ekki ofsögum sagt af því, hvað örðugt er fyrir prestinn eins og nú stendur — og líklega verður framvegis — að þjóna þessu prestakalli.

Þar á móti get jeg ekki sagt, að jeg sje þakklátur háttv. fjvn. fyrir brtt. um að fella burt fjárveitingu til að malbika mentaskólagarðinn. Þetta er gömul ósk, að fá hann malbikaðan eins og barnaskólagarðinn, sem var gert fyrir löngu. Og það er mikil þörf á þessum umbótum.

Jeg fellst alveg á það, sem fjvn. hefir lagt til um skömtun — í nokkuð stórum skömtum — á fje því, sem veitt er handa skáldum og listamönnum. Jeg ljet þetta í ljós í viðtali við hv. nefnd. Það er betra, að umsækjendur viti það fyrirfram, að skamtur þessi er ekki ætlaður mjög mörgum.

Hv. frsm. sagði — sem jeg er honum þakklátur fyrir — að það hefði verið örðugt eins og á stóð að fara öðruvísi að en gert var, að skamta smátt. Og jeg held það væri tiltækilegra og betra að hafa þetta þannig í framtíðinni, eins og háttv. fjvn. vill, að hafa skamtana stærri.

Jeg held það hafi ekki verið vel ráðið hjá nefndinni að vilja fella burt ferðastyrkinn handa mönnum til þess að sækja ýmsa fundi erlendis. Það er oft svo, að það er varla hægt að komast hjá því að senda menn til útlanda á ýmsa fundi, svo sem nú tíðkast. Sambandið við önnur lönd, og þá sjerstaklega Norðurlönd, er orðið þannig, að undan þessu getur varla orðið komist. Og það hefir verið svo einatt, að það hafa komið fjölmargar umsóknir til þingsins á hverju ári um utanfararstyrki, og tekið býsna mikinn tíma. Oft hefir fengist meira og minna af þeim, en oftar held jeg, að engin úrlausn hafi verið gerð. Það er mjög leiðinlegt að þurfa að vera að tala fram og aftur um þessi mál. Miklu betra að hafa ákveðna fjárveitingu í fjárlögum. Jeg held það væri bara búhnykkur af Alþingi að ákveða einhverja fasta fjárhæð til þess að veita sem ferðastyrk til útlanda, og ekkert þar framyfir. Vitanlega verður sú fjárhæð bindandi, en ekki áætlunarupphæð. Jeg er að vona, að nefndin, þegar hún hefir athugað þetta nánar, geti sannfærst um það, að það er eiginlega það rjetta að láta þessa fjárhæð standa í fjárlögum. Hún er ekki svo stór, að miklu muni, en sparar tíma þingsins. Auk umr. tekur það tíma að lesa öll skjöl þeirra, sem biðja um utanfararstyrki. En margar af slíkum beiðnum mundu fljótt falla burt, þegar menn væru búnir að sannfæra sig um það, að aðeins þessi veiting, sem stjórnin hefir í fjárlögum, yrði notuð til þeirra hluta. Jeg furða mig á því, að hv. nefnd skuli vilja fella styrkinn burtu. Ekki getur það verið af því, að nefndin hafi neitt á móti utanförum; því það er öllum vitanlegt, að frá því fyrsta hafa þær haft yfirleitt mjög mikil og góð áhrif í þessu þjóðfjelagi. Maður hefir að vísu heyrt stundum heldur grunnhygnislega talað um þetta „flakk utanlands“. Náttúrlega geta utanfarir stundum verið óþarfar, eða fremur til ills, en yfirleitt er það ekki gild ástæða á móti því að styrkja menn til utanfara. Okkur er sem sagt ómögulegt að halda okkur út af fyrir okkur; við verðum að fylgjast með öðrum þjóðum og taka þátt í störfum þeirra, sjerstaklega Norðurlandaþjóðanna.

Þá skal jeg ekki frekar minnast á brtt. fjvn. Mjer þykir skylt að nefna eina brtt. frá einst. þm.; það er nr. 22 á þskj. 230.

Jeg ætla ekki að fara að færa rök fyrir rjettmæti hennar sjerstaklega, það mun hv. flm. gera. Till. er um að veita styrk til Önnu Borg til leiklistarnáms erlendis. En þess vegna nefni jeg þessa till., að rjett áður en móðir þessarar stúlku fór síðast utan, kom hún til mín og talaði við mig um þessa dóttur sína og bað mig að vera henni innan handar. Jeg sagði, að mjer væri það ljúft. Móðirin sjálf, Stefanía Guðmundsdóttir, finst mjer hafa átt gott skilið og tel, að rjett sje að heiðra minning hennar með því að styrkja nú dótturina. Jeg bjóst við, að það mundi koma umsókn frá Önnu Borg um styrk af því fje, sem úthlutað var til listamanna eftir nýárið, en það var ekki, enda hefði munað litlu. En vegna þessa loforðs míns vildi jeg nefna þetta, og þykist sannfærður um, að margir hv. deildarmenn muni svo frú Stefaníu Guðmundsdóttur, að þeir geti greitt atkv. með þessari till.

Bernharð Stefánsson: Jeg á aðeins eina litla brtt. við þennan kafla fjárlaganna, XXXVII. lið á þskj. 230, við 18. gr. II. i. 5, um að Jakobínu Sveinsdóttur júbilljósmóður á Ytri-Reistará verði veittur 500 kr. styrkur.

Eins og háttv. deildarmenn muna, bar jeg þessa till. fram í fyrra, en hún var feld. Jeg býst við, að það hafi stafað af misskilningi, enda vantaði þá fullnægjandi gögn í þessu máli. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg gat þá veitt, og þeim vottorðum, sem jeg hafði, voru ekki sannanir fyrir því, að þessi kona hefði stundað ljósmóðurstörf lengur en 43 ár. En samkvæmt brjefi, sem jeg hefi hjerna hjá mjer, frá hjeraðslækninum á Akureyri, hefir hún stundað ljósmóðurstörf í full 50 ár, frá því snemma á árinu 1873 þangað til seint á árinu 1923, og er hv. fjvn. kunnugt um þetta brjef. Auk þess, sem hjeraðslæknirinn tiltekur þennan tíma, getur hann þess, að öll þau ár, sem hann hafi þekt hana, hafi hún sýnt sjerstakan dugnað og ósjerhlífni í starfi sínu. Nú er hún orðin gömul og getur ekki sjeð fyrir sjer sjálf, og er því ekkert vafamál, að henni er full þörf á styrknum.

Í fjárlagafrv. þessu er áætlaður styrkur til þriggja júbilljósmæðra, og hefir engin till. komið fram um að fella hann niður. Jeg sje ekki annað en að hv. deild verði að gera annaðhvort, samræmisins vegna, að fella niður þann styrk eða að samþykkja þessa brtt. Jeg vona því fastlega, þar sem hjer er ekki nema um 500 kr. að ræða, að hv. deild sýni þá sanngirni að samþykkja þessa brtt.

Um tillögur hv. nefndar eða annara þm. mun jeg lítið tala, en þó get jeg ekki stilt mig um að mæla með einni tillögu. Það er XLVIII. till. á þskj. 184, og fer hún fram á hækkun styrksins til ungmennafjelaga. Þjóðin ver árlega miklu fje til skóla, en jeg er sannfærður um, að uppeldisáhrif góðra ungmennafjelaga sjeu oft eins holl fyrir æskulýðinn eins og dvöl í sumum þessum skólum. Auk þess vil jeg líka benda á það, að eitt af því, sem dregur æskulýðinn úr sveitunum til kaupstaðanna, er deyfðin í sveitunum. En ungmennafjelögin starfa meðal annars að því að skemta unga fólkinu í sveitunum á hollan og heppilegan hátt.

Hv. frsm. fjvn. (TrÞ) mintist á bindindisstarfsemi í sambandi við templarafjelögin og mælti með auknum styrk til þeirra. Hann tók það rjettilega fram, hvað bindindisstarfsemin væri nauðsynleg, þar sem nú væri aftur búið að opna landið að nokkru leyti fyrir áfengi. En það eru engu síður ungmennafjelögin en templarafjelögin, sem að bindindisstarfseminni vinna.

Mjer finst háttv. nefnd taka stórstúkuna æðimikið fram yfir ungmennafjelögin, þar sem hún leggur til, að styrkur til hennar sje hækkaður upp í 10 þús. kr. Jeg sje ekki, að það geti verið rjettmætt, að meira en helmingsmunur sje á styrknum til þessara fjelaga. Jeg veit ekki til, að templarafjelögin vinni að öðru en bindindisstarfsemi, en auk þess sem ungmennafjelögin gera það, vinna þau að mörgu öðru til heilla og þjóðþrifa.

Jón Kjartansson: Jeg á nokkrar brtt. við þennan kafla fjárlaganna, en jeg er svo óheppinn, að mínar till. hafa ekki fundið náð fyrir augum háttv. fjvn. Skal jeg ekki átelja hana fyrir það, því jeg veit, að hún hefir í mörg horn að líta. Jeg ætla að leiða hjá mjer að tala um XVIII. brtt. á þskj. 230, þar sem hv. meðflm. minn (SvÓ) hefir þegar talað svo vel fyrir henni.

Jeg á brtt. undir tölulið XXVII á sama þskj. Fer jeg þar fram á, að ungum mentamanni verði veittar 1500 kr. (til vara 1000 kr.) til þess að kynna sjer skipulag og vinnu í skjalasöfnum erlendis. Maður þessi er Björn Karel Þórólfsson, og er hann bláfátækur bóndasonur úr Vestur-Skaftafellssýslu. Eftir að hann lauk meistaraprófi við Kaupmannahafnarháskóla, hefir hann ekki haft neina fasta stöðu, en hann hefir mikla löngun til þess að kynna sjer rækilega alt, sem að vinnu á söfnum lýtur. Í þessu skyni vann hann 1½ mánuð sem sjálfboðaliði í ríkisskjalasafninu í Kaupmannahöfn, og hefir nú sótt um styrk til hv. Alþingis til þess að kynna sjer þessa vinnu betur. Styrkbeiðni hans fylgja meðmæli frá ríkisskjalaverðinum í Kaupmannahöfn og einnig frá þjóðskjalaverði Hannesi Þorsteinssyni. Þar sem jeg þykist vita, að hv. þdm. taki meira tillit til meðmæla Hannesar Þorsteinssonar en þess, sem jeg hefi fram að færa, ætla jeg að leyfa mjer að lesa upp kafla úr brjefi hans:

„Jeg hefi kynst umsækjandanum bæði hjer heima og nú í sumar í Kaupmannahöfn, þá er hann var ritari dansk-íslensku löggjafarnefndarinnar, og leysti hann það starf vel og samviskusamlega af hendi. Hann er vel skynsamur, gætinn og sinnugur maður, er ekki hrapar að neinu, en leggur fulla alúð við hvert það starf, sem hann hefir með höndum. Hann hefir unnið um tíma í ríkisskjalasafni Dana og fengið þaðan góð meðmæli frá Laursen ríkisskjalaverði, er einnig mintist á hann við mig í sumar og ljet vel yfir starfi hans í safninu. Jeg verð að telja það mjög æskilegt, að herra Björn Þórólfsson gæti fengið styrk þann, er hann sækir um, því að síst er hjer vanþörf á manni, er eitthvað kann til skjalavörslu og hefir kynt sjer tilhögun á skjalasöfnum erlendis, en þar eru slík söfn mikils metin af öllum vísindamönnum, sem að líkindum lætur, en alls ekki höfð að hornreku eða olnbogabörnum fjárveitingarvaldsins eins og hið íslenska þjóðskjalasafn virðist hafa verið til þessa. Styrkur sá, er umsækjandi fer fram á, er heldur ekki svo hár, að ríkissjóð mundi muna mikið um að leggja hann af mörkum við fátækan, ungan og efnilegan mann, sem hefir áhuga á að vinna ættlandi sínu gagn. Og til þess er Björn Þórólfsson líklegri en margir aðrir, sem meira láta yfir sjer. Jeg vil því leyfa mjer að mæla hið besta með þessari styrkbeiðni hans.“

Jeg skal engu bæta við þessi ummæli. Þau eru svo ákveðin og töluð af svo mikilsmetnum manni, að jeg geri ekki ráð fyrir, að þess sje þörf. En jeg skal geta þess, að ef hv. Alþingi verður við bón þessa

manns, ætlar hann í fyrsta lagi að kynna sjer þessi mál í Danmörku og síðan í Svíþjóð og Þýskalandi, því að þar mun skipulag í skjalasöfnum vera með öðrum hætti en í Danmörku. Varatillaga mín fer fram á 1000 krónur, með það fyrir augum, að ef háttv. deild sæi sjer ekki fært að veita 1500 krónur, mundi hún þó veita 1000 krónur.

XXX. brtt. á þskj. 230 fer fram á, að kvenfjelagi Hvammshrepps í Vík í Mýrdal verði veittar 1000 kr. (til vara 600 kr.), til þess að halda uppi kenslu í handavinnu kvenna. Þetta kvenfjelag var stofnað 1921 og hefir síðustu 4 árin haldið uppi kenslu í handavinnu kvenna úr öllum hreppum sýslunnar. Kenslunni er þannig háttað, að á veturna eru höfð námsskeið í Vík í Mýrdal. Fyrsta námsskeiðið stóð yfir í 3 mánuði, og voru nemendur 12. Annað námsskeiðið stóð líka yfir í 3 mánuði, og voru nemendur 20. Þriðja veturinn voru 2 námsskeið og nemendur voru 16 á hvoru, og sömuleiðis 4. veturinn. Í þessi 4 ár hafa samtals sótt námsskeiðið 96 stúlkur, og eru þær úr öllum hreppum Vestur-Skaftafellssýslu. Kenslunni hefir verið hagað þannig, að daglega hefir verið kent frá 8½—6½. Meyjunum hefir verið skift í tvo flokka, þannig, að hvor flokkur hefir sótt kenslu hálfan daginn, en hinn hluta dagsins hefir verið unnið heima að undirbúningi undir tímana. Kent hefir verið: Allskonar fatasaumur (og hefir aðal áherslan verið lögð á hann), ljereftasaumur, prjón, hekl, auk ýmsra annara hannyrða, og er nú í ráði að bæta við vefnaði. Altaf að námsskeiðum loknum hefir verið haldin sýning, sem staðið hefir í nokkra daga og vakið mikla eftirtekt þar um slóðir. Stúlkurnar hafa sjálfar lagt til efnið og sjálfar borið kostnaðinn með því að greiða 35 kr. gjald fyrir hvert námsskeið, og hefir það gengið til kenslukaups, húsaleigu og upphitunar. Kvenfjelag þetta hefir aldrei notið styrks nema veturinn 1923—24; þá fjekk það lítilfjörlega upphæð frá Búnaðarfjelagi Íslands.

Svo mikil er eftirsóknin eftir þessum námsskeiðum, að ein kenslukona getur ekki annað kenslustörfunum. Hún hefir sagt upp starfinu, nema því aðeins, að hún fái aðstoð, og þar sem kvenfjelagið álítur, að námsskeið þessi komi að svo miklu gagni, hefir það farið fram á, að Alþingi styrki þessa starfsemi.

Jeg þarf ekki að skýra það hjer, hversu mikla þýðingu það hefir fyrir land vort og þjóð, að heimilisiðnaðurinn sje efldur. Hvaðanæfa berast raddir um það, að fólk sje að flytjast úr sveitunum í kaupstaðina. Minst brögð held jeg að sjeu að þessu í Vestur-Skaftafellssýslu, og er það ekki hvað minst að þakka þessum námsskeiðum. Fleiri eða færri af þessum 96 stúlkum hefðu annars orðið að leita lengra og máske aldrei horfið aftur. Jeg vænti því, að háttv. deild samþykki þessa brtt. mína.

Þá kem jeg að XXXVIII. brtt., við 22. gr., á þskj. 230, þar sem farið er fram á, að veitt sje heimild til að lána Mýrdalshjeraði alt að 5000 kr. úr viðlagasjóði. Við fyrri kafla fjárlaganna átti jeg svolitla brtt., er snerti þetta sjúkraskýli, sem jeg tók aftur eftir tilmælum hv. fjvn. Jeg kem ekki með hana aftur til 3. umr., en ætla að láta hana bíða til næsta þings. En þessi tillaga er sjálfstæð, og vona jeg, að fjvn. hafi ekki neitt á móti henni, því að hjer er einungis farið fram á lán. Ef hjeraðið á að sitja eftir með þær 15 þús. kr., sem sjúkraskýlisbyggingin fór fram úr

áætlun, yrði það mjög þungur baggi að bera. Vona jeg, að hv. deild sýni þá sanngirni að samþykkja þessa brtt.

Pjetur Þórðarson: Það er XXXII. brtt. á þskj. 230, sem jeg ætla að gera að umtalsefni. Mjer þætti vænt um, ef hæstv. fjrh. (JÞ) vildi heyra eitthvað af því, sem jeg hefi fram að færa, af því að jeg býst við, að gott verði að njóta sjerþekkingar hans í þessu máli. Tillaga mín fer fram á, að Jóni Helgasyni í Borgarnesi verði veittur styrkur til að gera vindknúða rafmagnsstöð. Jeg vil minnast á ummæli hv. frsm. (TrÞ) út af þessu. Hann blandaði saman tveim óskyldum atriðum, þegar hann nefndi þrjú erindi um eitt og sama efni, nefnilega að setja upp vindknúða rafmagnsstöð. Erindi um þetta efni, sem fyrir háttv. fjvn. hefir legið, hefir tvenskonar gildi. Annarsvegar á að reyna útlenda vjelagerð, sem er sjerstaklega útbúin á þann hátt, að vindaflið er notað til þess að framleiða rafmagn. En hinn tilgangurinn er að hjálpa líknarstofnun, sem þegar er komin upp, hressingarhæli í Kópavogi. En það að reyna þessa útlendu vjelagerð á bara að nafninu til skylt við þetta erindi, sem jeg flyt hjer. Þessi útlenda vjelagerð, sem vindurinn knýr á meðan hann varir við, á ekki við aðra gerð en þá, sem getur notað vindinn, meðan hann getur hreyft vjelina, en ekki samsafnaðan forða, sem notast þegar logn er. En það, sem þessi maður er að finna upp, er ekki einungis það, að búa til sjerstaka vindknúða vjel, sem eyðir orkunni jafnótt og henni er safnað saman, heldur líka hylki, sem hann getur safnað vindaflinu í, og getur það svo enst í margar stundir, þegar logn er. Mun þetta, að safna orkunni saman og geyma hana, hafa verið reynt í ýmsum löndum, en mun misjafnlega hafa tekist. Vitanlega hefi jeg ekki svo mikið vit á þessum málum, að jeg geti sagt um, hvort hægt sje að gera þetta eftir hugmyndum þessa manns. Aðalatriðið er það, að búa til hylki, sem sje nógu sterkt til þess að þola þennan mikla þrýsting. Maðurinn hefir nú sett upp algerða fyrirmynd, en náttúrlega í mjög smækkaðri stærð. Vjelin getur verið í fullum gangi og hylkið er venjuleg olíustáltunna. Hylki fyrir rafmagnsstöð, sem framleiðir 50 hestöfl, þarf að vera 200 m.^{3} að rúmmáli, og hygst hann að geta gert það úr járnbentri steinsteypu. Þrýstingurinn af hinu samanþjappaða lofti er áætlaður 15 kg. á hvern fersentimetra. Vitanlega getur miklu minni rafmagnsstöð með hlutfallslega miklu minni geymi orðið að allmiklum notum. Hann gerir sjer örugga von um, að búa megi til hylki úr þessu efni, sem jeg nefndi, er þoli þennan þrýsting. Og ef þetta skyldi takast, telur hann, að með þrýstilofti þessu sje fengið afl til þess að reka 50 hesta vjel í 18 klukkustundir, án þess nokkur vindsvali hreyfi vængina, eða á meðan logn varir, en það mun sjaldgæft, að um gersamlegt logn sje að ræða lengri tíma en 18 stundir í senn, enda hreyfast vindmylluspaðarnir í hvað litlum andvara sem er, og getur þá sú orka sparast, sem geymist í hylkinu.

Það má sjá af erindi Ormssona, að þeir gera ráð fyrir að setja upp þýska vjel, en hún getur ef til vill stöðvast og kemur ekki að fullum notum. Þess vegna á að setja þar upp steinolíumótor samhliða, sem hægt sje að grípa til í logni. Þessi vjel er ekki útbúin með hylki til þess að safna orku í, nema að litlu leyti. Að vísu fylgja henni smáhylki til að geyma þjettiloft í, en það er of lítið fyrir slíka rafstöð, sem hjer er um að ræða, enda er ekki hægt að fá svo stór hylki utanlands frá, sem fullnægðu í þessu efni. Það mundi aldrei svara kostn-

aði að flytja slík ferlíki landa milli. Það, sem um er að ræða, er að gera hylki, sem nothæft er og staðbundið og verður ekki fært úr stað.

Og takist þetta, eins og Jón Helgason gerir sjer góðar vonir um, þá geta allir sjeð, að hjer er um hagkvæma uppgötvun að ræða og að slík rafstöð yrði margfalt ódýrari í rekstri en dæmi þekkjast til um nokkra aðra stöð, er framleiðir jafnmikla orku. Hjer er því ekki um lítið hagsmunamál að ræða, sem varðar allan almenning, ef takast má að finna ráð til þess að búa til svo traust og örugt hylki, sem geymi í sjer þá orku, sem annars hefði orðið að framleiða með mótorkrafti. Með þessu er því ekki um annað en vindaflið að ræða til þess að reka slíka rafstöð.

Jeg býst nú við, að fleirum háttv. þdm. fari líkt og mjer, að þá bresti fræðslu í þessu efni og beri ekki nægilegt skyn á að dæma um, hvort hugmynd Jóns Helgasonar komi að eins miklu gagni og hann gerir sjer vonir um. Hitt er mjer kunnugt um, að Jón hefir lagt mikla stund á vjelfræði og aflfræði og mun mega teljast allvel fær í þeim greinum. Held jeg því, að það væri ráð að styrkja hann í eitt skifti dálítið verulega, svo hann mætti koma hugmynd sinni í framkvæmd og sjá fyrir endann á því, hvort hún væri nothæf eða ekki.

Jeg veit að sönnu, eins og á stendur, að það mundi hafa betri byr að reyna aðeins eitt atriði í einu, eða mæla aðeins með einu af þeim þremur erindum, sem þinginu hafa borist um styrk til þess að setja upp vindknúðar rafstöðvar. En af því að þetta erindi, sem jeg ber fram, er töluvert ólíkt hinum tveimur, þar sem hjer er um að ræða að gera hylki til þess að safna í orku og geyma, þá held jeg ekki í annan tíma hentugra tækifæri en nú að gera þessa tilraun með þeirri upphæð, sem jeg sting upp á að verði til þess veitt. Og eins og háttv. frsm. þessa hluta fjárlagafrv. (Tr-Þ) tók rjettilega fram, að einstakir þm. hefðu ekki borið fram miklar gjaldaukatill., eða verið svo hepnir að finna sig ekki til þess knúða, þá finst mjer meiri ástæða til, að háttv. deild geti fallist á talsvert af þeim brtt., sem nú liggja fyrir. Þar er þó ólíku saman að jafna, hvað miklu færri og lægri gjaldaukatill. liggja fyrir nú eða í fyrra.

Að vísu er það vani að brjóta á bak aftur ýmsar af þeim brtt., sem einstakir þm. bera fram. En jeg þykist sjá, að hv. þdm. sjeu farnir að skilja, að taka beri meira tillit til, hvaða almennings hagsmunir felast í hverri till., og veiti henni stuðning með atkv. sínu, en að láta hana gjalda þess, hvernig fyrir henni er mælt. Jeg vona, að þessi brtt. mín hafi svo mikið til síns gildis, að tilvinnandi þyki að veita þessa fjárhæð, svo að maðurinn geti komist að raun um, hvort þessi uppfundning, sem hann ber svo fyrir brjósti, sje nothæf eða ekki. Ekki að vita, að við fáum slíkt tækifæri síðar til þess að vita vissu okkar í þessu efni, og jafnvel þó báðum hinum fjárbeiðnunum sje sint líka, efast jeg um, að þær verði eins notadrjúgar almenningi eins og sú tilraunin, er jeg mæli með að styrkt verði.

Jeg veit, að það hefir enga þýðingu, þó jeg vildi útlista þessa uppfundningu nánar og reyna að gera hv. þdm. skiljanlegt, hvernig þrýstiloftinu er ætlað að koma í stað vjelatækja í venjulegri raforkuvjel. Það yrði talsvert langt mál, svo jeg vil sleppa að fara frekar út í það að sinni, en mundi þó gera það, ef einhver óskaði sjerstaklega eftir því. Og sama er að segja,

ef þeir háttv. þdm., sem ef til vill bera skyn á þessa hluti, eða hafa verkfræðiþekkingu, efast um, að svona hylki eins og jeg hefi talað um þoli þrýstinginn, þá skal ekki standa á mjer að gefa síðar frekari upplýsingar, fengnar frá uppfinningamanninum sjálfum.

Fyrst jeg hefi dálítinn tíma eftir þangað til fundarhljeið hefst, ætla jeg að leyfa mjer að minnast lítilsháttar á aðra brtt., sem jeg á og er sú XXIV. í röðinni á sama þskj.

Hún er um það, að veittur verði dálítill styrkur til að gera tvo fossa í Mýrasýslu laxgenga. Á síðasta þingi bar jeg fram till. um sama efni. Hún fjekk góðar undirtektir, var samþykt hjer í deildinni og komst til hv. Ed., en hrundið þar vegna vantandi upplýsinga um, hvernig samningum væri háttað um það atriði, sem fjárveitingin átti að styrkja. Nú eru fengnar þessar upplýsingar, sem spurt var um í fyrra, hvort fyrir lægi samþykki þeirra manna, er veiðirjett eiga að ánni og í hliðaránum, sem í hana falla, og hvort nægilega traust væri um þau samtök búið að leggja fje á móti styrknum úr ríkissjóði — þ. e. ⅔ kostnaðar — til þess að gera ána laxgenga alt til fjalla, auk fleira, sem spurt var um í þessu sambandi.

Þessu öllu er nú svarað með erindi frá oddvita Norðurárdalshrepps, sem jeg hefi að vísu ekki sent Alþingi, heldur fjvn., og hefir hún haft það til athugunar. Þó að hún hafi ekki tekið þennan styrk upp í sínar brtt., býst jeg við, að hún sje brtt. minni samþykk, og miða jeg það við þann byr, sem málaleitun þessi hafði hjer í fyrra, enda hefi jeg enga ástæðu til að ætla, að hv. deild sje ekki sama sinnis enn eins og hún var þá. Annars hefi jeg ekki miklu við að bæta það, sem jeg sagði í fyrra. Það, sem um er að ræða, er að gera laxinum fært að ganga lengra upp eftir ánni ofan við fossana og í aðrar ár. Eru mikil líkindi til, að þar rísi upp stöðvar fyrir laxa- og silungaklak, enda talið af kunnugum, að víða sjeu góð skilyrði til þess þar efra, auk þess sem fullyrt er, að ágætar riðstöðvar sjeu víða í ánum, og það langt fram til fjalla. Upphæðin er líka smá, sem farið er fram á að sje veitt, að eins 1000 krónur, og vona jeg, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja hana.

Það er tilgangslaust fyrir mig, þó jeg vildi fara að minnast á ýmsar af þeim brtt., sem fyrir liggja, enda þreytast menn á að heyra álit margra um sama efni. Slæ jeg því striki yfir alt hitt, og sýni við atkvgr., hverju jeg fylgi og hverju jeg er á móti.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi komið með 1 brtt. við 23. gr., um það, að ríkissjóður greiði halla þann, sem verða kann á tilraunum S. Í. S. af að senda frosið kjöt á erlendan markað. Jeg skal geta þess út af þessu, að síðasta tilraun tókst illa; það varð halli á henni, en ástæðan til þess var einkum sú, að skipið, sem leigt var, reyndist óhentugt, svo að það varð hlutfallslega dýrt að koma kjötinu út. Geri jeg ekki ráð fyrir, að nú verði leigt sjerstakt skip til þessa, heldur er ætlast til, að „Gullfoss“ fari norður að Hvammstanga 1—2 ferðir til að taka kjöt í kælirúm sitt.

Það skiftir miklu máli, að þessar tilraunir falli ekki niður, því að þær hafa góð áhrif á markaðinn í Noregi, og eins er heppilegt fyrir sölumenn kjötsins í Englandi, að eitthvað verði flutt þangað í ár, svo að notkun þess þar falli ekki

niður. Ástæðan til þess, að ekki er ætlast til að fá sjerstakt leiguskip nú í ár, er sú, að það var reynt til þrautar að fá hentugt skip síðastliðið sumar, en það tókst ekki, og býst jeg ekki við, að það mundi ganga betur í ár, og allir hlutaðeigendur líta svo á, að ekki sje gerandi að leigja aftur sama skipið. Jeg geri mjer von um, að lítill eða enginn halli verði á útflutningnum, þótt ekki sje mögulegt að fullyrða neitt um það, en jeg vil segja það, að þótt dálítill halli kynni að verða á þessu, þá væri það tilvinnandi, enda getur hallinn, ef svo er farið að, sem jeg hefi lýst, ekki orðið nema smámunir. Hallinn á útflutningi hins frysta kjöts í fyrra varð auðvitað miklu meiri vegna þess að kjöt var þá svo dýrt í Noregi. Kjötverðið var sem sje 50% hærra eftir gullverði 1925 en 1924.

Hv. frsm. (TrÞ) hefir farið hlýjum orðum um þessa brtt., svo að jeg ætla ekki að ræða frekar um hana.

Þá er mitt nafn við aðra brtt., en þar sem jeg er síðastur í röðinni af flm. hennar, þá hirði jeg ekki að ræða um hana, því að jeg geri ráð fyrir því, að aðalflm. hennar mæli fyrir henni.

Um brtt. nefndarinnar við 16. gr. get jeg verið fáorður. Mjer þykir vænt um, að nefndin hefir fallist á að hækka styrkinn til sandgræðslunnar um 15 þús. kr., enda á að kaupa 2 jarðir og girða lönd þeirra. Hefir það sýnt sig, að það er oft nægilegt að girða til þess að varna sandfoki, þótt ósjaldan þurfi einnig að hlaða garða fyrir sandinn. Og svo mun það verða á jörðum þeim, sem hjer er um að ræða og báðar eru komnar í eyði vegna sandágangs.

Til langframa er tryggast að girða sandsvæðin, því að ef sandgræðslulöndin eru ekki friðuð, sjerstaklega fyrir sauðfje, sýnir reynslan, að sauðfje rífur upp hinn smágerða gróður, sem heldur sandinum saman og varnar foki. Þeir, sem sjeð hafa eyðileggingar sandfoksins og síðan verið vitni að áhrifum friðunarinnar, munu ekki sjá eftir því fje, sem fer til sandgræðslunnar.

Jeg get ekki verið því mótfallinn að kaupa Sigríðarstaðaskóg í Ljósavatnsskarði, þótt jeg hafi ekki sjeð hann. En kunnugir menn segja skóginn mjög álitlegan. Verði skógurinn keyptur, verður að girða hann ekki síðar en 1928 og fela hann umsjá skógarvarðarins á Vöglum, enda er skamt milli Sigríðarstaða og Vagla.

Mjer þykir leitt, að hv. fjvn. hefir fært niður styrkinn til skipulags bæja og kauptúna. Þessi gjaldaliður hefir ætíð verið olnbogabarn hv. fjvn. Hann var feldur alveg niður 1924 og nú er hann færður allverulega niður. Það er svo með þessar framkvæmdir, að margir kaupstaðir vilja fá aðstoð til skipulagsuppdráttar, og getur stjórnin ekki neitað beiðnum þeirra, því að lög mæla svo fyrir, að þorp og kaupstaðir fái þessa aðstoð, og verður að borga hana úr ríkissjóði. Skoða jeg þennan lið áætlunarlið og álít stjórnina vítalausa, þótt hún fari hjer fram úr áætlun.

Magnús Jónsson: Þegar fjárlagafrv. var til umr. í fyrra, var jeg hjer um bil eða alveg eini þm., sem átti enga brtt. til hækkunar. Jeg segi þetta til þess, að hv. fjvn. og hv. þm. geti af því markað það, að jeg hefi enga löngun til þess að fara í leit eftir brtt. við fjárlagafrv. Og nú þegar jeg á 3 brtt. á þskj. 248, þá hefi jeg komið fram með þær af því að jeg tel brýna þörf á þeim og legg mikla áherslu á, að þeim verði vel tekið. Mjer

finst ekki vera laust við það, að mentaskólinn sje að verða hálfgert olnbogabarn fjárveitingarvaldsins. Skólinn er haldinn í stóru húsi, sem er gamalt en traust, og hefir lítið verið gert við það annað en það, að það var málað vorið 1921, þegar konungurinn heimsótti okkur. En svo skamt er komið í því að hlynna að húsinu, að ennþá vantar miðstöð í það. Nú er ekkert það hús bygt, sem á að vera fullkomið, að jeg ekki tali um opinberar byggingar, að ekki sje talið sjálfsagt að hafa miðstöð í þeim. Þess vegna má það merkilegt heita, að skóli, sem hefir 12 kenslustofur, noti ofna, sem mikið verk er að leggja í og viðhalda eldi í og eru auk þess afarófullkomin hitunartæki og fylgir þeim eldhætta. Jeg man það, þegar jeg var í skóla, að þeir, sem næstir voru ofninum, ætluðu alveg að stikna, en hinir, sem næstir voru gluggunum, skulfu af kulda, enda eru þeir óþjettir og illa frá þeim gengið. Nú er farið fram á af lækni skólans, hr. Guðm. Björnssyni landlækni, og rektor skólans að fá fje til umbóta á skólanum. Jeg get látið í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. landsstjórn skyldi ekki sjá sjer fært að koma miðstöðinni inn í fjárlagafrv. Svo mátti vonast eftir því af fjvn., að hún tæki þetta upp í brtt. sínar, því að hún kannast vel við þessi tæki, þar sem hún leggur til, að skólar eins og Blönduósskóli fái nú miðstöð. Hefði því mátt vænta þess, að hún mundi einnig hugsa mentaskólanum fyrir miðstöð. Að vísu hefir nefndin afsökun vegna þess, að af vanrækslu lá ekki fyrir henni nein áætlun um, hvað þetta kostaði. Get jeg því upplýst það, að kostnaðurinn er áætlaður 13 þús. kr. *(TrÞ*: Það lá ekkert fyrir okkur um þetta). Fyrst nefndin hafði ekki þessi gögn í höndum, þá vonast jeg eftir því, að hún taki þetta aftur til athugunar og leggi því liðsyrði, þegar hún hefir rannsakað þörfina, sem hjer er svo mikil, og vilji veita þessar umbeðnu 13 þús. kr.

Það liggur fyrir skýrsla, dagsett 13. mars, samin af Benedikt Þ. Gröndal verkfræðingi, sem er fagmaður í þessu og hefir rannsakað málið nákvæmlega. Hann getur þess, að leysa megi þessa spurningu með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með því að setja vatnshitunartæki, sem kosta myndu 15600 kr. Er ætlast til þess, að hafðir sjeu 2 katlar, annar fyrir íbúðarherbergin, sem þarf að hita upp allan daginn, en hinn fyrir kenslustofurnar, sem upphitaðar eru aðeins takmarkaðan tíma. Ennfremur hefir hann gert aðra áætlun, að hafa gufuhitun fyrir stofurnar, en vatnshitun fyrir íbúðirnar. Það borgar sig betur að nota gufuhitun þar, sem aðeins er hitað upp stuttan tíma dagsins. Samkvæmt þessari áætlun kostar miðstöðin 13 þús. kr. Og með því að setja hana sparast 12 tonn af kolum yfir árið. Sje tonnið reiknað á 50 kr., sparast þannig 600 kr. Auk þess verður 300 kr. sparnaður á uppkveikju, svo að allur sparnaðurinn, sem af þessu leiðir, verður minst 900 kr. Svo hefir rektor getið þess, að ekki verði lengur hægt að standa á móti kröfum dyravarðar um aukaþóknun fyrir þá fyrirhöfn að leggja í alla þessa ofna, sem er mikið verk, þegar þarf að rogast með kol upp á háaloft skólans. Þess vegna hygg jeg, að þótt ekki sje talað um nema 900 kr. sparnað vegna miðstöðvarinnar, þá komi hún til með beinlínis að borga sig, þegar litið er á það, að borga verður dyraverði meira eins og nú standa sakir, sem þyrfti minst 500 kr. Þess vegna er hjer augljós sparnaður að því að setja miðstöðina.

Það er alveg óhætt að reiða sig á þessa

skýrslu. Maðurinn, sem hana hefir gefið, er lærður mjög í sinni grein. Hún er ekkert fálm út í loftið, heldur bygð á miklum útreikningum, svo að hverjum meðalmanni sortnar fyrir augum við lesturinn við að heyra um allar þær kalóríur og allan lærdóm, sem í því skjali er. (*TrÞ*: Það er banatilræði við nefndina). Jeg hefi þá mjer til afsökunar, að jeg hefi prófað það á sjálfum mjer fyrst. Jeg vona nú, að nefndin taki þetta til athugunar eftir að þessi gögn eru komin til hennar. Hjer er aðeins um að ræða, hvort þetta skuli gert ári fyr eða seinna, því að miðstöðin hlýtur að koma fyr eða síðar.

Eftir tillögu rektors hefi jeg einnig farið fram á aðra fjárveitingu til mentaskólans, sem er 900 kr. til að kaupa skuggamyndavjel. Fjvn. hefir gert það að tillögu sinni, að kaupa slíka vjel handa Akureyrarskóla. En nú stendur svo á, að barnaskólinn á vjel og hefir verið hægt að fá hana að láni einstöku sinnum. En því verður framvegis ekki til að dreifa, því að barnaskólinn stendur allan daginn, en við það að fá vjelina að láni í mentaskólann hafa nemendur hans fengið nýtt blóð á tunguna. Fer jeg því fram á, að liðurinn til kensluáhalda hækki um 900 kr., sem ætlað er, að vjelin muni kosta, sem þó er slumpreikningur, því að jeg hygg, að hún muni kosta minst 1000 kr. (*TrÞ*: Vjelin á Akureyri á ekki að kosta nema 500 kr.). Þá sparast á liðnum, og getur það ekki skaðað.

Þá á jeg enn eina tillögu, og hún er um það að veita dr. Guðm. Finnbogasyni 2000 kr. styrk til að rita bók um eðliseinkenni Íslendinga. Þessi maður er nú ekki ókunnur hjer á Alþingi. Jeg held, að ekki hafi verið um annan mann meira talað hjer en um dr. Guðm. Finnbogason. Hann er ekki aðeins þektur á Alþingi, hann er þektur um alt land; það má telja hann með okkar mestu menningarfrömuðum. Hann hefir skrifað mikið í blöð og tímarit og verið ritstjóri stærsta bókmentatímaritsins, sem kemur út hjer á landi. Hann hefir einnig skrifað margar bækur, og hafa þær verið mjög víðlesnar, eins og alt, sem hann hefir skrifað. Hann er því mjög vinsæll rithöfundur, og þekki jeg það sem ritstjóri tímarits, þar eð jeg hefi grenslast eftir því, að hvaða rithöfundum fólki geðjast best, og þá hefir dr. Guðmundur altaf verið með þeim efstu á blaði. En það er eins og dr. Sig. Nordal sagði nýlega í „Vísi", að dr. Guðmundur Finnbogason hefði ennþá ekki skapað það verk, sem væri samboðið gáfum hans og lærdómi. Í umsókn sinni til Alþingis segir hann, að laun sín síðustu árin hafi ekki hrokkið til framfæris sjer og sínum, og hafi hann þá leitað sjer ýmiskonar aukagetu, sem hann hafi getað fengið borgun fyrir. En rit það, sem hann hafi nú í hyggju að semja, geti ekki gefið neitt í aðra hönd, en þó vilji hann heldur helga því krafta sína en fást við önnur sundurleit efni, sem hann gæti fengið jafnóðum eitthvað fyrir. En þessari grein, sem hann langar til að skrifa um, hefir hann lengi haft áhuga fyrir og er byrjaður á að gera drög til þessa rits. Fyrir nokkrum árum, jeg man ekki hvaða ár það var, skrifaði hann fylgirit með Árbók háskólans, þar sem hann grípur niður á þessu efni. Jeg man, er jeg las þessa ritgerð þá, að jeg dáðist mest að því, hve hann hefði fundið hjer efni, sem átti afbragðsvel við gáfur hans og rannsóknaranda, þekkingu hans á bókmentum og áhuga hans á öllum hlutum milli himins og jarðar, ásamt því að vera sálarfræðingur.

Það, sem hjer er farið fram á, er ekki annað en það, að Alþingi vilji stuðla að

því, að hann þurfi ekki að eltast við snapir, að hann geti safnað til þessa verks án tillits til þess, hvort hann fær eitthvað í pyngjuna fyrir jafnóðum. Hann gerði það fyrir tilmæli hæstv. stjórnar að afsala sjer embætti sínu við háskólann og taka annað miklu tímafrekara embætti, sem gerir honum erfiðara fyrir með öll aukastörf. Með þessu sýndi hann mikla lipurð, og ætti það ekki að draga úr vilja háttv. þingmanna að veita honum þetta.

Jeg ætla svo ekki að eyða hinum dýrmæta tíma þingsins meira, en fel þetta velvild háttv. þingmanna og nefndar.

Jakob Möller: Jeg á nokkrar brtt. á þskj. 230, og ef til vill ekki þær vinsælustu, en það eru þó ekki þessar smáfjárupphæðir, sem steypa hag ríkissjóðs eða valda miklu um, ef í harðbakka slær. Fjárhæðir þær, sem veittar eru til lista, eru aldrei svo margar eða miklar, að þær skifti nokkru máli, þegar litið er á heildarupphæð fjárlaganna. Nú hefir undanfarið verið góðæri og ríkissjóður haft miklar tekjur. Það virðist þess vegna ekki úr vegi að sækja um lítilsháttar fjárveitingar til lista að þessu sinni, svo að listamennirnir fái að njóta góðærisins líka. Fyrsta brtt. mín á þskj. 230 er undir tölulið XIX, við 15. gr. 16, um að hækka styrkinn til Leikfjelags Reykjavíkur um 2 þús. kr., úr 4 þús. upp í 6 þús. kr. Þó að Leikfjelagið hafi nú 4 þús. kr. styrk, stendur það ver að vígi með það en fyrir ófriðinn, þegar það hafði 2 þús. kr. Nú hefir verið lagður á skemtanaskattur, sem verja á til að reisa þjóðleikhús, og nemur hann svo miklu hjá Leikfjelaginu, að það endurgreiðir þennan 4 þús. kr. styrk í skatti. Það er því alveg sama og fjelagið fengi engan styrk, þó það fái þessi 4 þús.

Leikfjelagið hefir sent þinginu erindi, þar sem það fer fram á að fá 10 þús. kr., og ef það fengi það, væri það sama og það fengi 6 þús., en væri skattfrjálst, og stæði það þá nokkurn veginn jafnt að vígi og fyrir ófriðinn með 2 þús. kr. styrk. Verðgildi peninga hefir minkað svo mikið síðan, sem því nemur. Hjer við bætist, að eins og að líkindum lætur, er hagur fjelagsins slæmur; það hefir komist í skuldir af óviðráðanlegum ástæðum á síðustu árum og orðið að grípa til þess að klípa af þóknun til leikendanna. Það var samþykt í fjelaginu, að leikendur fengju ekkert fyrir þau kvöld, sem ekki kæmi inn viss upphæð, og ekkert fyrir alþýðusýningar, og geta menn af því sjeð, hver hagur þeirra er. Fjelagið nýtur að vísu styrks úr bæjarsjóði, og hefir hann verið hækkaður upp í 5 þús. kr., en sá böggull fylgir skammrifi, að honum fylgir sú skylda að halda 2 alþýðusýningar á hverjum leik, er það sýnir. Þessar sýningar eru, eins og kunnugt er, haldnar með lækkuðu verði, en fjelagið verður þó að greiða skatt af þeim, og auðvitað bera þær sig ekki. Stjórn fjelagsins gerir ráð fyrir, að þetta tap nemi um 3 þús. kr., og verður þá þessi styrkur aðeins 1—2 þús. kr. virði. Jeg hefi ekki sjeð mjer fært að leggja til, að styrkurinn verði hækkaður meira en úr 4 þús. upp í 6 þús., og hefir þá fjelagið í raun og veru sama styrk að krónutölu og fyrir ófriðinn, ef skattur er dreginn frá, en hann er auðvitað miklu verðminni. Jeg er þess fullviss, að hið háa Alþingi vill ekki, að starfsemi fjelagsins líði undir lok. Háttv. þm. hafa átt þess kost að sjá, hve vel leiklist þess er á veg komin. Það væri óbætanlegt tjón nú, rjett áður en þjóðleikhúsið á að rísa upp. Jeg þykist þess þess vegna fullviss, að hv. þm. taki vel undir þessa hóglegu till. mína.

Þá á jeg 5 aðrar brtt. á þskj. 230, undir XXIII. lið, við 15. gr. 17. e, nýir liðir. Er þar fyrst um að ræða styrk til frú Soffíu Kvaran, til utanfarar til leiklistarnáms, að upphæð 1000 kr. Henni voru í síðustu fjárlögum veittar 1500 kr. í þessu skyni. Var þá umsókn send til hv. fjvn. um styrkinn, og nefndin lagði til, að veittar yrðu 1000 kr., en hv. deild tók því svo vel, að hún samþykti 500 kr. hækkun, og náði það fram, svo styrkurinn varð 1500 kr. En eins og þá var tekið fram, var þetta samt of lítill styrkur. Enda sjer frúin sjer ekki fært að leggja upp í slíka ferð með svo lítið fje, þar sem hún sjálf er eignalaus. Það er líka auðsætt, ef reiknaður er ferðakostnaður fram og aftur, að lítið verður eftir af slíkri upphæð til nauðsynlegrar dvalar erlendis. Jeg hefi þess vegna borið fram þessa till., að frúnni verði veittur þessi viðbótarstyrkur, til þess að hún geti farið þessa för. Háttv. þm. hafa átt þess kost að sjá leik þessarar konu, og jeg veit, að mörgum þeirra hefir þótt mikið til hans koma. Það skal tekið fram, að hún hefir aldrei átt þess kost að fara utan til að kynna sjer og læra af leiklist annara þjóða, sem auðvitað er komin lengra en hjer. Jeg vænti svo þess, að háttv. deild verði sjálfri sjer samkvæm og taki þessari málaleitun eins vel eins og hinni í fyrra.

Þá er næst, undir sama tölulið, till. um 2 þús. kr. styrk til Haralds Björnssonar til leiklistarnáms. Hann hefir undanfarið leikið á Akureyri við mikinn orðstír. Umsókninni fylgja meðmæli frá bæjarbúum Akureyrar, og láta þeir mikið af hæfileikum hans í þessa átt. Haraldur þessi hefir nú farið utan og stundar nú nám við leikskóla konunglega leikhússins í Kaupmannahöfn, en auk leiklistarnámsins leggur hann einnig stund á ýmislegt verklegt, sem lýtur að leikstjórn. Jeg fyrir mitt leyti legg mikið upp úr því námi. Eins og nú stendur, er hjer enginn maður til, sem kann eða hefir lært neitt til leikstjórnar, sem nú tíðkast meðal menningarþjóðanna, og verður þó full þörf fyrir slíkan mann, þegar þjóðleikhúsið verður reist. Jeg fullyrði, að þjóðleikhúsinu sje afarnauðsynlegt að fá mann, sem hafi slíka mentun, sem þessi maður hefir byrjað á að afla sjer, og þar sem ekki er meira um að ræða en þetta, tel jeg alveg sjálfsagt að veita þennan styrk. Í umsókninni er farið fram á 3 þús. kr., en jeg hefi ekki árætt að leggja til, að veittar verði meira en 2 þús. Umsókninni fylgja meðmæli frá leiðbeinanda konunglega leikhússins, sem nú hefir haft nokkur kynni af Haraldi. Hann telur það mjög mikilsvert fyrir okkur að fá mann með slíkri mentun og fer mjög viðurkennandi orðum um leik og áhuga þessa unga manns og hæfileika hans til að stunda þetta nám. Jeg vænti því, að háttv. deild taki vel í þetta mál og láti sjer skiljast, að hjer er um mikilsverða nauðsyn að ræða frá listarinnar sjónarmiði.

Þá hefi jeg enn 3. till. undir tölulið XXIII. um styrk til Sigurðar Birkis, 2 þús. kr., til Rómaferðar. Hann sótti um 4 þús., en háttv. fjvn. hefir ekki sjeð sjer fært að sinna því. Umsókninni fylgja meðmæli frá kennara hans við söngleikhúsið í Kaupmannahöfn og forstöðumanni óperunnar, Helge Nissen, og fara þeir mjög lofsamlegum orðum um hann sem söngmann; auk þess hefir hann meðmæli frá hinum fræga hljómlistamanni Telmanyi, sem kyntist Sigurði í haust. Loks hefir mjer í dag borist brjef frá kennara Sigurðar í Milano, og ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það upp í þýðingu:

„Jeg undirritaður votta, að hr. Sigurður Birkis, sem kominn er að stunda söng í söngskóla mínum, hefir fagra og blíða lyriska tenórrödd, og er jeg þess vegna sannfærður um, að hann muni, með því að halda áfram ástundun sinni, eiga í vændum fagran feril og verða ágætur listamaður.“

Jeg vil aðeins bæta því við, að í umsókn sinni leggur Sigurður áherslu á það, að hann ætli aðallega að búa sig undir að verða söngkennari hjer heima. Við höfum, að jeg held, engan lærðan söngkennara hjer, og gæti það sparað mörgum, sem annars yrðu að fara utan, mikið fje, ef hjer væri til fullkominn söngkennari, og tel jeg, ekki síst vegna þessa, mikla ástæðu til að veita þennan styrk.

Þá er næst till. um jafnháan styrk til Einars Markans, til söngnáms. Hann hefir sungið hjer og hlotið eindregið hrós hjá Árna Thorsteinssyni, er skrifar einna mest um sönglist hjer. Meðmæli hans fylgja umsókninni og fer hann þar um hann þessum orðum:

„.... Jeg tel hann tvímælalaust einn hinn efnilegasta söngvara vorn og þess maklegan að njóta ríflegs styrks frá hinu háa Alþingi, svo að náminu geti hann haldið áfram. Jeg teldi það meira en illa farið, ef þessi ungi og efnilegi söngvari yrði að hætta námi sínu vegna fjárskorts.“

Við eigum, eins og kunnugt er, einn ágætan söngvara erlendis, sem hefir getið sjer og föðurlandi sínu ágætan orðstír, nefnilega Pjetur Jónsson. Hann er okkar langbesti tenorsöngvari. Einar Markan er á öðru sviði, hann hefir barytonrödd og er að dómi fagmanna ágætur söngvari í þeirri grein. Hann hjelt t. d. söngskemtun í Oslo og hlaut einróma lof blaðanna þar. Jeg hefi hjer ummæli 8 blaða um söng hans, og er dómur þeirra allra á einn veg, mjög lofsamleg ummæli um söng Einars. Enda þarf ekki um það að efast, að hjer er um að ræða mjög efnilegan söngvara, sem mikils má vænta af, ef hann getur haldið **áfram námi.**

Þá er síðasta till. undir þessum tölulið, um 2 þús. kr. styrk til Gunnlaugs Blöndals málara. Jeg geri ráð fyrir, að flestir hv. þm. hafi sjeð málverk eftir hann og dóma um þau. Hann er talinn mjög efnilegur málari, og það er sönnun fyrir áliti hans erlendis, að hann hefir komið verkum sínum á stóra sýningu í París. En hann þykist þurfa að læra meira og hefir í hyggju að efna til sjerstakrar sýningar í París. Það kostar auðvitað nokkurt fje, en það er nauðsynlegt fyrir hann til þess að geta aflað sjer fjár fyrir verk sín. Jeg vil leyfa mjer að leggja mín bestu meðmæli með þessum styrk til þessa efnilega listamanns.

Loks á jeg á þskj. 239 eina brtt., um að hækka styrkinn til Guðbrands Jónssonar úr 1200 kr. upp í 1500 kr. Hv. fjvn. leggur til, að þessi liður falli niður, en hæstv. stjórn hafði þó tekið hann upp í fjárlagafrv. Háttv. frsm. þessa hluta fjárlaganna hefir gert grein fyrir þessari afstöðu nefndarinnar og fært fram þá ástæðu, að ýmsir aðrir hafi sótt um styrk til að vinna svipuð störf, svo sem þjóðminjavörður og landsbókavörður, og telur nefndin sig ekki geta mælt með einum, en neitað hinum. Jeg skal í því sambandi geta þess, að nú hefir komið fram till. um sjerstakan styrk handa landsbókaverði, sem þegar hefir verið mælt fyrir, og er þá sú ástæða frá. Auk þess er mikill munur á aðstöðu Guðbrands og þessara manna, að því leyti, að þeir sitja í launuðum embættum og þess vegna minni ástæða til að veita þeim styrk. En hjer er það ekki aðalatriðið; á hitt ber að líta, hvort það verk, sem um er að ræða, er þess vert,

að það njóti styrks af opinberu fje. Og það verður að líta svo á, að Alþingi álíti, að verkið sje þess vert, þar sem það veitti Guðbrandi í fyrra styrk í þessu skyni. Það er tilætlun Guðbrands að nota þennan styrk til þess að rannsaka og rita menningarsögu miðalda. Hefir hann sent háttv. fjvn. skýrslu um, hvað þegar er unnið af þessu verki, og telur hann það í 7 liðum. Hefir hann þegar skrifað sem svarar 16 örkum, auk ýmsra rannsókna og nauðsynlegs undirbúnings. Þá drepur hann á það, að hann hefir unnið að rannsóknum fyrir dansk-íslensku ráðgjafarnefndina um það, hvaða gripi og handrit við ættum að fá úr söfnum í Danmörku, og þó að hann hafi fengið sjerstaka borgun fyrir það hjá nefndinni, verður ekki betur sjeð en að hann hafi þegar unnið vel fyrir þessum 1200 kr. styrk, sem hann nýtur á yfirstandandi ári. Mjer finst þess vegna, að það væri aðeins sanngjörn viðurkenning á þessu starfi Guðbrands að hækka lítilsháttar þann styrk, sem síðasta Alþingi veitti honum, í stað þess að fella hann niður.

Klemens Jónsson: Jeg get sannarlega lofað að vera stuttorður, því að það stendur svo á, að jeg á enga brtt. við þennan kafla, fremur en hinn. Þær till., sem jeg mundi hafa komið fram með, hafa verið teknar upp í fjárlögin. Á jeg þar við, að í fyrra bar jeg fram till. um styrk til að hefta sandfok í Rangárvallasýslu og koma upp gróðrarstöð. Þessi styrkur fjekst ekki þá, en nú hefir fjvn. eftir till. hæstv. atvrh. og búnaðarmálastjóra lagt til að hækka liðinn til sandgræðslu um 15 þús. kr., til að hefta sandfok í Rangárvallasýslu og bæta úr þeim eyðileggingum, sem af því hafa orðið. Nefndin getur þess í nál., að hún hefir fallist á það, að fjeð verði tekið til notkunar þegar á þessu ári. Jeg get ekki annað en flutt hæstv. stjórn og háttv. fjvn. þakklæti fyrir það, hve vel hefir verið sjeð fyrir þörfum minna kjósenda í þessu efni. Jeg skal taka það fram, að jeg legg engan dóm á það, hvaða aðferð sje heppilegust í þessu efni, enda er jeg ekki fær að dæma um það. Hitt er aðalatriðið, að eitthvað sje gert til að hefta frekari skemdir og bæta úr þeim spjöllum, sem orðið hafa.

Hin brtt., sem jeg bar fram í fyrra, var um að veita allstóra upphæð til framhalds landmælinga herforingjaráðsins, og sannast að segja var mjer það vonbrigði, að hún skyldi vera feld þá. Landmælingar eru nauðsynjamál, en þær voru stöðvaðar í fjöllunum milli Eyjafjarðar- og Skagafjarðarsýslu. Nú hefir stjórnin tekið þetta upp í fjárlagafrv. sitt og ekki verið hróflað við því, sem vænta mátti. Nú á að taka landmælingarnar upp af nýju. Þetta er því væntanlega fyrsti liðurinn í þeirri fjárveitingakeðju, sem ekki verður slitin fyr en alt landið er mælt. Jeg get ekki annað en verið ánægður yfir báðum þessum fjárveitingum.

En úr því að jeg er staðinn upp á annað borð, þá vil jeg minnast fám orðum á einstakar brtt. Þá verður fyrst fyrir mjer 39. brtt. frá fjvn., um að fella niður ferðastyrkinn til útlanda. Hv. frsm. fjvn. (TrÞ) lýsti því yfir, að nefndin vildi ekki örva stjórnina til þess að nota slíka styrki um skör fram. Mjer er nú ekki kunnugt um, hvort stjórnin hefir misbrúkað þetta hingað til. En hitt er vitanlegt, að síðan Ísland varð sjálfstætt ríki, hefir því verið boðið að sækja marga fundi erlendis. Sumir hafa ef til vill ekki verið nauðsynlegir, en sumir hinsvegar þannig, að sómi lands-

ins var í veði, ef ekki var mætt á þeim. Stjórnin á að hafa það á sínu valdi að mega senda menn í þeim tilfellum, er hún telur það alveg nauðsynlegt annaðhvort vegna þýðingar fundarins eða sóma landsins. Þegar þess er minst, hversu vel sendimönnum vorum er tekið, þá getum vjer ekki staðið oss við annað en halda áfram að koma fram út á við. Jeg skal taka það fram, að jeg þykist þess fullviss, að ekki mun líða á löngu, að stjórnin þurfi að hafa fje til umráða í því skyni að launa gestrisni þá, er oss er sýnd á mótum erlendis, því mjer er fullkunnugt um, að einn fundur fyrir fulltrúa norrænna embættismanna verður haldinn hjer á næsta sumri. Jeg er því á móti þessari brtt. nefndarinnar. Mjer virðist það ekki hættulegt, þótt stjórnin hefði einhverja fjárupphæð til afnota með þetta fyrir augum. Stjórnin væri ekki bundin við þá upphæð, heldur væri hún skoðuð sem áætlunarupphæð.

Jeg hefi ekki mikið að athuga við aðrar brtt. nefndarinnar og sleppi því að minnast á þær.

Að því er snertir brtt. frá einstökum bm., þá vil jeg fyrst minnast á þær brtt. frá háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) o. fl., er miða að því að styrkja leikfjelög og leikara. Jeg hefi altaf verið mikill vinur leiklistar og haft ánægju af að sækja leikhús, og er því með brtt. um að hækka styrkinn til Leikfjelags Reykjavíkur. Jeg gæti líka verið með brtt. háttv. þm. Ak. (BL), um styrk til Leikfjelags Akureyrar, en mjer finst vanta í till. athugasemd um það, að þá yrði Akurevrarkaupstaður að leggja fram eitthvað líka á móti ríkissjóðsstyrknum, eins og hjer er gert að skilyrði um framlag frá Reykjavíkurbæ. í hlutfalli við styrkinn. Ef slík athugasemd kæmi frá hv. þm. Ak. inn í till., þá mundi jeg fylgja henni. Jeg er að vísu „principielt" á móti því að binda fjárveitingu úr ríkissjóði við fjárframlag frá sveitarsjóðum eða einstökum mönnum. Jeg álít það ekki rjett, að löggjafinn geti lagt þannig lagaðar kvaðir á einstaklingana. En þetta hefir nú viðgengist hjer, sjerstaklega um þennan lið, og jeg álít ósamræmi í því, að Akureyri hafi ekki sömu skyldur í þessu efni sem Reykjavík.

Jeg mun greiða till. hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) um að styrkja frk. Önnu Borg til leiklistarnáms atkvæði mitt. Sama er að segja um utanfararstyrkinn til frú Soffíu Kvaran. Jeg álít, að í þeim sje góður efniviður og peningum sje vel varið til að gera þær færari um að iðka list sína.

Þá vil jeg að lokum fara nokkrum orðum um brtt. frá hv. 2. þm. Eyf. (BSt) um styrk til einnar júbilljósmóður. Það eru nú nokkur ár síðan byrjað var á því að reyna að koma ljósmæðrastyrk inn í fjárlög hjer. Alþingi stóð langa lengi á móti; með eina var reynt þing eftir þing. Loks í fyrra tókst að koma þremur júbilljósmæðrum, að mig minnir, inn í fjárlögin. Jeg skal játa, að ljósmæður eiga alt gott skilið, en það var ekki ástæða til þess að taka þessar þrjár út úr. Ljósmæður hafa ekki mikil laun úr sveitarsjóðum, og ekki verða þær feitar af fje því, er þær fá frá foreldrum barnanna, að minsta kosti ekki í sveit. En í stað þess að taka nokkrar svona út úr ætti að gera lög um, að yfirsetukonur, sem gegnt hafa starfinu 40—50 ár, ættu að hafa rjett til eftirlauna. Þetta gengi jafnt yfir allar, en þær yrðu ekkert betur úti, sem hefðu duglega talsmenn hjer á þingi. Þessa konu, sem hjer er um að ræða, þekti jeg persónulega og vissi, að hún gat sjer góðan orðstír. Hún var fátæk,

en þurfti að leggja meira á sig en flestar húsmæður, því að maður hennar var blindur frá æsku, og átti því erfiðara með að sjá fyrir heimilinu en ella. Reyndi því mjög á starfskrafta þessarar konu. Jeg hygg því, ef hinar áttu skilið að komast í fjárlögin, þá eigi þessi kona það ekki síður skilið. Annars skal jeg geta þess, að mjer liggur við að koma fram með eina brtt. svipaða þessari. Það stendur nefnilega svo einkennilega á, að ljósmóðir mín er á lífi og er júbilljósmóðir. Svo skemmir það ekki, að hún er ekkja eftir merkan mann, Friðbjörn Steinsson á Akureyri. Jeg kem nú sennilega ekki fram með þessa brtt., af því að þessi kona er ekki beint þurfandi, þó hún sje orðin æðigömul; en vera kynni, að háttv. fjvn. fyndist ástæða til þess að taka þessa gömlu heiðurskonu, ljósu mína, upp í fjárlögin.

Sigurjón Jónsson: Það eru aðeins örfá orð til þess að þakka hv. fjvn. undirtektir þær, er hún hefir sýnt kvenfjelaginu Ósk á Ísafirði. Jeg þykist ekki þurfa að mæla með styrkbeiðninni. Það sýnir, hve sanngjörn tilmælin eru, að fjvn. hefir í einu hljóði tekið þau til greina. Styrkurinn, sem fjelagið fór fram á, var að vísu nokkru hærri, en jeg sje þó ekki ástæðu að gera brtt. við brtt. nefndarinnar; geri mig eftir atvikum ánægðan með hana. Jeg þarf ekki að taka það fram, jeg hefi svo oft gert það áður, að jeg álít, að sá styrkur, sem veittur er til húsmæðraskóla, sje einhver besti styrkur, sem Alþingi veitir til menningar í landinu. Ef ungar stúlkur eru gerðar færari um það að verða góðar húsmæður, þá vita allir hv. þm., að það ber góðan ávöxt í okkar þjóðfjelagi. Jeg hefi haft ástæðu til að láta það í ljós áður, að konur þær, sem standa að skólanum á Ísafirði, hafa sýnt mikla fórnfýsi. Þær hafa varið miklum tíma, fyrirhöfn og fje til þess að halda honum uppi. Skólinn er líka í ágætu lagi og undir góðri stjórn. Jeg vildi um leið og jeg get þessa mega ljá till. frá háttv. þm. V.-Sk. (JK), sem svipuð er þessari, fylgi mitt. Jeg er ekki í miklum vafa um, hvernig mitt atkvæði fellur um þá brtt.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að tala um brtt. mína á þskj. 230,XXVIII, um styrk til hafnarbóta á Ísafirði. Um hana var talað við fyrri kaflann. Jeg vil bara þakka hv. deild góðar undirtektir, sem komu fram í samþykt annarar systurbrtt. á sama þskj.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla að minnast lítillega á þær brtt., sem jeg á í þessum kafla fjárlaganna. Jeg ætla ekkert að hæla mjer af því, að jeg eigi þær fáar, því að jeg tel það enga dygð. Ef menn sjá, að eitthvað það vantar, sem þeir vilja að fram komi og þjóðinni má verða til gagns, þá eiga þeir að gera brtt. og berjast fyrir þeim.

Fyrsta brtt. mín er á þskj. 257, þess efnis að Veita Karli O. Runólfssyni 3000 kr. styrk til hljómlistarnáms erlendis. Þetta er ungur iðnaðarmaður, hefir lengi starfað í Hljómsveit Reykjavíkur og hefir lagt á sig mikið starf við það og er fullur áhuga á hljómlist. Hann hefir hin prýðilegustu meðmæli frá mönnum, er þekkja hann og list hans, og eigi nokkur maður að fá styrk sakir meðmæla, þá á þessi maður að fá styrk. Efnahagur hans er ekki þannig, að hann geti lagt með sjer neitt verulega, því að þótt hann hafi unnið að iðn sinni, þá hefir hann haft mikil útgjöld einmitt í sambandi við þessi störf sín í þágu hljómlistarinnar. Sökum þessa undangengna kostnaðar getur hann ekki haldið áfram að kosta sig til frekara náms, en hann er nú á hljómlistarskólanum í Kaupmanna-

höfn. Hann hefir lagt fram meðmæli frá kennara sínum þar, og auk þess frá Sigfúsi Einarssyni og Páli Ísólfssyni. Þau eru á þá leið, að ekki er efi á því, að styrkja ber þennan mann. Sigfús Einarsson segir, að hann sje „óvenjulega áhugasamur og duglegur maður" og hafi „kent og stjórnað flokkum á Ísafirði og Hafnarfirði og ef til vill víðar með góðum árangri." Umsögn Páls Ísólfssonar er stutt og ákveðin, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp:

„Herra Karl Runólfsson er gæddur mjög miklum músikhæfileikum. Hann er og fyrirmynd í ástundunarsemi og dugnaði. Þykist jeg þess fullviss, að hann verði hjer þarfur maður á þessu sviði, verði honum veittur styrkur til námsins. Jeg mæli *eindregið* með því, að hið háa Alþingi veiti umsækjanda hina umbeðnu fjárupphæð."

Jeg hygg, að eindregnari meðmæli en þetta sjeu ekki fáanleg, og ættu þau að verða nokkuð þung á metunum hjer. Jeg hefi farið fram á 3000 kr., og er það vitanlega það allra minsta, sem hann getur komist af með. En þó hefi jeg komið með till. til vara um 2500 kr., og vænti jeg, að ekki þurfi til hennar að taka. Fyrir utan þessi meðmæli skal jeg geta þess, að nokkrir áhugasamir kunningjar þessa manns hafa lagt á sig gjöld til styrktar honum, en það er nú svo með slíkt, að þótt viljinn sje góður, þá trjenast menn upp á því til lengdar, svo og líka af því, að flestir eru þetta fátækir menn, sem ekkert mega missa. En af þessu má sjá, hvílíkt álit menn hafa á Karli Runólfssyni, og ber hjer alt að sama brunni og vænti jeg því, að jeg þurfi ekki að fara fleiri orðum um þennan lið.

Önnur brtt. mín er viðvíkjandi styrkjum til Þórbergs Þórðarsonar. Í fjárlagafrv. stjórnarinnar hefir styrkur verið upp tekinn eins og í fyrra. Þetta er nú lítil fjárupphæð, en starfið er af öllum álitið mjög mikilsvert, að safna orðum úr alþýðumálinu, sem nú eru óðum að gleymast. Er ekki nema einstaka maður fær um slíkt. Það hefir af sumum verið fundið að því, að of mikið hafi verið tekið af orðum. En það er einmitt kostur við starfið, því að þá er síður hætt við því, að nokkuð hlaupi framhjá. Þeir Sigfús Blöndal og Björn M. Olsen hafa veitt Þórbergi hin bestu meðmæli til þessa starfa, enda hefir hann sýnt, að hann er honum vel vaxinn. En fjárveiting þessi er svo lág, að það er ekki von á því, að hann geti lagt mikla stund á starf þetta. Því hefi jeg farið fram á þessa hækkun. Og því fremur ætti Alþingi að hækka við mann þennan, sem hann var ómaklega sviftur starfa þeim, er hann hafði við opinbera skóla hjer. Vænti jeg þess, að Alþingi láti í ljós vanþóknun sína á því athæfi með því að samþykkja hækkunina til þessa óvenjulega fjölhæfa og gáfaða manns.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg þarf lítillega að minnast á þrjár brtt., sem jeg á á þskj. 230. Hin fyrsta er að veita Jóni Stefánssyni 4000 kr. styrk. Jón Stefánsson er ágætur málari, eins og kunnugt er, og hirði jeg því ekki að lesa hjer upp lof um hann úr mörgum blöðum, hvorki útlendum nje innlendum, þó nógu sje af að taka. En ástæðan til þess, að hann sækir um styrk nú, er sú, að hann hygst nú að leita fyrir sjer um markað fyrir málverk sín erlendis. Kostar það bæði fje og fyrirhöfn að komast inn á erlendum markaði, og væri vel til fallið, að þessi ágæti málari fengi nokkurn liðstyrk til þess af hálfu þjóðar sinnar. Íslenskur markaður fyrir listaverk er þröngur og fljótur að fyllast, og má það teljast eini möguleikinn til sæmilegrar af-

komu fyrir listamenn vora að leita sjer kaupenda erlendis. Er ekki að vænta frekari styrkbeiðni frá þeim, er það tekst, og er slíkur styrkur sem þessi ein hin besta hjálp, sem listamönnum er hægt að veita.

Þá er brtt. á sama þskj. um ferðastyrk til Jóns Þorleifssonar listmálara. Jón Þorleifsson er góður listamaður, uppfóstraður við hornfirska náttúrufegurð, og sýningar þær, sem hann hefir haldið hjer í Rvík, hafa borið þess glöggan vott, að hann er þess maklegur að fá þennan styrk, sem ef til vill gæti gefið honum tækifæri til þess að dvelja á Ítalíu um 10 mánaða tíma.

Þá kemur að XXIX. brtt. á sama þskj., um það, að veita þann styrk, sem ungfrú Ásta Sighvatsdóttir hefir notið undanfarið til vefskóla, Guðmundi Jónssyni frá Mosdal. Ungfrú Ásta er nú horfin hjeðan úr bænum norður að Blönduósskóla og kennir þar vefnað. En þar sem hún er horfin hjeðan úr bænum og ekki er lengur kostur á að veita góðri stúlku styrkinn, þá verður ekki betur úr þessu bætt en með því að veita hann góðum og dugandi dreng. Guðmundur er vel mentaður í sinni grein. Hann lærði upphaflega trjeskurð og dráttlist hjá Stefáni Eiríkssyni. En því næst dvaldi hann í Noregi og Svíþjóð, og hefir síðan haldið uppi kenslu í þessum greinum, einkum á Vesturlandi. Hefir kensla hans gert mikið gagn, enda verið ódýr og stundum ókeypis. Til þess að hann geti haldið þessari kenslu áfram, ætti hann að fá styrk, enda mundi hann þá geta haldið námsskeið einnig fyrir Norður- og Austurland, ef þess yrði óskað. Kenslu hans og kunnáttu er og þannig varið, að hún styður að því, að margt verði heima unnið, sem nú er aðkeypt, og eins kennir hann mönnum að nota tímann og skilja, að hann er peningar, ef rjett er á haldið; en það er mikils vert fyrir alt uppeldi. Væri þá vel varið þessum 1200 kr., að Guðmundur hlyti þær fyrir kenslustarf sitt, elju og óeigingirni. Jeg mun svo ekki fara fleirum orðum um till.; þykist vita, að hv. þdm. muni taka þeim vel.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi nú raunar lítið að segja um þennan kafla fjárlaganna, sökum þess, að tiltölulega fáar af þeim till., sem hjer liggja fyrir, koma verulega við mínu ráðuneyti, nje eru þess eðlis, að þær hafi mikla fjárhagslega þýðingu.

Af till. háttv. fjvn. vil jeg aðeins minnast á till. 21,b á þskj. 184, um erfiðleikauppbót til Ögurþinga, ekki til þess að mótmæla henni, heldur vil jeg benda á það, að jeg teldi þann lið ekki eiga að standa í fjárlögum. Því ef þessa uppbót ber að greiða, þá ber að greiða hana úr prestlaunasjóði. Jeg hefi auðvitað ekkert á móti því, þótt atkvæði gangi nú um till., til þess að sýna vilja hv. þdm. um það, hvort þessa upphæð beri að greiða. En verði það samþykt, þá mun jeg síðar fara fram á það, að liðurinn verði tekinn út af fjárlögum og greiddur þaðan, sem hann ber að greiða.

Þá er í þessum kafla fjárlaganna sjerstaklega 18. gr., sem heyrir undir mitt ráðuneyti. Eru ýmsar till. frá hv. fjvn. og öðrum til viðbótar þeirri grein. Eru þær flestar eðlilegar og bygðar á nýjum ástæðum til þess að veita eftirlaun og ellistyrk þeim mönnum, sem till. greina. Þó er hjer eitt atriði í till. hv. fjvn., sem jeg vil gera að umtalsefni. Hún fer í 3 tilfellum fram á það að hækka upphæðir, sem áður hafa staðið í þessari grein og stjórnin tekur upp óbreyttar. Jeg játa það, að það geti verið rjett í einstaka tilfelli að gera slíkar breytingar á eftirlaunaupphæðum í 18. gr. En jeg tel varhugavert

að fara að breyta til muna liðum, sem þar standa, því að þar má sjálfsagt einlægt finna fólk, sem hefði þörf á því að fá meiri styrk en því er þar ætlaður. En það ætti að vera föst venja, að slíkir styrkir yrðu fastákveðnir í eitt skifti fyrir öll, þegar þeir eru settir þar fyrst inn, og látnir halda sjer þar í samræmi við reglur um eftirlaun og ellistyrk, svo sem lög mæla fyrir.

Þá vil jeg aðeins minnast á aðra till., sem einnig snertir þennan lið. Það er till. á þskj. 230,XXXVI, frá hv. þm. Barð. (HK), og hefir hann enn ekki gert grein fyrir henni, en það er nýr liður, til prestsekkju. Jeg vil þá benda á það, að það eru til liðir fyrir utan 18. gr. fjárlaganna, þar sem fje er ætlað að nokkru leyti til styrktar prestsekkjum, en það er 14. gr. A, b,3; þar eru ætlaðar 8 þús. kr. sem viðbót við eftirlaun þau, sem prestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum. Jeg álít, að menn verði að hafa hliðsjón af þessari fjárveitingu, þegar á að meta það, hvort ástæða sje til þess að taka eitthvað af þessu fólki upp í 18. gr. Auk þess má nefna prestsekknasjóð. Jeg tel því í raun og veru ekki nægilega vel gengið frá þessum till. um að taka presta eða prestsekkjur upp í 18. gr., nema stjórninni eða hv. fjvn. hafi gefist kostur á að athuga, hvað hlutaðeigandi ber úr býtum af styrktarfje þessu.

Annars vildi jeg segja það alment um þessar fjárveitingar, að hv. deild ætti að fara sjerstaklega varlega í það að hækka þær fjárveitingar, sem af eðlilegum ástæðum verður að telja með árlegum útgjöldum, því með hækkun peningaverðsins má vænta þess, að nauðsynlegt verði að lækka að krónutali þær árlegu útgoldnu fjárhæðir, og er rjett að hafa auga á því í tíma, að slíkar fjárhæðir í fjárlögum geti fylgt því lögmáli, sem allir verða að lúta, að þær fjárhæðir, sem hver einstaklingur fær, verði að fara lækkandi að krónutali með hækkandi krónugildi.

Þá skal jeg minnast á eina brtt. háttv. fjvn., sem mjer virðist vera þess eðlis, að hana mætti skoða sem fordæmi til frekari fjárveitinga, svo hún geti haft fjárhagslega þýðingu fram yfir það, sem felst í till. sjálfri. Það er 44. brtt. á þskj. 184, um að kaupa tiltekinn skógarblett fyrir 4 þús. kr. Jeg er hræddur um það, að skógræktin verði fjárfrek, ef innleiða ætti þá reglu, að ríkið kaupi þau skóglendi, sem taka á til friðunar. Jeg held líka, að best sje þessu fyrir komið eins og skógræktarlögin mæla fyrir um friðun á skóglendi, að skógarnir haldi áfram að vera einstakra manna eign, en ríkið leggur til kostnað við girðingu og ræktun. Jeg álít því mikið æskilegra, að ekki sje verið að breyta út af þessu og kaupa þau skóglendi, sem ætti að rækta. En úr því jeg hefi gert þetta að umtalsefni, þá vil jeg geta þess, að eftir því sem jeg hefi litið til um þetta svæði, sem hjer er um að ræða, þá mun alveg ómögulegt að girða það; en á það er að líta, þegar úr því á að skera, hvort ríkið eigi að kosta þarna til skógræktar.

Þá hefir háttv. þm. Mýr. (PÞ) vísað til mín viðvíkjandi brtt. á þskj. 230,XXXII, um fjárveitingu til nafngreinds manns til þess að gera vindknúða rafmagnsstöð. Háttv. þm. (PÞ) lýsti allítarlega þeirri hugmynd, sem liggur hjer til grundvallar, og enda var hún mjer kunnug áður, því að jeg hefi fyrir beiðni þessa manns látið í ljós álit mitt sem verkfræðings gagnvart hugmynd hans. Og jeg verð því miður að segja það, að hún er annað-

hvort óframkvæmanleg með öllu, eða þá svo gífurlega kostnaðarsöm, að sú orka, sem þannig fæst, yrði þegar af þeirri ástæðu langt of dýr, samanborið við orku, sem fá má á annan hátt. Jeg get því ekki annað en ráðið hv. deild til þess að fella till. Jeg skal til gamans geta þess, að eftir lýsingunni á því geymslutæki utan um samanþrýst loft, sem fyrir þessum manni vakir, ef gefa ætti því fullkomna kúlulögun, sem er sú langsterkasta lögun til þess að varna því, að keraldið springi, þá yrði það eftir venjulegum útreikningum að vera úr einni stálplötu a. m. k. þumlungsþykkri. En enginn vegur væri að nota steinsteypu fyrir þann þrýsting, sem hjer mun þurfa.

Um þetta efni liggur fyrir önnur uppástunga, sem er 49. brtt. nefndarinnar á þskj. 184, um styrk til þess að koma upp vindknúinni rafmagnsstöð. Jeg vil geta þess, að það hefir verið reynt hjer og reynst mjög örðugt að nota vindmótora. Þeir hafa allir orðið að lúta þeim örlögum, að þeir fengu ekki staðist þá stormvinda, sem hjer koma á stundum. Að vísu er enganveginn útilokað, að gera mætti nógu sterka vindmótora fyrir okkar veðurfar, og hefi jeg ekki á móti því, að það yrði reynt, ef háttv. deild vill samþykkja það. Háttv. frsm. (TrÞ) sagði, að ætlast væri til, að þessi vindknúða rafmagnsstöð yrði látin í tje hressingarhælinu fyrirhugaða í Kópavogi. En eftir till. er það dálítið óákveðið, hverjum eigi að veita fjeð. Eðlilegast væri, að hressingarhælið sjálft fengi þessa fjárveitingu, svo það gæti ráðið því, af hverjum stöðin yrði keypt, og gæti gert þær kröfur um útbúnað, sem þurfa þætti til þess að tryggja það, að þetta yrðu ekki tóm vonbrigði. Hitt er ástæðulaust, að veita milligöngumanni seljanda slíkrar stöðvar styrkinn.

Þó mjer sje illa við allar heimildir til þess að ábyrgjast lán handa einum og öðrum, þá vil jeg þó ekki mæla á móti 67. till. nefndarinnar á þskj. 184, sem fer fram á að heimila stjórninni að ábyrgjast 40 þús. kr. lán fyrir h/f „Mjöll". Eins og hv. frsm. (TrÞ) tók fram, þá er hjer aðeins um að ræða endurnýjun á ábyrgð, sem áður var gefin. En út af orðum hv. frsm. um, að ábyrgðin skyldi aðeins veitt gegn endurábyrgð Mýra- og Borgarfjarðarsýslna, þá vil jeg taka það fram, að jeg álít, að það eigi að vera ófrávíkjanleg regla, að annaðhvort ríkissjóður eða sýslufjelögin hafi veð fyrir ábyrgð sinni í fasteignum slíkra fjelaga eða fyrirtækja, þegar lán er veitt til þess að koma upp fasteign. Þetta hafa sýslufjelögin áður gert, og má svo vera. En ef þau gera það ekki, þá verður stjórnin að krefjast veðsins sjer til handa. Dæmi h/f „Mjallar" sýnir ljóslega þessa nauðsyn. Þegar fasteignin brennur eða fer forgörðum, þá er aðgangurinn að vátryggingarfjelaginu fyrir veðhafa. En að öðrum kosti eiga allir skuldheimtumenn jafnan rjett til vátryggingarbótanna.

Hinsvegar vil jeg mæla á móti því, að samþykt verði sú ábyrgðarheimild, sem stendur á þskj. 230,XL, frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og háttv. 1. þm. N.-M. (H-Stef), þar sem ætlast er til þess, að stjórnin ábyrgist 25 þús. kr. lán til tóvinnufjelags á Reyðarfirði. Jeg álít, að fyrirtæki eins og þetta ætti að geta sett þær tryggingar fyrir lánsfje, sem það fær og notar, að ekki þurfi ábyrgð ríkissjóðs. Og jeg er ekki viss um, að það sje heilbrigt að teygja menn út í fyrirtæki, sem ekki er

betur fyrir sjeð en svo, að lán fáist ekki til þess nema ábyrgð ríkissjóðs komi til.

Jón Auðunn Jónsson:* Jeg á aðeins eina brtt. við þennan kafla fjárlaganna að þessu sinni. Ástæðan til þess, að jeg hefi komið með þessa brtt., er sú, að Staðarfellsskólinn getur ekki tekið til starfa á næstkomandi vori, eins og ráð var fyrir gert, vegna þess, að það hefir orðið að samkomulagi milli ábúandans á Staðarfelli og hlutaðeigenda, að ábúandinn haldi ábúðarrjettinum þar til í fardögum 1927. Þess vegna er nauðsynlegt að flytja þær upphæðir, sem veittar eru í fjárlögum 1926, yfir á fjárlög fyrir árið 1927, og hefi jeg komið með brtt. í þessu skyni. Það verður auðvitað heldur ekki varið neinu til endurbóta á húsinu þar á þessu ári, en till. fer fram á það, að sömu upphæð verði til þess varið árið 1927 eins og ráð er fyrir gert 1926, til endurbóta, en þar að auki hefi jeg leyft mjer að koma með till. um það, að þær 3 þús. kr., sem áætlað var, að gengju til starfrækslu skólans á yfirstandandi ári, verði veittar forstöðukonu skólans, bæði sem uppbót fyrir það, að hún verður að bíða eitt ár enn, þótt hún hafi búið sig undir að taka við skólanum í vor, og svo til þess, að hún geti haldið vekjandi fyrirlestra fyrir sveitakonur og leiðbeint þeim á yfirstandandi ári. Jeg skal geta þess, að mjer hefir borist skjal frá ýmsum kvenfjelögum og ýmsum málsmetandi konum og körlum, þess efnis að skora á Alþingi að láta það ekki dragast lengi, að skólinn verði stofnaður. Með leyfi hæstv. forseta skal jeg leyfa mjer að lesa upp þetta erindi, það er ekki langt og er svo hljóðandi:

„Við undirrituð leyfum okkur hjer með að skora á hið háa Alþingi Íslendinga, að það standi fast við ákvörðun sína um stofnun húsmæðraskóla á Staðarfelli, og að það dragist ekki lengur en til vorsins 1927, að skólajörðin losni og skólinn byrji. Við erum mjög óánægð yfir þeim drætti, sem orðið hefir á stofnun skólans.

Til að bæta íslenskum konum, og þá sjerstaklega sveitakonunum, upp það misrjetti, sem hlýst af þeim drætti, sem verður á stofnun skólans, æskjum við þess, að þær þrjár þúsundir króna, sem ætlaðar voru til rekstrar skólans þetta ár, falli óskertar til Sigurborgar Kristjánsdóttur frá Múla, gegn því að hún ferðist um landið og flytji vekjandi og fræðandi erindi og leiðbeini konum verklega (verði það sem Svíar kalla „Hemkonsulent").

Það er mjög hætt við því, að Sigurborg Kristjánsdóttir geti ekki til lengdar beðið í óvissu eftir stofnun skólans. Þess vegna þarf hún að fá vissan starfa þetta ár, og það ætti öllum að vera ljúft að veita henni, fyrir þann dugnað og ósjerhlífni, er hún hefir sýnt í fræðslustarfi sínu undanfarin ár (umferðakenslu).

Sigurborg Kristjánsdóttir hefir einhuga traust okkar til að takast forstöðu Staðarfellsskólans á hendur, sakir þekkingar sinnar og mannkosta og sakir hinnar miklu reynslu, sem hún hefir fengið við að vera umferðakennari í matreiðslu síðustu fjögur árin.

Með mikilli virðingu.

Ragnhildur Pjetursdóttir, Háteigi,
p. t. form. Hins ísl. kvenfjelags."

Og svo er fjöldi af öðrum konum og kvenfjelögum og körlum, þar á meðal Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri, Magnús Þorláksson, Blikastöðum, form. Búnaðarsambands Kjalarnesþings. Vænti jeg

* Óyfirlesið af ræðumanni.

þess, að hv. deild geti fallist á þessa till. mína og að jeg þurfi ekki að hafa ítarlegri framsögu að þessu sinni.

Jeg á hjer að vísu eina brtt., sem háttv. fjvn. hefir tekið upp, það er erfiðleikauppbót til prestsins í Ögurþingum; en jeg skal spara tímann með því að mæla ekki með henni, en jeg vænti þess, að þessi litla uppbót verði samþykt, og að kannske verði bætt við hana síðar.

Ólafur Thors: Jeg á hjer eina smábrtt. á þskj. 230,XXII, um styrk til ungfrú Önnu Borg, til leiklistarnáms erlendis. Þessi unga stúlka, Anna Borg, vakti þegar í barnæsku eftirtekt listelskra manna hjer í bæ, og hefir nú vakið aðdáun margra. Leikfjelag Reykjavíkur hefir falið henni ýms vandasöm hlutverk, og hefir hún leyst þau öll af hendi á einn veg, við hinn besta orðstír. Hún dvelur nú erlendis við nám í kgl. leiklistarskólanum, og hefir fengið bestu meðmæli, bæði fyrir ástundun og góða hæfileika. Hún sækir nú um styrk til þess að halda námi sínu áfram, og jeg er í engum vafa um það, að hún á þennan styrk skilið. Jeg geri þó ekki ráð fyrir, að það sje öllum hv. deildarmönnum nægjanlega kunnugt, og býst heldur ekki við, að þeir álíti mig svo dómbæran í þessum efnum, að þeir vegna umsagnar minnar greiði atkv. með þessari till. En ungfrú Önnu veitir annar meiri máttur brautargengi í þessari liðsbón hennar. Hún er dóttir hinnar nýlátnu landsfrægu leikkonu frú Stefaníu Guðmundsdóttur. Nýlega var frú Stefanía til grafar borin. Þá vottaði Alþingi henni virðingu sína með því að fresta þingfundi meðan á jarðarförinni stóð. Með því kvað Alþingi upp sinn dóm um það, hvers virði það var fyrir þessa þjóð að njóta listrænna hæfileika frú Stefaníu Guðmundsdóttur. *Nú* á Alþingi að staðfesta þann dóm með því að bera fram ósk um, að látin lifi. Það er sagt, að eplið falli sjaldan langt frá eikinni, og það er áreiðanlegt, að ungfrú Anna hefir tekið að erfðum listræna hæfileika móður sinnar, og þess vegna óska jeg eftir því, að hv. deild samþykki þessa till., samþykki hana í einu hljóði, svo að enginn þm. verði til þess að varpa skugga á það lof, sem frú Stefanía Guðmundsdóttir hefir að verðleikum getið sjer með gervallri hinni íslensku þjóð.

Björn Líndal: Jeg á hjer tvær litlar brtt. á þskj. 230, og um aðra þeirra, undir XX., er það að segja, að jeg ætla að taka hana aftur til 3. umr., en hin er XXXI. brtt., þar sem farið er fram á, að Kvenrjettindafjelagi Íslands sje veittur 1000 króna styrkur upp í kostnað við landsfund kvenna á Akureyri sumarið 1926. Það er sennilegt, að hv. deildarmönnum sje kunnugt um, að það stendur til, að konur haldi þar landsfund, sem þær svo kalla, og það er kunnugt, að áður hefir verið veittur styrkur til slíks fundar hjer í Reykjavík sumarið 1923. Það virðist vera einróma skoðun allra þeirra kvenna, er þann fund sóttu, að þær hafi haft mikið gagn af honum og ánægju. Nú er það tilætlunin, að þessi næsti fundur verði haldinn á Akureyri, og er vitanlega allmikill kostnaður við það, þó að gestrisni verði sýnd í fyllsta mæli. Slík gestrisni var sýnd hjer í Reykjavík á síðasta fundi. Aðkomukonur þurftu ekkert að borga fyrir dvöl sína hjer. Sömu gestrisni ætla nú Akureyrarkonur að sýna, en það er ýmislegur meiri kostnaður við slíkt fundarhald, bæði fundarhús o. fl., og er ekki þess að vænta, að konur geti lagt það af mörkum, og því síður að Akureyr-

arkonur sjeu færari um að leggja þetta af mörkum en Reykjavíkurkonur sumarið 1923. Samkvæmt dagskrá fundarins á að ræða á honum ýmisleg merk málefni, og jeg geri mjer sjerstaklega von um, að umræður og ályktanir um eitt þeirra komi að góðu gagni. Það er undirbúningur undir þátttöku íslenskra kvenna í þjóðhátíðinni 1930. Tel jeg, að það megi síst dragast lengur, að farið sje að hugsa fyrir því máli. Hjer er auk þess um svo litla fjárveitingu að ræða, að jeg vona, að háttv. deildarmenn láti sig ekki muna um að greiða henni atkvæði sín.

Hákon Kristófersson: Það var ekki ólíklegt, að það kæmi á daginn, að það hefði ekki aðeins verið smeygt inn fingrinum heldur allri hendinni í fyrra, þegar hinn svo kallaði húsmæðraskóli á Staðarfelli var samþyktur með fylgi hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) o. fl. hv. þm. hjer í deildinni. Það sýnist nú svo, sem það hafi aðeins verið byrjunin, því að nú heyri jeg, að háttv. þm. (JAJ) ætlast til þess, að ríkissjóður leggi nokkuð af mörkum fyrir það, að viðkomandi heiðarleg persóna fái ekki jörðina til ábúðar á næstkomandi vori. Þeim mögu leika mátti gera ráð fyrir í fyrra, því þá var það kunnugt, engu síður en nú, með hvaða skilmálum núverandi ábúandi hafði tekið jörðina til ábúðar. Hv. þm. (JAJ) las upp áskorun frá ýmsum merkum mönnum, þar sem þeir láta í ljós, hvað þeim þyki leitt, að það dregst svo mjög að koma upp hinum svo kallaða húsmæðraskóla. En hvaðan eru nú þessi nöfn? Háttv. þm. nefndi ekki nöfn annara manna en þeirra, sem búsettir eru hjer í bænum og í grendinni. Vill ekki hv. þm. (JAJ) benda mjer á, þó ekki sje nema eitt nafn úr Barðastrandarsýslu, því að það er sýsla, sem liggur náið þessum skóla, sem háttv. þm. hefir lagt svo mikið kapp á að koma upp. Að því ógleymdu, að einmitt úr þeirri sýslu hafa komið fram eindregin mótmæli gegn þessari skólastofnun, svo fremi að gjafasjóð frú Herdísar sál. Benediktsen væri saman við það blandað. *(JAJ:* Það er ekki kominn sími þangað). Jú, það er kominn sími til þeirra manna, sem háttv. þm. myndi trúa til rjettdæmis í þessu máli. Annars verð jeg að geta þess, að svo fremi almennur áhugi væri fyrir þessari skólastofnun, þá mundi hafa verið hægt að senda áskoranir um það brjeflega fyr en svo var áliðið, að flutningsmönnum málsins hjer á þingi þótti ástæða til að hóa þeim saman símleiðis. Jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að hjer fari neitt öðruvísi fram en við var búist í fyrstunni; það var vitanlegt, að ábúandinn myndi ekki fara af jörðinni í næstu fardögum, og þó að hann fari árið 1927, sem jeg leyfi mjer að efast um, — og fylgir þá ekki einhver böggull því skammrifi? — verður þá ekki að sýna honum einhverja tilhliðrunarsemi fyrir að standa einmitt þá upp? Jeg gæti vel fallist á það, að þessi virðulega kona, Sigurborg Kristjánsdóttir, færi fyrirlestraferðir um sveitir landsins, en trauðla trúi jeg, að hún geti annað því að fara um alt land, allra síst á einu ári. Nei, jeg hygg, að það hafi verið undinn of bráður bugur að þessu í fyrra, og þó að það heiti svo, að þetta eigi að vera húsmæðraskóli, þá er það í raun og veru svo, að það mun eiga að stofna hjer skóla í sambandi við það fje, sem Herdís sál. Benediktsen lagði fram til þess, eða sú mun hafa verið hugsun forgöngumanna. Og þykir mjer það þó ekki trúlegt, því að þá yrði hið háa Alþingi að koma svo fram, að óvirða síðustu ráðstöf-

un dáins manns, því að öllum, sem rjett og satt vilja segja, er það vitanlegt, að gjafabrjef hennar hljóðar upp á alt annað en slíka samsteypu sem þessa, sem jeg er ekki að hafa á móti að öðru leyti en því, að hún er algerlega röng, þegar litið er til gjafabrjefsins. Þessi orð mín eiga alls ekki að skiljast á þann hátt, að jeg vilji að neinu leyti rýra álit þeirrar heiðurskonu, Sigurborgar Kristjánsdóttur, sem hjer á hlut að máli. En hitt er álit mitt, að aðferð þeirra manna, sem að þessari skólastofnun hafa staðið, sje á þann veg, að betra hefði verið, að þeir hefðu hugsað sig lengur um áður en þeir rjeðust í hana. Jeg ætla þó ekki að ræða það frekar nú, enda hygg jeg, að segja megi um það eins og sagt var í fyrra: svo voru net úr garði gerð, að gegnum smugu fáir. Jeg hygg, að vinfengi og frændsemi og kannske fleira hafi tekið og taki svo fast höndum saman, að þýðingarlítið sje að spyrna á móti, þó að jeg eins og fyr sje algerlega á móti því, og þykist jeg gera það í fullu samræmi við mína umbjóðendur. Jeg held, að það sje ekki hætt við því, að háttv. þm. N.-Ísf. gleymi neinu í þessu máli, sem til málsbóta horfir, en ætíð getur þó verið gott að fá góðar leiðbeiningar. En annars verður aldrei að því fundið, þó að samherjar standi fast hver með öðrum, hvort sem er að ræða um eitt mál eða fleiri.

Jeg á hjer brtt. á þskj. 230, XXXVI. Það er lítilfjörleg útgjaldaaukning til gamallar prestsekkju, en hæstv. fjrh. (JÞ), og fjvn. víst sömuleiðis, óskar þess, að sú nefnd fái brtt. til ítarlegri athugunar, og skal jeg þess vegna ekkert hafa á móti því að taka hana aftur til 3. umr., en jeg skal strax taka það fram, að jeg álít, að þessi till., þótt hún verði kannske ekki samþykt, eigi ekki minni rjett á sjer heldur en sumar þær fjárupphæðir sama efnis, sem nú þegar eru lögfestar í fjárlögunum. En sem sagt, þar sem þessum tveim aðiljum virðist koma það betur, að þessi brtt. mín sje tekin aftur til 3. umr., þá hefi jeg ekkert á móti því.

Þá á jeg hjer aðra brtt. á sama þskj., XXVI, sem fer í þá átt, að niður falli styrkur til Þórbergs Þórðarsonar til að safna orðum úr alþýðumáli. Það er nú svo, að það er dálítið óþægilegt að koma með þannig lagaða till., sem sje þær till., sem fara í þá átt að fella eitthvað niður, því að það er meira að segja svo, að þm. geta ekki, fyrir reykvíkskum aðdróttunum og illum tilgátum, borið þær fram og talað fyrir þeim, ef maður kemur með slíkar till. sem þessa. Jeg kem með hana í því skyni, að jeg álít, að viðkomandi maður hafi upphaflega fengið þennan styrk sem hjálp til að lifa af, og hafi hann því verið bundinn við eitthvert starf til málamynda, og svo verða framkvæmdirnar eftir því, sem við þykir eiga. En jeg skal strax geta þess, að ef styrkurinn væri bundinn við það, að maðurinn þyrfti að leita sjer heilsubótar, þá skyldi jeg vera mjög svo reiðubúinn til að greiða atkv. með honum. Jeg sje, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir komið með *(KlJ*: Móteitur). Já, það má víst kalla það svo, og náttúrlega verð jeg að telja, að sú till. hv. þm. (JBald) byggist á hans persónulegu aðstöðu gagnvart manninum, og eins því, hve sá heiðursmaður sje þessa styrks maklegur, því að ekki vil jeg slá því föstu, sem mjer þykir þó ekki ótrúlegt, að þar geti verið um að ræða flokksfylgi. Meðal annara brígsla, sem mjer hafa verið borin á brýn, er það, að jeg skipi mjer í flokk þeirra manna, sem hafi svift hann atvinnu. En á jeg nokkra sök á því? Ef eitthvað er gert rangt þar, þá er að snúa sjer til þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli; því að

þó sá maður hafi farið miður lofsamlegum orðum um mig, þá er langt frá því, að jeg sje honum reiður fyrir það. Þó að hann hafi sagt, að jeg sje fákunnandi og á ýmsan hátt farið um mig svívirðilegum orðum, er jeg ekkert ósáttur við hann út af því. Að vera fávís er vitaskuld enginn glæpur á mína hlið, enda er það miklu verra að vera dálítið vitur og nota gáfur sínar til þess, er síður skyldi. En þegar litið er á það, hvernig framkoma þessa manns er, að hann sýnist ráðast á alt, sem öðrum er heilagt, þá verð jeg að halda því fram, að ekki sje hægt að styrkja slíkan mann til ritstarfa af opinberu fje. Það mætti nú ætla, að jeg reyndi að finna einhverjum af þessum orðum mínum stað, og jeg skal þá byrja á orðum, sem hann hefir látið falla um jafnheiðarlega stjett manna og prestastjett vora. Hann segir meðal annars í einu blaði þessa bæjar um hana, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir braska, ágirnast peninga, okra, safna auði, ljúga, baknaga og blossa af reiði. Þeir hakka í sig dauða kindarskrokka, jeta tóbak, drekka áfengi og drýgja hór.“ (Eldvígslan, Alþbl., 6. nóv. 1925).

Þarna er dómur þessa rithöfundar um þessa stjett manna. Þó að máske megi finna, að einhver sauður úr hjörðinni sje blettóttur, þá verðum við að viðurkenna, að meiri hluti þeirrar stjettar hafi borið uppi íslenska, andlega menningu fram á síðustu áratugi. Og hvað segja nú málsvarar íslensku prestastjettarinnar, sem hjer eiga sæti innan þessarar hv. deildar? Taka þeir þessi ummæli með ljettu geði, eða fá þeir alvarlegar hugsanir? (Hlátur). Já, jeg veit, að þeir bera sig vel, en þeim er í rauninni ofraun að heyra þetta. Og þessi maður segist vera sannleikans boðberi.

Um einn virðulegan mann úr prestastjett, hv. 4. þm. Reykv. (MJ), segir hann, að hann (MJ) hafi gefið í skyn, að Kristur hafi fæðst fyrir vörusýningu í búðarglugga.

Þessi ummæli munu stafa af því, að þessi heiðursmaður mun einhverntíma hafa sagt, að svo mikil væri virðing manna fyrir Kristi, að nú, eftir 1900 ár, væri öllu því, sem menn þektu best, stilt út í búðarglugga, til þess að hafa það til jólanna. Og til hlýlaprýði væri stilt út myndum af honum.

Þegar kemur til bændamenningarinnar, þá segir hann, að við sjeum lúsugir, níðumst á þeim, sem minni máttar eru, o. s. frv. Ef þið viljið sannfærast um þetta, þá skuluð þið afla ykkur Brjefa til Láru. Þar eru sannanirnar fyrir orðum mínum. Af því, sem jeg þegar hefi sagt, verð jeg að telja það fyllilega óviðkunnanlegt að veita manni þessum styrk til ritstarfa, þegar hann notar hann til slíkra ritsmíða. En væri hjer um að ræða styrk til að leita sjer heilsubótar, af því að maðurinn væri sjúkur, þá gæti jeg fylgt honum. Og það er sannfæring mín, að sálarástandi þessa manns sje þannig varið, að styrkveiting honum til heilsubótar væri ekki ónauðsynleg.

Hann segir, að sjer gangi ekki pólitík til, því að hann sje maður ópólitískur. En í blaði, sem heitir Eldvígslan, telur hann alla þá, sem illvirki fremja, tilheyra Íhalds flokknum. Jeg vil nú spyrja: Er þessi skilgreining rjett? Mjer finst þetta vera níð um pólitíska andstæðinga, sem sje algerlega laust við alt rjettdæmi, og hafa á sjer mark hins hlutdræga dómara, sem aldrei getur sjeð neitt gott í fari þeirra manna, er tilheyra öðrum flokki en þeim, sem hann sjálfur telur sig til. Þeirra manna háttur er það, að níða í ræðu og riti marga af þeim mönnum, er standa

þeim langtum framar í dáð og drengskap, bara af því, að þeir eru ekki skoðanabræður í róg og níði um náungann.

Hvernig farið sje með skynlausar skepnurnar, sem mönnunum er trúað fyrir, segir hann meðal annars, að á hafnargarðinum sjeu grindhoraðir, úttaugaðir hestar barðir áfram með svipum af böðlum þeim, sem með þá fara. Jeg vil nú spyrja: Hefir nokkur sá, sem hjer er staddur nú í háttv. deild, sjeð þetta, eða nokkuð líkt þessu, sem þessi sannleikspostuli segir frá? Jeg hugsa ekki; a. m. k. hefi jeg aldrei sjeð neitt þessu líkt síðan jeg fyrst fór að vera hjer. Það sanna er að mínu áliti, að notkunarhestar hjer í bænum sjeu mjög vel útlítandi. Þar af leiðandi leyfi jeg mjer að slá því föstu, að þessi áburður Þórbergs sje einn liðurinn í hinni löngu ósannindakeðju hans.

Þá er dálítil klausa til sjálfrar hátignarinnar, sem jeg vil leyfa mjer að lesa upp:

„Drottinn allsherjar situr uppi á himinbungunni og stjórnar þaðan svona með höppum og glöppum (sbr. samsullið forlög og frjálst val). Hann er fávís, veiklundaður og hefnigjarn. Hann setur mönnum lögmál til þess að breyta eftir, sem hann hefir margbrotið sjálfur. Hann grætur yfir syndum, sem hann hefir sjálfur komið inn í heiminn. Hann refsar fyrir afbrot, sem hann er sjálfur orsök í. Hann hefir sjerstök trúarbrögð. Þessi trúarbrögð hefir hann gefið sinni útvöldu þjóð í bók þeirri, sem biblía heitir. Þá, sem trúa biblíunni, gerir hann að stríðsgenerölum á himnum. Vantrúarmenn og heiðingja gerir hann að leikfangi djöfla úti í ystu myrkrum. Honum er meinilla við rússneska byltingamenn og bolsivika. En sjálfur fer hann eldi og fellibyljum um blómleg hjeruð og drekkir heilum þjóðflokkum í djúpum hafsins. Hann elskar „friðsæla borgara", meðan þeir geta fjeflett aðra í skjóli heilags friðar." *(J. Bald*: Þetta er vel mælt). „Þetta er vel mælt," segir hv. 2. þm. Reykv. Hann má vita, að drottinn allsherjar lætur ekki að sjer hæða, og komið getur sú tíð, að þessi hv. þm. komist að raun um það, að þau orð eru ekki ósannindi, þó honum ef til vill finnist nú, að hann geti treyst á sinn eiginn mátt og megin.

Að sjálfsögðu viðurkenni jeg, að maður þessi skrifar góðan stíl, og því vildi jeg óska, að hann beitti sínum góðu rithæfileikum til einhvers nytsamara en að saurga helgustu tilfinningar manna og svívirða alt, sem öðrum er heilagt.

Því hefir verið haldið fram, að manni þessum gangi ekkert annað til en hreinskilni og sannleiksást. Þeir geta haft það álit, sem vilja; jeg hefi það ekki. En meðan ríkisvaldið styrkir eina trú, þá getur það ekki jafnhliða styrkt mann til þess að ráðast á hana.

Jeg skal viðurkenna, að jeg hefi ekki komið með þessa till. af því, að jeg búist við, að hún verði samþykt, því að jeg veit, hvað er að eiga við sósíalistana, þegar þeir taka höndum saman. En mjer þykir gaman að minna stjettarbræður mína, bændurna, á þau fögru orð, sem þeir kalla. Og vil jafnframt skora á þá að snúa styrk þessum við og láta það heita svo, að maður þessi fái þetta sjer til heilsubótar, því að það væri það eina rjetta, því að eitthvað hlýtur að vera að heilsu mannsins, og það svo mjög, að stór nauðsyn er á að láta rannsaka hana af sjerfræðingum.

Að síðustu skal jeg taka það fram, að jeg er yfirleitt mjög hlyntur rithöfundum, þó jeg að sjálfsögðu vilji, að þeir haldi sig innan þeirra takmarka, sem við á og heiðarlegum mönnum er sæmandi. En að styrkja menn af opinberu fje til að skrifa svívirð-

ingar bæði um guð og menn, það tel jeg langt fyrir utan alt velsæmi og vil engan þátt eiga í því.

Það má vel vera, að sumum finnist, að jeg persónulega hljóti að þekkja eitthvað ósæmilegt til þessa manns og sje því að ráðast á hann, en svo er ekki. Jeg þekki manninn ekki neitt. Hefi aðeins sjeð hann, en jeg dæmi hann ekki eftir öðru en hans eigin skrifum.

Jeg þykist nú hafa stilt orðum mínum svo í hóf, að ekki sje ástæða til, að hann fari að rjúka upp á norðan. En fari svo, verð jeg að taka því. En andsvörin verður að skrifa á reikning þeirra, sem telja sig „stuðaða" af ummælum mínum.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg þarf að svara hv. þm. Barð. (HK) nokkrum orðum.

Jeg hjelt, að þessum háttv. þm. þyrfti ekki að vera það þyrnir í augum, þó að tillagan um Staðarfellsskólann væri borin fram af rjettdæmi. En að hún sje borin fram af frændsemi, kannast jeg ekki við. En ef svo er, þá hlýtur sú frændsemi að vera langt fram í ættir.

Þessi hv. þm. virtist vera mjög hræddur um, að sýslumaður Dalamanna ljeti kaupa sig til að flytja af jörðinni. En svo er ekki. Það er með góðu samkomulagi, að hann flytur burtu í fardögum 1927. (*HK*: Ekki með góðu samkomulagi). Jú, áreiðanlega. Honum var bygt út síðastl. haust. En þegar hann kom suður í vetur, varð það að samkomulagi, að hann þyrfti ekki að flytja frá Staðarfelli fyr en næsta ár.

Þá saknaði hv. þm. nokkurra nafna undir skjal það, er jeg las upp áðan. Skal jeg því nefna nokkur, sem undir því standa, t. d.: Sigríður Ásgeirsdóttir. Hjarðarholti, Ragnhildur Jónasdóttir, Borgarnesi, Guðm. Þorbjarnarson, Stóra-Hofi, (form. Búnaðarsambands Suðurlands), Björgvin Vigfússon sýslumaður, Efra-Hvoli, Helga Ólafsdóttir, form. kvenfjel. í Vík í Mýrdal. Í stjórn kvenfjel. Vatnsleysustrandar: Anna Guðmundsdóttir, Guðríður Andrjesdóttir, Guðrún Egilsdóttir. Í stjórn kvenfjelags Lágafellssóknar: Kristín Jósafatsdóttir, Blikastöðum, Guðrún Jóhannsdóttir, Kollafirði, Ásta Jónsdóttir, Reykjum. Nenni jeg svo ekki að lesa fleiri nöfn; þessi ættu að vera nægileg til þess að sýna, að hjer eru fleiri að verki en Reykvíkingar. (*HK*: Það er enginn úr Barðastrandarsýslu). Já, alveg rjett. En það var enginn tími til að leita langt utan Reykjavíkur, en áreiðanlega hefði verið hægt að fá mörg nöfn þaðan undir áskorun þessa.

Að kona þessi geti farið um alt landið á einu ári, nær vitanlega engri átt. En hinsvegar býst jeg við, að þar sem stjórn Búnaðarfjelags Íslands á að gera tillögur um þessar fyrirlestraferðir, þá verði þeim hagað svo, að sem flestir hafi not af.

Annars er hjer ekki um aðrar upphæðir að ræða en þær, sem flytja þarf frá ári til árs, sem orsakast af því, að ekki var hægt að stofna skólann í fardögum 1926, nema þessar 3000 kr., sem jeg fer fram á að víkja stúlkunni fyrir alla þá fyrirhöfn og allan þann undirbúning, sem hún var búin að hafa, þar sem hún bjóst við að taka við skólanum í vor, og til þess að hún geti haldið áfram að vinna að mentun kvenna, einkum sveitakvenna.

Þá vil jeg geta þess, að bróðir hennar, sem ætlar að verða ráðsmaður hjá henni, sagði upp góðri stöðu og verður nú atvinnulaus næsta ár, aðeins fyrir þennan drátt á stofnun skólans. Annars get jeg ekki verið að karpa við hv. þm. Barð. (HK) um þetta mál, því að jeg veit, að honum er illa við að skóli komi á Staðarfelli,

af því að hann býst við, að slík skólastofnun komi í bága við, að Herdísarskólinn komi í Flatey. En mjer finst, að þegar talað er um þetta mál, þá eigi að sleppa reipdrættinum um þann skóla, því að um hann hafa komið fram fleiri en ein ósk. Þannig vilja Snæfellingar fá hann á Helgafelli, Ísfirðingar og fleiri Vestfirðingar við Ísafjarðardjúp.

Það, sem hjer er því um að ræða, er að gefa sveitakonum kost á dálítilli sjermentun, þangað til hinn stóri Herdísarskóli kemur.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á hjer eina brtt. á þskj. 230, ásamt þeim hæstv. atvrh. (MG) og háttv. þm. Borgf. (PO), um að styrkur sá, sem Þórður Flóventsson fær, verði hækkaður úr 1500 kr. upp í 2000 kr. Háttv. deildarmönnum mun kunnugt um starf og áhuga þessa manns. Hann hefir ferðast um flestar sýslur þessa lands og leiðbeint mönnum með laxa- og silungaklak. Áhugi hans fyrir starfinu er og hefir verið mikill, enda blandast engum hugur um, sem til þekkja, að mikill árangur hefir orðið af starfsemi hans, og hann getur orðið ennþá meiri, ef menn almennt fá þekkingu og skilning á þessu mikilvæga máli. En honum er ekki unt að halda áfram þessari starfsemi, ef hann fær ekki aukinn styrk. Jeg fyrir mitt leyti er viss um, að því fje væri vel varið og það myndi gefa margfalda vexti.

Annars þurfa hv. deildarmenn ekki að óttast, að styrkur þessi standi mjög lengi, því að maður þessi er þegar orðinn töluvert við aldur, og vænti jeg því, að þeir taki þessari tillögu vel.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get ekki annað en lýst ánægju minni yfir ýmsu. Fyrst og fremst því, hversu umræða þessi virðist ætla að ganga fljótt, þó það í sjálfu sjer sje ekkert undarlegt, því eins og jeg gat um í fyrri ræðu minni, eru brtt. þær, sem fyrir liggja, miklu færri en í fyrra, og sömuleiðis eru fjárhæðirnar miklu minni.

Í öðru lagi get jeg verið þakklátur fyrir þær undirtektir, sem brtt. fjvn. hafa fengið, því að hjer hefir hver af öðrum staðið upp til þess að ljúka lofi á fjvn. Einn reyndasti og elsti þm. deildarinnar, hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sagði t. d., að nefndin hefði siglt meðalveg milli skers og báru. Slík ummæli, og það frá þessum þm., þykja mjer mikils virði.

Skal jeg þá snúa mjer að hæstv. landsstjórn og víkja fyrst máli mínu að hæstv. forsrh. (JM).

Hann ljet í ljós ánægju sína yfir mörgum tillögum nefndarinnar, en mælti þó gegn tveimur. Fyrst og fremst tillögunni um að fella niður fjárveitingu til að malbika mentaskólagarðinn. Er hjer um smátt mál að ræða, sem jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um framyfir það, sem jeg hefi áður sagt, en af öðru er það ljóst, að það er síður en svo, að fjvn. vilji sýna þessum skóla kulda. Ennfremur mælti hann gegn till. nefndarinnar um að fella niður ferðastyrk til útlanda. Hann sagði meðal annars, að oft kæmu til þingsins beiðnir um utanfararstyrki. Gæti það því verið til þess að spara umræður á þingi að hafa eina vissa upphæð í fjárlögum í þessu skyni. En jeg lít ekki eins á þetta mál. Jeg er hræddur um, að beiðnir um utanfararstyrki kæmu eigi að síður til þingsins. Að minsta kosti höfum við hliðstætt dæmi, þar sem skáldin og listamennirnir eru. Um styrki til þeirra er altaf verið að rífast, þó að sjerstök upphæð sje ætluð til þeirra í fjárlögum.

Hæstv. fjrh. (JÞ) kom að því atriði, er margt mætti um segja, að varasamt væri að taka alment fasta liði inn í fjárlögin, þegar peningar væru hækkandi. Þetta er alveg rökrjett hugsun frá hans sjónarmiði og þeirra, sem vilja hækka verðgildi peninga. En jeg verð að segja það, að mjer finst hæstv. fjrh. þá ekki nógu strangur við sjálfan sig í þessu efni, og vil jeg um það benda til þess, hvernig hann hefir snúist við því frv. hjer á þinginu, er mest fjárframlög hefir í för með sjer. Jeg á þar við járnbrautarmálið.

Þá vjek hæstv. fjrh. að till. um að kaupa Sigríðarstaðaskóg í Ljósavatnsskarði og taldi það óheppilegt fordæmi, ef gert yrði. Þar til er þess að geta, að þetta er ekkert fordæmi, því að ríkissjóður hefir áður keypt skóga, svo sem Vaglaskóg, ásamt jörðinni, og Hálsskógur var tekinn undan prestssetrinu, með eftirgjaldslinun, er svara mundi 2000 kr. verði á skóginum. Hæstv. ráðh. (JÞ) vjek að því, að löggjöfin muni bygð á því, að skógar ættu að vera einstakra manna eign, en ríkið ætti að veita styrk til girðinga um þá. Þar er fjvn. á öðru máli. En út af því, sem hæstv. ráðh. (JÞ) sagði um girðingu umhverfis Sigríðarstaðaskóg, þá liggja fyrir upplýsingar frá hv. þm. S.-Þ. (IngB) um það, að mjög þægilegt mun að girða skóginn og kosta afarlítið, því að hann er sjálfvarinn á einn veg.

Þá taldi hæstv. ráðh. (JÞ) vafasamt um notkun vindmótora hjer á landi. Hann hefir þar meiri þekkingu en jeg, en fjvn. hefir ekki stigið stórt spor í því efni, þar sem hún hefir aðeins viljað styrkja einn af þeim þremur, er sótt hafa um styrk til að koma upp slíkum aflgjöfum. Till. hennar er ekki bundin við nafn, og er það því á valdi hæstv. stjórnar, hverjum hún vill veita þetta fje.

Út af ábyrgðinni fyrir „Mjöll", þá er nefndin ekki á móti því, sem hæstv. ráðh. (JÞ) sagði, að ríkið yrði að hafa bakveð í fasteignum. Og í þessu tilfelli er það svo, að fasteign fjelagsins er að bakveði hjá sýslunefndum, og er því ekkert að athuga í þessu tilfelli.

Þá skal jeg lýsa afstöðu nefndarinnar til hinna ýmsu brtt. einstakra þingmanna, og tek þær í þeirri röð, sem þær koma fyrir við atkvæðagreiðslu.

Það eru þá fyrst tvær till. frá hv. 4. þm. Reykv. (MJ) vegna mentaskólans. Hv. þm. (MJ) sagði, að sá skóli væri olnbogabarn hjá fjvn., en jeg vona, að hann sansist á, að svo er ekki, þegar hann athugar málið betur, því að ekkert lá fyrir fjvn. um þessi atriði, sem hann ber fyrir brjósti. Nefndin hefir viljað styrkja Akureyrarskólann til þess að kaupa skuggamyndavjel, og hún vill líka styrkja mentaskólann til þess og er því þeirri till. meðmælt.

Nefndinni bárust brjef frá rektor mentaskólans og landlækni um að fje yrði veitt til þess að setja miðstöðvarhitun í mentaskólahúsið, en þeim fylgdi engin áætlun um kostnað. Nú hefir hv. 4. þm. Reykv. komið með áætlun, sem hann las hjer upp með miklum fjálgleik og af miklum lærdómi, eins og hans er siður. Nefndin getur fallist á, að að þessu yrði sparnaður og auk þess minni eldhætta, en húsakynnin hollari á eftir fyrir nemendur, og er hún því brtt. meðmælt. Hefir hv. 4. þm. Reykv. því enga ástæðu til að kvarta undan undirtektum fjvn.

Þá eru 3 brtt. frá fjárhagsnefnd, en um þær þarf ekki að ræða, því að þær hafa verið teknar aftur til 3. umr.

Þá kemur hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) með brtt. um Staðarfellsskólann. Þegar fjvn. hjelt síðasta fund sinn, hafði flm. (JAJ) ekki talað fyrir þessum till. sínum, og

get jeg því ekki lýst afstöðu nefndarinnar til þeirra, en eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, mun jeg mega fullyrða, að meiri hluti nefndarinnar er brtt. fylgjandi. Tvær fyrri till. eru endurveitingar, og er því ekki nema eðlilegt. að meiri hluti nefndarinnar, sem samþykti þær í fyrra, samþykki þær nú. Jeg skal og segja fyrir mitt leyti, að jeg er fylgjandi því, að Sigurborgu Kristjánsdóttur verði veitt uppbót sú, sem farið er fram á. En jeg skal ekkert blanda mjer inn í deilur þeirra hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. þm. Barð. (HK). Þær komu engum á óvart, því að hv. þm. Barð. hefir jafnan verið á móti þessum skóla.

Þá er brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um Eiðaskólann, að alt að helmingi fjárins megi verja til verðlauna handa nemendum. Er brtt. þessi komin fram eftir ósk skólastjóra, og getur meiri hluti fjvn. fallist á hana.

Þá er brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) og hv. þm. V.-Sk. (JK) um styrk til að rita menningarsögu. Slíkt erindi lá fyrir fjvn. og er henni því kunnugt. Meiri hluti fjvn. er eindregið á móti þessari brtt. og lítur svo á, að þetta megi gera með frjálsum samtökum og ekki þurfi sjerstakan styrk í þessu skyni. Er nefndinni og kunnugt, að sjera Jónas Jónasson frá Hrafnagili safnaði miklu án þess að fá nokkurn styrk til þess.

Þá er brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um hækkaðan styrk til Leikfjelags Reykjavíkur. Fjvn. hafði fengið sömu upplýsingar um þetta efni og hv. flm. (JakM) bar fram, en nefndarmenn hafa óbundnar hendur um það, hvernig þeir greiða atkvæði um brtt.

Þá er og brtt. frá hv. þm. Ak. (BL) um styrk til leikfjelagsins þar, en hún er tekin aftur til 3. umr., og skal jeg því ekki ræða um hana.

Þá er brtt. frá háttv. 1. þm. S.-M. um styrk handa Þórarni Jónssyni tónlistarnema. Fjvn. hefir kynt sjer málið, og er meiri hluti hennar á móti því, að þessi styrkur sje veittur.

Þá kemur hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) með unga leikkonu, sem hann ber fyrir brjósti. Hæstv. forsrh. (JM) og fleiri hafa mælt með þessari brtt. Geri jeg ráð fyrir, að viðkomandi njóti þar að ættar sinnar, og hefir meiri hluti fjvn. hnigið að því að styðja brtt.

Þá er brtt. undir tölulið XXIII, frá hv. 3. þm. Reykv., um styrk handa 5 listamönnum. Jeg ætla, að fjvn. hafi haft umsóknir frá þeim öllum, en þóttist ekki geta borið neina þeirra fram. Um alla 4 síðustu liði brtt. er það að segja, að meiri hl. nefndarinnar er á móti þeim, en hann er aftur á móti meðmæltur 1. liðnum, styrk til frú Soffíu Kvaran.

Fjvn. getur ekki liðsint styrkbeiðni Jóns Stefánssonar málara, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) mælti fyrir.

Viðvíkjandi styrk handa Jóni Þorleifssyni málara hefir fjvn. óbundnar hendur um atkvæðagreiðslu, og sama máli er að gegna um styrkveitingu handa Karli Runólfssyni hljómlistarnema.

Háttv. þm. Barð hjelt snjalla og skemtilega ræðu um það, að fella niður styrk Þórbergs Þórðarsonar, en háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) vill aftur á móti hækka þann styrk og mælti mikið með brtt. sinni. Jeg skal ekki blanda mjer í þær deilur og fjvn. mun láta afskiftalaust, hvort styrkurinn er hækkaður eða feldur. En jeg verð að segja það, að mjer finst skrítið, að hv. þm. Barð. skuli vega í þann knjerunn, svo „merkur maður“ sem hann er.

en jeg hygg, að hann hafi haldið ræðu sína fremur til þess að skemta okkur heldur en að honum hafi verið alvara. *(HK*: Þórbergur segir um prestana: Vei ykkur, þjer hræsnarar!). Jú, Þórbergur segir margt um prestana og stjórnmálamenn.

Háttv. 3. þm. Reykv. ber fram brtt. um að hækka styrk til Guðbrands Jónssonar, en það ræður af líkum, að fjvn. getur ekki fallist á þá brtt., þar sem hún hefir lagt til, að styrkurinn yrði feldur niður. Hv. flm. vjek að því, er jeg sagði um samskonar ritstyrksbeiðni, og kvað það ekki saman berandi, því að þeir menn, sem jeg þar nefndi, væru á föstum launum, en Guðbrandur Jónsson ekki. Jeg er nú á þeirri skoðun, að síður beri að líta á þörf manna í þeim efnum en hæfileika, en jeg skal þó geta þess, að fjvn. var ekki alveg óskift um að vilja fella þennan styrk niður.

Um brtt. hv. 4. þm. Reykv., að veita dr. Guðm. Finnbogasyni ritstyrk, hefir fjvn. óbundið atkvæði.

Aftur er mikill meiri hluti nefndarinnar á móti því að veita cand. mag. Birni K. Þórólfssyni styrk til að kynna sjer skipulag og vinnu í skjalasöfnum erlendis. Umsókn þessi hefir legið fyrir nefndinni, en nú hefir hv. þm. V.-Sk. tekið hana upp á sína arma.

Um brtt. hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) um hafskipabryggju á Ísafirði, þá var það samþykt í raun og veru við umræðu fyrri kafla fjárlaganna.

Þá hafa þrír þm. Vestfirðinga (ÁÁ, JAJ og SigurjJ) komið fram með brtt. um það, að veita Guðmundi Jónssyni frá Mosdal styrk þann til námsskeiða í handavinnu, er áður hafði ungfrú Ásta Sighvatsdóttir. Þetta kom til orða í fjvn., en þá stóð á því, hvort Ásta mundi verða kyr við skólann á Blönduósi. Nú eru fengnar upplýsingar um það, að hún verður þar kyr, og þess vegna hefir meiri hluti fjvn. fallist á þessa brtt., og get jeg fyrir mitt leyti mælt hið besta með henni, því að mjer er þessi maður kunnur að því að vera listamaður og áhugasamur.

Þá er brtt. frá hv. þm. V.-Sk. um styrk handa Kvenfjelagi Hvammshrepps til handavinnukenslu. Meiri hluti nefndarinnar getur þar aðhyllst varatill.

Brtt. frá hv. þm. Ak. og hv. 1. þm. N.-M. um styrk til Kvenrjettindafjelagsins getur meiri hl. nefndarinnar ekki aðhyllst.

Þá er brtt. hv. þm. Mýr. (PÞ) um styrk til Jóns Helgasonar í Borgarnesi. Erindi þetta lá alls ekki fyrir fjvn., en mjer skildist á ræðu hv. flm., að hjer sje um frumlega íslenska uppgötvun að ræða, þótt jeg geti ekki dæmt um þau vísindi. En eins og tekið er fram áður, þá álítur fjvn. nægilegt að styrkja eina tilraun í þessa átt, og getur því ekki fallist á þessa brtt.

Brtt. um hækkaðan styrk til Þórðar Flóventssonar er svo smávægilegt atriði, að jeg hygg, að meiri hluti fjvn. geti aðhyllst varatill.

Fyrir nefndinni lágu gögn um fossana í Norðurá, sem hv. þm. Mýr. vill láta gera laxgenga, og voru þau fyllri en þau gögn, sem lágu fyrir nefndinni í fyrra. Þessi till. var samþykt í fyrra, og fjvn. er því meðmælt að hún verði samþykt nú, enda er fordæmi um slíkt áður úr Borgarfjarðarsýslu.

Þá er brtt. háttv. þm. Borgf. um eftirgjöf á dýrtíðarláni. Þótt líta megi svo á, að brtt. þessi sje fallin með umr. við 1. kafla fjárlaganna, verður henni víst haldið fram, og vill meiri hl. nefndarinnar mæla í móti henni. Jeg vil minna hv. deild á, að ef þetta verður eftirgefið, þá verða fleiri að koma á eftir. Þá munum við hv.

þm. N.-Ísf. koma með samskonar brtt. fyrir okkar kjördæmi, og svo mun um einhverja fleiri, og verði þetta samþykt, er hv. deild siðferðilega skyldug til þess að gefa eftir aðrar samskonar skuldir.

Hv. þm. Barð. hefir tekið aftur brtt. sína undir tölulið XXXVI til 3. umr.

Hv. 2. þm. Eyf. lagði fram skjallega sönnun um það, að til væri ein „jubil"-ljósmóðir enn, sem ekki hefði fengið viðurkenningu, og hv. 2. þm. Rang. tilkynti, að önnur væri á uppsiglingu, sjálf ljósmóðir aldursforseta þessarar hv. deildar. Fjvn. hefir óbundin atkvæði um þessa brtt.

Þá er brtt. frá hv. þm. V.-Sk. um lán til Mýrdalshjeraðs. Um þetta efni lá ekkert fyrir fjvn. *(JK*: Jú). Nú, það getur verið, að mig misminni það, en fjvn. getur ekki mælt með brtt.

Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að öll nefndin er með brtt. hæstv. atvrh. um að greiða halla þann, er verða kann af tilraunum með að senda frosið kjöt á erlendan markað.

Hv. þm. Múlsýslunga (HStef og SvÓ) bera fram brtt. um lán til tóvinnuvjela í Reyðarfirði. Jeg minnist þess ekki, að neitt lægi fyrir um þetta hjá nefndinni, en nú hefir hæstv. fjrh. mælt í móti því, að þetta lán verði veitt. Það hefir legið fyrir áður, en fjvn. hefir óbundnar hendur um atkvæðagreiðslu.

Pjetur Ottesen: Hv. frsm. fjvn. (TrÞ) gat þess í ræðu sinni, að brtt. mín væri fallin, en það er á valdi forseta að úrskurða það. Jeg get ekki fallist á, að hún sje fallin.

Þá sagði hv. frsm., að mikil runa mundi koma á eftir, en samkvæmt upplýsingum, sem jeg hefi fengið hjá hæstv. fjrh., þá er aðeins um þrjú slík lán að ræða og hjer er um að tala. Það er lán, sem Reykjavíkurbæ var veitt, og nú eru komnir á fastir samningar um greiðslu á því. Og svo lán til Ísafjarðarkaupstaðar, sem nú á að gefa eftir. Þó því sje nú haldið fram, að þar sje ekki um eftirgjöf að ræða, heldur sje það styrkur til bryggjunnar á Ísafirði, þá verður þó ekki um það deilt, að þar sem niður á að falla greiðsla á margra ára vangoldnum vöxtum, þá er þó um fullkomna eftirgjöf að ræða, og nemur sú eftirgjöf ⅓ af þeirri upphæð, sem jeg fer fram á að eftir sje gefin. Um fleiri lán af þessu tægi er ekki að ræða, því að það eru þá lán úr viðlagasjóði.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla mjer ekki að fara út í deilur út af kaupum á skóglendi Sigríðarstaða. En jeg vil benda á það, út af ummælum hv. frsm. (TrÞ), þar sem hann talaði um kaup á Vöglum og Vaglaskógi, þá er það ekki fordæmi fyrir svona kaupum. Þá var keypt heil jörð með einhverju því stærsta skóglendi, sem er hjer á landi, og síðan var lagt til hennar annað skóglendi og jörðin gerð að bústað fyrir skógarvörð og jafnframt sett þar upp skógræktarstöð. Þetta er ekki fordæmi fyrir því að fara að kaupa bletti úr landeignum víðsvegar. Þó má segja það þessari till. til málsbóta, að þetta skóglendi er svo nærri Vöglum, að þaðan mætti hafa umsjón með því. En það er ekki hægt að girða þetta skóglendi til fulls, og veit jeg, að hv. þm. S.-Þ. (IngB) samsinnir það. Skóglendið liggur í fjallshlíð og verður ekki girt svo tryggilega að ofan, að hægt sje að verja það ásókn sauðfjár á sumrin. Jeg hygg raunar, að þessi till. sje borin fram af ástæðum skógræktinni óviðkomandi. En jeg get að ýmsu leyti virt þær ástæður og vil því ekki leggjast fast á móti till., en vona, að það, sem jeg hefi sagt um þetta, verði nóg til þess, að þetta

geti ekki skapað fordæmi fyrir því, að farið verði að kaupa hvern skógarblett, sem halda þarf við.

Út af ummælum, sem fallið hafa um styrk til hafskipabryggju á Ísafirði, vil jeg geta þess, að ef sú brtt. nær fram að ganga, hefi jeg hugsað mjer að koma með brtt. um orðalagið á athugasemdinni við liðinn við 3. umr. Því að eins og till. er orðuð er hún ekki vel greinileg, en jeg vil aðeins sjá fyrst, hvort hún verður samþykt.

Þá vildi jeg biðja lífs einni till, sem mjer skildist hv. frsm. (TrÞ) mæla á móti. Það var heimild til að lána úr viðlagasjóði 5 þús. kr. til byggingar sjúkraskýlis og læknisbústaðar í Mýrdalshjeraði. Það er föst regla að veita lán úr viðlagasjóði til sjúkrahúsbygginga, ef fje er fyrir hendi. Nú veit jeg ekki, hvort það verður til að þessu sinni, en þykir líklegt; a. m. k. hygg jeg, að það sje rjett að hafa heimildina í fjárlögunum. Það er ekki margt, sem á meiri rjett á sjer en lán til sjúkraskýla, að undanteknum lánum til íshúsa, girðinga og þurrabúðarlánum, sem eru auðvitað fremst.

Jón Kjartansson: Jeg stend aðeins upp til að leiðrjetta það, að ekki hafi legið fyrir hv. fjvn. beiðni um lán til sjúkraskýlisins í Vík. Hv. nefnd var send umsókn um þetta frá sýslumanninum í Vík fyrir hönd hreppsins. Jeg er annars fús til að taka brtt. þessa aftur til 3. umr., ef hv. fjvn. óskar að fá hana til nánari athugunar. Jeg fæ ekki sjeð, að það geri neitt til, þótt heimildin standi í fjárlögunum. Lánið verður auðvitað ekki veitt nema fje sje fyrir hendi. Loks vil jeg þakka hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir stuðning hans við till.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg efa ekki, að það sje rjett hjá hv. þm. Borgf. (PO), að ekki sjeu nema 3 lán önnur, sem eru eins og þetta að forminu til. En það eru fleiri lán til fátækra hreppa, sem eins stendur á með í alla staði, þótt þau sjeu úr viðlagasjóði. Annars hefi jeg enga löngun til að standa á móti þessu; mig langar ekkert til að spilla fyrir því, að fátækir hreppar fái hjálp út úr fjárhagslegum ógöngum. En það er aðeins það, sem jeg hefi viljað benda á, og álít mjer skylt að segja, að verði þessi till. samþykt, koma fleiri á eftir.

Jeg vil ekki fara að deila við hæstv. fjrh. um það, hvort fordæmi sje fyrir því að kaupa skógarblett úr landareign, eins og Sigríðarstaðaskóg. Jeg skal ekki segja, að fordæmi sje fyrir því, en það er þó ákaflega nærri, þegar presturinn á Hálsi fær 200 kr. linun á afgjaldi, gegn því að taka undan ábúð nokkra skógarspildu, sem er á jörðinni. — Út af ummælum hæstv. fjrh. um fordæmið, vil jeg taka það fram, að jeg geri ráð fyrir, að þingið sjái fótum sínum forráð og fari ekki út á neina glapstigu um kaup á skógarblettum. — Jeg veit ekki, við hvað hæstv. ráðh. á, þegar hann segir, að þetta sje borið fram af ástæðum skógræktinni óviðkomandi.

Það er sjálfsagt rjett hjá hv. þm. V.-Sk. (JK), að erindi hafi legið fyrir fjvn. um lán til sjúkraskýlisins. En þegar menn vita, að 225 erindi lágu fyrir nefndinni, hygg jeg, að engan þurfi að furða, þótt jeg kunni þau ekki öll utan að.

ATKVGR. um 14.—25. gr.

Brtt. 184,21.a samþ. með 21 shlj. atkv.
— 184,21.b samþ. með 17:2 atkv.
— 184,22 samþ. með 17:3 atkv.
— 248,II.1 samþ. með 20 shlj. atkv

Brtt. 184,23 samþ. með 17:7 atkv.
— 248,II.2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 184,24 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 245,2 tekin aftur.
— 184,25 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 184,26 samþ. með 18:1 atkv.
— 230,XVI.1 samþ. með 14:6 atkv.
— 230,XVI.2.a samþ. með 14:5 atkv.
— 230,XVI.2.b samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JAJ, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, BSv.

nei: JK, JS, JÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 259,II samþ. með 15:2 atkv.
— 184,27 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 230,XVII samþ. með 21 shlj. atkv.
— 184,28.a samþ. með 15:4 atkv.
— 184,28.b samþ. með 14:7 atkv.
— 184,28.c samþ. með 16:6 atkv.
— 245,3 tekin aftur.
— 184,29 samþ. með 17:2 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 184,30 samþ. án atkvgr.
— 184,31 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 230,XVIII samþ. með 15:7 atkv.
— 184,32 samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, IngB, JakM, JBald, BSv.

nei: MG, MJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, HK, JAJ, JK, JS, JÞ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 230,XIX samþ. með 17:3 atkv.
— 230,XX tekin aftur.
— 184,33 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 257 (aðaltill.) feld með 16:7 atkv.
— 257 (varatill.) samþ. með 17:10 atkv.
— 230,XXI samþ. með 16:9 atkv.
Brtt. 184,34 samþ. með 14:2 atkv.
— 230,XXII samþ. með 15:2 atkv.
— 230,XXIII.1 samþ. með 17:3 atkv.
— 230,XXIII.2 feld með 16:9 atkv.
— 230,XXIII.3 feld með 18:4 atkv.
— 230,XXIII.4 feld með 14:12 atkv.
— 230,XXIII.5 feld með 14:8 atkv
— 230,XXIV feld með 14:10 atkv.
— 230,XXV samþ. með 14:4 atkv.
— 230,XXVI feld með 14:11 atkv.
— 259,I feld með 15:6 atkv.
— 184,35 samþ. með 14:9 atkv.
— 239 sjálffallin.
— 248,II.3 samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: HK, JakM, JAJ, JBald, JK, KlJ, MJ, ÓTh, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, BSv.

nei: IngB, JS, JÞ, JörB, MG, MT, PO, PÞ, SigurjJ, BSt, HStef.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 184,36 tekin aftur.
— 184,37 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, BSv.

nei: MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JS, JÞ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 230,XXVII (aðaltill.) feld með 18:6 atkv.
— 230,XXVII (varatill.) feld með 14:8 atkv.
— 184,38 samþ. með 15:2 atkv.
— 184,39 feld með 14:9 atkv.

15. gr., svo breytt, samþ, með 22 shlj. atkv.

Brtt. 184,40 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 184,41.a samþ. með 21 shlj. atkv.
— 184,41.b samþ. með 21:1 atkv.
— 184,42 samþ. með 14:4 atkv.
— 184,43.a samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 184,43.b samþ. með 20 shlj. atkv.
— 184,44 samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngB, JakM, JBald, JS, JörB, KlJ, MG, MT, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, BL, BSv.
nei: JAJ, JK, JÞ, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, SvÓ, ÁÁ, HStef, HK.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Brtt. 184,45 samþ. með 15:4 atkv.
— 184,46.a.—b. samþ. með 19 shlj. atkv.
— 230,XXVIII samþ. með 16:1 atkv.
— 184,47 samþ. með 15:2 atkv.
— 230,XXIX samþ. með 21 shlj. atkv.
— 230,XXX (aðaltill.) feld með 15:7 atkv.
— 230,XXX (varatill.) samþ. með 16 shlj. atkv.
— 230,XXXI feld með 15:5 atkv.
— 184,48 samþ. með 15:4 atkv.
— 184,49 samþ. með 14:6 atkv.
— 230,XXXII tekin aftur.
— 230,XXXIII (aðaltill.) feld með 14:6 atkv.
— 230,XXXIII (varatill.) samþ með 19:5 atkv.
— 230,XXXIV samþ. með 20:1 atkv.
— 184,50 samþ. með 18:3 atkv.
— 230,XXXV feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁJ, HStef, HK, JakM, JBald, JS, JörB, MG, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, BSv.
nei: ÞórJ, ÁÁ, BSt, BL, IngB, JAJ, JK, JÞ, KlJ, MJ, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
16. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 184,51 samþ. með 20:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, HK, IngB, JakM, JBald, JK, JS, JÞ, JörB, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ.
nei: ÁJ, BL, HStef, JAJ, KlJ, BSv.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Brtt. 184,52 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngB, JakM, JBald, KlJ, MT, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef.
nei: JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, MG, MJ, ÓTh, PÞ, SigurjJ, ÁJ, HK, BSv.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.
Brtt. 184,53.a samþ. með 20:2 atkv.
— 184,53.b samþ. með 18:2 atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 184,54 samþ. án atkvgr.
— 184,55 samþ. án atkvgr.
— 184,56.a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 184,56.b samþ. með 17 shlj. atkv.
— 184,57 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 184,58 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 230,XXXVI tekin aftur.
— 184,59 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 184,60 samþ. með 14:3 atkv.
— 184,61 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 184,62 samþ. með 14:1 atkv.
— 230,XXXVII samþ. með 14:9 atkv.
— 184,63 samþ. með 15:4 atkv.
— 184,64.a samþ. með 14 shlj. atkv.
— 184,64.b samþ. með 19 shlj. atkv.
— 184,64.c samþ. með 18 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
19.—20. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
21. gr., með þeim breytingum, sem á eru orðnar öðrum gr. frv., samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 184,65 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 184,66 samþ. með 14:5 atkv.
— 230,XXXVIII samþ. með 18:2 atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 230,XXXIX samþ. með 21 shlj. atkv.

— 230,XL samþ. með 15:8 atkv.

23. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

24. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 184,67 (ný gr., verður 25. gr.) samþ. með 14:2 atkv.

25. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 273, 297, 304, 306).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Við 2. umr. hækkuðu gjöldin um ca. 375 þús. kr., en hækkun teknanna leiddi af sjer, að tekjuhallinn varð ekki nema 21303 kr. Ef allar þær brtt., sem nú liggja fyrir, yrðu samþyktar, mundi öll hækkunin verða ca. 660 þús. kr., og er ekki hægt að segja, að það beri vott um varfærni háttv. þm. En nú reynir á varfærni hv. deildar, þegar til atkv. kemur. Við þennan kafla eru fáar brtt frá fjvn., og eru þær alls til hækkunar ca 22200 kr. Við 11. og 12. gr. 16 þús. og við 13. gr. 6200 kr. Frá einstökum þm. nema hækkunartill. 163200 kr.

Jeg skal þá víkja stuttlega að brtt. fjvn., en ætla að leiða hjá mjer till. einstakra hv. þm. þangað til þeir hafa talað fyrir þeim.

Fyrsta brtt. nefndarinnar er undir II. lið á þskj. 297, við 5. gr., og þarf jeg ekkert um hana að segja. Þó að ein till. fjvn. komi mjer nokkuð við, treysti jeg háttv. frsm. síðari kaflans, háttv. þm. Str. (TrÞ), til að tala fyrir henni.

Næsta brtt. nefndarinnar er á sama þskj., V. við 11. gr. A. 6, um skrifstofukostnað bæjarfógeta og sýslumanna, og leggur nefndin til, að liðurinn hækki úr 84 þús. upp í 92 þús. kr. Nefndin hefir kynt sjer þetta mál, og komu nokkrir sýslumenn og bæjarfógetar á fund hennar og tjáðu henni, að óhjákvæmilegt væri að fá nokkra hækkun í þessu skyni. Þeir fóru fram á, að liðurinn yrði hækkaður upp í 100 þús., en aðalkrafa þeirra var sú, að framvegis yrðu reikningar þeirra um skrifstofukostnað teknir til greina og samþyktir af stjórnarráðinu. Nefndin bar sig saman við hæstv. dómsmálaráðherra um þetta og komst að þeirri niðurstöðu að leggja til, að liðurinn yrði hækkaður um 8 þús. kr. Nefndin gat ekki fallist á meiri hækkun; hún viðurkennir þó, að vitanlega vaxa störf þessara manna vegna ýmsra laga, sem þingið samþykkir, en hún áleit þó, að þessi hækkun væri sæmileg. Nefndin áleit, að ef horfið væri að því ráði að samþykkja, að allir slíkir reikningar skyldu viðurkendir, gæti það orðið til þess, að meiri vinna væri keypt út en þörf væri á og hlutaðeigandi embættismaður gæti á þann hátt látið ríkissjóð borga þau störf, sem hann sjálfur gat unnið. Það er því undirstaðan undir mati á skrifstofukostnaði að ganga út frá embættismanninum sem fullkomnum starfsmanni. Telur nefndin því mjög varhugavert að fara þessa leið. Þeir, sem gengist hafa fyrir þessu, hafa leitað álits sýslumanna og bæjarfógeta úti um land, og hafa þeir flestir tekið í sama strenginn, en þó skal jeg geta þess tveimur sýslumönnum til lofs, að þeir telja enga þörf á að auka skrifstofufje sitt frá því, sem nú er. Þessir 2 sýslumenn eru þeir sýslumaður Skaftfellinga og sýslu-

maður Árnessýslu, háttv. 1. þm. Árn., og skal jeg ennfremur geta þess, að skrifstofukostnaður í Árnessýslu hefir lækkað síðan hann tók við embætti og hann telur hann nú sæmilegan.

Næsta brtt. nefndarinnar er við 12. gr. 11 (utanferðir hjeraðslækna), um að fyrir 2000 komi 3000 kr. Við 2. umr. var samþyktur styrkur til eins læknis í þessu skyni, og gat jeg þess þá, að með því fje, sem nú er veitt í fjárlögum til þessa, væri ekki hægt að styrkja þá lækna, sem nú eru ytra. Eftir upplýsingum frá landlækni er sá styrkur nú upplofaður, en landlæknir telur nauðsynlegt að gera þeim læknum, sem nú eru ytra, einhverja úrlausn.

Næsta brtt. nefndarinnar er við 12. gr. 17.c, um að hækka styrkinn til sjúkrahúsa úr 15 þús. upp í 20 þús. kr. Landlæknir hafði lagt til, að þessi styrkur yrði hækkaður mikið meira, eða helst upp í 30 þús., og telur hann, að með úthlutun þess styrks, sem nú er lögákveðinn eftir fjölda legudaga, þá nemi hann ekki meiru en ⅓—½ af því, sem heimilt er eftir athugasemdinni, og er það alt of lítið á móti því, sem hjeruðin leggja fram.

Í samræmi við þetta er svo önnur brtt. nefndarinnar, um að fella niður aths. við þennan lið. Landlæknir tjáði nefndinni, að það væri almenn óánægja yfir þessari aths., sem leiddi af því, að hjeruðin þurfa að leggja sjálf svo mikið fje fram til sjúkraskýlanna, að þau vilja láta innanhjeraðssjúklinga fremur njóta þess fjár heldur en aðra. Jeg hygg, að tilgangur aths. um að láta sjúklinga, sem ríkið kostar, njóta sömu kjara og innanhjeraðsmenn, hafi átt að spara ríkissjóði fje. En þegar að er gáð, þá verður þetta öfugt, því eigi utanhjeraðsmenn að njóta sömu kjara og innanhjeraðsmenn, þá verður að hækka legukostnað þeirra alment, og um leið hækkar kostnaður ríkissjóðs. Því ætla má, að á hans vegum verði ætíð fleiri innanhjeraðsmenn en utanhjeraðs í hverju sjúkrahúsi. Nefndin vill því fella aths. þessa, svo sjúkrahúsin hafi um þetta óbundnar hendur eins og áður.

Jeg skal geta þess í sambandi við næsta lið, um styrk til sjúkraskýla, að eins og hv. þdm. muna, þá kom við 2. umr. till. um að hækka þann styrk í tilefni af því, að enn eru óuppgerðar sakir milli ríkisins og þeirra læknabústaða og sjúkraskýla, sem nú hafa verið í byggingu. Þá hefir landlæknir tjáð nefndinni, að af því fje, sem ætlast var til að yrði notað á árinu 1926 í þessu augnamiði, mundu um 14 þús. kr., sem ætlaðar voru til sjúkraskýla í Reykhólahjeraði og á Hofsósi, ekki verða notaðar, og mætti þá verja því fje á öðrum stöðum í sama augnamiði. Nefndin hafði ekkert á móti þessu, þótt ekki þætti henni sjálfsagt að fara þannig að. En verði það gert, þá leggur nefndin ákveðið með því, að ekki verði fremur en að undanförnu veitt nema sem svarar ⅓ af byggingarkostnaðinum, og ekki verði blandað þar fleiru inn í en venja hefir verið til og viðurkent, að telja beri með byggingarkostnaði.

12. brtt. nefndarinnar, við 17. gr., er viðvíkjandi sjúkrahúsinu á Ísafirði og miðar eingöngu til þess að færa til leiðrjettingar það, sem samþykt var við 2. umr., sem sje, að í stað 10 þús. kr. komi: 7724 kr. Það er nákvæmlega rjett útreiknuð sú upphæð, sem ríkinu ber að borga samkvæmt venju í slíkum tilfellum.

Viðvíkjandi 12. gr. 17.n skal jeg geta þess, að landlæknir tjáði nefndinni, að svo hefði reynst, að miklu meira væri af geitnasjúkl. heldur en skýrslur læknanna báru með sjer, er þeim var í fyrstu safnað. Taldi hann óheppilegt að binda fjár-

veitingu til lækningar þessum sjúklingum við ákveðna upphæð, þar sem oft gæti staðið svo á, að heppilegra væri að taka fleiri í einu, og óskaði, að þær 2500 kr., sem til þess eru veittar að lækna þessa veiki, yrðu skoðaðar sem **áætlunarupphæð, svo hægt** yrði að fara fram úr henni, ef það álitist heppilegt. Nefndin fjellst á þetta, og því tala jeg um það hjer.

Þá er brtt. við 13. gr. B. VI, til fjallvega. Þessi liður var hækkaður við 2. umr. samkvæmt till. nefndarinnar með tilliti til vegagerðar milli Reykjadals og Mývatnssveitar og yfir Kolugafjall. Nú hefir það komið í ljós síðan, að sú upphæð, 4 þús. kr., var ónóg, ef gera ætti þarna nokkuð til hlítar. Hefir nefndin leitað álits vegamálastjóra um þetta, og telur hann, að minna fje en 8 þús. kr. komi ekki að gagni. Nefndin hefir fallist á þetta og lagt til, að upphæðin verði hækkuð samkvæmt þessu. En eins og tekið hefir verið fram, þá hefir vegamálastjóri óbundnar hendur um það, hvernig þessu fje verður skift.

Þá er loks till. um nýja símalínu frá Svignaskarði að Hvítárbakka, vegna skólans þar. Við 2. umr. var samþykt samskonar fjárveiting, og ein hefir verið samþykt áður, og sá nefndin sjer því ekki fært að neita um þetta, enda þótt þessi upphæð sje hærri en hinar, vegna örðugra staðhátta.

Hvað snertir till. samgmn., þá mun jeg leiða hjá mjer að tala um þær, líkt og till. einstakra þm., þangað til flm. hafa talað um þær. Hefi jeg ekki eytt löngum tíma til framsögu minnar og vænti þess, að hv. þm. verði stuttorðir, svo umr. verði lokið sem fyrst, og helst í nótt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg stend upp til þess að undirstrika þau almennu ummæli, sem hv. frsm. fjvn. (ÞórJ) hafði um þetta fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir, og þær brtt.. sem nú hafa dunið yfir þessa hv. deild. Það var að mínu áliti rjett, sem hann sagði, og eins það álit hv. fjvn., að nú sje teygjan úr tekjuhlið fjárlaganna, það sje búið að hækka svo tekjuliðina, að ekki komi til mála að hækka þá meira. Að vísu má segja um einstöku lið, að vera megi, að þeir fari eitthvað fram úr áætlun. En það þarf að vera, því mjög er óvíst um aðra, hvort þeir standist, eins og t. d. tekjur af vínversluninni. Það er mjög ólíklegt, að hann standist áætlun, eftir því útliti, sem nú er um árferði 1927.

Gjaldahlið fjárlagafrv. var hækkuð við 2. umr. um 430 þús. kr. eftir mínum reikningi. Frsm. nefndi eitthvað lægri upphæð. Útgjöldin samkvæmt frv. eins og það er nú eru rúmlega 10 miljónir og 800 þús. kr. Til samanburðar skal jeg geta þess, að fjárlögin 1925, sem voru fyrstu fjárlög, sem það þing, er nú situr, setti, voru afgreidd með 8 milj. 274 þús. kr. gjaldaáætlun, svo gjöldin eru nú meir en 2½ miljón kr. hærri en þá. Þar við bætist, að þær krónur, sem nú eru veittar, eru allmiklu stærri en þær, sem veittar hafa verið undanfarið. Meðalgildi okkar peninga 1921—'24 var ca. 60—65 aurar hver króna. En nú rúmlega 81—82 aurar pr. kr. Og það tjáir ekki annað en að líta á það, að sama krónutala er nú þyngri gjaldabyrði en áður var, svo að í stað þess að láta nú krónutöluna halda sjer, eða auk heldur hækka, þá ætti hún í raun og veru að fara lækkandi með hækkandi peningagildi. Jeg álít, eins og jeg hefi sagt hjer áður og nú er að nokkru leyti fram komið, að nauðsynlegt sje að lækka eitthvað og ljetta skattabyrði þá, sem hvílir á atvinnuvegunum. Nú hefir gengisviðauki á vörutolli verið numinn úr lögum,

og jeg get sagt það, að fjhn. hefir á prjónunum enn frekari lækkun tolla á nauðsynjavörum, sem þyngst hvíla á framleiðslu landsmanna. Það frv. er aðeins ókomið, sem fer fram á það að lækka vörutoll á kolum og salti og steinolíu. Jeg hefi ekki sjeð þetta frv. og veit ekki, hve miklu lækkun þessi nemur fyrir ríkið. En jeg býst við því, að hún muni nema milli 200 og 400 þús. kr. á ári, líklega þó eitthvað nær hærri upphæðinni. Jeg verð nú að segja það, að jeg á mjög bágt með að vera á móti því að lögleiða linun á slíkum tolli á algerðum nauðsynjavörum, og er auk þess eins hár og kola- og salttollurinn, því jeg hygg, að slíkt sje algerlega einsdæmi meðal Norðurálfuþjóðanna, eftir því, sem jeg þekki til. Jeg hefi nú dregið þetta atriði hjer inn í umr. til þess að vekja athygli manna á því, að hv. deild mun gefast kostur á því að sýna það með atkvæðagr., hvort hún vilji fremur lækka tolla, sem hvíla þungt á höfuðatvinnu landsmanna, eða að öðrum kosti auka útgjöld ríkisins eða a. m. k. varna því, að þau lækki, svo sem till. þdm. nú bera helst með sjer.

Jeg skal viðurkenna það, að flestar brtt. við 2. umr., og eins megnið af till. nú, eru um fjárveitingar til verklegra framkvæmda Það er auðvitað æskilegt og gott að hraða slíkum framkvæmdum, eftir því sem geta ríkisins leyfir. En þess verður að gæta, að í frv. stjórnarinnar var ætlað miklu meira fje til verklegra framkvæmda en undanfarin ár. Jeg hygg miklu meira fje en jafnvel á nokkru öðru einu ári áður. Nú þegar þetta er aukið svo af stjórninni og síðan enn aukið með till. frá hv. þdm., þá vil jeg vekja athygli manna á því, að það hefir líka tvær hliðar að auka á einu ári úr hófi verklegar framkvæmdir ríkissjóðs. Bæði sökum þess, að það er örðugra í framkvæmd heldur en annars, ef hægt væri að komast hjá svo óvenjumiklum stigbreytingum í fjárveitingum þessum. En hin hliðin er sú, að þó það sje í sjálfu sjer æskilegt, að verklegar framkvæmdir aukist heldur á fjárkrepputímum, þegar atvinnuvegirnir sækja ekki mjög eftir vinnukrafti, þá verður að gæta hins, að það er óheppilegt, ef sú atvinna, sem þannig skapast, verður til þess að hindra þá kaupgjaldslækkun að krónutölu, sem nú stendur fyrir dyrum sökum hækkunar á verðgildi peninganna. Það verður því að fara hóflega í það að skapa í bili mjög mikla atvinnu við opinber störf, til þess að keppa um vinnukraftinn við atvinnuvegina á sama tíma sem kaupgjald er að komast í eðlilegt horf. Jeg vil biðja hv. þingdeildarmenn að líta einnig á þetta, þegar til atkvæðagreiðslunnar kemur. Og jeg skal enda þessi almennu ummæli mín með því að láta í ljós þá vissu von, að þetta þing, sem hefir getið sjer svo góðan orðstír fyrir þá stefnu, sem það tók þegar í upphafi 1924 til viðreisnar fjárhag landsins, kasti nú ekki frá sjer þessum góða orðstír með því að sýna ógætni um afgreiðslu fjárlaganna, hvorki nú eða á næsta þingi, sem er síðasta þingið á þessu kjörtímabili. Jeg vænti þess, að hv. þdm. sýni þá festu og samkvæmni við sjálfa sig, sem þarf til **þess að halda í horfi um þá fjárhagslegu** viðreisn, sem þeir hófu svo myndarlega 1924.

Jeg skal þá aðeins minna á eina brtt. hv. fjvn., um að fella niður aths. við 12. gr. 17.c, um að sjúklingar, sem kostaðir eru af opinberu fje, njóti sömu kjara í sjúkrahúsum og innanhjeraðsmenn. Jeg verð að segja það, að jeg er talsvert hissa á þessari till. fjvn. Jeg held, að hún hafi ekki aflað sjer nægilegra upplýsinga um málið áður en hún gerði þetta að till. Því

það er sannarlega æðihart að horfa upp á það, að sjúkrahúsin skuli geta sett svo mikið sem þeim sýnist fyrir þá sjúklinga, sem hjer er um að ræða, vitandi það, að það eru yfirleitt engir aðrir utanhjeraðsmenn í sjúkrahúsunum en þeir, sem ríkið kostar — og standa algerlega varnarlaus gagnvart slíku.

Jón Baldvinsson: Í III. brtt. á þskj. 297 förum við þrír þdm. fram á það, að tekin verði upp fjárveiting í fjárlög 1927 til þess að gera registur um Stjórnartíðindin frá 1916—1926. Jeg veit, að hver einasti þm. finnur til þeirra örðugleika, sem á því eru að finna þau lög, sem menn vilja leita að, því að svo mörg lög hafa verið gefin út á þessu tímabili, að það er næstum ógerningur að finna það, sem leitað er að. Þessi till. var flutt hjer á síðasta þingi og fyrir misskilning náði hún ekki samþykki. Hún var tekin aftur við 2. umr., og ætlaði fjvn. að athuga hana, en það fórst einhvernveginn fyrir. Nú er farið fram á sömu fjárveiting, 2500 kr., en árinu 1926 bætt við, svo verkið er meira, sem vinna á fyrir sama fje. Þó þetta heyri í raun rjettri undir stjórnarráðið, þá ætti að fela skrifstofustjóra Alþingis að hafa umsjón með þessu verki, því hann mun allra manna færastur um það. Því það er mjög mikið vandaverk að semja slíkt registur svo að vel sje.

Jeg mun svo ekki eyða tíma í það að tala um fleiri brtt. en þessa einu, en leyfa mjer aftur á móti að nota þá heimild, sem þm. hafa við 3. umr., að beina nokkrum orðum til hæstv. stjórnar viðvíkjandi atriðum, sem beinlínis snerta hag ríkisins yfirleitt.

Mjer fanst hæstv. fjrh. (JÞ) í síðustu ræðu sinni taka heldur harðvítuglega á móti ýmsum útgjaldatillögum, en þó sjerstaklega þeim, sem miða til verklegra framkvæmda. Þetta kom mjer dálítið óvart, því að jeg var á þingmálafundi með hæstv. ráðherra nú ekki alls fyrir löngu. Heyrði jeg hann þá halda því fram, að það væri þingsins að skera úr, hvort það vildi ljetta af þessum háu sköttum eða láta þá standa og nota þá til verklegra framkvæmda. Mun hann þá hafa haft hugmynd um, að því verkefni bráðabirgðaskattanna væri lokið, að borga lausu skuldirnar. Hæstv. ráðherra má því ekki gera hvorttveggja í senn, að setja sig á móti lækkun skattanna og samtímis setja sig á móti því, að ráðist verði í verklegar framkvæmdir.

Þá vil jeg beina fáum fyrirspurnum til stjórnarinnar. Eins og kunnugt er, stendur Íslandsbanki að miklu leyti undir yfirstjórn ríkisins, síðan Alþingi og stjórnin hlupu undir bagga með honum, því eftir lögunum frá 1921 eiga tveir bankastjórar bankans að vera skipaðir af íslensku stjórninni, sem að mínu áliti þýðir, að bankinn sje meira en áður undir yfirstjórn landsins. Nú vil jeg spyrja hæstv. stjórn, af hvaða ástæðum Íslandsbanki hefir ekki lækkað vextina eins og Landsbankinn. Hann hefir nefnilega ½% hærri vexti á ýmsum lánum en Landsbankinn, og þetta getur munað allmiklu á báða bóga. Þegar líka þess er gætt, að munurinn er mestur á 1. veðrjettarlánum og víxlum.

Þetta er þeim mun undarlegra, þegar kvartað er undan erfiðri afkomu atvinnuveganna, því að þessir háu vextir koma þó mest niður á þeim. Jeg sje því ekki annað en stjórnin, og þá sjerstaklega hæstv. fjrh., verði að svara fyrir þetta og upplýsa fullkomlega, af hverju Íslandsbanka er leyft að halda uppi óeðlilega háum vöxtum í landinu.

Það má nú kannske segja, að Íslandsbanki sje „privat"-stofnun, en Landsbankinn ekki, og því sje þar töluverður aðstöðumunur. En eins og tekið hefir verið fram áður, hefir hann notið mikilla hlunninda hjá ríkinu, hefir t. d. meiri seðla í umferð en Landsbankinn, og auk þess margskonar hlunnindi, og er því engin ástæða til, að hann þurfi að hafa vextina hærri.

Þessir háu vextir eiga líka sinn þátt í því að gera landsmönnum erfiðara með að þola gengishækkunina. En það hefir mjer þó skilist, að væri skoðun hæstv. stjórnar að keppa að því marki að koma peningunum í það gengi, sem þeir voru í áður en stríðið skall á. Út frá því sjónarmiði ætti stjórnin því að vera á móti þessum óeðlilega háu vöxtum bankans, auk þess, sem þeir halda dýrtíð uppi í landinu og eru allþungur skattur á viðskiftamönnum bankans.

Þá er annað atriði, sem jeg vildi víkja til hæstv. stjórnar, og það er, hvort hún hafi nokkuð gert í því að breyta enska láninu í hagkvæmara lán. Það er sem sje kunnugt, að danska ríkið tók líka mjög óhagstætt lán 1920, en hefir nú breytt því í miklu hagkvæmara lán, sem ljettir vaxtabyrðina á danska ríkinu um mörg hundruð þúsund kr. á ári. Jeg vil því spyrja hæstv. stjórn, hvort hún hafi nokkuð gert í þessu og hvort hún ætli sjer að gera nokkuð í því.

Það væri mjög mikilsvert atriði, ef stjórnin gæti breytt þessu dýra láni í annað hagkvæmara, því að eftir því, sem jeg hefi komist næst, þá eru vextirnir af því nálega 9%. Það eru gífurlega háir vextir, og væri hægt að lækka þá, gætu bankarnir ekki lengur haft þá fyrir ástæðu til að halda vöxtunum uppi.

Að það megi takast að fá hagkvæmara lán, er jeg í nær engum vafa um, því að nú er miklu auðveldara að fá stór peningalán en var 1921.

Þá er þriðja fyrirspurnin, sem jeg vildi beina til hæstv. stjórnar, og hún er sú, með hvaða verði gullforði Íslandsbanka hafi verið keyptur síðastliðið haust. Um þetta er vitanlega ákvæði í lögum, en jeg hefi heyrt, að það sje ágreiningur um, hvernig beri að skilja það. Þætti mjer því vænt um, ef hæstv. stjórn vildi upplýsa þetta.

Þá er eitt atriði enn, sem jeg vildi spyrja hæstv. fjrh. um, og það er um framkvæmd á tolllagabreytingu síðasta þings viðvíkjandi tóbakstollinum. Mig langar til að heyra, hvernig 2. gr. þeirra laga hefir verið framkvæmd. Hvernig framkvæmd hafi verið álíming tollmerkja og hver kostnaður hafi orðið við það.

Að sjálfsögðu heimta jeg ekki af hæstv. ráðherra, að hann skýri frá, hver kostnaður hefir orðið af þessu um alt land. En hvað hann hafi orðið hjer í Reykjavík, ætti hann að geta farið nærri um. Þetta vænti jeg, að hæstv. fjrh. upplýsi, því að í fyrra var það mikið deiluefni, og hjeldu sumir því fram, að þetta væri óframkvæmanlegt og ótrygt. En þar sem nú er fengin töluverð reynsla fyrir þessu, ætti stjórnin að geta leitt þingið í allan sannleika um, hvernig þetta hafi tekist.

Þá er eitt atriði enn, sem jeg vil víkja til hæstv. fjrh., þó að það komi fjárlögunum ekki beinlínis við. Það er út af umræðum þeim, sem fram fóru hjer í gær. Hann þóttist hafa ástæðu til að halda, að samband væri milli ullartollsins í Bandaríkjunum og steinolíueinkasölunnar hjer, en vildi ekki skýra það í gær, hvernig þetta samband væri, enda þótt á hann væri skorað. Jeg vil nú enn skora á hæstv. fjrh. að skýra þetta fyrir þinginu og á hvaða rökum þessi ummæli hans eru bygð,

og ef tilhæfa er í þessu, þá vil jeg fá skýrt, hvernig sambandi milli þessara mála sje varið og hvernig samband gat orðið milli þeirra, og ennfremur hverjir hafi stuðlað að því, til þess að menn geti metið, hvort áðurnefnd ummæli hæstv. ráðh. (JÞ) sjeu á rökum bygð eða ekki. En ef hann hefir verið hjer með eintómar dylgjur, þá tel jeg það með öllu óforsvaranlegt.

Þá skal jeg snúa máli mínu til hæstv. atvrh. (MG). Það er aðeins einföld spurning, sem jeg vil leggja fyrir hann, og hún er viðvíkjandi framkvæmd laganna um útvarp, sem samþykt voru í fyrra. Það, sem mig langar til að spyrja hann um, er, með hvaða lagaheimild hann heimilar leyfishöfum að leggja skatt á tæki. Jeg skil lögin frá í fyrra svo, að slík heimild hafi enga stoð í þeim. Sömuleiðis finst mjer umræðurnar um lögin bera vott um, að stjórnin hafi ekki átt að fá heimild til að taka þennan skatt. Eins og kunnugt er, var einkasalan feld úr frv. í fyrra, en nú hefir verið sett í reglugerð, að þeir, er tæki selja, þurfi til þess söluleyfi, sem jeg tel hæpið, að hafi stoð í lögum. Jeg held því, að hæstv. atvrh. hafi gengið hjer feti lengra en lög heimila, og vildi því óska, að hann skýrði með hvaða lagaheimild hann hefir gert þetta.

Annars vænti jeg, að hæstv. stjórn taki fyrirspurnir mínar til athugunar og svari þeim við fyrsta tækifæri, því að flestar þeirra eru þess eðlis, að það er mjög fljótgert að afla þeirra upplýsinga, sem þarf til þess að svara þeim.

Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg bjóst við, að hv. frsm. (ÞórJ) myndi skýra afstöðu fjvn. til tillagna samgmn. Hún dró þær til baka við 2. umr., til þess að þær yrðu betur athugaðar. En nú hefi jeg heyrt, að háttv. fjvn. leggi á móti þeim báðum; hafi þó kannske óbundin atkvæði um aðra þeirra. Skal jeg þá, án þess að endurtaka það, sem jeg sagði við 2. umr., lýsa afstöðu nefndarinnar til þessara tillagna. Hún hefir lagt til, að flóabátastyrkurinn verði hækkaður um 1100 kr., og af því fje gangi 400 kr. til Lagarfljótsbátsins, en þær 700 kr., sem þá eru eftir, ætlast nefndin til, að atvrh. noti þar, sem þörfin er mest. Annars hefir hann óbundnar hendur um, hvaða flóabáta hann styrkir, en venjan er sú, að hann tekur tillit til tillagna samgöngumálanefndarinnar, og vænti jeg, að svo verði einnig að þessu sinni.

Hvað snertir styrkinn til einstakra báta, þá þykir mjer styrkurinn til Hvalfjarðarbátsins heldur lítill, og vonast nefndin til, að atvrh. ráði fram úr þessu.

Þá er styrkurinn til einstakra fjelaga til að kaupa báta eða endurbæta báta. Jeg hefi heyrt, að hv. fjvn. leggi á móti þessari tillögu, af því að hún telji hana skapa fordæmi, svo að aðrir komi á eftir. Þetta má altaf segja. En er þá ekki komið fordæmi áður? Mig minnir, að fjelagið, sem gerði Breiðaflóabátinn „Svan“ út, hafi tvisvar fengið eftirgjöf á lánum, og auk þess beinan styrk til að borga skuldir með.

Jeg verð nú að halda því fram, að betra sje að veita víst til fjelaganna strax, svo að þau geti fengið sjer farkost, heldur en þurfa eftir á að veita þeim eftirgjöf skulda og styrki til að borga skuldir með. Þau fjelög, sem hjer er um að ræða, eru: Djúpbátsfjelagið og h/f Skaftfellingur. Hjeraðsbúar í Skaftafellssýslu hafa þegar lagt fram mikla fjárhæð til þess að kaupa bát til að halda þar uppi samgöngum, því að þeir hafa engin not af „Esju“. En nú er svo komið, að þeir þurfa að skifta

um vjel í bátnum, því að vjel sú, sem er í honum nú, er alt of lítil, svo lítil, að það er beint hættuspil að senda hann austur með söndunum, þegar hausta tekur. Er því ekki annað fyrir hendi en að kaupa nýja vjel í bátinn, og vill samgmn. láta ríkissjóð styrkja fjelagið til þessara vjelkaupa, þannig, að hann leggi fram ⅓ kostnaðarins, en ⅔ munu sýslubúar aura saman.

Hið sama má segja um Djúpbátsfjelagið. Það varð fyrir því slysi síðastl. ár að missa farkost sinn, og stendur nú uppi nær eignalaust. En síðastliðin 8 ár hefir það haldið uppi ferðum um sýsluna.

Það er nú svo með fjelag þetta, að það getur ekki keypt bát aftur, nema það fái styrk frá hinu opinbera að einhverju leyti. Að mikil nauðsyn sje að fá bát aftur, ætti flestum að vera ljóst, því að hjeruð þau, er notað hafa bátinn, geta alls ekki notið góðs af strandferðum „Esju“.

Annars er það svo, að þeir 30 þús. íbúar, sem engin not geta haft af „Esju“, bera síst meira úr býtum til samgöngumála en hinir, sem hafa hennar full not.

Það er kannske til þess að gera þessum sveitum jafnhátt undir höfði bæði á sjó og landi, að menn taka ekki liðlega í að veita þeim fje til samgangna á sjó. Því að eins og menn vita, hafa fáar eða engar sveitir verri vegi á landi en einmitt þessar. Það er ekki heldur farið fram á það frá þeirra hálfu að leggja stórfje í vegagerðir, enda væri það óviturlega ráðið Þeirra þjóðvegir hljóta að liggja um sjóinn. En á þá með stirðbusahætti og skilningsleysi jafnframt að gera þeim ókleift að hafa flutninga á sjó? Jeg ætla ekki að segja meira um þetta nú, en býst við að koma að fleiri orðum um það síðar.

Þá ætla jeg að minnast á brtt., sem jeg á við þennan kafla fjárlaganna. Sú fyrsta er á þskj. 297,XIII, og fer fram á 1000 kr. styrk til Jóns Ásgeirssonar. Þessi piltur var við hljómlistarnám suður í Þýskalandi, en veiktist síðastl. haust allalvarlega og hefir legið síðan suður í Vínarborg. Til námsins styrktu hann nokkrir kunningjar og vinir, sem ekki vildu fara fram á ríkissjóðsstyrk, heldur aura einhverju saman sjálfir til að hjálpa honum. En nú er það fje þrotið, og varla von, að þessir menn, sem styrktu hann utan, geti lagt mikið meira af mörkum, og það því síður, sem hann er orðinn alveg heilsulaus og engin von um, að hann geti snúið sjer að náminu aftur. Þess vegna legg jeg til, að honum verði veittar þessar 1000 kr. til að borga nokkuð af sjúkrahúskostnaði sínum og til að komast heim. En jeg get lýst yfir því, að jeg skal taka aftur þessa till., ef hv. fjvn. vill leggja með því, að hann fái það fje, sem veitt er í 17. gr. 5 til að hjálpa nauðstöddum Íslendingum erlendis. En þá er líka það fje þrotið, því að það er aðeins 1000 kr.

Þá er önnur brtt. mín á þskj. 297,XIX, um að hækka styrkinn til hýsingar ferðamanna um 200 kr., upp í 3200 kr. Þessi liður hefir verið lækkaður um þessar 200 kr. frá því, sem hefir verið undanfarið, og er ætlunin að sleppa styrknum til bóndans að Arngerðareyri. Er það víst bygt á því, að hún liggi svo nærri öðrum bæjum, ekki nema klukkutíma ferð, að því sje ekki þörf á styrknum. En jeg vil leyfa mjer að benda á það, að óvíða mun vera meiri gestagangur; jeg býst við, að þar komi fleiri hundruð næturgesta en einstaklingar á sumum þeim stöðum, sem styrkur er veittur til, og vil jeg þá t. d. benda á Kleppustaði í Strandasýslu.

Þá á jeg enn eina brtt. á sama þskj.,

XXIII. lið. Hún er um símalínu frá Ísafirði til Ögurs og frá Ögri um Æðey til Snæfjalla. Það er öllum kunnugt, að símasambandið við Vestfirði er mjög slitrótt, og það svo, að oft næst ekki samband vikum saman að vetrinum. Og það er annað verra, að þetta samband, sem þarna er, er svo ófullkomið, að það er altaf erfitt fyrir þá staði í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem hafa síma (en það eru ekki nærri allir hreppar í sýslunni), að komast út fyrir hjeraðið. Þetta stafar af því, að aðeins er einföld lína frá Ísafirði um Ögur til Borðeyrar, og á þessari línu eru allar millistöðvarnar. Landssímastjóri segir, að aldrei verði viðlit að fá gott samband fyr en önnur lína sje komin frá Ísafirði til Ögurs, og einnig frá Borðeyri til Hólmavíkur. Þessu til staðfestingar skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr brjefi frá landssímastjóra, dags. 3. þ. m.:

„Eins og jeg tjáði yður munnlega, er það nauðsynlegt að strengja nýja línu frá Ísafirði til Ögurs, er tekið getur allar símastöðvarnar á þessu svæði, sem nú eru á aðallínunni og skemma hana svo mjög og teppa, að hún kemur ekki sem stendur að tilætluðum notum fyrir Vestfirði. Um leið og þessi lína verður lögð vænti jeg, að unt verði að leggja sæsíma frá Ögri til Æðeyjar og yfir á Snæfjallaströnd ....“

Þá er ekki heldur neitt viðlit að fá nokkurt samband suður á bóginn á tímanum frá kl. 9—10 og 4—5, því að þá eru allar 3. flokks stöðvarnar í gangi. En Norður-Ísfirðingar fá nauðasjaldan samband út úr hjeraðinu, sakir þess, að línan er svo útbúin, að þörf er á nýrri. Kostnaðinn hefir landssímastjóri áætlað 34 þús. kr. Línan verður auðvitað lögð á gamalli stauraröð, en margir sæsímaspottar eru á leiðinni, og það gerir hana dýrari.

Þá er hv. deild það kunnugt, að í símalögunum frá 1912 er ákveðið að leggja símalínu til Snæfjalla, að Höfða í Grunnavík, til Staðar í Aðalvík, um Hesteyri og frá Hesteyri til Hafnar á Hornströndum.

Ekkert af því hefir verið framkvæmt til þessa dags. En jeg fullyrði, að búið er að leggja allar aðrar símalínur, sem þá voru ákveðnar, nema Barðastrandarlínuna, sem nú hefir verið veitt fje til, og eina smálínu. Þetta hefir að sjálfsögðu bagað norðurhreppa sýslunnar mjög mikið, svo mikið, að jeg býst ekki við, að beiðni hefði komið um að gefa Grunnavíkurhreppi eftir neitt af dýrtíðarláni hans, ef sími hefði verið kominn til Snæfjalla. Því að ástæðan til þess, hve Grunnavíkurhreppur er illa stæður, er sú, að í illviðrum koma togarar þarna inn í hópum og „þurka“ alla Jökulfirðina að fiski. En togararnir koma helst ekki, nema þeir sjeu alveg vissir um, að ekki komist boð eftir strandvarnarskipi til að handsama þá. En eigi að fara til síma í Dynjanda, má það heita ókleift, sakir þess að það er meira en dagleið, og sökudólgarnir þá farnir áður en hjálpin kemur. Auk þessa nýtur Snæfjallahreppur að sjálfsögðu þessa síma. Þar er eins ástatt, að helsta bjargræðið er að fá úr sjó, því að landbúnaður getur ekki verið mikill á þessum stað. Er honum einkarnauðsynlegt að fá síma, til þess að geta vitað, hvenær beitu er að fá við sunnanvert Djúpið, en hún fæst aldrei á norðurfjörðunum. Þetta — hve erfitt er að ná í beituna — hefir orðið til þess, að smábátaútgerðinni hefir farið stórkostlega aftur á síðustu árum, svo að nú eru þar aðeins 10 bátar, í stað 40—50 áður. Á þessu væri ráðin afarmikil bót með síma til Snæfjalla. Auk þess eru þessir hreppar

illa settir með lækni, þar sem þeir þurfa að sækja hann langa leið, bæði landveg og sjóveg. Og þessi hjeruð eru ill yfirferðar og ilt að elta uppi lækni, nema menn viti, hvar hann er. Þótt menn fari heim til hans, er ekki að vita, hvort það verður að gagni, því að hann getur þá ef til vill verið mikið nær þeim í læknisferð. En ef síminn væri, væri altaf hægt að komast að þessu, og í mörgum tilfellum gætu þeir fengið hann til að koma á móti sjer nokkuð af leiðinni.

Hv. frsm. fjvn. talaði um það, að nú reyndi á þolrif hv. þm. að fella þessar brtt., sem fram væru bornar. Það má vera, en hv. fjvn. hefir ekki getað stilt sig um að bera sjálf fram brtt., og jeg vil leyfa mjer að draga það í efa, hvort þær eru nokkuð sanngjarnari. Jeg efast t. d. um það, hvort ekki hefði mátt bíða að hækka framlagið til fjallvega um nærri helming, úr 8 þús. upp í 15 þús. kr. Og ennfremur er ástæða til að efast um þetta, þegar það upplýsist, að viðbótin á að fara aðeins til 2 vega, og er a. m. k. annar þeirra ekki fjölfarinn.

Hæstv. fjrh. sagði, að það væri ekki gott að gera hvorttveggja í senn, að hækka útgjöldin og ljetta af tollum. En jeg fæ nú ekki annað sjeð en að stjórnin hafi sjálf gengið nokkuð langt í þessu, því að eins og fjárlögin komu frá henni er miklu meira fje ætlað til verklegra framkvæmda en nokkru sinni áður. Það virðist svo, sem henni hafi nú þótt rjettast að vinna Torfalögin fyrir það, sem niður hefir fallið undanfarið. En jeg hygg, að enginn hugsandi maður sje í vafa um það, að á næsta ári muni atvinnuvegir landsmanna ekki geta gengið með fullum krafti, og má því búast við nokkru atvinnuleysi. Þess vegna er það alveg rjett að vinda þá til nokkurra verklegra framkvæmda. En þessar verklegu framkvæmdir ríkisins mega ekki standa í vegi fyrir því, að vinnulaun lækki í samræmi við minkun dýrtíðarinnar. Og ef kaupið lækkar ekki næsta haust, þá mun það sjást, að allsherjarverkbann verður nauðsynlegt langt fram eftir vetri. Þetta vona jeg, að verkamenn sjái, og ef það hefst ekki fram með góðu, þá verður auðvitað að fara aðrar leiðir. Jeg hugsa, að það, sem gerðist hjer fyrir skömmu, hafi fært mönnum heim sanninn um það, sem jeg segi, og að það borgar sig síst fyrir verkalýðinn að láta vinnu liggja niðri um langan tíma út af smávægilegum mun á kröfum þeirra og atvinnurekenda. Og ef verkamenn vilja ekki vinna fyrir það kaup, sem atvinnuvegirnir geta borið, þá á jeg bágt með að trúa því, að hið opinbera fari að hlaupa í kapp við atvinnurekendur um að bjóða upp kaupið. — Þetta var nú aðeins innskot, en út af símalagningunni, sem jeg mintist á, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr brjefi frá sýslunefnd Ísafjarðarsýslu:

„Sýslunefndin lætur í ljós sterka óánægju yfir símasambandi Norður-Ísafjarðarsýslu við aðra landshluta. Til þess að bæta úr þessu, skorar sýslunefndin mjög eindregið á atvinnumálaráðherra og landssímastjóra að taka upp í fjárlögin fyrir árið 1928: *(MG:'28?)*. a. Nýja línu frá Ísafirði til Ögurs til endurbóta utanhjeraðssambandi. — b. Línu frá Ögri um Æðey til Snæfjallastrandar og þaðan til Staðar í Grunnavík, þar sem símaleysið er nú orðið þessum hreppum því nær óbærilegt. Till. þessi var borin undir atkvæði og samþykt í einu hljóði. ....“

Það er rjett, að árið 1928 er tekið til í áskorun sýslunefndar, en í 3 þingmálafundargerðum er skorað á þm. að flytja till. þegar á þessu þingi. Jeg skal játa það, að jeg sagði þeim, að lítið mundi

þýða að flytja þetta, en þegar jeg sje, að komnar eru inn í fjárlögin símalagningar, sem miklu síðar voru teknar upp í símalögin, þá er eðlilegt, að jeg vilji ekki láta þessa bíða lengur. Og þó að sýslunefndin hafi sagt, að hún óskaði línunnar árið 1928, — ætli hún mundi þó ekki þiggja hana ári fyr? *(TrÞ*: Það efar enginn. — *KlJ*: Sennilegt mjög). En með þeim miklu framkvæmdum, sem nú er gert ráð fyrir, finst mjer eðlilegt, að fyrst sje borið þar niður, sem þörfin er mest.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla að minnast örfáum orðum á brtt., sem jeg er flm. að á þskj. 297,VIII, um styrk til Evu Hjálmarsdóttur, til að leita sjer lækninga í Danmörku í heilsuhæli fyrir krampaveikt fólk. Erindi um þetta hefir legið frammi í lestrarsal og var sent til hv. fjvn., en hún mun ekki hafa getað orðið ásátt um að bera það fram, og því er okkur, mjer og samþm. mínum (ÁJ), skyldast að gera það.

Ástæður fyrir beiðninni eru í stuttu máli þessar: Þetta er stúlka á tvítugsaldri; þegar hún var 13 ára, veiktist hún af þessum sjúkdómi og hefir verið haldin af honum síðan. Áður var hún mjög bráðþroska og efnileg, og er þetta því tilfinnanlegra fyrir hana. Reynt hefir verið að leita henni lækninga, en það hefir reynst alveg árangurslaust, þótt hún hafi verið send til bestu lækna hjer á landi, því að hjer er ekkert hæli fyrir sjúkdóma af þessari tegund. Þess vegna er leitað fjárveitingar til að hjálpa henni utan, svo að hún komist í viðeigandi hæli. Alþingi hefir áður veitt slíka styrki sem þennan, þegar um þá sjúkdóma hefir verið að ræða, sem ekki var unt að leita lækninga á hjer á landi. Og í því fjárlagafrv., sem hjer liggur fyrir, er einn styrkur, sem þessum er vel samboerilegur. Það er styrkur til Guðbjarnar Guðmundssonar prentsmiðjustjóra, til þess að kosta dvöl sonar síns í fábjánahæli erlendis. — Um beiðni þessa var leitað umsagnar landlæknis, og segir hann í áliti sínu, að sjúkdómurinn sje þeirrar tegundar, að hann geti læknast, en til þess þurfi stúlkan að fá vist í sjerstöku hæli fyrir krampaveikt fólk, og mælir hann með 1200 kr. styrk, svo að hún, með einhverjum viðbótarstyrk annarsstaðar frá, geti dvalið eitt ár á slíku hæli til reynslu. En sjáist engin batamerki að ári liðnu, telur landlæknir vonlítið að reyna frekar. — Þótt þetta fje sje nú mun minna en með þarf, þá er það þó hvöt til þess, að einhver hlaupi undir bagga með það, sem á vantar. Vona jeg, að hv. þm. sjái, hve sárt það er fyrir stúlkuna sjálfa, svo efnileg sem hún er, og aðstandendur hennar að horfa fram á það líf, sem bíður hennar, ef hún fær ekki bata, en geta gert sjer töluverða von um bata, ef þessi lítilfjörlegi fjárstyrkur fæst. Aðaltill. okkar er að hafa styrkinn 1500 kr., en þó höfum við borið fram varatill. um 1000 kr. Vænti jeg þó, að hv. þdm. líti ekki svo smátt á hlutina, að þeir geti ekki fallist á hærri till.

Hákon Kristófersson: Jeg er illa viðbúinn að taka til máls, þar sem brtt., sem jeg hafði ekki athugað að þyrfti að endurprenta, er enn í prentun. En þar sem svo virðist, að ekki einu sinni frsm. þurfi að taka til máls, verð jeg að reyna að eyða tímanum stundarkorn.

Það vill svo vel til, að jeg á eina brtt. við 12. gr., sem fer fram á að veita Haraldi úrsmið Sigurðssyni sjúkrastyrk að upphæð 1200 kr. Jeg get farið fljótt yfir sögu. Það er berklaveikur maður, sem hjer á í hlut, sem hefir orðið að liggja á heim-

ili sínu síðan síðastl. sumar, af því að ekki hefir fengist rúm fyrir hann í sjúkrahúsinu. Viðkomandi læknir hefir tjáð mjer, að þetta hafi orðið mjög kostnaðarsamt, og auk þess hefir heimilið verið forstöðulaust. Hann hafði hugsað sjer þennan styrk nokkru hærri, en jeg fór ekki lengra en að miða við þann halla, sem þegar er á orðinn hjá þessum manni.

Jeg býst við, að þó þessi till. fari í hækkunaráttina, verði viðurkent, að hún sje í flokki þeirra tillagna, sem mestan og bestan rjett eiga á sjer, en svo er um þær tillögur, sem miða að því að bæta heilsufar einstaklinga þjóðfjelagsins. Því aðeins hafa menn skilyrði til þess að vinna, að heilsufarið sje gott. Til að fara sem varlegast, hefi jeg haft till. í tveim liðum, sett 1000 kr. til vara. Jeg býst ekki við, að hv. deild verði svo smátæk að hallast að síðari till., en ef hún álítur það sanngjarnara, mun jeg taka því með þökkum fyrir hönd hlutaðeiganda. Jeg þarf ekki að tala fyrir þessu frekar. Jeg skal aðeins benda á, að þessi maður er búinn að vera veikur í 8 mánuði, og jeg vænti þeirrar sanngirni af háttv. deild, að lægri liður till. nái a. m. k. fram að ganga.

Þó að brtt. mín, sem nú er í prentun, sje ekki komin, get jeg raunar talað fyrir henni strax. Hún fer fram á að veita 500 kr. styrk fátækum bónda í Rauðasandshreppi, til þess að kosta lækningartilraunir á barni hans, sem lamast hefir af mænusótt. Læknar segja, að von sje um bata, ef barnið gæti komist hingað. Þetta er 4 ára gamalt barn og mjög efnilegt. Faðir þess er einyrki og á 7 eða 8 börn á unga aldri, svo að vonlaust er um, að hann geti af eigin ramleik kostað læknishjálp handa þessu barni. Jeg skal geta þess, að jeg mintist á það við manninn í vetur, hvort hann vildi ekki fá sveitarstyrk til að senda barnið til lækninga, en honum þótti það ekki aðgengilegt. Um aðrar leiðir var varla að ræða, því að fáir eru vinir hins snauða. Áður mun hafa verið veitt fje til slíkra sjúklinga í aukafjárlögum, en jeg býst við, að sú fjárhæð sje uppjetin. Ef svo er ekki, vil jeg skjóta því til hæstv. stjórnar, að ef hægt væri að fá styrkinn þá leið, mundi jeg ekki leggja kapp á að fá þessa till. tekna upp. Jeg þarf ekki að lýsa því fyrir háttv. deild, hve ömurlegt er að eiga barn svona á sig komið og geta ekki veitt því þá hjálp, sem þarf. Jeg álít helgustu skyldu þjóðfjelagsins að styðja að því, að slíkir veslingar sem þessir geti fengið bót á heilsubresti sínum. Jeg verð að segja, þegar jeg lít yfir ýmsar stórar brtt., sem hjer eru bornar fram, að mjer þætti skrítilega við bregða, ef þeir, sem miða till. sínar við hundruð þúsunda, vildu ekki lána fylgi sitt nokkrum hundruðum króna, eða þó þúsundir væru, til manna, sem svo illa eru komnir, að þeir verða að leita til annara um fjárstyrk sjer til heilsubótar. Við marga erfiðleika er að stríða í þessu lífi, en sá er ekki bestur, að þurfa að leita til annara í þessu efni. Það vita þeir best, sem reyna.

Jeg finn ekki verulega ástæðu til að minnast á ýmsar till., sem tilheyra þessum kafla fjárlaganna. Jeg skal þó geta þess, að mjer hefir verið skýrt svo frá, að tilætlun fjvn. muni vera sú, að snúast á móti brtt. samgmn. við 13. gr. stafl. 2. Jeg vona, að þetta reynist ekki svo, er til atkvæða kemur. Mjer þykir a. m. k. ótrúlegt, að hv. form. fjvn. (ÞorlJ), sem skilur manna best, hve nauðsynlegt er, að samgöngur í afskektum hjeruðum sjeu í góðu lagi, snúist á móti þessari till., þar sem hann ljær fylgi sitt 200 þús. kr. fjárveit-

ingu til strandferðaskips. Jeg skal taka fram, það sem jeg hefi að vísu tekið fram áður, að jeg er ekki á móti því fjárframlagi af því, að jeg vilji standa í vegi fyrir verklegum framkvæmdum, sem til hagsælda miða, eða jeg skilji ekki nauðsynina á því að fá bættar samgöngur. En jeg álít fjárhagslega getu ríkissjóðs ekki svo mikla, að hann geti að svo stöddu látið svo mikið fje af mörkum. Mjer þykir leitt, að einn hv. vinur minn hjer í deildinni hristir nú höfuðið mjög ákaft, og skilst mjer hann vilja segja, að nú glepjist mjer mjög sýn. En það er ekki svo knýjandi nauðsyn að baki þessa máls, að við getum ekki beðið enn 2—3 ár og haft sama fyrirkomulag og nú er, ef ríflegur styrkur er veittur til flóabáta. Það glepur mjer ekki sýn, þó að afkoma ríkissjóðs sje góð nú sem stendur. Jeg býst ekki við, að hjer verði altaf góðæri. Bráðum geta komið magrar kýr og jetið þær feitu. Af þessum ástæðum verð jeg á móti till. Það má þó geta nærri, hvort jeg hafi ekki þurft að hugsa mig um áður en jeg snýst á móti tillögu, sem annar eins sparnaðarmaður og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefir gerst til að flytja. Þó að við hefðum tvö skip til strandferða, þyrfti engu að síður að halda við mótorbátaferðum. En jeg er hræddur um, að Alþingi kynni að gleyma þeirri nauðsyn, þegar skipin væru orðin tvö. Þó að við fengjum skip eins og Esju, mundi það ekki ganga inn á allar víkur og voga og leysa af hólmi mótorbátana.

Jeg verð að segja, að svo fremi 2. liður XXII. brtt. á þskj. 297 verður feldur, þá fer að leika mjög á tveim tungum um það, hversu mikil alvara hv. fjvn. er það að styðja að góðum samgöngum.

Það er ekkert launungarmál, að við vildum hafa þennan styrk hærri, þó að við sæjum okkur ekki fært að fara lengra. Það geta auðvitað orðið deildar meiningar um, hve rjettlátlega upphæðinni er jafnað niður. Mjer er tjáð, að hv. frsm. samgmn. (JAJ) hafi tekið fram, að sjer þætti styrkurinn til Hvalfjarðarbátsins of lágur. Eiga þessi orð háttv. frsm. að skiljast á þann hátt, að hann hafi verið sá eini í samgmn., sem áleit þann styrk of lágan? Jeg vil að gefnu tilefni upplýsa það, að jeg áleit, að sá styrkur væri fremur of lágur fyrir þau störf, sem báturinn innir af hendi.

Jeg sje nú, að hjer eru tvær tillögur, XX og XXI, sem fara í hækkunaráttina. Jeg veit ekki, hvort þær upphæðir eru ætlaðar ákveðnum bátum. Sje svo, hefði farið betur á að bera þetta undir samgöngumálanefnd. Jeg hefi skilið þetta svo, að þessar upphæðir skyldi leggja í hendur hæstv. atvrh., og ætti hann að verja þeim eftir bendingum og kunnugleika. Ef jeg greiði þessum till atkv., geri jeg það með því skilyrði.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að tala frekar um brtt. við þennan kafla. Það er ekki til annars en að ergja jafnsparsaman mann og mig að tala um ýmsar brtt., sem mjög leikur á tveim tungum um, hve þarfar sjeu.

Klemens Jónsson: Mjer skildist á háttv. þm. Barð. (HK), að hann hefði ekki neitt á móti því, að tafið væri fyrir umr., þar til brtt. hans kæmi úr prentsmiðjunni, og ætla jeg að hjálpa honum dálítið til þess, þó að honum tækist raunar furðanlega vel að teygja lopann sjálfum.

Jeg á enga brtt. sjálfur, ekki frekar nú en áður við 2. umr., og þarf því ekki að mæla fyrir þeim. Engin brýn nauðsyn rekur mig því til þess að tala. En samt langar mig til þess að minnast á 2 eða 3 till. Það er fyrst og fremst III. liður á þskj. 297, þar sem farið er fram á fjárveitingu

til samningar á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin. Tillaga sama efnis var borin hjer fram í fyrra, en þá feld. Það er nú komið svo, að jafnvel þeir, sem kunnugir eru Stjórnartíðindunum, eiga stundum erfitt með að finna þar það, sem þeir leita að. Á þessu er því hin mesta nauðsyn. En það hefði gjarnan mátt taka Alþingistíðindin með, því að það er sama nauðsyn á að fá efnisyfirlit yfir þau. Jeg álít þessa brtt. eiga fullkomlega rjett á sjer.

Þá vildi jeg lítillega minnast á XXII. lið á sama þskj., um styrk til bátaferða á flóum og fjörðum, þó að búið sje að tala meira um hann en nokkurn annan lið þessa kafla. Tveir meðnefndarmenn mínir úr samgmn. hafa talað með þessum lið, og þyrfti raunar ekki við það að bæta. En það er sjerstaklega 2. tölul., um styrk til að kaupa báta og vjelar í þá, sem jeg vildi minnast á. Hv. frsm. fjvn. hefir lýst því yfir, að öll nefndin væri þeim lið mótfallin og fyrir þá sök, að hjer væri um „princip"-mál að ræða. Það er ekki nýtt, að talað heyrist um „princip"-spursmál, sem hafa þurfi góðar gætur á. En eins oft og þetta er sagt eru þessi „princip" brotin. Fjelög, sem koma upp bátum til að annast nauðsynlegar samgöngur, eiga alveg eins mikinn rjett á styrk og ýms önnur fyrirtæki. Jeg sje ekkert á móti því, að farið sje inn á þessa braut. En jeg vil beina þeirri spurningu til frsm. fjvn., hvort nefndin hafi kynt sjer öll skjöl þessa máls. Ef hún hefir ekki gert það, kynni hún að breyta um skoðun, er hún kynnist þeim betur. Jeg held, að þau skjöl, sem lágu fyrir samgmn., hljóti að sannfæra hverja nefnd í þessu efni. Þegar sjerstök sjálfstæð nefnd, og alveg hliðstæð annari, kemur fram með ákveðnar tillögur í málum, sem heyra undir hana, tel jeg sjálfsagt, að fjvn. sýni henni þá virðingu að taka till. til greina. Hver nefnd á að hafa full umráð yfir þeim málum, sem undir hana heyra, og þetta heyrir eingöngu undir samgöngumálanefnd.

Annars stóð jeg aðallega upp vegna XXIV. liðs á þskj. 297, sem er till. um nýja símalínu frá Svignaskarði til Hvítárbakka. Hjer er ekki um mikla upphæð að ræða, en þessu víkur undarlega við. Stendur þessi lína í ritsímalögunum? Er það lína, sem hefir orðið útundan hingað til? Nei, óekki! Línan stendur ekki í ritsímalögunum, og hefir aldrei staðið. Hjer er því farið fram á í fjárlögum að leggja línu, sem hvergi er gert ráð fyrir áður, á næsta ári, á kostnað ótal annara síma, sem hafa orðið að bíða mörg ár, og verða að bíða enn.

Beri maður þetta saman við það, sem við 6 þm. höfum borið fram fyrir skömmu og rætt var í fyrradag, frv. um að fá línur, sem eru sennilega langtum nauðsynlegri en þessi lína, teknar inn í ritsímalögin og lagðar einhvern tíma. Eftir því sem mönnum fórust orð, þegar þetta frv. var til umræðu, fanst mjer því spáð, að margir atburðir mundu hafa skeð áður sumar af þessum línum yrðu lagðar. Við förum aðeins fram á heimild í ritsímalögunum, að þessar línur verði lagðar á þeim tíma, sem hagkvæmast þætti og eftir nauðsyn. En hjer kemur alveg ný lína, sem á að leggja þegar í stað, og það er lína, sem alls ekki er eins nauðsynleg og margar aðrar línur. Því að það er mjög stutt frá Hvítárbakka að Svignaskarði. *(TrÞ*: Og að Hvítárvöllum). Það er ennþá styttra. Hitt er alveg víst, að það er miklu lengra á símastöð á þeim slóðum, þar sem við sexmenningarnir förum fram á heimild til að leggja línu einhvern tíma í framtíðinni. Hjer er aftur á móti talað um nýjar stöðvar í miðri sveit, þar sem er örstutt til

tveggja stöðva. Það er ekki snefill af samræmi í þessu, að leggja þessar línur nú þegar, sem ekki standa í ritsímalögum, en láta aðrar miklu nauðsynlegri bíða.

Jeg finn ekki ástæðu til að tala fleira um þessar brtt. En ef til vill hafa þessi fáu orð mín gefið fleiri hv. þm. tilefni til að standa upp.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á hjer brtt. við þennan hluta fjárlaganna, á þskj. 304. Það er fyrst að hækka styrk til Halldórs Arnórssonar úr 2400 upp í 3000 kr. Þessi maður sótti fyrst til þingsins í fyrra um að fá nokkurn styrk til þess starfa, sem hann hefir lagt allmikið í sölurnar fyrir að kynna sjer og nema. Læknar bæjarins hafa gefið honum sín bestu meðmæli til þess að fá þennan styrk. Nú hefir fjvn. í fyrra sint að nokkru þessari ósk hans. Hann sótti þá um 3000 kr. styrk, en fjvn. lagði til að veita honum 1800 kr. Nú sækir maðurinn um sömu upphæð, og hv. fjvn. varð við þessum tilmælum að hálfu leyti. Jeg á hálfbágt með að skilja afstöðu hv. fjvn. til þessa máls. Styrkurinn, sem þessi maður fer fram á, er ekki svo mikill, að það er hægt að sýna ljóslega með rökum, að þetta er það minsta, sem hann kemst af með til þess að geta stundað þennan starfa. Mjer er kunnugt um, að hann borgar í húsaleigu 1800 kr. Tilkostnaður er mikill til ljósa og hita. Hann hefir fjölskyldu að vinna fyrir. Áhöldin til starfs hans kosta margar þús. kr. Þessi mjög dýru áhöld slitna vitanlega, svo að nokkurri fjárhæð þarf að verja árlega til endurbóta áhaldanna.

Styrkur sá, sem hv. fjvn. leggur til, að honum sje veittur, er ekki meiri en það, að einir tveir sjúklingar myndu þurfa ekki minni upphæð, ef þeir þyrftu að sigla til að fá sjer umbúðir. En það, sem hann óskaði eftir, er ekki meira en það, sem þrír sjúklingar myndu þurfa til að sækja slíkar umbúðir til útlanda.

Jeg hygg, að hv. fjvn. hljóti að sjá, að þessi maður sækir ekki um meiri styrk til starfa síns en hann þarf til þess að geta lifað. Jeg hefi hvorki heyrt það frá hv. fjvn. eða neinum af þm., að þetta starf væri ekki nauðsynlegt og að ekki bæri að sjá honum borgið. En samt sem áður sker fjvn. þennan styrk svo við neglur sjer, að ekki er annað sjáanlegt en að hann verði að hætta. Maðurinn er hagleiksmaður mikill, og því umsetinn hjer í bænum til þess að fá hann til annars smíðis og boðin miklu betri laun en hægt er að fá við þetta starf. Samt sem áður hefir hann talið sjer skylt að halda áfram, þangað til útsjeð er um, að hann geti það ekki lengur vegna fjárhagsástæðna, vegna þess liðsinnis, sem hið opinbera hefir látið í tje.

Jeg er einn af þeim, sem hafa orðið fyrir því óláni að þurfa á þessum smíðum að halda, og mun mjer því kannske vera það fremur ljóst en öðrum, hve mikils virði starfið er; því að það hefði kostað mig miklu meira, hefði jeg þurft að sækja mínar umbúðir til útlanda. Og jeg efast ekkert um, að ef hv. þm. hefðu haft álíka kringumstæður, þá hefði ekki staðið á styrk til þessa manns, og þótt meira hefði verið en farið er fram á.

Hinsvegar get jeg borið um það af þeirri viðkynningu, sem jeg hefi haft af þessum manni, að hann fer ekki fram á fjármuni nema það allra minsta, sem komast má af með til að lifa. Og því fremur er mönnum skylda, þar sem fylgist að nauðsyn starfsins og óeigingirni mannsins, að verða við ósk hans.

Út frá þessum ástæðum og þeim, sem hann gaf í erindi til þingsins nú og í fyrra, þá finst mjer það ekki vansalaust, ef

þingið verður ekki við þessari bón Halldórs. Jeg vænti þess vegna, að háttv. deild verði svo sanngjörn í garð þessa manns, að hún láti hann ekki þurfa að hætta sínum starfa.

Þá er önnur till., sem jeg á hjer við 13. gr. B. IX. Jeg hefði gjarnan viljað koma þessu erindi til fjvn., svo hún hefði getað kynt sjer skjölin, sem fylgja, en mjer bárust þau ekki í hendur fyr en fjárlögin voru komin til 2. umr. En svo láðist mjer fyrir hátíðina að afhenda fjvn. plöggin, svo að jeg á algerlega sökina á því, að þau eru ekki komin til nefndar.

Jeg hefi ekki komið á þennan stað og get ekki af eigin sjón borið um, hvað ferjan er erfið. En mjer hafa sagt kunnugir menn, er þarna hafa ferðast, að ferjan sje afarerfið. Hygg jeg, að hjer í deildinni sjeu einnig menn, sem geta upplýst þetta betur en jeg, og skírskota jeg í því efni til hæstv. atvrh. (MG), sem hefir farið þar um. Það hafa reyndar fleiri þm. sagt mjer, sem hafa farið þarna um, að ferjustaðurinn væri erfiður. Vona jeg þess vegna, að hv. deild verði við tilmælum þessa manns um þennan lítilfjörlega fjárstyrk.

Þá er 3. liður, um að hækka styrk til bifreiðaferða austur yfir fjall úr 5000 kr. upp í 6000 kr. Eins og hv. deild er kunnugt, þá höfum við litlar samgöngur við sjó; hafnleysan er það mikil á ströndinni hjá okkur, að allir aðalflutningar verða að eiga sjer stað á landi, frá Reykjavík og austur um fjall. Sá lítilfjörlegi styrkur, sem veittur er til mótorbátaferða hjeðan og austur í Skaftafellssýslu, er ekki meiri en það, að báturinn hefir ekki getað komið við á Eyrarbakka og Stokkseyri á ferðum sínum austur. Líka eru önnur vandkvæði á þessu, enda þótt styrkurinn væri meiri; það er oft og einatt ófært að komast að landi. Samgöngur á sjó geta því ekki austanfjalls orðið annað en ofurlítið liðsinni.

Mjer er ekki ljúft að hækka útgjöldin nú. Og þótt jeg hafi orðið að flytja þessar till., þá held jeg, að hv. deildarmönnum hljóti að skiljast, að hjer er ekki um stórvægilegar upphæðir að ræða, en hinsvegar mjög sanngjarnar. Og jeg vænti þess, að þótt þessi styrkur yrði veittur til samgöngubóta austanfjall, geri það ekki allan mun á útkomu fjárlaganna. Því um nauðsyn þessarar fyrirgreiðslu á samgöngum held jeg að enginn sanngjarn maður efist.

Jeg skal láta þess getið, að jeg tel rjett, að þessum styrk til bifreiðaferða austanfjalls væri fyrst og fremst varið til þess að styrkja vöruflutninga, síðan fólksflutninga. Jeg hygg, að með því móti komi styrkurinn að betri og almennari notum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, og jeg ætla ekki frekar nú en við 2. umr. fjárlaganna að drepa á till. annara hv. þm.; sýni með atkv. mínu, hvernig jeg lít á þær.

Sigurjón Jónsson: Jeg hefði vel getað komist hjá að kveðja mjer hljóðs, því að jeg á enga brtt. við þennan kafla fjárlaganna. En það er ein brtt. frá fjvn., sem jeg get ekki látið fara alveg orðalaust framhjá mjer, af því að hún snertir mitt kjördæmi.

Breytingin, sem varð á fjárlögunum við 2. umr., var allmikil, — hægt er að segja í óhag þeim fjárlögum, sem við komum til að skila frá þinginu, — og hjer er ennþá farið fram á miklar breytingar í sömu átt; brtt. til hækkunar nema um 660 þús. kr. Af þeim mun ⅙ vera frá fjvn., eða 111 þús.

Af þeim brtt., sem hjer liggja fyrir, er

aðeins ein brtt., sem fer fram á lækkun á þeim útgjaldaliðum, sem samþ. voru við 2. umr. Það er hv. fjvn., sem hefir fundið þessa hjálparhellu til þess að jafna upp þessar 660 þús. kr., sem farið er fram á að hækka útgjöldin um, eða að minsta kosti þessar 111 þús. háttv. fjvn. Það er með því að sníða af einni fjárveitingu til Ísafjarðar, sem samþ. var við 2. umr., 10 þús. kr. lokastyrkur til sjúkrahússins á Ísafirði. En hv. fjvn. fer fram á, að þessi styrkur lækki um liðlega 2 þús. kr., verði tæp 8 þús. Það er að vísu rjett hjá hv. frsm. (ÞórJ), að þetta er nákvæmlega sá hluti, sem ríkissjóður á eftir að greiða til þessarar sjúkraskýlisbyggingar, svo að nemi ⅓ af öllum kostnaðinum. Það kom skýrt fram í umr. um þennan lið við 2. umr., að það er farið fram á þennan styrk með tilliti til þess verðtolls, sem Ísfirðingar borguðu af sumu til þessarar sjúkrahúsbyggingar. Þegar þessi byggingarkostnaður var áætlaður og ráðist var í þessa framkvæmd af Ísafjarðarkaupstað, þá voru verðtollslögin ekki til. Og fyrir tollinn varð þessi bygging líklega góðum 3 þús. kr. dýrari en ella hefði orðið. Af þessum 3 þús. hefir Ísafjörður borgað sín 2 þús. Jeg fór fram á, að ríkissjóður gæfi eftir þetta gjald, sem lagðist á kaupstaðinn vegna sjúkrahússins eftir að áætlun var gerð. Þetta var felt hjer í fyrra. Nú er það samþykt við 2. umr. fjárlaganna. Og þótt það sje formlegt að lækka þetta nú við 3. umr., þá finst mjer það fyrst og fremst lítil hjálp vera við allri þeirri hækkun á fjárlögum. Þó væri rjett að gera þetta, ef öll sanngirni mælti með því. En það er skrítið af hv. fjvn. að álíta, að þeir háttv. deildarmenn, sem greiddu þessu atkv. við 2. umr., muni ekki gera slíka hið sama við 3. umr.

Þessi brtt. var ástæðan til þess, að jeg kvaddi mjer hljóðs, því að hún snertir mitt kjördæmi og er eina brtt., sem miðar að því að lækka útgjöldin, innan um þennan fjölda af hækkunartill., sem liggja fyrir.

Magnús Torfason: Jeg ætla ekki að „tefja umræðurnar", eins og hagyrðingur deildarinnar komst að orði, af því að jeg eigi hjer brtt. En jeg vil, að mjer sje leyft að snúa mjer að og gera fyrirspurnir til hæstv. fjrh. viðvíkjandi sjerstöku málefni. Vil þó fyrst aðeins víkja að því í ræðu hv. frsm. (ÞórJ), þar sem hann nefndi mitt heiðraða nafn, og var á honum að skilja, að jeg liti svo á, að skrifstofufje mitt væri fullnóg. Jeg vil þakka hv. frsm. fyrir þetta hrós, þó að jeg eigi það ekki fyllilega skilið. Jeg hefi líklega ekki tekið fram nógu greinilega mína aðstöðu í þessu máli, en hún er sú, að jeg mun hlíta forsjá dómsmálaráðherra míns í þessu efni. Annað sagði jeg ekki. En hinsvegar, hvað snertir mitt sjerstaka skrifstofufje, vil jeg geta þess, að jeg hefi aldrei ætlað að koma hjer inn á þing, og því síður í fjvn., til að skera mjer þar sneiðar.

Þegar jeg sótti um Árnessýslu, var skrifstofufjeð 5000 kr., en svo var það sett niður í 2890 krónur. Efa jeg ekki, að þetta hafi verið fullkomlega rjett hjá hæstv. dómsmálaráðherra, og lít jeg svo á, að jeg muni ekki hafa átt meira skilið á móts við fyrirrennara mína og að jeg muni ekki hafa gegnt mínu embætti eins vel og þeir.

Þá var það eitt mál sjerstaklega, sem jeg vildi gera að umtalsefni í þessari hv. deild, en það er járnbrautarmálið, með leyfi hæstv. forseta þó, ef mál þetta er ekki orðin bannvara hjer í deild. Jeg skal, áður en jeg tala um fjárhagslega hlið máls-

ins, geta þess, að jeg vil, að það sjáist í þingtíðindunum, að höf. frv. er hæstv. fjrh. (JÞ), og sje jeg enga ástæðu til að dylja það. Segi jeg honum þetta auðvitað til hróss, en þá verð jeg líka að líta svo á, að hæstv. fjrh. beri ábyrgð á, hvernig málið er fram borið.

Þegar járnbrautarmálið var flutt hjer 1913, þá fylgdi því annað frv., sem kallað var verðhækkunarskatturinn, en hvorki frá flm. frv. nje frá hæstv. fjrh. hefir heyrst neitt um, hvort ætlast er til, að slíkar tillögur þeirra manna, sem eru með járnbrautarmálinu, verði heimtaðar eða ekki. Jeg hefi ætíð gengið út frá því sem sjálfsögðu, og það virtist mjer á ræðu hæstv. fjrh. hann gera líka, að Sunnlendingar yrðu að leggja fram eitthvað af mörkum. Að því er verðhækkunarskattinn snertir, þá höfum við síðan 1913 fengið nýtt fasteignamat og nýjan fasteignaskatt, svo að nú er hægra um vik að koma slíku á, og vek jeg máls á þessu nú til þess, að hæstv. stjórn geti svarað þessu með nægilegum undirbúningi, ef járnbrautarmálið skyldi koma aftur til umræðu hjer. Býst jeg við, að það þyki hlýða, að hafður sje nægilegur undirbúningur undir slíkan skatt, því að þó að 72. gr. sveitarstjórnarlaganna kveði svo á, að ekki skuli neinu máli, er varði einhverja sýslu sjerstaklega, til lykta ráðið fyr en álits sýslunefndar þar hafi verið leitað um það, þá stappar það svo nærri, að ekki sje eðlilegt að leggja skatt á Sunnlendinga út af járnbrautinni að þeim fornspurðum. Að jeg bryddi á þessu hjer, er meðfram af því, að mjer skilst á þeim brtt., sem komnar eru fram við fjárlögin, að hafið sje kapphlaup um að gæta þess vandlega, að enginn eyrir verði eftir í ríkissjóði handa járnbrautinni. Mjer þykir það ekki svo ósennilegt, að sumir menn hugsi, að best sje að skara eld að sinni köku, áður en þingið veiti fje til járnbrautarinnar, því að það hefir heyrst á greindum mönnum, vel mentuðum og víðsýnum, að þetta sje eitthvert hið mesta glæfrafyrirtæki, sem átt hafi sjer stað í fjármálasögu þessa lands, þó verið geti, að afturgöngurnar í Tobbukoti hafi ef til vill vilt sumum sýn.

Menn ganga út frá því, að járnbrautin muni þurausa ríkissjóð og sökkva landinu í botnlausar skuldir, en þessu verð jeg að mótmæla. Þessi skoðun manna hefir myndast af ónógri þekkingu á samgöngumálum hjer sunnanlands. Jeg lít svo á, að járnbrautin sje einhver hinn mesti búhnykkur fyrir þetta land og Suðurlandsundirlendið sjerstaklega. Þess var getið, mig minnir af hæstv. atvrh. (MG), að sæmilegur vegur austur yfir fjall muni kosta 3½ miljón króna, og er þar reiknað með þeirri breidd, sem nú er á veginum. En það er frá því að segja, að slík breidd mundi ekki vera sæmileg eða jafnvel forsvaranleg. Það er enginn vafi á því, að hinn nýi vegur verður að minsta kosti að vera 9 álna breiður, sakir væntanlegs heyflutnings. Kemst þá þessi áætlun hæstv. atvrh. upp í rúmar 5 miljónir króna, og þykir mjer það þá fara að nálgast járnbrautarverðið. Það, sem gerir það að verkum, að vegurinn verður að vera þetta breiður, er Flóaáveitan, með hliðsjón af því, að flytja þurfi hey eftir honum. Það er víst, að þegar mest er umferð á veginum, sem nú er, eru menn hálfu lengur að komast leiðar sinnar en snemma á morgnana eða á kvöldin, þegar þeir geta haldið stanslaust áfram. En við þetta bætist, að slíkur vegur sem þessi heimtar mikið viðhald, og eftir því sem fróðir menn hafa sagt mjer, mundi ekki veita af 10% í viðhaldskostnað á ári, eftir því sem umferðin er nú, en hann mundi auðvitað aukast á

hverju ári, eftir því, sem samgönguþörfin ykist. Til þess að sýna mönnum, að þetta er ekki sagt út í bláinn, skal jeg geta þess, að Flóavegurinn, sem kostaði 180 þúsund krónur og var gerður upp fyrir 3—4 árum, er nú kominn niður í möl sumstaðar. Annars eru Reykjavíkurvegirnir gott dæmi upp á það, hvernig vegirnir duga. Eftir 1—2 ár eru malbikaðir vegir orðnir að hrauni. Af öllu þessu dreg jeg það, að járnbraut sje einmitt nauðsynleg til þess að losa ríkissjóð við tilfinnanlega viðhaldsbyrði. Auðvitað geng jeg út frá því, að vegurinn austan að til Reykjavíkur verði að vera sæmilegur, því að það er nú svo, að Reykjavík er hafnarbær Suðurlandsundirlendisins. En það er líka frá öðru sjónarmiði, sem járnbraut er nauðsynleg. Hún er nauðsynleg sem tryggingarráðstöfun fyrir landið. Þeir, sem taka eftir því, hvað er að gerast hjer, sjá, að þetta er rjett. Það er verið að rýja landið síðustu hlunnindum þess, fiskimiðunum. Hin síðustu árin hefir útgerðin lifað á nýjum miðum. Fyrst kom Hvalbakur og hjálpaði um stundarsakir; svo kom Halinn, en nú ber flestum sjómönnum saman um, að þessi mið sjeu að verða þurausin, svo að það borgi sig ekki lengur fyrir togara að fara þangað vestur, en þetta þýðir það, að sá dagur er ekki langt undan, að ekki borgar sig fyrir togara að fara á saltfiski. En það er það eina, sem okkar togaraútvegur hefir haft fram yfir útlenda togaraútgerð. Að því er snertir ísfiskið stöndum við ver að vígi en aðrir, nema að því leyti, að okkar sjómenn eru fult eins góðir fiskimenn og sjómenn annara þjóða. Þess vegna er það sýnt áður en langt um líður, þegar togaraútgerðin stöðvast og þar með kemur óumflýjanleg kyrstaða og afturkippur í sjávarútveginn, þá kemur að því, að spurt verður: Hvert á fólkið að flýja? Jeg sje ekki annað framundan en að fólkið verði að flýja úr landi, nýjar Vesturheimsferðir hefjast, þ. e. a. s. ef ekkert er gert til að stemma stigu fyrir því áður en það er um seinan.

Mjer blandast ekki hugur um það, að eina og besta ráðið til þess að bjarga atvinnulífi þjóðarinnar, þegar stórútgerðina rekur upp á sker, sje ræktun landsins, og þó einkum Suðurlandsundirlendisins. Þar og hvergi annarsstaðar á landinu hagar svo til, að hægt sje að hefjast handa um ræktun í stórum stíl. Og aðallyftistöngin og undirstaða sú, er slík ræktun verður að byggjast á, er járnbraut hjeðan og austur yfir fjall. Með því að fylgja járnbrautarmálinu fram til sigurs erum við því að búa þjóðinni stað.

Í sambandi við þetta járnbrautarmál, sem jeg ætla þó ekki að fara fleiri orðum um við þessa umr., langar mig til að minnast á það atriðið, sem skrafdrjúgast hefir orðið um, og haldið fram járnbrautinni til hnekkis, sem sje það, að alt sje farið í kaldakol þarna austur frá. Þar, í sveitunum austanfjalls, hafi meira verið gert en á nokkrum öðrum stað í landinu, ríkissjóður hafi lagt ógrynni fjár til viðreisnar sveitunum, einkum á láglendinu, en þó sjái þess hvergi stað. Um þetta hefir verið sífeldur söngur, ekki aðeins í umr. um járnbrautarmálið, heldur heyrðist hann og þegar fjárlögin voru til 2. umr. Og hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú sett sinn stimpil á þennan sultarsöng, svo að heita má, að hann sje orðinn að trúaratriði.

Það er aðallega tvent, sem menn hengja hatt sinn á í þessu efni. Í fyrsta lagi vitna menn í það, að Skeiðaáveitan hafi fengið eftirgjöf á láni og vaxtagreiðslum. En jeg neita því, að hægt sje að draga neina

álýktun af því um afkomu manna þar eystra. Þarna er um fyrsta stóra áveitufyrirtækið að ræða, sem ráðist hefir verið í hjer á landi. Skeiðamenn notaðir eins og nokkurskonar tilraunadýr ríkissjóðs, sem urðu að bera öll slysin, sem upp á komu í framkvæmdinni, og þau voru mörg. Mætti í því sambandi minna á „óbilgjörnu klöppina", er svo hefir verið nefnd og verkfræðingana óraði ekkert fyrir, en hún ein hefir kostað meira en höfuðstól þeirra vaxta, sem eftir voru gefnir.

Önnur ástæðan, sem haldið er fram um vandræðin austan fjalls, er sú, að útibú Landsbankans á Selfossi hafi tapað stórfje á undanfarandi árum. Hæstv. fjrh. hefir ljeð þeirri skoðun stuðning sinn, svo það er ekki nema eðlilegt, að þeir, sem ókunnugir eru þar eystra, festi trúnað á slíkt, þegar það kemur úr ráðherrastól. Þessi skoðun hefir og styrkst við það og fengið traustari fætur að ganga á, er vitað var, að 3—4 menn hafa með stuttu millibili verið sendir út af örkinni til að rannsaka hag útibúsins á Selfossi, og þegar svoleiðis sendimenn eru á ferðinni, er ekki að furða, þó ókunnugir hugsi á þá leið, að hjer sje voði fyrir dyrum. Sjerstaklega er ástæða til, að slík skoðun fái byr undir báða vængi, þegar þess er gætt, að engir menn hafa verið sendir til að rannsaka sum önnur útibú, og þó er vitanlegt, að þau hafa á þessum árum tapað svo miljónum króna skiftir.

Hvað hafa menn nú fyrir sjer í þessu?

Því er fljótsvarað: Ekki nokkurn skapaðan hlut. Alt, sem sagt er útibúinu á Selfossi til hnekkis, er gripið úr lausu lofti, eins og jeg mun færa rök fyrir.

Útibúið er stofnað um haustið 1918, og fyrst í ár, eða nú í vetur, eru afskrifaðar skuldir, og nemur sú upphæð aðeins 77 þús. kr. Það var ekki hægt að skrifa af meira. Töpin voru ekki meiri.

Sjálfur hefi jeg haft tækifæri til þess að athuga rekstur útibúsins, var settur útibússtjóri þess 3 mánaða skeið, og jeg komst að þeirri niðurstöðu og er sannfærður um það með sjálfum mjer, að bankinn gæti aldrei tapað meiru en 10% af því fje, sem það á útistandandi. Og sú skoðun er staðfest af öðrum, sem rannsakað hafa bankann og lánveitingar hans, og þó sjerstaklega af einum manni, sem hefir svo að segja daglegt eftirlit með rekstri hans. Öll forstjórn bankans hefir gengið út á það að tryggja hann sem best, en jafnframt því minkar þó skuldin við Landsbankann. Hefir nú verið greiddur ⅓ af henni frá því að hún komst hæst, en það var árið 1922.

Það er ekki hægt að draga neina ályktun út frá því, að útibúið hafi tapað nokkrum þúsundum króna, og kunni ef til vill að tapa einhverju enn. En það, sem gefur upplýsingar í þessu máli, er samanburður við önnur útibú og banka, og leyti jeg mjer þá að fullyrða, að bankarnir hafi tapað miklu meira en 10% og sum útibúin ógrynni fjár; t. d. hefir eitt þeirra, að því er jeg best veit, tapað upp undir 50%. Og víst er um það, að útibúið á Eskifirði, sem byrjaði um sama leyti og Selfossbúið, tapaði stórfje. Þess vegna þótti mjer það hart, þegar austanvjerinn fór að tala um það hjer á dögunum, að alt væri sokkið í skuldum í Árnessýslu. Jeg vil ekki segja, að útibúið á Eskifirði hafi tapað 10 sinnum meira en útibúið á Selfossi, en sennilegt þykir mjer, að það fari ekki langt frá því.

Útibúið á Selfossi var stofnað þegar hart var í ári, og þar við bættist, að afleit ár fylgdu þá strax á eftir. Fór og sam-

hliða, að eftir að bankinn hafði lánað út alt fje sitt, fór verðlag lækkandi. Mestu af þessu lánsfje var varið til þess að bændum tækist að halda bústofni sínum nokkurn veginn óskertum, en við það jukust skuldirnar. Nú á eftir geta menn sjeð, að bændum hefði verið betra að selja skepnur sínar á meðan verðið var hátt.

En af því að útibúið tók til starfa á þessum árum, hættu margir hinna eldri bænda að búa og seldu jarðir sínar og áhöfn í hendur yngri mönnum. Á þennan hátt losnuðu margar jarðir úr ábúð, enda studdi útibúið unga menn til að ná í jarðnæði og reisa bú. Það eru þessir ungu bændur, sem með lækkandi verðlagi afurða búanna eiga nú erfiðast uppdráttar. Og það er um þessa menn — sem þrátt fyrir alla erfiðleikana hafa staðið svo vel í stykkinu um greiðslur sínar, að útibúið hefir enn sem komið er ekki tapað nema nokkrum þúsundum króna, — að hæstv. fjrh. talaði hlýlegast(!) hjerna á dögunum, þegar hann var að lýsa ástandinu austanfjalls og fullyrti, að alt væri þar í kaldakoli.

Það er ekki rjett, að ástandið fyrir austan sje svo, að af því megi draga þá ályktun, að búskapur beri sig þar ekki með aukinni ræktun eða annari framtakssemi. Og til þess að herða betur að, þá vil jeg segja það, að jeg efast um, að nokkur sýsla á landinu, önnur en Árnessýsla, hefði staðist þær raunir, sem hún hefir orðið að þola undanfarið. Til þess er ein ástæða, og hún er líka nóg: „Láglendingarnir", sem svo hafa verið nefndir, eru allra manna sparsamastir og engir menn þrælka sig sem þeir. Það sýnir dagsverkatala þeirra í jarðabótum um langt skeið. Á síðasta mannsaldri telst svo til, að Árnessýsla ein hafi látið vinna að jarðabótum um 455 þús. dagsverk, og Rangárvallasýsla um 235 þús., en þessar sýslur eru efstar á blaði, þegar aðrar sýslur eru teknar til samanburðar, og Árnessýsla þó langsamlega hæst.

Með þessu, sem jeg hefi nú sagt, vona jeg að hafa kveðið þann draug niður, sem hjer hefir verið vakinn upp: að engin von sje til þess, að hjeruðin austan fjalls geti blómgast, þó að þeim sje hjálpað á veg og eitthvað hlynt að þeim umfram það, sem verið hefir.

Þá hjó jeg eftir einu atriði í ræðu hæstv. fjrh. í dag, sem jeg vildi gera að umtalsefni. Hann var að lýsa fjárhagshorfunum og mæltist til, að Alþingi færi hóflega í það að auka útgjöldin að þessu sinni, vegna þess, eins og hann komst að orði, að það „mundi slæmt útlit um afkomu ársins 1927." Þessi orð á víst að skilja á þá leið, að þeirri kreppu, sem nú er byrjuð, á ekki að vera lokið um næstu áramót, heldur á hún að lifa góðu lífi, en til tjóns atvinnuvegum þjóðarinnar, eitthvað fram eftir árinu 1927. M. ö. o. eins og hæstv. ráðherra fórust orð, þá megum við eiga von á minst 2 ára kreppu. Og því miður held jeg, að hrakspár hæstv. fjrh. sjeu annað og meira en grýla framan í okkur þm. meðan á umr. fjárlaganna stendur, og dreg jeg það af því, að einn hv. þdm. og flokksbróðir hæstv. ráðherra reyndi fyrir sitt leyti að taka í sama streng.

Annars verð jeg að segja það, að jeg hafði ekki búist við, að hæstv. fjrh. gerði ráð fyrir því, að kreppan mundi vara svona lengi. Og síst átti jeg von á slíku frá þeim manni, sem píndi krónuna upp úr öllu valdi síðastl. haust, þvert ofan í vilja þann og alvarlegar raddir, sem bárust utan af landi um að halda krónunni niðri.

Og enn síður átti jeg von á því frá þeim manni, sem berst fyrir því að halda krónunni í því gengi, sem hún er nú, og sækir fast að varið sje stórfje úr viðlagasjóði til þess að halda því verði uppi, sem krónan er reiknuð nú. *(Atvrh. MG*: Úr viðlagasjóði?). Já, ætli það lendi ekki á viðlagasjóði að greiða það tap, sem ríkissjóði verður bakað með þessu? *(Fjrh. JÞ*: Og það er jafnmikill skáldskapur samt!). Nei, þetta er enginn skáldskapur, eins og jeg mun sýna, verði ekkert aðhafst.

En það var sagt hjerna á dögunum, að búin hefði verið til svikamylla í þessu gengismáli, og hefði hæstv. fjrh. ekki hjálpað til og lagst þar á með öllu sínu valdi, þá hefði krónan fallið hjer á dögunum.

Jeg man ekki eftir í svip, að hæstv. fjrh. (JÞ) hafi gert neina ráðstöfun til þess að fyrirbyggja þessa kreppu, og stendur honum það þó nær en nokkrum öðrum. Hinsvegar hefir hann hvað eftir annað gefið ávísun á tímann: Það sje eina huggunin, að alt eigi eftir að jafna sig og rjetta við, þ. e. a. s. með tíð og tíma. Jú, „það grær áður en þú giftist," eins og sagt er við börnin, þegar þau meiða sig.

Þess vegna verður mjer að spyrja: Ætlar hæstv. fjrh. að spyrna við broddum og halda þá leið, sem hann hefir farið um stund, að halda krónunni uppi og í því verði, sem hún er skráð nú, þrátt fyrir það, þó að útlitið um afkomu atvinnuveganna versni viku eftir viku og dag frá degi? Mig furðar satt að segja á því, að fjrh. landsins skuli ekki koma auga á það eina rjetta í þessu gengismáli, því að það getur ekki verið um aðra leið að ræða til að bjarga atvinnulífi þjóðarinnar en að láta krónuna nálgast sitt raunverulega kaupmætti.

Nú segi jeg ekki þetta vegna þess, að jeg sje lággengismaður, því að það er jeg ekki og hefi aldrei verið. Og svo jeg segi frómt frá, þá var það skömmu eftir að jeg kom austur í Árnessýslu og menn voru að tala við mig um járnbraut og aðrar framtíðarhorfur þar austanfjalls, að jeg hjelt því fram og sagði við bændur: „Járnbraut getið þið varla búist við að fá, fyr en krónan hefir náð gullgildi."

Aftur á móti held jeg því fram, að gengissveiflur eigi að vera sem minstar. En svo hefir ekki orðið; þær hafa skollið yfir með miklum krafti, og það eru þær, sem drepið hafa verslunina austanfjalls og gert bændum þyngstar búsifjar, og það af þeim ástæðum, að vegna samgönguerfiðleikanna geta þeir ekki fengið nauðsynjar sínar nema einu sinni á ári. En það segi jeg sem mína skoðun á þessu máli, að krónunni á ekki að halda uppi á kostnað atvinnuveganna.

Hvað gengismálið snertir, þá er það bygt á trú, og verð jeg þá að segja fyrir mig, að mín trú er sú, að ekki muni takast að halda krónunni í sama verði og hún hefir nú um næstu tvö ár, ef kreppan varir svo lengi. Og í áframhaldi af því verð jeg að segja, að mín skoðun er, að því seinna sem krónan verður fest, því meira verði hrunið, eins og kom á daginn hjerna um árið, þegar henni var haldið uppi þvert á móti öllum peningalögum og reynslu annara þjóða í því efni. Af sjerstökum ástæðum hefi jeg álitið rjett að taka þetta fram nú þegar. Enda vildi jeg láta sjást, hver skoðun mín sje á þessu máli.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) var ekki viðstaddur er jeg hóf mál mitt, en það var eitt atriði í ræðu hans, sem jeg vildi leyfa mjer að gera aths. við. Jeg get ekki skrifað undir það, sem hann sagði, eða fórust orð eitthvað á þá leið, að fjvn. væri skylt

að taka óskir annara nefnda til greina. Þetta hefir ekki við nein rök að styðjast. Að vísu skal það játað, að sjálfsagt sje, að hún taki meira tillit til nefnda en einstakra þm. En að hún sje skyld að taka til greina alt það, sem aðrar nefndir bera fram, getur ekki náð neinni átt. Það vill nú svo vel til, að þingsköp Alþingis skera úr í þessu efni. Í 32. gr. þingskapanna segir berum orðum, að ef öll fjvn. legst á móti einhverri fjárveiting með nafnakalli, þá þarf ⅔ greiddra deildaratkvæða til að koma því í gegn. Og þetta er áreiðanlega ekki sett ófyrirsynju í þingsköpin, enda vill það nú svo verða, að hver nefnd oti fram sínum tota: landbn. sínum, sjútvn. sínum, og svo koll af kolli. En fjvn. á að vera óhlutdræg og miðla málum. Þess vegna er það rangt hjá hv. 2. þm. Rang. eða bygt á einhverjum misskilningi, að fjvn. hafi ætlað að sýna samgmn. óvirðingu með því að fallast ekki á allar till. hennar. Fjvn. hefir tekið fult tillit til þessarar systur sinnar og stutt þær till. hennar, sem hún telur á rökum bygðar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil aðeins leiðrjetta missögn hv. 1. þm. Árn. (MT), að jeg hafi sagt nokkuð um það eða stutt á það, að bankaútibúið á Selfossi hafi tapað. Jeg hefi ekkert sagt um það, og standa því ummæli hv. þm. á hans eiginn reikning. En jeg hefi sagt það, eins og aðrir, að plássið kringum útibúið hafi sokkið í skuldir án þess að nokkur mannvirki eða fjármunir væru sjáanlegir fyrir þessum skuldum. Annars ætla jeg ekki að gera gengismálið eða járnbrautarmálið að umræðuefni nú; bæði þessi mál eru til meðferðar í þinginu, og fæ jeg væntanlega tækifæri síðar til þess að láta álit mitt í ljós um þau.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla aðeins að segja nokkur orð um brtt. við 13. gr. frv. Jeg skal fyrst gera þá almennu aths., að þegar stjfrv. var samið, var farið á fremsta hlunn með verklegar framkvæmdir. Jeg sje mjer því ekki fært að greiða atkv. með þeim hækkunartillögum til verklegra framkvæmda, sem hjer liggja fyrir. Það er fyrirsjáanlegt, að fjárlögin geta ekki orðið afgreidd nema með tekjuhalla, sem jeg vil að verði sem minstur, þótt hinsvegar sje ekki þægilegt fyrir mig að vera á móti verklegum framkvæmdum. En jeg sje mjer þó ekki annað fært, og geri jeg það með tilliti til þess, að í stjfrv. voru tilteknar svo háar upphæðir til verklegra framkvæmda, að þær hafa aldrei hærri verið. Jeg veit og játa, að beiðnir um hærri framlög til brúa, vega og síma hafa fullkominn rjett á sjer, en það er þegar búið að skamta það, sem talið var fært að láta, og síðan áætlunin um þetta var gerð, hefir aðstaðan ekkert breyst, og síst til batnaðar.

Eins og hv. fjvn. er best kunnugt um, var farið í till. um, hvaða mannvirki skyldu tekin upp, eftir tillögum hlutaðeigandi framkvæmdarstjóra, um vita vitamálastjóra, um brýr og vegi vegamálastjóra og síma landssímastjóra. Jeg hafði, þegar langt var komið undirbúningi fjárlagafrv., skýrt þeim frá því, hve háar upphæðir mætti leggja af mörkum, en þeir skyldu leggja til, hvaða framkvæmdir skyldu verða teknar upp. Það var alls ekki beitt neinni hlutdrægni um, hvaða framkvæmdir skyldu valdar. Jeg tek þetta ekki fram af því að jeg hafi heyrt neitt í þá átt, en jeg vildi samt vekja athygli hv. deildar á þessu.

Fyrsta brtt., sem jeg geri hjer að umtalsefni, er 22. brtt. frá hv. samgmn., við

13. gr. C. 2, á þskj. 297. Mjer hefir heyrst, að háttv. fjvn. sje á móti þessari brtt., eða a. m. k. 2. lið hennar. Það er nú svo um þessa tillögu, að þeirri fjárhæð, sem hún ræðir um, á að verja til að kaupa vjel í bátinn Skaftfelling og til þess að styrkja Ísfirðinga og Barðstrendinga til þess að kaupa nýja báta. Jeg veit ekki, hvernig fer með samgöngur til Skaftfellinga, ef bátur þeirra legst niður, og ekki veit jeg heldur, hvernig fer með siglingar á Ísafjarðardjúpi, ef enginn bátur verður fenginn. En að hafa þarna bát, sparar ríkissjóði fje, því að hann er jafnframt póstbátur. Þess vegna verður að styrkja hlutaðeigandi hjeruð til þess að fá báta og Skaftfellinga til þess að gera sinn bát nothæfan.

Það væri ef til vill hægt að fara aðra leið, að veita hærri styrk í nokkur ár og afborga af honum lán, sem tekin væru í þessu skyni. En það yrði erfitt að fá þessi lán, og efast jeg um, að betra væri að fara þá leið en að veita umbeðna styrki nú. En það er komið í óefni, ef þessi till. hv. samgmn. verður feld, og sting jeg því upp á þeim milliveg, að 2. liður brtt. verði samþyktur, en 85 þús. kr. fjárveitingin í stjfrv. verði látin halda sjer. Jeg skal ekkert fullyrða um það, hvort mögulegt verður að halda uppi öllum nauðsynlegum ferðum fyrir 85 þús. kr., en stjórninni fanst það þó mögulegt. Og ekki hefir komið neitt fram, sem raskar þessu, enda er það svo, að þótt farið hafi verið fram úr áætlun á lið sem þessum, að stjórnin hefir aldrei sætt þungum ákúrum fyrir það. Jeg get því sætt mig við þessa millileið og mig langar til að heyra frá hv. fjvn. og hv. samgmn., hvort þær sjeu ekki fyrir sitt leyti samþykkar þessu, sem jeg hefi stungið upp á. En jeg slæ þá jafnframt þann varnagla, að meira fje getur þurft.

Jeg hefi nú í einu lagi talað um hækkunartillögur 13. gr. og sýnt, af hverju jeg sje mjer ekki fært að greiða þeim atkvæði, og nefni ekki fleiri einst. brtt.

Þorleifur Jónsson: Jeg skal ekki þreyta hv. deild með löngu máli. En jeg vil minna hv. deild á eina brtt., sem við háttv. þm. Mýr. (PP) flytjum á þskj. 297, XXI. Hún fer fram á, að bátastyrkurinn, sem hv. samgmn. hefir ákveðið 91 þús. kr., hækki um 1000 kr. Hv. samgmn. hefir lagt til, að bátastyrkurinn hækki úr 85 þús. kr., eins og áætlað var í stjfrv., í 91 þús. kr. En við förum fram á, að þessi upphæð verði enn hækkuð með tilliti til Hornafjarðar og Mýrasýslu. Samkvæmt nál. samgm. hafa verið áætlaðar 7 þús. kr. til Hornafjarðarbáts og 400 kr. til Mýrabáts.

Jeg ætla fyrst að taka til athugunar það, sem jeg hefi fram að færa viðvíkjandi Hornafjarðarbátnum. Undanfarin ár hefir tillagið til hans verið skorið svo við nögl, að ekki hefir orðið neitt verulegt gagn að bátnum. Þessi bátur hefir langt svæði, milli Hornafjarðar og Seyðisfjarðar, og sjór vondur og hættulegur utan fjarðanna, og þarf því góða fleytu til slíkra ferða, og er ekki auðhlaupið að því að fá slíkan bát um lengri tíma nema gegn hárri leigu. Hefir því reyndin orðið sú, að það hefir verið að heita má samgöngulaust yfir sumarið á þessu svæði.

Nú hefir hæstv. atvrh. (MG) ætlað þessum bát 8 þús. kr. í ár, og þar sem hv. samgmn. hefir lagt til, að tillagið verði 1 þús. kr. minna árið 1927, þá vil jeg lýsa megnri óánægju minni yfir þeim aðförum og vona, að hv. deild leiðrjetti þetta. Það

má ekki minna vera en að við fáum 8—10 þús. kr., og má alls ekki eiga sjer stað, að afturför verði í okkar litlu samgöngum frá því, sem áætlað er í sumar. Nú höfum við farið fram á 1000 kr. hækkun til bátanna, með tilliti til þess, sem hv. þm. Mýr. hefir skýrt frá, að það sje hans ósk, að Mýrabáturinn verði jafnhár eins og Hvalfjarðarbáturinn, sem samkv. nál. samgmn. hafa verið áætlaðar 1000 kr., m. ö. o. að styrkurinn til Mýrabátsins hækki upp í 1000 kr.

Háttv. þm. Mýr. skýrði ennfremur frá því, að ef bátastyrkurinn verði hækkaður upp í 91 þús. kr., þá muni verða afgangs 700 kr., svo að það, ásamt þeim 1000 kr., sem við förum fram á, ætti að nægja til þess að gera okkur ánægða. Fengi þá Hornafjarðarbáturinn 1000 kr., en Mýrabáturinn 700 kr. í viðbót við það, sem þegar er áætlað.

Jeg skal ekki halda langa ræðu um þetta efni. Jeg hefi stilt kröfunum eins sanngjarnlega í hóf og frekast var unt og vona, að hv. deild vilji veita þessa litlu viðbót.

Hv. þm. Barð. (HK), vinur minn, sagði, að það væri undarlegt, ef jeg væri á móti styrk til bátakaupa. Maður verður nú að játa, að þetta er alveg nýtt atriði; það hafa aldrei komið fram tillögur um það áður að veita styrk til þess að kaupa báta, og eftir því, sem hv. þm. Barð. tók í það, að landið keypti eða bygði strandferðaskip, þá hjelt jeg, að ekki þyrfti að búast við því, að hann yrði áfjáður í bátakaup, þótt þau annars geti verið þörf.

Hæstv. atvrh. hefir mælt með þessum styrk til bátakaupa, en á móti hækkuðum flóabátastyrk. Út af þessu vil jeg geta þess, að það er slæmt að lækka styrkinn, sem hv. samgmn. hefir ætlað til flóabátanna, og taka af honum til bátakaupa. Mjer finst það líka óviðkunnanlegt, því að rekstrarstyrkirnir eru síst of háir, og jeg held, að alls ekki verði komist af með minni upphæð en þá, sem hv. samgmn. hefir tiltekið, að viðbættu því, sem við hv. þm. Mýr. viljum við auka. Það hafa sumir hv. þm. farið hörðum orðum um það, að fjvn. hafi ekki sjeð nauðsyn bátakaupanna. Jeg ætla ekki að fara að tala um þetta atriði nú, því að hv. frsm. (ÞórJ) mun víkja að því síðar. Þó vil jeg geta þess, að hv. samgmn. hafði ekki ráðfært sig við fjvn. um þetta atriði, sem var alveg nýtt fyrir nefndinni. *(JAJ*: Hv. form. fjvn. talar út í bláinn. Hann fjekk erindið fyrir hálfum mánuði eða meira). Jeg man ekki til, að það hafi legið fyrir nefndinni. Jeg get að vísu verið því velviljaður, að hækkaður verði styrkur til Skaftfellings, en þar sem um fleiri báta er að ræða, gat nefndin ekki mælt með því, að kröfum þeirra væri sint.

Jeg ætla svo ekki að tala frekar um þetta, en vil mælast til þess, að bátastyrkurinn verði ekki minkaður, heldur hækkaður, eins og við hv. þm. Mýr. förum fram á.

Björn Líndal: Jeg er sammála hv. frsm. (ÞórJ) og hæstv. fjrh. (JÞ) um það, að fjárlagafrv. er nú að komast í óvænt efni. Það er ekki útlit fyrir annað en að talsvert mikill tekjuhalli verði á fjárlögunum, en það var þó áreiðanlega eindreginn vilji okkar flestra, sem nú sitjum á þingi, að leggja niður þann sið, enda höfum við líklega flestir lofað kjósendum okkar að styðja að gætilegri fjármálastjórn. Hinsvegar varð útkoman síðastl. ár þannig, að menn gerðu sjer vonir um, að nokkur stefnubreyting gæti orðið í fjármálunum, að nú yrði í fyrsta sinni síðan við fengum

fjárforræði hægt að lækka tolla og skatta að einhverju leyti, í stað þess að hingað til hafa slíkar álögur verið auknar árlega að heita má.

Það var vitanlegt, að hin alvarlegu örþrifaráð, sem gripið var til 1924 til að endurreisa hag ríkissjóðs, áttu aðeins að standa til bráðabirgða, og þurfti því undir eins og úr rættist að draga úr álögunum að miklum mun. Þess vegna leit jeg svo á, þegar jeg fjekk fyrir nokkru áreiðanlegar fregnir af stórlega batnandi fjárhag ríkissjóðs, að nú yrði unt á þessu þingi að ljetta eða úr lögum að fella einhverjar þær gjaldabyrðir, sem erfiðastar mega teljast og órjettlátastar. Og mjer er óhætt að segja, að það var eindreginn vilji kjósenda í mínu kjördæmi, að þetta tækist.

En nú er viðbúið, að þessar vonir verði að litlu eða engu, því að jeg tel það alt of litla rjettarbót, þótt gengisviðaukinn hafi verið afnuminn á vörutolli. Mjer er ljúft að viðurkenna, að fjármálastjórnin er nú í höndum ágæts manns. En enginn gerir svo öllum líki. Fjárlagafrv. stjórnarinnar hefir að mínum dómi verið óvarlegar úr garði gert að þessu sinni en átt hefði að vera, þegar á alt er litið. Að vísu eru tekjurnar fremur varlega áætlaðar og gert er ráð fyrir nokkrum tekjuafgangi. En jeg tel þetta ekki nægilegt, ef gert er ráð fyrir, að gjöldum verði ljett af þjóðinni, svo nokkuð um muni, og reiknað er með venjulegum útgjaldaauka við meðferð frv. í þinginu. Sje það ákveðinn vilji stjórnarinnar að koma tekjuhallalausum fjárlögum gegnum þingið, verður hún að gera sjer ljóst, að hún getur ekki ein vitað fyrirfram allar þarfir þjóðarinnar og rjettmætar kröfur til fjárframlaga. Hún má altaf búast við sanngjörnum kröfum um fjárframlög frá einstökum þm. Þess vegna þykir mjer hæstv. stjórn hafa farið fulllangt í áætlunum sínum, og þótt verklegar framkvæmdir sjeu góðar, og margar bráðnauðsynlegar, þá verður þó að gæta hófs í þeim, eins og öðrum hlutum. Hækkun á 13. gr. fjárlagafrv. er um 195 þús. kr. Er það gífurlegt, og er ekki hægt að draga úr sköttum eða tollum á meðan svona er í pottinn búið, svo að nokkru verulegu nemi.

Hæstv. fjrh. (JÞ) gat um það, að hv. fjhn. hefði á prjónunum frv., sem færi fram á talsverða lækkun á tollum, nálægt 400—500 þús. kr. Ef nú samtímis á að samþykkja það frv. og svo halda útgjöldunum svona háum, er tekjuhalli fyrirsjáanlegur.

Jeg lít því fremur svörtum augum á komandi ár, og er við því búinn, að fjárhagsútkoma þess verði ekki eins góð og æskilegt væri. Þess vegna ættu hv. þm. að geta fallist á það að gæta fullrar varúðar í því að samþykkja nú stóraukin útgjöld, þótt þess hefði átt að gæta bæði fyr og betur.

Frv. fjhn. fer fram á að lækka til muna álögur á atvinnuvegunum, sjerstaklega sjávarútveginum, lækka toll á kolum, steinolíu og salti, og toll á síldar- og kjöttunnum.

Það er alkunna, að sjávarútvegurinn er í kreppu, og það er bein skylda þingsins að rjetta honum hjálparhönd. Ber frv. fjhn. vott um það, ef samþykt verður, að þingið sjer, að það er ekki takmarkalaust, hvað leggja má á atvinnuvegina, og í því liggur fyrirheit um meiri sanngirni síðar, undir eins og fjárhagurinn leyfir. Jeg vil í þessu sambandi geta þess, að jeg þekki menn, sem nú eru orðnir öreigar að heita má, en hafa borgað svo hundruðum þúsunda króna skiftir til almennra þarfa af atvinnurekstri sínum. — Jeg tel það ekki góða fjármálastjórn, sem ekkert gerir til

þess að ljetta byrðunum af, þegar svona er ástatt orðið.

Jeg gæti nú látið hjer staðar numið, en jeg vil þó minna á það, að jeg hefi ekki verið kröfuharður fyrir mitt kjördæmi. Jeg á aðeins eina litla brtt., 14. brtt. á þskj. 297, um að veita Jóni Kristjánssyni veitingamanni á Akureyri 2500 kr. styrk. Jeg fór fram á nokkru hærri upphæð við 2. umr. og talaði þá fyrir henni og sýndi með rökum fram á, að þessi maður hefði beðið mikið tjón árið 1924 vegna þess, að taugaveiki kom upp á heimili hans, svo að það var lokað hjá honum og í sóttkví mánuðum saman, og enginn þorði þangað að koma um langan tíma. Jeg tel rjett og sjálfsagt að hjálpa öllum, sem verða fyrir veikindum og slysum, og sjerstaklega þegar svo stendur á, að þessi maður fær veikan mann inn á heimili sitt og verður fyrir það fyrir stóru tapi, er numið mun hafa næstum aleigu hans. Það væri alveg óverjandi að neita um þennan styrk, þegar fordæmi eru fyrir samskonar styrk fyrir fáum árum, og ástæðan þá til þess að veita hann ekki eins mikil nje eins mikið fjárhagslegt tjón um að ræða og hjer.

Þótt rjett sje og sjálfsagt að spara, og hv. þm. vilji spara, þá má ekki fara svo langt í smásálarlegum sparnaði, að þingið neiti um lítilfjörlegan styrk, sem öll sanngirni og rjettlætistilfinning heimtar, að sje af mörkum látinn.

Pjetur Ottesen: Á öndverðu þessu þingi sendi jeg til hv. samgmn. rökstutt erindi um það, að styrkur sá, sem nú er veittur til Hvalfjarðarbátsins, er allsendis ónógur til þess að hægt sje að halda þessum ferðum uppi, og fór jafnframt fram á það, að nefndin legði til, að þessi styrkur yrði hækkaður lítilsháttar. Styrkurinn er nú 1000 kr., en jeg hefi farið fram á það, að hann verði hækkaður upp í 1500 kr. Ástæðurnar til þessa eru þær, að það hefir verið mjög erfitt undanfarið að fá nokkurn til að halda þessum ferðum uppi fyrir svona lítið. Til þess að ferðir þessar komi að notum, er óhjákvæmilegt að hafa afgreiðslu hjer í Reykjavík og leigja húsrúm til þess, og þessi styrkur, sem nú er veittur, er ekki meiri en svo, að hann rjett hrekkur fyrir þessum kostnaði, og eru ferðirnar þá sama sem styrklausar.

Þessi upphæð, sem hjer er farið fram á, er miðuð við það lægsta tilboð, sem fengist hefir í þessar ferðir. — Jeg held, að í erindi því, sem jeg sendi hv. samgmn., hafi komið svo skýrt fram þörf hjeraðsbúa fyrir þessar ferðir, og hinsvegar örðugleikarnir á þeim, að mig undrar það, einkum ef þessi till. mín er borin saman við sumar till. hv. nefndar, að nefndin skuli ekki hafa sjeð sjer fært að taka hana til greina. Vitanlega hafa tveir hv. nefndarmenn lýst því yfir við mig síðan nefndin skilaði áliti sínu, að þeir væru þessari till. minni hlyntir, og það spáir góðu um það, að þessi till. mín fái góðan byr í hv. deild, þó að hv. samgmn. hafi ekki tekið hana upp í till. sínar.

Það eru aðeins 500 kr., sem jeg hefi farið fram á að þessi styrkur væri hækkaður um, en þeir eru margir, sem hafa not af þessum ferðum, eins og mörgum hv. þm. mun vera kunnugt um. — Hv. þm. Mýr. (PÞ) gat þess, þegar hann talaði fyrir brtt. sinni um að hækka styrkinn til Mýrabátsins, að það væri ekki ósanngjarnt, að Mýrabáturinn nyti sama styrks og Hvalfjarðarbáturinn. Jeg vil nú benda hv. þm. á það, að hvað það snertir, hve margir njóta ferðanna á hvorum staðnum fyrir

sig, þá liggur hjer mikið á milli. Hvalfjarðarferðanna njóta 4 stórir hreppar og hlutar af 2, en mjer skilst, að aðeins nokkur hluti tveggja hreppa hafi gagn af ferðum Mýrabátsins. Jeg ætla alls ekki að mæla á móti þessum styrk til Mýrabátsins, en jeg vil aðeins benda á, að hjer er um tvent ósambærilegt að ræða. Jeg skal svo ekki ræða frekar um þessa till. mína og vænti þess, að hún verði samþykt.

Háttv. 2. þm. Rang. gerði að umtalsefni till. um nýja símalínu yfir Stafholtstungur að Hvítárbakka, og kom mjer undarlega fyrir, að hann skyldi ráðast þannig á þessa línu, af tveim ástæðum. Fyrri ástæðan er sú, að þessi háttv. þm. er yfir höfuð laus við að hafa tilhneigingu til að ráðast á menn og málefni að ástæðulausu, og hin ástæðan er sú, að 2 till. hafa komið fram og verið samþyktar, sem eins stóð á með eins og þessa, og greiddi hv. þm. þeim báðum atkv. sitt. Í báðum þessum tilfellum stóð eins á og hjer, og var sá einn munur, að í þeim tilfellum átti ríkið að greiða ⅘, en í þessu tilfelli aðeins ⅗ kostnaðar. Það er því enn óskiljanlegra, að hv. þm. skuli leggjast á móti þessu.

Hvítárbakkaskólinn mun nú vera eini alþýðuskólinn, sem ekki hefir fengið símasamband, og er það vitanlega hin mesta nauðsyn fyrir hann að fá það. Það er líka með samþykki símastjóra að þessi till. er komin fram. Hann sjer, að það væri til mikilla þæginda fyrir skólann og hjeraðið í kring, og má búast við töluverðum tekjum af honum í samanburði við kostnaðinn, sem ekki er mikill, þar sem hjeraðið leggur meira til heldur en venja er til með slíkar línur, sem jafnvel hv. 2. þm. Rang. hefir áður greitt atkvæði sitt. Jeg læt svo staðar numið, en vænti þess, að þessi liður verði samþyktur.

Jakob Möller: Jeg á 2 brtt. við þennan kafla, og eru þær svo vaxnar, að segja mætti, að það væri að slettast upp á verksvið annara, er einstakir þm. hreyfðu slíku, en jeg hefi þó leyft mjer að gera það, til þess að umr. geti orðið um þessi mál í hv. deild. Fyrri till. er um að hækka liðinn til skrifstofukostnaðar bæjarfógeta og sýslumanna úr 84 þús. upp í 100 þús. kr. Fjvn. hefir lagt til að hækka liðinn aðeins um 8 þús., eða upp í 92 þús., en þessir embættismenn hafa lagt fram gögn fyrir því, að krafa þeirra um 16 þús. kr. hækkun, eða upp í 100 þús kr., er fullkomlega rjettmæt. Eins og kunnugt er, var launakjörum þessara embættismanna breytt með launalögunum 1919, og voru þá af teknar aukatekjur, svo sem innheimtugjald af tollum o. fl. Þetta var gert til að spara ríkissjóði fje. Það var álitið, að sumir þessara embættismanna hefðu þá óhæfilega há laun, samanborið við aðra, og þetta átti nú að jafna. Hinsvegar var það jafnframt ákveðið, að kostnaður allur við starfrækslu embættanna skyldi greiddur úr ríkissjóði sjerstaklega. — Í 11. gr. launalaganna frá 1915, 5. málsgr., segir svo:

„Kostnaður við starfrækslu embætta þeirra, er um ræðir í þessari grein hjer að framan, greiðist sjerstaklega úr ríkissjóði.“

Þessi grein segir það alveg skýrum orðum, að allur kostnaður við rekstur embættanna, hver sem hann verði, skuli greiddur úr ríkissjóði, og það verður að líta svo á, að með þessu sje gefið fyrirheit um það, að reikningar þessara embættismanna yfir slíkan kostnað skuli viðurkendir og greiddir. Það er að vísu svo fyrirmælt, að dómsmálaráðherra ákveði upphæð þessa kostnaðar „fyrirfram fyrir hver 5 ár í senn“, og er það nokkuð undarlegt, þar sem það virðist ómögulegt að

sjá það fyrir, hvaða breytingar kunna að verða á ókomnum 5 árum. En það virðist auðsætt, að dómsmálaráðherra hljóti þá að minsta kosti að ákveða þennan kostnað í hvert sinn samkvæmt síðustu kostnaðarreikningum embættismannanna. Og þegar ákveða á þessa upphæð í fjárlögum, verður að gera ráð fyrir, að farið yrði eftir því, hver kostnaðurinn hefir orðið næsta ár á undan, eftir reikningum sýslumanna þar um. Nú skilst mjer, að þeir hafi lagt fram reikninga og gögn, sem sýni það ljóslega, að upphæðin þurfi að hækka enn meira en jeg hefi farið fram á, eða úr 84 þús. upp í 116 þús., og væri þó ekki of mikið í lagt. — Úr flokki þessara embættismanna hafa skilist tveir, sem sje bæjarfógetinn og lögreglustjórinn í Reykjavík, sem fá allan skrifstofukostnað greiddan eftir reikningi; en samkvæmt lögum eiga þessir menn að búa við sömu kjör og hinir. En auk þess að þessir tveir menn eru einir látnir njóta rjettlætis, er, að minsta kosti að því er annan þeirra snertir, gengið skrefi lengra. Lögreglustjóri fær sem sje innheimtulaun, 2%, af öllum verðtolli, auk þess að hann fær greiddan fullan skrifstofukostnað eftir reikningi. Og þessi innheimtulaun munu á síðasta ári hafa numið um 26 þús. kr., og eru það laglegar aukatekjur. Fyrir innheimtu ríkissjóðstekna í Reykjavík mun nú vera greitt alt að helmingi meira en fyrir alla innheimtuna úti um land. Þetta virðist þó eiga að vera þveröfugt, því að það er auðvitað kostnaðarsamara að innheimta hvað sem er úti um land en hjer í Reykjavík. Það kostar jafnmikið að innheimta smærri upphæðirnar eins og þær stærri. Og þó að tekjur ríkissjóðs sjeu miklu meiri í Reykjavík en í öðrum lögsagnarumdæmum, er ekki þar fyrir ástæða til að greiða meira fyrir að innheimta þær, því að það kostar ekki meira að skrifa háar tölur og innheimta heldur en þær smærri. — Yfir höfuð nær það ekki nokkurri átt, að þessir embættismenn úti um land fái ekki skrifstofukostnað sinn greiddan eins og þeir eiga kröfu til samkv. lögum. Jeg get ekki skilið í því, hvernig stendur á því, að þessari fjárveitingu skuli vera haldið svo mjög niðri af hv. nefnd og hæstv. stjórn.

Jeg vil þar að auki leyfa mjer að benda á það, að jeg álít, að þing og stjórn fari inn á hættulega braut með því að neyða þessa embættismenn til þess að greiða svo og svo mikið af launum sínum til að greiða skrifstofukostnað embættanna.

Þá á jeg aðra brtt., sem fer fram á það, að stofna nýja stöðu eða embætti. Jeg get búist við því, að sú till. verði ef til vill ekki vinsæl, þegar af þeirri ástæðu. En það stendur alveg sjerstaklega á með þetta. Þingið hefir undanfarið veitt Skúla lækni Guðjónssyni styrk til þess að kynna sjer heilbrigðismál erlendis, og vitanlega hefir það gert það með það fyrir augum, að hann mundi að loknu námi hverfa heim aftur og láta þá þjóð, sem hefir styrkt hann, njóta starfskrafta sinna. Mjer er kunnugt um það, enda munu margir háttv. þm. vita það, að hann hefir notað vel tímann og er nú mjög vel að sjer og duglegur maður. Hinsvegar er okkar heilbrigðismálum svo komið, að okkur er hin mesta þörf á að fá nýjan og duglegan mann til að starfa fyrir þau. Einn þátturinn í námi Skúla hefir verið að fást við bætiefnarannsóknir, að rannsaka það, hvaða fæðutegundir væru ríkastar af þessum efnum, og samanburður á þeim, og er þetta mjög merkileg og um leið „praktisk" vísindagrein. Hjer á landi vita menn alment tæplega, hvað þetta er, en í öðrum löndum er mikil áhersla lögð á þetta.

Það er mjög líklegt, að slíkar rannsókn-

ir hjer gætu haft mikil áhrif á það að bæta markað fyrir sumar íslenskar fæðutegundir, sem við flytjum út. Það eru t. d. miklar líkur til þess, að íslenskt smjör sje bætiefnaríkara en annað smjör, og ef það sýndi sig við slíkar rannsóknir, gæti það orðið til þess að koma því í hærra verð en nú er á erlendum markaði.

Það mun mörgum háttv. þm. kunnugt, að þessi maður hefir leitt rök að því, að einn sjúkdómur á sauðfje, sem talinn hefir verið ólæknandi hingað til, stafi aðeins af bætiefnaskorti í fóðrinu, og ef svo er, er augljóst, að vel megi lækna þennan sjúkdóm eða komast hjá honum. Af þessu, sem jeg nú hefi greint, geta menn sjeð, hve starfsemi slíks manns sem þessa getur verið þýðingarmikil fyrir þjóðfjelagið í heild sinni. Jeg veit, að það er óvinsælt verk að stofna nýjar stöður, en jeg álít, að hjer sje um nauðsynjamál að ræða. Hæstv. stjórn er vel kunnugt um þennan mann, og væri æskilegt að heyra, hvernig hún lítur á þetta mál.

Þá eru 2 brtt. á sama þskj., sem jeg ætla að gera grein fyrir fyrir hv. þm. Dal. (BJ). Fyrri till. er um að veita 15 þús. kr. til þess að leggja akveg frá Fellsenda um Bröttubrekku til Norðurárdals. Það sjá allir, hve mikilsvert það er að fá þannig akveg alla leið frá Borgarnesi og vestur í Dali, til þess að gera þessu stóra hjeraði kleift að koma afurðum sínum á markað. Skipaferðir eru mjög stopular þangað vestur, og er því mikil nauðsyn á, að bætt sje úr samgönguvandræðum þessa hjeraðs. Nú er akveganna tími og yfir höfuð mikið veitt til þess að koma sveitunum í betra samband við markaðsstaði, og er því í fullu samræmi við þá stefnu að veita þetta fje til Dalasýslu í þessu skyni.

Þá er önnur brtt. um að setja kláf á Krosssund milli Langeyja við Skarðströnd í Dalasýslu. Þetta er mjög nauðsynlegt. Þarna er töluverður ferðamannastraumur, en á vissum tímum árs getur orðið mjög örðugt yfirferðar vegna íss, svo að ómögulegt er að koma við bátferjum. Er þetta og mjög ilt þeim, sem í eyjunum búa, þar sem þeir komast ekki til lands eftir lækni eða til að reka önnur erindi. Það má ekki bera því við, að ekki liggi á þessu, því að úr svona farartálma þarf að bæta sem fyrst. Hinsvegar er hjer aðeins um lítilfjörleg fjárútlát að ræða, því að fullyrða má, að þessi samgöngubót kosti ekki yfir 4000 kr. Jeg vænti þess, að hv. deild taki vel í þetta og virði mjer til vorkunnar, þótt jeg hafi ekki talað eins vel fyrir þessu eins og hv. flm. hefði gert sjálfur.

Forsætisráðherra (JM): Við þennan kafla fjárlaganna eru fáeinar brtt., sem mjer þykir rjett að minnast á. Það er þá fyrst III. brtt. á þskj. 297, um styrk til samningar efnisyfirlits yfir Stjórnartíðindin frá 1916—26. Það er rjett, að þörf fer að verða á efnisyfirliti yfir þessa 10 árganga Stjórnartíðindanna, en jeg held, að það ætti ekki að þurfa sjerstaka fjárveitingu til þess; jeg býst við, að ekki yrði fundið að því, þótt tekið yrði af fjárveitingunni til Stjórnartíðindanna sjálfra til þessa verks. Jeg hygg, að stjórnin muni sjá sjer fært að byrja á þessu ári, svo að von væri á því, að það kæmist fyr í framkvæmd en ef farið væri eftir þessari brtt. Þess vegna mætti þessi brtt. vel falla niður nú. Það er í rauninni ekki nema einn liður í kostnaðinum við Stjórnartíðindin, sem hjer er um að ræða.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) skaut því til mín að segja álit mitt á Skúla Guðjónssyni. Jeg hygg, að hann sje efnilegur maður. Hann sýnist vera áhugasamur og líklegur til þess að gera gagn. Jeg tel mjer

sje óhætt að segja þetta, þótt jeg þekki manninn ekki mikið.

Þá kem jeg að 9. liðnum, um að fella niður skilyrðið í 12. gr. 17.c. um það, að utanhjeraðssjúklingar, sem borgað er fyrir af almannafje, njóti sömu kjara sem innanhjeraðssjúklingar. Þetta er ekki nýtt; umboðsstjórnin hefir stöðugt haldið þessu fram, og það hefir fallið úrskurður um það, að sjúkrahús, sem njóta styrks af opinberu fje, verði að gera sjer þetta að góðu. Ástæðan til þess, að þetta skilyrði var beint sett inn í fjárlagafrv., er sú, að eitt sjúkrahús vildi ekki sæta þessum kjörum. En mjer finst ekki nema sjálfsagt, að sjúkrahús, sem fá styrk af opinberu fje, láti þá utanhjeraðssjúklinga, sem greiddur er fyrir sjúkrahúskostnaðurinn af almannafje, njóta sömu kjara og innanhjeraðssjúklinga. Mjer finst, að hv. deild ætti að athuga vel, hvort rjett er að fella þetta skilyrði niður.

Þá vil jeg minnast dálítið á skrifstofukostnað bæjarfógeta og sýslumanna. Lögin gera ráð fyrir því, að hann skuli ákveðinn fyrir 5 ár í senn. En það hefir ekki þótt fært hingað til, vegna breytileika gengis og dýrtíðar. Þegar fyrst var ákveðinn skrifstofukostnaðurinn, var aðallega farið eftir því, sem embættismennirnir sjálfir sögðust þurfa, að minsta kosti þeir, sem sýndust vilja viðhafa hæfilega sparsemi. Upphæðin var fyrst ákveðin alls 80 þús. kr., svo lækkaði hún nokkuð seinna; þingið veitti minst 42 þús. kr. Það var vitanlega alt of lágt. 1925 var skrifstofukostnaður hækkaður að miklum mun, tvöfaldaður, eða settur upp í 84 þús. kr. Mjer fanst þingið þá taka mjög sanngjarnlega í málið. Það má vera, að það hafi enn verið veitt of lítið. Það getur verið álitamál. Ef bornar eru saman kröfur embættismannanna, þá verða þær óskiljanlega misjafnar. Jeg skal hjer nefna nokkrar tölur til samanburðar, sem sýna, hvernig það kæmi út, ef farið væri eftir reikningum embættismannanna eða áætlunum. Sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu áætlar fyrst þegar hann er spurður, að hann þurfi 3300 kr. Það er þó fullkomlega meðalsýsla. En sýslumaðurinn í Strandasýslu áætlar um 5000 kr., og er áætlun hans ekki neitt óforsvaranleg í sjálfri sjer. Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu áætlar á árunum 1920—'23 6500—7000 kr. Hann fjekk minna um stund, en skrifstofufjeð var síðar hækkað upp í 9000 kr. Bæjarfógetinn á Ísafirði taldi sig 1920 ekki ofhaldinn af 18 þús. kr. Síðan hefir hann fengið 12 þús. 1924 er reikningurinn tæpar 12 þús. kr. Mjer skildist, þegar hann var hjer á ferð síðast, að hann teldi sig þurfa 14500 kr. Síðasti reikningur hans er tæp 14 þús. kr., en þegar hann er spurður nú síðast um, hvað hann þurfi, kveðst hann þurfa 15500 kr. Það getur vel verið, að þetta sje ekki ósanngjarnt, en jeg held, að það verði að halda aftur af til þess að komast sem næst því, sem af verður komist með. Þá ætla jeg enn að bera ofurlítið saman við Snæfells- og Hnappadalssýslu. Þar er einn af allra reglusömustu og duglegustu sýslumönnum landsins og alt í prýðilegu lagi. Hann álítur sig nú þurfa um 4000 kr. En sýslumennirnir í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum telja sig þurfa yfir 5000 kr. Það getur vel verið, að þetta sje í sjálfu sjer ekki meira en vel megi forsvara, en það er ómögulegt annað en bera saman svona hliðstæð embætti og reyna að fylgja svipuðum reglum um þau. Það er ekkert skemtilegt fyrir mig að þurfa að vera að klípa af þessu, en það verður að vera eitthvert samræmi hjer. Annars er ekki svo fjarska langt á milli mín og hv. 3.

þm. Reykv. í þessu máli. Fjárhæðin verður altaf að vera áætlunarupphæð, en jeg held, að það verði komist af með dálítið minna en 100 þús. kr. Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu telur sig þurfa 8 þús. kr., en jeg hygg, að hans kostnaður þurfi ekki að fara yfir 6800—7000 kr. Bæjarfógetinn á Seyðisfirði er óánægður með sínar 7 þús. kr., en margir ætla, að ekki sje stórum erfiðara að vera bæjarfógeti þar og sýslumaður í Norður-Múlasýslu en að vera sýslumaður í Suður-Múlasýslu. Jeg held, að mismunurinn komi býsna mikið af því, að sumir embættismenn reyna að komast af með minna mannahald en aðrir telja nauðsynlegt. Jeg skal ekkert um það segja, hvort mjer hefir í útreikningum mínum í samráði við hv. fjvn. tekist að gæta fullrar sanngirni við alla. Slíkt getur einatt verið álitamál. En jeg hefi reynt að gæta þess, að embættismennirnir fengju þann skrifstofukostnað, sem nauðsynlegur er, og á hinn bóginn reynt að gæta samræmis og gæta allrar sparsemi. Hv. 1. þm. Árn. (MT) talaði eins og honum hefði verið sýnd ósanngirni. Það er þá honum sjálfum að kenna, því að jeg minnist þess ekki að hafa sjeð reikninga frá honum. Það er síður en svo, að jeg vilji gera honum rangt til; jeg hygg, að hans embættisfærsla sje í góðu lagi.

Þetta, sem jeg nú hefi sagt, er meira sagt til þess að skýra afstöðu mína heldur en að jeg vilji mótmæla hv. 3. þm. Reykv. Eins og jeg hefi sagt, er alt þetta álitamál. Ef nú verður farið upp í 100 þús. kr., þá verður ekki komist hjá því að hækka skrifstofukostnað sumra þeirra embættismanna, sem ekki hafa kvartað. Það hefir komið til orða, að það kynni að vera rjettast að ákveða skrifstofukostnaðinn með lögum, sem giltu fyrir ákveðinn árafjölda, t. d. 10 ár. Þá vissu embættismennirnir, að hverju þeir ættu að ganga og mundu reyna að haga sjer eftir því. Mjer hefir fundist það í samtali við sýslumenn og bæjarfógeta utan Reykjavíkur, að þeir væru gramir yfir því, að tveir hliðstæðir embættismenn í Reykjavík fengju sinn skrifstofukostnað samkvæmt reikningi. En þeim hefir verið bent á það, að ákvæði laganna um skrifstofufje þessara tveggja embættismanna eru önnur en um skrifstofufje hinna, nefnilega að það sje ákveðið í hinum árlegu fjárlögum.

Jeg skal geta þess, að það hefir verið tekið tillit til þess um 2—3 embættismenn, að þeir hafa dálitlar aukatekjur af erlendum fiskiskipum, sem þeir fá fyrirhafnarlítið. En þeim hefir ekki fundist þetta sanngjarnt vegna samanburðar við embættisbræður þeirra í Reykjavík. Þegar launanefndin starfaði hjer á árunum, þá ætlaðist hún ekki til, að sýslumenn fengju sjálfir eða bæjarfógetar aukatekjur neinar, en aftur skrifstofufjeð að nokkru í þeirra stað.

Ef bera ætti saman kjör sýslumanna nú og áður en launalögin voru sett, þá held jeg, að þau sjeu yfirleitt betri nú en áður, og ekki lakari en kjör embættismanna yfirleitt.

Jeg tek það fram aftur, að í raun og veru greinir okkur hv. 3. þm. Reykv. ekki mikið á í þessu máli. Upphæðirnar eru hjá okkur báðum áætlunarupphæðir, sem auðvitað verða ekki brúkaðar nema þörf sje á, og heldur ekki sjálfsagt að fara ekki fram úr veitingu, ef nauðsyn ber til.

Jeg tel það varhugavert að taka upp þá reglu að greiða skrifstofufjeð eftir reikningi embættismannanna, enda ætlast ekki lögin til þess. Jeg veit, að störf þessara

embættismanna vaxa. En þau hafa vaxið alstaðar; og að það sje ekki eingöngu því að kenna, sem þessar kröfur um aukið skrifstofufje koma fram, sjest af því, að sumir sýslumenn, sem ekki láta annars sitt eftir liggja í því að gegna rækilega sínu embætti, láta sjer nú nægja það, sem þeir fá, jafnvel þótt það sje minna en það, sem sýslumenn í sambærilegum sýslum hafa.

Pjetur Þórðarson: Jeg vil leyfa mjer að láta í ljós þakklæti mitt til háttv. samgmn., sjerstaklega fyrir tillögur hennar undir XXII. lið á þskj. 297. Þessi hv. nefnd hefir í raun og veru sýnt mjög sanngjarna viðleitni í því að haga till. sínum eftir því, sem næst verður komist brýnustu þörf, og þó um leið að takmarka fjárframlögin eins og frekast er unt. Og þó að jeg hafi orðið til þess, ásamt hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), að flytja hjer till. undir XXI. lið á sama þskj., sem hækkar styrkinn til bátaferða á flóum og fjörðum, þá er það ekki af því, að jeg hafi ekki viljað viðurkenna þessa viðleitni hv. samgmn., sem jeg nefndi áðan. Það er ef til vill enn í minni hv. þdm., að jeg hefi á flestum þingum að undanförnu flutt till. um að hækka þennan styrk meira heldur en hv. samgmn. hefir sjeð sjer fært að gera, og er það eingöngu af því, að jeg hefi sjeð, hversu brýn þörf var á því að fá nokkru meira fje til umráða heldur en venjulega hefir verið áætlað í þessu efni í fjárlagafrv. Það, sem hv. þm. A.-Sk. sagði um það, hvað fólgið væri í þessari brtt. okkar um að hækka styrk þennan, gat jeg að sönnu viðurkent, og jeg ljet það í ljós við hv. þm. (ÞorlJ), að það lægi á bak við hjá mjer fyrir þessari hækkunartill., að jeg áliti í raun og veru sanngjarnt, að styrkurinn til Mýrabátsins væri viðlíka hár og áætlað hefir verið af hv. samgmn. til Hvalfjarðarbáts, en jeg vissi þá ekki um, að það lá þá fyrir beiðni um það, að sá styrkur yrði hækkaður um þriðjung, og jeg hafði ekki haldið því fram, að styrkurinn til Mýrabátsins þyrfti að vera svo hár. Jeg hafði ekki neitt á móti því, að það gæti verið sanngjarnt að hækka styrkinn til Hvalfjarðarbátsins, þegar tillit er tekið til þess, að hann hefir nú að undanförnu haldið uppi ferðum fyrir hjeruðin beggja megin fjarðarins, þó að það virtist vera sanngjarnt, að hjeraðsbúar norðan- og vestanmegin fjarðarins gætu komið afurðum sínum til Akraness, sem hefir nær sömu bátaferðir til Reykjavíkur og Borgarnes. *(PO:* Það eru verri vegir þangað). Verri vegir, segir hv. þm. Borgf., en það munu þó ekki vera verri vegir vestanmegin fjarðarins en almennt gerist. En jeg skal þó ekki segja nema að rjettara kynni að vera að veita hærri styrk til Hvalfjarðarbátsins heldur en til Mýrabátsins. Jeg get sagt það til dæmis um þörfina, að það hefir ekki komið fyrir, þegar Mýramenn hafa þurft að flytja sjúkling til Reykjavíkur, að þeir hafi ekki heldur tekið þann kost að fá sjer beinlínis mótorbát til þess að flytja hann beina leið til Reykjavíkur heldur en að flytja hann fyrst til Borgarness og þaðan til Reykjavíkur. Sem sagt, þörfin fyrir ferðir frá Mýrum til Reykjavíkur er mjög mikil. Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta, en um leið vildi jeg minnast á það, að undir stafl. 2. í XXII. lið er styrkur til þess að kaupa bát og vjel í bát, sem jeg álít mjög sanngjarnan, og mjer kemur það nokkuð undarlega fyrir sjónir, hve ólíklega hefir verið tekið í þessa brtt., og þá sjerstaklega undir-

tektir hv. fjvn. Hinsvegar tel jeg það mesta neyðarúrræði, sem hæstv. atvrh. (MG) stakk upp á, að samþykkja ekki fyrri liðinn, í þeirri von, að þá yrði síðari liðurinn kannske samþyktur. Jeg álít, að þar væri of mikið lagt á hættu með að spilla góðu málefni, ef slíkt ráð væri tekið.

Jeg vil ennfremur þakka hv. fjvn. fyrir það, hve vel hún hefir tekið till. undir XXIV. lið á sama þskj. Hv. þm. Borgf. hefir talað fyrir þessari till. og sýnt fram á það, hve rjettmæt hún væri, eftir því sem á stendur þar; en þó vil jeg bæta því við, að það mætti segja um þessa till., sem er aðeins upp á 3200 krónur, að það er ekki nema tilfærsla á peningum hjá ríkissjóði, því að þessi línuspotti, þó að hann kosti ekki meira, mun brátt gefa aðrar eins tekjur í ríkissjóð og það, sem hjer er til kostað.

Jeg skal svo snúa mjer að einni till., sem jeg á við þennan kafla fjárlaganna, það er X. till. á þessu sama þskj. Við 2. umr. fjárlaganna bar jeg fram till. um að veita styrk til sjúkraskýlis í Borgarnesi; jeg gat þess þá, að nokkuð sjerstaklega stæði á um þetta fyrirhugaða skýli, vegna hinnar óvenjulega miklu umferðar um Borgarnes og vegna fenginnar reynslu um örðugleika, sem ferðasjúklingar verða að mæta þar, og vegna óþægilegra afleiðinga fyrir þá, sem skotið hafa skjólshúsi yfir þessa sjúklinga. En jeg skal nú ekki endurtaka dæmi, sem jeg nefndi þá, nje tilfæra önnur þessu til sönnunar, þó að til sjeu, en hitt skal jeg taka fram, sem jeg ekki man hvort jeg sagði við 2. umr. málsins, að hjer er um að ræða lítið sjúkraskýli, og verður kostnaðurinn því minni en alment gerist, að því er ætla má. Jeg tók aftur þessa till. við 2. umr., vegna þess að mjer þótti hún ekki nægilega undirbúin, og jeg hefi nú borið hana fram aftur, en í breyttu formi. Jeg hefi að sönnu ekki getað útvegað þau gögn, sem venjulegt er að fá til þess að geta gert kröfur um styrki til sjúkraskýla, en hinsvegar tel jeg líklegt, að ekki þyrfti að koma til þess, að fjárveiting í þessu skyni yrði veitt, nema til væru þau gögn, sem venjulegt er að krefjast, þegar til þyrfti að taka. Það er eftir samráði við landlækni, að jeg flyt þessa till. þannig, að auka hið almenna framlag til sjúkraskýla, og bætti við þeirri aths., að af því megi verja upphæð til þess að byggja sjúkraskýli í Borgarnesi, ef venjuleg skilyrði verða fyrir hendi. Till. í sjálfu sjer er sanngjörn, fyrst að því leyti, að ef ekki kemur til að þessi skilyrði verði fyrir hendi, svo að komið yrði upp þessu skýli í Borgarnesi, sem líkindi eru til að kostaði fremur lítið, þá væri þó ekkert í sölurnar lagt, þó að upphæðin væri áætluð ofurlítið hærri í fjárlögum núna; ef hún yrði ekki notuð til annara sjúkraskýla, þá kæmi hún heldur ekki til greiðslu. Jeg vænti þess, að till. þyki svo sanngjörn, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja hana.

Til þess að stytta mál mitt hefi jeg, eins og áður er sagt, forðast að endurtaka það, sem jeg færði málinu til stuðnings við 2. umr. þess, því að jeg veit, að það getur ekki verið hv. þm. úr minni liðið, svo að jeg sleppi alveg að færa sömu ástæðurnar aftur nú, eða aðrar frekari. Jeg get þó ekki stilt mig um það, þó að jeg ætli ekki að tala langt mál, að minnast lítið eitt á það, sem hæstv. fjrh. (JÞ) beindi til þdm. yfirleitt í dag viðvíkjandi þessum till., sem hjer liggja fyrir. Jeg veit ekki, hvort það verður mjer til hróss eða ekki, enda stendur mjer á sama um það, þó að jeg viðurkenni, að jeg held, að jeg hafi verið sá eini þm. í þessari hv. deild, sem greiddi atkvæði á móti því að nema

úr gildi 25% gengisviðaukann, sem gert var um daginn, og í samræmi við það er jeg nú á þessu þingi eindregið á móti því að lækka nokkra tolla eða skatta, sem nú hvíla á þjóðinni, og jeg segi þetta af því, að þó að nú þyki erfitt að inna þessi gjöld af höndum, þá finst mjer samt, að þau sjeu ekki nema bein tillög til nauðsynlegra hluta, sem þjóðin geti ekki án verið, og í sambandi við þetta er jeg ekki nærri eins nákvæmur fyrir því, þó að jeg greiði atkvæði með einhverju því, sem mjer þykir nauðsyn á að framkvæma, þó að svo horfi við, að nokkur tekjuhalli verði á fjárlögunum. Jeg get að vísu ekki neitað því, að jeg er hæstv. ráðh. (JÞ) sammála um það, að rjett sje að athuga það, í hverju samræmi tekjurnar eru við gjöldin, en jeg get heldur ekki neitað því, úr því að jeg er farinn að minnast á þetta, að mjer þykir hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. fjhn. Nd. og jafnvel hv. deild í heild sinni hafa verið nógu ör eða jafnvel of ör á því að vilja lækka tolla eða skatta nú. Á þennan hátt þykist jeg hafa gert grein fyrir því, að jeg get ekki gengið eins langt og jeg vildi, því síður lengra, í því að taka til greina bendingar hæstv. fjrh. í þessu efni.

Benedikt Sveinsson: Mjer hefir heyrst, að hæstv. forseta (SigurjJ) sje legið nokkuð á hálsi fyrir það af sumum mönnum, að hann hafi leyft of víðtækar umræður um það málefni, sem hjer liggur fyrir. Hefir sumum þótt hv. 1. þm. Árn. (MT) fara nokkuð langt út fyrir efnið, þar sem hann flutti alllangt erindi um járnbrautarmálið. Jeg þarf eigi að bera blak af hæstv. forseta (SigurjJ) fyrir þetta, því að jeg hygg, að hann hafi litið svo á, að við 3. umr. þessa máls mætti ræða nokkuð almennt um fjármál landsins, og var þá eðlilegt, að hin stærstu mál, sem fyrir þessu þingi liggja, bæri á góma. Var það því að vonum, að hæstv. forseti leyfði hv. 1. þm. Árn. að tala um járnbrautarmálið, því að vissulega er það eitt þeirra mála, sem mestu varða fjárhag þessa lands, ef það kemur til framkvæmda. Jeg mun þó ekki nota mjer rjettinn til að tala um fjármálin almennt, heldur snúa mjer að einstökum greinum. Þó verð jeg að hafa þann fyrirvara, að jeg stend nokkuð sjerlega að vígi hjer, því að jeg hefi heyrt, að hæstv. atvrh. (MG) hafi tekið það fram, að þær till., sem kæmu fram við 3. umr., hefðu eitthvað minni rjett á sjer en þær, sem þegar kæmu fram við 2. umr. Verður því háttv. deild að athuga það, að jeg hefi sjerstaka aðstöðu í þessu efni. Jeg beið með mínar fáu till. til 3. umr., og bar enga brtt. fram áður, mest af því, að jeg kærði mig ekki um að blanda mjer neitt inn í þær umr., sem hjer voru við 2. umr., enda vildi jeg sjá, hve öðrum svipuðum brtt. reiddi af. Vona jeg, að hv. þdm. láti það ekki bitna á till. mínum, þó að jeg komi nú fyrst fram með þær, enda er það ekki svo, að jeg komi með neinar till. til stóraukinna útgjalda. Þessar till. mínar eru mjög einfaldar og skiljanlegar, og þarf ekki að lengja umr. þeirra vegna. Jeg vona því, að háttv. þingdeild taki þeim vel. Eru þær á fullkomnum rökum bygðar, svo sem sýnt verður, og ekki farið fram á neitt annað en það, sem öllum öðrum hjeruðum er veitt, þar sem eins er á komið. Kjósendur mínir eru einna fjarst Reykjavík, eftir því sem orðið getur hjer á landi, og verður ekki sagt, að þeir krefjist mikils af Alþingi; ætti því hinum fáu og sanngjarnlegu óskum þeirra að verða því betur tekið.

Það, sem Norður-Þingeyjarsýsla fyrst og

fremst þarf að fá, eru 10 þús. kr. til brúar á Brunná í Öxarfirði. Á þessi er á þjóðveginum, og er því skylda ríkissjóðs að brúa hana. Hún er einnig á flutningaveginum frá Kópaskeri inn eftir hjeraði. Hún er engin stórelfur, lygn, en nokkuð djúp, og mun auðvelt að brúa hana, því að grjót er nærtækt og gott að flytja efni að. Er nauðsyn hin mesta að brúa ána, af því að hún er oft ófær yfirferðar fyrir vagna, og venjulega of djúp fyrir þá, nema þegar hún er sem allra grynst, um hásumarið, og bifreiðum er hún ávalt ófær. Hjeraðið umhverfis er þurlent, og verði áin brúuð og lítilsháttar gert við veginn á stöku stað, þá má fara á bifreiðum frá Kópaskeri inn um alt hjerað, að Jökulsárbrú og þaðan um mestalla bygð Kelduhverfis, enda hafa hjeraðsmenn vakandi auga á þessu máli og hafa þegar tveir menn þaðan lært að fara með bifreiðar, eingöngu í þeim tilgangi að geta tafarlaust hafið flutninga, þegar brúin verður reist á Brunná. Jeg hefi talað um þetta við vegamálastjóra og hann tekið mjög vel í málið, enda hefir hann sjálfur farið yfir ána og sjeð, að brýn nauðsyn er að brúa hana. Þetta er og eindregin ósk kjósenda minna, sem sjá má ennfremur af tveimur þingmálafundargerðum úr Norður-Þingeyjarsýslu, sem legið hafa frammi í lestrarsal. Vænti jeg því, að till. þessi sæti ekki mótmælum, heldur verði einróma samþykt.

Þá hafa kjósendur mínir og beðið mig að fá veitt fje til sýsluvegarins frá Kópaskeri inn í Öxarfjörð. Til þessa vegar hefir lítilsháttar verið veitt áður, og hefir það fje verið mjög vel notað. En nú þarf enn dálitla viðbót til lagfæringar veginum, og þykist jeg mega treysta því, að þeirri nauðsynjabeiðni verði sint, svo sem fram á er farið.

Þá hafa Langnesingar farið fram á að fá dálítið fje til vegar frá Þórshöfn að Sauðanesi. Er þetta hin illfærasta leið. Getur jafnvel komið fyrir, að hún sje ófær um hásumarið. Að vísu er einn brautarstúfur á leiðinni, sem bóndi Syðralóns gerði fyrir mörgum árum, til þess að koma fje sínu til beitar. En þar sem braut sú var ekki gerð í þeim tilgangi að vera alfaravegur, þá er hún ekki á sem heppilegustum stað, og þarf því að leggja veginn allan af nýju á öðrum stað.

Heima í hjeraði hefir þegar verið safnað samskotafje til þessa vegar. Er því ekki farið fram á hjer, að veitt verði meira fje til hans en eftir sama hlutfalli, sem vant er að veita til slíkra vega.

Jeg mun ekki gerast hlutdeilinn um margar brtt. annara háttv. deildarmanna. En þó vil jeg sjerstaklega mæla með styrk til Skúla læknis Guðjónssonar. Læknirinn er mjög efnilegur vísindamaður, hálærður í sinni grein. Tel jeg því happaverk af deildinni að veita honum styrk, svo að hann megi stunda þau fræði, er hann hefir lært til, svo að þekking hans megi verða sem fullkomnust og þjóð vorri að sem mestu gagni.

Þá vil jeg mæla með tillögu háttv. þm. Dal. (BJ), um fje til akvegar frá Fellsenda að Breiðabólsstað í Sökkólfsdal. Þetta fje er ætlað til framhalds veginum frá Búðardal í áttina til Borgarfjarðar. Er fjárveiting þessi því engu síður til hagsbóta fyrir Borgfirðinga og aðra langferðamenn, er nota hann, heldur en Dalamenn. Vænti jeg því, að háttv. deildarmenn samþykki tillöguna og láti þennan þingskörung, sem nú er sjúkur, síst gjalda þess, að hann er fjarverandi.

Hæstv. atvrh. (MG) hefir talað um, að menn færu nú mjög freklega í kröfur um

samgöngubætur, svo freklega, að menn hefðu aldrei verið jafnkröfufrekir áður. Út af þessum ummælum vil jeg benda hæstv. ráðherra á, að tekjur ríkissjóðs hafa aldrei verið jafnmiklar og nú, svo að ekki er nema eðlilegt, að alment sjeu gerðar meiri kröfur en áður um framlög úr ríkissjóði til nauðsynlegra umbóta, er lengi hafa orðið útundan. Hafa og allar verklegar framkvæmdir verið látnar sitja á hakanum undanfarin ár, til þess að rjetta við fjárhag ríkissjóðs. Jeg þarf þó alls ekki að tala um þetta mín vegna eða míns kjördæmis, því að eins og jeg hefi tekið fram áður, þá er það nauðalítið, sem jeg fer fram á. En jeg segi þetta til þess að bera blak af öðrum hv. þm. Annars finst mjer, að hæstv. stjórn, sem er svo áræðin að vilja leggja járnbraut austur yfir fjall nú á næstu árum fyrir margar miljónir króna, ætti síst að lá hv. þingmönnum, þó að þeir biðji um lítilsháttar framlög til nauðsynlegra fyrirtækja í ýmsum hjeruðum landsins.

Jón Kjartansson: Jeg stend ekki upp til að mæla með þeirri einu brtt., sem jeg er við riðinn. Það hefir hv. meðflm. minn (JBald) gert. Annars hugsa jeg, að við flm. getum tekið tillöguna aftur, eftir að hafa heyrt ummæli hæstv. forsrh. (JM).

Þá vil jeg þakka háttv. fjvn. fyrir, að hún hefir mælt með, að Mýrdals- og Borgarfjarðarlæknishjeruðum verði greiddur lokastyrkur vegna læknisbústaðanna. Hv. frsm. lýsti því yfir fyrir hönd nefndarinnar, að nefndin legði til, að þessum hjeruðum yrði veittur lokastyrkur af fje því, sem veitt er í yfirstandandi fjárlögum til byggingar læknisbústaða, en ekki verður notað á árinu. Vænti jeg að hæstv. stjórn taki tillögu þessa til greina og veiti hjeruðum þessum styrk, sem nemi ⅓ byggingarkostnaðar, eins og vanalegt er.

Aðalástæðan fyrir því, að jeg stóð upp, er tillaga samgöngumálanefndar undir tölulið XXII.2, þ. e. báta- og vjelkaupastyrkur, kr. 18500. Jeg hefi nefnilega heyrt, að háttv. fjvn. mæli eindregið á móti þessum styrk, og finst mjer það undarlegt, ef satt er, þar sem jeg hygg, að vandfundin sje brtt., sem er jafnnauðsynleg sem þessi.

Það er ekki af því að jeg er í samgöngumálanefnd, að jeg geri þessa tillögu að umtalsefni. Háttv. frsm. er þar fullfær. Heldur er það af því, að það snertir mig sem þm. Skaftfellinga, þar sem 8 þús. kr. af þessari upphæð áttu að vera styrkur til h/f Skaftfellings til þess að kaupa nýja vjel í bátinn Skaftfelling.

Jeg skal þá með nokkrum orðum skýra fyrir háttv. deildarmönnum, af hvaða ástæðum er farið fram á að fá þessa fjárveitingu.

Bátur þessi hefir nú um langt skeið haldið uppi ferðum milli Reykjavíkur og Skaftafellssýslna. Hann hefir frá upphafi haft mjög kraftlitla vjel, aðeins 48 hestafla vjel, í 60 smál. bát. Og nú er svo komið, að vjelin er orðin mjög ljeleg, svo ljeleg, að ekki getur talist forsvaranlegt að láta hana vera í bátnum lengur, þar sem hann gengur um þetta hættulega svæði. Vegna þess hvað vjel bátsins er kraftlítil, kemst hann ekki ferða sinna, ef eitthvað blæs á móti.

Nú er svo komið, að hlutafjelagið „Skaftfellingur" hefir ráðist í að kaupa nýja vjel. Hefir sú vjel 96 hestöfl, og er tvöfaldur Alfamótor og brennir hráolíu. Að ráðist var í þetta, var og meðfram af því, að fjelagið treysti á viðsýni háttv. Alþingis. Fjelagið hefir komist að hagkvæmum kaupum á vjel þessari. Verksmiðjan,

sem selur hina nýju vjel, ætlar að taka þá gömlu upp í hana, og mun þá nýja vjelin kosta um 24 þús. í íslenskum krónum hingað komin. Það er nú síður en svo, að Skaftfellingar láti sig þetta mál engu skifta. Þeir hafa aukið hlutafjeð um 10 þús. kr. Þeir hafa af knýjandi nauðsyn ráðist í þetta, og það þrátt fyrir það, þó að rekstur bátsins hafi verið mjög bágborinn síðustu árin. Stjórn h/f Skaftfellings hefir þó gert alt, sem í hennar valdi stóð, til þess að reyna að láta rekstur bátsins bera sig, m. a. haft farmgjöldin með honum 20—25% hærri en þau eru með strandferðaskipum ríkissjóðs. En eigi að síður er svo komið, að fjelagið á *10—20 þús. kr. minna en ekki neitt.* Getur því ekki komið til mála, að Skaftfellingar upp á eigin spýtur geti ráðist í að kaupa þessa dýru vjel, og bæta með því fullum 20 þús. kr. ofan á skuldabaggann. Fái þeir því ekki þessa umræddu upphæð, verður afleiðingin sú, að þeir verða að hætta við að halda þessum ferðum uppi og reyna að selja bátinn áður en skuldabaggarnir hafa vaxið þeim yfir höfuð.

Enginn getur með sanngirni ætlast til þess, að h/f Skaftfellingur taki á sig stórtöp árlega, ef Alþingi vill ekki verða við rjettmætum kröfum þess.

Vilji Alþingi ekki veita þennan styrk nú, þá skil jeg það svo, sem það ætli að halda uppi samgöngum á þessu svæði á annan hagkvæmari hátt, því að það getur varla verið tilætlunin að hætta að styrkja samgöngubætur við þessi mjög svo einangruðu hjeruð.

Jeg held, að það hafi verið háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem sagði, að það væri hreint og beint skylda fjvn. að verða vel við þessum tilmælum samgmn. Jeg skal ekki hafa svo sterk orð. En hitt hefði jeg kunnað betur við, að hún hefði skýrt samgmn. frá ástæðum sínum gegn þessari fjárveitingu. En það hefir hún ekki gert.

Háttv. frsm. fjvn. (ÞórJ) sagði, að samgöngumálanefnd hefði ekki ráðfært sig við fjvn. um þetta. En þessi ummæli skil jeg ekki, því að samgmn. skrifaði henni brjef 13. mars um málið. Og það brjef er einmitt hjer, og er sannanlegt, að það komst í hendur fjvn.

Jeg hjó eftir því hjá háttv. 1. þm. Árn. (MT), að hann tæki ummæli háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) illa upp, og meðal annars vitnaði hann í eina gr. þingskapanna, þar sem svo segir: „Ef fjárveitinganefnd, í einu hljóði með nafnakalli, sem bókað sje í fundarbók nefndarinnar, mælir í móti einhverri fjárveitingu, þarf ⅔ greiddra atkvæða til þess að fjárveitingin nái fram að ganga.“

Jeg veit ekki, hvort þessi ummæli ber að skilja svo, að fjvn. hafi í þessu máli notað þessa sjerstöku aðferð. Og sje svo, þá hefir fjvn. hjer sýnt af sjer óvenjumikla röggsemi. En jeg tel vafasamt, að hún ávinni sjer fyrir það heiður að sama skapi, einkum ef henni tekst með þessu að svifta einangruðustu hjeruð landsins þeim einu samgöngum, sem þau til þessa hafa haft.

Skal jeg svo ekki orðlengja um þetta frekar, en að lokum vildi jeg minnast með nokkrum orðum á eitt atriði almenns eðlis, sem snertir afgreiðslu þessara fjárlaga, en þó ennþá meira afgreiðslu þeirra í framtíðinni. Menn munu hafa tekið eftir því, að í þessum fjárlögum er óvenjumikið fje, sem ætlað er til verklegra framkvæmda, til vegagerða, brúargerða og símalagninga. Er það ekki nema eðlilegt, því á undanförnum árum hefir verið mikil kyrstaða í þeim efnum. Nálega allar verklegar framkvæmdir ríkissjóðs hafa orðið að bíða vegna fjárskorts.

Jeg hefi haldið, að það væri föst venja að haga sjer í þessum verklegu framkvæmdum eftir því, hvar nauðsynin í hvert sinn væri brýnust. Og til þess að skera úr því, hvar nauðsynin væri brýnust, hefði ríkið trúnaðarmenn, vegamálastjóra, landssímastjóra o. s. frv. Tillögur trúnaðarmannanna hafa jafnan verið látnar ráða, hvar væri hafist handa. En nú er svo komið, að einstakir þingmenn koma fram með tillögur, sem taka einstök verk út úr kerfinu, og knýja fram fje úr ríkissjóði til þeirra, þvert ofan í tillögur trúnaðarmannanna. Þetta kom fyrir við 2. umr. fjárlaganna hjer í deildinni, og var látið óátalið af fjárveitinganefnd. Og stjórnin virtist ekkert hafa á móti því, að þetta væri gert. En þetta er óheppileg braut, sem farið er út á með þessu. Því að verði nú farið að breyta út af hinni gömlu og góðu reglu, að trúnaðarmenn stjórnarinnar eigi að ráða mestu um hinar ýmsu framkvæmdir ríkissjóðs, þá gæti jeg trúað, að afleiðingin yrði slæm. Þm. myndu fara í kapphlaup eftir fje úr ríkissjóði til framkvæmda, hver handa sínu hjeraði. Og það yrði ekki nauðsynin, sem rjeði því, hvar yrði hafist handa, heldur flokksfylgi þingmanna. Jeg vil því ráða til þess, að svo verði sem hingað til, að nauðsyn verði látin ráða, hvar hafist er handa með verklegar framkvæmdir. Og ef stjórnin og fjvn. eru sammála um það, að þetta eigi svo að verða, þá ber þeim að spyrna með krafti á móti því, að einstakir þingmenn taki sig svona út úr með einstakar tillögur, því að slíkt hlýtur að draga stóran dilk á eftir sjer.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Fyrir hönd fjvn. hefi jeg ekki miklu að svara. Nefndin hefir fengið þakklæti hjá sumum, en meinlaus olnbogaskot hjá öðrum.

Jeg mun því snúa mjer að hinum einstöku tillögum og taka þær eftir þeirri röð, sem þær liggja fyrir.

Er þá fyrst brtt. fjhn. við 2. gr. frv., um að fella niður skólagjöldin. Tillaga þessi var tekin aftur við 2. umr., af því hún virtist illa þokkuð. Um hana hefi jeg ekki annað að segja en það, sem jeg tók fram þá. Nefndinni virðist þetta ekki heppileg leið, meðfram af því, að aðrir skólar myndu verða óánægðir, þar sem gjöldin eru notuð til þess að ná inn fje, sem annars yrði að fá úr ríkissjóði. Hún leggur því á móti þessari tillögu.

Þá er næst till. frá háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) o. fl., um 2500 kr. til samningar á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin. Nú hefir hæstv. forsrh. (JM) lýst yfir því, að hægt muni að taka fje til þessa verks af fje því, sem ætlað er til útgáfu tíðindanna. Hljóta flm. því að geta tekið tillöguna aftur.

Þá er brtt. IV., frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), um það að hækka skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta. Hæstv. forsrh. hefir þegar svarað þeim ástæðum, sem bornar voru fram fyrir þessu, og sýnt fram á, að reikningar eru mjög misjafnir frá sýslumönnum, enda er það eðlilegt, því að það eru mismunandi mikil störf, sem sýslumenn leggja á sig. En það má ekki bera skrifstofukostnað sýslumanna saman við skrifstofukostnað lögreglustjóra í Reykjavík, eins og hv. 3. þm. Reykv. gerði. Fjvn. hefir fallist á, að hækka beri nokkuð tillag til skrifstofukostnaðar sýslumanna og bæjarfógeta, þótt hún vilji ekki fara eins langt í því og þessi hv. þm. (JakM), og hefir borið fram sjerstaka brtt. um það.

Þá er næst brtt. frá hv. 3. þm. Reykv. um að veita Skúla Guðjónssyni lækni nýtt embætti. Fjvn. hefir fengið umsögn land-

læknis um þetta, og sagði hann, að það gæti verið gott að vísu að hafa lækni við hlið sjer, sem senda mætti á öllum tímum í þau læknishjeruð, sem lækni vantaði í, án þess að hann með því vildi viðurkenna þörf á manni þessum vegna heilbrigðiseftirlits. Hinsvegar er nefndinni kunnugt, að þessi hlutaðeigandi maður vill alls ekki taka að sjer þetta sendilæknisstarf. Nefndin verður því að vera algerlega á móti því að stofna þetta nýja embætti.

Þá er næsta brtt. frá hv. þm. N.-M. (H-Stef og ÁJ) um styrk til Evu Hjálmarsdóttur til að leita sjer lækninga í Danmörku á heilsuhæli fyrir krampaveikt fólk. Það hefir verið tekið fram, að fordæmi sje fyrir því að veita slíkan styrk sem þennan, en það má þó segja, að þar er alllangt gengið. Fjvn. hefir þó ekki viljað ganga á móti till. og eru um hana óbundin atkv. Hjer er um litla fjárhæð að ræða, en á hinn bóginn talið líklegt, að hægt sje að lækna þennan sjúkdóm erlendis. Landlæknir er því og meðmæltur, að þessi styrkur verði veittur, þar sem stúlkan getur ekki fengið lækningu hjer á landi.

Þá talaði hæstv. fjrh. (JÞ) nokkuð um brtt. fjvn. undir staflið IX, og sjerstaklega um síðari breytinguna, að feld verði niður orðin „og að því tilskildu .... innanhjeraðssjúklinga.“

Fjvn. hafði ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um þetta efni fyr en hjer undir umr. um fjárlagafrv., að því leyti sem þetta hefir nú verið úrskurðað af stjórnarráðinu. Háttv. deild sker úr um afdrif till. En jeg skal geta þess, að hinn almenni styrkur er miklu minni en sjúkrahúsum þyki nægilegt, og það gæti farið svo, að þau neyddust til að hækka allan legukostnað, og kæmu þá meiri baggar á ríkissjóð en ella, eins og jeg hefi áður tekið fram.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) talaði nokkuð um brtt. fjvn. um styrk til sjúkrahússins á Ísafirði. Hann varð að játa, að ástæður nefndarinnar fyrir till. væru hárrjettar, og veit jeg því ekki, hvernig jeg á að skilja hv. þm. (SigurjJ), þar sem hann er á móti till. — hvort á að skilja hann svo, að vegna þess að till. sje rjett, þá eigi hún ekki fram að ganga! Þá var hv. sami þm. að tala um það, að sjúkrahúsið hefði orðið að greiða ⅔ af verðtolli byggingarefnis og innanhúsmuna. Þetta vissi fjvn., og þetta hafa önnur sjúkrahús gert, sem reist hafa verið á sama tíma, svo að þetta er ekki annað en tylliástæða til þess að fá hærri styrk en fjvn. leggur til.

Þá kem jeg að brtt. X, frá hv. þm. Mýr. (PÞ), um að veita alt að 5000 kr. til byggingar sjúkraskýlis í Borgarnesi. Fyrir hönd fjvn. hefi jeg ekki neitt um þetta að segja nema það, að það er ekki venjulegt að veita fje þannig, nema því aðeins, að fyrir liggi uppdráttur og kostnaðaráætlun og vissa sje fyrir því, að viðkomandi hjerað vilji og geti lagt fram fje að sínum hluta. En hjer liggur ekkert fyrir um þetta, og fjvn. er því algerlega á móti brtt.

Þá er brtt. við 12. gr. 17 frá hv. þm. Barð. (HK). Hjer er að ræða um berklaveikan sjúkling, sem hv. þm. sagði, að ekki gæti fengið inntöku í sjúkrahús vegna þrengsla. En svo er um fleiri, og mætti því lengi gera kröfur í þessa átt. Og nefndinni hafa borist ýmsar slíkar beiðnir, er hún hefir ekki getað sint, en hún telur, að þessi till. eigi þó einna mestan rjett á sjer.

Þá er brtt. við sömu grein frá hv. þm. Ak. (BL) og hv. 2. þm. Eyf. (BSt) um styrk til Jóns Kristjánssonar veitingamanns á Akureyri, til þess að bæta honum tjón af sóttvörnum. Brtt. þessi var tekin aftur við 2. umr. og hefir því ekki verið

rædd fyr. Það er rjett hjá hv. flm., að finnast munu fordæmi fyrir þessu, en fjvn. verður að vera þeirrar skoðunar, að ríkið geti ekki hlaupið hjer undir bagga, því að þetta geti átt miklu víðar við. Verður fjvn. því að mæla á móti því, að þessi brtt. nái fram að ganga. Enda hafði fjvn. í því tilfelli, er svipaður styrkur var veittur, algerlega mótmælt honum, svo hún hefir hjer ekki skapað fordæmi.

Þá eru tvær brtt. frá háttv. þm. Dal. (BJ), sem þeir hafa mælt með hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og hv. þm. N.-Þ. (BSv). Hjer er um allmikil fjárframlög að ræða, og leggur fjvn. á móti báðum þessum till. Málið er þar að auki alveg óundirbúið og vegamálastjóri hefir ekki lagt með því, og fjvn. veit ekki til, að neitt hafi verið rannsakað, hvað þessi mannvirki muni kosta. Jeg efast ekki um, að nauðsyn sje á þessum vegabótum, en svo er víðar á voru landi. Og þar sem ekki hefir verið leitast við að fá umsögn vegamálastjóra um þessi atriði, þá getur fjvn. með góðri samvisku verið á móti brtt.

Þá koma 2 brtt. frá hv. þm. N.-Þ. Um brúna á Brunná hefir nefndin leitað álits vegamálastjóra, og það er undarlegt, eftir ummælum hv. flm., að vegamálastjóri leggur á móti því, að þessi brú verði tekin. Það er að vísu rjett, að brúin yrði á þjóðvegi, en samt sem áður telur vegamálastjóri ekki rjett að láta hana ganga fyrir öðru. Hv. þm. (BSv) talaði um það, að Norður-Þingeyingar hefðu gert litlar kröfur til fjárframlaga, en jeg man ekki betur en að þeir hafi fengið fje til brúar á Hölkná og eitthvað meira. Um hækkunartill. hv. sama þm. til sýsluvega er það að segja, að nefndin hefir áður hækkað þennan lið og vill ekki hækka hann meira að svo stöddu.

Þá eru brtt. frá hv. þm. Borgf. og frá háttv. þm. Mýr. og háttv. þm. A.-Sk. um hækkanir á styrk til bátaferða. Fjvn. hefir nokkuð kynt sjer þetta, og eru óbundin atkvæði um tillögurnar. Eftir því sem fram hefir komið, þá virðist mjer ekki vanþörf á, að hækkaður sje styrkur til bátaferða, enda vill hv. samgmn. hækka þann styrk úr 85 þús. kr. upp í 91 þús. kr. Þá hefir hv. samgmn. einnig borið fram till. um það, að veittar verði 18500 kr. til báta- og vjelakaupa. Um þennan lið hafa orðið mikil og óþörf ummæli hjer í hv. deild. Þegar um það er að ræða, að annaðhvort verði að kaupa vjel í Skaftfelling eða hækka styrkinn til hans, þá vill nefndin heldur hækka styrkinn. Þetta verður einnig að telja styrk til að halda uppi bátaferðum, og er það því formsatriði, sem of mikið hefir verið úr gert. Þegar hv. 2. þm. Rang. mintist á framkomu fjvn. um þetta atriði, þá nefndi hann símalagningu til Hvítárbakka. Taldi hann hana með öllu óhæfa, en veit þó, að hún er fram komin vegna fordæmis. Ætti það að sannfæra hann um, hve fordæmin eru skaðleg. — Sami hv. þm. (KlJ) ávítaði fjvn. fyrir, að hún hefði ekki sýnt samgmn. næga virðingu, með því að athuga hennar plögg. Það má vera, að það sje ekki óforsvaranleg krafa, að sýna beri samgmn. virðingu, og skal jeg leyfa öðrum að dæma um það.

Næst kemur þá till. frá hv. þm. N.-Ísf. um að leggja símalínu frá Ögri til Snæfjalla. Hv. þm. gat þess, að þessi lína hafi komið í símalögin 1913. (*JAJ*: 1912). Það skiftir ekki máli, hvort árið var. En þessi mikli dráttur sýnir, að það hlýtur að vera örðugt að setja þar upp síma. Til að bæta úr þessu hefir verið komið upp loftskeytastöð á Hesteyri. Það sýnir, að

landssímastjóri álítur heppilegra að nota þarna loftskeytastöðvar. Það sannar einnig örðugleikana, að hjeraðið hefst ekki handa að fá þetta fyr en 1928, þó að hv. þm. vilji reyna að krækja í það 1927. Jeg held því, að það sje ekki að ástæðulausu, að fjvn. legst á móti þessu, þar sem það er órannsakað, hvort ekki má fara aðrar leiðir til að bæta úr brýnustu þörfinni.

Þá eru þrjár brtt. frá hv. 2. þm. Árn. (JörB). Þær komu seinna inn en svo, að þær gætu verið á sama þskj. og allur fjöldinn, og eru því prentaðar sjer á þskj. Sú fyrsta fer fram á, að hækkaður sje styrkurinn til Halldór Arnórssonar enn um 600 kr. Fjvn. hafði við 2. umr. hækkað hann um sömu upphæð, og fann þá ekki ástæðu til að fara lengra. Það eru auðvitað alveg sömu rök færð fyrir þessari hækkun eins og við 2. umr., að maðurinn þurfi að borga háa húsaleigu og dýr áhöld, og að hann fari ekki fram á meira en hann nauðsynlega þurfi. En það vantar alveg að upplýsa hina hlið málsins: Hvað hefir maðurinn upp úr þessu? Það sjást hvergi nein skilríki um það. Það verður því ekki talið ástæðulaust, þótt fjvn. hliðri sjer hjá að fara lengra á móti óskum þessa manns. Önnur till. þessa hv. þm. (JörB) er um ferju á Hrosshyl. Mjer er þetta mál ekki vel kunnugt, en jeg held, að þessi ferja verði á sýsluvegi, og geri því ráð fyrir, að sýslusjóður kosti hana. Álít jeg því óviðfeldið, að ríkið fari að leggja nokkuð fram til þessarar ferju. En fyrir hönd nefndarinnar vil jeg segja það, að um hana eru óbundin atkv. Um þriðju till. hv. þm. eru einnig óbundin atkv. Hún er um hækkun á styrk til bifreiðaferða austur um fjall. Ætti þeim að vera ljúft að ljetta undir með flm. þessarar till., sem trúa því, að bifreiðar sjeu framtíðarflutningstækin hjer á landi.

Þá hefi jeg farið yfir allar brtt. nema eina, frá hv. sjútvn. En það hefir heyrst, að hún verði tekin aftur; er það gott fyrir fjvn., því að hún hefir algerlega gleymt að kynna sjer hana.

Þá hefi jeg ekki margt að segja, nema örfá orð til hæstv. atvrh. (MG) og hv. 1. þm. Árn. (MT). — Hæstv. atvrh. byrjaði og endaði á því, að ófært væri að hækka 13. gr. meira en orðið væri. Kom það þó lítt fram í verkunum, því að hæstv. ráðherra mælti alleindregið fram með styrk til báta- og vjelakaupa. En jeg verð að segja, að það er einkennilegt, að hæstv. ráðh. skyldi ekki sjálfur koma þessu inn í fjárlögin, ef hann hefir vitað um þessar miklu þarfir. Jeg þykist annars ekki þurfa að ræða þetta frekar; sagði í fyrri ræðu minni greinilega afstöðu fjvn.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) talaði langt mál og merkilegt um atriði, sem ekki sáust á dagskránni, svo sem gengismál og járnbrautir. — Honum og öðrum járnbrautar-burgeisum — ef jeg mætti ljá það orð frá hv. sessunaut mínum *(JBald*: Velkomið.) — skal jeg gera það til hughressingar að fá þeim eitt atriði til „umþenkingar", uns járnbrautin brunar næst inn í hv. deild. Það er samtal, sem jeg átti við einn merkan mann, skólastjórann að Hólum í Hjaltadal, sem nýkominn er úr utanför. Hann sagði mjer, að hann hefði verið í hópi járnbrautarmanna, þar til hann nú kom til útlanda. Hann segir, að öll lönd kúgist nú undir járnbrautunum og að þeim gangi illa samkepnin við bifreiðarnar. Hann segir og, að fjelag eitt í Danmörku hafi gert samning um að halda aðeins uppi ferðum til næstu áramóta, auðvitað með stórtapi. Jeg veit það einn-

ig úr annari átt, að Frakkar hafa verið að leita fyrir sjer í Ameríku um stórlán, til að breyta kolajárnbrautunum í Suður-Frakklandi í rafmagnsbrautir. Þó hafa Frakkar kolin við hendina. Það var aðeins þetta, sem jeg vildi fá hv. og hæstv. járnbrautar-burgeisum til umþenkingar. (*MT*: Það er enginn snjór í Suður-Frakklandi).

Jeg hefi ekki ástæðu til að segja margt við hv. 1. þm. Árn. Hann talaði nokkuð á reiki um ýmsar framkvæmdir og um afstöðu fjvn. til brtt. hv. samgmn. Vitnaði hann í því sambandi í 32. gr. þingskapanna og hafði jafnvel við orð, að nefndin ætlaði að beita ákvæðum þingskapa um þær brtt., sem misklíð hefir orðið um, og fella þær með því að greiða öll atkv. á móti þeim með nafnakalli. Fjvn. hefir ekki komið sjer saman um neitt í þá átt, og vil jeg neita þessum ummælum sem ástæðulausum í garð nefndarinnar.

Jeg man ekki, hvort jeg hljóp yfir hv. þm. Ak. (BL). Það verður þá víst að hafa það og láta nægja aðeins að minnast hans. Hann talaði sem sje um það, hvílíkur sparnaðarmaður hann væri og hve lítið hann hafi hækkað útgjaldahlið fjárlaganna. — Það má vera, að það sje smátt fyrir þeim, sem alt þykir smátt, en mjer þykir nú 100 þús. kr. nokkur upphæð auk ýmislegs fleira, en það útvegaði hann til heilsuhælis Norðlendinga. Og það verð jeg að segja, að ef allir hefðu lagt slíkt lóð á skálina, er hætt við, að vogin væri farin að hallast nokkuð mikið.

Árni Jónsson: Jeg get verið stuttorður, enda umr. þegar orðnar ærið langar. Jeg á hjer eina ofurlitla brtt. við þennan kafla, og er þó ekki aðalflm. Það er lítilfjörlegur utanfararstyrkur til Evu Hjálmarsdóttur, til að leita sjer lækninga. Jeg get eftir atvikum verið þakklátur hv. frsm. fjvn. (ÞórJ), þótt hann fallist ekki á hærri till., 1500 kr., því að óbundin atkv. verða í nefndinni um 1000 kr. Það er óþarft fyrir mig að fara mörgum orðum um tilefnið til þessarar málaleitunar. Háttv. samþm. minn og meðflm. (HStef) hefir lýst því svo átakanlega. En jeg vil undirstrika, að hjer getur ekki orðið um hættulegt fordæmi að ræða, af þeirri einföldu ástæðu, að við eigum því láni að fagna að geta veitt flestum okkar sjúklingum góða sjúkrahúsvist innanlands. Það verður því aðeins í óvenjulegum tilfellum, sem þarf að leita út fyrir landsteinana, þegar þörf er á sjerstakri tegund sjúkrahúsa, sem ekki eru hjer á landi. En sjúkdómi þessarar stúlku er þannig farið, að engin von er um bata hjer á landi, en allmikil erlendis. — Þessi stúlka er á besta aldri og talin mjög vel gefin, og er því sárara fyrir hana og aðstandendur hennar að eiga að horfa fram á æfilangt heilsuleysi. Skyldmenni hennar hafa lagt mikið á sig til að leita henni bata, en árangurslaust. Menn kunna kannske að halda, að þessi stúlka sje einhver umskiftingur. En því fer mjög fjarri. Jeg minnist þess, að fyrir nokkrum árum birtust oft kvæði eftir hana í austanblöðunum, og báru þau vitni um óvenjulegan þroska. — Þetta er engin upphæð fyrir ríkissjóð, en svo að segja um lífið að tefla fyrir stúlkuna. Jeg ætla að vona, að menn taki mjer ekki illa upp, þótt jeg minnist á þetta, en mjer hefir virst svo stundum, eftir mína stuttu veru á hinu háa Alþingi, að þegar fer að líða á umr. í fjárlögunum, verði sparnaðarandinn mannúðarandanum yfirsterkari.

Þá vil jeg leyfa mjer að minnast örfáum orðum á aðra brtt. Hún er frá hv. 3.

þm. Reykv. (JakM), um styrk til Skúla Guðjónssonar. Þeir hv. flm. (JakM) og hv. þm. N.-Þ. (BSv) hafa nú talað allrækilega fyrir þessari till, en þó langaði mig til að bæta fám orðum við. Þessi maður, Skúli Guðjónsson læknir, hefir undanfarin ár verið studdur til náms í heilsufræði í Þýskalandi og Danmörku. Hefir hann stundað nám sitt af hinu mesta kappi og áhuga. Er hann nú forstöðumaður fyrir efnarannsóknarstofu, sem smjörlíkisverksmiðja Ottós Mönsteds á. Fæst hann þar við rannsóknir á bætiefnum í smjörlíki. En hann hefir lagt alveg sjerstaka stund á bætiefnarannsóknir, og liggur nú þegar töluvert eftir hann á því sviði. Jeg hygg því, að afarmikil þörf sje hjer heima fyrir slíkan mann, bæði vegna heilsufræðinnar og bætiefnarannsóknanna. Hann hefir t. d. komið fram með töluvert merkilega tilgátu um fjöruskjögur í sauðfje. Hann heldur fram, að það muni stafa af bætiefnaskorti í fóðrinu, og eins telur hann líklegt, að horfellir stafi meira af bætiefnaskorti en af skorti á fóðri. Það er afaráríðandi, að þetta sje rannsakað til hlítar, því að það getur haft mjög mikla þýðingu fyrir landbúnað Íslendinga.

Hæstv. forsrh. (JM) tók vel í þessa till., að mjer skildist, og gat þess, að maðurinn væri bæði duglegur og áhugasamur. Þessi ummæli vil jeg undirstrika, þar sem jeg hefi þekt Skúla lengi, frá því á námsárunum. Hefi jeg altaf dáðst að hinum mikla áhuga hans. Nú hefir hann stundað þessi vísindi árum saman og er orðinn allra manna lærðastur. Hv. frsm. fjvn. vitnaði í Læknafjelagið, að það teldi ekki þörf á þessum manni hingað. Alþingi hefir ekki litið svo á á undanförnum árum. Því að hvaða vit er í að styrkja manninn árum saman til náms, ef hann á ekki að setjast hjer að á eftir? Það er ekki þar með sagt, að það sje nein gustuk að „hjálpa“ honum, sakir þess, að honum standa allir vegir opnir erlendis. En við eigum að grípa gæsina meðan hún gefst; Skúli er nú fáanlegur til að koma heim, og vona jeg, að mönnum skiljist, að hann getur ekki beðið lengur með að taka sjer fast lífsstarf. Hann hefir talið sig bundinn til að bjóða okkur þjónustu sína, sakir þess styrks, sem hann hefir notið. En vilji Alþingi ekki taka á móti honum, er hann vitanlega laus allra mála.

Það verksvið, sem bíður hans hjer, er alveg óþrjótandi, og þekking og áhugi hans er einnig óþrotlegur. Það hefir verið haft á móti þessari fjárveitingu af sparnaðarástæðum. En jeg held, að ef málið er rannsakað betur, þá höfum við ekki ráð á að slá þessu boði frá okkur.

Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg ætla nú ekki að tefja umræðurnar mjög mikið, en verð þó fyrir hönd samgmn. að svara nokkrum atriðum. Hv. form. fjvn. (ÞorlJ) sagði, að till. samgmn. væru út í bláinn. Nú getur hv. þm. leyft sjer að segja þetta, þótt það upplýsist, að hv. fjvn. hafi *alls ekki lesið* brjef og till. samgmn., þótt þær væru komnar til hennar fyrir mánuði. Það undrar mig stórum, að hv. fjvn. skuli ekki sjá sóma sinn í að kannast við, að hún hafi farið öðruvísi að en þingvenja er, þar sem hún hefir ekki tekið tillit til erindis frá báðum samgmn. og síðan fengið samgmn. Nd. til að taka aftur brtt. sínar til 3. umr. *(ÞórJ*: Þetta erindi hefir aldrei borist nefndinni!). Það er sannanlegt, að nefndin hafi fengið erindið. En á 11. stundu vill hún benda á, að rjettara væri að fóðra þessa fjárveitingu á einhvern formlegan(!) hátt. Jeg vil því segja fyrir hönd samgmn., að

hún kann best við að hafa sínar tillögur *hreinar*. Jeg kæri mig ekki um, að nefndin sje að benda á að fóðra fjárframlögin undir öðru nafni en þau eru ætluð til, t. d. rekstrarstyrkinn til flóabáta sem það væri til einhvers annars.

Háttv. form. fjvn. (ÞorlJ) gat sagt, að hjer væri talað út í bláinn, því að hann hefir ekki haft svo mikið við að lesa till. og skjöl þau, er skýra mál umsækjenda. Það má þá fult eins vel segja, að till. hans á þskj. 297 sje flutt út í bláinn; það er um 1000 kr. hækkun á flóabátastyrknum. En hv. þm. Mýr. (PÞ) fór ekki fram á, að veittar yrðu nema 500 kr., og tók nefndin till. þá til greina að mestu leyti og lagði til, að veittar yrðu 400 kr.

Hv. þm. Mýr. (PÞ), sem lengi hefir átt sæti í samgmn., veit vel, að reynt hefir verið að stilla í hóf með útgjöldin, án þess þó að teppa að nokkru leyti samgöngubætur þeirra hjeraða, sem erfiðasta eiga aðstöðuna. Er óskiljanlegt, að hann ætlast nú til, að styrkurinn verði settur helmingi hærri en farið var fram á í fyrstu.

Háttv. frsm. (ÞórJ) talaði um það, að nefndin færi mest eftir till. ráðunauta stjórnarinnar í þessum efnum. Rjett er nú það. Það er gott að hafa þetta til þess að bera fram. En nefndarmönnum verður ekki skotaskuld úr því að panta þær, að minsta kosti ef þeir eiga hlut að máli.

Hv. fjvn. leggur mjög freklega á móti till. samgmn. og einstakra þm., en jeg sje, að við 2. umr. hækkuðu útgjaldaliðirnir um 83 þús. kr., sem fór til hjeraða nefndarmanna. *(TrÞ*: Hvað fór mikið af því til Strandasýslu?). Til Strandasýslu fór mjög lítið. *(TrÞ*: Ekkert). Jú, það er fjárframlag til vegabóta. Segir svo í nál., að gert skuli þar við vegi, eftir því, sem þörf þykir. En af þessari hækkun fóru ekki nema um 13 þús. kr. í hjeruð annara þingmanna.

Háttv. frsm. gat þess, að órannsakað væri, hvort hægt væri að leggja símalínu þá, sem um ræðir í till. minni á þskj. 297. En það getur ekki verið miklum erfiðleikum bundið að leggja nýja línu frá Ísafirði til Ögurs, þar sem á að strengja hana á gamla staura. Þá þarf ekki að vera mjög erfitt að leggja línuna yfir Ísafjarðardjúp, því að það er venjulegast íslaust. En að setja loftskeytastöð í Ögri mun verða langtum dýrara. En eins og jeg gat um í dag, telur landssímastjóri nauðsynlegt að leggja þarna nýja línu, þar sem samgöngubætur þessara hjeraða eru langt frá því að vera fullnægjandi. Náskyldar þessari línu eru línur í Norður-Ísafjarðarsýslu, sem standa í símalögunum frá 1912 og ekki er farið að hreyfa við enn. En það kemur nú kannske af því, að þessar kröfur sýslubúa eru orðnar fyrndar. Gæti jeg best trúað því. En það er orðin venja nú hjer á þingi að taka línur, sem eru utan símalaganna, upp í fjárlögin.

Háttv. frsm. segir, að hjeraðsbúar hafi ekki fyr hafist handa í þessum efnum. En það er nú eftir því sem það er tekið, því að þrjú síðustu árin, og hið fjórða nú í ár, hafa komið fram eindregnar áskoranir í þessa átt á flestum þingmálafundum sýslunnar. Og þó að Norður-Ísfirðingar hafi átt mann á þingi, sem gekk linlega eftir því, að kröfur hjeraðsins væru uppfyltar, þar sem hann vildi ekki á þeim kreppuárum auka útgjöld ríkissjóðs, þá hjelt jeg ekki, að við þess vegna töpuðum rjetti okkar til þess að fá sjálfsögðum kröfum okkar framgengt. Og af því að við höfum ekki áður beðið eða verið heimtufrekir, á nú að neita okkur um þessar samgöngubætur.

Jeg býst ekki við, að samgmn. fái kost á því að koma saman og ræða þessa till. frsm. og taka afstöðu til hennar. Munu nefndarmenn því hafa óbundin atkvæði. En jeg segi fyrir mig, að jeg mun verða á móti henni. Jeg vil, að það standi með rjettu, sem á að standa, og vil ekki kaupa fylgi manna með því að fóðra þetta með öðru eða vera með nokkurt yfirvarp í þessu máli.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 10. apríl, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 273, 297, 304, 306, 310).

Tryggvi Þórhallsson: Jeg gerði ekki ráð fyrir að þurfa að taka til máls við þennan kafla fjárlaganna, og hefði ekki gert það, ef ekki hefði gefist sjerstakt tilefni til þess.

Rjett áður en hætt var umr. í gær, vjek einn háttv. þm. í umboði samgmn. þungum ámælum í garð fjvn. Jeg er ekki frsm. fjvn. við þennan kafla fjárlaganna og vil ekki taka fram fyrir hendurnar á honum, en ummælum þessum var alment beint í garð fjvn., og kann jeg ekki við að láta hv. frsm. (ÞórJ) standa einan uppi til svara.

Jeg gat ekki skilið orð hv. frsm. samgmn. (JAJ) á annan veg en þann, að svo liti út, sem þeir menn, sem sæti eiga í fjvn., notuðu þá aðstöðu sína til þess að skara eld að köku sinna kjördæma. Þessum orðum vil jeg eindregið mótmæla, og til þess að hnekkja þeim, ætla jeg fyrst að benda á, hvernig þessu víkur við í mínu kjördæmi. Það er þá skemst frá að segja, að jeg veit ekki til, að enn hafi komist inn í fjárlög einn einasti eyrir til míns kjördæmis. Jeg greip fram í fyrir hv. frsm. (JAJ) í gær, og þá nefndi hann vegagerð í Strandasýslu. Það er satt, að þar hefir verið talað um að ryðja svolítinn vegarspotta. Jeg get þessa af því að hv. frsm. (JAJ) er frá Ísafjarðardjúpi, en það er tilefnið til viðgerðar á þessum vegi, að Ísafjarðarpósturinn var rjett orðinn úti þarna, og Strandamenn kunna ekki vel við, að Ísfirðingar sjeu að verða úti hjá þeim. *(MT*: Þeir kynnu að ganga aftur!). Að öðru leyti veit jeg ekki til, að samþykt hafi verið nú ein einasta fjárveiting vegna míns kjördæmis. Það er á ferðinni ein till. um eftirgjöf á dýrtíðarláni, en þá till. þar jeg ekki fram í fjvn., enda er jeg þar bara meðflm. Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) er sjálfur aðalflutningsmaður! Finst mjer því þessi ummæli hans koma úr hörðustu átt.

Svo sem jeg vil víkja ámælum hv. frsm. (JAJ) frá mjer, vil jeg og víkja þeim frá hv. samnefndarmönnum mínum. Jeg hefi starfað með þeim í 3 ár. Það ættu þá helst að vera form. og frsm. nefndarinnar, sem reyndu að skara eld að sinni köku. En svo er ekki, og vil jeg því vísa ummælum hv. frsm. (JAJ) heim til föðurhúsanna, bæði hvað mig snertir og alla samnefndarmenn mína.

Jeg vil bæta öðru við, sem jeg veit, að hv. samnefndarmenn mínir munu staðfesta. Það eru nokkrar fjárveitingar, sem jeg hefi sjerstaklega stutt, og jeg vil benda á, hvernig þær eru dreifðar út um land alt. Jeg hefi stutt fjárveitingu til húsabóta á prestssetri austur í Rangárvallasýslu og aðra til hjeraðsskóla norður í Húnavatnssýslu, sem þó er ekki í kjördæmi hv. frsm. fjvn. (ÞórJ), til skóla í Árnessýslu, til skóla í Þingeyjarsýslu, til skóla í Borgarfjarðarsýslu, til skóla í Suður-Múlasýslu og til skóla í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Öllum þessum tillögum hefi

jeg fylgt fast og einnig stutt framlög til ýmsra verklegra framkvæmda, svo sem sandgræðslu í Rangárvallasýslu og vegalagningar í Vestmannaeyjum.

Jeg vil svo vona, að þessi ámæli háttv. frsm. samgmn. stafi af því, að orðið var áliðið kvölds, þegar hann hjelt ræðu sína og hann orðinn þreyttur og syfjaður, og er jeg reiðubúinn að sættast við hann með það fyrir augum.

Við umr. í gær komu fram ýmsar almennar athugasemdir frá einstökum háttv. þm., sem voru fullkomlega rjettmætar, enda bornar fram með fullu leyfi hæstv. forseta. Jeg tók ekki þátt í þessum athugasemdum og fyrirspurnum til hæstv. stjórnar, en mjer þykir það undarlegt, sem fram er komið, að svo virðist, sem hæstv. stjórn ætli að færast undan því að svara og humma það alveg fram af sjer. Jeg vil því eindregið skora á hana að svara þessum fyrirspurnum, því að fordæmið er afarilt, að láta eins og ekkert hafi í skorist og humma alt fram af sjer.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal út af ummælum hv. þm. Str. (TrÞ) geta þess, að í gær vildi jeg sem minst tefja tímann, þar sem jeg hjelt, að þessum kafla fjárlaganna yrði lokið í gærkvöldi. Jeg hefi þegar sagt hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald), sem bar fram kurteislegar fyrirspurnir, að jeg mundi svara honum við síðari kafla fjárlaganna. En úr því að svo fór, að ekki lauk fyrri kaflanum í gær, ætla jeg nú að gefa mjer tíma til að segja ofurlítið fjárlögunum viðkomandi, sem hv. 1. þm. Árn. (MT) gaf tilefni til. Það er viðvíkjandi ummælum hans um, að jeg hefði spáð kreppuári 1927, en ekki gefið ávísun á annað til að bæta úr því en tímann.

Jeg skal taka það fram fyrirfram í sambandi við þetta, að jeg get ekki komist hjá að minnast á gengismál, og er jeg þó ragur við það nú, því að jeg hefði kosið að halda vinskap við hv. þm. Str. (TrÞ), sem er frsm. fjvn., og vil því forðast alt, sem leitt getur til misklíðar okkar í milli, eins og nú stendur.

Jeg hefi látið í ljós þá skoðun mína, að árið 1927 verði kreppuár, og einkum tekjurýrt ár fyrir ríkissjóð. Jeg finn ástæðu til að gera nokkra grein fyrir því, á hverju jeg byggi þetta.

Árin 1924 og 1925 hafa að ýmsu leyti hagað sjer líkt og uppgangsárin 1919 og 1920. Það kom fjörkippur í atvinnuvegina árið 1919, þegar meðal annars losnaði um viðskiftin við umheiminn. Þetta hjelst fram eftir árinu 1920, en þá skall á mikið verðfall og harðari fjárkreppa en menn eiga að venjast. En á undan kreppunni voru gengnir nokkrir greinilegir fyrirboðar. Það fyrsta, sem jeg held að hafi gefið bendingu um breytinguna, var markaðurinn fyrir íslenska síld. Jeg hygg, að árið 1919 hafi hann svikið alveg. Næstum samtímis sveik markaðurinn fyrir íslenskan saltfisk, af því að eftirspurnin var ekki nægileg. Þá barst fregn frá Bandaríkjunum um að byrjað væri hrun verðbrjefa í kauphöllinni. Þetta var sumarið 1920, og menn vita, hvernig það endaði. Af þessu leiddi kreppu, sem var hörðust fyrsta árið, en stóð yfir í 3 ár, 1921, 1922 og 1923, og það var fyrst eftir þessi 3 ár, að markaður fyrir fiskinn var búinn að ná sjer svo, að mögu-leikar voru fyrir verðhækkun.

Það, sem fyrst hefir brugðist nú, er síldarmarkaðurinn. Það kom í ljós snemma í haust, að illa gekk að selja nokkurn hluta síldarinnar; því miður þann hluta hennar, sem lá í íslenskum höndum. Síðan brást fiskmarkaðurinn,

Eftirspurnin hvarf af hinum venjulegu ástæðum, og nú er svo komið, að verðið á öllum okkar útflutningsfiski er fallið langt niður fyrir það verð, sem var á honum 1924 og 1925, og meira að segja langt niður fyrir meðalverð. Þegar jeg tala um verðfall, meina jeg verðfall í gulli eða sterlingspundum, án tillits til þess, hvort við skiftum þeim sterlingspundum, sem við fáum, í fleiri eða færri íslenskar krónur.

Jeg skal þá, til þess að skýra þetta með tölum, taka verð stórfiskjar. Fyrir ári síðan var stórfiskur seldur á 8½—9 £ skp. Eftirspurnin var þá fjörug fyrst fram eftir árinu, og mátti þá selja fyrstu framleiðsluna eftir hendinni jafnóðum og fiskurinn þornaði í húsum og á reitum. Eftir því sem talið var meðalverð á stórfiski fyrir stríð í gulli og eftir þeim breytingum, sem orðið hafa á kaupmætti gullsins síðan, þá ætti meðalverðið að vera nú um 7½ £ skp.

En hvað er verðið í dag?

Að svo miklu leyti, sem varan er seljanleg, þá fæst ekki meira en 5½ £ fyrir skp.

Þetta er kreppa í viðskiftalífi þjóðarinnar, þegar önnur eins vara og stórfiskur fellur á einu ári úr 9 niður í 5 £ á skp. Og svona skörp sveifla hefir víðtæk áhrif í þjóðfjelaginu og hlýtur sjerstaklega að koma niður á tekjum ríkissjóðs. Þessi áhrif koma ekki aðeins í ljós á því ári, sem sveiflan skellur á, heldur gætir þeirra ekki síður árið eftir, þegar tekjuskattar eiga að greiðast af tekjum umliðins árs. Og um gjöld af aðfluttri vöru er nú svo farið, að lækkun þeirra kemur að mestu fram árið eftir, og það af þeirri einföldu ástæðu, að kaupmáttur einstaklinganna miðast við afkomuna næsta ár á undan.

Það vantar heldur ekki, að borist hafi fregnir frá Bandaríkjunum, hliðstæðar því, sem gerðist árið 1920. Með stuttu millibili hefir verið símað tvisvar, að stórkostlegt verðfall og hrun væri í kauphöllinni í New-York. Og síðustu fregnir herma, að eftirspurn eftir innlendum vörum fari mjög minkandi. Er hjer ef til vill byrjuð víðtækari fjárkreppa í heiminum en nokkur gerir sjer í hugarlund.

En hvað hún standi lengi þessi kreppa, skal jeg ekkert fullyrða um. Jeg er enginn spámaður, en hinsvegar hefir reynslan verið sú, að á venjulegum tímum, þegar peningagildið var fast, taldist svo til, að sveiflan stæði yfir í 7—10 ár. Þ. e. m. ö. o. uppgangs- og krepputímabilið talið að standa í 7—10 ár samanlagt. Hitt er sennilegt, og dregið af ýmsum líkum um mörg lönd, sem búa við ógullvarinn gjaldeyri, að þar verði sveiflan hraðari. Og hjá okkur hefir reynslan verið sú, að seinasta sveiflan hefir ekki tekið nema 5 ár: Kreppan 3 ár og uppgangstíminn 2 ár. Menn gætu nú vonað, að krepputíminn stæði eitthvað skemur en 3 ár, en það er engin skynsamleg ástæða fyrir því að ætla, að hún standi svo stutt, að hennar gæti ekki í fullum mæli gagnvart tekjum ríkissjóðs árið 1927.

Það er þetta, sem jeg bið hv. þdm. að hafa í huga við afgreiðslu fjárlaganna. Útgjöldin í frv. nú eru 2½ miljón kr. hærri en þau voru áætluð í fjárl. fyrir árið 1925.

Jeg ætla ekki að fara út í gengismálið, en get þó ekki látið vera að segja það, að mjer finst stundum, að þeir menn, sem tala hæst um gengi peninga okkar, gleymi því, að það hefir fleira gerst en að ísl. krónan hækkaði. Verðfalli stærstu útflutningsvöru okkar úr 9 í 5½ £ á

skp. verður ekki gengið framhjá, ef lýsa á með rjettu högum þjóðarinnar á þessum tímum, en það verðfall er genginu óviðkomandi.

Jeg lofaði því í gær, eftir að hv. 1. þm. Árn. (MT) hafði flutt sína lengu ræðu, sem öll var utan við það mál, sem þá var til umr., að minnast ekki á járnbrautarmálið fremur en gengismálið, á meðan verið væri að ræða um fjárlagafrv. og þær brtt., sem fyrir liggja. Jeg vil líka fara varlega og vænti að eiga vingott við hv. frsm. fyrri hl. (ÞórJ), þegar greiða á atkvæði um brtt. þær, sem fyrir liggja, og til þess að spilla ekki því góða samkomulagi, ætla jeg ekki að fara inn á járnbrautarmálið nú, svo neinu nemi. En af því að hann hreyfði þessu máli, vona jeg, að mjer mætti leyfast að fara örfáum orðum um það, og er það þá sjerstaklega eitt atriði, sem gefur tilefni til þess.

Hv. frsm. (ÞórJ) vitnaði í það, að ungur búnaðarskólastjóri og eldheitur járnbrautarmaður hefði farið til útlanda, en væri nú eftir heimkomu sína horfinn frá fyrri skoðunum sínum og væri á móti því, að við kæmum upp járnbraut. Já, það er vitanlega lítið við þessu að segja. Það er misjafnt, hvað menn eru greiðir að hafa skoðanaskifti í þeim málum, er þeir hafa hugsað um, og fer eftir því, hve vel þeir hafa vandað rök fyrir sinni fyrri skoðun. Þessi hv. skólastjóri hefir að sjálfsögðu haft sína fyrri skoðun rökstudda, og kemur þá til athugunar, hvað veldur því, að hann skiftir skoðun, og með hvaða rökum hann styðji það.

Eftir því, sem hv. frsm. fórust orð, voru það aðallega tvær ástæður, sem þessi skólastjóri kvaðst byggja á þá skoðun sína, að Íslendingar ættu ekki að taka upp járnbrautir. Fyrri ástæðan var sú, að sem stendur væru Frakkar að taka stórlán til þess að breyta járnbrautum sínum í rafmagnsbrautir, og er það í sjálfu sjer ekkert undarlegt, því það er þó oftast talin að vera framför á því sviði, þegar ríkin eða fjelög einstakra manna sjá sjer fært að breyta kolabrautum í rafmagnsbrautir. Hin ástæðan var litlu betri; hún var sem sje sú, að skólastjórinn hafði heyrt um eitt járnbrautarfjelag, að það ætti í basli og fjárhagsvandræðum, og með því átti þá að vera sýnt og sannað, að járnbraut mundi aldrei bera sig hjer.

Þessar ástæður eru þá þann veg, að hvorki skólastjórinn eða hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) geta vænst þess, að þær breyti skoðun þeirra manna, sem annars trúa á rjettmæti járnbrauta, og ekki síst vegna þess, að þeir vita, að á öllum Norðurlöndum er hvergi reynt að komast af með bílveg eingöngu, þar sem eins mikil flutningaþörf er og á sjer stað milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, og það enda þótt hægt sje að nota veginn árið um kring, sem hjer kæmi ekki til greina. Því hvað góður og fullkominn, sem bílvegurinn væri, mætti þó ekki gera ráð fyrir, að hann yrði fær alla leið austur yfir fjall nema kannske rúmlega hálft árið, og stundum ekki það.

Út frá slíkum forsendum sýnist mjer, að draga megi þá ályktun, að þessi seinni skoðun skólastjórans muni ekki á það góðum rökum bygð, að hann geti ekki auðveldlega breytt um skoðun enn.

En úr því hv. frsm. fór að segja þessa sögu, langar mig að rifja upp aðra.

Það var einu sinni þingmaður, sem hafði góða trú á áveitum. Hann var barn sinnar aldar og trúði því, sem hann og

aðrir höfðu sjeð og þreifað á: að óbrigðulasti og grasgefnasti reiturinn, sem hann vissi deili á, var Safamýri, og alt það grasflæmi hafði komið upp úr ófrjóu landi fyrir fáum mannsöldrum. Hann vissi líka, að mannshöndin hafði ekki verið þar að verki og hjálpað ræktuninni á veg. Náttúran sjálf hafði sent vatnsföll og jökulleðju yfir svæðið og frjóvgað það svo, að þessi akur brást aldrei hverju sem viðraði — jafnvel grasleysissumarið 1882, þegar bestu tún brugðust og varla vottaði fyrir gróðri á óræktaðri jörð, stóð Safamýri í fullum blóma og vafin grasi.

En svo kom að því, að þessi þm., sem jeg kannast við að var barn sinnar aldar, las ritgerð eftir mann, sem hann hjelt að væri lærðari en hann sjálfur, og í þessari ritgerð stóð meðal annars það, að jökulvötn flyttu ekki með sjer köfnunarefni. Og þetta hafði þau áhrif á þm., að hann misti algerlega trúna á áveitur þær, sem jökulvatn rynni um. En þetta er ekki nóg fyrir okkur hina, sem höfum aldrei búist við því, að jökulvatn flytti með sjer köfnunarefni sem neinu nemur, en sjáum samt dæmi þess, að grasvöxtur bregst aldrei þar, sem jökulárnar flæða yfir. Og við skiftum ekki um skoðun, þótt við lesum svona ritgerð. Við vitum, að þrátt fyrir allan lærdóm mannsins, hefir hann ekki rannsakað, af hverju það stafar, að graslitlar þjóttumýrar hafa breyst í sjálfsveitusvæði eins og Safamýri, sem aldrei bregst.

Þá ætla jeg að víkja örlítið að því, sem fyrir liggur í fjárlagafrv. Jeg hefi bent á það áður, að frv. eins og það kom frá stjórninni fer fram á, að meiri og hærri upphæðir verði veittar til verklegra framkvæmda en nokkru sinni áður.

Mjer skildist á orðum hv. þm. Ak. (BL), að hann væri þeirrar skoðunar, að óvarlega sje farið hjá stjórninni að gera frv. svo úr garði. Stjórnin hafi gengið fulllangt í fjárveitingum til verklegra framkvæmda og ekki skilið eftir nóg svigrúm handa hv. þm., svo þeir geti fengið sínar óskir uppfyltar.

Þessu verð jeg að mótmæla. Stjórnin varð að álíta rjett að taka upp í frv. svo mikið fje til verklegra framkvæmda, sem fjárhagurinn framast þyldi, og vildi í því efni fara meira eftir tillögum óhlutdrægra framkvæmdarstjóra ríkisins og annara trúnaðarmanna heldur en eftir till. einstakra hv. þm.

Í því sambandi vil jeg benda á það, að frv. er þann veg samið, að þeir, sem vilja bera fram forsvaranlegar hækkunartill., verða að koma með á móti tilsvarandi lækkunartill. á öðrum liðum. M. ö. o., þeir verða að fella niður þá liði, sem þeir álíta, að megi bíða, en setja annað í staðinn, sem að þeirra dómi þolir enga bið.

Hitt álít jeg órjett og hættulegt, að það verði föst þingvenja, að hv. þm. geri eins og í fyrra, er ekki komu fram aðrar breytingar á fjárlögunum í þinginu en hækkanir á útgjöldum með tilsvarandi hækkun á tekjuáætlun. Sú hugsun á að ráða, að hækka og lækka útgjaldaliði frv. jöfnum höndum, en forðast hitt, að bera fram einhliða gjaldaukatill. á kostnað teknanna. Jeg verð að álíta það eðlilegra eins og frv. er samið, að hv. þm. leituðu eins mikið eftir, hvað mætti lækka eða fella niður í útgjöldunum eins og hitt, að miða allar till. sínar við aukin gjöld og nýjar hækkanir.

Það hafa komið fram till. um hækkun rekstrarkostnaðar sýslumannaembætta og flóabáta. Þegar stjórnin samdi frv. var krónan nýhækkuð, og jeg skal játa, að jeg var í vafa um, hvort ekki ætti að taka

afleiðingarnar af þessari hækkun, hvort ekki ætti að lækka tilsvarandi rekstrarútgjöld opinberra stofnana, svo sem spítala, skóla o. fl. þ. h., því vænta má lækkandi útgjalda með lækkandi dýrtíð.

En þó að þetta væri ekki gert, að lækka þessi rekstrarútgjöld nú, verða menn að gera sjer ljóst, að sú lækkun verður að koma fram á næsta ári. Það á ekki að valda tjóni, þó að hún sje ekki tekin upp í þetta frv., en hún verður þá að koma fram í því fjárlagafrv., sem lagt verður fyrir þingið 1927.

Vegna þessa er það því varhugaverðara að bera fram till. um hækkun rekstrarkostnaðar nú. Þetta segi jeg þó ekki vegna sýslumannanna. Mjer er kunnugt um, að þeir hafa verið vanhaldnir að undanförnu, launin lág, en störfin aukin. En þegar farið er fram á meiri hækkun á rekstrarkostnaði flóabáta en hæstv. atvrh. (MG) vill vera láta, þá þykir mjer það ekki vera rjett. Rekstrarkostnaður flóabáta á að verða lægri 1927 en undanfarin ár, og það af þeim ástæðum, að margt, sem til rekstrarins er notað, hefir fallið í verði. Því er óþarft og óeðlilegt að hækka styrk fyrir sama rekstur flóabáta og verið hefir áður. Þess vegna legst jeg á sveif með hæstv. atvrh. og legg til, að hv. þdm. felli þessa till. um hækkun á styrk til flóabáta. Aftur á móti læt jeg liggja milli hluta, hvort veita á fje til þess að setja nýja vjel í skip eða þá til skipakaupa. Slíkt er alt annars eðlis, og má vel vera, að sje á fullum rökum bygt.

Jeg veit, að það er hart að mæla á móti fjárframlögum til símalagningar eins og þeirri, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) flytur. En þó má ekki gleyma, að í frv. er fyrir óvenjumikil fjárveiting til síma — um 330 þús. kr. — sem ætlast er til, að komi að talsverðu gagni því hjerað, sem þessi hv. þm. ber mest fyrir brjósti. Þessi nýja lína, sem á að leggja, kemur til að ljetta til stórra muna á þeirri línu, sem liggur nú frá Borðeyri og til Ísafjarðar, svo að greiðara verður um alla afgreiðslu heldur en áður. Jeg hefi líka veitt því eftirtekt, að forsvarsmenn þessara hjeraða hafa farið fram á aukinn símakostnað árið 1928, og mætti þá koma til álita, hvort ekki mundi hægt þá að fullnægja þessari beiðni hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), enda er þetta svo stór upphæð, að mjer finst ekki rjett, að hún nái samþykki nú á þessu þingi.

Í sambandi við það, sem sagt var um að Vestfjarðalínan væri ofhlaðin, þá vil jeg geta þess, að landssíminn er kominn inn á þá braut að auka þræði á línum og telja með rekstrarkostnaði. Er þetta mjög eðlilegt, enda mundi hvert einstakt fyrirtæki fara svo að, því með því er verið að gera sambandið greiðara og tryggara. Mundi þá, ef tregða yrði á símaafgreiðslunni í Ísafjarðarsýslu, ef til vill mega bæta við aukaþræði, án þess að fje til þess stæði í fjárlögum.

Um hinar smærri brtt. ætla jeg ekkert að segja. En þeirri áskorun vildi jeg leyfa mjer að beina til hv. þdm., að þeir sjeu hv. fjvn. samtaka um það að standa móti þeim hækkunartill., sem hún er einhuga um, að ekki fái fram að ganga.

Jakob Möller: Mjer þykir það nokkuð hart að gefa hv. fjvn. einræði eða einveldi yfir fjárl., og jeg veit ekki til þess, að hún hafi það vald að rjettum lögum, og jeg vil því leyfa mjer að mótmæla algerlega tilmælum hæstv. fjrh. (JÞ).

Það eru aðeins 2 brtt., sem jeg á á þskj. 297 við þennan kafla fjárlagafrv. Hefir hv. frsm. (ÞórJ) lagt á móti þeim báðum,

og hæstv. forsrh. (JM) hefir líka minst á þær. Hann lagði ekki á móti fyrri till., um hækkun á skrifstofukostnaði sýslumanna og bæjarfógeta, og fór vingjarnlegum orðum um síðari till., styrkinn til Skúla Guðjónssonar, og get jeg verið honum þakklátur fyrir það. En með því að hv. frsm. aðeins vitnaði í ræðu hæstv. forsrh. um skrifstofukostnað sýslumanna, þá þarf jeg ekki að svara honum, en ætla nánar að athuga ummæli hæstv. forsrh. Hann hjelt því fram, að um sýslumannaembættin úti um land væri öðru máli að gegna en um bæjarfógeta- og lögreglustjóraembættin í Reykjavík, sem væru stofnuð með sjerstökum lögum og ætti að borga kostnaðinn af þeim eftir reikningi. Þetta er nú alls ekkert frábrugðið, því í launalögunum frá 1919 eru hvortveggja embættin tekin til sömu meðferðar, talin upp í 11. gr. og að kostnaðurinn, sem um ræðir í þessari gr., skuli greiddur sem þar segir. Hæstv. atvrh. (MG) segir, að bæjarfógetinn og lögreglustjórinn í Reykjavík hafi ekki gengið undir þessi lög og lúti því lögunum frá 1917, um skifting bæjarfógetaembættisins í Reykjavík. En þetta breytir engu í raun og veru. Því að í lögunum frá 1917 er svo fyrir mælt, að skrifstofukostnaður þessara embættismanna skuli ákveðinn í fjárlögum, en það er ekkert tekið fram um það, að hann eigi að greiðast „eftir reikningi" frekar en skrifstofukostnaður embættismannanna úti um land. En í hvorumtveggja lögunum er svo fyrir mælt, að skrifstofukostnaðurinn skuli greiddur úr ríkissjóði. Munurinn er aðeins sá, að kostnaðurinn er ákveðinn til 5 ára í senn úti um land, en hjer í Reykjavík á samkv. lögunum frá 1917 að ákveða hann fyrirfram fyrir hvert ár, og er tilgangur laganna bersýnilega sá sami í báðum tilfellum, að borga skrifstofukostnað embættanna það, sem með þarf. Enda liggur það í breytingum þeim, sem gerðar voru á launalögunum 1919, að meiningin var að borga kostnaðinn aðeins á annan hátt en áður, en aukatekjur embættanna áttu að ganga til þess að standast þau útgjöld.

Hæstv. forsrh., sem annars talaði sanngjarnlega um þetta, sagði, að erfitt væri að ákveða sanngjarnt, hvað þyrfti á hverjum stað, því að kröfurnar væru misjafnar, og nefndi ýms dæmi því til sönnunar. Því ber ekki að neita, að munurinn á þessum kröfum er lítt skiljanlegur í fljótu bragði, en jeg finn þó skýringu á þessu í einstökum tilfellum. T. d. nefndi hæstv. forsrh., að í Snæfellsnessýslu sæti duglegur og mjög starfhæfur embættismaður, sem ekki þyrfti nema 4000 kr. En sýslumennirnir í Skagafjarðar- og Húnavatnssýslum þættust þurfa 5 þús. kr. Jeg skal ekkert um það segja, hvort Snæfellsnessýsla er umfangsminni en hinar eða hvort sýslumaðurinn þar leggur fram meira starf sjálfur, en jeg veit hitt, að það stendur dálítið ólíkt á um þessa embættismenn að öðru leyti. Sýslumaður Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu komst að mjög góðum kaupum á húsi og hefir þar af leiðandi minni húsnæðiskostnað en hinir, sem báðir þurftu að byggja hús, og varð annað þeirra mjög dýrt. Hafa þeir því þurft að leggja í mikinn kostnað, svo að munurinn, sem hjer er um að ræða, er ekki langt frá því að vega upp á móti kröfum þessara manna. Jeg sje ekki, að það sje neitt ósanngjarnt að taka tillit til þessara sjerstöku kringumstæðna, heldur finst mjer það miklu fremur skylt að gera það. Í þeim plöggum, sem fyrir liggja, segir sýslumaður Skagafjarðarsýslu, að vegna þess, hve lítið sje lagt til em-

bættisins, sje hann að verða á eftir með afgreiðslu málanna, því að hann verði að spara útgjöld til alls. Mjer finst það því auðsætt, að það borgar sig ekki fyrir ríkissjóð að skera bæði við nögl sjer kostnaðinn til þessara embætta og jafnframt ofhlaða embættismennina störfum, því að það miðar aðeins til þess, að þeir geta ekki staðið í stykkinu og ekki rækt embætti sín sæmilega. Jeg get ímyndað mjer, út frá þessum dæmum, sem hæstv. forsrh. nefndi, að eitthvað svipað kunni að vera annarsstaðar. Hvað snertir Húnavatnssýslu, ef hún er borin saman við Snæfellsnessýslu, þá er þess líka að gæta, að hún er tvískift, og er sýslumaðurinn þar oddviti tveggja sýslunefnda; er aukakostnaður að því, og svo má fleira telja. Hjer við bætist svo það, sem hæstv. fjrh. benti á, að störf sýslumanna eru að aukast, og síðastliðið ár bættist það við, að þeim er lagt á herðar að safna innflutnings- og útflutningsskýrslum með öðrum hætti en áður, og hefi jeg orðið þess var, að sýslumennirnir telja þetta hafa orðið til þess að auka starfrækslukostnað embættanna til muna. Hinsvegar verður að hafa eftirlit með embættisrekstri þeirra og láta þeim ekki haldast uppi að vanrækja embætti sín. En samkv. lögum eiga þeir fulla heimtingu á því að fá greiddan þann kostnað, sem þeir hafa af embættum sínum. Nú hafa þeir ekki farið fram á nema 100 þús. kr., þótt þeir gerðu ráð fyrir, að meira þyrfti og samanlagðar kröfur þeirra nemi meiru en þessari upphæð. Held jeg því, að rjett sje að hækka þessa upphæð og vona, að hv. þm. athugi, að þetta er áætlunarupphæð, eins og hæstv. forsrh. tók fram, og er þá enn rjettmætara að færa þessa áætlun upp í 100 þús. kr.

Viðvíkjandi styrknum til Skúla Guðjónssonar hefi jeg fátt að segja. Hæstv. forsrh. hefir talað hlýlega um hann og hv. frsm. hafði lítið um hann að segja, en vísaði til ummæla einstakra lækna, sem teldu þetta ekki nauðsynlegt. Jeg vil nú vísa til þess, að þegar þessi maður sótti um styrk til að nema þessi fræði fyrir nokkrum árum, þá hafði hann eindregin meðmæli háskólaráðsins, Læknafjelags Reykjavíkur og landlæknis og fleiri „autoriteta“. Og hvernig hafa þeir farið að því að mæla með styrk til þessa manns, ef þeir álíta starf hans óþarft? Skýringin liggur nærri, og tel jeg rjett að skýra frá þeirri einu hugsanlegu skýringu, sem er sú, að þegar starfssvið mannsins er fjarlægt, þá mæla þeir með styrknum, en þegar hann ætlar að setjast að heima og vinna á þessu sviði, þá lendir starfssvið hans á sviðum þeirra sömu manna, sem höfðu mælt með styrknum til hans. Þetta er eina skýringin, og má telja þetta dularfult fyrirbrigði. Jeg hygg, að málið hafi ekki verið lagt fyrir læknadeild háskólans, og er það mikill galli á meðferð málsins, og myndi það liggja öðruvísi fyrir nú, ef það hefði verið gert. Jeg vil taka það fram og vekja athygli á því, að í Alþt. 1923 eru prentuð meðmæli læknadeildar háskólans á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fyrsta lagi, að það væri mjög æskilegt, að völ væri á sjermentuðum lækni í þessari grein, og að staðgóð þekking á henni myndi koma að góðum notum, hvort heldur sem umsækjandinn verður síðar hjeraðslæknir eða starfar á annan hátt í landsins þarfir. Og í öðru lagi, að Skúli Guðjónsson sje efnilegur læknir og líkindi til, að styrkur, sem honum yrði veittur, komi að tilætluðum notum. Deildin er því á einu máli um að gefa umsókn hans bestu meðmæli.“

Þessi meðmæli eru svo góð, að betri er ekki hægt að hugsa sjer. Jeg fæ því ekki

sjeð, hvernig hægt er að skýra afstöðu hv. frsm. til þessa máls, er hann segir, að nú hafi komið andmæli frá læknum viðvíkjandi þessum styrk.

Jeg er alveg sannfærður um, að hjer er um að ræða afarþýðingarmikið mál fyrir heilbrigðismál landsins. Við erum orðnir á eftir öðrum þjóðum í þessu efni, og er okkur því sjerstök nauðsyn að kynnast sem best framförum annara þjóða á þessu sviði. Annars er jeg ekki neinn sjerfræðingur á þessu sviði, en jeg leyfi mjer að vísa að öðru leyti til meðmæla þeirra „autoriteta", sem jeg hefi nefnt.

Til samkomulags ætla jeg að flytja skriflega brtt. til vara og færa upphæðina niður, ef ske kynni, að hv. deild fjellist þá á lægri till.

Viðvíkjandi till. háttv. þm. Dal. á þskj. 297,XV, er það að segja, að hv. frsm. hefir lýst yfir afstöðu hv. fjvn. til þeirra, að hún geti ekki fallist á, að þær verði samþyktar, af því að engin áætlun sje til um þessar framkvæmdir. Jeg vil nú segja það, að þetta er ekki fullnægjandi ástæða til þess að vera á móti þessu, ef framkvæmd þess, sem till. fara fram á, er nauðsynleg fyrir hlutaðeigandi hjeruð og líkleg til þess að verða til mikilla hagsbóta fyrir þau. Jeg er alveg viss um, að hv. þm. eru sjálfir sannfærðir um, að ekki getur liðið á löngu, þangað til þessi akvegur, sem um ræðir í annari tillögunni, kemur yfir Bröttubrekku, og er engin sanngirni í því að láta þetta dragast, úr því að kominn er vegur upp Norðurárdal og hjeraðið á afarerfitt með allar samgöngur.

Hinsvegar er á það að líta, að þetta eru brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1927, og má því rannsaka þetta áður en ráðist verður í framkvæmd verksins. Það er nógur tími til þess.

Um hitt atriðið, að setja kláf á Krosssund milli Langeyja við Skarðsströnd, er það að segja, að vegamálastjóri hefir athugað það, og eftir hans umsögn má gera ráð fyrir, að það kosti ekki meira en till. ræðir um, en þó mun það kosta alt að 4 þús. kr., en líka alls ekki meira. Og þar sem þetta er mikil samgöngubót, þá er ekki í það horfandi að bæta úr hinni miklu þörf, sem hjer er fyrir hendi. Það er að vísu satt, að vegamálastjóri álítur ekki brýna þörf fyrir þessa samgöngubót. En það stafar af því, að hann veit ekki, hve umferðin er mikil þarna. Hann hefir ekki komið á þennan stað, þegar umferðin teppist mest, nefnilega vor og haust. Á öðrum tímum má komast á bát yfir sundið, og þess vegna hefir hann ekki orðið var við þennan farartálma. Hinsvegar kemur þörfin best fram í hinum mikla áhuga, sem er í þessu hjeraði fyrir að fá þessa samgöngubót, því að það hefir eindregið verið farið fram á það á þingmálafundum að fá þetta.

Jón Baldvinsson: Jeg þarf ekki að tala langt mál út af brtt., sem jeg flyt á þskj. 297,III, ásamt tveim öðrum hv. þm., um samningu á efnisyfirliti yfir Stjórnartíðindin. Það hefir verið tekið svo vel undir það að framkvæma þetta verk, sem við höfum lagt til að veitt yrði fje til, og jeg vil taka till. aftur, þar eð hæstv. forsrh. hefir lýst því yfir, að hægt yrði að byrja á þessu ári á verkinu og taka til þess nokkuð af því fje, sem ætlað er til útgáfu á Stjórnartíðindunum. Og þess vegna, þar sem hæstv. forsrh. hefir sagt, að þetta verði gert, sje jeg ekki ástæðu til þess að halda við þessa brtt. og tek hana því aftur.

Jeg hefi beint ýmsum fyrirspurnum til hæstv. ráðherra (JM, MG og JÞ), og er það rjett, að jeg krafðist þess ekki, að þeir svöruðu þegar í stað, en þó undir þessari

umræðu. Annars er hægt að fara aðra leið til þess að fá svar við þessum spurningum. *(Atvrh. MG:* Jeg er búinn að svara hv. þm. undir fjögur augu). Já, jeg kem að því síðar. *(TrÞ:* Undir fjögur augu?! — *Fjrh. JÞ:* Jeg svara seinna). Hæstv. fjrh. segist svara seinna, en hæstv. atvrh. segist hafa gert það undir fjögur augu, og þótt hann hafi sagt ástæður sínar, þá álít jeg, að þær eigi að koma í þingtíðindunum. Auðvitað getur hæstv. stjórn neitað að svara, af því að það heyri ekki þessum umr. til; en vita má hún þó, að þm. geta altaf borið fram sjerstakar fyrirspurnir um þau mál, er þeir vilja fá upplýst, og býst jeg ekki við að þeir komist hjá að svara, ef sú leið verður farin. En ef þeir ætla að afsaka sig með því, að þetta sje 3. umr. fjárlagafrv. og þar eigi ekki þessar umr. heima, þá vil jeg aðeins geta þess, að núverandi hæstv. fjrh. (JÞ) hefir áður hjer á þingi sjálfur hafið nokkuð almennar umræður, svo sem vant er að gera á eldhúsdeginum. Jeg vil fá skýr svör og get ekki tekið gild nein persónuleg svör, og jeg álít, að fyrirspurnir mínar eigi að koma til umr. nú við fjárlagaumr. En ef hæstv. atvrh. telur þær óskyldar umr. um fjárlagafrv., sem jeg játa að þær eru hvað efni þeirra snertir, þá getur gefist tilefni til þeirra síðar, og get jeg þá borið þær fram, og sömuleiðis gæti komið til mála að bera þær fram sjerstaklega í fyrirspurnarformi.

Jeg býst við, að hæstv. fjrh. gefi úrlausn við seinni kafla fjárlagafrv., og er mjer engin þökk í því að fá úrlausn við þennan kafla, því að jeg á ekki eftir að fá að tala aftur við þennan kafla, og úr því að þeim er þökk í því að verða ekki að svara fyrri en við seinni hluta 3. umr., þá skal jeg ekkert hafa á móti því. Get jeg þá staðið upp og gert þær aths., sem mjer þykir þurfa.

Jeg þyrfti nú raunar ekki að segja meira, úr því að jeg ljet niður falla að sinni umr. um fyrirspurnir mínar, en það hafa tveir hv. þm. gefið mjer tilefni til að gera aths. við ræður þeirra, og eru það hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. þm. Ak. (BL). Jeg ætla fyrst að minnast á hv. þm. Ak. Hann mintist á það í gær með almennum orðum, að hann harmaði það, að lækkun á tollum hefði ekki orðið meiri en raun er á orðin. Hann sagði, að sú von, sem menn hefðu gert sjer um tollækkun á þessu þingi, væri alveg að hverfa. Jeg verð nú að segja það, að mjer finst þetta koma alveg úr hörðustu átt, þar sem þessi ummæli koma frá *þessum háttv. þm.* Hann á nú einmitt sæti í hv. fjhn., sem tollmálin alveg sjerstaklega heyra undir, og hafði því ágæta aðstöðu til þess að beita sjer fyrir því að fá tollana afnumda. Jeg ætla, að honum hafi verið alvara, að gengisviðaukinn hyrfi, en þegar frv. um afnám gengisviðaukans var borið fram, þá greiddi þessi sami hv. þm. atkv. á móti því. Hann vildi ekki einu sinni ganga svo langt í því að afnema tolla. Þess vegna er það, að vonin um að tollarnir verði afnumdir er horfin með öllu, honum sjálfum að kenna. Jeg segi þetta að gefnu tilefni, því þessi hv. þm. hefir áður sagt á opinberum fundi, að hann væri því fylgjandi, að tollar yrðu afnumdir.

Út af því, sem þessi hv. þm. sagði, að það væri að vísu nokkur upphæð, sem ljett væri af almenningi með breytingunni á gengisviðaukanum, vil jeg segja nokkur orð.

Sú ljetting á gengisviðauka, sem ráðgerð er, kemur ekki fram sem veruleg lækkun á hinum feiknamiklu sköttum á

almenningi. Meðan gengisviðauka og verðtolli á nauðsynjavörum er viðhaldið, er ekki um slíkt að ræða. En því, að bæta úr þessu með afnámi hinna þyngstu tolla, hafa fjárhagsnefndarmenn með hv. þm. Ak. verið á móti. Hv. þm. hældi nú mjög núverandi hæstv. stjórn og kallaði hana góða og ágæta, eins og hann komst að orði. En þó kom svo síðar, að hann áleit, að þessi sama hæstv. stjórn hefði búið til óvarleg fjárlög. Það virðist vera næsta lítið samræmi í þessu, því að í því að segja, að stjórnin hafi samið óvarleg fjárlög, felst mjög þung ásökun, einkum þegar þess er gætt, að þetta er sagt af stuðningsmanni hæstv. stjórnar. Jeg vildi aðeins benda á þetta, af því að það sýnir meðal annars vel, hve fylgi hæstv. stjórnar fer þverrandi hjá fylgismönnum hennar.

Jeg ætla þá næst að víkja nokkrum orðum að hv. þm. N.-Ísf. Hann kom eins og skollinn úr sauðarleggnum og fór að hamast á verkakaupi og gekk svo langt, að hann hafði í hótunum um verkbann, ef vinnulaun verkamanna yrðu ekki lækkuð. Jeg vildi nú benda á það, hvað sem þessum stóryrðum hv. þm. líður, að enginn getur sagt það með sanni, að vinnulaun hafi ekki lækkað, því að þau hafa lækkað mikið. (*JAJ*: Já, þar sem forsprakkarnir í Reykjavík ná ekki til). Það er nú aðeins eitt fjelag, sem samningar hafa ekki tekist við. Jeg vil líka benda á það, að það er engin sanngirni að ætlast til þess, að vinnulaun lækki niður í það, sem þau voru 1914. Aðstaðan er nú að mörgu leyti svo ólík, að það er algerlega rangt að ætlast til, að alt fari í sama horfið og þá var. Sumir stærstu opinberir útgjaldaliðir landsmanna hafa ekkert lækkað, og það er ekki talin ástæða til þess að þeir geri það. T. d. vil jeg benda hv. þm. á það, að kostnaður við samgöngur á sjó mun nú nema um 350 þús. kr. Í 13. gr. fjárl. eru veittar 295 þús. til þessa, og þar við má bæta fjárveitingu, sem er alveg víst, að verður greidd, sem sje 60 þús. kr. til Eimskipafjelags Íslands, en 1914 var þessi upphæð ekki nema liðugar 100 þús. kr. (*Atvrh. MG*: Það eru bara miklu meiri samgöngur nú en þá; það er ástæðan). Það er nú mjög vafasamt, hvort samgöngurnar eru nokkuð meiri nú en þær voru fyrir ófriðinn, en kostnaðurinn við þær heimtar hærri tölur eins og við alt annað.

Jeg álít sem sje, að engin ástæða sje til að ætlast til þess, að vinnulaun lækki niður í það, sem þau voru 1914, og mjer er kunnugt um, að margir atvinnurekendur hafa gengið inn á það, að sanngjarnt væri, að launin 1914 væru hækkuð um 50% og síðan bygt á því sem grundvelli. Það mun t. d. hafa verið lagt til grundvallar í samningum prentara við prentsmiðjueigendur.

Jeg álít svo ekki, að þörf sje á að segja meira um þetta að sinni. Jeg á ekki rjett á að taka aftur til máls við þennan hluta þessa kafla fjárlaganna, en ef einhver hv. þm. kemur fram með andmæli, mun jeg svara þeim við umr. um síðari hlutann.

Benedikt Sveinsson: Það er ekki ætlun mín að rífa niður till. annara hv. þm., þó að hæstv. fjrh. (JÞ) segði, að þeir, sem kæmu fram með nýjar brtt., rifu með því niður fyrir öðrum. Jeg ætla einmitt að fara að dæmi hæstv. fjrh. og fara vel að þessari hv. deild, með því að atkvgr. er nú fyrir dyrum, og vil jeg minna hv. þm. á það, að jeg hefi greitt atkv. með mörgum till. þeirra við 2. umr. Mjer heyrðist á háttv. frsm., að vegamálastjóra væri ekki

kunnugt um nauðsyn þess, sem hin litla brtt. mín fer fram á, að fá brú á Brunná, og jafnvel, að hann þekti ekki ána. Það væri reyndar ekki svo undarlegt, því að það er ofætlun ungum verkfræðingi að þekkja allar torfærur á landi voru, jafnvel þótt hann hafi einhverntíma farið yfir þær að hásumarlagi. En þegar jeg átti tal við vegamálastjóra rjett fyrir jólin um þessa brú, tók hann svo vel í mál mitt, að maður, sem gekk við hlið mjer, sagði við mig á eftir, að þarna hefði jeg fengið brú í jólagjöf handa kjósendum mínum, og kvaðst óska mjer til heilla, því að margur mundi fá lakari jólagjöf. Nú virðist þetta horfa öðruvísi við, eftir því, sem háttv. frsm. sagði, en áin hefir þó ekkert breytt sjer; hún er engu minni farartálmi en áður, þar sem hún fellur eftir miðju hjeraði, á lögteknum þjóðvegi og kaupstaðarvegi, eins og jeg hefi áður rjettilega lýst. Jeg vona þess vegna fastlega, að háttv. deild verði ekki á móti fjárveitingu til brúar þessari, því að á þessi er mikill farartálmi og ófær yfirferðar með vagna eða bifreiðar, sem eru þau samgöngutæki, sem í mörgum hjeruðum hafa orðið til mikilla samgöngubóta. Það liggur að vísu ekki fyrir nein kostnaðaráætlun, en jeg held, að það geri ekki svo mikið til, því að þá er að minsta kosti ekki um neina skakka áætlun að ræða, eins og stundum kemur fyrir.

Jeg mun ekki fjölyrða meira um þetta, en vil mæla mjög sterklega með till. háttv. 3. þm. Reykv. um styrk til Skúla læknis Guðjónssonar. Þessi maður er mjög vel að sjer; hann hefir skrifað vísindalegar ritgerðir í útlend tímarit og sýnt það ljóslega, að hann var þess trausts maklegur, sem Alþingi bar til hans, er það styrkti hann til náms. Það væri líka brigð gagnvart þessum manni, ef þingið kipti nú að sjer hendinni, þar sem það hefir styrkt hann til þessa náms áður í sjerstökum tilgangi og þar með gefið honum vonir um starf hjer heima. Það væri ef til vill verjandi, ef svo mikið hallæri væri í landinu, að vjer gætum ekki haldið uppi sóttvörnum, þó að svarti dauði eða önnur slík pest væri á ferðinni. En nú er frekar góðæri í landinu og þess að vænta, að háttv. þm. sjái sjer fært að samþykkja þessa till.

Björn Líndal: Jeg er hræddur um, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafi ekki skilið mig rjett í gær. Það er satt, að jeg hafði trú á, að hægt væri og vildi hlynna að því að afnema gengisviðauka af öllum nauðsynjavörum, og jeg gekk nauðugur til þess að halda honum við. En tímarnir breytast, og það, sem er óbærilegt í ár, getur orðið bærilegt að ári. Og þegar rætt er um að ljetta af þjóðinni sköttum, þá finst mjer, að fyrst beri að snúa sjer að því, sem þyngst hvílir á henni og er henni mest til hnekkis, og það getur verið annað á þessu ári en það var í fyrra. Það var þess vegna, að jeg var ekki með því að afnema gengisviðauka á kaffi og sykri, og að jeg áleit, að það væri mikilvægara að reyna að tryggja það, að sjávarútvegurinn færi ekki í kaldakol, svo að af hlytist alment atvinnuleysi og þá jafnframt skortur á daglegu brauði, heldur en það að gera þjóðinni kaffi- og sykurneyslu nokkru ódýrari. Jeg lít nú svo svörtum augum á framtíð útgerðarinnar í landinu, að jeg álít, að þar þurfi bráðrar aðgerðar við. Þessi atvinnuvegur stendur nú óvanalega höllum fæti, bæði vegna stórkostlegs verðfalls á framleiðsluvörunni og vegna gengishækkunar, og ennfremur vegna of mikils framleiðslukostnaðar. Þetta veit

hv. 2. þm. Reykv. vel. Af þessum ástæðum álít jeg, að meiri ástæða sje til að ljetta af framleiðslunni einhverjum sköttum heldur en af þeim, sem búa nú við þann eld, sem aldrei hefir betur brunnið. Verkamenn hafa aldrei haft eins gott kaup og þeir hafa nú, og það væri ekki nema gott, ef atvinnuvegurinn gæti borið það. Ef hv. þm. efast um, að hagur útgerðarmanna sje svona slæmur, ætti hann að líta í vasa þeirra og sjá, hvernig þar er um að litast. Jeg vona, að jeg hafi nú skýrt það nægilega fyrir hv. þm., hvers vegna jeg var ekki með því að afnema með öllu gengisviðauka og verðtoll, sem sje vegna þess, að jeg áleit, að á öðru riði meira. Þá virtist hv. 2. þm. Reykv. hafa orðið var við missögn eða mótsögn í ræðu minni, þar sem jeg hefði hælt hæstv. stjórn, en þó sagt, að hún hefði samið óvarleg fjárlög. Jeg lít nú svo á, að sú stjórn væri vandfundin, sem ekkert mætti að finna, og að við höfum nú stjórn, sem óvanalega lítið megi að finna. Þá vil jeg og neita því ákveðið, að jeg hafi brugðist vonum kjósenda minna hvað snertir afnám á gengisviðauka og verðtolli, því að jeg veit, að meðal þeirra eru margir, sem hafa þann eina rjetta skilning á öllum tollmálum, að fyrst beri að ljetta af þar, sem tollarnir hvíla þyngst á og koma ranglátast niður.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Það er ekki mikið, sem jeg þarf að taka fram. Hv. þm. N.-Ísf. rjeðist allóvægilega á fjvn. í gærkvöldi, og verð jeg að svara honum með nokkrum orðum. Hv. þm. virtist vera í mjög illu skapi, líklegast af óhagstæðri verslun í svipinn, og var sjerstaklega reiður yfir því, að fjvn. hefði ekki lesið brjef frá samgmn. til hennar. Það er að vísu satt, að það kom brjef, ekkert merkilegt þó, frá þessari hv. nefnd og hefir flækst innan um ca. 200 skjöl, sem lágu hjá nefndinni, og mun henni hafa sjest yfir það; enda ekki undarlegt, því að skil eða álit frá þessari nefnd hafa ætíð komið í ótíma og aldrei verið rædd í fjvn. á rjettum tíma. Hvað viðvíkur till. hv. samgmn. um báta- og vjelakaupastyrki, þá er það alls ekki venja að styrkja menn til að kaupa báta eða hluta í þá, heldur til þess að halda uppi ferðum, ef báturinn er til, og liggur þá í hlutarins eðli, að báturinn verður að vera ferðafær. Þessi hv. nefnd hefir hlutað þetta niður ósköp barnalega, og jeg vil ekki segja, að hún hafi gert sig hlægilega, en hún hefir að minsta kosti orðið þessari hv. deild til mikillar skemtunar.

Hv. þm. N.-Ísf. er að veitast að fjvn. fyrir störf hennar, en jeg vil benda honum á, að hv. samgmn. sat í 8 vikur yfir litlu máli, sem hægt hefði verið að afgreiða á einum fundi með sæmilega skynsömum mönnum. Þá verð jeg að gera hv. þm. nokkur skil fyrir því, að hann hjelt því fram, að fjvn. hefði verið hlutdræg í till. sínum um fjárveitingar. Jeg held, að það hafi því miður verið óheppilegt fyrir hv. þm. að minnast á þetta, því að jeg hygg, að þessi ásökun gæti illa snúist gegn honum sjálfum. Hv. þm. sagði, að nefndarmenn fjvn. hefðu fengið 80 þús. kr. handa sínum kjördæmum. Þetta kann nú vel að vera og er ekkert undarlegt, þar sem í fjvn. eru sjö menn úr öllum landshlutum. Hitt væri undarlegra, ef samþ. hefðu verið 72 þús. kr. til Ísafjarðarsýslu einnar, en þó er það nú svo. Jeg hefi nú talið þetta saman, og jeg hygg, að það láti nærri, enda var það ekki að ástæðulausu, að þeir Ísfirðingarnir — og raunar háttv. þingmenn N.-M. líka — voru kallaðir stórkaupmenn við 2. umr. fjár-

lagafrv. Það er þess vegna hálfleiðinlegt fyrir hv. þm. að vera að tala um þetta. Stærstu liðirnir, sem samþyktir hafa verið til kjördæma fjárveitinganefndarmanna, voru teknir upp eftir till. stjórnarinnar og Búnaðarfjelagsins, t. d. til sandgræðslu o. fl.

Þá gat hv. þm. þess, að öll önnur hækkun á fjárlögunum frá hálfu nefndarinnar en sú, er gekk til nefndarmanna sjálfra, hefði ekki numið nema rúmum 13 þús. kr. Jeg hefi nú sýnt fram á, að Ísafjarðarsýsla og Ísafjörður hafa fengið meira en þessa upphæð. Auk þess má geta þess, að til brúagerða og símalagninga hafa farið 15 þús. eftir till. fjvn., auk alls annars. Þetta er því fáránlegra, sem þetta er nokkuð vanur þm., sem þannig gerir sig beran í slíkum fjarstæðum og skilningsleysi. Og verður ekki nógsamlega vítt sú frammistaða.

Þá mintist hv. þm. á símann. Jeg skal nú ekki fara mikið út í það. Jeg vil aðeins benda á, að hann sagði, að það væri dýrara að byggja loftskeytastöðvar en leggja síma. Það vita nú allir, hvernig Vestfjarðahálendið er. Ef maður ber Heljardalsheiði saman við fjöllin á Vestfjörðum, þá er hún sakleysið sjálft, og veldur þó árlega stórtjóni. Annars skal jeg geta þess, að það má byggja 7 loftskeytastöðvar fyrir þetta fje, sem hann fer fram á. Hann sagði, að það hefðu komið fram kröfur um þetta í 4 ár á þingmálafundum, en hann ekki treyst sjer til að bera það fram fyr en nú, og er þó ári á undan tímanum, sem kröfurnar eru miðaðar við nú síðast. Jeg vil nú álíta, að þetta hafi verið fljótfærni af honum og ráðlegg honum að taka þetta aftur og setja það á hið rjetta ár, 1928. Jeg held, að jeg tefji svo ekki tímann með því að tala lengur við þennan hv. þm.; jeg þarf ekki að bera saman störf fjvn. og samgmn., hv. deild þekkir þau.

Þá vjek hæstv. fjrh. að mjer út af járnbrautinni. Hún er nú orðin helsta umræðuefnið hjer við fjárlögin. Hæstv. fjrh. var í góðu skapi hjer í deildinni í morgun fyrir þingfund og sagði okkur nokkrum þm. draum sinn. Hann dreymdi um járnbrautarmálið. Hann sá tvær brýr yfir á og flæðiengi bak við; önnur brúin var 20 hæðir, en hin lág og lítilfjörleg. Stærri brúin var náttúrlega járnbrautin. Þetta er líkingardraumur. Þarna hefir hann sjeð sína eigin loftkastala. Hann sjer þá líklega aldrei rætast nema í draumi, en það kann að vera honum næg ánægja. Þá sagði hann sögu af þm., sem hefði haft trú á áveitum. Svo hefði hann sjeð ritgerð um áveitur, sem hefði verið eftir lærðari mann, og þá hefði hann mist trúna. Þessi lærði maður hefði fundið út, að lítið köfnunarefni væri í jökulvatni. Ekki veit jeg, hvort jeg er þessi þm. Ef svo er, þá er sagan öll einn skáldskapur. Mjer hefir verið það ljóst, að jökulvatn er köfnunarefnislítið. Og það, sem jeg mintist á það í umr. um járnbrautina, var ekkert annað en skírskotun til skýrslu eftir aðra menn. En hitt get jeg vottað, að jeg hefi sjeð skýrslur og ritgerðir eftir „lærða“ menn, sem hefir sýnt sig síðar, að voru *ólærðir* menn, og kannast hæstv. fjrh. máske við það. Þá sagði hæstv. fjrh., að lítið væri að marka að bera járnbrautina hjer saman við járnbrautir erlendis, því að hvergi væru meiri flutningar en hjeðan og austur yfir fjallið!! Þetta getur vel verið, en það vantar bara enn betri skýrslu um það en við höfum fengið!

Þá mintist hv. þm. N.-Þ. (BSv) á það, að vegamálastjóri hefði gefið sjer brú í

jólagjöf. Mjer skilst nú, að þessi gjöf hafi ekki verið gefin með samþykki hæstv. atvrh., og auk þess mun vegamálastjóri vera búinn að taka gjöfina aftur, svo að háttv. þm. getur tæplega átt von á henni lengur.

Frsm. samgmn. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg hefði þurft að bera hönd fyrir höfuð samgmn., en jeg nenni ekki að elta ólar við hv. frsm. fjvn. (ÞórJ). Hann hefir ekki fengist til þess að svara fyr en á 11. stundu. Það er næsta hart, að hv. fjvn. skuli ekki fást til þess að gefa svör við erindum annara nefnda. Við 2. umr. bað hún (fjvn.) samgmn. að taka till. sínar aftur, til þess að henni gæfist kostur á að athuga þær nánar. Svo þegar 3. umr. kemur, minnist frsm. fjvn. ekkert á þær. Það er fyrst þegar búið er að vekja samvisku fjvn. með snörpum umræðum, að tekst að toga út úr henni svarið á 11. stundu, og svarið er þá óákveðið eða stundum hnútur. Það er mála sannast, að hafi samgmn. verið mönnum til skemtunar, þá hefir hv. fjvn. verið mönnum til lítillar ánægju eða uppbyggingar hjer í deildinni að þessu sinni.

Háttv. frsm. sagði, að samgmn. „vildi skifta eins og krakki". Mjer hefir nú skilist svo á hv. frsm., að það væri fremur vegna þess, að hún deildi innbyrðis, að þdm. hefðu af henni nokkra skemtun. Jeg ber það ekki af nefndinni, að menn halda þar fast á skoðun sinni og deila um málin, en aðaleinkenni fjvn. er vatnsgrautarpólitík nirfilsháttar og samábyrgðar. Jeg kann ekki við, að talið sje sem rekstrarstyrkur fje, sem varið er til að endurbæta báta. Jeg kann ekki við slíka grautargerð. Það er alveg eins og talinn hefði verið 1924 með strandferðakostnaði byggingarkostnaður „Esju". Og ef svo skipið hefði verið selt árið eftir, þá hefði fje það, er inn kom við söluna, verið kallað ágóði af strandferðum. Þetta myndi nú einhver að álíta kynlega „posteringu". Það er misskilningur hjá hv. frsm. fjvn., að jeg hafi sagt, að önnur kjördæmi en kjördæmi fjárveitinganefndarmanna hafi ekki fengið nema 13 þús. krónur til verklegra framkvæmda. Jeg sagði, að fjvn. Nd. hefði *lagt til*, að öðrum hjeruðum yrðu veittar rúmar 13 þús. kr. í þessu skyni. Þá segir hann, að ekki sje hægt að leggja síma þann, sem jeg fer fram á að lagður verði, vegna hálendis. Þetta sýnir aðeins, hve djúpt hv. fjvn. legst í athugunum sínum á till., er snerta önnur kjördæmi. Jeg get nú fullvissað hv. frsm. um það, að það eru hvergi fjöll á þessari leið. Á einum stað er háls eitthvað um 30—60 metra yfir sjávarborð, og þar er nú símí, en þar vil jeg fá aukaþráð. Annars mun þessi nýja lína um Snæfjallaströnd hvergi liggja meir en 10 metra yfir sjávarborð. Þetta eru nú allir örðugleikarnir. Þá sagði hann, að reisa mætti einar 7 loftskeytastöðvar fyrir þessa upphæð. Það kann vel að vera. En verður það ríkissjóði nokkuð ódýrara í framtíðinni? Jeg held, að það verði ekki nema í bili. Það er fullyrt, að rekstrarkostnaður einnar lítillar loftskeytastöðvar sje um 5 þús. kr. á ári, en rekstur svona landssímastöðvar er ekki nema 2—3 hundruð krónur. En ef háttv. fjvn. ætlar sjer að fara inn á þá braut að byggja loftskeytastöðvar, þá ætti hún að gera það sem fyrst, en vera þá ekki að hrúga inn í símalögin 10—12 nýjum símalínum. Það er líka lítið samræmi í því að hrúga nýjum símalínum inn í fjárlögin, en vera svo í öðru orðinu að gera ráð fyrir loftskeytastöðvum. Hv. frsm. fjvn.

gat um það, að veittar hefðu verið 70 þús. kr. til Ísafjarðarkaupstaðar. Það er rjett. En mælti hv. fjvn. með því? Jeg minnist þess ekki. Annars má hv. frsm. vera vel kunnugt um það, að tekjuhalli fjárlaganna hækkar ekki við þessa fjárveitingu og að fyrv. stjórn var búin að binda fjárveitingarvaldið til þess að leggja fram fjeð, og hjer er aðeins að ræða um eftirgjöf á láni.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) undraðist það, að jeg áleit vera kominn tíma til þess að lækka verkakaupið. Hann hjelt því fram, af því að styrkur til flóabáta og strandferða væri hærri nú en áður, þá ætti verkakaup að hækka líka. Hvílík rök! Af því tvítugfalt meira er varið til samgangna nú en fyrir 40 árum, þá á verkakaupið að vera nú 20 sinnum hærra en þá. Eigum við ekki að halda okkur við verðlagið innanlands í kaupgjaldsákvörðunum? Ef miða á við kaup annara stjetta, er þá ekki rjettast að bera kaupgjaldið saman við laun starfsmanna ríkisins? Þau hafa hvergi verið ferfölduð. Við getum tekið til dæmis formann efnarannsóknarstofu ríkisins. Hann hafði 1914 3600 kr. í árslaun. Nú hefir hann 5600 kr. Hvað á þá verkakaupið að vera nú, ef það hefir verið 30 aurar um klst. 1914? Kaup starfsmanna ríkisins er of lágt, samanborið við innlent verðlag, svo jeg get fallist á, að verkafólk fái hærra hlutfall en þeir.

Árni Jónsson: Jeg vil ekki láta það viðgangast fyrir mitt leyti, að þau ummæli, er hv. frsm. (ÞórJ) vjek áðan til okkar þm. N.-M., standi ómótmælt í Alþingistíðindunum. Eina úrræðið fyrir hv. frsm. virðist vera það, að honum verði virt til vorkunnar, að hann var orðinn æðiheitur af því að fást við erfðaóvin fjvn., sem sje samgmn., sem fjvn. á altaf í illdeilum við á hverju þingi. Hann var að bera það á hv. frsm. samgmn. (JAJ), að hann hefði verið fljótfær í ræðu sinni.

Hv. frsm. (ÞórJ) hefir enga aðra afsökun fyrir orðum þeim, sem hann ljet falla í garð okkar, en þá, að þau voru í fljótfærni töluð.

Þær fjárveitingar, sem samþyktar voru við 2. umr. til kjördæmis okkar, Norður-Múlasýslu, voru alveg sjálfsagðar, og jeg man ekki betur en frsm. greiddi sumum þeirra atkvæði sitt. A. m. k. greiddi hann atkvæði með einni fjárveitingu, sem þó var hærri en fjvn. sjálf hafði lagt til, og jeg geri ekki ráð fyrir, að það hafi verið af kaupmensku frá hans hálfu. Brú á Selá er í brúalögunum. Loðmundarfjarðarsíminn í símalögunum, Hróarstunguvegurinn hefir verið í lagningu árum saman. Þetta eru því ekki neitt háskasamlegar fjárveitingar, og jeg hygg, að sanngirni hv. þdm. sje svo mikil, að ekki sje ástæða til að ætla, að bjóða hafi þurft þeim sjerstök fríðindi fyrir samþykt svo sjálfsagðra fjárveitinga. Það er auðvitað ástæðulaust vegna þeirra manna, sem hjer eru staddir, að mótmæla dylgjum hv. frsm. En þær koma á prent í þingtíðindunum. Og mönnum á ekki að haldast það uppi að halda slíku á lofti. Þó það sje sagt sem einskonar fyndni í gáska í kunningjahóp, þá fara slík orð illa í munni framsögumanns fjvn. — Jeg geri fastlega ráð fyrir því, að hv. frsm. muni ekki dreyma vel eftirleiðis, ef hann gerir ekki einhverja yfirbót. Komi hann og biðji fyrirgefningar á þessu, þá er jeg svo sáttfús, að jeg býst við því að jeg fyrirgæfi honum. Kysi jeg, að hann gerði það helst strax, og mundi jeg þá láta sakir niður falla.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Mjer skildist á hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), að hann teldi hæfileika sína svo litla í þeim atvinnurekstri, hrossakaupum, sem jeg talaði um áðan, að ómögulega gæti það átt við að kalla sig stórkaupmann. Jeg verð þá líklega að taka það til greina og afturkalla það, sem jeg auðvitað hafði eftir öðrum. En þá sje jeg ekki, að hægt verði að komast hjá því, úr því hann frekar óskar þess, að hann verði nefndur smákaupmaður í þessari verslunargrein, hvort sem hann telur sig þá betur sæmdan en áður. Og sje honum það mjög mikið áhugamál, þá er jeg fús til þess að endurtaka þau ummæli utan þinghelginnar.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer virðist það einskonar kurteisisskylda, sem hvíli á fjvn., að víkja nokkrum orðum áð ummælum tveggja hv. þdm., er þeir hafa snúið á hendur nefndinni. Á jeg hjer við þá hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Það kemur nokkuð oft fyrir, að við köstumst orðum á, hæstv. fjrh. og jeg. Og í þetta skifti byrjaði hann ræðu sína svo hlýlega og mæltist til þess að eiga mig að við atkvgr. um þennan kafla fjárlaganna, að jeg fór að hugsa, að eitthvað talsvert grimmilegt væri í aðsigi, einkum þegar þar við bættist, að hæstv. fjrh. fór að tala um gengismálið. En þá brá svo undarlega við, að við allan meginkaflann af ræðu hans hafði jeg ekkert að athuga. Við erum alveg sammála, hæstv. fjrh. og jeg, um það, að nú vofi yfir mjög mikil kreppa fyrir atvinnuvegi landsins, ef til vill enn alvarlegri kreppa en nokkru sinni áður. Hæstv. fjrh. lýsti þessu ljóslega, og skal jeg ekki neitt draga úr orðum hans um það, að svo hörð og löng sem síðasta kreppan var, frá 1920—'23, þá muni sú, sem nú er byrjuð, ekki verða skemri. Það var ágætt að fá það fram, að hæstv. fjrh. álítur ástandið núna ákaflega alvarlegt. Nú notaði hann þessa lýsingu til þess að beina þeirri áskorun til háttv. deildar að fara varlega í afgreiðslu fjárlaganna. Og það er eðlilegt, að þeir, sem stefna að hækkun á verðgildi krónunnar, taki afleiðingunum af því og vilji fá fjárlögin afgreidd í annari mynd en nú. Hæstv. fjrh. er í fullu samræmi við þá stefnu að þessu leyti. En jeg get tekið undir með hv. þm. Ak. (BL) um það, að þau fjárlög, sem hjer liggja fyrir, og frumvarpið eins og hæstv. stjórn lagði það fyrir þingið var ekki í samræmi við stefnu hæstv. fjrh. Það er ekki í samræmi við þá stefnu að flytja auknar fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Slíkt er í beinni mótsögn við það, sem hæstv. fjrh. hefir marglýst yfir, að hækka beri gildi krónunnar í gullverð. Þó jeg sje nú sammála hæstv. fjrh. um það, að okkar bíði erfiðleikar vegna peningamálanna, þá er áminningin hjá mjer alt önnur en hjá hæstv. fjrh. Mjer virðist, að sú kreppa, sem framundan er, eigi að vera áminning um það, að það markmið, sem fjrh. stefnir að, að hækka krónuna í gullgengi — það næst aldrei. Þegar kreppan kemur miklu fyr en vanalega er — vanalega líða 7 ár á milli, segir hæstv. fjrh., en nú ekki nema 5 — og það er einmitt hækkunarstefna fjrh., sem nú hefir flýtt svo mjög fyrir þessu — það ætti að vera mjög ljós aðvörun um það að stefna ekki lengra fram á þessa braut, að takmarki, sem ómögulegt er að ná. Jeg vil ennfremur benda á annað, sem ætti að vera mönnum ríkt áminning við atkvgr. um þessi fjárlög. Jeg hygg, að það liggi í loftinu, að sá sje uppi í háttv. fjhn. að leggja það til, að

ríkið taki á sig alla áhættu af því að halda uppi því gengi, sem nú er, og jeg hygg, að hæstv. fjrh. standi þarna á bak við. Þær voðalegu afleiðingar, sem gengishækkunin hefir haft, og hið illa útlit, sem nú er um afkomu atvinnuveganna, sem af henni hefir leitt, ætti að vera áminning þinginu að leggja ekki út í það glæfraspil að halda í það peningagildi, sem fyrirsjáanlegt er, að atvinnuvegirnir geta ómögulega risið undir.

Þá vil jeg fara fáum orðum um þau ummæli, sem hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) vjek að fjvn. Hann hjelt enn ræðustúf í garð fjvn., hvernig hún læsi till., hvernig hún bókaði sínar gerðir og hve djúpt hún færi í till. Jeg verð nú að játa það, að fjvn. fer ekki svo djúpt í till., að þegar eitthvert kjördæmi óskar eftir fjárveitingu 1928, eins og kjördæmi háttv. þm. (JAJ), þá fer fjvn. ekki að setja þá fjárveitingu í fjárlög 1927. Hún sjer ekki ástæðu til þess að taka fram fyrir hendurnar á kjördæmunum. Hv. þm. (JAJ) hjelt áfram samanburði sínum um það, hversu fjvn. hefði skarað eld að sinni köku. Jeg skal nú benda á það, að sú fjárveiting, sem þessi hv. þm. hefir sótt fastast að fengist, er til þess ætluð að styrkja flóabáta og að kaupa vjelar í flóabáta. Þessir peningar koma að notum í Skaftafellssýslum, Barðastrandarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu, og þetta eru alt kjördæmi, sem eiga fulltrúa í samgmn., sem hv. þm. (JAJ) er einmitt frsm. fyrir. Þeir ættu sannarlega ekki að kasta grjóti, sem búa í glerhúsi eins og hv. samgmn. Nú er það gömul venja, þegar tveir deila, að velja gerðarmann, og jeg býst við því, að hv. þm. (JAJ) mundi ekki vera ófús að velja til gerðarmanns á milli okkar formann flokks síns, hæstv. fjrh. En hann lagðist einmitt allfast á móti till. samgmn., en beindi því eindregið til hv. deildar að fylgja till. fjvn. Jeg er nú ekki vanur því að leggja mitt mál undir úrskurð hæstv. fjrh., svo mjer þykir hart, ef hv. þm. (JAJ) skyldi hafa á móti því að hlíta úrskurði hans í deilu okkar, þar sem hann er flokksforingi sjálfs hans.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get ekki kannast við það, að stjórnin hafi gert nokkuð rangt í því að taka upp í fjárlagafrv. sitt allmyndarlegar fjárveitingar til verklegra framkvæmda. Jeg hefi tekið það áður fram hjer í hv. deild, að einmitt þá tel jeg fjármálunum rjett stýrt, ef hægt er að auka fjárframlög til verklegra framkvæmda þegar kreppir að atvinnuvegunum og eftirspurnin eftir vinnukraftinum minkar frá hálfu atvinnurekenda. Á þann hátt hagnýtist vinnukrafturinn betur en ella. En jeg hefi líka tekið það fram, að sú eftirspurn, sem þessar framkvæmdir ríkisins skapa, má ekki verða of mikil, svo hún standi í vegi fyrir því, að á komist nauðsynlegt samræmi í kaupgjaldi, sem kann að vera óeðlilega hátt eftir uppgangstímann, sem á undan er genginn. — En dómurinn um það, hvort stjórnin hafi farið of langt eða ekki í till. sínum um þetta, verður að byggjast á því, hvort ríkissjóður reynist fær um þessi útgjöld. Jeg er nú þeirrar trúar, að hann muni reynast fær um það, en varlegra væri fyrir hv. deild að fara ekki mjög langt út fyrir það, sem stjórnin hefir lagt til í þessu efni.

Hv. þm. Str. (TrÞ) þótti undarlegt, að þegar jeg hafði mælt til hans vingjarnlega, þá skyldi jeg ekki ráðast því grimmilegar á hann á eftir. Það var ekkert undarlegt, því það er ekki minn háttur að fara þannig að. Jeg fór svo vægilega í gengismálið af því, að jeg vildi ekki

stofna til deilu við hv. þm. Str. En út af því, sem hann sagði um gengismálið, þá vil jeg minna á það, að krónan var í gullgengi í ársbyrjun 1919, lækkaði svo 1919 og 1920, og í nóv. 1920, þegar í raun og veru fyrst varð vart við gengismismun, þá er krónan 51 eyrir, og hefir haldist svo allan tímann síðan, að hún hefir aldrei lækkað niður úr því, nema nokkra mánuði framan af árinu 1924. Ýmsar tilraunir voru gerðar til þess að hækka krónuna allverulega, en þær mishepnuðust allar, sem eðlilegt var eins og þá stóð á. Það var fyrst í jan. 1924, að nokkur mistök urðu, svo að krónan komst heldur lengra niður en hún hafði farið lægst 1920, og kom það af eintómri hræðslu við það, að ekki mundi verða hægt að halda genginu uppi. Það kom í ljós síðar, að sá ótti var ástæðulaus. Jeg veit ekki, á hverju það byggist úr okkar reynslu, að ekki sje unt að halda skráðu gengi, þó að kreppi. Það var gert 1920—'23, og jeg veit ekki til þess, að nokkur ástæða sje til þess að ætla, að það geti ekki eins hepnast nú. Við verðum að sjálfsögðu að gera okkar skyldu, þó að kreppi í bili. Hitt er sjálfsagt, að fara gætilega og reyna aldrei að þvinga fram gengishækkun, þegar markaðshorfurnar eru þær, að möguleikarnir fyrir slíku eru ekki fyrir hendi.

Þá mintist hv. þm. á till. frá fjhn., sem hann kvaðst vona, að jeg stæði ekki á bak við. Jeg veit ekki við hvað hann á. En jeg skal hinsvegar geta þess, að 1921—1923 var gengi ísl. krónu haldið í horfinu án þess að ríkið þyrfti að taka á sig nokkra fjárhagslega ábyrgð á tapi af völdum gengisbreytinga.

Jón Kjartansson: Það voru aðeins örfá orð út af ummælum hæstv. fjrh. (JÞ) um hækkunina á styrknum til flóabáta samkvæmt till. samgmn. Jeg vil geta þess, að þær hækkanir eru aðallega gerðar vegna þess, að hæstv. stjórn hefir sjálf á yfirstandandi ári bundið mikið af því fje, er til bátaferðanna er ætlað, við ákveðna báta, svo sem Borgarnesbátinn, Breiðafjarðarbátinn o. fl., og styrkinn til Hornafjarðarbátsins hefir hún hækkað um helming frá því, er áætlað var af samgmn. í fyrra, eða úr 4 þús. kr. upp í 8 þús. kr. Þessar hækkanir hjá einstöku bátum hljóta að koma hart niður á öðrum; en þeir eru ef til vill eins eða meir þurfandi. Samgmn. vill þess vegna nú þegar taka þessar hækkanir með í reikninginn og fá heildarupphæðina hækkaða að sama skapi. Af öðrum bátum er það m/b Skaftfellingur, sem hefir fengið mesta hækkun nú. Er það af því, að farið var fram á, að báturinn kæmi við á Stokkseyri og Eyrarbakka. Sýslunefnd Árnessýslu hafði beðið um 7000 kr. í þessu skyni, en samgmn. sá sjer ekki fært að leggja til að veita þessa upphæð, en hefir hinsvegar mælt með, að styrkurinn til Skaftfellings verði hækkaður um 3000 kr., með því skilyrði, að hann komi þarna við einstöku sinnum. Jeg vil í þessu sambandi taka það fram, að jeg átti nýlega tal við framkvæmdarstjóra h/f „Skaftfellings" um þetta, og sagði hann, að ekki yrði skorast undan því að láta Skaftfelling koma við á þessum stöðum, en hinsvegar gætu þeir ekki skuldbundið sig til að hafa þangað fastar áætlunarferðir.

Þá er 1000 kr. hækkunin á styrknum til Suðurlandsskipsins. Stafar sú hækkun af því, að stjórn Eimskipafjelags Íslands hefir neitað að sjá um þessar ferðir nema því aðeins, að þeir fái 4000 kr. styrk. Nú fær fjelagið 3000 kr. styrk í þessu skyni. Samgmn. hefir vitanlega ekkert á móti því, að hæstv. stjórn nái hagkvæm-

ari samningum við fjelagið til þess að halda þessum ferðum uppi. En nefndin hefir talað við framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, og sagðist hann ekki sjá sjer fært að halda þessum ferðum uppi fyrir minna en 4000 kr. Jeg held þess vegna, að það sje öldungis ófær leið, sem hæstv. stjórn hefir stungið upp á, að fella þessar till. samgmn. og láta nægja þá upphæð til flóabátanna, sem stjórnin hefir stungið upp á í fjárlagafrv.

Annars tel jeg, að þær umr., sem hjer hafa farið fram, sjeu í alla staði óviðeigandi, þar sem töluvert aðkast hefir átt sjer stað til einstakra þingmanna, og því sjerstaklega verið dróttað að okkur í samgmn., að við hefðum verið að leitast við að draga til okkar kjördæma með till. okkar. *(TrÞ*: Það sagði jeg alls ekki). Jeg vil sjerstaklega mótmæla þessu hvað mig snertir. Ferðir m/b Skaftfellings eru ekki síður fyrir Austur-Skaftfellinga en Vestur-Skaftfellinga, og einnig eru þær fyrir Rangvellinga og að nokkru leyti fyrir Vestmannaeyinga. En því verð jeg hiklaust að halda fram, að það sje engu síður skylda Alþingis að halda uppi ferðum til þessara hjeraða en annara.

ATKVGR. um brtt. við 2.—13. gr.

Brtt. 297,I feld með 16:11 atkv.
— 297,II samþ. án atkvgr.
— 297,III tekin aftur.
— 297,IV feld með 19:2 atkv.
— 297,V samþ. með 14:4 atkv.
— 297,VI feld með 15:4 atkv.
Fram kom skrifleg brtt., verður þskj. 319. Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.
— 319 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, ÁÁ, BSt, JakM, JAJ, JBald, JS, MG, ÓTh, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, BSv.

nei: BL, HStef, HK, IngB, JK, JÞ, JörB, KlJ, MJ, MT, PO, ÞorlJ, ÞórJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,VII feld með 17:9 atkv.
— 297,VIII (aðaltill.) feld með 14:4 atkv.
— 297,VIII (varatill.) samþ. með 14:8 atkv.
— 297,IX.a samþ. með 15:1 atkv.
— 297,IX.b feld með 15:6 atkv.
— 297,X.a feld með 16:8 atkv.
— 297,X.b sjálffallin.
— 297,XI samþ. með 17:10 atkv.
— 304,I.1 feld með 15:8 atkv.
— 306,1 tekin aftur.
— 297,XII (aðaltill.) feld með 17:2 atkv.
— 297,XII (varatill.) samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JAJ, JBald, JörB, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÁJ, BSt, HStef, HK, BSv.

nei: JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, MT, ÓTh, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BL, IngB.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,XIII tekin aftur.
— 297,XIV feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JörB, PÞ, SigurjJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, IngB, JakM, JAJ, BSv.

nei: JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, HK.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,XV.a feld með 16:4 atkv.
— 297,XV.b feld með 14:6 atkv.
— 297,XVI samþ. með 16:9 atkv.
— 297,XVII samþ. með 15:10 atkv.
— 297,XVIII feld með 15:9 atkv.

Brtt. 304,I.2 samþ. með 15:8 atkv.
— 304,I.3 feld með 15:8 atkv.
— 297,XIX tekin aftur.
— 297,XX feld með 14:11 atkv.
— 297,XXI feld með 16:7 atkv.
— 297,XXII,1 samþ. með 18:3 atkv.
— 297,XXII.2 samþ. með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, HK, JakM, JBald, JAJ, JK, JörB, KlJ, MG, BSv.

nei: MJ, MT, ÓTh, PO, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BSt, IngB, JS, JÞ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,XXIII (aðaltill.) tekin aftur.
— 297,XXIII (varatill.) feld með 18:5 atkv.
— 297,XXIV samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald, JS, JörB, BSv.

nei: ÓTh, SvÓ, ÁJ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JÞ, KlJ, MG, MJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,XXV tekin aftur.

Umr. frestað.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 12 apríl, var enn framhaldið 3. umr. um frv. (A. 273, 297, 304, 306, 310, 322).

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Það hefði sjálfsagt verið brotaminst og flýtt fyrir afgreiðslu málsins, ef forseti hefði verið eins fljótur að lýsa umræðu lokið í þessu máli eins og þeim, sem afgreidd hafa verið í dag. En jeg get varla búist við því, að umr. um þennan kafla ljúkist á 1 degi, eins og við 2. umr., þar sem nú eru fram komnar 68 brtt. við hann, 19 frá fjvn. og 49 frá einstökum þm. Hækkanir þær, sem fjvn. leggur til, eru samtals 95094 kr., en hækkunartill. einstakra þm. 381200 kr. En þó hefir flogið fyrir, að langhæsta till., 200 þús. kr., verði tekin aftur, svo útkoman verður e. t. v. ekki eins svört og útlit er fyrir. Vil jeg þá víkja að einstökum brtt. fjvn. í þeirri röð, sem þær eru við frv.

Sú fyrsta er við 14. gr. A. b.4, og er á þskj. 297,XXVI. Till. er um það, að sparist fje sakir þess, að prestaköll sjeu óveitt, þá sje kirkjustjórninni heimilt, samkv. till. prestastefnu, að verja alt að einum prestslaunum til þess að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu meðal presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land. Út af þeirri till. vildi jeg, ef hæstv. forseti samþ., leyfa mjer að lesa upp kafla úr brjefi, sem fjvn. barst frá Prestafjelagi Íslands:

„Það, sem fyrir stjórn Prestafjelagsins vakir með beiðni þessari, er, að eðlilegt sje, að eitthvað af því fje, er ríkinu sparast við það, að prestar eru ekki í öllum prestaköllum landsins, sje veitt til stuðnings kirkjulegri og kristilegri starfsemi í landinu, með því fyrirkomulagi, að áhugasamir kirkjunnar menn sjeu fengnir til að ferðast um á meðal prestanna, þeim til samvinnu á einhvern hátt. Hvort sú samvinna beinist aðallegast að fundarhöldum, fyrirlestrahaldi, guðsþjónustum eða persónulegum áhrifum í einrúmi, verður reynslan að skera úr. Val manna til slíkra ferðalaga hugsum vjer oss í höndum biskups og stjórnar Prestafjelagsins, og ferðalögin aðallega bundin við þann tíma ársins, sem ferðalög til sveita eru hentust, við sumartímann. Þó hugsum vjer oss, að vetrarferðir gætu einnig komið til greina, einkum til fyrirlestrahalds við

námsskeið alþýðuskóla, ef forstöðumenn þeirra æskja þess ....“

Síðan er þess getið, að ein slík ósk hafi þegar fram komið, frá skólastjóranum að Laugum. — Till. þessi virðist nægilega rökstudd í þessu brjefi, og vill fjvn. styðja hana. Telur hún, að þetta geti orðið til mikilla bóta, þar sem það verður andleg vakning og upplyfting fyrir hinar dreifðu bygðir. Ekki þarf að efa það, að kirkjustjórn og prestastefna mundu ætíð velja hæfa menn til þessa starfa. Auk þessa vil jeg benda á það, að með þessu er ekki farið fram á neinar nýjar fjárveitingar, heldur aðeins að eyða megi nokkru af því fje, sem sparast við það, að prestaköll eru óveitt um nokkurn tíma.

Þá er næsta brtt. nefndarinnar á þskj. 304,III, byggingarstyrkur til stúdentagarðsins, 50 þús. kr. Þess gerist ekki þörf að fara mörgum orðum um þessa brtt. Fyrir Alþingi lá erindi um þetta frá stúdentaráðinu, og auk þess er þetta alkunnugt mál. Það ber öllum saman um, að þennan styrk verður að veita fyr eða síðar, enda hafa hin síðustu þing aðeins skotið honum fram af sjer með þeirri ætlun, að hann verði síðar veittur. Stúdentar hafa sjálfir gengið mjög rösklega fram í fjársöfnun til garðsins og búast við að byrja byggingu hans á næsta ári. Og nú hefir fjvn. komið saman um, að rjett væri að veita helminginn af því framlagi, sem ætlast er til frá ríkissjóði, en leggur áherslu á, að fjársöfnun stúdenta haldi áfram. Jeg vil undirstrika, að engin deila er um það, að þennan styrk eigi að veita, heldur aðeins hvenær það skuli gert. Nefndin vill, að fyrsta sporið sje stigið nú.

Þá er næsta tillaga fjvn. á þskj. 297, XXXII. Hún fer fram á að veita Blönduósskóla eftirgjöf á viðlagasjóðsláni hans. Þetta eru aðeins eftirstöðvar, því að lánið var upphaflega 11 þús. kr., en er nú aðeins rúmar 7 þús. kr. Þess var getið við 2. umr., þegar rætt var um fjárveitingu til að láta miðstöð í Blönduósskólann, að von mundi vera á meiru. Þessi skóli hefir sem sagt engan byggingarstyrk fengið, eins og flestir skólar aðrir, og virðist síst ástæða til að hafa hann að olnbogabarni. Er hann í alla staði maklegur besta stuðnings og alveg einstakur í sinni röð. Er þessi till. því fram borin. — Nú er fram komið nýtt frv. um þennan skóla í Ed., en fjvn. hefir ekki sjeð ástæðu til að láta það hafa áhrif á till. sínar. — Annars er annar hv. þm. í fjvn., sem er nákomnari og kunnugri þessu máli. Vænti jeg, að hann útskýri það frekar, ef þörf gerist.

Þá var því áðan lýst af forsetastóli, að von er á einni brtt. enn, en henni er ekki útbýtt ennþá, svo að jeg fjölyrði ekki um hana. Sú brtt. er við 14. gr. B. XIII. 6, styrkur til byggingar barnaskólahúsa. Nefndin vill fallast á að hækka þennan lið nokkuð, en þó ekki eins mikið og flm. brtt. á þskj. 297,XXXI fara fram á. Vill hún því fara bil beggja. Annars ræði jeg ekki frekar um þessa brtt., sakir þess, að henni er ekki útbýtt enn, og vona að heyra frá hv. flm. brtt. á þskj. 297,XXXI, hvað þeir hafa fram að færa.

Þá koma 4 brtt. frá nefndinni á þskj. 297,XXXIV, um framlög til skóla í sveit. Tvær þeirra eru um nýjar miðstöðvar í skóla, að Eiðum og Núpi í Dýrafirði. Áður hafa verið samþyktar fjárveitingar til tveggja miðstöðva, í Blönduósskóla og mentaskólann í Reykjavík. Það er vitanlega alveg það sama, sem mælir með þessu: að hjer er um raunverulegan sparnað að ræða, minni kolaeyðslu, minni eldhættu, heilnæmari húsakynni og vinnusparnað.

Þess vegna telur nefndin sjálfsagt að mæla með þessari fjárveiting. Um miðstöðina í Eiðaskóla vil jeg sjerstaklega taka það fram, að sá skóli er algerlega ríkisskóli, og er nú einmitt verið að reisa þar skólahús. Virðist því alveg sjálfsagt að setja þar miðstöð um leið, ef á annað borð á að setja hana þar. Fyrir nefndinni lá umsögn og áætlun Guðjóns Samúelssonar um þessa miðstöð. Áætlar hann kostnaðinn 14 þús. kr., og kemst auk þess svo að orði, að hún yrði „töluvert ódýrari í rekstri" en ofnar, og að 3000 kr. sparnaður yrði í ofnakaupum. — 2. liðurinn er styrkurinn til unglingaskóla utan Reykjavíkur. Þessi hækkun er sett inn í samráði við fræðslumálastjóra og er sjálfsögð afleiðing af því, að skólunum fjölgar. Ríkið styrkir skólabyggingar og verður því að hækka styrkinn til rekstrar þeirra, ef hann á að vera hlutfallslega jafnmikill og áður. Fræðslumálastjóri gat þess jafnframt, að hann teldi æskilegt, að liðkað væri um skilyrðin fyrir nemendafjölda og lengd skólatíma fyrir því að smærri skólar í sveitum fengju styrk. Tjáir fjvn. sig því samþykka fyrir sitt leyti. — Þá er 3. liðurinn, styrkur til Björns Jakobssonar íþróttakennara, til þess að reka íþróttaskóla í Þingeyjarsýslu. Þar er um óvenjumerkilegt mál að ræða, en þar sem svo var að heyra við 2. umr., að það sætti nokkurri andúð, finn jeg sjerstaka ástæðu til að fara um það nokkrum orðum. Mál þetta er alveg óvenjulega vel undirbúið og svo vel boðið um fjárframlög af þeirra hálfu, sem að standa, að sjerstök ástæða er til, að ríkið styrki af sinni hálfu. Skal jeg fyrst láta þau skjöl tala, sem lágu fyrir nefndinni.

Fyrst vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr brjefi frá þrem merkum Þingeyingum, Jóni Gauta Pjeturssyni, Sigurði Bjarklind og Arnóri Sigurjónssyni skólastjóra að Laugum:

„... Vjer þurfum að fá íþróttaskóla hjer á landi, þar sem hægt er að kenna þjóðlegar og almennar íþróttir: fimleika, sund, glímur, skíða- og skautahlaup og aðrar útiíþróttir. Og þessar íþróttir þarf að kenna svo, að nemendur verði færir um að kenna þær öðrum eða stýra íþróttaiðkunum heima í sveit sinni. *Skólinn þarf að vera kennaraskóli í íþróttum.* Og til þess að öll skilyrði geti verið fyrir hendi um gott skipulag og aðstöðu, þarf að velja honum stað í sveit.

Þetta er ekki nýmæli. Hugmyndin er gömul hjer, og samskonar stofnanir eru til erlendis. Það má fullyrða, að allir, sem skilja gildi íþrótta, viðurkenni nauðsyn þessa máls og aðeins erfiðleikarnir við framkvæmd þess og kostnaður hafi tafið fyrir því, og geti tafið fyrir því enn.

Vjer, sem undir þetta erindi ritum, höfum verið hvattir til að benda Alþingi Íslendinga á einfalda lausn í þessu máli: stofnun íþróttakennaraskóla í nágrenni við Alþýðuskóla Þingeyinga. Skilyrði til þessa eru ákjósanleg. Nú er þegar til góð yfirbygð sundlaug við alþýðuskólann; skíðabrekkur eru þar í besta lagi, hægt að hafa vald á heitu vatni til að fá skautasvell, og mjög auðvelt að koma upp ágætum leikvöllum í næsta nágrenni. Alþýðuskólinn gæti notið íþróttakenslu íþróttaskólans, en nemendur íþróttaskólans aftur á móti kenslu (fyrirlestra) í alþýðuskólanum, og báðir þannig notið góðs af samvinnunni. En tvent vantar samt, sem alþýðuskólinn verður þó að fá fyr eða síðar, íþróttakennara og fimleikahús, ásamt nokkurri viðbót við nemendaíbúðir.

Þetta mál hefir verið rætt við Björn Jakobsson fimleikakennara í Reykjavík.

Alþýðuskóli Þingeyinga er í æskusveit hans, og oss er kunnugt um, að það var æskudraumur hans að koma upp íþróttaskóla, slíkum sem þessum. Björn hefir tjáð oss, að hann væri fús til að beitast fyrir því að koma hjer upp íþróttaskóla, þó að hann yrði ekki meir studdur til þess í bráð af íslenska ríkinu heldur en svo, að hann fengi að halda þeim launum, er hann hefir nú, þó hann flyttist norður. Oss er kunnugt um, að fleiri fimleikakennarar myndu fást til þessa, þeir er kynst hafa allri aðstöðu, en Björn er sá maður, er vjer viljum fá, meðal annars vegna þess, að hann er hjeðan upp runninn ....“

Þá vil jeg leyfa mjer, með samþykki hæstv. forseta, að lesa upp örstuttan kafla úr brjefi, sem Björn Jakobsson sendi Alþingi:

„Jeg hugsa mjer, að skólinn geti í framtíðinni rúmað 12—15 nemendur, að minsta kosti, og að þangað sæki íþróttamenn, er vilja læra til hlítar þær helstu íþróttir, sem hægt er að iðka hjer á landi, sjer í lagi leiðbeinendur íþrótta fyrir ungmennafjelög og íþróttafjelög og einnig kennarar við skóla landsins; því að innanlands er enginn skóli, er veiti tilsögn og fræðslu um íþróttakenslu, nema fimleika. Eins og veðurfar er hjer á landi, eru það einmitt vetraríþróttir, skíðafarir og skautahlaup, sem eiga að verða öndvegisíþróttir þjóðarinnar.

Umsækjendur í Þingeyjarsýslu hafa farið fram á það, að jeg fengi að halda sömu launum við íþróttaskólann eins og jeg hefi við mentaskólann. Var það gert í samráði við mig og bygt á því, að sýnilegt var, að jeg yrði að koma upp nauðsynlegum húsakosti skólans vegna. Samþykki Alþingi umsókn þessa, vil jeg skuldbinda mig til þess að hafa, án frekari fjárframlaga úr ríkissjóði, komið upp hæfilega stóru fimleikahúsi fyrir fimleikaskólann innan fimm ára eftir að skólinn tekur til starfa, og sje það hús eign skólans og Laugaskólans ....“

Það, sem hjer er um að ræða, er: í fyrsta lagi, að Björn Jakobsson, lærðasti og besti íþróttakennari landsins, vill beita sjer fyrir málið og taka við forstöðu slíks skóla. Í öðru lagi er aðstaðan til þess að reka skólann hin besta, sem verið getur, þar sem sundlaug er til, þar sem aðstaða til útiíþrótta er hin besta og þar sem alþýðuskóli starfar jafnhliða og nemendur hans geta notið íþróttakenslunnar og nemendur íþróttaskólans alþýðufræðslunnar. Í þriðja lagi ætlar forstöðumaður að skuldbinda sig til, *án* frekara framlags úr ríkissjóði, að reisa nauðsynleg hús innan ákveðins tíma, en notast við hús alþýðuskólans þangað til. Í fjórða lagi vil jeg ekki efa, að öllum sje ljóst, hve líklegt til gagns það væri, að slík stofnun væri reist. Jeg vil telja það orðið alment viðurkent, hver nauðsyn íþróttaiðkanir eru fyrir heilsu manna. Meiri hl. fjvn. — því að því miður klofnaði nefndin um þetta — þótti sjálfsagt að koma á móti slíkum áhuga í öðru eins gagnsemdar- og þrifnaðarmáli. Nefndinni þótti rjettara form, að styrkurinn væri veittur til forstöðumanns til skólahaldsins, því að þá verður hann ekki greiddur nema skólanum sje haldið uppi. Þar sem jeg trúi fastlega á gagnsemi þessa máls, vil jeg mæla eindregið með því. — Þá er 4. liðurinn, umbót á skólahúsinu á Núpi í Dýrafirði. Það er ætlun skólastjórans: í fyrsta lagi að setja miðstöðvarhitun í húsið og í öðru lagi að bæta vatnsleiðsluna til skólans. Skólastjóri sækir um 3500 kr. styrk til þessa, en vitanlegt er, að það kostar miklu meira. Skólinn er einstaks manns eign, en öllum ber saman um, að hann sje sjerstaklega góðs mak-

legur. Skolinn er, eins og kunnugt er, rekinn af sjera Sigtryggi Guðlaugssyni, og hefir hann fengið ágætt orð fyrir mikið og gott starf. Nefndin vill veita þennan styrk, þó að skólinn sje í eign „privat"-manns. Get jeg vísað til fyrri ummæla um, að rjett sje að veita fje til miðstöðva í skólum. Annars getur hv. þm. V.-Ísf. (Á-Á) gefið nánari upplýsingar um þennan skóla.

Þá er nýr liður við 14. gr. B. XIX, um að veita 1000 kr. styrk til þess að gefa út landslagsuppdrátt af Íslandi. Um þetta lá erindi fyrir nefndinni frá Sambandi íslenskra barnakennara. Í núgildandi fjárlögum eru veittar í þessu skyni 1500 kr. Ætlast nefndin til, að þetta sje lokastyrkur. Það er óhætt að fullyrða, að hjer er um þarfa útgáfu að ræða, og þar sem Samband íslenskra barnakennara er útgefandinn, er áreiðanlegt, að þetta er ekki gróðafyrirtæki, heldur kemur styrkurinn fram í lækkuðu verði á kortunum fyrir börnin.

Þá er 15. gr. Þar er farið fram á launauppbót til 1. og 2. bókavarðar við Landsbókasafnið, 500 kr. handa hvorum. Frá báðum þessum mönnum lágu erindi fyrir nefndinni. Það er enginn efi á, að þessir menn bera hlutfallslega minna úr býtum en hliðstæðir starfsmenn. 1. bókavörður óskar að verða hliðstæður adjunktum við mentaskólann. Er þó vinnutími hans lengri og sumarfrí sama sem ekkert. Annar bókavörður bendir á, að laun sín lækki við það, að hann flyst úr aðstoðarbókavarðarstöðu í þetta embætti, og vill fá jöfn laun og 1. bókavörður. Nefndin vildi ekki hrófla við launalögunum, en fanst sanngjarnt að veita þessa úrlausn.

Þá lá fyrir erindi frá Bjarna Sæmundssyni, þar sem hann óskar að bætt sje við Náttúrufræðifjelagið 1500 kr. handa aðstoðarmanni. Rökstyður hann það svo, að störf við safnið hafi mjög vaxið, því hafi m. a. bæst jurtasöfn, sem þurfi mikla umhirðu. Hæfur maður er fáanlegur til að taka að sjer starfið fyrir þessa litlu borgun, maður, sem stundað hefir náttúrufræði, þó ekki hafi hann tekið próf. — Nefndin hefir fallist á að hækka þennan lið.

Þá kemur till. um fjárveitingu handa þeim frændunum Helga og Gunnlaugi Briem. Þeir eru báðir kunnir deildinni, voru báðir bornir fram síðast. Var annar feldur með hærri upphæð en hjer er farið fram á, en hinn tekinn aftur í bili. Fjvn. telur þessa menn alveg sambærilega. Við 2. umr. var gerð grein fyrir, hvað þeir ætluðust fyrir. Það er kunnugt, að þeir eru báðir efnilegir menn, og stunda báðir nauðsynlegt nám.

Út af 14. lið 16. gr., um viðbótina til efnarannsóknarstofunnar, skal jeg taka það fram af nefndarinnar hálfu, að svo er til ætlast, að framvegis verði gefin út árleg skýrsla um starfsemi þessarar stofnunar, eins og tíðkast erlendis. Hingað til hefir það ekki verið hægt, vegna annríkis forstöðumannsins og lítillar fjárveitingar til stofunnar.

Þá er næst 2000 kr. hækkun til bryggjugerða og lendingabóta. Nefndin hefir fengið nýjar upplýsingar frá vitamálastjóra um bryggjuna á Húsavík. Það, sem nefndin bygði á áður, var ekki ábyggilegt, og því var nauðsynlegt að hækka liðinn vegna þessarar bryggju, í samræmi við þessar nýju upplýsingar vitamálastjóra.

Þá leggur nefndin til að hækka starfslaun manns þess, er vinnur að leiðbeiningum við húsagerð í sveitum. Fyrir nefndinni lá erindi frá þessum manni, Jóhanni Kristjánssyni, og fer hann þar fram á að verða settur á bekk með ráðunautum

Búnaðarfjelags Íslands. En þeir fá 3000 kr. byrjunarlaun með dýrtíðaruppbót, er hækka á 10 árum upp í 4000 kr. Ef sú regla gilti um Jóhann Kristjánsson, hefðu laun hans átt að verða 4000 kr. fyrir 3 árum. Jóhann Kristjánsson gat þess, að hann mundi ekki treysta sjer til að halda starfinu áfram nema hann fengi launaviðbót. Nefndinni er kunnugt um, að þessi maður hefir staðið mjög vel í stöðu sinni. Hún telur hann yfirleitt mjög þarfan starfsmann og álítur rjett að hækka laun hans sem þessu nemur.

Þá eru tvær smátillögur við 18. gr., um styrk handa tveimur ekkjum og tveimur póstum. Guðný Jónsdóttir er ekkja Björns Bjarnarsonar sýslumanns og alþingismanns. Hún hefir hingað til ekki fengið slíka viðbót. Fyrir nefndinni lágu fullnægjandi upplýsingar um, að fyllsta þörf væri á að veita þennan styrk. Kirstín Þ. Blöndal er ekkja Ásgeirs Blöndals læknis, sem var ágætur starfsmaður. Lágu einnig fyrir fullnægjandi upplýsingar um hennar þörf.

Þá eru smáupphæðir til tveggja pósta. Um Jens Þórðarson lágu fyrir upplýsingar um sjerstakar ástæður. Hann er blindur. Hitt er ný umsókn. Böðvar Sigurðsson er 23 ára póstur, mjög samviskusamur maður, en hniginn að aldri og heilsubilaður.

Í raun og veru eru ekki fleiri till. frá fjvn. Þó að standi á þskj. 297, að LXIX. liður sje frá fjvn., er hann í raun og veru frá skrifstofu Alþingis. En þar er ekki um annað en rjettmæta tilfærslu að ræða.

Hefi jeg svo ekki ástæðu til að tala meira.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi setið hjá og hlýtt á mál manna, meðan fram hafa farið umræður um fyrri hluta fjárlaganna. En nú vill svo til, að við þennan hluta þeirra, sem að þessu sinni er til umræðu, á jeg nokkrar lítilvægar brtt., og get jeg því ekki staðið mig við þögnina. Umræðurnar hingað til hafa þó ekki að öllu leyti snert fjárlögin. Hjer hafa farið fram einskonar eldhúsdagsumræður í sambandi við fyrri kaflann og ekki verið laust við reiptog milli einstakra hjeraða um fríðindi þau, er þeim bæri í fjárlögunum. Jeg ætla ekki að taka neinn þátt í þessu reiptogi eða bæta neinu við það. Eitt mál allsendis óskylt fjárlögunum, járnbrautarmálið, hefir líka verið dregið inn í umræðurnar, og lítillega komið við mig í því sambandi, en jeg leiði einnig hjá mjer að svara því nokkru. Þá hafa líka verið haldnir heimspekilegir fyrirlestrar um fjárhagsafkomu þá, er vænta megi næstu árin. Jeg lagði eyru við þessu, af því að mjer þóttu spárnar ekki allskostar viðfeldnar eða rökstuddar. Það mun hafa verið hæstv. fjrh. (JÞ), sem einna ljósast talaði um þetta, og ljet hann á sjer skilja, að hann byggist jafnvel við alvarlegri fjárhagskreppu. Undir þetta tóku nokkrir þm., og virtist talsverður uggur um, að eitthvað mjög alvarlegt væri í vændum. Jeg get lýst því yfir fyrir mitt leyti, að jeg er ekkert hrifinn af svona spádómum og legg engan trúnað á þá. Að því er snertir ófyrirsjáanlega atburði, svo sem ísrek, eldgos, drepsóttir o. þ. h., þá er engu hægt um slíkt að spá. Öðru máli er að gegna um kreppu, sem orsakast gæti af því, sem að meira eða minna leyti er sjálfrátt. Jeg gæti búist við, að þesskonar kreppu mætti vænta, t. d. ef mjög yrði ör hækkun ísl. krónunnar. En það má skoða eins og sjálfráða kreppu, þar sem það er á valdi þings og stjórnar, hvernig fer um þá hækkun. Fleira þessu líkt getur valdið sjálfráðri kreppu. Ef t. d. rekstrarfje landsmanna,

því, sem bankarnir ráða yfir, verður eins og að undanförnu mestöllu veitt í fánýtt verslunarbrask og stopulan sjávarútveg, í stað þess að leggja það í öruggan atvinnurekstur, þá getur af því leitt alvarleg kreppa og efnaleg hnignun. En slíkir hlutir sem þessir eru að miklu leyti viðráðanlegir.

Þegar því er spáð um erfiða afkomu næstu ára, er engin ástæða til að taka það alvarlega, nema að því leyti, sem um mistök getur verið að ræða hjá þingi og stjórn um þá hluti, sem jeg hefi nefnt, eða aðra slíka. Harðæri stafandi af óhagstæðum náttúruviðburðum verður eigi sjeð fyrir. Þess vegna er jeg ekkert hræddur við að samþykkja nauðsynlegar fjárveitingar að þessu sinni, úr því fjárhagurinn leyfir. Með þessu segi jeg ekki, að jeg vilji styðja hverja þá till., sem hjer liggur fyrir. Jeg hefi sýnt við atkvgr. um fyrri hluta fjárlaganna, að jeg er mótfallinn mörgu, sem fram hefir verið borið. En það er ekki af ótta við framtíðina eða hrakspárnar, heldur af eðlilegri varfærni og sparnaðartilhneigingu. Jeg ætla svo að láta þennan formála nægja. Jeg býst ekki við, að jeg hafi komið svo illa við neinn, að hann verði til þess að lengja umr.

Þá skal jeg hverfa að þeim fáu brtt., sem jeg á þátt í, að hjer eru fluttar. Fyrst er XXXI. liður á þskj. 297, sem jeg flyt ásamt þingmönnum Ísafjarðarsýslu (JAJ og ÁÁ) og hæstv. forseta (BSv). Till. fer fram á að hækka styrk til barnaskólabygginga úr 10 þús. kr. upp í 37 þús. kr. Er ætlast til, að 29 þús. af þeirri upphæð gangi til þriggja barnaskóla, sem bráð þörf er á að reisa, 15 þús. til barnaskólans í Nesþorpi og 7 þús. til hvors hinna, í Súðavík og Öxarfirði. Nú er orðin venja, svo sem kunnugt er, að styðja slíkar byggingar með ⅓ stofnkostnaðar. Samkvæmt því frv. um fræðslu barna, sem nú er fyrir þinginu, er því slegið föstu, að svo skuli vera. Hjer er því ekki um neitt eyðslufje að ræða, heldur lögmælt gjöld. Spurningin er aðeins sú, hvort leggja skuli þetta fje fram á næsta ári eða nokkru síðar. Jeg skal geta þess um barnaskólann í Nesþorpi, að þessi 15 þús. eru líklega ekki meira en ¼ stofnkostnaðar, því áætlað er, að húsið kosti 60—70 þús. kr. Það ætti því að vera beinn hagnaður fyrir ríkið að leggja þetta fje fram strax, áður en búið er að lögfesta þá skipun, að ríkissjóður skuli greiða ⅓ stofnkostnaðar. Jeg skal geta þess, að 1922 fór jeg fram á litla upphæð til byggingar þessum skóla, 5000 kr. að jeg ætlá, en fjekk þá ekki áheyrn. Jeg hygg, að skólinn, sem þar er, hafi verið bygður 1907 eða 1908, en hann er löngu orðinn of lítill og ófullnægjandi, enda nemendatala nú orðin þreföld við það, sem þá var miðað við.

Hv. frsm. (TrÞ) lagði, að því er mjer skildist, fremur á móti þessari till. og gat þess, að fjvn. ætlaði að bera fram till., sem breytti upphæðinni, svo að hún yrði alls 20 þús. kr. Jeg get ekki álitið, að með því verði fullnægt þessum þremur skólum, jafnvel ekki neinum þeirra, því þessar 20 þús. kr. eru ekki nema liðlega handa einum þeirra, þeim stærsta, og er þá sama sem ekkert eftir handa hinum. Jeg vil vekja athygli á því enn, að það er beint hagræði fyrir ríkið að losna við Nesþorpsskólann nú, þar sem ekki er farið fram á nema ¼ stofnkostnaðar, eða minna.

Þá á jeg brtt. við 15. gr. 16. a., um styrkinn til skálda og listamanna. Fjvn. fjekk samþykta við 2. umr. þá breytingu við þennan lið, að hver einstakur styrk-

þegi skyldi ekki fá minna en 1000 kr. Upphæðin öll er 10 þús. kr., svo að það er ljóst, að í mesta lagi er hægt eftir þessu að veita 10 mönnum styrk. Verði einhverjum veitt meira en 1000 kr., geta styrkþegar ekki orðið svo margir. Umsækjendur síðast munu hafa skift tugum. Mjer finst rjett að breyta þessari aths., sem fjvn. setti, og færa lágmarksgjaldið niður. Jeg legg til, að í staðinn fyrir 1000 kr. komi 600 kr. Jeg sje, að sú upphæð, þótt lítil sje, getur oft orðið slíkum mönnum að miklu liði. Hún getur veitt þeim meðal annars það lánstraust og álit hjá þeim, sem annars vildu styrkja þá, sem gerir þeim fært að nota bæði tíma og upphæðir þær, sem þeim þess vegna áskotnast, til þess að stunda list sína. Jeg álít þetta betra heldur en að skifta svo, að frá einu ári til annars sje fært á milli manna. Þetta er, eins og allir sjá, fremur til sparnaðar en eyðslu, ef litið er á þá hlið málsins.

Loks er þriðja till., sem nafn mitt er tengt við, það er LI. liður á þskj. 297. Jeg fer þar fram á breytingu á 16. gr. 22. tölulið, að til markaðsleitar verði veittar 12 þús. kr. í staðinn fyrir 5 þús. kr. Og af þessum 12 þús. kr. fer jeg einnig fram á, að veittar verði eftir umsókn Karli Þorsteins 7 þús. kr. til markaðsleitar fyrir íslenskar sjávarafurðir í löndunum sunnan og austan Miðjarðarhafs og í Balkanlöndunum, og verði sú ferð farin í samráði við ríkisstjórnina.

Mjer finst jeg hafa því gildari ástæður til að bera fram þessa ósk, sem nú horfir svo erfiðlega um sölu sjávarafurða og margir líta með áhyggju fram til vorsins og sumarsins. Það má segja, að dag frá degi falli í verði íslenskar sjávarafurðir. Á markaðinn berst meira heldur en hann getur vel tekið á móti, — sá takmarkaði markaður, sem við höfum notið undanfarið. Og þó er vitanlegt, að í þessum löndum, sem jeg nefndi, eru fiskneytendur fjölmargir. Það er líka vitanlegt, að jafnvel íslenskar sjávarafurðir eru fluttar þangað, þótt það sje ekki beint gegnum íslenska útflytjendur, heldur gegnum hendur Englendinga og annara útlendra manna.

Karl Þorsteins hefir farið fram á stuðning um þetta í umsókn til stjórnarráðsins af því fje, sem óeytt er frá fyrra ári í þessu skyni, en þessu var hafnað með skírskotun til þess, að vjer ættum erindreka á Spáni. Síðan hefir Karl farið fram á að fá sjerstaka veitingu í fjárlögum í þessu skyni, með erindi til fjvn., en nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að taka upp þessa veitingu, þótt meiri hluti sjávarútvegsnefndar hafi mælt með henni.

Jeg hygg fyrir mitt leyti, að hjer sje um mjög þarflegt og gott mál að ræða. Af því að jeg þekki persónulega þennan mann og veit, að hann er bæði vel hæfur og sjerstaklega vandaður maður, þá finst mjer, að jeg verði að gera mjer þær allra bestu vonir um, að hann geti afrekað eitthvað í þessu efni, og þess er óneitanlega þörf. Jeg skal geta þess, að þessi maður hefir í erindum fisksölufjelags farið nokkrar ferðir til útlanda og dvalið suður á Spáni og Ítalíu, einnig farið til Suður-Ameríku í sömu erindum. Hann er sjerstaklega vel að sjer í tungumálum, aðalmálunum, ensku, þýsku og frönsku, og töluvert vel fær í spönsku. Þar fyrir utan hefir hann mikla æfingu að því er snertir sölu fiskjar, af því hann hefir starfað síðastl. 5—6 ár einmitt fyrir fjelag fiskútflytjenda hjer í bæ, sem og ytra.

Jeg leyfi mjer því að líta á þessa till.

einnig sem sparnaðartill. fremur en eyðslutill., því að lítil útfærsla markaðsins ætti fljótlega að samsvara þessum tilkostnaði. Upphæðin, 7000 kr., er að vísu alt of lítil til þess að ferðast fyrir hana um þessi lönd, svo að leitað verði þar til hlítar. En jeg hefi dálitla von um, að einstakir menn muni að öðru leyti hlaupa undir bagga og leggja eitthvað af mörkum. Fyrir því vænti jeg þess, að þessi litla upphæð muni geta gefið — ef ekki á þessu ári, þá samt á næstu árum — það í aðra hönd, að ekki verði eftirsjá að því að veita hana.

Jeg þykist ekki þurfa að fara fleiri orðum um þessa brtt., og get að öðru leyti skírskotað til kunnugleika margra háttv. þdm. á þessum umsækjanda.

Aðeins með fáum orðum vildi jeg svo minnast á brtt. á þskj. 304, sem nafn mitt er einnig tengt við. Þar er farið fram á nýjan lið við 16. gr., 200 þús. kr. fjárveitingu til að byggja strandferðaskip. Þessa till. tek jeg aftur vegna annara ráðstafana, sem við flm. höfum komið okkur saman um að gera í þessu efni. Jeg hygg því verði fagnað fremur en hitt; mjer skildist svo á einhverjum hv. þdm. fyrir fáum dögum, að honum kæmi illa að þurfa að greiða atkvæði um þessa tillögu. Nú þarf hún engum að valda ama.

Áður en jeg sest niður, verð jeg að víkja örfáum orðum að hv. 1. þm. Árn. (MT) í allri vinsemd. Við fyrri hl. þessarar umr. mintist háttv. þm. mín á þann veg, sem mjer fanst ekki meira en svo eiga við, því að hann gerði það jafnhliða því að bera saman reksturinn á bankaútibúinu á Selfossi við rekstur útibúsins á Eskifirði. Og hann reyndi að sýna fram á, að rekstur útibúsins á Eskifirði hefði verið lakari en á Selfossi. Þetta kemur nú fyrst og fremst ekki meðferð fjárlaganna við, og í öðru lagi er það alveg út í hött talað hjá háttv. þm., þegar hann beinir því að mjer, því að jeg hefi aldrei átt hið minsta við stjórn útibúsins á Eskifirði. Fyrir þá sömu skuld er jeg líka svo ókunnugur því, að jeg get í raun og veru ekki dæmt um það, hvort samanburður hv. þm. er rjettur eða ekki. Hinsvegar hefi jeg hjer fyrir mjer reikninga Landsbankans um útibú hans frá árunum 1922—1924. Jeg hefi athugað þessa reikninga og mjer hefir virst samanburður hv. þm. vera dálítið á svig við sannleikann. Jeg tók svo eftir, að hann teldi útibúið á Selfossi hafa tapað alls um 70—77 þús. kr. á rekstrartímanum öllum, og virtist það lítil upphæð. Jeg finn ekki í reikningum Landsbankans þessi 3 árin, að afskrifað hafi verið neitt hjá útibúinu á Selfossi. En jeg finn annað, sem reyndar bendir á það, að rýrar hafi þar tekjur verið. Jeg finn þar, að árið 1923, þegar útibúið hafði að láni frá Landsbankanum 2289036 kr., þá greiddi það í ágóða *155 kr.*, en slíkar tekjur af 2¼ milj. eru aðeins nafnið. Þetta er auðvitað svo hverfandi lítill gróði, þótt gróði sje, að enginn vafi er á því, að eitthvað hlýtur að hafa lamað reksturinn.

Á Eskifirði var tap afskrifað 1924 644 þús. kr. Annað hefir þar eigi verið afskrifað til þessa. Um það hafði hv. þm. þau orð, að útibúið mundi hafa týnt 40—50% af því fje, sem bankinn átti hjá því. Upphæðin frá Landsbankanum í útibúinu var í árslok 1923 eftir reikningunum 3774000 kr. Ef litið er á afskriftina, 644 þús., eins og hundraðshluta af innieign Landsbankans, þá verður það sem næst 17%, sem tapast hefir af innieigninni. En þegar litið er til þeirra ára, sem gróða hafa gefið, þá sýna líka reikningarnir, að hver miljón á Eskifirði gefur mun meira af sjer en á Selfossi.

Annars er svona samanburður með öllu þýðingarlaus, og verður í raun og veru lítið á honum bygt, vegna þess, að á öðrum staðnum er bankastarfsemin rekin með mikilli áhættu, þ. e. a. s. í sambandi við verslunarfyrirtæki og sjávarútveg, en á hinum staðnum í sambandi við landbúnað, sem auðvitað er miklu öruggari til viðskifta. (*JörB*: Og verslun). Þótt jeg sje ekki kunnugur bankastarfseminni á Eskifirði, þá hygg jeg, að útibúið hafi aldrei tapað á viðskiftum við bændur; tapið 1924 stafaði nær eingöngu af óheilbrigðum verslunarfyrirtækjum, aðeins lítill minni hluti frá sjávarútvegi, en alls ekki af viðskiftum við sveitamenn. Þess vegna er það ekkert tiltökumál, þótt tap hafi komið fyrir þarna, þar sem bankarekstrinn byggist nær eingöngu á viðskiftum við stopulustu atvinnuvegi. Enda lá nær fyrir hv. þm., ef hann vildi benda á mesta tjónið, sem orðið hefði á útibúunum, að nefna þá útibúið á Ísafirði. En þar mun tapið hafa stafað af líkri orsök og eystra. Í báðum þessum stöðum starfa útibúin að því að halda uppi áhættusömum fyrirtækjum í verslun og sjávarútvegi, en á Selfossi er það landbúnaðurinn, sem á hlut að máli, sá atvinnuvegurinn, sem venjulega leiðir ekki tap yfir sína lánardrotna.

Það var þessi athugasemd, sem jeg hlaut að gera, því að það var vissulega töluvert villandi samanburður, sem hv. þm. gerði um rekstur útibúanna tveggja. Að öðru leyti get jeg látið mjer þetta liggja í ljettu rúmi, því að mjer er þessi bankarekstur algerlega óviðkomandi.

Jón Sigurðsson: Jeg skal geta þess, sem sjálfsagt flesta getur rent grun í, að þótt fjvn. hafi skrifað undir nefndarálitið á sínum tíma fyrirvaralaust, þá var það þó engan veginn svo, að nefndarmenn væru alveg sammála um hvert atriði. Til dæmis má geta þess, að okkur íhaldsmönnum í nefndinni þótti of langt gengið um hækkun teknanna. Ennfremur töldum við, að ýmsir útgjaldaliðir, sem fjvn. tók upp, hefðu getað fallið niður að skaðlausu. En yfir höfuð var hjer þó um smærri upphæðir að ræða. Þótti mjer því ekki ástæða til að gera sjerstaklega grein fyrir afstöðu minni í hv. deild við 2. umr. öðruvísi en með atkv. mínu.

Nú stendur nokkuð öðruvísi á. Nú leggur fjvn. til, að aukin verði útgjöld ríkissjóðs á þessum parti fjárlaganna eitthvað um 98 þús. En af þessari upphæð eru aðeins kringum 36—37 þús., sem öll nefndin stendur saman um, sem sje rúmur ⅓ af útgjaldaaukningunni, sem fjvn. leggur til. En upphæðin, sem að minsta kosti við hv. þm. Borgf. (PO) getum ekki greitt atkv. með, er samtals rúmar 60 þús.

Skal jeg þá ekki hafa þennan formála lengri, en snúa mjer að einstökum atriðum, sem ágreiningur hefir orðið um í nefndinni, og hefi því frekar ástæðu til þess, að hv. frsm. (TrÞ) láðist að geta a. m. k. um sum atriði, sem nefndin var klofin um.

Jeg ætla þá að byrja á 26. brtt., við 14. gr., um það, að heimilt sje að launa presti eða prestvígðum manni, til þess að fara um land alt til þess — eins og komist er að orði — að efla andlega samvinnu meðal presta og til kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land.

Fyrsta spurningin er náttúrlega sú: Er þessa manns þörf? Það er nú svo, að það eru til fleiri leiðir að ná andlegu sambandi við menn, þar á meðal góðar bækur og rit. Jeg fyrir mitt leyti tel ekki

nokkurn vafa á, að fyrir almenning úti um landið myndu úrvals prjedikanir vera miklu æskilegri og bera meiri árangur heldur en slík sendiför. Það má líka geta þess, að það getur verið engu að síður þörf að senda aðra farandmenn heldur en þennan póstprest eða farprest, eða hvað maður á annars að kalla hann. Jeg get nefnt til dæmis farandlækna, farandlögfræðinga, farandkennara o. s. frv. Og það er líka ekkert sennilegra en að hinar stjettirnar komi líka á eftir, þær þurfi líka að ná sambandi við sína menn. Hvaða ástæða skyldi þá vera til þess að synja þeim um það sama? Hjer er enginn sparnaður á ferð, ekkert annað en nýtt embætti. Það er nú borið fyrir, að svo mörg prestsembætti sjeu nú óveitt, og þannig sparist fje, að ástæðulaust sje að synja þessari beiðni. En þó má geta þess, að þetta starf verður ekki að neinu leyti til þess að spara prestsþjónustu í landinu. Þau prestaköll, sem vantar prest, verða eftir sem áður að fela nágrannaprestinum að þjóna embættinu gegn hálfum launum. Það er því um engan sparnað að ræða. Mjer sýnist þess vegna, að þessi upphæð verði aðallega til þess að veita prestum og prestvígðum mönnum og guðfræðingum tækifæri til þess að lyfta sjer upp í sumarfríinu og ferðast um landið sjer til hressingar. Það yrði að því leyti nokkurskonar styrkur handa þeim til hressingar eftir kyrseturnar í Reykjavík. Árangurinn tel jeg ekki, að muni verða neitt meiri eða betri heldur en verður með ritum og útgáfu góðra bóka, eins og jeg áður mintist á.

Þá vil jeg snúa mjer að næsta ágreiningsefninu, en það er brtt. nefndarinnar um, að Birni Jakobssyni verði veittur styrkur til þess að reka íþróttaskóla í Þingeyjarsýslu. Það hefir verið lesinn hjer upp partur af umsókninni. Yfir höfuð var það heldur losaralegt, sem sagt var um fyrirkomulag þessa skóla. Nefndin sá sjer því ekki fært að taka þetta upp við 2. umr. En eftir að erindi Björns Jakobssonar kom eftir 2. umr., var þetta afráðið. Í raun og veru lít jeg svo á, að hjer sje ekki um skólastyrk að ræða, heldur nýtt starf, að það sje verið að losa mann úr gagnlegu embætti og flytja hann þangað, sem hann hefir mjög lítið að gera. Hjer verður því ekki um annað að ræða en nýtt landssjóðslaunað starf við Laugaskólann, sem ríkissjóður verður nú og framvegis að standa straum af, ef þetta verður samþykt. Það er t. d. ekki gert ráð fyrir neinu húsnæði handa íþróttaskólanum fyr en eftir 3—4 ár; ætlast til að hann noti Laugahúsið þennan tíma; en mjer virðist ástæðulaust að leggja mikið upp úr þessum húsbyggingarloforðum leikfimikennarans. Það getur svo margt breyst á skemri tíma en 4 árum.

En hvað sem öllu þessu líður, þá hefir mál þetta fleiri hliðar, og þær alvarlegar. Mjer finst ekki hægt að loka augunum fyrir því, að frá öðrum unglingaskólum víðsvegar í landinu hljóti að koma fram kröfur um samskonar fríðindi: að landið eða ríkissjóður borgi íþróttakensluna. Jeg sje ekki, hvernig hægt verður að neita þeim kröfum, ef þingið er komið út á þessa braut.

Og hver er þá þörfin fyrir þessa íþróttakenslu? Svarið er í skjölum þeim, sem lögð hafa verið fram til stuðnings málaleitun þessari, og er þar sagt, að íþróttakenslu þessa eigi upp að taka vegna sveitamenningarinnar — og frsm. undirstrikaði þetta sjerstaklega. Jeg skil ekki, að þörf sje að stofna íþróttaskóla til þess að

kenna sveitamönnum skíðagöngu, fara á skautum eða að venja þá við kapphlaup, knattleiki eða annað þess háttar. Sveitirnar hafa hingað til komist af án slíkra skóla, og þó hafa menn lært þessar íþróttir og lagt stund á að iðka þær. Jeg býst ekki við, að frá þessum skóla útskrifist betri skíðamenn en verið hafa í Fljótum og eru þar enn, eða að þaðan komi slyngari skautamenn en þekkjast í Skagafirði og Eyjafirði, að ógleymdum Mývetningum, sem lengi hafa á orði verið hafðir fyrir skautahlaup sín, og eru þar að auki á næstu grösum við skólann. Jeg staðhæfi, að í þessum sveitum hafa menn orðið það leiknir í þessum íþróttum, að þeir munu ekki standa langt að baki erlendum mönnum.

En hvað leikfimikenslu snertir, þá er hún að sjálfsögðu góð og nauðsynleg öllum þeim, sem miklar kyrsetur hafa, en fyrir okkur sveitamennina, sem altaf erum úti við og á sífeldri hreyfingu, er síður þörf á henni.

Það hefir heldur enginn hörgull verið á íþróttakennurum, að því er jeg frekast veit. Fjöldi áhugasamra manna hafa lært hjá ágætum kennurum, en verkefnin eru ekki nóg og margir þeirra, sem lært hafa, fá ekkert starf. En á meðan við höfum nóg af sjálfboðaliðum, sem fást ættu til þess að hafa kensluna með höndum, ef skólarnir æskja þess, þá sje jeg ekki, hvers vegna ríkið á að taka slíkt að sjer.

Þessi maður er ágætur kennari og er mikið eftirsóttur, svo að sagt er, að nemendur hans hjer í Reykjavík skifti hundruðum, en það út af fyrir sig, að hann hefir svo mikið að gera, virðist benda til þess, að ríkið eigi ekki að kippa honum í burt frá starfi sínu; og þótt hann einhverra hluta vegna kjósi fremur ljettara starf, þarf ekki að taka það til greina á meðan hann er í fullu fjöri.

Í fám orðum sagt: hjer er um ný og óþörf útgjöld að ræða, verkefnið lítið, og þó ennþá minna fyrir nemendurna, auk þess sem nýjum kröfum mun rigna niður, sem erfitt verður að þagga niður, úr því fordæmið er komið.

Þá vík jeg að III. brtt. á þskj. 304, um byggingarstyrk til stúdentagarðsins. Það er meiri hluti fjvn., sem þar leggur til, að veittur sje 50 þús. kr. styrkur í þessu skyni, en jeg og hv. þm. Borgf. höfum ekki getað átt þar samleið með meiri hl. Eins og frv. er nú orðið, þá er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram byggingarstyrki til ýmsra stofnana, svo sem 100 þús. kr. til viðbótarbyggingar á Kleppi, 100 þús. kr. til landsspítalans, 125 þús. kr. til heilsuhælis Norðlendinga í Kristsnesi, auk smærri styrkja til sjúkraskýla o. fl., og þegar alt er talið, er byggingarstyrkur þessi kominn talsvert á 5. hundrað þús. kr., og sýnist það nægilegt fyrir ríkissjóð á einu ári og að við það megi una, þótt eigi sje hækkað frekar.

Það má líka benda á það, að enn er ekki búið að safna nægu fje. Eins og stendur mun Stúdentafjelagið ekki hafa til umráða nema 130—140 þús. kr., og vantar þá að minsta kosti 60 þús. kr. til þess að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett hafa verið, svo það þarf tíma til að safna þeirri upphæð. En lægi nú brýn nauðsyn við að hrinda byggingunni áfram á þessu ári, þá má benda á það, að Stúdentafjelagið hefir þó þessi 130—140 þús. kr., og ætti sú upphæð að nægja til þess að byrja á byggingunni 1927, svo engin ástæða er til þess, að hún þurfi að tefjast, þó að brtt. meiri hl. fjvn. verði ekki samþykt að þessu sinni. Á hinn bóginn vil

jeg geta þess, að alt virðist benda í þá átt, að 1928 fari að ljetta svo á ríkissjóði, að það komi þá betur við, að hann leggi fram þessa upphæð. En eins og horfir tel jeg ófært, að styrkur þessi verði greiddur á árinu 1927, enda virðist mjer, þegar þessar ástæður eru athugaðar, að þeir, sem halda slíku til streitu, geri það nánast eins og að leik, svo tekjuhalli fjárlaganna verði sem mestur.

Það eru raunar ýmsar fleiri brtt., sem ágreiningur hefir orðið um í nefndinni, og sumar, sem jeg stend einn á móti, en þar er víðast hvar um smærri upphæðir að ræða, sem mjer þykir ekki taka að gera sjerstaklega grein fyrir, að læt mjer því nægja að sýna með atkvæði mínu, hver afstaða mín sje.

En áður en jeg sest niður, get jeg ekki stilt mig um að minnast lítilsháttar á ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hann hjelt því meðal annars fram, til þess að rjettlæta hækkunartill. sínar og fleiri hv. þdm., að það gerði ekkert til, þó að útgjöld ríkissjóðs væru aukin. Jeg skal játa, að jeg varð talsvert hissa, þegar jeg heyrði þetta, enda datt mjer í hug gamla máltækið: „Öðruvísi mjer áður brá.“ Jeg man, að um það leyti, sem jeg kom á þing, var hann talinn einn af gætnustu mönnum þingsins, og var það lengi eftir. En mjer sýnist, eftir framkomu hans í fyrra og eftir tali hans nú, að þessu horfi alt öðruvísi við. Það er ekki eins oft „nei“ í lófanum nú eins og áður, þegar greidd voru atkv. um styrki til einstakra manna og bitlinga. Eins og hann var talinn fastur á landsfje áður, verður hann nú að teljast til þeirra manna, sem vilja bruðla með landsfje. Því undarlegra finst mjer þetta, sem það er venja, að eftir því sem aldur færist yfir menn, verði þeir gætnari og stilli betur í hóf kröfum sínum.

Í mínum augum er það nú svo, að ástandið framundan sje það alvarlegt, að full ástæða væri til, að hv. þdm. tækju höndum saman og reyndu alt, sem þeir gætu, til þess að takmarka sem mest útgjaldaaukningar sínar. Geri þeir það ekki og samþykki fjárlögin með jafnmiklum tekjuhalla eins og nú horfir, sje jeg ekki betur en að fjárhagsafkomu ríkissjóðs sje stýrt til vandræða. Í þessu sambandi vil jeg aðeins benda á það, að brtt. einstakra hv. þdm. við 2. og 3. umr. um hækkanir, sem ganga aðallega til utanferða, náms og listamanna, og fleiri þesshátttar bitlingar, nema nú yfir 60 þús. kr., og er þetta fyrir utan það, sem stjórnin leggur til í frv., að veitt sje í þessu skyni.

Þetta sýnir ógegndina og bruðlunarsemina, og að við erum komnir miklu lengra nú á þessu sviði en góðu hófi gegnir. Og jafnvel er mjer nær að halda, að við sjeum í bruðlunarseminni að ganga feti lengra en þingið 1919, sem þó hefir jafnan verið við brugðið.

Bernharð Stefánsson: Jeg á tvær brtt. við þennan kafla fjárlaganna og vildi minnast á þær örfáum orðum. Þær eru báðar á þskj. 297. Fyrri till., sú XXIX. í röðinni, fer fram á, að veittar sjeu 5 þús. kr. til framhaldsnáms fyrir nemendur, sem lokið hafa gagnfræðaprófi í gagnfræðaskólanum á Akureyri. Þetta framhaldsnám var stofnað við skólann haustið 1924, eftir samþykt þessarar hv. deildar það ár og með samþykki ríkisstjórnarinnar. Fyrsta veturinn — 1924—'25 — tóku þátt í þessu framhaldsnámi 22 nemendur, og af þeim las helmingurinn latínu o. fl., sem heimtað er til stúdentsprófs — en hinn helmingurinn slepti latínu, en lagði í þess stað meiri stund á nýju málin. Síðastliðið haust bættust svo 16 nýir nemendur í

hópinn, sem fyrir var, en af þeim eru það aðeins 4 eða 5, sem búa sig undir stúdentspróf. Hinir nemendurnir lesa nýju málin og önnur gagnfræði.

Á þessu sjest, að þetta framhaldsnám hefir tvenskonar hlutverk. Í fyrsta lagi er það einskonar æðri alþýðuskóli, sem stefnir að því að veita nemendum frekari fræðslu en kostur er á í gagnfræðaskólanum, því þar vinst ekki tími til að kenna nema helstu undirstöðuatriðin, og þarf því að bæta við, svo að nemendurnir hafi sem mest og best gagn af náminu.

En auk þessa hlutverks, að veita alþýðumönnum staðbetri fræðslu en kostur er á annarsstaðar í landinu, hefir og framhaldsnámið einnig það hlutverk að greiða götu þeirra manna á Austur- og Norðurlandi, sem hafa löngun og hæfileika til náms, en ekki geta sótt mentaskólann hjer, vegna fátæktar eða annara erfiðleika, því ferðir hingað frá Norður- og Austurlandi eru langar og dýrar, húsaleiga hjer og fæðiskostnaður talsvert hærri en fyrir norðan; en sjerstaklega er það þó óheppilegt fyrir fátæka námsmenn, hve námstíminn hjer er langur. En með þessu frjálsa fyrirkomulagi þarna norður frá geta menn haft í hendi sjer að stytta hinn árlega námstíma, auk þess sem námskostnaðurinn nyrðra er það mikið lægri, að fátækum mönnum veitist ljettara að kljúfa hann. Jeg verð því að líta svo á, að bæði þessi hlutverk framhaldsnámsins eigi þann rjett á sjer, að það sje fyllilega maklegt þess styrks, sem jeg fer fram á með brtt. minni. Þetta framhaldsnám hefir haft húsnæði í skólanum endurgjaldslaust og kennarar skólans hafa lagt á sig aukakenslu við það. Annar styrkur hefir ekki verið veittur til þess. Enda var ekki farið fram á það í hitteðfyrra, að kostnaður við framhaldsnámið yrði greiddur úr ríkissjóði. Þá var líka alt í óvissu um, hvernig þetta mundi gefast. Nú er fengin nokkur reynsla í þessu efni, og hún sýnir það tvent, að hjer er um fullkomið nauðsynjamál að ræða, og líka hitt, að það er erfitt og jafnvel ókleift að halda þessu framhaldsnámi áfram, svo að fullum notum komi, nema ríkið hlaupi undir bagga og styrki það með fjárframlögum.

Annars skal jeg taka það fram, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að það er langt frá því, að það sje skólameistari gagnfræðaskólans á Akureyri einn, sem er að berjast fyrir þessu máli, eða jeg fyrir hans hönd. Heldur er það Stúdentafjelagið á Akureyri, sem tekið hefir málið að sjer. Það hefir kosið nefnd til þess að fylgja málinu fram. Nefndin hefir samið erindi, sem sent hefir verið Alþingi og hv. fjvn. haft til athugunar. Í erindi þessu eru glögg rök færð fyrir því, að fjárveiting sje nauðsynleg til þess að bera uppi kostnað þann, sem óumflýjanlegt sje að framhaldsnámið hafi í för með sjer. Formaður nefndarinnar er bæjarfógetinn á Akureyri, Steingrímur Jónsson, og með honum eiga sæti í nefndinni 4 aðrir ágætismenn.

Þessi nefnd Stúdentafjelagsins á Akureyri sækir um 6 þús. kr. styrk. Og enda þótt jeg hefði talið fulla þörf á þessari upphæð, hefi jeg samt sem áður dregið úr þessu og fer ekki fram á meira en 5 þús. kr. Vona jeg, að það finni fremur náð fyrir augum hv. deildar heldur en ef um alla upphæðina hefði verið að ræða.

Þó að jeg verði nú að viðurkenna, að útlit fjárlaganna verði alt annað en glæsilegt, ef allar hækkunartill. þær, sem fyrir liggja, verða samþyktar — eða þó að ekki nema nokkur hluti þeirra nái fram að ganga — þá verð jeg samt að telja svo mikla nauðsyn á þessari fjárveiting, sem

kemur svo mörgum að notum, að hv. deild eigi að fallast á hana. Getur líka farið svo, að þetta þurfi ekki að auka útgjöld ríkissjóðs, því eitthvað ætti að sparast á rekstri mentaskólans við það, að norðanmenn hættu að sækja hann. Jeg á við, að hægt mundi að spara eitthvað á því, að þá muni ekki vera þörf á að skifta efri bekkjum mentaskólans eins mikið og nú er gert.

Jeg ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta atriði. Það hefði verið ástæða til að lesa upp brjef stúdentafjelagsnefndarinnar á Akureyri til Alþingis, en það er nokkuð langt og mundi því taka of mikinn tíma, enda þykist jeg vita, að hv. fjvn. sje því kunnug, og ef til vill fleiri hv. þdm.

Hverf jeg þá frá þessari fyrri brtt. minni og sný mjer að hinni síðari.

Önnur brtt. mín á þskj. 297,LV er um að hækka styrkinn til U. M. F. Í. upp í 5 þús. kr. Það var samþykt í þessari hv. deild við 2. umr. fjárlagafrv. að hækka styrkinn til Goodtemplarareglunnar allverulega, eða upp í 10 þús. kr. Jeg mintist á það við 2. umr., að mjer fyndist starfsemi stórstúkunnar og ungmennafjelaganna vera svo hliðstæð, að ekki væri rjett að gera mikinn mun á styrk til þeirra. Jeg sá enga ástæðu til að gera meira en helmingsmun á þessum fjelögum, og þar eð hv. deild hefir hækkað styrkinn til stórstúkunnar, þá fanst mjer rjettlátt, vegna ungmennafjelaganna, að þeirra styrkur yrði líka hækkaður, og er þetta í samræmi við það, sem jeg hefi áður sagt.

Fyrst jeg talaði um þetta við 2. umr., ætla jeg ekki að fjölyrða um það nú, aðeins vísa til þess, sem jeg sagði þá.

Þessar 2 till., sem jeg hefi borið fram, fara fram á örlitla hækkun á gjaldahlið fjárlagafrv. Jeg viðurkenni samt fyllilega nauðsynina á því að fara gætilega — úr því sem nú er komið — í því að auka útgjöld ríkissjóðs. En jeg vil minna á það, að þann tíma, sem jeg hefi setið á þingi, hefi jeg ekki verið kröfuharður vegna kjördæmis míns. Útgjöld ríkissjóðs hafa því ekki hækkað til muna vegna till. frá mjer. Get jeg því með góðri samvisku borið fram þessar till., þótt til hækkunar sjeu.

Magnús Jónsson: Jeg verð nú að segja það, að mjer þykir salurinn hjerna vinstra megin ekkert árennilegur til þess að sannfæra. *(BL:* Betra að sannfæra fáa en marga). En jeg hefi kvatt mjer hljóðs, svo að umr. yrði ekki slitið án þess að jeg hefði gert grein fyrir brtt. mínum. Jeg á hjer 2 brtt. á þskj. 304, 5. og 6. brtt. *(TrÞ:* En sú 4.?). Það talar annar um hana. Sú fyrri er um það, að Listvinafjelagið fái 1000 kr. styrk til þess að gefa út rit um íslenska listamenn. Þetta fjelag er hv. þm. kunnugt; það naut styrks í síðustu fjárlögum, og gæti notið styrks hliðstætt við Bókmentafjelagið, þar sem það starfar að ákveðnu verkefni eins og það, og engu ógöfugra verkefni, með fundahöldum, þar sem rædd eru áhugamál listamanna, heldur sýningar á íslenskri list, og hefir þessi starfsemi fjelagsins gert mikið gagn. En það, sem er erfiðast fjárhagslega fyrir fjelagið, er það, að það hefir byrjað á því að gefa út rit, sem á að vera saga íslenskrar listar. Hafa þegar komið út 2 hefti mjög vönduð, sjerstaklega fyrra heftið. Varð útgáfan á því afardýr vegna þess, að það var gefið út á dýrum tíma, og auk þess voru prentaðar litmyndir í það, sem jók kostnaðinn að mun. Aftur á móti var farið varlegar í útgáfu síðara

bindisins, ekkert litprentað, en samt var útgáfan dýr, kostaði á 4. þús. kr., og fjelagið hefir varið öllum tekjum sínum, árgjöldum fjelagsmanna, tekjum af sýningum og öllu, sem til hefir tínst, til þess að standast þennan kostnað, og er samt í skuld. Það er því ekki hægt að sjá annað en að það væri mjög vel farið, ef landssjóði væri ekki mjög um megn að veita fjelaginu þessar 1000 kr., og það er óldungis víst, að þær fara ekki í neitt annað en að efla starfsemi fjelagsins. Það eru ekki til nein önnur drög en þetta til íslenskrar listasögu. Og það, sem út er komið af henni, hefir alveg gerbreytt skoðunum manna á uppruna og þróun íslenskrar listar. Menn hjeldu, að við hefðum ekki átt neina listamenn, en þetta rit hefir sýnt, að við höfum átt listamenn, sem barist hafa við mikla örðugleika, og ýmsir þeirra hafa ekki verið neinir heimalningar í listinni, heldur numið hana erlendis og komist furðu langt áleiðis, þó að slept sje Thorvaldsen, sem einnig er tekinn með í þessu hefti. Hjer hefir legið fyrir skýrsla, sem ekki hefir víst komið til nefndarinnar, af því að hún kom svo seint til þingsins. Hún er frá form. fjelagsins og jeg ætlaði að lesa upp úr henni, en það vill svo óheppilega til, að verið er að skrásetja hana, svo að jeg hefi hana ekki í höndum á þessu augnablikinu, og verð að hætta við það.

6. brtt. flyt jeg ásamt samþingismanni mínum, hv. 3. þm. Reykv. (JakM), og er hún um styrk til Hljómsveitar Reykjavíkur. Hún fór fram á að fá 4 þús. kr., en við höfum tekið upp 3500 kr. Ef talað er um framfarir síðustu tíma, þá hefir ekki orðið eins gagngger breyting á neinu eins og í meðferð hljóðfæra, eða svo hefir það að minsta kosti verið síðan jeg fyrst kom til Reykjavíkur. Þá voru hjer menn, sem þóttu ágætir í því að leika á harmóníum og píanó, og örfáir, sem ljeku á fiðlu. En svo hafa kröfur manna breyst, að nálega engir þessara manna mundu nú telja sjer mögulegt að koma fram opinberlega. Og auk þessara framfara hafa menn nú lagt stund á fleiri tegundir hljóðfæra, og er það mikil framför. Við höfum ekki fyr en á síðustu árum getað eignast listamenn eins og Pál Ísólfsson, Emil Thoroddsen, Þórarin og Eggert Guðmundssyni, Harald Sigurðsson og fleiri, sem ekki koma nú upp í hugann í svip. Allir þessir menn eru fyrirbrigði, sem talin hefðu verið fánýtur draumur fyrir nokkrum tíma.

En það, sem erfiðast er talið, en jafnframt nauðsynlegt, er að hafa góða hljómsveit. Það er alveg óhugsandi, að tónlistarlíf geti þrifist hjer í Reykjavík án hljómsveitar, því að fjöldinn allur af hinum fegurstu tónsmíðum er gerður fyrir hana og eru ekki meðfæri neins annars en symfóníuorkesturs.

Nú fyrir nokkru hefir verið ráðist í það þrekvirki að setja hjer upp hljómsveit, og er erfitt fyrir þá menn, sem ekki geta tekið þátt í slíku starfi, að hugsa sjer, hvílík fórnfýsi kemur fram hjá þeim mönnum, sem starfa að henni, þar sem annarsvegar er mikil fyrirhöfn og miklir erfiðleikar við það að ná valdi á hljóðfærunum, og þar sem hinsvegar 20 manna sveit verður að vinna að þessu í hjáverkum því nær ókeypis, því að þótt hljómsveitarmönnunum sje greidd lítil þóknun, þá nemur það aldrei líkt því lægstu tímavinnuborgun. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. hafi flestir heyrt einhverntíma til Hljómsveitarinnar, og jeg vona, að jeg móðgi ekki neinn hv. þm. þótt jeg segi, að enginn okkar hafi verulega vit á að

dæma um þessa hluti, en þó getum við hafa myndað okkur einhverja skoðun um það, hvort það hafi ekki verið mikið verk að koma þessari sveit upp.

Nú hefir hún sem stendur 2 þús. kr. styrk frá bænum, og með öðrum 2 þús. kr. gæti hún að vísu haldið í horfinu, en þó er sá galli á gjöf Njarðar, að sveitin er hvergi nærri fullskipuð enn, lágmarkið eru 24 menn til þess að hún sje nokkurnveginn skipuð, og svo vantar hljóðfæri í viðbót, og sjerstaklega er einn galli augljós, og hann er sá, að ennþá verður að hafa harmonium með, sem hvergi er gert, þar sem um fullkomna sveit er að ræða. Það er nú fyrir sig, þótt 6 menn vanti, en það vantar meira. Það vantar kunnáttu í því að leika á viðbótarhljóðfærin, og þó að nógir menn vildu læra það, þá vantar kennarann. Nú hefir forstjóri Hljómsveitarinnar hugsað sjer að bæta úr þessu á þann hátt, að komast í samband við veitingahúsaeigendur, sem fá hljómsveitarmenn frá útlöndum, að hyllast til þess að fá hingað menn, sem kunna að leika á þessi hljóðfæri, svo að hægt sje að koma til þeirra þeim, sem læra vilja; en sennilega mundi þetta hafa einhvern aukakostnað í för með sjer, og verður þá að leggja fram fje í því skyni. Ennfremur eru hljóðfærin afardýr, og þarf að styrkja menn til að kaupa þau.

Það er áreiðanlegt, hvað sem hv. þm. kunna að hugsa um þetta, að þeim peningum, sem veittir kunna að verða í þessu skyni, verður vel varið. Þeir fara ekki í neinn „luksus", þeir fara eingöngu í það að fullkomna hljómsveitina. Þeir fara ekki í há laun forgöngumannanna, því að þeir eru áhugamenn, sem hafa sýnt frábæra fórnfýsi í þessu starfi. Nei, þetta fer alt til þess að gera sveitina svo fullkomna, að hún þurfi hvergi að koma fram sjer til minkunar. Styrknum verður varið til þess að hjer geti orðið hljómsveit, sem getur lofað mönnum að heyra hið markverðasta af tónsmíðum heimsins.

Það hefir nú ýmsum mönnum verið mjög tamt að benda á árið 1930 og þau hátíðahöld, sem þá eiga að fara fram. Jeg veit ekki, hvort jeg á að fara að „agitera" fyrir þessu máli með því að minna á það ár. En þó vil jeg taka það fram, að þá verður alls ekki komist af án góðrar hljómsveitar. Og jeg hefi heyrt menn segja það, að mjög væri það leiðinlegt, ef þá þyrfti að fá hljómsveit frá útlöndum. Hinsvegar á þetta starf langan aðdraganda og sveitin þarf að starfa í mörg ár, áður en hún getur talist fullkomin.

Jeg vil svo fela þetta velvild hv. þm., og er alveg áreiðanlegt, að ef þeir sjá sjer fært að veita þetta fje, þá verður því vel varið.

Þá ætla jeg að minnast á brtt. á þskj. 297, LII, um að veita Guðmundi Einarssyni myndhöggvara 4 þús. kr. styrk til þess að setja upp leirbrensluofn til myndgerðar.

Þessi maður er mjög efnilegur listamaður, nýkominn frá útlöndum, fjölhæfur mjög og hefir lagt gerva hönd á flestar tegundir lista, aðallega þó myndhöggvaralist. Auk þess er hann sjerlega góður teiknari og hefir sýnt málverk eftir sig, bæði olíumyndir og vatnslitamyndir, prýðilega vel gerðar. Og þar að auki hefir hann lært að mála freskomyndir. Og eitt af því, sem hann hefir lært í síðustu för sinni til útlanda, er alt, sem lýtur að leirbrenslu til leirkerasmíðis. Hefir hann ferðast um hjer á landi til þess að leita að leir til slíks og segir sig hafa fundið leirtegund, sem hæfi mjög vel til þessa.

Það er mikið keypt inn af allskonar útlendum smíðisgripum, og er sumt af þessu

heldur ljelegur verksmiðjuiðnaður. Væri því mikilsvirði að fá þetta gert í landinu sjálfu. Það er því í rauninni enginn listastyrkur, sem hjer er farið fram á, heldur styrkur til þess að koma upp innlendri iðnaðargrein. Og það er mjög virðingarvert af þessum listamanni, að hann vill vinna að þessu til þess að hafa ofan af fyrir sjer, til þess að þurfa ekki að lifa á styrk framvegis. En ofnar þessir eru afardýrir, og hann getur ekki komið honum upp nema hann fái 4 þús. kr. styrk til þess. Jeg veit að vísu ekki, hvernig þessir ofnar eru gerðir, en víst er um það, að þeir þurfa að vera mjög vandaðir og listamaðurinn þarf að geta haft fult vald á öllu meðan á brenslunni stendur. Er t. d. eldtungum stýrt þannig, að þær sleikja myndirnar á þeim stöðum, sem listamaðurinn vill, og fá þær við það á sig sjerstakan blæ á þeim stöðum o. s. frv.

Þá ætla jeg loks að minnast á brtt. á þskj. 297, LIX, um byggingarstyrk til starfsmanna ríkisins, alt að 10% af byggingarkostnaði, þó ekki yfir 3000 kr. fyrir hverja íbúð, enda sje húsið fullgert og vandað, alt að 20 þús. kr.

Þetta er í raun og veru endurveiting, því að styrkur var veittur í fjárlögum 1924, en kom þá aldrei til framkvæmda. Nú er þetta borið fram í öðru formi en 1923, því að þá var hann hærri, að því leyti, að ætlast var til, að veitt yrði 15% af byggingarkostnaði, en hjer er aðeins farið fram á 10%, og í fjárlögum 1924 var veitt ábyrgðarheimild gegn 2. veðrjetti í byggingum fjelagsins. En nú er hjer um enga slíka heimild að ræða, styrkurinn 10%, en upphæðin ein látin halda sjer. Hv. þm. muna það, að þessi styrkur hefir aldrei verið notaður og stendur inni í ríkissjóði, og jeg lít þess vegna svo á, að þegar um slíka endurveitingu er að ræða sem þessa, þá sje hún svo sjálfsögð, að ekki þurfi einu sinni að mæla fyrir henni. Það má líka benda á það, að þótt styrkurinn væri ekki notaður 1924, vegna þess að menn treystu sjer þá ekki til þess að ráðast í þessar framkvæmdir, þá geta hv. þm. verið vissir um það, að nú yrði ráðist í þær, enda þótt byggingarstyrkurinn verði lægri.

Jeg ætla svo ekki að mæla frekar með þessari till., af því að jeg er sjálfur starfsmaður ríkisins og málið þess vegna skylt.

Þá eru það 2 till., sem jeg að vísu flyt ekki, en eru þannig vaxnar, að jeg get ekki látið hjá líða að minnast á þær.

Sú fyrri er ein af brtt. nefndarinnar við þennan kafla fjárlagafrv., og hefi jeg heyrt, að nefndin sje klofin um hana. Þessi tillaga er um það, að ef prestaköll eru laus, er kirkjustjórninni heimilt, samkvæmt tillögu prestastefnu, að verja alt að einum prestslaunum til þess að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu meðal presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land.

Jeg vil mæla með þessari till., en sje hinsvegar ekki ástæðu til að taka fram um hana meira en hv. frsm. (TrÞ) hefir gert. Mjer finst sanngjarnt, að þegar prestaköll standa óveitt og ríkissjóður sparar á þann hátt nokkuð af því fje, sem ætlað er til þess að efla kirkju og kristindóm í landinu, þá megi taka það til þess að efla kristindómslífið með öðru móti. Því að það er altaf borgað ákveðið gjald í prestlaunasjóðinn, og úr þeim prestaköllum, sem laus standa, er borgað alveg fult gjald eins og úr hinum, sem hafa presta, og þess vegna finst mjer sanngjarnt að verja þessu fje, sem úr hinum óveittu presta-

köllum kemur, til þess að bæta að einhverju upp prestsleysið þar.

Háttv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði, að góðar bækur myndu koma að betri notum en það, sem hjer um ræðir. Jeg gæti skilið þessi ummæli hv. þm., ef aðeins væri um annað tveggja að ræða. En jeg held, að þetta þurfi alls ekki að draga neitt úr útgáfu góðra bóka. En af því að mjer er ekki kunnugt um, að þessi háttv. þm. hafi sýnt neinn sjerstakan áhuga á því, að út kæmu góðar bækur með því að styðja slíkt af almannafje, þá er mjer ekki ljóst, hvers vegna hann lætur svo um mælt. Jeg lasta að vísu ekki góðar bækur, en jeg tel þær alls ekki til jafns við það, að mikilhæfur andans maður ferðist um. Það gerir áreiðanlega mikið gagn, sem ekki verður vegið í pundum, talið í krónum eða mælt í álnum. En það er mikil andleg hressing í þessu fólgin fyrir fólk úti um land, eins og hv. frsm. (TrÞ) sagði, og þess vegna engin ástæða til að vera á móti því. Það er ekki heldur nein ástæða til þess að halda, að það yrðu jafnan Reykvíkingar, sem í þessu skyni mundu ferðast um, ef mönnum er svo meinilla við þá. En hitt finst mjer of mikil meinsemi, að vera á móti þessu af því einu, að einhver kaupstaðarembættismaður kynni að fá hressingu af slíku sumarferðalagi, auk þess sem hann vinnur starf sitt.

Hin tillagan, sem jeg vil leggja liðsyrði, er brtt. á þskj. 297,XXXVII, um eftirgjöf á eftirstöðvum viðlagasjóðsláns Dalasýslu til Hjarðarholtsskólans. Eins og hv. þm. er kunnugt, er sýslan mjög skuldug, og þótt búsæld sje þar í hjeraði, hafa margvíslegir örðugleikar steðjað að, harðir vetrar hafa skollið yfir og sýslan orðið hart úti af völdum þeirra; svo hvíla skuldir á henni vegna Hjarðarholtsskólans. Jörðin var keypt, þegar alt var sem dýrast, og eins áhöfn á hana, og hygg jeg, að þetta lán, sem upphaflega var 10 þús. kr., en er nú mikið afborgað, hafi gengið til áhafnar á jörðina. Og þótt þessar leifar verði gefnar eftir, þá er samt kostnaðurinn við jarðarkaupin eftir, og hygg jeg, að það verði um 30 þús. kr., sem eftir sem áður hvíla á sýslunni vegna skólans.

Það má náttúrlega segja, að þótt vel hafi verið tekið í fjárbeiðni Hvítárbakkaskólans, þá sje hjer ekki farið fram á neitt hliðstætt, því að Hjarðarholtsskólinn er lagður niður. En alveg er það þó sama viðleitnin, sem hvorumtveggja skólanum hefir hleypt af stað, og jafnþungar eru fjárhagsbyrðar af báðum skólunum. Hitt má og segja, að tveir skólar svo nærri hvor öðrum hafi ekki verið heppilegir og því rjett, að annar legðist niður. En að hegna þeim, sem víkur úr vegi, með því að láta hann óstuddan með alla skuldasúpuna, en styðja hinn mjög rausnarlega, það tel jeg alls óverjandi.

Það hefir nýlega verið vikið að draumi í þessari háttv. deild, og það er þá ekki úr vegi, að jeg segi frá draumi, sem mig dreymdi í morgun, rjett áður en jeg vaknaði. Mjer þótti háttv. þm. Dal. (BJ) standa hjer í deildinni og vera að tala fyrir þessari till., og var jeg mjög glaður yfir að sjá hann svo hressan. Jeg verð að segja það, að mjer finst það hálfleiðinlegt að senda honum suður að Vífilsstöðum ekki annað en hræin af þeim fáu till., sem hann hefir sent þessari háttv. deild til fyrirgreiðslu. Mjer finst, að það væri vel viðeigandi, að við skiluðum honum þó einu af þessum prestslömbum lifandi. Tel jeg svo óþarft að mæla frekar fyrir þessari till.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg skal fyrst lýsa yfir því fyrir hönd fjhn., að tvær brtt. á

þskj. 297, nr. 30 og 36, eru teknar aftur, þar sem fallin er tilsvarandi till. við fyrri kafla fjárlaganna.

Þá er mjer falið af mentmn. að tala fyrir IV. brtt. á þskj. 304, uppbótinni til stundakennaranna Önnu Bjarnadóttur og Einars Magnússonar. Þessi fjárhæð er miðuð við það, að þau hafi sömu laun yfir sumarmánuðina og vetrarmánuðina. Það er sanngjörn krafa. Þau hafa sótt um að fá sömu laun sem fastir kennarar, en nefndin hefir ekki sjeð sjer fært að ganga svo langt, enda hefir fjhn., sem það heyrir frekar undir, lýst sig andstæða opnun launalaganna. Þessari umsókn fylgja bestu meðmæli frá rektor skólans. Jeg þykist vita, að hv. deildarmenn muni vera þessu máli hlyntir, a. m. k. þeir, sem ætla sjer að fylgja frv. því um lærðan skóla, sem hjer er á ferðinni, þar sem gert er ráð fyrir því, að allir kennarar skólans verði fastir kennarar, og njóti þá betri kjara en hjer er farið fram á. Hjer er aðeins að ræða um lítið brot af þeirri stefnu, og ætti því till. að fá góðan byr.

Þá skal jeg minnast á þrjár till. á þskj. 297, sem jeg ber fram. Fyrst er 28. brtt., um 1200 kr. styrk til Markúsar Kristjánssonar til háskólanáms erlendis. Samkvæmt lögum, er samþykt voru á síðasta þingi, geta þeir einir fengið styrk til náms erlendis, sem tekið hafa stúdentspróf hjer heima. En þetta var glapræði, að afskifta íslenska námsmenn, sem hafa tekið stúdentspróf erlendis, ef þeir ætla sjer starf hjer heima. Hjer var því um tvær leiðir að ræða, annaðhvort bera fram lagabreytingu eða styrkbeiðni. Jeg hefi valið hina síðari leið, því að það mun sjaldgæft, að Íslendingar taki stúdentspróf erlendis, og því ekki eins mikil þörf lagabreytingarinnar. Markús Kristjánsson er duglegur, skyldurækinn og reglusamur maður og hefir hin bestu meðmæli frá kennurum sínum. Hann stundar háskólanám í hljómlist í Leipzig og er eini Íslendingurinn, er háskólanám hefir stundað í þeirri grein. Jeg vænti þess, að hann verði látinn njóta jafnrjettis við aðra stúdenta og gjaldi þess ekki, að hann hefir tekið stúdentspróf erlendis.

Þá er 33. brtt. á sama þskj., um 1600 króna utanfararstyrk til Helga Hjörvars. Hann hefir í hyggju að kynna sjer byrjendakenslu í lestri, og er síst vanþörf á því. Auk þess mun hann og kynna sjer flokkun barna og myndasýningar í skólum. Jeg hirði ekki um að nefna fleira, en hygg, að hann muni ekkert mannlegt álíta sjer óviðkomandi í utanför sinni, ef honum verður styrkur veittur. Jeg vil aðeins bæta því við, að auk þess sem Helgi Hjörvar er ágætur kennari, er hann og hinn snjallasti rithöfundur, svo sem hann hefir sýnt á síðastliðnu ári, og ætti það að vera ærið nóg ástæða til styrkveitingarinnar.

Þá er 58. brtt., um 1500 kr. styrk til Guðmundar Guðjónssonar til lokanáms í húsgerðarlist. Þessi tillaga er svipaðs eðlis og till. um Markús Kristjánsson. Það vantar í fjárlögin almenna styrkveitingu, hliðstæða stúdentastyrknum, er gangi til þessa nauðsynjanáms. Till. um lögboðna fjárhæð í þeim tilgangi var feld í Ed. í fyrra, og því er þessi till. fram borin. Guðmundur er duglegur og efnilegur maður, hefir stundað nám lengi, á eitt ár eftir, en er þrotinn að námsfje. En þessi styrkur mun hrökkva langt til að hjálpa honum.

Þá vil jeg að lokum minnast á till., sem fjvn. flytur á þskj. 297,34, um 3500 kr. styrk til umbóta á skólahúsinu á Núpi í

Dýrafirði. Jeg vil þakka hv. nefnd fyrir að taka upp till. þessa og vona, að fylgi hennar hrökkvi til, að hún verði samþykt. Deildin ætti að kunna að meta hið ágæta starf sjera Sigtryggs. Þetta er í fyrsta sinn, sem styrkur er veittur skólanum til húsabóta, en hann hefir lagt öll sín kennaralaun til skólans, en þau hrökkva ekki til lengur, vegna væntanlegrar mikillar aðsóknar nú þegar skólinn hefir aftur tekið til starfa, því að skólinn nýtur mikilla vinsælda og kennarar ástar og virðingar nemendanna. Jeg vænti því, að hv. deild samþykki þessa till.

Jakob Möller: Jeg á nokkrar brtt. við þennan kafla fjárlaganna. Fyrst er að minnast á brtt. á þskj. 304,II, um 750 kr. ferðastyrk vegna stúdentaskifta. Það hefir láðst að koma umsókn um þetta til fjvn., annars hefði hún vafalaust tekið þetta upp. Það er ekki nýtt hjer. 1924 voru veittar 1500 kr. í þessu skyni, og það var þá þannig sett í fjárlögin, að það var sýnilegt, að til þess var ætlast, að þetta yrði fastur liður í fjárlögum hvers árs. Þar er það talið undir föstu styrktarfje í sambandi við háskólann. Það er vafalaust, að hjer er um gott og nytsamt mál að ræða. Síðan háskólinn var stofnaður hafa lagst niður utanferðir stúdenta til náms í greinum þeim, sem hjer eru kendar. Af þessu leiðir, að stúdentar fara á mis við mentun þá og menning, sem ferðir og dvöl utanlands veitir. En námsárin eru sá tími, sem best skilyrði eru fyrir hendi til þess að njóta slíkra áhrifa. Til þess að bæta úr þessu, hafa stúdentar hafist handa með það að koma nemendum háskólans til annara landa með stúdentaskiftum, þannig að þeir útvega stúdentum ókeypis dvöl erlendis, gegn samskonar fríðindum hjer heima. Þessi skifti eru gerð í tvenskonar skyni, bæði til náms og svo til viðkynningar. Hvorttveggja er þarft. Margir hafa stuðlað að þessu, svo sem Eimskipafjelagið og Bergenska fjelagið með ívilnanir í fargjöldum, og svo hafa ýmsir „privat"-menn veitt ókeypis dvöl bæði hjerlendis og erlendis. Jeg býst við, að allir hv. þm. geti gert sjer grein fyrir því, hverja þýðingu það hefir fyrir íslenska stúdenta að komast til útlanda. En svo er önnur hlið á þessu máli. Með kynningu erlendra stúdenta á landi og þjóð er það nokkurnveginn víst, að Ísland eignast þar góða vini, er gera því gagn síðar með umtali og þekkingu. Jeg hefi fengið skýrslu um nokkra af erlendu stúdentunum, sem hjer hafa dvalið. Það er sýnilegt, að þeir hafa tekið að sjer að vinna íslensku þjóðinni gagn. Þeir hafa vakið athygli á bókmentum vorum með því að þýða þær og flytja fyrirlestra o. s. frv. Jeg geri ekki ráð fyrir að þurfa að fara fleiri orðum um þetta. Hjer er um litla upphæð að ræða, en sjálfsagt mál. Jeg vænti þess, að fjvn. mæli með till. Verði mótmælum hreyft, geymi jeg mjer rjett til að tala frekar um þetta síðar.

Þá á jeg ekki sjálfur fleiri brtt. við 14. gr., en við 15. gr. á jeg 4 brtt., og auk þess hefi jeg lofað að mæla með einni brtt. frá hv. þm. Dal. (BJ), um ferðastyrkinn til Ásmundar Sveinssonar. Hann hefir dvalið í Stokkhólmi um nokkur ár við myndhöggvaranám við konunglega listháskólann þar. Hann hefir getið sjer þar góðan orstír. Hann fjekk verðlaun 1922 fyrir ýms verk, sjerstaklega myndastyttu, sem hjer er mynd af, ásamt fleiri verkum hans. Þessari styrkbeiðni fylgja eindregin meðmæli kennara hans. Styrkinn ætlar hann að nota til Rómaferðar, en þangað getur hann ekki komist nema hann fái styrkinn. Annars hefir hann lokið námi og

vinnur nú fyrir sjer, ekki eingöngu með list sinni, heldur einnig með húsaskreytingu, sem hann hefir líka lagt stund á. Hann gæti fengið betri atvinnu í Svíþjóð, ef hann vildi gerast sænskur ríkisborgari, en hann metur svo mikils þjóðernið, að hann vill ekki afsala sjer ríkisborgararjettinum, þó að fjárhagsleg fríðindi komi á móti. Af meðmælunum sjest, að hjer er um efnilegan listamann að ræða, og vil jeg því leyfa mjer að mæla hið besta með því, að hv. deild samþykki þessa brtt.

Þá á jeg hjerna þrjár till. Tvær af þeim bar jeg fram við 2. umr., en þær voru feldar þá. En nú hefi jeg fært upphæðirnar lítið eitt niður og vænti því, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja þær nú. Þriðja brtt. er ný, um 2000 kr. styrk til Guðmundar Gíslasonar Hagalíns til ritstarfa. Það er kunnugt af því, sem hann hefir þegar látið frá sjer fara, að hjer er um efnilegan skáldsagnahöfund að ræða, og má gera sjer miklar vonir um hann í framtíðinni, ef hann fær að njóta sín. En til þess að geta náð sem mestum þroska í list sinni, er honum nauðsyn að geta ferðast meðal erlendra þjóða og kynna sjer líf þeirra og bókmentir. Og þess vegna er farið fram á þennan litla styrk.

Þá er loks till. á þskj. 310 um 2500 kr. styrk til frú Guðrúnar Indriðadóttur leikkonu. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá er hún ein hin besta og þektasta leikkona landsins. En þó er ekki farið fram á fjárveitingu þessa af þeim ástæðum, heldur af þeirri sjerstöku ástæðu, að hún hefir farið utan í vetur í þeim tilgangi að kynna sjer þjóðdansa meðal Norðurlandaþjóða, með það fyrir augum að endurreisa hina fornu vikivaka hjer á landi. Frú Guðrún hefir áður fengist við það að búa til dansa og hefir mikla hæfileika og glögt auga fyrir slíku og er mjög líkleg til þess að gera gagn á þessu sviði, og jeg vænti þess, að hv. þdm. muni gjarnan óska þess, að hinir gömlu vikivakar verði iðkaðir af nýju hjer á landi. Fornir þjóðdansar hafa náð mjög mikilli hylli um öll Norðurlönd og fengið þar mikla útbreiðslu. Og það væri leiðinlegt, ef það gæti ekki orðið einnig á Íslandi. Upphaflega ætlaði frú Guðrún aðeins til Oslo. En þegar þangað kom, komst hún að raun um það, að það væri nauðsynlegt fyrir sig að fara víðar. En við það varð kostnaður við ferðina miklu meiri en upphaflega var til ætlast. Þess má enn geta, að hv. deild hefir veitt öðrum leikkonum styrk til þess að fullkomna sig í list sinni, og væri það því mjög óviðkunnanlegt að neita frú Guðrúnu um styrk þennan, því fremur sem hjer er um mjög mikilsvert mál að ræða, en hún hefir hinsvegar aldrei notið styrks úr ríkissjóði áður.

Loks á jeg brtt. við 16. gr., LIV. lið á þskj. 297, um 2000 kr. styrk til Kvenrjettindafjelags Íslands upp í kostnað við að senda fulltrúa á alþjóðasambandsþing kvenrjettindafjelaga í París 1926. Jeg vildi gera það fyrir Kvenrjettindafjelagið að flytja þetta erindi. Það sótti til hv. fjvn., en hún vildi ekki sinna því. En mjer finst það ekki vera vansalaust, úr því Kvenrjettindafjelagið er í alþjóðasambandinu, að geta ekki sent fulltrúa þangað á sambandsþing. Og mjer finst þingið ekki geta varið það atferli gagnvart kvenþjóðinni í landinu að neita um slíkan styrk, þar sem vitanlega hafa verið greiddir styrkir til manna til þess að sækja fundi í útlöndum, sem fulltrúum hjeðan hefir verið boðið að sitja. Jeg vænti því, að hv. þdm. taki till. vel og

veiti þessa upphæð, sem að vísu verður ekki greidd fyr en 1927, þó hún eigi að notast á næsta sumri.

Björn Lindal: Hv. frsm. fyrri kaflans (ÞórJ) gaf það í skyn við umr., að jeg mætti tala varlega um mikla eyðslusemi, þar sem jeg hefði sjálfur átt þátt í því að koma hjer inn með stórfeldan útgjaldaauka. Þessu vil jeg svara með því, að það má varla með rjettu kallast eyðsla, þótt fje sje varið til heilsuhælis Norðurlands. Þau útgjöld munu fljótt borga sig með betri heilsu og minni missi ungra og efnilegra manna. Og ennfremur er ekki rjett að telja þá fjárveitingu gerða sjerstaklega fyrir mitt kjördæmi. Heilsuhælið nyrðra er ekki fremur reist fyrir Akureyri en Vífilsstaðahælið fyrir Reykjavík. Það er reist fyrst og fremst fyrir alt Norðurland, en jafnframt einnig fyrir Suðurland að því leyti, sem það dregur úr aðsóknini þangað og gerir Sunnlendingum greiðara að fá þar vist og aðhlynningu.

Jeg á hjer 3 brtt. Ein er um lánsheimild úr viðlagasjóði. Af hinum er aðeins önnur fyrir mitt kjördæmi. Hin snertir alt landið. Fyrsta brtt. mín er á þskj. 297,41, um 1000 kr. fjárveitingu til Leikfjelags Akureyrar. Þetta leikfjelag er nú 10 ára gamalt, og þótt ekki sje það eldra, þá hefir það á þessum tíma færst furðumikið í fang, leikið bæði innlend og útlend leikrit, og að dómi manna, sem vit hafa á, hefir fjelagið leyst þetta ágætlega af hendi, enda hefir það notið ágætra hæfileika a. m. k. þriggja leikenda. Jeg skal til fróðleiks nefna hjer nokkur leikrit, sem fjelagið hefir sýnt á þessum tíma. Af innlendum leikritum má nefna *Fjalla-Eyvind*, eftir Jóhann Sigurjónsson, *Vjer morðingjar*, eftir Guðmund Kamban, *Ljenharð fógeta*, eftir Einar Hjörleifsson, *Dóma*, eftir Andrjes G. Þormar. Af útlendum leikritum skal jeg nefna *Kinnarhvolssystur*, eftir C. Hansen, *Tengdapabba*, eftir Gejerstam, og *Heimkomuna*, eftir Sudermann. Alt eru þetta erfið leikrit og hafa mikið menningargildi í sjer fólgið. En þó leikfjelagið sje ekki eldra en það er, þá má í raun og veru skoða það sem áframhald af gömlum leikfjelagsskap, sem þrifist hefir á Akureyri marga áratugi. Enda hefir leiklistin náð þarna meiri þroska en von er til í þessum litla bæ. Og ef þessi fjárveiting fæst, svo fjelagið geti betur beitt sjer en áður, þá má ætla, að það hafi þýðingu ekki eingöngu fyrir Akureyri, heldur fyrir nærliggjandi sveitir, sem þangað geta sótt, — jafnvel fyrir Siglufjörð. Það er lítil upphæð, sem hjer er um að ræða, enda gert ráð fyrir því, að önnur upphæð jafnhá komi frá bæjarsjóði eða einstökum mönnum. Þegar Leikfjelag Reykjavíkur fær 4—6 þús. kr., þá vænti jeg, að hv. þingdeild þyki ekki rjett að neita um jafnlítinn styrk.

Hin brtt. mín var hjer einnig til 2. umræðu fjárl., en þá var farið fram á nokkru hærri upphæð. Hv. þdm. virtist þykja fullmikið að veita Kvenrjettindafjelaginu 1000 kr. En vonandi virðist þeim 800 kr. ekki óhæfilegt. Eins og kunnugt er, var slíkur styrkur veittur 1923 til landsfundar, er Kvenrjettindafjelagið hjelt hjer í Reykjavík. Og jeg skil ekki, að sanngjarnt geti verið eða rjett að neita konum á Akureyri um samskonar styrk og stallsystur þeirra í Reykjavík hafa fengið áður í sama augnamiði.

Þá kem jeg að síðustu brtt. minni, um lán úr viðlagasjóði til hafnarbóta á Akureyri. Það liggur fyrir áætlun um miklar hafnarbætur á Akureyri, sem hafa verið áætlaðar að kosta ca. 300 þús. kr. Mjer er engin launung á því, að mjer var falið

að reyna að útvega 50 þús. kr. styrk til þessa verks úr ríkissjóði. Og það er mjer full alvara, að Akureyri hafi ekki síður siðferðilegan rjett til slíks styrks en aðrir kaupstaðir. Jeg skal nefna Ísafjörð. Hjer á Alþingi hefir verið samþykt heimild árið 1922 til þess að veita alt að 150 þús. kr. til hafnarbóta þar. Það virðist því ekki ósanngjarnt, þó Akureyri fengi 50 þús. kr. En nú blæs ekki svo byrlega fyrir sæmilega gætilegum fjárlögum, að á sje bætandi. Því hefi jeg, þvert ofan í vilja kjósenda minna, ekki farið fram á þetta. Jeg vænti því þess, að hv. þdm. verði með þessari sanngjörnu till. um lán.

Jeg hefi látið mig litlu skifta brtt. fjvn. og einstakra þm. og mundi ekki hafa haft orð á þeim, ef ekki hefði verið ein brtt., sem mjer kemur æðikynlega fyrir sjónir, og það því fremur, sem háttv. frsm. (TrÞ) hefir mælt eindregið fram með henni. Hún er þess efnis að flytja íþróttakennara nokkurn norður í Þingeyjarsýslu og borga honum 6 þús. kr. fyrir að kenna þar íþróttir. Nú er það fyrst og fremst um þetta að segja, að þó íþróttir sjeu gagnlegar, þá á það einkum við í kaupstöðum, þar sem menn hafa kyrsetur miklar og reyna lítið á líkama sinn. En slíkt á ekki við um sveitamenn, og allra síst Þingeyinga. Þeir reyna á sig allan ársins hring manna mest og hafa því litla þörf á því að stæla líkama sinn með íþróttum. Og ef þessi maður á að kenna þær íþróttir, sem sveitamenn verða sífelt að nota, t. d. skíðaferðir, þá er hægt að læra slíkt á ódýrari hátt, og ekki einungis í Þingeyjarsýslu, heldur í öllum sveitum landsins, nema ef til vill Vestmannaeyjum. Jeg skil því ekki, að menn fari að fara langar leiðir í skóla í þeim erindum að nema slíkt.

Jeg mundi nú samt hafa látið það vera að minnast á þetta, þrátt fyrir alt, ef ekki hefði því skotið upp hjá hv. frsm. (TrÞ), að þessi íþróttaskóli ætti að starfa í sambandi við Laugaskóla. Og það gefur mjer ástæðu til að minnast dálítið á þann skóla, og þá einkum fjármál hans. Það er þá skemst á það að minnast, að í fjárl. 1924 veitti þingið til byggingar þessum skóla alt að 35 þús. kr., gegn $^3/_5$ kostnaðar annarsstaðar frá. Þetta fje var greitt úr ríkissjóði. En jeg fullyrði, að annarsstaðar frá hafi ekki komið meira fje en ca. 27 þús. kr., og er þó sú upphæð ekki að fullu borguð. En hefði hjer verið fullnægt settum skilyrðum, þá áttu að koma móti styrk ríkisins 52500 kr. í beinum framlögum. Jeg kalla, að skilyrðum hafi ekki verið fullnægt, þó að lán hafi verið tekið til byggingarinnar. En nú var einmitt þannig að farið, enda stendur skólinn nú í 27 þús. kr. skuld, eða þó líklega nokkru meira, og þess var nýlega krafist af sýslusjóði, að hann ábyrgðist þetta lán. Nú stendur sýslan í ábyrgð fyrir skólann á þessum 27 þús. kr. og bak við sýsluna standa svo 20 ábyrgðarmenn. En þeir ábyrgjast ekki lengur en næstu 15 ár, að sýslan verði ekki fyrir halla af láni þessu, svo að hún kemur að vísu ekki til með að greiða vexti nje afborganir af því fyr en sá tími er liðinn og þeir lausir úr ábyrgðinni, sem bak við standa. En svo er annað atriði, sem jeg vildi vekja athygli hæstv. landsstjórnar á, að það veit enginn, hver á þennan skóla. Jeg get nefnt sem dæmi þessu til sönnunar, að sumir hafa talið, að sýslubúar ættu skólann, eða sýslusjóður. Samband þingeyskra ungmennafjelaga hefir talið sig eiga hann og líka talað um það að afhenda skólann sýslunni, og auk heldur gert það, án þess

þó, að við honum væri tekið á formlegan hátt. Mjer þætti gott, ef einhver vildi fræða stjórnina og mig á því, hver á þennan skóla, því þegar menn standa í margföldum ábyrgðum, þá vilja menn gjarnan vita, fyrir hverja menn ábyrgjast. Hv. frsm. (TrÞ) gat þess, að þessi leikfimiskennari vildi skuldbinda sig til þess að koma upp leikfimishúsi án styrks úr ríkissjóði. Sú skuldbinding er auðvitað góðra gjalda verð, og jeg efast ekki um það, að maðurinn standi við þetta, ef hann getur. En ekki er alt fengið, þó að hann geri þetta án framlags úr ríkissjóði. Jeg tel sveitar- og sýslusjóði Þingeyjarsýslu koma hjer meir við en svo, að mjer standi á sama, hvað háa víxla menn draga á þá. Mjer finst því engin ástæða til þess, að menn sjeu mjög ginkeyptir fyrir slíku loforði sem þessu, svo þeir tapi dómgreind sinni af tómri þakklátssemi. Hvaðan á þessum íþróttaskóla að koma rekstrarfje? Jeg þykist mega fullyrða, að það verði fyrst og fremst heimtað úr sýslusjóði Suður-Þingeyjarsýslu og ríkissjóði. Vil jeg brýna fyrir hæstv. stjórn, að hún gæti þess betur eftirleiðis, hver eigi og beri ábyrgð á slíkum stofnunum sem þessari, er jeg nú hefi minst á. Og eins hitt, að þess sje gætt, að lagt sje fram eins og tilskilið er, þegar ríkið veitir styrk til stofnana að einhverjum ákveðnum hluta, gegn framlagi frá öðrum.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á hjer eina brtt. við 22. gr. fjárlagafrv., um að heimila stjórninni að ábyrgjast 20 þús. kr. lán til Boga Þórðarsonar, til þess að kaupa nýtísku spunavjelar. Þessi maður sótti um fjórfalt hærri upphæð til fjvn., en hún sá sjer ekki fært að verða við því. Það stæði ef til vill öðrum nær að flytja þessa till., en jeg tel mig samt ekki of góðan til þess, þar sem er um að ræða jafnmikilvægt og þarft mál. Jeg er þess fullviss, að laust eftir síðustu aldamót, meðan *Iðunn* starfaði, hafi menn hjer syðra verið betur settir með að fá keypt innlent ullarband heldur en nú. Að vísu eru nú víða handspunavjelar í sveitum, en þær gagna aðeins þeim sveitum, þar sem þær eru. En sökum fólksfæðar er tóvinna óðum að leggjast niður í sveitum landsins, og verður vafalaust ekki meiri heldur en sveitirnar þurfa sjálfar með. En um kauptúnin er það að segja, að það væri nú gott og viðunandi, ef hægt væri að fá það efni, sem okkur er hentugast til klæðnaðar, en það er efni úr okkar íslensku ull, og hana ættum við að reyna að nota eins og við höfum aðstöðu til. Það hefir nú sýnt sig betur en nokkru sinni fyr, hve mikið vantar á, að þetta sje eins og ætti að vera. Hjer er flutt inn ullargarn fyrir tugi þús. kr., þó okkur henti það miklu ver, en band úr íslenskri ull er ekki fáanlegt. Þær verksmiðjur, sem hjer eru, fullnægja ekki eftirspurninni, og því verður að nota útlent garn. Og með till. þessari vil jeg gefa hv. þd. kost á því að hlynna að því, að meira verði unnið úr íslenskri ull í landinu sjálfu heldur en verið hefir hingað til. Jeg gat þess áður, að hr. Bogi Þórðarson hefði í fyrstu farið fram á 80 þús. kr. lán. En hann hefir tjáð mjer, að hann mundi reyna að koma upp þessari spunavjel, ef hann fengi þetta 20 þús kr. lán. Spunavjelin kostar með þeim áhöldum, er henni þurfa að fylgja, um 50 þús. kr.

Að fengnum þessum upplýsingum, og þar sem málið er allmikilvægt, þá hefi jeg flutt þessa till. hjer. Jeg get ekki gert mjer neina hugmynd um það, hvort fje sje fyrir hendi eða ekki, en jeg hefi orðað till. þannig, að heimildin komi ekki til framkvæmda nema fje yrði fyrir hendi.

Bogi Þórðarson hefir nú á síðasta ári komið á hjá sjer, án allrar hjálpar frá hinu opinbera, nýtísku kembingu, og hefi jeg heyrt á mörgum, sem notað hafa þá vinnu, að þeim þyki hún ágæt, og til þessa hefir Bogi Þórðarson ekki notið neins tilstyrks frá Alþingi eða ríkissjóði, en það er skiljanlegt, að hann er ekki það fjárhagslega efnum búinn, að hann geti ráðist í svona miklar framkvæmdir og aukið þennan útbúnað sinn án þess að honum komi einhver hjálp. Held jeg, að við ættum, eins og reyndar í öllu yfir höfuð að tala, sem lýtur að atvinnuvegum okkar og starfsemi, að reyna að vera sjálfum okkur *nógir*. Það er víst, að við getum, með því að vinna ullina okkar meira í landinu sjálfu, fengið meiri fjármuni fyrir hana. Á jeg hjer ekki eingöngu við þau not, sem við fáum við að geta haft hana til fatnaðar hjer heima, heldur að við getum líka selt íslenskt band til útlanda með meiri gróða en þarf fyrir að vinna hana, því að það er áreiðanlega hagnaður að því að vinna ullina hjer og selja hana þannig. Þetta mundi því hafa tvenskonar þýðingu, bæði myndum við þá nota ullina meira til fatnaðar heima fyrir og sömuleiðis fá meira verð fyrir það, sem við þannig sendum unnið til útlanda, heldur en með því að senda hana óunna eins og nú er.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara frekar að fjölyrða um þetta, því að mjer hefir virst Alþingi vera jafnan mjög fúst á að greiða fyrir svona starfsemi í landinu, og jeg man ekki til, að það hafi nokkru sinni borið við, að þau fyrirtæki, sem fengist hafa við þesshátttar starfsemi, hafi ekki verið styrkt af landsfje. Þess vegna mætti segja, ef þessum manni yrði synjað um fjárstyrk, að þá yrði hann miklu harðara úti með þetta fyrirtæki sitt en nokkurt annað fyrirtæki, sem við slíkt hefir fengist, og alt bendir til, að rjettara sje fyrir okkur að greiða fyrir þessu fyrirtæki svo sem okkur er fært. Vænti jeg þess vegna, að hv. þd. taki málinu vel og að menn geti sjeð, að mjer koma ekki til að flytja þetta mál neinir hagsmunir fyrir mitt hjerað, heldur hefi jeg flutt það af því, að jeg tel það þjóðþrifamál, og því sjálfsagt að eitthvað sje greitt fyrir því.

Um aðrar till., sem hjer liggja fyrir frá hv. fjvn. og öðrum hv. þm., ætla jeg ekki að fjölyrða, frekar en við fyrri kafla þessa frv., því að jeg vil ekki gera neitt til þess að lengja umræðurnar um það.

Ólafur Thors: Jeg á hjer tvær smáar brtt. við þennan kafla fjárlaganna. Fyrri brtt. er XXXV, á þskj. 297, við 14. gr. B. XIV,6, um að tillagið til Flensborgarskólans verði hækkað úr 14 þús. krónum upp í 17 þús. krónur. Það er svo, eins og mönnum er kunnugt, að þessi skóli hefir um langan tíma verið kostaður af ríkissjóði, en framlagið til hans hefir verið mjög af skornum skamti. Skólinn á sjálfur sitt eigið hús, en hefir engan tekjustofn fram yfir það, sem ríkissjóður leggur honum til, nema afgjald af jörðinni Hvaleyri, sem er 150 krónur á ári. Tillagið úr ríkissjóði hefir verið háð því skilyrði, að innanbæjarmenn skyldu greiða skólagjald. Þessa hefir verið freistað, og hefir það gefist mjög illa. Hefir skólanefnd Flensborgarskólans því sent mjer erindi, þar sem hún óskar, að þetta skólagjald verði látið falla niður, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr brjefi hennar. Hann er svo hljóðandi:

„Út af skólagjöldum innanbæjarnemenda var það tekið fram, að þau hafa vakið megnustu óánægju hjer í bænum og hafa

að mun dregið úr aðsókn að skólanum og aftrað því, að sumir efnilegir nemendur gætu notað kensluna.

Fer nefndin þess vegna fram á það við hið háa Alþingi, að skólagjöldin verði numin burtu og skólinn fengi þess ríflegri styrk úr ríkissjóði, sem skólagjöldunum næmi. Þess skal getið, að á næsta ári liggur fyrir mikil viðgerð við hús skólans, sem óhjákvæmilega hefir mikinn kostnað í för með sjer.“

Eins og þetta álit ber með sjer, hafa skólagjöldin aftrað mörgum efnilegum nemendum frá að sækja skólann. Vona jeg því, að hv. deild geti gengið inn á að fella niður þetta skilyrði fyrir styrkveitingu til skólans, en samþykki aftur aukastyrk til hans, er jafngildi skólagjöldunum.

Jeg skal ekki tefja umr. með því að fara að lýsa því, hverja hylli þessi skóli hefir áunnið sjer, því að það þekkja hv. þdm. ekki síður en jeg, en vona, að skólinn njóti þess, þegar til atkvgr. kemur. Jeg vil hinsvegar geta þess, að þó að jeg hafi ekki orðað nema 3000 króna aukningu á styrknum til skólans, og vilji þá láta skólagjöldin falla niður, væri þess þó full þörf, að hann væri styrktur ríflegar, því fjárhagur hans er mjög þröngur, svo að öll útgjöld hefir jafnan þurft að skera við nögl. Þannig hefir skólastjóri aðeins haft 300 króna laun á mánuði, en skólakennarar 250 krónur. Jeg vænti því, að þó að það eftirleiðis yrði gert að skilyrði, að skólagjaldið stæði, sem þó er gagnstætt von minni, þá yrði samt aukið tillagið til skólans.

Jeg á hjer aðra brtt. á sama þskj. Það er brtt. LXVI, er fer fram á það, að Ögmundi Sigurðssyni skólastjóra verði veitt eftirlaun, 2000 krónur, auk dýrtíðaruppbótar, ef hann lætur af skólastjórn. Ögmundur Sigurðsson er einn af elstu kennurum þessa lands, hefir starfað við skólann sem kennari og skólastjóri í 44 ár, og hygg jeg, að ekki sje ofmælt, að hann sje einn vinsælastur kennari hjer á landi. Hann hefir í öll þessi ár búið við sultarkjör, og þess vegna ekki getað safnað fje, en honum hefir safnast annað, sem mölur og ryð fær ekki grandað. Hann er elskaður og virtur af öllum nemendum sínum, sem dreifðir eru víðsvegar um land. Jeg hefi nú gerst boðberi þessara manna og flyt hv. deild einhuga óskir þeirra allra um að þessi aldraði vinur og lærifaðir verði ekki sendur á vergang, þegar hann sakir heilsubrests verður að láta af störfum eftir langt og vel unnið starf, en það getur orðið fyr en varir, vegna þess að sjónin er farin að daprast; þó mun hann fyrst um sinn halda áfram starfi sínu, þar til honum er meira aftur farið, því að hann er enn starfhæfur og starfslöngunin óbilandi.

Jeg ætla ekki að fjölyrða um mannkosti þessa manns, því að hann er þjóðfrægur, og vona jeg, að hv. deildarmönnum verði því ljúft að greiða þessum elli- og heiðursstyrk atkvæði sitt, og það því fremur, sem Ögmundur hefir reynst sjerstaklega nýtur utan kennarastarfsins. Jeg afhendi nú hv. deild þessa ósk hins fjölmenna lærisveinahóps og tek það fram, að það er í fullu trausti þess, að það sje hv. deildarmönnum kunnugt, án þess að mín umsögn komi þar til, hvílíka verðleika þessi maður hefir, og að það er fyllilega verðskuldað, sem hjer er farið fram á.

Sigurjón Jónsson: Það er ein lítil brtt., sem jeg er fyrsti flm. að á þskj. 297, næstsíðasta brtt., um lánsheimild úr viðlagasjóði til sóknarprestsins á Ísafirði. Það erindi, sem þessi tilmæli byggjast á, lá

fyrir fjvn., án þess þó að hún sæi sjer fært að gera það að sinni tillögu, enda eru tilmælin frá prestinum dálítið önnur en jeg fer hjer fram á við hv. deild. Það er nú svo hjá okkur, að kjör kaupstaðarpresta hafa verið mjög erfið síðustu árin, frá því að dýrtíðin óx á stríðstímunum, en tekjur þeirra hafa ekki verið svo miklar, að þeir hafi getað lifað sæmilega á þeim í kaupstöðunum, sjerstaklega þeir, sem ekki áttu hús fyrir og urðu að búa við dýra húsaleigu. Þannig hefir þetta verið á Ísafirði. Þangað kom ungur prestur eignalaus, og hefir hann flest þau ár, síðan hann kom þangað, sem mun hafa verið um 1919, orðið að búa þar við dýra húsaleigu, 2000 eða 1800 krónur á ári. Laun hans eru nú komin upp í 2400 krónur fyrir utan dýrtíðaruppbót, og sjá það allir, að þó að hann hafi nú um 4000 króna laun, þá muni honum veitast erfitt að lifa af þeim. Á síðastliðnu ári stóð honum til boða að kaupa húseign, — en jeg held, að best sje að jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesi upp fyrir hv. þd. það, sem presturinn skrifar stjórnarráðinu um það:

„Með því nú að mjer stóð til boða á síðastliðnu sumri eign, sem að dómi allra, er til þekkja, er tilvalin sem prestssetur, rjeðist jeg í að festa kaup á henni, þar eð jeg einnig leit svo á, að hjer væri um tækifæriskaup að ræða og jeg þá hafði ekki „í annað hús að venda“ .... — Hann átti þá að flytja sig úr því húsi, sem hann bjó í. — „.. Eftir að jeg nú hefi látið lagfæra og gera við það, er þurfti, á nefndri eign, kostar hún mig kr. 25000.

Án þess að mjer komi einhver hjálp, sje jeg mjer með engu móti fært að halda eign þessari og búa á henni í framtíð. Föst laun mín sem prests nema nú kr. 2400.00, og get jeg ekki gert ráð fyrir, að jeg komist af með minna en kr. 2500.00 á ári hverju í rentur og afborganir af eigninni og svo viðhald.“

Í þessu brjefi fer hann svo fram á það að fá lán úr ríkissjóði með 4½% vöxtum. Þetta brjef hefir verið hjá biskupi og hann gefur þessu erindi sín bestu meðmæli. Jeg held, að það sje rjett að jeg sömuleiðis, með leyfi hæstv. forseta, lesi upp nokkrar línur úr þessu brjefi. Biskupinn talar fyrst um það óhappaspor, sem stigið var þegar prestssetrið á Ísafirði var selt, svo að presturinn þar hafi orðið að búa í leiguhúsum síðan. Svo segir hann síðar í brjefinu:

„Með hliðsjón af því, að með þessu kynni að vera stigið fyrsta sporið til þess, að Ísafjarðarprestakall fyr eða síðar fái sjerstaka prestssetursíbúð, verð jeg að telja það mjög æskilegt, að prestinum yrði á þá leið, sem hann fer fram á, hjálpað til þess að halda í hús þetta, sem hefir þann kost, sem ekki er þýðingarminstur, að honum fylgir túnblettur og bæði hlaða og fjós, hvorttveggja úr steinsteypu.

Leyfi jeg mjer því virðingarfylst að mæla eindregið með þessari lánbeiðni sjera Sigurgeirs.“

Það er óhætt að segja það, að sá biskup, sem við höfum nú, hugsar vel um fjárhaginn yfirleitt, og þegar hann gefur þessari málaleitun jafneindregin meðmæli og hann hjer gerir, þá má treysta því, að það sje full sanngirni í því, sem þar er farið fram á. Jeg hefi gert ráð fyrir í þessari till. minni, að ríkissjóður fái veð í þessari húseign og jafnframt kauprjett, ef svo sýndist. Nú mætti kannske segja, að þetta veð nægði ekki fyrir þessu láni, en jeg hefi þá líka gert ráð fyrir, að af þessu láni yrðu borgaðar 1000 krónur á ári, svo að líklegt er, að þessi trygging geti orðið sæmileg, þó að lánið yrði veitt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri

orðum um þetta við hv. þdm., en jeg er þess fullviss, að það er full þörf og sanngirni fyrir, að þessi lánsheimild sje veitt, og því miður er ekki búið að veita lánið, þó að heimildin fáist, því að það verður líklega lítið í viðlagasjóði til að veita þau lán, sem farið er fram á, en skyldi svo verða, að fyrir hendi yrðu peningar, þá er jeg sannfærður um, að þeim peningum er vel ráðstafað, sem til þessarar lánbeiðni fara.

Svo vil jeg örlítið minnast á brtt. XXXIV, frá hv. fjvn., 4. lið. Jeg hafði líka ætlað mjer að minnast svolítið á 3. liðinn, um leikfimiskensluna í Þingeyjarsýslu, en af því að aðrir hafa gert það, get jeg látið mjer það nægja. En jeg vil segja það, þó að jeg sje ekki á móti því að veita fje til skólahúss á Núpi, að jeg verð að taka það fram, og þess verða hv. þdm. að minnast, að svo framarlega sem þessi styrkur er veittur, sem jeg ekki skal hafa á móti, og sem jeg líklega greiði atkvæði með, þá eru fleiri sanngjarnar kröfur, sem aðrir unglingaskólar hafa á sama sviði, og vil jeg t. d. benda á, að á Ísafirði er unglingaskóli, sem starfað hefir nú í 20 ár, og án þess að jeg vilji á nokkurn hátt lasta Núpsskólann, þá stendur hinn honum nokkuð framar. Það er tvískiftur skóli með ágætum kennurum, og svara þeir bekkir mjög svo til neðstu bekkjanna í gagnfræðaskólum okkar, og þegar þessi styrkur er veittur skólanum á Núpi, þá getur ríkissjóður ekki sloppið við að veita slíkan styrk öðrum skólum, sem líkt stendur á fyrir.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg bjóst ekki við því, að við þessar umr. yrði farið að gera upp annað en fjárhag ríkissjóðs. Mjer gat síst komið til hugar, að hjer yrði farið í reipdrátt um útibú Landsbankans, nje heldur um það, hver töpin væru hjá hinum einstöku útibúum. Jeg hefði heldur ekki farið út í þessi efni, ef hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hefði ekki farið að víkja að útibúi bankans á Ísafirði, meðan það var undir minni stjórn. Það er nú svo, að mörgum andstæðingum mínum í stjórnmálum hefir orðið tíðrætt um töp þessa útibús, sem hafa orðið meiri en jeg vildi. Tildrög tapsins og upphæð oftlega rangfært og reynt að rýra álit mitt hjá þeim, sem ekki þekkja til. Jeg kemst ekki hjá því, út af þessum endurteknu árásum, að gera nokkra grein fyrir þessu, og það því fremur, sem komin er fram till. til þál. um þetta efni, þótt það sje að vísu í hv. Ed. Það er eins og menn vita, að mest töp útibúsins á Ísafirði stöfuðu af tapi á síldveiðunum 1919. Það var álit allra manna, er um þau mál ræddu, að það myndi verða afarmikill feitmetisskortur í heiminum eftir stríðið. Rússland og Þýskaland og fleiri þjóðir voru í miklum feitmetis- og feitivöruvandræðum um það er stríðinu lauk, og menn sjá það í ýmsum fjármálaritum frá þeim tíma, að fullyrt var, að feitivörur mundu hækka í verði undir eins og þessar þjóðir fengju að flytja þá vöru hindrunarlaust til sín. Af þessu var óvenjukapp lagt á það að framleiða feitivörur. Þetta fór á annan veg; þessar vörur, og þar á meðal síld, fjellu afskaplega í verði, og ástæðan til þess var sú, að þær þjóðir, sem þurftu vörur þessar, gátu ekki keypt þær, af því að kaupmáttur þeirra var svo lítill, að þær urðu að taka það ódýrasta af hverri vörutegund og flytja sem minst inn frá öðrum löndum. Það er kunnugt, að Þýskaland notaði eftir stríðið ekki nema 1/5 af þeim feitivörum, sem það notaði fyrir stríðið. Allar þjóðir, sem við síldveiði fengust á árunum 1919 og 1920, töpuðu mjög miklu, sjerstaklega Norðmenn og Skotar. — Fleiri

bankar í Noregi urðu gjaldþrota af þessum sökum. — Menn hafa sagt, að síldarframleiðsla Íslands 1919 hafi verið svo mikil, að varan hafi þess vegna fallið í verði, en það er ekki rjett, því að árið 1916 var veitt og saltað um 100 þús. tunnum meira af síld en árið 1919, og þó steig varan þá. Engum kom til hugar, að síldin fjelli svo í verði árið 1919, alt fram í lok septembermánaðar, að hún ekki seldist fyrir framleiðslukostnaði. Ofan á þetta verðfall bættist það, að þeir, sem samið höfðu um sölu á síld, urðu vonsviknir, því kaupendur í Svíþjóð og víðar gátu ekki staðið við gerða samninga eða sviku gerða samninga. T. d. tapaði útibúið á Ísafirði verulega á því, að maður í Svíþjóð varð gjaldþrota eða sveik samninga, og í Þýskalandi var neitað um innflutningsleyfi. Tap útibúsins af síldveiðum varð um 800 þús. kr. á árunum 1919 og '20, en tap af öðru, t. d. verslun, var ekki svo mikið, að teljandi sje; það varð að vísu nokkurt tap hjá einum kaupmanni og einu kaupfjelagi, vegna þess að eignir fjellu í verði, en tap á verslun hefir annars ekki orðið. Alls var tapið um 1100000 krónur. Nú er það síður en svo, að jeg viðurkenni, að tap útibúsins stafi eingöngu af ráðstöfunum útibússtjórnarinnar, heldur meðfram af tillögum aðalbankastjórnarinnar. Aðalbankastjórnin samþykti móti tillögum útibússtjórnarinnar að lána fje til að gera út á síldveiðar 1920. Af þeirri ráðstöfun varð á annað hundrað þúsund króna tap. Þá urðu og töpin stórum meiri af því, að þau voru ekki gerð upp fyr en árin 1922 og '23. Verðfall á því, sem selja þurfti, varð stórum meira en ella af þessum sökum.

Að ekki varð stýrt fram hjá töpum, vilja ókunnugir og miður sanngjarnir menn kenna útibússtjórninni, eða mjer sem útibússtjóra; en eigi að síður hygg jeg, að það sje erfitt, að minsta kosti fyrir þá, sem kunnugir voru vestra á þessum árum, að átelja stjórn mína á útibúinu mjög freklega. Má í því sambandi benda á fyrirtæki á Ísafirði, sem aðalbankastjórnin rjeði öllu um. Þetta fyrirtæki var styrkt að öllu af aðalbankanum, en útibúið haft sem útborgunarkontór á lánveitingum til firmans. Fyrirtækið hafði mjög litla útgerð og alls enga síldarútgerð; það hafði nær eingöngu fiskikaup, sem mörgum hefir reynst arðvænlegt, en eigi að síður tapaði það um 400 þús. kr. og græddi þó mikið á fasteignasölu. Hve mikið bankinn hefir fengið borgað upp í þetta tap, skal jeg ekki fullyrða, en það mun hafa verið frekar lítið.

Þegar talað er um töp útibúanna, ber að sjálfsögðu að draga frá það, sem græðst hefir á undanförnum árum. En hjá útibúunum er rekstrarágóðinn færður aðalbankanum til tekna við hver áramót. Það, sem útibúið á Ísafirði var þannig búið að greiða aðalbankanum, var í árslok 1921 með vöxtum um 600 þús. kr.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að tap Landsbankaútibúsins á Ísafirði hefði verið miklu meira en tap útibúsins á Eskifirði. Þetta er ekki hægt að sanna með tölum ennþá. En öllum er *vitanlegt*, að Eskifjarðarútibúið hefir tapað *miklu meira* en Ísafjarðarútibúið. Kunnugur maður hefir fullyrt, að tap Eskifjarðarútibúsins mundi ekki verða undir 1¾ miljón. Frá þessu dregst svo það, sem útibúið hefir greitt til Landsbankans sem ágóða, og sem með vöxtum mun vera ca. 200 þús. kr. Hreint tap bankans á Eskifjarðarútibúinu verður því minst 1,5 milj. kr. Þetta er að vísu ekki skjallegt ennþá, en það kemur fram á sínum tíma. *(SvÓ*: Þetta er spádómur). Nei, því miður er þetta ekki spádómur. Annars býst jeg við, að þessi hv. þm. viti meira um þetta útibú en hann þykist vita. Hann

sagði, að Eskifjarðarútibúið hefði tapað mestu á óheilbrigðum verslunarrekstri þar eystra. Jeg vil nú telja það vandalaust að sneiða því nær alveg hjá verslunartapi, nema hjá þeim, sem fást við kaup og sölu íslenskra afurða til annara landa.

Að sjálfsögðu er það ekki einhlítur mælikvarði á stjórn banka, hvort mikið tapast eða lítið. Til þess liggja ýmsar orsakir. Þannig er öllum vitanlegt, að þeir, sem fást við lánveitingar til sjávarútvegs eingöngu, hljóta að tapa meiru en þeir, sem eingöngu lána til verslunar eða landbúnaðar. Því veldur árferði og annað óviðráðanlegt, svo sem skyndilegt og ófyrirsjáanlegt verðfall á aðalútflutningsvörum.

Þegar verðgildi íslenskrar krónu lækkaði 1921, átti öllum, sem með bankamál og fjármál fóru, að vera það fyllilega ljóst, að þá þurfti að halda í og draga úr útlánum, bæði til þess að forðast Inflation og til þess að menn tækju ekki nema sem minst lán, sem þeir svo þyrftu að borga með hærra peningagildi síðar. Þetta hygg jeg, að stjórn útibúsins á Ísafirði hafi sjeð betur en margir aðrir.

Ef útibúin á Selfossi og Eskifirði eru tekin til samanburðar við Ísafjarðarútibúið, þá sjest, að við árslok 1920 skuldar Ísafjarðarútibúið aðalbankanum fullar 2 milj., en útibúið á Eskifirði 666 þús. og útibúið á Selfossi 685 þús. Þessi skuld lækkar svo smámsaman hjá Ísafjarðarútibúinu og í árslok 1923 er hún 1 milj. 358 þús. En á sama tíma hækkar hún hjá hinum útibúunum. Þannig skuldar Eskifjarðarútibúið í árslok 1923 3 milj. 774 þús., en Selfoss 2 milj. 289 þús.

Jeg bjóst nú alls ekki við að þurfa að taka til máls um þetta atriði, en úr því sem komið var, var það nauðsynlegt, og vona jeg og veit, af því hvað hv. þdm. eru rólegir undir þessari ræðu minni, sem þó er óviðkomandi þingmálum, að þeir eru mjer sammála um nauðsyn þessarar hreingerningar.

Skal jeg þá snúa mjer að þeim brtt. við frv., sem jeg á sjálfur. Er þá fyrst brtt. á þskj. 297, um erfiðleikauppbót til prestsins í Ögurþingum. Biskupinn hefir eindregið mælt með 600 kr. í þessu skyni. En fjvn. hefir ekki sjeð sjer fært að taka upp meira en 300 kr. Nú stendur þannig á, að prestur þessi missir á þessu ári fyrir fult og fast af óbeinum árstekjum 312 kr. með því að báðir kirkjueigendur kaupa prestsmötukvöðina af jörðum sínum. Vænti jeg því, að hv. þdm. geti fallist á aðaltill. mína, eða þá að minsta kosti á varatillöguna.

Þá á jeg enn brtt. á sama þskj., ásamt hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) o. fl., um hækkun á upphæð til byggingar á barnaskólahúsum. Hvað snertir þorpið í Súðavík, þá eru þar um 170 manns og 25—35 skólaskyld börn. En barnaskólahúsið er orðið mjög ljelegt, 30 ára gamalt, og nú hefir læknirinn tilkynt, að hann muni ekki geta talið hollustuhætti eins og vera ber í þessu barnaskólahúsi nema við það sje gert. En þar sem húsið er orðið bæði gamalt og fúið og grunnur þess ljelegur, þá vilja hreppsbúar ekki leggja í viðgerðarkostnað, heldur ætla þeir að byggja nýtt hús.

Þá hefði jeg ekki búist við að þurfa í þetta sinn að leita á náðir þingsins með hið gamla vandræðamál, brimbrjótinn í Bolungarvík. Það er að vísu rjett, að í fjárlögum fyrir 1926 eru Hólshreppi gefnar eftir 16 þús. kr. af viðlagasjóðsláni, og það skilyrði sett, að hreppurinn kosti eftirleiðis viðhald brimbrjótsins. Þetta hefði hreppurinn getað gert, ef viðhaldið hefði ekki orðið stórum meira en nokkurn gat

grunað. En sökum þess, hve brimbrjóturinn var upphaflega illa bygður, þá hafa komið fram á honum miklar skemdir. En mestar hafa þær þó orðið á síðastliðnum vetri. Aðalskemdirnar eru vegna þess, að framlenging öldubrjótsins mistókst algerlega fyrir vankunnáttu og trassaskap Aaderups hins danska, sem umsjón hafði með verkinu af hendi landsstjórnarinnar. Var það svo illa gert, að framlengingin hallaðist frá aðalgarðinum, og náði þá sjórinn að brjóta þar skarð í garðinn. Liggja svo tvö stór stykki úr garðinum í vörinni (lendingunni), sem hvort um sig vegur fleiri tonn.

Það er nú álit hreppsnefndarinnar, að sú aðgerð, sem nú er óumflýjanleg, muni kosta um 15 þús. kr. Skal jeg svo ekki þreyta háttv. deild á því að rekja raunasögu þessa fyrirtækis, og læt því þetta nægja.

Þá á jeg brtt. ásamt hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. þm. Borgf. (PO), um eftirgjöf á dýrtíðarlánum til þriggja hreppa. Jeg hefi nú heyrt á sumum hv. þm., að þeir telji þetta einhverja fjarstæðu. En þar er jeg á öðru máli. Mjer finst sjálfsagt, að hreinsað sje til um dýrtíðarlánin og eftirstöðvar þær, sem stríðsástandið skapaði hreppsog bæjarfjelögum, og linun veitt á greiðslu þessara lána. Þegar þess er gætt, að ríkisverslunin hefir oft orðið að gefa bæði fjelögum og einstökum mönnum eftir margfalt stærri upphæðir, til þess að þessir atvinnurekendur geti haldið áfram atvinnurekstri sínum, þá væri lítil sanngirni og lítið samræmi í meðferð á fje ríkissjóðs, ef þessum hreppsfjelögum væri neitað um þessar eftirgjafir lána, sem gengið hafa til greiðslu á skuldum hreppanna við landsverslun. Það væri því lítið samræmi, ef hjer þyrfti að knýja freklega á náðir hv. þm. til þess að fá linun á þessum skuldum fyrir fátæk sveitarfjelög.

Það vakti fyrir okkur flm. að taka öll dýrtíðar- og hallærislán, sem einstök hreppsfjelög skulda, en af vangá þá mun eitt þeirra hafa fallið út. En það var meining okkar að hreinsa alveg til.

Hvað snertir Grunnavíkurhrepp, þá hefir hann borgað 2000 kr. af láninu, sem upphaflega var 5000 kr. Þetta hefði aldrei þurft að koma fyrir hann, ef hreppsbúar hefðu fengið til sín síma, því að togarar koma þangað nú á hverju hausti, þegar fiskur er genginn og veður ófært smærri bátum. Hreppsbúar verða að horfa upp á þessa dólga þurausa firðina, af því að þeir ná ekki í síma til að gera aðvart til Ísafjarðar, svo hægt sje að handsama sökudólgana. Líka hefir hreppurinn orðið fyrir þungum búsifjum vegna þurfalinga, því að fjöldi fólks hefir flust þaðan og orðið styrksþurfar í öðrum hreppum, og þessir fátæku og afskektu menn orðið að leggja þeim fje í aðra hreppa. Árneshreppur í Strandasýslu er sjerlega bágstaddur hreppur.

Þá á jeg enn eina brtt. ásamt hv. 2. þm. Reykv. (JBald), um 500 kr. styrk til að gera foss einn á Vestfjörðum laxgengan. Það er vitanlegt, að enginn lax hefir veiðst á Vestfjörðum, frá Hvammsfirði til Hrútafjarðar, fyr en örlítið núna síðustu árin. Stafar það meðfram af því, að árnar eru ekki laxgengar sökum brattra fossa. Á sú, sem hjer er um að ræða, rennur í gegnum mjög falleg veiðivötn, sem silungsveiði er í, en í þeim verður ekki vart við lax, sem stafa mun af því, að hann kemst ekki upp þennan foss.

Annars er áreiðanlegt, að meira ætti að hlynna að laxa- og silungaklaki en gert hefir verið hingað til, því að það gæti orð-

ið mögum bændum mikill búbætir. Og á því er enginn efi, að það mætti auka veiðina mikið án teljandi kostnaðar. Þannig er talið, að í Ástralíu hafi engin laxveiði verið, þegar Englendingar komu þangað. En nú er þar laxveiði, sem gefur mörg hundruð þúsund sterlingspunda ágóða árlega. Laxaseiðin voru flutt þangað frá Skotlandi með feiknakostnaði. Nú er þetta talið að hafa verið hinn mesti búhnykkur.

Jón Baldvinsson: Jeg skal byrja þar, sem háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) endaði, á brtt. 61 á þskj. 297, um alt að 3000 kr. styrk til bæjar- og sveitarfjelaga til kaupa á laxa- og silungaseiðum.

Jeg hefi heyrt það haft á móti þessari till. af einstökum deildarmönnum, að ekkert erindi lægi fyrir fjvn. í þessu skyni. En það ætti ekki að vera neinn galli á tillögunni, ef sýnilegt er, að hún geti orðið að miklu gagni.

Verði tillaga þessi samþykt, er ætlast til, að ríkisstjórnin styrki bæjar- ag sveitarfjelög til kaupa á laxa- og silungaseiðum til að setja í ár og vötn, því að reynsla er fengin fyrir því, að lax og silungur kemur aftur í þau vötn, sem hann fæðist upp í.

Nauðsynin fyrir því að styrkja þetta af opinberu fje liggur meðal annars í því, að margar jarðir liggja oft að sömu ánni og liggja misjafnlega vel við veiðinni; getur því orðið metingur um, hvað hver eigi að leggja fram, og það því orðið til hindrunar á framkvæmdunum. En slíkt kæmi síður fyrir, ef þetta hefði styrk af hinu opinbera.

Nú er svo komið, að margir hafa komið upp klakstöðvum og hafa það fyrir atvinnu að selja laxa- og silungaseiði, og hygg jeg, að þúsundið af laxaseiðum muni vera selt á 5 kr. Gæti þessi styrkur því verið sæmilegur handa 10 hreppsfjelögum. Að sjálfsögðu yrði styrkur þessi ekki veittur nema eftir umsóknum og með meðmælum trúnaðarmanns landsstjórnarinnar og Búnaðarfjelags Íslands í þessum efnum.

Þá vil jeg með nokkrum orðum minnast á till. mína og háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ) um 500 kr. til að gera Einarsfoss í Laugardalsá í Ögurhreppi laxgengan.

Eins og hv. meðflm. minn tók fram, rennur á þessi gegnum þrjú vötn. Í á þessari og vötnum þeim, er hún rennur í gegnum, er mjög mikill gróður, og er hún því hentug til þess að fæða upp laxa- og silungaseiði. Og að því leyti hagar svipað til um þessa á og Elliðaárnar hjer, nema hvað hún er vatnsmeiri og lengri. En Elliðaárnar eru taldar vera, eða voru, einhverjar mestu laxveiðiár í landinu. Og sumir hafa tekið svo djúpt í árinni, að kalla þær bestu laxveiðiár í Evrópu.

Þá skal jeg víkja að öðrum till. mínum, undir lið LXIII. Sú fyrsta er um alt að 25 þús. kr. til þess að styrkja sveitar- og bæjarfjelög að ⅓ til þess að koma upp barna- og gamalmennaheimilum. Þetta er nýtt í fjárlögum, en hugsunin er sú, að styrkurinn sje veittur í svipuðum hlutföllum og styrkur til skólabygginga og sjúkraskýla, þar sem gert er ráð fyrir, að styrkurinn nemi ⅓ kostnaðar. Aðalástæðan fyrir því, að jeg ber fram þessa brtt., er sú, að sveitarfjelög hafa víða áhuga á þessu, en vantar fje, og landssjóðnum því skyldast að hlaupa undir bagga. Jeg vil, að nokkuð af upphæðinni renni til Ísafjarðarkaupstaðar, af því að hann hefir komið upp slíku hæli, sem kostaði um 46 þús. kr. Þar er nú rúm fyrir 25 gamalmenni auk starfsfólks.

Jeg tel það sjerstaklega rjettmætt, að ríkið veiti bæjarfjelögum styrk til þessa, þar sem það hefir nú tekið af þeim skemt-

anaskattinn, sem fyrirhugaður hafði verið til slíkra stofnana hjá bæjarfjelögunum. Jeg geri ekki tillögu um það, að fá bæjunum aftur í hendur skemtanaskattinn, því að jeg álít, að leikhús sje nauðsynlegt, en þá vil jeg heimta af þeim hv. þm., sem gengust fyrir því að taka þennan tekjustofn af bæjunum, að þeir sýni bæjunum þá sanngirni að veita þeim styrk til þessa, sem felst í brtt. minni, þar sem bæjarfjelögin hafa verið svift tekjum, sem til þessara líknarstofnana áttu að ganga.

Jeg læt svo útrætt um þessa till. Það liggja engin erindi fyrir frá bæjum nje sveitum, en málið er jafnnauðsynlegt fyrir því.

Þá er 2. brtt. um styrk til að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga í landinu og stofna ný sjúkrasamlög. Jeg hefi átt tal um þetta við landlækni, og hann telur það lífsnauðsyn, að slíkt samband komist á. Það eru óneitanlega þægindi fyrir menn, er þeir flytja úr einu hjeraði í annað, að geta undir eins komist inn í sjúkrasamlag á nýja staðnum og notið þar fullra rjettinda.

Til þess að koma þessu sambandi á, verður einhver að hafa forgönguna. Sjúkrasamlag Reykjavíkur telur sig fúst til þess, og liggur fyrir erindi frá því um það efni og umsókn um styrk.

Þá er síðasta till., og ekki sú sísta, um styrk til styrktarsjóðs verkamanna og sjómanna í Reykjavík. Svipuð till. þessari hefir verið borin fram á tveimur undanförnum þingum, en hv. þm. hafa ekki viljað fallast á hana — þó hefir hún fallið með litlum atkvæðamun. Þessi sjóður starfar hjer í Reykjavík, og þótt menn sjeu bæði líftrygðir og slysatrygðir, þá eru ekki ofstyrktir þeir, sem fyrir áföllum verða. Sjóðurinn veitir um 7000 kr. styrk á ári og gengur hann til mjög margra manna. Fjelögin, sem að honum standa, leggja honum árlega eina krónu af hverjum meðlim, og hygg jeg, að það sjeu um 3000 kr., sem hann fær frá fjelögunum, en hjer er farið fram á 3500 kr. styrk úr ríkissjóði. Samkv. skipulagsskrá sjóðsins má ekki eyða öllu í styrki, sem honum áskotnast, og eykst hann því nokkuð árlega. En þörfin fyrir styrk er ákaflega mikil og jeg vona, að hið háa Alþingi láti ekki sjóðinn vera vonbiðil lengur.

Það eru ekki fleiri brtt., er jeg hefi ástæðu til að tala um, en mig langar til að víkja því til hæstv. ráðherra, hvort þeim þóknist að svara þeim fyrirspurnum, er jeg bar fram nú við umr. um fyrri hluta fjárlaganna. Jeg hefi heyrt, að hæstv. fjrh. (JÞ) ætli sjer að svara eftir að menn hafa gert grein fyrir brtt. sínum. En ef þeir svara ekki, þá mun jeg koma fram með sjerstakar fyrirspurnir, og verður það eigi síður til þess að tefja tíma þingsins heldur en ef þeim væri svarað nú. Hefir það og áður verið venja að tala nokkuð alment við 3. umr. fjárlaganna.

Árni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að segja nokkur orð um þá einu brtt., XLV, sem jeg á við þennan kafla fjárlagafrv., og flyt jeg hana ásamt nokkrum öðrum hv. þm.

Það hefir legið fyrir erindi frá Jóni Leifs um styrk, og hefir hann farið fram á að fá 4000 kr. í nokkur ár. Þetta hefir hv. fjvn. ekki treyst sjer til að taka upp, og við ekki heldur. Hann gerir ráð fyrir, að hann muni þurfa 5 ár til þess að leysa verkið af hendi, og líta sumir svo á, að ef styrkur er veittur næsta ár, eigi

hann að standa í fjárlögum þangað til verkinu er lokið. En jeg vil taka það skýrt fram, að það er ekki meiningin, að Alþingi bindi sig nokkuð um framtíðina í þessu efni. Og eins og menn sjá, er fjárveitingin, sem nú er farið fram á, ekki nema ¼ af því, sem Jón fór fram á sjálfur.

Við 2. umr. fjárlagafrv. bar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fram brtt. um að veita fje til að rita menningarsögu þjóðarinnar. Var það þá rjettilega tekið fram, að við stæðum nú á tímamótum og að margt gott og gamalt væri í okkar sögu, sem safna þyrfti og skrá, svo að það liði ekki undir lok. Mjer finst þetta hliðstætt. Upphæðin er að vísu dálítið hærri, en þess ber að gæta, að ekki þarf neina sjerþekkingu til að rita menningarsögu, en það þarf mikla sjerþekkingu til þess að safna þjóðlögum og búa þau vel úr garði. Jón Leifs hefir bæði áhuga og þekkingu á þessu máli. Hann er í samvinnu við stórt þýskt fyrirtæki, er safnar lögum á hljóðrita. Hefir fjelagið boðið honum áhöld til þess að safna þjóðlögum hjer, og því má geyma þau eins og þau eru nú á vörum þjóðarinnar.

Jón Leifs hefir sýnt manna mestan áhuga fyrir íslenskum þjóðlögum. Jeg er ekki bær að dæma um menningargildi þjóðlaga, en með leyfi hæstv. forseta vil jeg leyfa mjer að lesa upp, hvað Jón Leifs segir um það efni (Skírnir 1922):

„Eðlilega hefir andi íslenskra þjóðlaga mótast af náttúru landsins og hörmungum þeim, sem á þjóðinni dundu. Djúpa alvöru flytja lögin og hrikaleik og harðneskju meiri en nokkur önnur þjóðlög. Þar er oft sem bitið sje á jaxl og tönnum gníst gegn örlögunum. Gleðskapar verður einnig vart, en þá lendir oft í harðgerum (groteskum) gáska og köldum hlátri. Ríkir þar ramíslenskur andi og sá norrænasti.“

Og ennfremur segir hann:

„Íslensku þjóðlögin má telja ímynd þess norrænasta og má, ef athygli fylgir, greinilega sjá, hvað norrænt býr í mestu tónskáldunum (Bach, Beethoven, Brahms, Reger o. fl.), og ber þar þó mikið á suðrænum sætleik.“

Þessi ummæli hans sýna það, að hann hefir mikinn áhuga og ást á þessu verkefni.

Hjer á landi hefir staðið mikill styr um þennan mann, vegna þess, að hann heldur fram kenningum, sem fara á bug við almenningsálitið. En um tónlistarstarfsemi hans skal jeg ekki fara mörgum orðum. Hún er öðrum hv. þdm. kunn. Hann stjórnar nú hljómsveit í Þýskalandi, og er það furða, að útlendingur skuli hafa komist svo hátt í mesta hljómlistarlandi heimsins. Hljómkviða hans var leikin í Þýskalandi í vetur og fjekk einróma lof. En það, sem einkennir Jón Leifs frá öðrum, er það, hvað hann hefir mikla trú á landi sínu og þjóð.

Jeg skal ekki fjölyrða meira um þetta, en vil benda á, að sjera Bjarni Þorsteinsson í Siglufirði hefir farið viðurkenningarorðum um Jón Leifs, og Einar Benediktsson skáld telur hann manna hæfastan til þess að taka að sjer þetta starf. Svo er og um aðra, sem hafa kynst honum. Jeg hugsa, að hv. þdm. þurfi aldrei að iðrast eftir því að ljá þessari brtt. atkv. sitt.

Pjetur Þórðarson: Jeg á brtt. á þskj. 297, þá LX. í röðinni. Jeg flutti hana við 2. umr., en tók hana þá aftur, eins og hv. þdm. mun reka minni til. Jeg gerði þá grein fyrir henni allítarlega, en ef miðað er við gildi málefnisins, þá kannast jeg

við, að hún hafi verið gerð af veikum mætti, því að jeg er ekki nógu fróður um þau atriði, er hún fjallar um.

Jeg vil minnast á það, að Jón Helgason, sem hefir fengist við ýmsar uppgötvanir í raforkunotkun og varið til þess fje og mikilli fyrirhöfn, er fjelítill maður til þess að framkvæma hugmyndir sínar. Eins og jeg gat um fyr, hefir hann sett upp rafvjel, er hann hyggur, og mjög líklegt er, að geti orðið að verulegum og almennum notum, ef honum tækist að fá nógu traustan þrýstiloftsgeymi. Hann er sjálfur öruggur um, að það megi gera þann geymi úr járnbentri steinsteypu. Annars veit jeg ekki gleggri deili á þessu.

Þegar jeg beindi orðum mínum í þessu efni til hæstv. fjrh. (JÞ) um daginn, hjelt jeg, að hann væri líklegastur allra hjer í hv. deild til að geta gefið upplýsingar um mannvirki úr steinsteypu, og bjóst við, að jeg fengi þær upplýsingar, sem byggja mætti á. Í stað þess fjekk jeg ekki annað frá honum að heyra en að þetta hylki yrði svo dýrt, að frágangssök væri að búa það til, og að slíkt hylki væri óhugsandi að gera úr öðru efni en þumlungsþykkum stálplötum. Það liggur í augum uppi, að hjer á landi er vitanlega ekki hægt að búa til nein slík vindhylki úr stáli. Ef maðurinn getur ekki notað steinsteypu, held jeg, að það sje frágangssök að eiga nokkuð við þetta. En maðurinn hefir sjálfur svo góða trú á þessu, að hann leggur líklega alla sína krafta og sinn síðasta eyri í tilraunina, án hjálpar af opinberu fje, verði þess ekki fyr eða síðar kostur. Jeg finn mig þó knúðan til að reyna að rjetta þessum uppfinningamanni hjálparhönd, þó að ekki hafi blásið byrlega fyrir þessari till. við 2. umr. Jeg vil jafnvel heldur, að hið háa Alþingi felli till, en að það segi ekkert, því að þá veit jeg, að jeg hefi gert skyldu mína. Jeg geri ráð fyrir, að hugsjónir mannsins komist einhverntíma fram, þótt þetta þing beri ekki gæfu til að hjálpa honum til að sjá verklegan árangur af þeim og hans virðingarverðu starfsemi. Í trausti þess, að jeg sjái nú nægilega margar hendur rjettar upp til að styðja hinn íslenska anda og orku, sleppi jeg frekari orðalengingum að sinni.

Umr. frestað.

Á 52. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. apríl, var enn fram haldið 3. umr. um frv. (A. 273, 297, 304, 306, 310, 322).

Hákon Kristófersson: Jeg á að þessu sinni fáeinar brtt., sem jeg tel rjettara að láta fylgja nokkur orð, þó ekki sjeu þær í hækkunaráttina.

Fyrsta brtt. er við 15. grein 10, þar sem farið er fram á byggingarstyrk. Mjer fanst rjettara, að því fje væri varið til sjóðstofnunar til minningar um þann látna heiðursmann, sem um er að ræða, Pjetur Jónsson frá Gautlöndum, heldur en til sjerstakrar húsbyggingar. En úr því að Suður-Þingeyingar geta sóma síns vegna þegið þennan styrk á þann hátt, sem ráðgert er, þ. e. til húsbyggingar, stendur mjer það á engu og tek því tillöguna aftur.

Þá á jeg aðra till. á þskj. 297, XLVI. lið. Fyrri hluti till. gengur út á, að hækkaður sje styrkurinn til Sighvats Borgfirðings, úr 600 kr. upp í 800 kr. Jeg þarf ekki að fjölyrða um þennan þjóðkunna mann. Störf hans eru alkunn. Jeg þarf heldur ekki að lýsa þeim erfiðu lífskjörum, sem þessi maður á við að búa. Í raun og veru er þessi styrkur of lítill, þó

hann verði hækkaður upp í 800 kr. Jeg þykist vita, að ekki þurfi að mæla mikið með þessu, þar sem nýlega var hjer haft á móti að fella niður styrk til annars manns, sem á þó enga sanngirniskröfu til styrks frá hinu opinbera, en sá heiðursmaður, sem hjer er um að ræða, á að mínu áliti mörgum fremur kröfu til viðurkenningar. Sighvatur Borgfirðingur hefir mætt samhug þingsins áður, og jeg vona, að svo verði enn. — Þá er hinn hluti till. þess efnis að fella niður sögurítunarstyrk til Boga Melsteds. Jeg hafði heyrt lesið hjer upp, að þessi heiðursmaður óskaði eftir, að sjer yrði ekki veittur styrkur að þessu sinni. Að hv. fjvn. varð ekki við þessum tilmælum, hjelt jeg að hlyti að stafa af gleymsku. Vildi jeg bæta úr þessu og gera Boga Melsted það til geðs að koma með þessa till. Nú hafa sagt mjer menn, sem kunnugir eru þessum heiðursmanni, að hann vegna lasleika telji sig ekki geta unnið fyrir þessum styrk, en mundi hinsvegar ekki taka það illa upp, þó að Alþingi ljeti hann standa. Með öðrum orðum, að líkt standi á og fyrir Arngrími lærða, sem baðst undan biskupstign, en vildi þó gjarnan hreppa hnossið. Að þessum upplýsingum fengnum, lýsi jeg því yfir, að jeg tek þessa till. aftur.

Þá á jeg eina till. mjög lítilsverða, sem gæti þó valdið ágreiningi. Jeg vil fella niður aths. við styrkinn til Búnaðarfjelagsins. Mjer er ekki vel ljóst, hvað hún á að þýða. Mjer finst, að trúa megi búnaðarfjelögum fyrir því að annast um útvegun nauðsynlegra verkfæra o. fl. Annars er mjer ekki verulegt kappsmál um þessa till., ef hv. deild lítur svo á, að nauðsynlegt sje, að þessi athugasemd standi. Hún um það.

Þá er ein till. í hækkunaráttina, sem jeg hefi ekki minst á. Hún fer fram á, að veittur sje lítilsháttar styrkur ekkju sjera Jónasar Hallgrímssonar frá Kolfreyjustað. Hún er efnalítið gamalmenni, 76 ára, og eftir vanalegum gangi lífsins má búast við, að þennan styrk þurfi ekki að greiða í mörg ár. En þó svo yrði, er þessi tillaga mín fullkomlega hliðstæð öðru, sem þegar er komið í fjárlögin. Jeg vænti þess, að hv. deild sýni þessari heiðurskonu sömu sanngirni og öðrum, sem líkt stendur á fyrir, og mæli jeg sem best með till.

Jeg held svo, að jeg eigi ekki fleiri till. að þessu sinni, og jeg vona, að hv. þdm. verði mjer sammála um það, þegar fjárlögin fara hjeðan úr hv. deild, að það eru ekki hækkunartill. frá þingmanni Barðstrendinga, sem hafa valdið því, hvernig viðskilnaður fjárlagafrv. verður hjer í hv. deild.

Þótt það sje vitanlega ekki geðfelt verk og sje illa sjeð að tala á móti ýmsum till., sem fram hafa komið frá einstökum þm. og fjvn., þá hygg jeg það skyldu mína að láta uppi andúð mína gagnvart ýmsum þeirra.

Jeg skal þá fyrst snúa mjer að till. XXVI, frá fjvn., sem hefir verið kölluð „tillagan um póstprest". Vitanlega verður maður að fá skýringu á svona nafni, til þess að hægt sje að átta sig á, hvað meint er. Jeg verð að segja, að margskonar till. hafa fram komið hjer, en þessi held jeg sje með þeim allra fáránlegustu. Nú á að fara að launa sjerstakan prestvígðan mann til þess að fara um landið, til þess að prjedika fyrir lýðnum. *(TrÞ*: Er það svo fáránlegt?). Nema því aðeins, að hv. þm. Str. (TrÞ) slái því föstu, að prestar landsins sjeu ónýtir í sínu kalli. Þetta er einmitt fáránlegt. Til hvers er þá synodus, biskup og prófastar? Eru þessir herrar ekki til þess færir að halda uppi andlegri menningu þjóðarinnar á þann hátt, sem

þessi maður á að gera? Jeg býst við, að svo sje. Svo er annað. Jeg held, að háttvirtir prófessorar háskólans hafi lyft sjer upp á hverju sumri, að minsta kosti guðfræðiprófessorarnir. Hver er færari að bæta úr sálarþörf þjóðarinnar barna, sem hv. fjvn. hefir fundið til að glötunin væri vís, nema hún stofnaði hjer nýtt embætti til þess að senda þeim kennimann? En jeg fyrir mitt leyti er ekki miklu vissari um þeirra sáluhjálplegu velferð við ferðalok þessa hjervistarlífs, þó að þessi heiðurskennimaður verði út sendur, — meira að segja þótt það verði minn kæri vinur, hv. þm. Str. (TrÞ), sem jeg treysti þó í því tilliti mjög vel.

Nei, þetta sýnir það og ekkert annað, að nú virðist háttv. þm., að svo mikið sje um aurana í ríkissjóðnum, að það megi fleygja fjenu á báðar hendur. Hjer er hugsuð upp ný staða, sem jeg veit ekki til að nokkur hafi fyrirfram sótt um eða hefði það í hyggju og þess vegna þyrfti að fá styrk til fararinnar. Nei, jeg held, að það sje ekki verulegur áhugi fyrir þessu, ef guðfræðingar háskólans vilja ekki taka það að sjer og fá til fararinnar styrk úr sáttmálasjóði, sem mig minnir að væri gengið út frá að væri meira til styrktar stúdentum en reynslan hefir sýnt.

Þá kem jeg að því, að hv. fjvn. leggur til, að veittar verði 6 þús. kr. til að reisa íþróttaskóla í Þingeyjarsýslu. Ekki man jeg nú til þess, að nefndir væru möguleikarnir fyrir þessum kostnaði, þegar var verið að mæla fyrir skóla Þingeyinga hjer í þinginu. En það er ekki lengra liðið en svo, að skólinn er rjett nýstofnaður, þegar menn hafa fundið hjá sjer hvöt til að koma með slíka till., og það meiri hluti fjvn., að því er mjer skilst. Og hv. þm. Str., minn kæri vinur, tekur það fram í gær, að meðal annara íþrótta, sem kendar verði, sjeu skíðaferðir. Jú, það vita allir, hversu nauðsynleg íþrótt þetta er, en — dettur nokkrum í hug, að það gangi í mig og aðra hv. þm., að Þingeyingar þurfi endilega að fá sjerstakan skóla og skólakennara til þess að kenna þeim skíðaferðir? Hv. frsm. fjvn. (TrÞ) leggur samt svo mikið upp úr þessu, að hann vill taka þennan ágæta mann hjeðan úr mentaskólanum til þess arna; þörfin er svo knýjandi. Maður veit eiginlega ekki, hvað á að kalla þetta; maður hefir ekki heimild til að ætla mönnum sjerkennilegar hvatir, og stæðu ekki eins heiðarlegir menn að þessu eins og hjer standa, þá segði maður þetta þingeyskt reiptog og ekkert annað.

Þetta er nú ein af þeim till., sem jeg vænti fastlega, að deildin felli niður. Jeg hjelt, að fáir vildu ætlast til, að nú væri farið að stofna til nýrra embætta þar, sem engin knýjandi nauðsyn er fyrir.

Jeg var ekki inni í gær, þegar hv. 4. þm. Reykv. (MJ) var að tala fyrir till., sem hann hefir borið fram um að veita Guðmundi nokkrum Einarssyni 4 þús. kr. til leirbrenslu til myndagerðar. Hvað sem um þetta má segja að öðru leyti, þá hygg jeg, að þetta sje þó ekki það nauðsynlegt, að ekki mætti það vel bíða. Mjer var líka sagt af bæjarmanni hjer í morgun, — en jeg ábyrgist vitanlega ekki, að sagan sje sönn, — að þetta sje sá sami Guðmundur, sem flutti inn áhöld til brennivínsgerðar, og að það hafi einnig komist svo langt, að töluvert hafi verið unnið að áfengisbruggi uppi í Miðdal, meira að segja að tvær tunnur hafi verið á stokkunum úti í fjósi. Jeg vona nú, að það eigi ekki að hafa fjárhæð þessa til þess að kaupa einhver svipuð áhöld. En samvisku minnar vegna sje jeg þó ekki annað en að það sje helst skylda mín að vera á móti þessu,

hvort sem fjárhæðin ætti að vera til þessa eða annars.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) flytur brtt. við 16. gr., um að veita Kvenrjettindafjelagi Íslands 2 þús. kr. til sendiferðar til París árið 1926. Þetta virðist mjer ekki nema bera vott um, að hann skilji fullkomlega, hvað nauðsynlegt það er, að sjálfstæði landsins komi fram í sem flestum tilfellum. En jeg hefði kunnað betur við að vita, hver ætti að fara. Til slíkrar farar sem þessarar álít jeg það sje mjög svo nauðsynlegt að sje valin ein af okkar allra myndarlegustu konum og sjálegustu, og sennilega þyrfti hún líka að skilja eitthvað í frönsku o. s. frv. Ef jeg hefði átt víst um gott val til farar þessarar, þá hefði jeg greitt atkv. með till. En af því að það er uggur í mjer, að valið mistakist, ef til vill verði send einhver gömul kona, þá get jeg ekki greitt þessu atkv.

Jeg hljóp yfir eina till., sem jeg vildi gjarnan minnast á af sjerstökum ástæðum. Hinsvegar skal jeg taka það fram, að mjer þykir það slæmt, af því að hún kemur frá heiðursmanni, sem sje hv. 2. þm. Eyf. (BSt). Hann fer fram á námsstyrk til framhaldsnáms við Akureyrargagnfræðaskóla, 5 þús. kr. Þessi till. kemur mjer dálítið óþægilega, af því að jeg hefi verið með þessum skóla að ýmsu leyti. Jeg man þá tíð, að þegar skóli þessi var seinast til umr., sagði einmitt þessi sami hv. þm., að sú tilhögun, sem farið væri fram á, myndi verða ríkissjóði *alveg* kostnaðarlaus. Þá var fórnfýsi kennaranna svo mikil, að þeir vildu taka að sjer aukið starf fyrir ekki neitt. Mjer fanst það þá dálítið undarlegt, — því að jeg tók þetta í allri hreinskilni, — ef menn vildu ekki leyfa þetta, þar sem enginn kostnaður hlytist af því. Mjer var þá sagt af þeim, sem þá stóðu á móti þeirri málaleitun, að þetta liti svona út í byrjun, en svo yrði það ekki til lengdar. Jeg verð nú að viðurkenna, að þessir menn sáu betur fram í tímann. Af því að jeg vil ekki gera hvorki orð kennaranna eða hv. þm. og annara ómerk, þar sem þeir fullyrtu, að enginn kostnaður fyrir landið hlytist af þessari breytingu, þá leiðir það af sjálfu sjer, að jeg hlýt að vera á móti þessari tillögu.

Svona fer oft þeim mönnum, sem eru trúgjarnir á það, að mönnum gangi aldrei neitt til, sem hulið er á bak við, að þeir flaska oft og einatt á því.

Alveg yrði sama uppi á teningnum, ef farið væri að koma upp þessum leikfimisskóla við Laugaskólann. Þá yrði afleiðingin sú, að það þætti brátt nauðsynlegt að koma upp slíkri stofnun við alla skóla. Hví leggur hv. fjvn. ekki til, að slíkum skóla verði komið upp við Núpsskólann t. d.? Er þörfin meiri í Þingeyjarsýslu?

Jeg dirfist nú ekki að segja það, sjerstaklega þar sem jeg þekki vel hv. flytjanda till., að það hafi verið vísvitandi blekkingar í málinu frá hans hendi, þegar hann flutti það upprunalega.

Mjer þykir rjett að geta þess aðeins, úr því að hv. 4. þm. Reykv. (MJ) er kominn hjer inn, að jeg mintist lítillega á orð hans hjer í gær í sambandi við hinn svokallaða póstprest. *(MJ*: Já, jeg heyrði af því). Jeg hefi samt ekki farið eins hörðum orðum um slíkt skrípi eins og vert er. Þó læt jeg hjer staðar numið að sinni. Jeg óska eftir að fá frambærileg rök um þetta mál. Mætti það þá vera veigamikill þáttur í þeim rökum, ef hv. 4. þm. Reykv. lýsti því yfir, að það væri hann, sem tæki embættið að sjer.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg á enga brtt. við fjárlögin að þessu sinni og hafði því ekki hugsað mjer að taka til máls. En það er vegna þess, að hv. þm. Ak. (BL) fann ástæðu til þess í gær að flytja dálítið erindi til ófrægingar alþýðuskólanum í Þingeyjarsýslu, sem jeg vil segja nokkur orð. Það er samt ekki svo að skilja, að jeg telji það skifta miklu máli, þótt hv. þm. Ak. lýsi hjer þeim huga, sem hann ber til þessa skóla. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það hafi í sjálfu sjer nein áhrif. En jeg vildi gefa skýringar á þeim atriðum, sem þm. fór ýmist villandi orðum um eða skýrði beinlínis rangt frá.

Jeg var því miður ekki inni, þegar hv. þm. flutti ræðu sína, en jeg hefi fengið glögga skýrslu um, að hann hafi sjerstaklega gert mikið úr því atriði, að enginn vissi, hver ætti þennan skóla, og sagt í því sambandi, að máske væri það Kaupfjelag Þingeyinga, og að eitthvað hefði heyrst um það, að kaupfjelagið byggist við að gefa skólann á 40 ára afmæli sínu, og fleira í þessa átt! Þetta er nú vitanlega skáldskapur út í loftið og hefir ekki við neitt að styðjast. Þarna nyrðra að minsta kosti er öllum vitanlegt, að skólinn er hjeraðseign, þótt kannske að forminu til megi telja hann sjálfstæða stofnun í skjóli sýslufjelagsins og með ábyrgð þess að baki sjer.

Ætla jeg lítilsháttar að reyna að skýra, hvernig þessu er fyrir komið, þó að jeg raunar viti, að ýmsum hv. þdm. sje það fullkunnugt.

Upprunalega var það Samband ungmennafjelaga Þingeyinga, sem gekst fyrir fjársöfnun til þessa skóla heima í hjeruðum, og leitaði síðan til Alþingis um styrk til skólans. Og þessi undirbúningur stóð yfir í mörg ár. Þegar svo var farið að byggja skólann, höfðu ungmennafjelögin alla framkvæmd verksins. En þegar svo skólinn var fullgerður, var samin reglugerð fyrir hann um stjórn hans og starfstilhögun alla. Er þar tekið fram, að skólanum skuli stjórnað af þriggja manna stjórn, sem kosin sje af sýslunefnd Suður-Þingeyinga og ungmennasambandinu. Sú reglugerð var samþykt af sýslunefnd Þingeyinga og síðan af stjórnarráði Íslands. Jeg veit ekki, hvort venjulegt er að birta slíkar reglugerðir í Stjórnartíðindunum. En þá er hana að finna í skjalasafni stjórnarráðsins.

Nú finst mjer, að þegar málum er svo komið, að búið er að samþykkja reglugerð fyrir þennan skóla, bæði af sýslunefnd Þingeyinga og af stjórnarráðinu, þá sje það dálítið kynlegt að tala um, að enginn viti, hvernig þessum skóla sje háttað, hver eigi hann o. s. frv. Vitanlega er skólinn hjeraðseign og er stjórnað eftir ákveðinni reglugerð, samþyktri af hlutaðeigandi sýslunefnd og öðrum, sem um málið hafa fjallað. En fyrirkomulagið er vitanlega sniðið eftir erlendum fyrirmyndum. Þannig er það algengt í Svíþjóð, á Englandi og víðar, að skólar hafi sína eigin stjórn og sjálfstæðan fjárhag, með styrk ríkisins og hjeraðanna. Tel jeg víst, að þetta fyrirkomulag sje vel að skapi Alþingis, og vil í því sambandi benda á, að í fyrra, þegar Hvítárbakkaskólinn sótti um eftirgjöf á láni, var lánsuppgjöfin samþykt með því skilyrði, að skólinn yrði hjeraðseign framvegis. En þar eru nokkrir menn, sem hafa gengist fyrir því að halda skólanum uppi. Jeg veit ekki annað en að skólinn hafi fengið þessa eftirgjöf, og hafi stjórnin með því litið svo á, að Alþingisskilyrðinu væri fullnægt, þótt þarna standi nokkrir menn fyrir. Og því

frekar ætti þetta þó að gilda um Laugaskólann, þar sem sýslunefndin stendur þarna á bak við með því að staðfesta reglugerðina og taka lán handa skólanum.

Jeg vil nú draga þetta saman. Sýslunefnd Þingeyinga hefir fyrst og fremst samþykt reglugerð fyrir skólann. Í öðru lagi kýs hún menn í stjórn skólans. Í þriðja lagi hefir sýslunefndin tekið lán, 25 þús. kr., fyrir skólann. Í fjórða lagi veitir hún honum rekstrarstyrk árlega. Þegar þetta er athugað, þá finst mjer það muni vera fáir, — aðrir en máske hv. þm. Ak., — sem geti lengur verið í vafa um, hvernig eignarumráðum skólans er háttað. Hefi jeg nú að minni hyggju slegið niður þessar dylgjur, sem hv. þm. var að fara með í gær viðvíkjandi fjárhagsástandi skólans. Fyrir Alþingi hafa legið skýrslur bæði frá í fyrra og í ár um allan kostnað við skólann og fjárhagsástæður hans; og vænti jeg, að hv. þm. hafi meira og minna kynt sjer þau plögg. Háttv. þm. Ak. mun hafa sagt í ræðu sinni, að ekki hafi verið lagt fram á móti ríkissjóðsstyrk nema 27 þús. kr. annarsstaðar frá. Er það ekki rjett? *(BL*: Jú). En þetta er rangt. Hjeraðsbúar hafa lagt fram og fengið lánað á ábyrgð sýslunnar 62228 kr. Af þessu eru vitanlega 25 þús. kr. söfnunarsjóðslán, sem sýslan hefir tekið fyrir skólann, en þó það væri dregið frá, sem jeg tel órjett, eru samt eftir 37228 kr., sem beinlínis hefir verið safnað og lagt fram — eða 10 þús. kr. meira en þm. sagði. Jeg held, að þetta söfnunarsjóðslán, sem lánað er til 20 ára og afborgast á þeim tíma, hljóti að skoðast sem fulltryggilegt framlag frá hjeraðinu, þó að það sje þannig fengið. Það er tekið á ábyrgð þeirra, sem hafa komið skólanum upp og halda honum uppi, og þótt játa megi, að æskilegra hefði verið, að alt fjeð hefði legið fyrir áður en rekstur skólans byrjaði, munu flestir telja, að sýslufjelagið, með bakábyrgð margra manna, muni fulltryggur aðili þessa máls.

Jeg vil geta þess að endingu, að þótt það hafi vitanlega kostað mikið erfiði að safna fje til byggingar skólans, þá er nú svo komið, að þarna er risið upp hið ágætasta skólahús, sem meðal annars er eingöngu hitað upp með laugavatni, og gefur þannig góðar vonir um ódýran rekstur skólans og hollustuhætti. Þetta hefir meðal annars tekist fyrir góðan skilning Alþingis á þessu áhuga- og nauðsynjamáli Þingeyinga, enda má jeg líka fullyrða, að þeir eru alment mjög ánægðir og þakklátir um úrslit málsins og telja Laugaskólann hjeraðssóma og bera til hans hið besta traust um að honum takist að efla menning og þroska alþýðunnar á hollan og þjóðlegan hátt í framtíðinni. Það eru ekki nema örfáar þröngsýnar sálir, sem sýna skólanum andúð, ýmist af óvild til alþýðumentunarinnar yfir höfuð, eða þá að þeir geta ekki hugsað sjer annað blessunarríkara en að mentunin sje sótt til kaupstaðanna, og þá sjerstaklega til Reykjavíkur.

Laugaskólanum er sjerstaklega komið upp í því augnamiði, að þar starfi hollur og þroskandi alþýðuskóli, er hefði rætur sínar í þjóðlegri og trúrri sveitamenningu. Það eru líka góðar horfur á að svo verði, og gefur þetta fyrsta skólaár Laugaskólans bestu vonir um, að þessu augnamiði verði náð: aðsókn svo mikil, að skólinn er fullskipaður, eða fullir 50 unglingar, sem stunda þar nám. Skólahúsið reynst ágætlega. Og skólastjórn og skólalífið þannig, að þeir, sem hlut eiga að máli, eru sjerstaklega ánægðir yfir því og gera sjer vonir um, að þaðan berist hollir straumar vaxandi menningar út um sveitirnar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. Jeg hefi viljað skýra frá fyrirkomulagi skólans, af því mjer er það betur kunnugt en ýmsum hv. þm. öðrum, og má þá jafnhliða leiðrjetta misskilning þann, er kom fram í ræðu hv. þm. Ak. (BL).

Björn Líndal: Jeg bjóst satt að segja ekki við að þurfa að standa upp aftur, enda geri jeg það ekki til þess, að jeg ætli að taka neitt af því aftur, er jeg sagði í fyrri ræðu minni. Hinsvegar vil jeg mótmæla því, sem kom fram í ræðu hv. þm. S.-Þ. (IngB), að jeg hefði farið ófrægjandi orðum um alþýðuskóla Þingeyinga, því það er ósatt. Jeg tel það ekki að ófrægja skólann, þótt jeg segði sögu hans eins og jeg vissi hana rjettasta, eða þó að jeg talaði aðeins um undirbúning málsins og um byggingu skólans, enda mintist jeg ekki einu orði á rekstur hans eða hvernig kenslunni í skólanum væri komið fyrir.

En það verð jeg að segja, að lítið græddi jeg á ræðu háttv. þm. S-Þ. og jafnófróður er jeg eftir sem áður um það, hver eigi skólann. Nú stendur svo á hjer, að það fje, sem runnið hefir til skólans, er afturkræft, og að þeir, sem lánað hafa fje til byggingarinnar, geta gengið að skólanum.

Þess vegna þykir mjer hart, að þessi hv. þm., sem til skamms tíma hefir átt sæti í sýslunefnd Suður-Þingeyinga og ætti að vera þessu máli vel kunnugur, skuli gefa í skyn, að sýslunefndin eða hjeraðið eigi skólann, því það getur ekki verið rjett.

Jeg vil aðeins benda á eina ástæðu því til sönnunar, hve fjarri öllum sanni það er, að sýslan eigi skólann. Hún heimtar bakábyrgð einstakra manna til tryggingar láni því, er hún tók að sjer að ábyrgjast fyrir skólann. Það hefði hún ekki gert, hefði hún sjálf átt skólann.

Það sýnir sig, að þetta mál er botnlaus hrærigrautur frá upphafi til enda og þeim síst til sóma, sem hrundið hafa því á veg.

Það verður ekki hrakið, að enn er það óupplýst með öllu, hver eigi skólann, eins og hitt er líka víst, að þeir, sem komu honum á stofn, hafa ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem sett voru fyrir fjárveitingu þeirri, er ríkissjóður lagði honum; enda ekki fyrir sjeð, nema gengið verði að skólanum hvenær sem er til lúkningar skuldum, sem á honum hvíla.

Jeg vildi, með því að minnast á þetta skólamál áðan, segja sanna sögu þess, því hún er að mínu viti sannarlega þess verð, að henni sje á lofti haldið.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi flutt brtt. á þskj. 297, ásamt þremur öðrum háttv. þdm., um að styrkur til að reisa barnaskólahús hækki úr 10 þús. kr. upp í 37 þús. kr., með þeirri athugasemd, sem þar segir, að „af upphæð þessari gangi 29 þús. kr. til byggingar barnaskólum í Neshreppi, Súðavík og Öxarfirði, þó eigi yfir ⅓ kostnaðar.“ Er þetta eftir þeirri venju, sem áður hefir tíðkast um styrkveitingar í þessu efni. Nú hefir verið flutt frv., sem meðal annars skipar fyrir um, hvernig fara skuli um byggingarkostnað skólahúsa, og þótt skoðanir sjeu allmikið skiftar um það, hvort styrkur í þessu efni skuli standa í fjárlögum eða í öðrum lögum, þá virðist mjer, sem varla sje hægt að gera ráð fyrir minni styrk á ári en þurfa mundi til þess að reisa þrjú skólahús. Virðist mjer því gegna furðu, að hv. fjvn. skuli leggjast á móti brtt. okkar.

Mjer hefir nýlega borist brjef norðan úr Öxarfirði, þar sem færð eru rök fyrir nauðsyn hreppsins að koma sjer upp skólahúsi. Að vísu er þar gamalt skólahús, en svo ófullnægjandi, að það verður ekki notað, og enginn kennari fæst til þess að halda uppi farskóla. Hinsvegar er mikill áhugi fyrir því manna á milli í sveitinni að reisa nýtt skólahús, og í því skyni hefir tekist að safna allálitlegri fjárhæð, sem verja til byggingarinnar.

Þetta hefir verið borið undir fræðslumálastjóra, sem er eindregið fylgjandi því, að byggingunni verði hrundið á leið, enda telur hann allan undirbúning hjeraðsbúa á þeim stoðum reistan, sem þörf er á og framast verður krafist í þessu efni. Vænti jeg því, að hv. þdm. sjái sjer fært að samþykkja brtt., enda getur ekki verið um annað að ræða en að styrkurinn hlýtur að koma á næsta ári, og því ekki ástæða til þess nú að leggjast á móti svo litlu fjárframlagi.

Þá hefi jeg stutt aðra brtt. á sama þskj., þá LXIV. í röðinni. Er þar um nýjan lið að ræða, um styrk til þess að stofna og reka Íslendingaheimili í Kaupmannahöfn, og fjárhæðin bundin við nafn frú Hlínar Johnson, sem hefir sent Alþingi rækilegt erindi um þetta efni.

Það hafa heyrst margar raddir um það hin síðari ár, að nauðsyn bæri til, að Íslendingaheimili kæmist upp í Kaupmannahöfn. Þessi kona, sem bæði er kunnug og vel metin í Höfn — auk þess sem hún er ötul og kjarkmikil — hefir nú tekið hugmyndina að sjer, en skortir fje til að hrinda henni svo á leið, sem nauðsyn ber til. Er því brtt. þessi fram borin til þess að ljetta undir með konunni að koma heimilinu á stofn, og svo stilt í hóf, að ekki er farið fram á nema aðeins 5 þús. kr. styrk úr ríkissjóði.

Því mun enginn neita, að gott og hagkvæmt mundi Íslendingum þeim, sem í förum eru, að eitthvert heimili væri í Kaupmannahöfn, er þeir gætu leitað athvarfs, í stað þess að hrekjast milli dýrra og misjafnra gistihúsa. Einkum væri það þó mikið athvarf ókunnugum mönnum, þeim er fyrsta sinni fara utan og oft eru nokkuð slakir í erlendu máli, að hafa sjerstakan stað í framandi landi, þar sem þeim er heimil vist og annar beini og þeim veittar allar leiðbeiningar, er þeir þurfa.

Kunnugt er öllum, að kvenfjelögin hjer í Reykjavík hafa hafist handa um að koma *hjer* á fót heimili, sem leiðbeina á konum þeim utan af landi, er hingað sækja og dveljast um skamma stund. Hefir í því skyni verið safnað allmiklu fje og hlutafjelag stofnað, sem ætlar að reka þetta fyrirtæki. Og sjálf ríkisstjórnin er þessu máli svo hlynt, að hún hefir fallist á að gefa lóðarspildu undir kvennaheimilið. En ef þetta er nauðsynlegt fyrir konur þær, sem hingað sækja til stuttrar dvalar utan úr bygðum lands vors, — sem jeg tel litlum efa bundið, — þá ætti ekki síður að vera þörf á því fyrir þá Íslendinga, sem leita til annara landa, að eiga þar vísan samastað á meðan þeir dveljast þar, eða á meðan þeir eru að koma sjer fyrir annarsstaðar.

Eins og jeg drap á í upphafi, er kona sú, sem fjárveitingin er bundin við, dugleg og kjarkmikil, enda hefir hún sýnt það í mörgu. Hún er líka kunnug úti í löndum, hefir dvalið í Vesturheimi árum saman, og víðar hefir hún farið og ferðast erlendis, og mun því vel fallin til þess að stjórna slíku heimili.

Hjer hefir risið upp nokkur deila um alþýðuskóla Þingeyinga. Skal jeg þó ekki hlutdeila það mál að sinni, enda eigast þar við tveir hv. þm., sem kunnugri eru

þessum málum norður þar heldur en jeg nú orðið. Hinsvegar vildi jeg leggja liðsyrði fjárveitingu þeirri, sem ætluð er Birni Jakobssyni til þess að halda uppi íþróttaskóla norður á Laugum. Ætla jeg, að það mundi gróði æskumönnum norður þar, og raunar öllum þeim, er íþróttir vilja stunda, að geta notið kenslu þessa manns, þótt jeg hinsvegar viðurkenni, að íþróttum Reykvíkinga sje skaði gerður, ef hann hverfur norður. En það er mest um vert, að hann vill sjálfur leita í átthaga sína og kenna þar nyrðra; hann er viðurkendur ágætiskennari og mundi hvar sem er geta sjer besta orðstír. Vil jeg því mæla sem fastast með því, að brtt. þessi verði samþykt.

Ingólfur Bjarnarson: Hv. þm. Ak. (B-L) vill ekki kannast við, að hann hafi farið ófrægingarorðum um Laugaskólann. Ber það að skilja svo að sjálfsögðu, að hann hafi ekki *ætlað* sjer það, og þykir mjer að vísu vænt um. En jeg vil geta þess, að nokkrir hv. þm., sem hlustuðu á ræðu hans í gær, sögðu mjer, að hún hefði verið hörð árás á Laugaskólann. Hafa þeir því áreiðanlega skilið ræðuna á annan veg en hann kveðst hafa ætlast til. En þegar þess er gætt, að aðalefni ræðu hans var að tortryggja fjármálahlið skólans, og í sambandi við það farið rangt með tölur, þar sem hann taldi framlög hjeraðsins stórum minni en rjett var, eða 27 þús. kr. — þá get jeg naumast annað sjeð en að rjettmætt hafi verið að segja, að hann hefði farið ófrægjandi orðum um skólann. Og ekki síður, þegar athugað er, að þessi umsögn hans um skólann kom fram alveg tilefnislaust, því eins og kunnugt er, liggur skólinn og rekstur hans alls ekki fyrir til umræðu.

Hv. þm. Ak. heldur því fram enn, að jeg hefði í fyrri ræðu minni engar upplýsingar gefið um aðalatriði málsins og ekki svarað því, sem hann spurði um, sem sje það, hver ætti skólann. Þetta segir hann, að sje jafnóvíst enn. Ja, hann um það, hvort hann skilur mælt mál eða ekki. Jeg þóttist skýra það fullgreinilega, að skólinn hlyti að vera hjeraðseign, þar sem sýslunefndin hefði í höfuðatriðum staðið að málum hans, svo sem um samning reglugerðar, skipun í stjórn hans, sjeð um lántöku til hans og veitt honum rekstrarstyrk ásamt ýmsu fleira, sem sýslunefndin hefði látið til sín taka skólanum til framkvæmdar.

Þá vildi sami hv. þm. (BL) enn gera lántöku handa skólanum að mikilli grýlu og talaði um þá hættu, sem stafað gæti af því að fje þetta „væri afturkræft", eða eitthvað því um líkt. Jeg satt að segja skildi ekki vel, hvað hann var að fara. En hinsvegar get jeg með engu móti sjeð, hvaða hætta ætti að geta verið samfara þessari lántöku fyrir skólann úr söfnunarsjóði — þessum 25 þús. kr., sem endurgreiðast eiga á næstu 20 árum, en eru lánaðar með góðum vaxtakjörum. Og lán þetta hefir sýslusjóður tekið með stuðningi og bakábyrgð 20 manna, sem með því sýna, að þeir bera fult traust til skólans, enda má nærri geta, að sýslan hefði aldrei tekið að sjer þetta lán, liti hún ekki björtum augum á framtíðar- og fjárhagshorfur skólans. Jeg verð því fast og ákveðið að halda því fram, að af þessu láni stafi engin hætta eins og um hnútana er búið.

Læt jeg svo máli mínu lokið og sje ekki ástæðu til að tefja umr. með því að

þvæla um mál, sem ekki liggur fyrir til umræðu.

Björn Líndal: Það er leiðinlegt að þurfa að deila við hv. þm. S.-Þ. (IngB) um þetta mál, sem hann er að reyna að verja, en kýs þó að fara undan í flæmingi og hliðrar sjer hjá að svara því, sem um er spurt.

Jeg neita því algerlega, að jeg hafi á nokkurn hátt verið að dylgja um fjárhag skólans nje hallast á kenslufyrirkomulagið eða skólastjórnina. Jeg hefi sagt hispurslaust skoðun mína á fjárreiðum hans, en ekkert minst á kensluna. En úr því að hv. þm. fór að minnast á hana, þá vil jeg það eitt um hana segja að þessu sinni, að sumt, sem þar er innrætt unglingum, eru ekki óþarflega þjóðleg eða gagnleg fræði. Aðalatriðið í þessu máli er það, að jeg tel alt annað að leggja fram fje, sem ekki er afturkræft, eða leggja fram fje að láni. Þess vegna er það, að jeg spyr enn: Hver er það, sem á þennan skóla? Hv. þm. S.-Þ. hefir ekki svarað því; hann hefir hopað á hæli og farið undan í flæmingi, svo ekkert er á svari hans að byggja. Jeg neita því harðlega, að Suður-Þingeyjarsýsla hafi tekið að sjer allan veg og vanda skólans, eins og helst var að fá út úr þessu loðna og óákveðna svari hv. þm. S.-Þ. Sýslunefndin hefir tekið á sig skuldbindingar vegna skólans, á þann hátt, að augljóst er, að hún telur hann ekki sína eign. Þá er spurningin sú: Hvernig hefir hv. þm. S.-Þ. hugsað sjer þessa skuld borgaða? Eru það þessir 20 menn, sem standa í bakábyrgðinni, eða er það sýslusjóður, sem á að taka það á sig?

Jeg vildi gjarnan fá góð og greið svör um það, því skólinn hefir ekki borið sig svo vel, það sem af er, að vænta megi hagnaðar af rekstri hans, enda væri það blátt áfram prettur gagnvart öllum þeim, sem lagt hafa fje til skólans, að græða fje á rekstri hans til þess að borga stofnkostnaðinn. Ef jeg fæ ekki svar við þessu, tel jeg, að háttv. þm. S.-Þ. hafi til lítils gagns talað í þessu máli, og alt þá í sömu þoku og hrærigraut um eigendur skólans og verið hefir.

Ingólfur Bjarnarson: Það er aðeins stutt svar við þessari margendurteknu spurningu hv. þm. Ak. (BL), hver eigi skólann og hver eigi að borga söfnunarsjóðslánið.

Að mínu viti er það ofureinfalt og ljóst, að hjeraðsbúar, sem komið hafa skólanum á fót og stýra málum hans, munu standa straum af þessu láni og endurborga það. Verður það hlutverk skólastjórnarinnar að sjálfsögðu að ráða fram úr því, hvernig þessu verður fyrir komið. En jeg tel víst, að ef svo heldur fram sem horfir nú um aðsókn að skólanum, þá verði þessi lángreiðsla tiltölulega ljettbær. Ætlunin er vitanlega sú, að rekstur skólans allur, og þar með skuldaafborganir, greiðist af árlegum tekjum, er hann fær — auk skólagjalda — frá ríkinu, sýslusjóði og væntanlega fleiri unnendum skólans. En hitt víst, að hjeraðsbúar og sýslunefnd í sameiningu munu telja sjer fullkomlega skylt að sjá um, að allar skuldbindingar skólans sjeu að fullu haldnar.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Það hefir ræst, sem jeg sagði, að ekki myndi ganga eins greiðlega að afgreiða þennan hluta fjárl. eins og hinn fyrri, því að komið er á annan dag síðan umr. um hann hófust og mikið eftir, þótt ljúka eigi þeim í dag.

Jeg ætla þá fyrst að víkja að þeim hv. þm., sem snúist hafa á móti tillögum fjvn.,

og síðan gera grein fyrir afstöðu nefndarinnar gagnvart till. einstakra hv. þm.

Mjer þykir mjög leitt að þurfa að snúa mjer að meðnefndarmanni mínum, háttv. 2. þm. Skagf. (JS). Mjer kom það mjög á óvart, að hann skyldi finna hvöt hjá sjer til þess að halda slíka ræðu sem hann flutti í garð nefndarinnar. Hann sagði oft: „Við íhaldsmenn í nefndinni.“ Það kom fyllilega í ljós í ræðu hans, að um einhverja flokkslega afstöðu hefði verið að ræða í nefndinni. Jeg vil lýsa yfir því, að mjer kom þetta mjög á óvart og mjer er óhætt að fullyrða, að jeg geti sagt það fyrir hönd minna flokksmanna í nefndinni, að við höfum ekki starfað þar sem neinir flokksmenn, heldur unnið þar fullkomlega „loyalt“ starf, og hefir það altaf verið efst í huga okkar. Hinsvegar dreg jeg það mjög í efa, að hann hafi haft umboð frá flokksbræðrum sínum í nefndinni til þess að láta þetta koma fram. Jeg vil efa það, að allir íhaldsmennirnir í nefndinni hafi starfað í henni með slíka hugsun. Það kann að vera, að jeg hafi dregið of mikið út úr orðum hv. þm., jeg vona það, og getur hann þá leiðrjett það.

Svo fór hv. þm. að lýsa yfir sjerstöðu sinni í ýmsum atriðum. Hann byrjaði með því að segja: „Við íhaldsmenn vorum á móti því að hækka tekjubálkinn.“ *(JS:* Þetta er ekki alveg rjett með farið). Jeg hefi skrifað upp þessi orð hv. þm. Jeg hefi nú fyrir mjer gerðabók fjvn., þar sem atkvgr. um þetta er bókuð. Á 33. fundi nefndarinnar voru samþyktar fimm brtt. um hækkun á tekjubálkinum. Sú fyrsta, hækkun á útflutningsgjaldi, var samþykt í einu hljóði. Önnur, hækkun á tóbakstolli, var samþykt með 6 shlj. atkv. Sú þriðja, hækkun á áfengistolli, var samþykt með 4:3 atkv., og sú fjórða, hækkun á víneinkasölunni, samþykt með 6:1 atkv. Aðeins um einn liðinn, áfengistollinn, voru skiftar skoðanir, þar sem hann var samþyktur með 4:3 atkv., og er þá best að geta þess, að þeir, sem greiddu atkv. á móti, voru flokksmenn hv. 2. þm. Skagf. Hinar hækkunartill. voru samþyktar samkvæmt till. frá undirnefnd, sem bar fram þessar till., og átti háttv. 2. þm. Skagf. sjálfur sæti í þeirri nefnd og bar fram þessar till. Þess vegna er það röng mynd af nefndinni, sem háttv. þm. dregur hjer upp, ef hann segir: „Við íhaldsmenn vorum á móti þessu.“ Sjest það líka best á því, að um meira en 5% af tekjuhækkunartill. eru 6 shlj. atkv., svo að það, sem hv. þm. talar um, gildir aðeins um 1/6 af till. Í sambandi við þetta vil jeg segja annað, að tveir íhaldsmenn skárust úr leik, þegar stærsta sparnaðarmálið, sem kom fyrir nefndina, var afgreitt, og greiddu atkvæði á móti því. Þeir voru á móti því að halda stefnu undanfarinna þinga, að spara tildursmannahald í Kaupmannahöfn. Mjer var það gleðiefni, að einn íhaldsmaður. hv. þm. Borgf. (PO) stóð með nefndinni í því að halda stefnunni. Mjer þótti það leiðinlegt, að hv. þm. skyldi koma inn á það að tala um, að nefndarmennirnir hefðu verið flokkslitaðir; við höfum alls ekki viljað starfa með slíkt í huga og jeg hefi ekki vakið upp neitt slíkt, heldur hv. 2. þm. Skagf.

Þá kastaði þessi hv. þm. því til mín, að mjer hefði láðst að geta þess, að nefndin hefði verið klofin um ýms mikilsverð atriði. Já, mjer hefir láðst það, og ekki aðeins mjer, heldur líka frsm. fyrri hl., hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ). Jeg veit ekki til þess, að það hafi verið regla að segja frá klofningi í fjvn., nema sjerstaklega hafi staðið á. Það hefir verið svo um mig eins og hv. þm. V.-Húnv., að þótt við höfum greitt atkvæði á móti ýmsum till.,

þá höfum við samt talið rjett að fylgja nefndinni í heild sinni að málum, enda hefir verið mikill vilji í nefndinni að standa saman.

Það voru 3 till. nefndarinnar, sem hv. 2. þm. Skagf. talaði sjerstaklega á móti, brtt. um prestsþjónustuna, sem nefndin tók upp, að fá mann til að ferðast um og flytja erindi til andlegrar vakningar, og er það þetta, sem hv. þm. Barð. (HK) kallaði póstprestinn; brtt. um íþróttaskólann í Þingeyjarsýslu og stúdentagarðinn.

Jeg er nú fyrir mitt leyti ekkert óánægður yfir því, ef hann (JS) vill marka stefnu íhaldsins með því, að það sje á móti því að auka íþróttir í landinu, móti því að efla andlegt líf þjóðarinnar og móti því að hlynna að stúdentunum. Jeg er fyrir mitt leyti ekki á móti því, að íhaldið marki stefnu sína með því að vera á móti öllu þessu.

Það er rjett, sem hv. þm. sagði, að margar leiðir væru til að efla andlegt samband á milli einstakra landshluta. Nefndin vill alls ekki einskorða sig við að álíta aðeins eina leið nauðsynlega til að efla andlegt líf í landinu; það má fara fleiri leiðir, en þessi er góð, og hana vill meiri hl. fara. Þá sagði hv. þm., að þetta væri alveg einstakt í sinni röð og óþekt hjer á landi og ætti sjer ekki stað á öðrum sviðum. Jeg sje ekki neitt því til fyrirstöðu að hafa t. d. sendifarandlækna. Jeg veit ekki betur en að tveir augnlæknar sjeu styrktir til að ferðast um landið. Hv. þm. talaði um, að hjer væri verið að stofna nýtt embætti með litlum undirbúningi. Þetta er ekki rjett. Þetta á því aðeins að gera, að fje sparist á öðrum sviðum. Kirkjustjórnin á að ráða því, hvernig þetta verður framkvæmt, og það er fullkomin trygging fyrir því, að þessu fje verði vel varið. Og það er svo vel frá þessu gengið, að á betra verður ekki kosið. Það er rjett, að þetta verður ekki til að spara prestsþjónustu, það á alls ekki að vera til þess, heldur til þess að fá meiri þjónustu, meiri uppvakningu. Jeg játa það á mig, að jeg er því yfirleitt ekki fylgjandi að spara prestsþjónustu.

Það hefir annar íhaldsmaður, hv. 4. þm. Reykv. (MJ), mælt með þessari till., og skil jeg það vel. Mjer þótti vænt um það, hve vel hann tók þessari till., sem hans var von og vísa.

Þá sagði hv. 2. þm. Skagf. það, sem mjer sárnaði mest, og ljet það vera sín síðustu ummæli í garð nefndarinnar, að það væri eins og fjvn. væri að gera sjer leik að því að gera sem mestan tekjuhalla á fjárlögunum. Það kann vel að vera, að jeg misskilji hv. þm., en ef þetta er hans fulla meining, þá vil jeg algerlega vísa þessum ummælum á bug sem ómaklegum í garð nefndarinnar.

Þá hafa tveir aðrir hv. þm. beint orðum sínum að nefndinni, hv. þm. Ak. (BL) og hv. þm. Barð. (HK). Hv. þm. Ak., sem nú er ekki viðstaddur, ljet þung orð falla í garð nefndarinnar. Jeg tel það mjög óviðkunnanlegt, að þm. sjeu að skamma nefndina, rjúki síðan út og sjeu ekki viðstaddir, þegar þeim er svarað. Vil jeg ekki beina orðum mínum að honum að sinni, fyrst hann er fjarverandi, og læt það bíða þangað til hann er kominn. Þykir mjer þó leitt, að hann er dauður og getur ekki svarað. (*BL*: Jeg er kominn).

Hv. þm. Barð. hjelt skemtilega ræðu. Hann talaði alls ekki hart í garð nefndarinnar, heldur aðallega fyrir sínum till. Síðan sagðist hann ætla að gera aths. við „allra stærstu“ till., þá fyrstu, átakanlegustu og mestu misfelluna á ráði nefndar-

innar, póstprestinn, sem hann nefndi svo. Það hafa nú margir vegið í þann knjerunn, og getur verið, að það takist að fella þessa till. *(HK*: Svo ætti að verða). Hv. þm. segir það vera fáránlegt að launa presta til þess að fara um og prjedika. Er þá ekki eins fáránlegt að launa presta og kennara yfirleitt? Hver er munurinn á því, hvort einhver maður er launaður til að prjedika víðar en á einum stað eða hvort hann prjedikar altaf á sama staðnum sem embættismaður? Munurinn er enginn frá sjónarmiði prjedikunarstarfseminnar. Annars var hv. þm. skemtilegur og fyndinn í ræðu sinni. Hann gerði ráð fyrir því, að hann áttaði sig ekkert betur hinumegin, þótt póstpresturinn hefði prjedikað yfir honum. Fór honum þar líkt og Hrana Konráðssyni, er hann ugði, að óviss myndi gistingin. Sumir prestar segja, að nauðsynlegt sje að hafa aðhald með mönnum á þann hátt að segja þeim, að gistingin sje óviss, svo að þeir finni hvöt hjá sjer til að vanda sig, svo að gistingin verði vissari. Jeg beini þessu ekkert sjerstaklega að hv. þm. Barð.

Jeg man ekki, hvort hv. þm. kom með það, að þetta væri gert á móti vilja presta úti um land, þeir væru leiðir yfir þessu tiltæki nefndarinnar. Þetta er alls ekki rjett. Óskir um þetta komu frá Prestafjelaginu, samkvæmt tillögu prestastefnunnar síðastliðið vor, og Prestafjelagsstjórnin fagnar því mjög, ef þetta verður tekið upp.

Það gleður mig að sjá, að hv. þm. Ak. er kominn. Jeg ætla ekki að tala mikið til hans, af því að svo stendur á, að hann hefir talað sig dauðan og getur ekki gert aths. Enda hefir hv. þm. S.-Þ. (IngB) tekið af mjer ómakið að svara því, sem hann fór út í fjárhagsmál Laugaskólans, svo að jeg fer ekki út í það. En jeg vil lýsa yfir því af minni hálfu, að jeg álít um mjög ójafnan leik hafa verið að ræða milli þessara tveggja hv. þm. Hv. þm. S.-Þ. stendur hjer fyllilega sem rjettur fulltrúi Þingeyinga í þessu máli, sem vilja láta skólann standa á þeim menningargrundvelli, sem þeir hafa lagt. Það er hann, sem stendur hjer í samræmi við bestu menn Þingeyinga, en ekki hv. þm. Ak.

Hv. þm. sagðist hafa talað á móti skólanum af því, að jeg hefði talað með honum. Jeg talaði af því, að jeg hafði heyrt andúð frá þessum hv. þm. til skólans. Þess vegna skýrði jeg málið og las upp úr erindum Jóns Gauta, Sigurðar Bjarklinds og Arnórs Sigurjónssonar og Björns Jakobssonar. Tel jeg mjer það mikinn sóma að hafa flutt mál þessara góðu Þingeyinga. Jeg ætla ekki að fara út í fjármál skólans, en ætla þó að víkja að einu atriði. Hv. þm. áfeldi það, að lán hvíldu á Laugaskóla og sagði, að það væri alveg einstætt tilfelli. Hv. þm. veit þó, að lán hvíla á öllum skólum; svo er um Blönduósskólann, og er meira að segja till. við þessa umr. um að gefa eftir viðlagasjóðslán, sem hvílir á honum, af því að það beri að skoða sem byggingarstyrk, sem ríkið hafi átt að leggja fram til þessa skóla eins og annara samskonar skóla. Á Hvítárbakkaskólanum hvílir stórt lán, og jeg efa það ekki, að þegar hjeraðsskóli Árnesinga verður reistur, þá verði tekið lán, en fólkið í hjeraðinu standi undir honum og borgi starfrækslukostnað hans að sínum hluta.

Jeg ætla ekki að tala langt mál á móti hv. þm. Barð. og hv. þm. Ak., sem báðir hafa lagst á móti íþróttaskólanum. Jeg hefi lesið upp erindi Þingeyinganna og tel mjer sóma í því að standa með þeim í

þessu máli, og jeg geri fastlega ráð fyrir því, að þetta góða mál nái fram að ganga.

En jeg vil aðeins segja eitt þessum hv. þm. til umhugsunar. Fyrir ca. 30 árum skrifaði norðlenskur bóndi grein í Fjallkonuna um íþróttir. Talaði hann um, hvílík fjarstæða það væri að kenna íþróttir í Möðruvallaskóla. Jeg efast ekki um, að ef átt hefði að fara fram atkvæðagreiðsla um slíka till. sem þessa þá, að hún hefði verið steindrepin. Svona eru skoðanir manna orðnar breyttar í þessu efni. Nú er líkamsmenningin álitin einn merkilegasti þáttur menningar hverrar þjóðar, og jeg er viss um, að þegar við hv. þm. Ak. erum báðir komnir undir græna torfu, þá mun síðari kynslóð dæma svo, að við hefðum haft á rjettara að standa í því að mæla með því sem bestu menn Þingeyinga hafa borið fram, en hinir, sem mælt hafa á móti því

Þá vík jeg ekkert frekar að þeim hv. þm., sem talað hafa á móti nefndinni, en ætla að víkja að brtt. einstakra þm. Það er ekkert áhlaupaverk, því að þær eru alls 50. Tek jeg þær ekki í þeirri röð, sem þær eru á þskj., heldur eins og þær verða bornar upp til atkvgr.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) flytur brtt. á þskj. 297, XXVII um hækkun á erfiðleikauppbót til Ögurþinga. Jeg gat þess við 2. umr., að biskup mælir með þessu. Nefndin hefir sett 300 kr. og heldur fast við það. En jeg vil vekja athygli á því, að ekki er rjett að orða það svo, að prestur missi aukatekjur af prestsmötunni, því að hún á að vera hæfilega metin upp í laun hans.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og hv. 2 þm. Árn. (JörB) flytja brtt. á þskj. 304 II um ferðastyrk vegna stúdentaskifta Það lá ekkert fyrir nefndinni um þetta og getur nefndin þess vegna ekki mælt með till.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) flytur brtt. á þskj. 297, XXVIII um styrk til Markúsar Kristjánssonar til háskólanáms erlendis. Það lá erindi fyrir nefndinni um þetta, og sá hún ekki ástæðu til að veita þennan styrk og getur því ekki mælt með því, að þessi brtt. nái fram að ganga.

Meiri hluti mentmn. flytur brtt. á þskj. 304,IV um launauppbót til stundakennaranna Önnu Bjarnadóttur og Einars Magnússonar. Um þetta erindi er það að segja, að það hefir komið til þriggja nefnda, fjvn. og hv. fjhn. og mentmn. Fjhn. er á móti því að breyta launalögunum og meiri hl. fjvn. getur ekki stutt till. Annars eru óbundin atkv. um hana, og eins um brtt. 297,XXIX, frá hv. 2. þm. Eyf. (BSt), um styrk til framhaldsnáms fyrir nemendur gagnfræðaskólans.

Þá er till. um skólagjöld, 297,XXX, frá fjhn. tekin aftur.

Þá er brtt. frá fjvn. á þskj. 322, við brtt. 297,XXXI, frá hv. 1. þm. S.-M. o. fl. um barnaskólahús. Nefndin vill hækka styrkinn upp í 20 þús. kr. og leggur því á móti frekari hækkun, sem till. þessara hv. þm. fer fram á, eða upp í 37 þús. kr. Annars er nefndin á móti því „principi" að búta þetta niður í fjárlögunum og skifta upphæðinni þar niður á milli skólanna. Hún vill hafa fasta, jafna upphæð, sem kenslumálastjórnin ráðstafi, en ekki fá alt of mikið í einu, eða að hlutfallslega of mikið komi á eitt ár. Það þarf að vera eitthvert hóf á því, hvernig þetta greiðist á hverju ári.

Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) gerði grein fyrir styrknum til Helga Hjörvars til þess að kynna sjer kenslu- og uppeldismál (þskj. 297,XXXIII). Nefndin hefir ekki tekið

afstöðu til þessarar till., en jeg hygg, að meiri hl. sje henni mótfallinn, en annars óbundin atkv.

Næst kemur brtt. 297,XXXV, frá hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), um að hækka tillagið til Flensborgarskólans um 3 þús. kr. Hann hóf mál sitt með því að lesa upp erindi frá skólanefndinni um að fella niður skólagjöldin. Mjer skilst, að eitthvert samband sje á milli þessa erindis og till., sem hjer var til 2. umr., um að fella niður skólagjöldin, vegna þess að skólanefndin hafi verið hrædd um, að tekjur skólans rýrnuðu við það. En nú er búið að fella brtt. um að gjöldin falli niður, og missir þá Flensborgarskóli ekki þessar tekjur sínar.

Um Flensborgarskólann er það að segja, að hann á mikla og merkilega sögu og hefir leyst af hendi mikið og gott starf. En hann er alveg einstakur í sinni röð. Hann er eini unglingaskólinn, sem hlutaðeigandi hjerað leggur ekkert til, þar sem aðrir samskonar skólar eru reknir með styrk hjeraðanna. Að þessu leyti er skólinn alveg sjerstæður. Getur nefndin því ekki mælt með þessari hækkun.

Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) flytur fyrir hv. þm. Dal. (BJ) brtt. 297,XXXVII, **um** eftirgjöf á eftirstöðvum viðlagasjóðsláns Dalasýslu til Hjarðarholtsskólans. Hv. þm. mæltist til þess, að hv. deild skilaði þó ekki væri nema einu prestslambinu lifandi, og má vera, að hún sjái það sem ástæðu til að lofa till. að lifa. En meiri hl. nefndarinnar getur ekki verið með þessu.

Næsta till., frá hv. þm. Barð., 297, XXXIX, er tekin aftur.

Hv. 1. þm. S.-M. flytur brtt. 297,XL, við styrkinn til skálda og listamanna, að í staðinn fyrir 1000 kr. lægstu styrkveitingu komi 600 kr. Nefndin fellst ekki á þetta. Styrksins verða minni not, ef veittar eru minna en 1000 kr. hverjum. Annars vísa jeg til þess, sem jeg sagði við 2. umr. um þetta.

Hv. þm. Ak. flytur till. um að veita leikfjelagi Akureyrar 1000 kr. styrk. Meiri hl. nefndarinnar getur ekki samþykt þessa tillögu.

Nú koma þeir hver af öðrum listamennirnir. Nefndin leggur á móti þeim öllum. Jeg veit annars ekki, til hvers verið er að veita 10 þús. kr. styrk í fjárlögum til listamanna, ef svo á eftir sem áður að veita styrki í allar áttir.

Viðvíkjandi styrk til frú Guðrúnar Indriðadóttur er það að segja, að ekkert lá fyrir nefndinni um það, og eru því óbundin atkvæði um þá till.

En nefndin getur ekki fallist á að veita styrk til Jóns Stefánssonar málara, eða til Ásmundar Sveinssonar til Rómaferðar, eða á till. 297,XLIV, frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM), um styrk til þriggja listamanna, tveggja söngmanna og eins rithöfundar. Tvær þessar till. eru afturgöngur, en sú þriðja er alveg ný, og er nefndin á móti þeim öllum.

Næst koma 6 hv. þm. með till. á þskj. 297,XLV, um **að veita Jóni** Leifs 5000 kr. styrk til að safna íslenskum þjóðlögum og vinna úr þeim. Mælti hv. 2. þm. N.-M. rösklega fyrir till. Það má búast við því, að þessi till. hafi mikið fylgi, þegar svona margir flytja hana. Erindi lá fyrir nefndinni, sem hún sinti ekki. En samkvæmt erindinu er hjer um að ræða laun til 5 ára og ferðastyrk. Þó gat hv. þm. þess, að í þessu ætti ekki að felast neitt loforð, sem kæmi til með að binda þingið með áframhaldandi styrk. En það er ljóst, hvert stefnir, og þegar Reykjavíkurbær er búinn að veita 10 þús. kr. til þess að

kosta þennan listamann hingað með stóran hóp þýskra hljóðfæramanna, er ljóst, að allhart er gengið eftir fjárframlögunum.

Það er vitanlega rjett, að allir geta ekki dæmt um hæfileika þessa manns. Jeg vil minna á það, að það liggja engin meðmæli fyrir frá okkar söngfróðu mönnum. Þá vil jeg og geta þess, að þeir eru margir, sem hafa unnið að því að safna íslenskum þjóðlögum. Það er ekki aðeins sjera Bjarni Þorsteinsson á Siglufirði, sem í þessu efni hefir unnið mikið og gott starf, heldur margir fleiri, svo sem Jónas heitinn Jónsson þinghúsvörður, Sigfús Einarsson, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og fleiri Og þó að þessi maður sje vel fær í sinni grein, vil jeg þó ekki skrifa undir þann áfellisdóm, sem hann hefir kveðið upp um störf annara, sem að þessu hafa starfað.

Þá hefir hv. þm. Barð. tekið aftur till. sína um að fella niður styrkinn til Boga Melsteds.

Hv. 4. þm. Reykv. flytur till. um að veita Listvinafjelaginu þúsund kr. styrk til útgáfu bókar um íslenska listamenn. Jeg get alls ekki verið sammála hv. flm. till. um það, að rjett sje að setja Listvinafjelagið á bekk með Bókmentafjelaginu. Það er fært fram sem aðalástæða fyrir þessari styrkbeiðni, að bókaútgáfa sje dýr, en mjer finst það satt að segja engin meðmæli með þessu, að það sje dýrt að koma út bókum fjelagsins. Fjvn. getur ekki fallist á þessa till. Sami hv. þm. (MJ) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) flytja brtt. um það að veita Hljómsveit Reykjavíkur 3500 kr. styrk, og til vara 3 þús. kr. Það er talað um það, að um óvenjumiklar framfarir sje að ræða í þessu efni og að þetta fjelag vinni mjög þarft verk, en sje hins vegar styrklaust. Samt sem áður getur fjvn. ekki fallist á, að ástæða sje til að styrkja þetta fjelag úr ríkissjóði, og jeg vil spyrja: Eru ekki hjer til sjóðir, sem er beinlínis ætlað að styrkja slíkt? Á jeg þar við sjóð Guðjóns sáluga Sigurðssonar úrsmiðs. Hann hlýtur nú að vera orðinn nokkuð stór, og mjer finst fjelag þetta geta vænst styrks úr honum.

Hv. þm. Barð. flytur brtt. við 16. gr. 3, um að athugasemdin, sem fylgir styrknum til búnaðarfjelaganna, falli niður. Hv. þm. er ekki ljóst, hvað athugasemdin á að þýða. Með henni er ætlast til þess, að það sje trygt, að þessi styrkur verði ekki brytjaður í smátt, heldur varið til sameiginlegrar starfsemi. Hv. þm. heldur, að þetta geti dregið úr einstaklingshvötinni, að einstökum mönnum sje ekki veittur styrkur. En einstaklingarnir eru styrktir samkvæmt jarðræktarlögunum, og mjer finst engin ástæða til að vera að brytja þennan styrk niður á milli manna; jeg álít þvert á móti, að hann eigi síður rjett á sjer nema með því fyrirkomulagi, sem athugasemdin gerir ráð fyrir. Fjvn. er öll á einu máli á móti þessari brtt. Hv. Ed. hefir áður felt þetta burtu, en nú eru þar aðrir menn og aðstaðan því breytt.

Þá flytur hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) brtt. við 16. gr., um 7500 kr. til aðgerðar öldubrjótnum í Bolungarvík, eða til vara 5 þús. kr. Þetta mannvirki vill ekki standa og þarf sífelt töluverðra aðgerða við. Það skilyrði var sett í fyrra, að Hólshreppur sæi framvegis um viðhald brimbrjótsins, og ef nefndin vildi fara út í það strangasta, væri ástæða til að hafna till. Hins vegar vita menn, að mikil þörf er á að bæta úr þessu, því að búast má við mörgum slysum eins og nú standa sakir. Af þessum ástæðum hefir nefndin ekki hörku til að krefjast þess, að viðkomandi hreppur standi við sett skilyrði. En mjer ber að

skila því frá fjvn., út af þeim mistökum, sem orðið hafa, að ef fje er veitt, þá sje fylsta eftirlit haft með því, hvernig aðgerðin er framkvæmd. Út frá þessum forsendum vill meiri hluti nefndarinnar mæla með því, að varatill. sje samþykt.

Hv. 1. þm. S.-M. flytur brtt. við 16. gr. 22. um að hækka liðinn til markaðsleitar um 7 þús. kr., og er ætlast til, að sú upphæð sje veitt ákveðnum manni, Karli Þorsteins. Um þetta lágu gögn fyrir nefndinni og komu meðmæli frá meiri hluta sjútvn. Nefndin getur ekki mælt með þessari till., en vill benda á, að Fiskifjelag Íslands veitir styrk til þessa.

Hv. 4. þm. Reykv. flytur till. um að veita Guðmundi Einarssyni myndhöggvara 4 þús. kr. styrk til þess að setja upp leirbrensluofn til myndagerðar. Hv. þm. Barð. flutti merkilega ræðu í sambandi við þetta, og mun hún hafa verið á sandi bygð, en þrátt fyrir það er fjvn. á móti þessari till., með því að hún lítur svo á, að hjer sje fremur um nýja iðnaðargrein en listamannsstyrk að ræða, og sjer ekki sjerstaka ástæðu til, að ríkissjóður fari að styrkja þennan iðnað.

Hv. þm. Ak. og hv. 1. þm. N.-M. fluttu við 2. umr. brtt. um 1000 kr. styrk til Kvenrjettindafjelags Íslands, vegna kostnaðar við landsfund kvenna á Akureyri sumarið 1926.

Fjvn. lagði á móti þessum styrk þá og meiri hluti nefndarinnar er enn á móti honum, þó að upphæðin hafi nú verið lækkuð niður í 800 kr. Hv. þm. Ak. sagði, að fordæmi væri fyrir þessu, en það bindur ekki aðra en þá, sem það gáfu.

Þá flytur hv. 3. þm. Reykv. till. um að veita sama fjelagi 2 þús. kr. upp í kostnað við sending fulltrúa á alþjóðasambandsþing kvenrjettindafjelaga í París sumarið 1926. Fjvn. gat heldur ekki að hylst þetta og leggur á móti þessum styrk. Hv. þm. sagði, að það væri ekki vansalaust annað en senda, úr því að kvenrjettindafjelagið væri komið í alþjóðasamband kvenna. Þetta klingir altaf, að það sje ekki vansalaust að senda ekki fulltrúa á hin og þessi mót úti í heimi, og ef Alþingi ætti að fara að styrkja þesskonar sendiferðir, gæti það orðið stór fúlga, sem til þess færi. Auk þess vil jeg benda á það, að í fjárlögum er veittur 6 þús. kr. ferðastyrkur til útlanda. Til einhvers á að nota hann.

Þá flytur hv. 2. þm. Eyf. till. um að hækka styrkinn til U. M. F. Í. um 2 þús. kr., og eru óbundin atkv. í fjvn. um það.

Þá kem jeg að till., sem tveir menn úr fjvn. flytja ásamt hv. þm. N.-Ísf., um eftirgjöf á lánum þriggja hreppa. Hv. þm. N.-Ísf. hefir gert ágætlega grein fyrir þessari till., og get jeg skrifað undir það, sem hann sagði. Þessir hreppar hafa orðið fyrir þungum búsifjum og eiga í miklum fjárhagslegum örðugleikum. Einn af þessum hreppum er í mínu kjördæmi, Árneshreppur, sem er mesta harðindasveit og hefir orðið mjög hart úti á undanförnum erfiðleika- og dýrtíðarárum. Auk þessara þriggja hreppa mun einn vera eftir enn, sem líkt er ástatt fyrir, nefnilega Gerðahreppur. Álít jeg, að rjettast væri, að hreinsað væri til í þessu efni.

Fjvn. getur ekki fallist á till. hv. þm. V.-Ísf. um að veita Guðmundi Guðjónssyni styrk til að ljúka námi í húsgerðarlist. Hv. 4. þm. Reykv. flytur till. um 20 þús. kr. byggingarstyrk til starfsmanna ríkisins í Reykjavík. Um þetta lágu engin gögn fyrir hjá fjvn., og er hún á móti þessu. Jeg álít ekki, að komið geti til greina að mæla með svo stórri fjárveitingu án þess að gögn liggi fyrir. Jeg skal

geta þess, að nokkuð svipað hefir verið samþykt áður af þinginu, en ekki verið notað.

Hv. þm. Mýr. (PÞ) flytur till. um 10 þús. kr. styrk til Jóns Helgasonar í Borgarnesi, til þess að byggja vindknúða rafmagnsstöð. Það lágu fyrir nefndinni 2 aðrar umsóknir um þetta, og hefir nefndin áður mælt með annari þeirra af ástæðum, sem þá voru greindar, og heldur nefndin enn fast við sínar till. og verður þess vegna að vera á móti þessari till. hv. þm. Mýr.

Þá flytja þeir hv. 2. þm. Reykv. og hv. þm. N.-Ísf. till. um 3 þús. kr. styrk til kaupa á laxa- og silungaseiðum. Um þetta hefir ekkert legið fyrir nefndinni og engin áætlun um framkvæmd þessa. Ef á að fara að hverfa að því ráði að veita fje til þessa, þá þurfa menn að hafa gert sjer einhverja grein fyrir, hvort slíkt kæmi að notum, og um slíkt sem þetta ættu að koma óskir utan af landi, en ekkert slíkt hefir komið fram, og er fjvn. á móti till. þessari, að minsta kosti meðan undirbúningur er enginn.

Jeg vil ráða hv. flutningsmönnum til að undirbúa málið betur, ef þeir vilja koma þessu fram síðar.

Sömu hv. þm. flytja till. um 500 kr. styrk, ⅓ kostnaðar við að gera Einarsfoss í Laugardalsá í Ögurhreppi laxgengan. Um þetta lágu heldur engin gögn fyrir nefndinni, og er hún á móti þessu. Á þinginu í fyrra kom svona umsókn fram viðvíkjandi Glanna í Norðurárdal, og var henni vísað frá vegna ófullnægjandi upplýsinga, og alveg eins stendur á með þessa till. nú. Jeg get vel trúað, að þetta sje nauðsynlegt, en vil beina því til hv. flm. að fara eins að og hv. þm. Mýr., að fá áætlun um kostnað og þátttöku bænda o. s. frv., og jeg efast ekki um það, að ef það sannast, að þetta yrði til nytja, þá muni styrkurinn verða veittur.

Þá er till. um framlag til byggingar strandferðaskips tekin aftur.

Þá er næstur hv. 2. þm. Reykv. með þrjár till. Er sú fyrsta um 25 þús. kr. styrk til bæjar- og sveitarfjelaga til að koma upp barna- og gamalmennahælum. Jeg get sagt það sama um þetta eins og embættismannabústaðina, að þetta er svo stór fjárveiting, að einhver gögn verða að leggjast fyrir fjvn. um slíkt. En um þetta hefir ekkert erindi komið til nefndarinnar og málið alóundirbúið. Um þennan sjerstaka hluta af upphæðinni, sem ætlaður er Ísafirði, hefir heldur ekkert legið fyrir, og hv. þm. Ísaf. ekkert á það minst. Og er nefndin þessu því mótfallin. Þá er 2. liðurinn um 2 þús. kr. styrk til sjúkrasamlags Reykjavíkur, til að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og til að stofna ný samlög. Um þetta lá erindi fyrir nefndinni, og er landlæknir mjög með þessu, en sjúkrasamlögin njóta áður styrks úr ríkissjóði, og þykir nefndinni því eigi ástæða til að mæla með þessari till. Um 3. till., um 3500 kr. styrk til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík, eru óbundin atkv. í nefndinni.

Hæstv. forseti (BSv) flytur brtt. við 17. gr., um 5 þús. kr. styrk til að stofna og reka Íslendingaheimili í Kaupmannahöfn. Það lá erindi fyrir nefndinni um slíkt heimili í Osló, og var nefndin á móti því og getur heldur ekki mælt með þessu. Ef það er svo, að við getum trauðla bygt yfir okkar stúdenta hjer heima, sem sjálfir hafa lagt mikið á sig til að koma upp húsi, þá finst mjer það liggja fjær að veita fje til annara landa í þessu skyni.

Háttv. þm. Barð. flytur brtt. við 18. gr., um 250 kr. til Guðrúnar S. Jónsdótt-

ur, háaldraðrar ekkju sjera Jónasar Hallgrímssonar. Nefndin hefir ekki tekið afstöðu til þessarar till., og jeg hefi ekki umboð til að segja neitt um hana fyrir hönd nefndarinnar.

Þá flytur hv. 2. þm. G.-K. till. um að veita Ögmundi skólastjóra Sigurðssyni 2 þús. kr. eftirlaun í 18. gr., ef hann lætur af skólastjórn. Hv. þm. mælti mjög sterklega með þessari till. Nefndin telur sjálfsagt að veita þessum ágæta manni eftirlaun, þegar hann hættir. Hann er sá maður og svo kunnur, að það, sem háttv. þm. sagði um verðleika hans, mun enginn vjefengja. Hinsvegar er það óvanalegt að ákveða mönnum eftirlaun áður en þeir láta af starfi og áður en það er vitað, hvenær þeir muni gera það. Mjer skildist á hv. þm., að það væri ekki fullráðið, hvenær skólastjórinn ljeti af starfi sínu. Um það að ákveða eftirlaun fyrirfram eru helst til fordæmi, þegar svo hefir staðið á, að beinlínis átti að losa menn úr embættum. En mjer skildist, að það væri öfugt hjá hv. 2. þm. G.-K., sem sje, að hann vildi halda í þennan góða skólastjóra sem lengst. Sumum nefndarmönnum þykir ekki aðgengilegt að greiða atkvæði um till. í þessu formi, en hinsvegar má hv. þm. eiga það víst, að ef sama fjvn. verður áfram, mun hún mæla með slíkri till., ef skólastjórinn segir af sjer.

Þá eru næst 3 lánatill. við 22. gr. Um þessar till. er það að segja, að viðlagasjóður mun ekki hafa neitt fje til að lána. Ef fje verður til, er því áður ráðstafað til frystihúsa. Af þessu leiðir, að nefndin getur ekki fallist á neina af þessum till.

Jeg held, að jeg þurfi svo ekki að segja meira að sinni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) beindi til mín nokkrum spurningum við 2. umr. fjárlagafrv. Jeg skal byrja með því að gefa einstakar upplýsingar eftir því, sem spurningarnar hafa gefið tilefni til, án þess að vilja segja, að jeg ætli að svara þeim svo, að hv. þm. verði ánægður með. En hv. þm. spurði kurteislega, og sumt af því, sem hann spurði um, er um fjárhagsatriði, og þykir mjer því rjett að gefa upplýsingar um þau. Fyrst spurði hv. þm. að því, hvers vegna Íslandsbanki hefði ekki lækkað forvexti niður í 7% á síðasta hausti eins og Landsbankinn. Viðvíkjandi þessu vil jeg segja það, að þessi lækkun hjá Landsbankanum, sem gekk í gildi um mánaðamótin sept.—okt. síðastl., var gerð eftir tilmælum stjórnarinnar. En það, að Íslandsbanki lækkaði ekki sína vexti eins mikið, var af því að framkvæmdarstjórn bankans vildi ekki fara eins langt niður. Næst spurði hv. þm., hvort nokkrar ráðstafanir hefðu verið gerðar til þess að breyta enska láninu frá 1921 í hagkvæmara lán. Jeg hefi látið grenslast eftir því, hvort hægt muni vera að ná kaupum á þessum skuldabrjefum. Þetta lán var tekið með þeim hætti, að ríkissjóður gaf út handhafaskuldabrjef, sem síðan voru boðin til sölu á kauphöllinni í London. Eftir þeirri vitneskju, sem jeg hefi fengið, mun enginn kostur vera á því nú að ná í þessi brjef nema með frjálsum kaupum á kauphöllinni. Og það er leið, sem ekki er tiltækileg. En lánssamningurinn áskilur ríkissjóði rjett til þess að innkalla öll skuldabrjefin árið 1931, og gæti það orðið mikilsvert fyrir okkur.

Þá spurði þessi hv. þm. um kaup ríkisstjórnarinnar á gullforða Íslandsbanka. Það var svo ráð fyrir gert í lögunum frá 1921, að jafnóðum og Íslandsbanki drægi inn seðla sína skyldi ríkissjóður kaupa gull það, er losnaði á þennan hátt, við

nafnverði. Þetta kom ekki til fyr en síðastliðið haust, en 8. sept. 1925 tilkynti bankastjórn Íslandsbanka, að hún vildi selja 150 þús. dollara, og hún fór fram á, að þessi fúlga yrði keypt með þáverandi gengi dollarsins, en þá var hann skráður á 506½ eyri. Því var svarað af stjórninni, að hún vildi kaupa samkvæmt lögunum. En stjórnin skilur lögin svo, að með nafnverði sje átt við verð það, sem ákveðið er í peningalögunum, en þar er dollarinn metinn á 3,73. Það varð svo að samkomulagi, að stjórn Íslandsbanka ljeti gullið af hendi gegn greiðslu þeirrar upphæðar, sem stjórnin vildi borga, að óskertum rjetti til að fá meira með dómi, ef hún færi í mál. Síðan hefir mál verið höfðað til greiðslu á mismuni upphæðarinnar, er nam ca. 200 þús. kr. En það mál er nú skamt á veg komið. Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að jeg hefði fundið ástæðu til þess að skýra þinginu frá þessu, ef jeg hefði talið nokkurn vafa á því, hvernig þetta mál færi. En jeg hefi aldrei talið nokkurn vafa á úrslitunum og því ekki skýrt frá þessu fyr, en get þess nú að gefnu tilefni. Mjer þykir rjett að benda á það, að þótt teljast megi sanngjarnt, að Íslandsbanki geti skotið málum sínum til dómstólanna til þess að fá þau útkljáð, svo sem lög standa til, þá hefir löggjafinn það þó á sínu valdi að loka þessari leið fyrir Íslandsbanka, ef ástæða þykir til. Á þá leið er vísað í lögum nr. 16, 18. maí 1920, um ráðstafanir yfir gullforða Íslandsbanka. Jeg geri nú ekki ráð fyrir því, að það komi fyrir, að Íslandsbanki vinni málið, en jeg get þessa til þess að hv. fjhn. geti tekið þetta til athugunar og gert upp við sig, hvort henni þyki ástæða til, að þingið geri ráðstafanir til þess að draga þetta mál úr höndum dómstólanna.

Þá spurði hv. þm., hvernig gengi með framkvæmd á merkingu á tóbaki, samkv. lögum frá 1925, sem gengu í gildi um síðustu áramót, svo og hver kostnaður hefði orðið af framkvæmdinni. Jeg get nú ekki gefið nema fremur ófullkomna skýrslu um þetta atriði, því að það eru engar fregnir komnar um það, hvernig þetta hefir gengið utan Reykjavíkur. En hjer í Reykjavík hefir þessu verið hagað svo, að lögreglustjóri hefir látið menn, er hann hefir haft í sinni þjónustu, framkvæma verkið. Kostnaðurinn á þessum fyrsta ársfjórðungi, frá 1. janúar til 31. mars, hefir orðið liðugar 6 þús. kr. Það hafa verið ýmsir annmarkar á framkvæmdinni, sem stafar af því, að tollstjórnin hvorki á nje hefir yfir að ráða húsnæði, er lagað sje til slíkrar vinnu. Því verða ýms vandkvæði á framkvæmd þessa ákvæðis hjer. En aðalatriðið er það, að kostnaðurinn verður hjer rúmar 20 þús. kr. yfir árið. Jeg geri ráð fyrir því, að hv. þm. hafi spurt um þetta til þess að geta myndað sjer skoðun um það, hvort rjett sje að halda þessu áfram eða ekki. Jeg skal nú ekkert segja af eða á um það, en skal benda á, að það er ekki alveg hugsanarjett að taka þessa einu tollvöru út úr kerfinu. Tolleftirlit er framkvæmt hjer á annan hátt, sem talinn hefir verið sæmilega viðunandi. Það er bygt á tollskýrslum, sem heimtaðar eru með vörunum úr höndum þeim, sem þær eru sendar frá. Þetta, sem jeg hefi sagt, er í samræmi við skoðun lögreglustjórans; en hann er sá maður, sem mesta reynslu hefir í þessum efnum hjer á landi. Þegar þessi uppástunga um merkingu kom fram á síðasta þingi, þá vildi jeg ekki beita mjer á móti henni, þótt jeg teldi hana kostnaðarsama og ýmsum annmörkum bundna og í henni fælist ekki veruleg viðbótartrygging gegn smyglun. Jeg hefi ekki heldur

talið rjett að koma fram með tillögur af hálfu stjórnarinnar um breytingu á þessu, þar sem reynslan er enn svo lítil hjer í Reykjavík og engin vitneskja komin utan Reykjavíkur.

Hið fimta, sem hv. þm. spurði um, lá fyrir utan umræðuefni það, sem nú liggur fyrir. En það var um sambandið milli steinolíueinkasölunnar og ullartollshækkunarinnar í Bandaríkjunum. Jeg ætla nú ekki eiginlega að svara þeirri spurningu, er hann bar fram um þetta efni. Jeg ætla ekki að gera meira en það að taka fram nokkrar upplýsingar, er hafa áður komið opinberlega fram, og leiðrjetta skakkar upplýsingar, er einnig hafa komið fram opinberlega. Þetta var gert að umtalsefni á þinginu 1923 út af fyrirspurn frá núverandi 3. þm. Reykv. (JakM) um steinolíueinkasöluna. Þá var ágreiningur milli mín og þáverandi atvrh. (KlJ) um tímaröð viðburðanna á þessu sviði. Jeg hefi nú litið yfir þær umræður, er þá fóru fram, og hefi sjeð, að það hafa komist inn í Alþingistíðindin skakkar upplýsingar, sem máli skifta og þörf er á að leiðrjetta. Það stendur í D-deild Alþingistíðindanna frá 1923, dálki 789, að ullartollurinn hafi komist á um áramótin 1921—'22, eða um 8 mánuðum áður en enski samningurinn um steinolíueinkasöluna var gerður. Jeg hefi hinsvegar látið sjá eftir mjer í Alþingistíðindunum, að ullartollshækkunin hafi gerst 1. jan. 1923. Nú skal jeg leggja fram rjettar dagsetningar. Steinolíusamningurinn var gerður 10. ágúst 1922. En sá stjórnarúrskurður í Bandaríkjunum, sem færði íslensku ullina upp í hæsta tollflokk, var gefinn 15. janúar 1923, þó þannig, að úrskurðurinn skyldi ganga í gildi mánuði síðar, 15. febr. 1923. Jeg vona, að þetta nægi til þess að sýna, hvor rjettara hefir fyrir sjer um tímaröð viðburðanna. Jeg þarf nú ekki að segja mikið meira um þetta atriði. Það var auðheyrt á ummælum fyrirspyrjanda, að honum var fullkunnugt um sambandið milli þessara atburða. Hann fór ótilkvaddur að spyrja um það, hverjir hafi verið milligöngumenn að því, að ullartollshækkunin var gerð. Um það get jeg engar nýjar upplýsingar gefið. En á þinginu 1923 kom það opinberlega fram í umræðunum, að stjórn Bandaríkjanna hafi látið í ljós óánægju út af steinolíusamningnum, vegna þess að ameríska fjelagið, sem hafði mesta verslun hjer, var útilokað. Frá þessu skýrði þáverandi atvrh. (KlJ) og það stendur hjer í þingtíðindunum. Um hitt skal jeg ekki leiða neinar tilgátur, hverjir verið hafi milligöngumenn. En jeg vil minna á, að steinolíusamningurinn frá 10. ágúst 1922 var ekki birtur hjer fyr en löngu seinna; jeg veit ekki fyrir víst, hvenær hann varð almenningi kunnur hjer, Jeg finn ekki opinbera tilkynningu fyr en reglugerðina, sem birt var í Lögbirtingi 19. des. 1922. Jeg get vísað til þess, sem fram kom á þinginu 1923. Þá kom í ljós, að það var einn maður fyrir utan samningsaðiljana, sem hafði fengið að vita um samninginn, sjeð hann og lesið. En það var forstjóri danska steinolíufjelagsins í Kaupmannahöfn.

Jeg tók það fram, að jeg ætlaði ekki eiginlega að svara þessari fyrirspurn frá hv. þm. En nú hefi jeg rifjað upp og gefið upplýsingar um það, sem mjer að svo stöddu þykir ástæða til.

Það hefir orðið hjer dálítið þras milli hv. þm. Ak. (BL) og hv. þm. S.-Þ. (IngB), og vjek hv. frsm. (TrÞ) þar að nokkrum orðum í sambandi við þetta. Nú skal jeg segja það út af ummælum hv. þm.

Ak., að jeg lít svo á, að þegar veittur er styrkur eða framlag úr ríkissjóði í fjárlögum til byggingar, alt að ⅖ kostnaðar, gegn því að ⅗ hlutar kostnaðarins komi annarsstaðar frá, þá verði þessir ⅗, sem koma eiga annarsstaðar frá, að fást án þess að nokkur hluti af því fje sje afturkræfur af stofnuninni síðar. Og það má því ekki eiga sjer nokkurn stað, að stofnun sje veðsett fyrir einhverjum hluta af því framlagi, enda getur slíkt aldrei átt sjer stað, ef stofnunin er sjálfseignarstofnun og hefir sjerstaka stjórn, sem ekki hefir um annað að sjá en það að ráða fyrir henni fjárhagslega. Nú er mjer ekki kunnugt um það, að neitt hafi verið brotið á móti þessari reglu að því er þennan skóla snertir. En ummæli hv. þm. Ak. gefa tilefni til þess, að það verði athugað, hvernig háttað sje um söfnunarsjóðslán það, sem tekið hefir verið af einstökum mönnum til þess að greiða nokkurn hluta af byggingarkostnaði skólans.

Þá vil jeg ennfremur andmæla ummælum frá hv. þm. S.-Þ. um það, að þeir menn, sem væru í andstöðu við skólann, væru annaðhvort móti alþýðumentun yfirleitt eða þeir vildu að öðrum kosti, að öll alþýðumentun kæmi úr kaupstöðunum, og þeir menn væru ekki til, sem ljetu í ljós andstöðu gegn skólanum, nema þeir hefðu aðrahvora þessa skoðun. Jeg get nú ekki neitað því, að jeg varð var við það á ferð minni í vor um það hjerað, sem þessi skóli er í, að þar voru ýmsir menn, sem ljetu í ljós við mig ummæli, sem jeg býst við, að hv. þm. (IngB) mundi telja að lýsti andúð gegn þessum skóla. En ástæðurnar voru aðrar en þær, sem hv. þm. (IngB) nefndi. Og þegar jeg nefni þær ástæður hjer, þá er það eingöngu til þess að bera blak af þessum mönnum, sem hv. þm. hefir nú beint að þeim. Ummæli þeirra fjellu mjög á þessa leið: Það er ákaflega leiðinlegt, þegar við erum búnir að fá myndarlegan skóla í hjeraðið, að þá sjáum við okkur ekki fært að senda unglinga okkar þangað. — Og hver var ástæðan? Ástæðan var sú, að þeir vildu ekki trúa skólastjóranum fyrir sínum unglingum. Hv. þm. Str. sagði, að hv. þm. S.-Þ. hefði talað hjer fyrir hönd bestu og merkustu manna í Þingeyjarsýslu. En jeg hygg, að þeir menn, sem við mig töluðu, svo sem jeg hefi nú lýst, verðskuldi fyllilega að teljast til þess flokks. Þá vísaði hv. þm. Str. til þess, að það hvíldi lán á fleiri skólum, svo sem Hvítárbakkaskóla og Blönduósskóla. Og líklega mundi einnig fara svo um alþýðuskólann í Árnessýslu, að á honum mundi hvíla lán, þegar þar að kæmi. Um Blönduós- og Hvítárbakkaskólana er það að segja, að þeir eru óviðkomandi þessu máli, því styrkur hefir ekki verið veittur til þess að koma þeim upp með sömu skilyrðum og til þingeyska skólans, og jafnvel enginn styrkur. En hvað snertir skólann í Árnessýslu, þá eru ummæli hv. þm. (TrÞ) algerlega órökstudd, enda í fullu ósamræmi við skilyrðið fyrir því fjárframlagi, sem hugsað er, að verði veitt til þessa skóla.

Jeg geri ráð fyrir því, að hv. 2. þm. Skagf. sje fullkomlega maður til þess að svara hv. þm. Str. út af því, sem þeim ber á milli. En þó er eitt atriði, sem jeg finn nokkra ástæðu til að minnast á. Hv. þm. Str. hafði þau orð, að hv. 2. þm. Skagf. hefði verið að marka stefnu íhaldsflokksins með því að snúast á móti alþýðuskólanum í Þingeyjarsýslu og stúdentagarðinum. Þetta tel jeg villandi, og þar sem slíkt hefir áður heyrst frá hv. þm. (TrÞ), þá tel jeg sjálfsagt að mótmæla þessu enn ákveðnar.

Þegar svo er komið, að búið er að hlaða á fjárlögin eins miklu og telja má að ríkissjóði sje fært að bera, þá er eðlileg afleiðing þess sú, að menn verði oft knúðir til þess að vera á móti fjárframlögum, sem í sjálfu sjer eru gagnleg, en maður hinsvegar sjer sjer ekki fært að bæta á ríkissjóð á því fjárhagsári, sem um er að ræða. Með öðrum orðum: Afstaða manna gagnvart þeim málum, sem um er að ræða, fer ekki eftir því, hvernig þeir kunna í sjálfu sjer að líta á málin sjálf út af fyrir sig, heldur markast hún af afstöðu manna gagnvart þessu eina og mesta máli: fjárhag ríkisins. Hv. þm. Str. mun finna, að þetta á meðal annars við um hann sjálfan. Hann er sjer þess að sjálfsögðu meðvitandi, að hann hefir lagst á móti ýmsu, sem hann í sjálfu sjer hefir ekki verið mótfallinn, sökum þess, að hann hefir ekki treyst sjer til að veita þær fjárhæðir úr ríkissjóði, sem nauðsynlega þurfti til framkvæmdar þessum málum. Og þetta hygg jeg, að gildi líka um okkur alla, sem hjer eigum sæti í þessari hv. deild, að afstaða okkar til slíkra einstakra útgjaldaauka getur ekki venjulega mótast af hug okkar og áliti á þeim málefnum sjálfum, sem farið er fram á fjárveitingu til, heldur af hinu, hvar við álítum, að setja verði takmörkin um gjöld ríkissjóðs.

Þá skal jeg snúa mjer að nokkrum einstökum fjárveitingatillögum, sem nú liggja fyrir, og minna á það, að útgjaldahlið fjárlaganna hefir við 2. umr. í þessari deild hækkað nokkuð á fjórða hundrað þúsund króna, og við þessa umr. hefir hún hækkað um tæpar 60 þúsund krónur, og nú liggja fyrir til atkvgr. hækkanir um nær 280 þús. krónur. Jeg verð að endurtaka það, sem jeg áður hefi sagt við þessar umræður, að jeg álít, að það sje nauðsynlegt, að hv. þdm. sýni talsverða sjálfsafneitun gagnvart þessum tillögum, og jeg vil beina þeim tilmælum til hv. þd., að hún reyni að fylgja hv. fjvn. um það að fella þær till., sem máli skifta og hv. fjvn. hefir lagst á móti. En það er nú svo, að mjer sýnast sumar hækkunartillögur fjvn. sjálfrar orka nokkurs tvímælis, og þar með sumar, sem hv. 2. þm. Skagf. hefir mælt á móti, t. d. brtt. XXXIV.1, við 14. gr. Hv. frsm. ljet í ljós það álit sitt, að það væri eldsneytissparnaður að setja upp miðstöðvarhitun í skólahúsið, en mín reynsla mælir á móti því, að það sje nokkursstaðar eldsneytissparnaður að setja miðstöðvarhitun; en hitt er auðvitað, að það fæst miklu meiri hiti og er notaður meiri hiti. Nú er það svo, að á Eiðum eru aðflutningar mjög erfiðir, vegna fjarlægðar frá kaupstað, svo að kol hljóta að verða mjög dýr, en ljettara eldsneyti, mór og skógarviður, vel fáanlegt þar; slík hitun mun því eiga best við á Eiðum og verða ódýrust í rekstri, og jeg er því ekki viss um, að það sje nokkur velgerningur, hvorki við ríkissjóð nje þessa stofnun, að vera að samþykkja að setja miðstöðvarhitun þar.

Þá vil jeg næst minnast á till. frá hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), um að veita nú allháa upphæð til aðgerðar á öldubrjótnum í Bolungarvík. Þetta mál var fyrir síðasta þingi, og þá var samþykt að gefa Hólshreppi eftir allháa upphæð, rúm 16 þús. kr., með því skilyrði, að Hólshreppur tæki að sjer viðhald á þessum öldubrjót. Það er nú nýbúið að greiða þessa upphæð, gegn yfirlýsingu hreppsnefndar um það, að hún taki að sjer þetta viðhald, og jeg get ekki neitað því, að það ber nokkuð fljótt að, þegar strax er farið fram á fjár-

veitingu til viðhalds úr ríkissjóði, þegar búið er að uppfylla það skilyrði, sem leysir ríkissjóð frá viðhaldsskyldu. En jeg væri nú samt ekki svo mikið um þetta að fást, ef ekki hefði beinlínis verið bent á það á síðasta þingi, að viðhaldið mundi verða hreppsnefndinni ofvaxið, og að sú ráðstöfun, sem þá var gerð, þýddi sama sem að hætta að viðhalda þessu mannvirki. Jeg leit svo á, að hv. þm. N.-Ísf. gengi inn á þetta á síðasta þingi, en það má vera, að honum og máske öðrum hv. þm. hafi ekki verið ljóst, að ef á að viðhalda þessu mannvirki, þá þarf til þess upphæðir, sem þessu hreppsfjelagi er ofvaxið að greiða.

Þá ætla jeg að minnast á tillögur frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), á þskj. 297, LXIII. Það eru talsverðar fjárhæðir alls, sem farið er fram á, rúm 30 þús. kr., og jeg held, að það sje ekki svo aðkallandi, að það sje nauðsyn, eins og nú stendur á, á neinum af þeim framlögum, sem þar er farið fram á, svo að það geti verið rjett að bæta þeim ofan á útgjöld í fjárlögum, sem þegar eru svo hlaðin útgjöldum eins og þetta frv. er. Hv. fjvn. hefir lýst yfir því, að hún sje mótfallin tveim fyrri tillögunum, og vænti jeg, að ekki þurfi að fjölyrða um þær, en um síðustu till., sem er fjárveiting til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavik, er það að segja, að jeg veit ekki annað en að sá sjóður hafi að opinberri tilhlutun fengið svo stóran stofnsjóð, að honum muni ekki vera fjárvant eins og stendur.

Hv. þm. N.-Þ. (BSv) á hjer brtt. LXIV, um styrk til þess að stofna og reka Íslendingaheimili í Kaupmannahöfn, 5000 krónur. Vil jeg nú fara fram á það við hv. þm. (BSv) að taka þessa brtt. sína aftur, því að hún getur ekki á nokkurn hátt fullnægt neinu því, sem henni er ætlað samkvæmt texta hennar, og ætti að minsta kosti ekki að standa í fjárlögum þannig orðuð eins og hún er nú. Jeg ætla ekki að segja neitt meira um þetta að svo stöddu.

Þá ætla jeg að minnast á stærstu hækkunartillöguna, sem jeg ætla að muni koma til atkvæða hjer. Hún er frá fjvn. og er byggingarkostnaður til stúdentagarðsins, 50 þús. krónur. Jeg ætla ekki að gera það til þess á neinn hátt að mæla á móti því, að lagt verði úr ríkissjóði til stúdentagarðsins, en jeg ætla að segja það, að það er ekki mögulegt að gera það með því að veita í fjárlögum, athugasemdalaust og skilyrðistlaust, nokkrar fjárhæðir. Mjer skilst, að þá muni svo fara um þetta, ekki síður en alþýðuskóla Þingeyinga, að það viti enginn, hver á hann. Mjer er kunnugt um, að stúdentar hafa sett nefnd, sem gengst fyrir fjársöfnun í því skyni. Það er ákaflega loflegt, og hefir henni orðið talsvert ágengt í því efni, en jeg álít, að slíkri stofnun verði ekki komið upp af almannafje, nema með því að það verði sett löggjöf um að stofna hana. Það kynni að mega gera þetta með athugasemd í fjárlögum, þó að það sje ávalt ófullkomið. Slíku á að skipa með lögum, hvort fært sje að byggja, hvort fje sje til umráða, hvar og hvenær eigi að byggja, svo og hver á að hafa forsjá og stjórn þessarar stofnunar og sjá um viðhald og rekstur hennar, og er rjettast að þetta komi fram með því að setja lög um það. Ef svona fjárveiting er veitt án þess að neitt sje um þetta orðað, þá get jeg varla skilið það öðruvísi en svo, að fjeð sje lagt til hliðar og haft til umráða í því skyni að grípa til þess, þegar búið er að setja nauðsynleg

ákvæði til þess að tryggja hagkvæma byggingu og framtíð og rekstur stofnunarinnar. Og megi skilja þetta svo, þá ætla jeg ekki að leggjast neitt sjerstaklega á móti þessari fjárveitingartillögu.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) á svo hjer brtt. á þskj. 297, LXVI. lið, um eftirlaun til Ögmundar Sigurðssonar, ef hann lætur af skólastjórn. Eftir því, sem mælt hefir verið fyrir þessari till., þá álít jeg rjettast að taka hana aftur. Jeg er öldungis samþykkur því, sem hv. frsm. fjvn. (TrÞ) lýsti yfir, að það myndi talið sjálfsagt að veita þessum skólastjóra eftirlaun, þegar hann lætur af skólastjórn, og jeg skal bæta því við, að þótt slík eftirlaun sjeu ekki tekin upp í þau fjárlög, sem gilda fyrir það ár, sem starfsmaður fer frá, heldur í þau næstu á eftir, eins og oft vill verða, ef till. um eftirlaun er ekki tekin upp fyr en starfsmaðurinn er farinn frá, þá má segja, að það sje venja stjórnarinnar að byrja að borga eftirlaun út og greiða þau frá þeim tíma, sem starfsmaður fór frá, og tekur þau þá upp í væntanleg aukafjárlög, þar til þau fjárlög ganga í gildi, sem hans eftirlaun hafa verið samþykt á, svo að það þarf ekki að taka slík eftirlaun upp í fjárlög á meðan maðurinn er í starfinu, til þess að tryggja það, að engin eftirlaun falli niður, því að þau verða greidd fyrir allan tímann eftir að starfsmaðurinn fer frá. Í þeim fáu tilfellum, þar sem eftirlaun starfsmanns eru samþykt áður en hann fer frá, þá hefir það óneitanlega verið gert eins og til þess að styðja að því að starfsmaður færi frá, en það ætla jeg að engum þyki ástæða til um þennan skólastjóra.

Þá ætla jeg loksins að minnast á nokkrar till., sem hjer eru fram komnar um eftirgjöf á viðlagasjóðslánum, og það eru þá fyrst tvær till. um eftirgjöf til sýslufjelaga, nefnilega til sýslufjelags Austur-Húnvetninga, um eftirgjöf á láni til kvennaskólabyggingar, og til sýslufjelags Dalasýslu, um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, sem veitt var til Hjarðarholtsskólans. Jeg held, að bæði þessi sýslufjelög sjeu þannig stæð, að hvorugt þeirra þurfi í rauninni slíkrar eftirgjafar með, og mjer er ekki kunnugt um, að þessi sýslufjelög sjálf hafi farið fram á þessar eftirgjafir. En það verð jeg að segja, að mjer finst það ákaflega óviðkunnanlegt að gefa eftir lán, sem veitt eru sveitarstjórnum eða slíkum opinberum stofnunum, án þess að hlutaðeigendur sjálfir hafi að minsta kosti snúið sjer til stjórnarinnar um það og hafi sent þau skilríki um efnahag sinn, sem rjettlæti það. Um það, hvort um þetta hafi verið sótt fyrir Dalasýslu, skal jeg ekki segja, nema það hefir verið borið fram sem ástæða til eftirgjafar fyrir Dalasýslu, að það fyrirtæki, sem sýslan tók lán til, hafi mishepnast. Það kann að vera, en jeg álít, að það sje hættuleg braut að komast inn á, að lána til eins og annars, sem sýslufjelögin gera upp á sína ábyrgð, og losa þau svo við afleiðingarnar, ef mistök kunna að verða, nema því aðeins, að óhöppin hafi verið alveg ófyrirsjáanlegum atvikum að kenna.

Sama hefi jeg í rauninni að segja um eftirgjöf á dýrtíðarlánum, sem farið er fram á á þskj. 297, undir LVI. lið. Það eru æðimörg hreppsfjelög, sem hafa fyr og síðar fengið lán úr viðlagasjóði af ýmsum ástæðum, og jeg er hræddur um, að ef það færi að tíðkast svo mjög, sem hjer er farið fram á, að gefa þau eftir, myndi það draga á eftir sjer illan dilk, t. d. þegar veitt eru viðlagasjóðslán sjerlega bágstöddum hreppsfjelögum, sem ekki áttu annars úrkosta en að beiðast slíkra lána, til þess að rjetta við fjárhag sinn,

án þess að hreppsfjelögin hafi þó farið fram á neinar gjafir, heldur einungis farið fram á að fá lán úr viðlagasjóði, sem eru þeim hagstæðari heldur en þær lausaskuldir, sem hvíldu á þeim. Mjer finst, að það geti ekki verið önnur ástæða gild fyrir slíkum eftirgjöfum, sem hjer er farið fram á, en að þau væru svo sjerstaklega bágstödd frekar en önnur, að þau þyrftu þess með að fá eftirgjafir af opinberu fje, en það hefir ekki verið gerð grein fyrir þessu í hv. deild, og jeg hefi þess vegna útvegað mjer síðustu reikninga þessara hreppsfjelaga, sem fyrir liggja, og vil jeg þá leyfa mjer að gera hv. deild ofurlitla grein fyrir fjárhag þeirra. Það er þá fyrst Grunnavíkurhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu. Samkvæmt reikningi hans fyrir fardagaárið 1923—24, sem er sá síðasti, sem jeg hefi getað náð í, þá eru eignir hans í fardögum kr. 6909,05, en skuldir hans eru kr. 5585,17, og af skuldunum ætla jeg, að mestur hlutinn, það mun vera að minsta kosti 3000 krónur, sje af þeim, sem hjer er farið fram á að gefa eftir að nokkru. Til þess nú að gera sjer fulla grein fyrir þessu, er rjett að líta á, hverjar þessar eignir hreppsins eru, og reikningarnir bera það með sjer, að hann á í sjóði kr. 2418,32, innieign í sparisjóðum og bönkum kr. 389,00, ógoldin sveitarútsvör kr. 3367,78, og útsvörin í þessum hreppi hafa verið þetta fardagaár á 88 gjaldendum kr. 3679,00, og er það að vísu mjög erfitt án kunnugleika að dæma um, hvort þetta sjeu tiltölulega há útsvör eða ekki, um 40 krónur á gjaldanda; en jeg hygg, eftir því, sem útsvör eru hjer á landi, að þetta geti ekki talist sjerlega hátt. Jeg er hræddur um, að það myndu nokkuð mörg sveitarfjelög geta beiðst gjafa af opinberu fje, ef það er brýn nauðsyn að gefa þessu hreppsfjelagi.

Þá er Innri Akraneshreppur. Hjer er farið fram á 2000 króna eftirgjöf af 3000 króna dýrtíðarláni. Nú er efnahagur þess hrepps óneitanlega talsvert lakari. Þar eru á þessu sama fardagaári eignir kr. 2142,-05, en skuldir kr. 5380,40; með öðrum orðum, að skuldir hreppsins eru talsvert hærri en eignir hans. Útsvör í hreppnum á 63 gjaldendur eru kr. 4048,00, eða milli 60 og 70 krónur á hvern gjaldanda, og voru þannig nokkuð hærri en í hinum hreppnum. Það gæti því virst svo, sem það væri frekar ástæða til eftirgjafar hjer, en það eru þó atriði í þessum reikningi, sem benda til þess, að hreppurinn sje heldur að rjetta við. Fyrst er það, að fátækraframfærsla er þar í ljettasta lagi; af þessum rúmum 4000 krónum, sem útsvörin voru, hafa farið til þurfamanna og í greftrunarkostnað þurfalinga rúmar 900 krónur, eða ekki ¼ hluti af útsvörunum, enda virðist mjer, að reikningurinn beri það með sjer, að hreppurinn hafi á fardagaárinu minkað skuldir sínar ekki óverulega.

Mjer sýnist, að skuldirnar hafi minkað á árinu um ca. 1600 kr., svo jeg held, að þó að efnahagur þessa hreppsfjelags sje óneitanlega ekki vel góður og beri vott um undangengna erfiðleika, megi þó gera sjer von um, að hreppsfjelagið muni komast af án gjafa.

Þá er það þriðja og stærsta upphæðin, sem beðið er um eftirgjöf á. Það er viðlagasjóðslán til Árneshrepps í Strandasýslu, að upphæð 10 þús. kr. Það getur verið, að eftir sje ógreitt af þessu láni dálítið meira en þessar 10 þús. kr., en það munar þó vart miklu.

Efnahagsreikningur þessa hreppsfjelags fyrir fardagaárið 1924 sýnir, að eignir hreppsins eru um 22 þús. 251 kr., en skuldir 11 þús. 650 kr., eða liðlega helm-

ingur á móts við eignirnar. Jeg vil gjarnan gera grein fyrir, hvernig eignum þessa hreppsfjelags er varið. Peningar í sjóði eru 606 krónur, innieign hjá kaupmönnum 6 þús. 73 kr., ógoldin útsvör ca. 700 kr., aðrar eignir liðlega 200 krónur. Þetta er liðl. helmingur á móts við skuldirnar, en svo á hreppurinn útistandandi lán, og verður ekki annað sjeð en hann fái vexti af þeim, því í reikningnum eru taldir ársvextir af útlánum hreppsins 609 kr. 59 aur., en þetta samsvarar vöxtum af viðlagasjóðsláni hreppsins. Ávöxtun skuldanna hvílir því alls ekki á hreppnum sjálfum, svo að þetta þarf ekki að taka af hreppsbúum með niðurjöfnun útsvara, eins og annars mundi vera gert. Hreppurinn á talsvert fje í útlánum og fær vexti af því fje, svo að útsvörin á 174 gjaldendum verða samtals aðeins 6984 kr., eða ca. 40 kr. á hvern gjaldanda.

Jeg er hræddur um, að ef þessi eftirgjöf verður veitt, þá muni æðimargir hreppar á landinu þykjast eiga sanngirniskröfur til eftirgjafar á fje ríkisins.

Jeg skal bæta því við það, sem jeg nú hefi sagt, að jeg veit ekki til, enda þótt jeg geti ekki fullyrt um það, að þetta hreppsfjelag, eða nokkur fyrir hönd þess, hafi snúið sjer til stjórnarinnar með beiðni eða tilmæli um ívilnun eða eftirgjöf á þessu láni. Þetta tek jeg fram vegna þess, ef þetta verður samþykt, sem jeg þó vona að verði ekki, þá er hjer komið inn á hættulega braut, fordæmisins vegna. Ef slíkar eftirgjafir yfir höfuð koma til mála, má ekki minna vera en að viðkomandi sveitarfjelag hafi snúið sjer til stjórnarinnar þessu viðvíkjandi og lagt fram skilríki fyrir fjárhagsástæðum viðkomandi hreppsfjelags eða aðrar tilsvarandi ástæður fyrir eftirgjöfinni.

Þá vil jeg að lokum aðeins víkja örfáum orðum að einni brtt. á þskj. 297, LXVIII. brtt., um heimild til að lána sóknarprestinum á Ísafirði 25 þús. kr., gegn veðrjetti í húseign hans þar. Bæði er þetta algert nýmæli í fjárlögum og svo er jeg hræddur um, að fje verði tæplega til, sem hægt verði að lána, ef samþyktar verða allar þær lánsheimildir, sem farið hefir verið fram á. Svo hygg jeg, að þetta, sem er algert nýmæli, — að lána kaupstaðaprestum fje til bygginga eða gegn veði í þeim — verði til þess, ef þetta verður samþykt nú, að ekki verði hægt að komast hjá því að halda áfram að lána kaupstaðaprestum framvegis fje í þessu skyni. En það er satt best að segja, að sveitaprestar hafa ekki átt svo góð viðskifti við hið opinbera út af lánveitingum til byggingar á prestssetrum, að bein ástæða sje til í framhaldi af því að fara að veita kaupstaðaprestum slík viðlagasjóðslán og þetta.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) beindi til mín nokkrum spurningum út af útvarpinu. Hann spurði m. a., hvernig á því stæði, að sala á móttökutækjum væri bundin sjerstöku leyfi, sem yrði að fá brjef fyrir hjá landssímastjóra. Ástæðan til þessa er sú, að það þótti sjálfsagt að reyna að fyrirbyggja, að menn notuðu tæki, sem ekkert stofngjald hefði verið greitt af. Þetta eru því tryggingarákvæði fyrir sjerleyfishafa. Erlendis hefir oft farið svo, að það hefir verið fjöldi móttökutækja í notkun án þess að nokkurt gjald hafi náðst af þeim. Meira að segja, það hafa sumstaðar erlendis orðið svo mikil brögð að þessu, að það hefir orðið að loka útvarpsstöðvunum, vegna þess að af meiri hluta móttökutækjanna hefir hvorki náðst stofngjald eða árgjald. Það er ekki hægt að koma í veg fyrir, að

hvaða tæki sem eru nái í það, sem varpað er út, ef menn vilja koma sjer hjá því að greiða útvarpsstöðvunum lögboðin gjöld, eða hafa upp á, hvar þessi tæki eru. Þessi hætta er engu minni hjer á landi, nema síður sje.

Þá spurði hv. þm. (JBald), með hvaða heimild sú kvöð væri lögð á, að stofngjald skuli einnig greiða af hlutum í móttökutæki, þó ekki sje keypt heilt tæki. Jeg get svarað þessu með því, að jeg álít, að í því meira felist einnig það minna. Ef heimild er til að leggja stofngjald á heil tæki, þá er líka heimild til að leggja sama háttar gjald á hluta úr tækjunum. Þessi ákvæði eiga við það, ef menn vilja kaupa sjer hluti til tækjanna og setja þau svo sjálfir saman, og er þetta gert til þess að ljetta undir með fátækum mönnum til að eignast tækin, því stofngjaldið verður með þessu móti minna en ef heilt tæki væri keypt í einu.

Jeg get ímyndað mjer, að hv. þm. (JBald) hafi spurt um þetta vegna þess, að honum hafi þótt gjöldin vera há. En það var engin önnur leið fær en hafa gjöldin há, ef nokkur átti að fást til að taka þetta sjerleyfi, og það var ekki hægt að fá þetta ódýrara. Þó var sá varnagli sleginn við þessu, að ef fjelagið græðir meira en ríkisstjórnin telur vera hæfilegt, má lækka öll gjöldin. Mjer er það áhugamál, að hægt verði að koma þessu útvarpi á fót, því jeg tel víst, að það eigi mikið erindi hingað til lands. Þó tel jeg líklegt, að tiltölulega fáir verði til að fá sjer þessi tæki fyr en góð reynsla er fengin um það, hvernig útvarpsstöðin reynist. En ef ráðast á í þetta, verður að vera talsvert fje handbært til þess að kaupa tæki fyrir. Með þessu tel jeg, að nægilega sje svarað spurningum hv. 2. þm. Reykv.

Um þær brtt., sem hjer liggja fyrir, skal jeg ekki verða margorður. Þó vil jeg nefna hjer eina brtt. frá hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um að auka 7 þús. kr. við það fje, sem ætlað er til markaðsleitar, og skulu þessar 7 þús. kr. ganga til ákveðins manns sem ferðastyrkur til Norður-Afríku og Balkanlandanna, til þess að athuga þar markaðshorfur fyrir ísl. fisk. Það er rjett, sem þessi háttv. þm. sagði, að erindi um þetta kom fyrir sjútvn., en hún klofnaði um málið, urðu þar 3 á móti, en 2 með þessu, eftir því, sem mjer hefir skilist á svari nefndarinnar við þessu. Jeg hefi sagt þessum manni, að jeg teldi ekki fært að veita honum þennan styrk á meðan við höfum dýran mann í okkar erindum þarna suður frá, í nágrenni við þau lönd, sem nefnd voru. Ef þess yrði talin þörf að leita fyrir sjer um markað sunnan eða austan Miðjarðarhafsins, mætti láta þann erindreka, sem við höfum nú þarna, gera það. Pjetur Ólafsson konsúll hefir einnig fundið mig að máli og spurt um, hvort hann ætti ekki að fara til Balkanlandanna í þessum erindum, en jeg svaraði því, að jeg teldi það ekki fært, við gætum ekki varið fje til þess, er íslenskur umboðsmaður væri þarna suður frá í nágrenni við þessi lönd.

Jeg dreg alls ekki í efa, að maður þessi, sem um styrk þennan sækir, sje eins og háttv. 1. þm. S.-M. segir vel fær til þessa starfs, t. d. að hann uppfylli þau skilyrði, sem verður að telja nauðsynleg til þessa, þ. e. að vera vel fær í þeim málum, sem þarna koma til greina, — en jeg þekki manninn ekkert persónulega. Samt treysti jeg mjer ekki til að greiða atkvæði með þessari brtt.

Þá er ein brtt. á þskj. 329, frá háttv. 2. þm. Skagf. (JS) og hv. þm. Borgf. (PO),

um aðstoðarmann í efnarannsóknarstofu ríkisins, og samkvæmt brtt. á að einskorða fjárveitinguna við það, að maðurinn hafi sjerþekkingu í landbúnaðarefnafræði. Jeg veit ekki, hvort hægt er sem stendur að fá mann, sem uppfyllir þessi skilyrði, en maðurinn verður líka að vera fær í algengri efnafræði. En þarna vantar aðstoðarmann, og þeim, sem hefir lært almenna efnafræði, veitir mjög ljett að setja sig inn í alt það, sem að landbúnaði lýtur í efnafræðinni. Jeg tel því ekki heppilegt að einskorða þessa fjárveitingu við landbúnaðarefnafræði, en það mætti þó gera þessum manni að skyldu að afla sjer frekari þekkingar á þessu sviði. En eins og störfum er nú háttað í efnarannsóknarstofunni, gengur lítið undan af því, sem henni er ætlað að leysa af hendi, þar sem þar er aðeins einn maður, sem verður í öllu að snúast, og er því ekki að vænta, að hann komi miklu í verk. Meðan nauðsynin er jafnknýjandi á að fá aukna starfskrafta í rannsóknarstofuna, sje jeg ekki, að hægt sje að bíða eftir manni, sem geti uppfylt þau skilyrði, sem brtt. ræðir um. Jeg vil því heldur óska, að brtt. verði ekki samþykt, en þetta ákvæði verði látið standa eins og það er í frv., en þó má vel taka tillit til þessara óska, sem koma fram í brtt.

Jón Sigurðsson: Háttv. frsm. fjvn., hv. þm. Str. (TrÞ), sagði í ræðu sinni í dag, að sjer kæmi það á óvart, að jeg fyndi köllun hjá mjer til að gera grein fyrir afstöðu minni til brtt. fjvn.

Í ræðu minni áðan skýrði jeg sjerstaklega frá því, hvers vegna jeg gerði þetta, og sagði, að við 2. umr. hefði jeg ekki talið ástæðu til að sýna það á annan hátt en með atkvæði mínu, þó að sitthvað bæri á milli. En þegar svo er komið, að jeg sem nefndarmaður hlýt að greiða atkvæði á móti ⅔ af þeirri fjárupphæð, er fjvn. leggur til að hækka útgjöld ríkissjóðs við þessa umr., þá tel jeg það skyldu mína að gera grein fyrir því, hvers vegna jeg er í andstöðu við nefndina, og jeg fæ ekki sjeð, að neinn þurfi að undrast yfir því, þó að jeg sem fjvn.-maður komi með slíka greinargerð.

Þá sagði hv. frsm. (TrÞ), að jeg sýndi stefnu Íhaldsflokksins með því að vera á móti brtt. fjvn., en því hefir hæstv. fjrh. (JÞ) svarað, svo að jeg þarf ekki við það að auka. En jeg ætla að segja háttv. þm. Str. það, að jeg hika ekki við, hvorki nú nje endranær, að beita mjer á móti útgjaldatill. og málum, sem hafa stóraukin útgjöld í för með sjer fyrir ríkissjóð, þegar tekjuhallinn á fjárlögunum er orðinn eins mikill og raun er á orðin, og útlit atvinnuveganna er þannig, að lítil von er til, að áætlaðar tekjur í fjárlögunum fáist í ríkissjóð.

Þá virtist mjer að háttv. frsm. væri móðgaður af því að jeg á einum stað nefndi Íhaldsflokkinn í sambandi við afstöðu mína til hækkunar á útgjöldunum og aukningar á tekjuhalla fjárlaganna, og hann lagði mjer í munn, að jeg hefði sagt, að við Íhaldsflokksmennirnir í fjvn. hefðum verið á móti tekjuhækkunum. Þetta sagði jeg ekki, jeg hefi þetta skrifað hjá mjer, sem jeg sagði þá. Jeg sagði, að við íhaldsmenn í fjvn. teldum of langt vera gengið í hækkun teknanna í fjárlögunum, og er það alt annað, og því gat háttv. þm. (TrÞ) algerlega sparað sjer ummæli sín út af þessu.

Hann tók það rjettilega fram, að við vorum þar allir íhaldsmennirnir á móti 50 þús. kr. hækkun á áfengistollinum, og

var það út af fyrir sig nóg sönnun orða minna. En úr því að þetta hefir verið gert hjer að umræðuefni, skal jeg geta þess, að okkur þm. S.-Þ. var falið að rannsaka og gera tillögur um tekjuáætlun fjárl.frv. Tillögur þær, er við bárum sameiginlega fram, voru miðlun þann veg, að jeg gekk inn á nokkra hækkun til samkomulags, en þegar við lögðum þær fram í fjvn., þótti stjórnarandstæðingum mikils til of skamt farið í hækkunaráttina, en samflokksmönnum mínum þótti jeg hafa gengið of langt í hækkunaráttina. Jeg hefi því síst sagt of mikið um þetta.

Þá sagði hv. frsm. (TrÞ), að við hefðum greitt atkvæði á móti nestu sparnaðartill. fjvn., og átti hann þar við „tildurherrann", sem hann nefndi svo. Beindi hann þessum skeytum til mín sjerstaklega og háttv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ). Jeg skal taka það fram, að jeg og hv. þm. Str. (TrÞ) vorum samherjar í þessu máli á undanförnum þingum, þótt nú hafi skilið leiðir. Að leiðir okkar skildu, kom af því, að málið horfir nú alt öðruvísi við en áður. Við höfum síðan sendiherraembættið var lagt niður haft ágætismann til að gegna þessum störfum, mann, sem var gagnkunnugur öllum störfum embættisins, og mann, sem við báðir treystum mjög vel til að fara með þessi störf fyrir hönd ríkisins. En nú liggur fyrir brjef frá þessum manni, þar sem hann óskar að vera leystur frá þessu starfi; hann treystist ekki lengur til að gegna því vegna heilsubrests og þarfnast hvíldar. Að sjálfsögðu getum við ekki þröngvað honum til þessa starfa, og það því síður, sem hann er danskur embættismaður. Enginn þm. hefir ennþá mælt á móti þessu, og enginn bent á nokkra aðra leið til þess að skipa þessum málum en þá, sem stjórnin hefir bent á. Þegar þannig er komið, er andstaðan orðin það, sem kallað er að berja höfðinu við steininn. Viðskifti okkar við erlendar þjóðir og ríki eru orðin svo þýðingarmikil fyrir okkur, að við getum ekki verið forystumannslausir á þessu sviði. Jeg vil þessu til sönnunar aðeins benda á kjöttollsmálið og úrlausn þess, sem áreiðanlega hefir fært bændum þessa lands miljónir króna. Þetta ætti að nægja til þess að gera grein fyrir því, hvers vegna jeg ekki á lengur samleið með háttv. þm. Str. (TrÞ) í þessu máli.

Áður en jeg sest niður vil jeg minnast á brtt., sem við háttv. þm. Borgf. (PO) eigum saman. Sumir hv. þdm. hafa lagst á móti henni, en eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið, gæti hún orðið til mikils gagns fyrir landið. Það hefir þótt á bresta um efnarannsóknastofuna, að hún gæti gert rannsóknir sínar þannig úr garði, að vel væri að því er snertir landbúnaðinn, enda er það von, því að erlendis þurfa efnafræðingar að leggja fyrir sig sjerstakt nám, ef þeir ætla að hafa með höndum rannsóknir fyrir landbúnaðinn. Þess vegna er í mínum augum ekkert óeðlilegt við það, þótt gerðar væru sviparaðar kröfur til aðstoðarmanns við efnarannsóknastofuna hjer um sjerþekkingu á þessu sviði. Það er að vísu hugsanlegt, að sá, sem nú er efnafræðingur landsins, geti aflað sjer þessarar sjerþekkingar, og það er alls ekki tilætlan okkar að bregða fæti fyrir hann, heldur hitt, að væri kostur á manni með sjerþekkingu í þessu efni, þá væri hann valinn öðrum fremur.

Klemens Jónsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram í sinni löngu ræðu hjer í dag, að hann þyrfti að leiðrjetta ýmsar skakkar upplýsingar, sem fram hefðu komið um ullartollinn og steinolíumálið.

Jeg þarf líka að leiðrjetta ýmsar skakk-

ar upplýsingar um þessi mál, þ. e. samband þeirra hvort við annað. Á þinginu 1923 kom fram fyrirspurn um steinolíueinkasöluna frá núverandi háttv. 3. þm. Reykv. Hæstv. fjrh. (JÞ) talaði í því máli, og í ræðu, sem hann hjelt þá, sagði hann svo: „Talið er, að hækkun tollsins á íslenskri ull í Bandaríkjunum standi í sambandi við þetta". Þetta eru hans orð þá, en hann kemur ekki með neinar röksemdir fyrir því, að samband sje á milli hækkunar tollsins og steinolíueinkasölunnar, því orðin „talið er" er engin rökstuðning, heldur dylgjur blátt út í loftið. Í svari mínu gat jeg þess þá sjerstaklega, að sendiherra Dana í Washington, sem er einhver elsti og þektasti diplomat Dana, segði í brjefi svo um þetta mál, að ef til vill mætti svara kæru um það, að gengið hafi verið fram hjá Bandaríkjunum við steinolíusamninginn á þá leið, að þar sem Bandaríkin hefðu nýlega lagt háan toll á innflutta ull, mætti ef til vill skoða þetta sem „repressalia" af hendi íslensku stjórnarinnar, að hún gerði steinolíusamninginn við breskt fjelag. Hver maður verður að draga af þessu þá ályktun, að steinolíusamningurinn hafi verið gerður eftir að ullartollurinn var hækkaður í Bandaríkjunum. Það verður ekki skilið öðruvísi. En nú hefir hæstv. fjrh. skýrt frá því, að þetta sje ekki rjett, það hafi ekki verið 1922, sem ullartollurinn var hækkaður, heldur 1923. Þetta er ekkert aðalatriði í málinu. Aðalatriðið er það, hvort nokkurt samband sje milli ullartollsins og steinolíusamningsins. Og jeg get gefið upplýsingar um, að svo er ekki, — ekki þó út frá sömu forsendum og jeg gerði 1923.

Helsta ullarkaupafjelagið í Philadelfia, Tatterfield & Co., sem Samband íslenskra samvinnufjelaga hefir skift við og einnig Garðar Gíslason og kannske fleiri, ritaði Sambandinu brjef 30. jan. 1923, og segir þar svo:

„Gentlemen: — We have been informed by the Government that after the 15th of February Wools vill be assessed at a high rate duty. The only reason for this assessement is the possibility of Iceland sheep having been crossed with merino sheep or sheep of English blood."

Þ. e. að stjórnin hefir skýrt fjelaginu frá, að ullartollur verði mikið hækkaður eftir 15. febrúar og *eina ástæðan* til þess sje sú, að íslenskt fje kunni að hafa blandast Merinofje eða fje af ensku kyni.

Þegar Sambandið fjekk brjefið, skrifaði það stjórnarráðinu hinn 3. mars 1923 og bað það um að útvega upplýsingar um það, hvort íslenskt fje hefði blandast Merinofje eða ensku fje. 5. mars sendi stjórnarráðið þetta erindi til dýralæknisins hjer í Reykjavík og sama dag settist hann niður og skrifaði afarlangt mál um þetta efni, heila ritgerð, segir hann sjálfur, og segir, að engin ástæða sje til þess að ætla, að fjeð hafi blandast. Og eins og jeg sagði í fyrradag, þá efast jeg ekki um, að þessi skýrsla og þetta álit dýralæknis hefði ráðið mestu um það, að ullartollinum var afljett í Bandaríkjunum. Og ef nokkrum ber að þakka úrslit þau, sem nú eru orðin, þá er það Sambandið, og ef til vill Garðar Gíslason, og einkum og sjer í lagi dýralæknirinn og stjórnin, þ. e. jeg, sem þá var milliliður.

Jeg hefi nú sannað, að ekkert samband var á milli ullartollsins og steinolíusamninganna, heldur eingöngu ótti um kynblöndun, sem Bandaríkjastjórnin hafði

ýmigust á, og jeg vona, að þar með sje sú grýla kveðin niður og að henni skjóti ekki upp aftur.

Jeg á engar brtt. við þennan kafla fjárlaganna fremur en við fyrri kaflann. Mun jeg í flestum atriðum fylgja hv. fjvn., enda hefi jeg gert það á fyrri þingum. En um brtt. frá einstökum þm. verður hið gagnstæða ofan á, því að jeg mun verða á móti þeim flestum, sem til hækkunar horfa.

Sveinn Ólafsson: Það hefir af nokkrum verið mælt á móti brtt., er jeg á á þskj. 297, fyrst og fremst af hv. frsm. fjvn. og í öðru lagi af hæstv. atvrh.

Jeg verð því að vekja öðru sinni athygli hv. þdm. á XXXI. brtt., um fjárframlög til skólabygginga. Vil jeg einkum benda á það, sem jeg veit ekki, hvort hv. þm. hafa athugað, að hjer er beinlínis um sparnað að ræða, en ekki eyðslu. Það verður ekki komist undan því að byggja skólann í Nesi á næstu árum, og venju samkvæmt hefir ríkissjóður lagt til slíkra bygginga ⅓ kostnaðar. Hjer er ekki farið fram á meira fjárframlag en sem svarar ⅕—¼ parti af byggingarkostnaði, en þegar barnafræðslulögin eru gengin í gildi, þau sem nú eru fyrir þinginu, þá verður þriðjungsframlagið frá ríkissjóði fastákveðið. Frá þessari hlið skoðað er því ávinningur að losna við þennan skóla nú á næsta ári með fjórðungs- eða fimtungsframlagi, borið saman við það, að eiga í vændum síðar að leggja fram ⅓.

Hv. fjvn. leggur til, að 10 þús. kr. liðurinn til byggingar barnaskóla verði hækkaður upp í 20 þús. kr., en engar upplýsingar liggja fyrir um það, hverjum hún ætlar þessa hækkun. Getur vel verið, þótt þessi till. fjvn. verði samþykt, að enginn af þessum skólum, sem nefndir eru í brtt. okkar nr. XXXI á þskj. 297, fái neitt til byggingar að þessu sinni. Annars verður að skeika að sköpuðu um það, hvort brtt. okkar flýtur eða feliur.

Þá er önnur till., LI., sem jeg mælti fyrir áður, og er mjer annara um hana en aðrar till., sem jeg flyt, og hygg, að sjaldan hafi þörfin verið jafnbrýn á markaðsleit sem nú. Jeg hefi orðið þess var, að ýmsir hv. þdm. telja of langt farið í hækkuninni, að færa liðinn úr 5 þús. kr. í 12 þús. kr. Líta þeir svo á, að þessar 5 þús. kr. ættu að nægja, eða þá lítil viðbót þar við. Jeg skal geta þess, að mjer þykir ekki óaðgengilegt að mæta þessum mönnum og færa till. úr 12 þús. kr. niður í 7 þús. kr., og mun jeg afhenda hæstv. forseta skriflega brtt. í þessa átt, er jeg lýk máli mínu.

Jeg lít svo á, að hjer sje um mjög þarft fyrirtæki að ræða, og þótt hæstv. atvrh. haldi því fram, að fulltrúi landsins á Spáni geti unnið þetta verk í Suðurlöndum óg leitað markaða, þá hefir reynslan að þessu bent í aðra átt, og hefir hann ekki gert neitt í þessu efni, svo kunnugt sje, og mun ólíklega gera.

Að því er snertir upphæðina í fjárlagafrv., 5 þúsund krónur, er sumir ætla að muni nægja, þá er tæplega hugsanlegt, að hún muni hrökkva til ferðalaga um jafnstórt svæði og hjer er um að ræða, eða hægt sje að gera neinar sölutilraunir, sem fje geta kostað, í sambandi við ferðalagið fyrir svo lítið fje.

Jeg hygg, að það hafi verið hv. frsm. fjvn. (TrÞ), sem benti á það, að Fiskifjelaginu stæði næst að veita slíkan styrk sem þennan. Undanfarið hefir þetta verið svo, að markaðsleit og tilraunir sem þessi hafa verið gerðar á kostnað ríkissjóðs, en ekki nema að litlu leyti á kostnað Fiskifjelagsins.

Hæstv. atvrh. tók það fram um umsækjandann, Karl Þorsteins, að hann væri ungur og óreyndur. Jú, hann er að áratali eigi gamall, mun vera hálfþrítugur, en óreyndur er hann ekki í því, sem hjer skiftir máli. Hann hefir fengist við fisksölu í mörg ár og farið í erindum fisksölufjelags hjer í bæ til Suðurlanda tvisvar, að því er mig minnir. Um málakunnáttu hans, sem er mjög þýðingarmikið atriði, get jeg fullyrt, að hún er viðbrigðagóð, enda mun hann hafa farið sem túlkur með sendimanni landsins til Suður-Ameríku fyrir fám árum, þar sem einkum reyndi á kunnáttu í spönsku og ensku.

Jeg er þess vegna viss um það, að umsækjandi hefir marga þá hæfileika og kosti til brunns að bera, sem mest er þörf á við þennan erindarekstur og markaðsleit.

Umsókn hans um ferðastyrk af fyrra árs fjárveitingu var nokkuð hærri, mig minnir 8—10 þús. Hjer er niðurfærslan gerð með það fyrir augum, að hægar veiti að fá fjeð og í þeirri von, að einstakir menn styrki utanförina jafnframt.

Jeg held, að aldrei á síðari árum hafi verið meiri ástæða til þess að gera gangskör að markaðsleit fyrir ísl. fisk og aðrar sjávarafurðir en einmitt núna, þegar óvíga samkepni ýtir fiskverðinu niður og ísl. fiskur er að missa álit sem fyrirmyndar vara. Fleira þarf jeg ekki að segja um þessa brtt. og mín vegna þarf jeg ekki að leggja mikið kapp á hana. Bættur markaður fiskjar snertir síst landbændur, en útveginn því meira.

Þá var það stutt athugasemd, sem jeg vildi gera við ræðu hæstv. fjrh. (JÞ). Hann lagðist á móti till. fjvn. um að leggja fram fje til þess að setja miðstöðvarhitunartæki í skólahúsið á Eiðum. Færði hann fram sem ástæðu, að miðstöðvarhitun mundi verða dýrari en ofnhitun, vegna þess, að þarna væri ekki skógviður fáanlegur til eldsneytis. Húsameistari heldur því hinsvegar fram, að miðstöðvarhitun muni borga sig betur, meðal annars vegna þess, að hægt sje að brenna mó til fullra nota í þeim eldstæðum. En á fleira má líta. Jeg man ekki betur en að það standi í auglýsingu frá firmanu Jón Þorláksson & Norðmann, og notað sem meðmæli með miðstöðvartækjum, sem það hefir til sölu, *að þau sjeu sjerstaklega eldiviðarspör* og mikill ávinningur að kaupa þau. Ef þetta er ekki rangminni hjá mjer, þá slær hjer óþægilega í baksegl hjá hæstv. ráðherra, og má þá líklega skoða mótmæli hans gegn miðstöð á Eiðum eins og hæversklega ábendingu um eldiviðarspörutækin hjá firmanu J. Þorláksson & Norðmann. Á hitt ber og að líta, að fleiri kostir eru við miðstöðvarhitun en eldiviðarsparnaðurinn einn. Eins og háttv. frsm. (TrÞ) tók rjettilega fram, eru það fyrst og fremst auknir hollustuhættir, aukinn þrifnaður og vinnusparnaður.

Jeg gæti látið hjer staðar numið, en síðan í gær hefir sitthvað komið hjer fram í umræðunum, sem jeg hefði ástæðu til að mæla móti. Þó vil jeg ekki gera mikið að því.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) komst út á það hála svell að verja tjón það, sem orðið hefir á útibúi Landsbankans á Ísafirði. Þetta tjón nefndi jeg aldrei hve mikið hefði verið, heldur sagði jeg aðeins, út af fullyrðingum hv. 1. þm. Árn., að það hefði verið meira en hjá útibúinu á Eskifirði. Til að breiða yfir þessa staðreynd gat hv. þm. (JAJ) þess, að tjónið *mundi* verða meira á Eskifirði. Á Eskifirði voru árið 1924 afskrifaðar 644 þúsundir króna, svo sem jeg áður gat um, en á Ísafirði hefir tapið orðið 1 milj. 127 þús. kr. Þessu verður ekki hnekt og þessi er heildarnið-

urstaða taps á báðum stöðum á liðnum árum. En til þess að reyna að villa hjer heimildir, fer hv. þm. að flagga með því, að tjónið á Eskifirði *muni* verða 1,25 miljón, þegar öll kurl komi til grafar. Jeg hafði nú ekki reynt og ekki ætlað mjer að leiða neinar getur að óorðnum töpum þar eða vestra. Jeg get ekkert um þau vitað, og þykir mjer eiga illa við að slá slíku fram órökstuddu eftir getgátu. *(JAJ*: Jeg sagði, að þetta fje væri þegar tapað). Ekki hefir það fram komið í opinberum skýrslum, og jeg fer aðeins eftir því, sem þær sýna. Hitt er annað mál, að yfir þessum stofnunum kann að vofa meiri hætta en jeg þekki eða verið hefir. Lán munu misjafnlega trygð bæði hjer og þar. Hver veit nema bráðum velti um önnur stærsta lánsstofnunin í landinu? Að minsta kosti hefir heyrst orðasveimur um þetta hjer á síðustu dögum, og er engin furða, þótt slíkar getgátur heyrist, þar sem lakara útlit er nú í lok vertíðar en nokkru sinni fyr fyrir sölu á afurðum sjávarútvegsins. En fullyrðingar um þessa hluti eiga illa við og er tæpast leyfilegt að bera þær fram, svo sem hv. þm. gerði.

Fleira skal eigi um þetta sagt, enda snertir þetta mál mig ekki nema óbeint. Jeg er landbóndi að mestu leyti og því laus við fjárhættu útvegsins. En reyndar snertir þetta mál fjárhag allrar þjóðarinnar.

Hv. 2. þm. Skagf. (JS) var með afgæðing til mín og nöldri, að því er virtist að tilefnislausu, þar sem jeg hafði ekki minst neitt á hann eða nokkurt mál, sem hann snerti. Hv. þm. var að stinga mjer sneiðar fyrir það, hve óvarlega jeg notaði atkvæði mitt um ýmsar fjárveitingar. Hann hældi mjer fyrir það, hve gætinn jeg hefði áður verið, en ljet svo sem mjer hefði farið aftur með aldrinum og gerst nú hinn eyðslusamasti. Ljet hann sem sig furðaði mjög á þessu. Jeg hjelt nú raunar, að hv. 2. þm. Skagf. þyrfti ekki skýringar á því, að meðan alt var í grænum sjó og skuldabasli, bæði í ríkissjóði og annarsstaðar, þá var eðlilegt, að menn væru fjefastari en nú, þegar afkoma er sæmileg. Það er ekki undarlegt, þótt jeg og ýmsir aðrir hv. þm. sjeu nú örari á fje, þegar efni eru fyrir, en t. d. árin 1922 og '23. Jeg get raunar skilið, að hv. 2. þm. Skagf. (JS) sje tregur til að veita atburðunum og breytingunum glögga eftirtekt, því að mjer hefir virst, að hann mundi vera í ætt við indversku fakírana, sem hafa horft árum saman á sinn eiginn nafla og loks verða sjóndaprir á alt annað. Jeg gæti trúað því um þennan hv. þm., að víðsýni hans yrði eigi mikið þegar hann hefir náð mínum aldri, ef hann einblínir á naflann eins og hingað til, eða sjer aldrei annað en fljótandi skurðgröfu og fyrirhleðslu í Hjeraðsvötnin. Sjóndeildarhringur hans verður þá líklega ekki mjög langt utan við bæjarvegginn.

Hjer er nú best að láta staðar numið. Jeg mun vera dauður þegar jeg sest niður, og fæ víst varla að rísa upp aftur, þótt hv. 2. þm. Skagf. hreyti einhverju að mjer. Jeg hafði raunar sitthvað meira í pokahorninu handa honum, en verð víst að geyma það til betri tíma. *(JS*: Það er best að það komi strax. — *MJ*: Best að hætta. Þm. eru orðnir svangir).

Jón Auðunn Jónsson: Jeg var nú satt að segja ekki viðbúinn því að tala nú þegar, en einhver verður að byrja, og það getur þá eins verið jeg eins og einhver annar.

Hæstv. fjrh. (JÞ) hjelt rækilega uppi svörum fyrir ríkissjóðinn og mælti móti flestöllum brtt. til hækkunar, er fram hafa

komið. Helst þótti mjer hann beitast nokkuð harðlega gegn till., sem jeg og tveir háttv. þm. flytja, um eftirgjöf á skuldum þriggja hreppa. Jeg skal enn taka það fram, að hreppar þessir hafa fengið lán til dýrtíðarráðstafana, sökum illrar aðstöðu og þrenginga, er þeir komust í meðan á stríðinu stóð. Held jeg að ekki hafi aðrir hreppar tekið lán, sem ógreidd eru ennþá, til þess að framfleyta fólkinu, kaupa matvöru og lána hreppsbúum. Þeir hreppar, er fengu lánað hjá landsverslun-inni, hafa samið beint við hana um eftirgjöf. — Það er leitt að þurfa að vera að slást hjer fyrir tilveru þessara fátæku hreppa, þegar hægt var að fara aðra leið og fá eftirgjöf hjá landsverslun-inni. Er nokkur munur á því, þó að ríkissjóður gefi eftir af lánunum, til þess að hægt sje að standa í skilum við landsverslunina, eða að verslunin gefi sjálf eftir af skuldinni? En hrepparnir tóku einmitt lánin til þess að geta staðið í skilum og borgað vörur þær, er þeir keyptu.

Hæstv. fjrh. ljet mikið yfir velmegun þessara hreppa. Jeg vil þá leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir við reikninga Grunnavíkurhrepps, og verður þá útkoman ekki glæsileg. Útsvörin eru þar 3700 kr., og eru það aðaltekjurnar, því að aðrar tekjur eru smávægilegar og nema um 300 kr. Alls verða tekjurnar því um 4000 kr. Aftur á móti eru gjöldin 5000 kr., þar af til ómagaframfærslu 2000 kr., sýslusjóðs og vegasjóðsgjald 1000 kr., til bjargráðasjóðs og til að annast framkvæmdir hreppsins 200 kr., og loks vextir af skuldum 600 kr. Er sýnilegt, að skuldirnar hækka á þessu ári um 1082 kr. Er því ekki glæsileg afkoma hreppsins. Þar að auki er sýnilegt, að útsvörin eru afarhá og þungbær, þar sem hreppsbúar eru mjög fátækir og búendur ekki nema 18, enda er lagt þar á alla, sem nokkur von er um að geti greitt, hvort sem þeir hafa nokkrar tekjur eða ekki. Útistandandi eignir á árinu, sem reikningurinn nær yfir, eru um 2000 kr., 380 kr. í bönkum og 430 kr. í öðrum eignum, svo sem þinghús, jarðapartar o. fl. Rjettar eignir eru því um 1000 kr., en hitt útistandandi skuldir hjá hreppsbúum. Niðurstaðan verður því sú, að hreppurinn hefir tapað á árinu um 1000 kr., og sýnir það glögglega, hvernig ástandið er. Þar að auki hefir hann búið við þær þungu búsifjar, að erlendir togarar koma þar inn þegar vont er veður og sópa miðin, sem hreppsbúar sækja björg sína á. En þeir geta ekkert við því gert, því að þá vantar síma, og það er sólarhringsferð á næstu símastöð, þó vel sje haldið á, ef ekki gefur sjóleiðis.

Þá minti hæstv. fjrh. á það, að Hólshreppur hefði fengið eftirgjöf á viðlagasjóðsláni, gegn því að hann annaðist viðgerð á brimbrjótnum, sem þar er. Viðgerð sú var framkvæmd síðastliðið sumar, en í vetur brotnaði brimbrjóturinn aftur, og má búast við því, að hann þurfi enn meiri viðgerð nú en áður. Það væri auðvitað sjálfsagt, að hreppsnefndin annaðist viðhald og endurbætur brimbrjótsins, en henni er það um megn. Hún hefir lagt mikið fje í brimbrjótinn, um 100 þús. kr., og skuldar nú af því um 40 þús. kr. En ekki ber því að neita, að svo er nú komið fyrir mistök hinna opinberu starfsmanna, sem við þetta fyrirtæki unnu. En það er ómögulegt að hætta við brimbrjótinn; það væri sama og að leggja alla sjósókn þarna niður, því að þá yrði þar alveg ólendandi.

Jeg ætla ekki að tefja tímann við að svara hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) mörgu. Hann sagði, að töp útibúsins á Eskifirði stöfuðu af því, að styrkt hefðu verið

óheilbrigð verslunarfyrirtæki. (*SvÓ*: Og stend við það). Og hann segist standa við það. Skal jeg játa, að það er síst til hróss að tapa á slíku. Held jeg, að það sjeu sjálfskaparvíti, að bankar tapi á verslunarrekstri hjer á landi.

Þá mintist hv. þm. á tölur þær, sem jeg nefndi um tap á Eskifirði. Jeg hygg, að þær sannist á þessu ári. Töpin eru þegar komin fram, hvort sem þau sjást á pappírnum eða ekki.

Jón Baldvinsson: Mjer skildist það á háttv. frsm. fjvn. (TrÞ), að nefndin væri ekki hliðholl till. mínum. Það er orðið svo títt hjá hv. frsm. að segja, að nefndin sje á móti þessu eða hinu, að maður kippir sjer ekki sjerstaklega mikið upp við það. Um eina till. eru þó óbundin atkv., og má víst til að þakka fyrir, hvað lítið sem það nú er, sem kemur af vilorðum frá þessu stórveldi.

Mjer finst það nokkuð ljeleg ástæða hjá nefndinni að bera fyrir sig, að ekki hafi legið fyrir erindi um þetta eða hitt. En jeg álít, að nefndin eigi einmitt aðeins að taka tillit til nauðsynarinnar og meta hana, en ekki fara eftir því, hvort fyrir henni liggi letraðar beiðnir eða ekki.

Hv. frsm. (TrÞ) mælti á móti flestum till. mínum á þskj. 297, nema einni, sem atkvæði nefndarinnar eru óbundin um.

Nefndin mælti á móti þeirri tillögu okkar þm. N.-Ísf. (JAJ) að veita hreppsfjelögum nokkurn styrk til kaupa á laxa- og silungaseiðum. Tel jeg það hina mestu skammsýni að leggjast á móti fjárveitingu í þessu skyni. Það mun sýna sig, að þessi styrkur, ef til framkvæmda kemur, verður landinu í heild sinni til hagsmuna. Jeg gæti trúað því, að lax yrði ekki lítil útflutningsvara síðar meir, ef kappsamlega væri unnið að því að flytja laxaseiði frá klakstöðvum í þær ár í landinu, sem hann getur þróast í og hefir áður verið. Auðvitað kemur gagnið af þessu ekki strax í ljós, þar sem sagt er, að laxinn sje um 4 ár að vaxa þar til hann hefir náð fullum þroska. — Hv. frsm. fann það að till. okkar hv. þm. N.-Ísf. um styrk til þess að gera Einarsfoss í Laugardalsá gengan laxi og silungi, að ekki lægi fyrir áætlun um hvað verkið kostaði. Hjer er farið fram á ⅓ kostnaðar, en gert er ráð fyrir, að verkið kosti um 1400 krónur. Hjer er ekki um mikið nje margbreytilegt verk að ræða, þó að setja eigi nokkur skot í foss. Það gæti kostað meira en verkinu nemur að senda verkfræðing til að gera áætlun um kostnað, en hinsvegar ekki hætta á, að neitt fari forgörðum, þó að þessi litli styrkur sje samþyktur.

Þá er till. um styrk til bæjar- og sveitarfjelaga til að koma upp barnaheimilum og gamalmennahælum. Hv. fjvn. ber því við, að engin beiðni hafi legið fyrir. Það er rjett; engin skjöl lágu fyrir um þetta, en þó er till. borin fram að gefnu tilefni. Ísafjarðarkaupstaður hefir komið upp gamalmennahæli og hafði hugsað sjer að nota skemtanaskatt til að standast þann kostnað. En vegna aðgerða löggjafarvaldsins er það ekki hægt, og verður því að taka kostnaðinn með útsvörum. En bæir og sveitir hafa margt með útsvarsfjeð að gera, og má búast við, að svona framkvæmdir verði því látnar sitja á hakanum. Ísafjarðarkaupstaður hefir nú komið upp svona hæli, eins og jeg drap á, og jeg ætlaðist til, að hann nyti fyrstur góðs af þessum styrk.

Ekki þarf að kvarta yfir því, að ekki hafi legið fyrir erindi viðvíkjandi næstu till. Erindi hefir legið fyrir frá Sjúkra-

samlagi Reykjavíkur. En það vill senda mann út um land í þeim erindum að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga í landinu. Sjúkrasamlögin vinna mjög í þágu bæjar- og sveitarfjelaga, og er full þörf á að styrkja þau.

Hv. frsm. fjvn. mælti ekki á móti næstu till., um styrk til styrktarsjóðs verkamanna, og kann jeg honum þökk fyrir það. Aftur lagði hæstv. fjrh. á móti þessari till. vegna þess, að sjóðurinn hefði fengið fje sitt vegna opinberrar tilstuðlunar, og auk þess væri hann svo stór, að hann þyrfti ekki meira. Það er rjett, að sjóðurinn var stofnaður af fje, sem lagt var fram sem nokkurskonar sárabætur til verkalýðsins fyrir sölu togaraflotans 1917. Sjóðurinn hefir starfað síðan án þess að njóta nokkurs opinbers styrks. Hæstv. fjrh. telur, að sjóðnum sje ekki fjárvant, en því meira, sem hann hefir undir höndum, því meira getur hann styrkt þá, er fyrir slysum verða eða verða fyrir langvarandi veikindum. Það er svo ástatt nú, að hann getur ekki sint þeim öllum, er styrks þyrftu að njóta úr sjóðnum, og þeir eru víðsvegar af landinu.

Jeg hefi þá lokið að tala fyrir tillögum mínum. Eins og menn muna tók hv. frsm. (ÞórJ) vopn að láni hjá mjer til að berja á járnbrautarburgeisunum Jeg vil nú taka vopnið aftur til þess að berja á fjvn.-burgeisunum. Get jeg varla sett minna upp fyrir að lána þetta vopn en að fjvn. veiti tillögum mínum sinn stuðning.

Þá kem jeg að öðru efni. Hæstv. ráðherrar hafa svarað fyrirspurnum þeim, er jeg beindi til þeirra fyrir nokkrum dögum. Jeg vildi gjarnan, að þeir væru hjer viðstaddir, því ef til vill vilja þeir skýra nánar einstök atriði eftir að þeir hafa heyrt mál mitt.

Hæstv. fjrh. (JÞ) svaraði í sömu röð og jeg spurði. Hið fyrsta var það, hvers vegna Íslandsbanki hefði ekki lækkað vextina jafnt og Landsbankinn. Hæstv. fjrh. upplýsti, að þessi vaxtalækkun væri fram komin vegna tilstuðlunar stjórnarinnar. Mjer þykir undarlegt, að Íslandsbanki skyldi ekki sjá sjer fært að fara líka að tilmælum stjórnarinnar og lækka vextina jafnt og Landsbankinn. Jeg sje ekki þann mun á aðstöðu bankanna hjer, að Íslandsbanki þurfi að hafa hærri vexti. Hann hefir meginhluta seðlanna frá ríkinu, hann hefir mikinn hluta enska lánsins, og ríkisvaldið hefir hlíft honum við að leysa inn seðlana með gulli. Honum hefir verið veittur margskonar stuðningur, en á móti kemur það, að ríkisvaldið megi ráða yfir bankanum. Jeg kalla það svo, þegar stjórnin ræður tvo af bankastjórunum. Mjer hefir skilist, að sú ráðstöfun væri gerð til þess, að stjórnin gæti ráðið starfsemi bankans í stórum dráttum. Mjer þykir því undarlegt, að bankastjórarnir, þrátt fyrir þessi beinu tilmæli stjórnarinnar, skuli ekki hafa lækkað vextina meir. Jeg er hræddur um, að þessi beinu tilmæli stjórnarinnar hafi ekki verið nógu kröftug, og jeg mælist til þess, að hæstv. stjórn gangi ríkar eftir því, að þessir þjóðkjörnu bankastjórar sýni atvinnuvegum landsins þá sanngirni að lækka vextina, svo að þeir sjeu ekki hærri en hjá Landsbankanum.

Þá svaraði hæstv. fjrh. spurningu minni um enska lánið, hvað stjórnin hefði gert til þess að fá því breytt í annað lán hentugra. Það er nú ekki mikið, sem stjórnin hefir gert. Hæstv. fjrh. segist þó hafa leitað fyrir sjer í þessu efni, en komist að þeirri niðurstöðu, að enginn kostur væri á að innleysa lánið, því að á því hvíldi

sú kvöð, að það skyldi ekki greitt fyr en 1932. Það stendur í tilkynningunni um ríkislánið 1921, að það megi borga 1. sept. 1932 eða hvenær sem er þar eftir. Hitt er mönnum ekki ljóst, að ekki sje hægt að greiða það fyrstu tíu árin nema kaupa upp skuldabrjefin. Í skýrslu við Landsbankareikningana 1921 stendur, að lánið megi greiða að 10 árum liðnum með 6 mánaða fyrirvara. Svo kemur þessi setning:

„Sje lánið greitt upp áður en lánstíminn er á enda, endurgreiðast 103 sterlingspund fyrir hvert 100.“

Jeg hefi skilið þetta svo, að lánið mætti greiða upp á 10 fyrstu árunum með því að greiða eitthvað aukreitis. Jeg sje, að í Danmörku hefir verið greitt upp á síðasta ári mjög stórt og óhagstætt lán, sem sú kvöð lá þó á, að ekki mætti greiða það strax, og á þessu hafa Danir hagnast stórkostlega. Mjer dettur í hug af þessu, hvort stjórnin gæti ekki breytt enska láninu í betra horf. En ef til vill hefir verið svo frá því gengið, að það sje ekki hægt, þó peningar sjeu fyrir hendi. Mjer finst hæstv. stjórn hafa helst til lítið gert í þessu máli. Það er hægðarleikur að útvega ríkissjóði tekjur með því að hækka tolla og aðrar álögur. Aðrar leiðir virðast mjer ekki reyndar hjer. En það væri ekki lítilsvert, ef hægt væri að lækka vaxtagreiðslur ríkisins með því að útvega betri lánskjör. Bankarnir rökstyðja sína háu vexti með því, að enska lánið sje fengið með svo illum lánskjörum. Þó er vitanlegt, að það fje er lítill hluti af veltufje bankanna. Mjer þykir stjórnin ekki hafa lagt nóga rækt við þetta mál. Það hefir ekki litla þýðingu fyrir fjárhag ríkisins og afkomu, hvernig vaxtagreiðslum er háttað.

Þá svaraði hæstv. fjrh. fyrirspurn minni um gullið, sem keypt hefir verið af Íslandsbanka. Mjer þótti undarlegt það, sem hann talaði um, að samkomulag hefði orðið milli stjórnarinnar og bankans um greiðsluna, en bankinn þó áskilið sjer rjett til að fá meira með dómi. Stjórnin þurfti ekki á neinu samkomulagi að halda, því að hjer voru skýr lagaákvæði að fara eftir.

Hitt, sem hæstv. fjrh. mintist á, að þingið gæti dregið málið úr höndum dómstólanna, álít jeg alveg óþarft; jeg álít, eins og líka hæstv. ráðh. (JÞ) játaði, að rjettur landsins til að fá gullið við því verði, að 10 kr. í gulli greiðist með 10 kr. í seðlum, sje alveg skýlaus.

Þá kom hæstv. ráðh. (JÞ) að 4. atriðinu, tollgreiðslunum, sbr. lögin um afnám tóbakseinkasölunnar frá 1925. Mig langar til að segja frá því, að í fyrra, þegar þetta mál var hjer til umræðu, var bæði af mjer og öðrum bent á það, að þessi aðferð mundi reynast bæði dýr, erfið í framkvæmd og lítt tryggileg í því augnamiði, sem til var ætlast, og þeir, sem kunnugir voru tollgæslu hjer á landi, vissu vel, að þetta fyrirkomulag var dýrt og ekki fullnægjandi til að koma í veg fyrir tollsvik. Nú hefir hæstv. ráðh. (JÞ) játað, að þetta sje þegar komið í ljós, enda þótt, eins og vænta má, ráðherrann geti ennþá ekki gefið upplýsingar um þetta annarsstaðar frá en hjeðan úr Reykjavík. Hæstv. ráðherra upplýsti, að þetta fyrirkomulag hefði þegar á einum ársfjórðungi kostað hjer í Reykjavík ca. 6 þús. kr., og hann gerði ráð fyrir, að árskostnaðurinn hjer mundi verða um 20 þús. Það má nú gera ráð fyrir, að tilkostnaðurinn úti um land verði álíka mikill eða máske nokkru meiri en hjer í Reykjavík, og má því áætla kostnaðinn við þessa tollgæsluaðferð um 40—50 þús. kr. á ári, ef gert er ráð fyrir því, að helmingur tóbaksvara sje fluttur

á land annarsstaðar en í Reykjavík. Þá fer nú að koma talsvert upp í rekstrarkostnað landsverslunarinnar á tóbaksverslununni. Ef það kostar ekki minna en 50 þús. kr. á ári að líma á tollmiðana á þessari einu tollvörutegund, þá fer að verða vafasamt, að breytt hafi verið um til hagnaðar fyrir ríkissjóð með niðurfellingu tóbakseinkasölunnar.

Þá kem jeg að hinu atriðinu, hversu trygt þetta fyrirkomulag sje til þess að varna tollsmyglun. Ráðherrann (JÞ) virtist vera í vafa um, hvort rjett væri að halda í þetta fyrirkomulag framvegis og hann taldi varhugavert að taka þessa einu tollvöru út úr og kosta svona miklu til hennar, en þess er að gæta, að tollurinn á tóbaki er nú orðinn svo afskaplega hár, að það er feiknalega freistandi fyrir menn að koma sjer hjá því að greiða þennan toll; t. d. er tollurinn á sígarettum 16 kr. á hvert kg., og eftirliti á innflutningi til landsins er þannig varið, að mjög auðvelt er að fara á bak við tollgæsluna, og er því ekki að undra, þótt eitthvað geti út af borið í þessu efni. Mjer er sagt, að úti um land sje þessu sumstaðar svo háttað, að lögreglustjórarnir „hringi upp" sumar verslanirnar í umdæmum sínum og spyrji þær, hvort þær vilji ekki fá þessa tollmiða til álímingar, og jeg hefi heyrt, að þeir hafi stundum verið spurðir um það, hvort öllum verslunum væri ætlað að líma á tollmiða, og að þá hafi lögreglustjórarnir svarað, að það væru aðeins „betri" verslanirnar, sem ætlast væri til af, að gerðu þetta. Þegar svona er komið, að eftirlitið er ekki tryggara en svo, að lögreglustjórarnir ákveða sjálfir, hverjir eigi að fá þessa miða, þykir mjer útlitið ekki glæsilegt um árangurinn. Hverjar eru þessar „betri" verslanir? Heiðarlegir menn líklega, sem reka þessa atvinnu. Verslunarleyfi fá ekki aðrir en þeir, sem hafa óflekkað mannorð, hafa t. d. ekki verið dæmdir fyrir verk, sem er svívirðilegt að almenningsáliti, og þá verður þetta svo, að nær því hver sem vill getur fengið þessa miða í hendur. Með öðrum orðum, eftirlitið með tollgreiðslunum er þá falið tóbaksverslununum sjálfum.

Mjer hefir verið sagt vestan af landi af óljúgfróðum manni, að skúffurnar hjá sumum kaupmönnum þar sjeu svo að segja fullar af þessum miðum. Hvort þetta stafar af því, að miðarnir hafi í fyrstu verið svo illa límdir á, að þeir hafi dottið af aftur, veit jeg ekki, en ef svo er, má mjög auðveldlega nota þá oftar en einu sinni, ef mönnum býður svo við að horfa. Mjer sýnist af þessu, að tryggingin við þetta fyrirkomulag á tollgæslunni sje nauðalítil, en kostnaðurinn við hana er samkv. upplýsingum hæstv. ráðherra varla undir 40—50 þús. kr. árlega. Sýnist mjer varla ástæða til að halda í þessa aðferð til lengdar.

Þegar verið var að berja í gegnum síðasta þing lögunum um afnám tóbakseinkasölunnar, var sýnt fram á, að þetta fyrirkomulag mundi ekki verða tryggara en það, sem áður var notað, og er nú sú raunin á orðin, að þetta mun síst hafa verið ofsagt þá. Nú má að vísu segja, að undir landsversluninni hafi menn átt við sömu freistingu að stríða til að svíkja tollinn, en við það er það að athuga, að allar vörur landsverslunarinnar voru stimplaðar með merkjum, sem ekki duttu af og ekki var hægt að nota aftur. Þessi tollgæsluaðferð er ekki svo glæsileg, að hægt verði að halda því fram, að breytt hafi verið til hins betra við afnám tóbakseinkasölunnar, þegar litið er á það, hverj-

ar ráðstafanir eru gerðar til að hafa eftirlit með því, að tóbak sje ekki flutt inn fram hjá tolleftirlitinu. Það getur að vísu farið svo í eitt eða tvö ár, að mönnum verði að þeirri von, að tollur greiddur í ríkissjóð verði eitthvað hærri með þessu fyrirkomulagi, er allir geta flutt inn tóbak, sem vilja, en hitt er áreiðanlegt, að þegar fram í sækir, verður meðaltal tollupphæðarinnar árlega síst meira en meðan landsverslunin fór með þessa verslun, ef gera má ráð fyrir svipuðu árferði framvegis sem var þá. Jeg er sannfærður um, að þegar þetta verður borið saman, verður sá samanburður landsversluninni í hag. Ríkisstjórnin verður framvegis að gera gangskör að því, að ríkissjóður missi ekki stórfjár í tolli við þetta fyrirkomulag, þegar þó svona miklu fje er varið til eftirlitsins. Það er þegar orðið ljóst, að jeg hafði ekki að ófyrirsynju spurt um þetta, úr því svona auðvelt er að ná í þessa tollmiða. Þegar allir kaupmenn, sem vilja, geta fengið miðana, er þetta stórhættulegt fyrirkomulag ríkissjóði. Jeg beini þessu að vísu ekki til *allra* kaupmanna, að þeir svíki tollinn, en sumir þeirra hafa orðið uppvísir að því að hafa framið tollsvik á liðnum árum. Ríkisstjórnin verður því að hefjast handa og setja frekari tryggingar fyrir því, að tollsvik geti ekki átt sjer stað. Það allra minsta, sem stjórnin gæti gert, þó að þetta fyrirkomulag haldi áfram að vera svona dýrt, er það að gera gangskör að því, að engir aðrir en tollþjónar ríkisins fari með þessa miða. Að setja kaupmönnum þetta í sjálfsvald nær engri átt. Þó að einhverjir þeirra fari vel með þetta og sjeu heiðarlegir menn í því efni, er ekki treystandi á, að allir geri það, og þegar miðarnir liggja hrönnum saman í skúffunum hjá þeim, er mikil freisting fyrir þá að nota miðana aftur, því enginn kaupandi krefst þess, að þessir miðar fylgi vörunum.

Þá kem jeg að fimtu spurningu minni, sem hæstv. forseti leyfði, að mætti komast hjer að, þó að hún snerti ekki fjárlögin. Hæstv. ráðh. (JÞ) hefir svarað þessari spurningu, um steinolíuverslunina og ullartollinn, svo, að mjer eru alger vonbrigði að því svari. Hann sagði í upphafi ræðu sinnar, að hann ætlaði ekki að svara þessu, en ætlaði aðeins að koma fram með nokkrar upplýsingar í málinu og leiðrjetta skakkar upplýsingar, sem fram hefðu komið. En alt, sem hæstv. ráðherra sagði, hefir komið fram áður. Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa einhverjar nýjar ástæður fyrir staðhæfingum sínum, og þess hefði mátt vænta, að hann hefði skjallegar sannanir fyrir sínu máli, sem hann gæti lagt fram. Að hann ekki gerði það straks og hann kom með þessar staðhæfingar sínar, gat hafa stafað af því, að hann hefði ekki haft plögg sín við hendina; en nú hefir hæstv. ráðherra ekkert til að bera fram sínu máli til stuðnings. Í þess stað les hann upp úr þingtíðindum frá 1922 og '23, sem öllum eru kunn. Það stendur því ennþá upp á hæstv. ráðherra að koma fram með sannanir fyrir þeirri staðhæfing sinni, að ullartollurinn sje að kenna steinolíusamningnum. Nú hefir háttv. 2. þm. Rang. (KIJ) komið fram með plagg í málinu, sem tekur af allan vafa um það, að tollurinn er ekki steinolíusamningnum að kenna. Hæstv. ráðherra hefir því ekkert eftir í sínum höndum til þess að standa við sín stóru orð og rjettlæta þetta frumhlaup sitt. Þetta, að stjórn U. S. A. hafi látið í ljós óánægju yfir steinolíusamningnum, vissu menn áður. Það stendur í Stjórnartíðindunum.

Eitt atriði held jeg þó, að hafi verið nýtt í ræðu hæstv. ráðherra, að það hafi einn maður vitað um samninginn, sjeð hann og lesið áður en hann var birtur, þ. e. forstjóri D. D. P. A. í Kaupmannahöfn. Nú veit jeg ekki, hvers vegna hæstv. ráðherra blandar þessu inn í þessar umræður. Það mætti draga af því þá ályktun, að hæstv. ráðherra þykist vita, að þessi maður hafi komið því til leiðar, að ullartollurinn var lagður á, í hefndarskyni fyrir steinolíueinkasöluna. Hæstv. ráðherra sagði þetta að vísu ekki, en hann skaut þessu fram í ræðu sinni á þann hátt, að þetta verður að telja líklegt sem skoðun hæstv. ráðherra. Nú hefir það verið upplýst, að 3 fjelögum í U. S. A. var gerður kostur á að selja steinolíu hingað til lands, svo að þetta er harla ólíklegt. Hæstv. ráðherra hefir ekki komið fram með neinar sannanir, ef hann á annað borð hefir nokkrar sannanir til; hann endaði ræðu sína á því, að að svo stöddu teldi hann ekki ástæðu til að leggja gögn sín fram í þessu máli. Þetta er mjög svipað framkomu hans í sameinuðu þingi, er hann var krafinn sagna um þetta mál. Þá sagði hann þetta sama, — að svo stöddu teldi hann ekki ástæðu til þess að verða við þessum kröfum þingsins. Þetta var talið líklegt þá af því að hann hefði ekki skjöl sín eða málsgögn við hendina, en nú þegar hann er enn spurður um þetta sama, finnur hann ennþá „ekki ástæðu til að svara því". Þegar ráðherra leggur svona á flótta, hafa menn fullan rjett til að vjefengja það, að hann hafi nokkurn skapaðan hlut sem ástæðu fyrir þessum dylgjum sínum; þegar hann fund eftir fund leggur á flótta eða fer undan í flæmingi, er ekki hægt annað en álíta, að hann hafi farið með staðlausa stafi. Jeg sje nú, að hæstv ráðherra er að gefa forseta bendingu um að hann kveðji sjer hljóðs. Jeg vænti því, að hæstv. ráðherra í þetta sinn komi nú fram með stóru „kanónuna" og skjóti nú fram öllum þessum ógurlegu sönnunum sínum; hann getur haft ullartollinn í „forhlað".

Jeg vík þá frá þessu máli að sinni, vegna þess að hæstv. ráðherra hefir ekki gert fullkomna grein fyrir sínum málstað, eins og líka vænta mátti. Þó að þetta framferði hans sje æðigrunsamlegt, geta ef til vill einhverjir orðið til að trúa honum og haft von um, að hann kunni að hafa einhver gögn í höndum, en ef svo er, ætti ekki að þurfa að toga það með töngum frá honum.

Þá kem jeg að spurningu minni til hæstv. atvrh. (MG) um það, með hvaða heimildum hann hafi sett í útvarpsreglugerðina ákvæði um, að það þurfi sjerstakt leyfi til að selja tæki, og með hvaða heimild skattur er lagður á einstaka hluti til tækjanna. Sannast að segja gaf hann ekki neitt ákveðið svar við þessu. Hann kom að vísu með nokkrar skýringar, en er jeg spurði, hvaða stoð þetta hefði í lögunum, sagði hann aðeins, að þetta hefði verið nauðsynlegt, því ella væri erfitt að ná inn stofngjöldunum og menn gætu sett upp tæki án þess að útvarpsstöðin vissi af því. Það var rjett athugað hjá hæstv. ráðh. (MG); jeg tel stofngjöldin alt of há og tel þetta mjög misráðið, því það verður áreiðanlega til þess að tefja fyrir því, að menn komi sjer upp móttökutækjum og árlegar tekjur útvarpsstöðvarinnar verða því minni en ella. Hitt getur verið, að einhverjir fái sjer tæki án þess að stöðin viti af því, en hjer er svo strjálbygt, að það er ekki sambærilegt við útlönd, og því ætti að vera auðvelt hjer að komast fyrir, hverjir eiga tæki, og láta þá sæta sektum fyrir, ef þeir gera tilraun til að koma sjer undan rjettmætum gjöldum til útvarps-

stöðvarinnar. En jeg geri ráð fyrir, að menn mundu fúslega segja til sín og greiða árgjöld sín, ef gjaldið væri lægra; um þetta yrði því varla að ræða, eða í svo smáum stíl, að engu næmi.

Að leggja þennan skatt á hluta úr tækjunum er að mínu áliti ólöglegt og alveg ófært. Mjer skilst, að þá þurfi að greiða hann í hvert skifti, sem kaupa þarf einhverja smávarahluti, t. d. „spólur" o. fl., og að þá geti stofngjaldið á þennan hátt orðið langt yfir 85 kr. Þó ekki eigi ef til vill að greiða skattinn af öllum varahlutum, verður erfitt að greina þetta í sundur, og því væri best að fella þennan skatt niður.

Mjer skilst það verði dálítið erfitt í framkvæmdinni, þegar á að greina á milli þeirra, sem hafa heimagerð tæki, og hinna, sem kaupa þau erlendis. Jeg álít ekki fullkomna stoð í lögum til þess að leggja skatt þannig á, jafnvel þótt hæstv. ráðh. (MG) telji þetta tryggilega aðferð til þess að ná inn stofngjaldi fyrir útvarpsrekendur. Það getur verið, að árgjöldin sjeu ekki of há, ef til vill ekki hærri en búast má við; en það eru sjerstaklega stofngjöldin, sem jeg álít, að hæstv. ráðherra ætti að gera sitt til að fella niður. Jeg er sannfærður um, að það borgar sig fyrir útvarpsfjelagið, að minsta kosti þegar þau vasatæki koma hingað, sem mun hafa verið sagt frá í blöðunum í dag.

Það er þá ekki fleira, sem jeg hefi að taka fram við þessa umræðu. Ef jeg skyldi nauðsynlega þurfa á að halda, þá vænti jeg, að hæstv. forseti leyfi mjer að gera stutta athugasemd. Jeg heyri, að þær sjeu komnar í „móð" aftur hjer í hv. deild.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þótti vænt um að heyra það frá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að hann kannaðist við það, að tollurinn á íslenskri ull var ákveðinn í Bandaríkjunum í janúar 1923. Hann gekk í gildi í febrúar sama ár, þ. e. a. s. hjer um bil hálfu ári eftir að einkasölusamningurinn um steinolíu var gerður. Jeg vil í þessu sambandi minna á það, og ætla enn að halda mjer við þær upplýsingar, sem fram hafa komið í málinu, að í skjölum frá utanríkisstjórninni, sem hv. þm. hafði í höndum hjer og þá og vitnaði til á þinginu 1923, þá voru þessi tvö atriði, steinolíusamningurinn og ullartollshækkunin, sett í samband hvort við annað. Hv. þm. hjelt því fram þá, að samband þeirra væri þannig, að það mætti skoða steinolíusamninginn sem viðurkenningu frá okkar hendi fyrir ullartollshækkunina. *(KlJ*: Það stendur í brjefi sendiherrans). Það standa ummæli í brjefinu, sem hv. þm., þá ráðherra, skildi á þessa leið. Jeg benti á þegar, að sambandið milli þessara tveggja viðburða hlyti að vera gagnstætt, — að sá fyrri gæti ekki verið afleiðing af þeim síðari, en hitt gæti verið, að sá síðari, nefnilega ullartollshækkunin, væri afleiðing af þeim fyrri. Þannig hlyti það að vera, ef nokkurt orsakasamband væri þarna á milli. Þessi skilningur minn er nú staðfestur, þegar það er fullkomlega upplýst, hvor viðburðurinn gerðist fyr.

Því næst vitnaði hv. þm. í brjef frá verslunarfirma í Philadelphia frá í jan. 1923. Það á nú að sanna, að ástæðan fyrir tollhækkuninni hafi verið önnur en steinolíusamningurinn, þar sem firmað heldur því fram, að eina ástæðan fyrir tollhækkuninni sje sá möguleiki, að íslenskt fje hafi verið blandað með ensku merinofje.

Jeg vil út af þessu gera ofurlítla grein fyrir því, hvað gekk á undan tollhækkuninni að því er snertir löggjöf Bandaríkjamanna um þetta. Það eru gögn til um þetta, sem liggja fyrir opinberlega áður.

Án þess að fara neitt aftur í tímann, skal jeg geta þess, að seinustu tollalög Bandaríkjanna á þessu sviði gengu í gildi í sept. 1922. Eftir þeim lögum er ullin tolluð í tveimur flokkum. Það eru tvær greinar í lögunum, sem fjalla um það, hvernig eigi að tolla ullina. Í annari greininni er lýst þeirri ull, sem eigi að tolla í hærri flokki, en í hinni greininni þeirri ull, sem á að tolla í lægri flokki. Það er sú grein, sem nú hefir verið vísað til. Þar er einmitt sagt, að í þessum lægri flokki sje ull, sem ekki sje bætt af kynblöndun með merino-fje eða ensku fje. Þarna er þetta verslunarfirma ekki að segja neitt annað en það, að eftir landslögum hljóti þessi tollhækkun að byggjast á því, að fjeð sje blandað með þessari útlendu fjártegund. En nú er þetta framkvæmt svo í Bandaríkjunum, að frá því í sept. 1922 og þangað til í janúar 1923 var það talið svo, — sem vitanlegt var áður, — að okkar ull væri í lægri flokki, vegna þess að okkar fje var ekki blandað þessari ullarbetri fjártegund. Jeg held þá, að allir hljóti að viðurkenna það, að það hlýtur þó að vera einhver orsök til þess, að þessi breyting verður í jan. til febr. 1923. En sú orsök liggur sannarlega ekki í því, að okkar fje hafi tekið nokkurri kynblöndun á því tímabili. Það verður að leita að henni annarsstaðar. Og þó að þetta firma geti ekki ímyndað sjer neina aðra ástæðu fyrir því, að nú er alt í einu farið að líta svona á, að fjeð sje kynblandað, þá sýnir það ekki annað en það, að firmað gerir ráð fyrir, að hjer sje verið að fara eftir lögunum.

Jeg ætla sem sagt ekki að fara lengra út í þetta; því að brjefið frá þessu verslunarfirma tekur auðvitað ekki af neinn vafa í þessu efni. Það segir ekkert annað en það, hvernig lögin hljóða um þetta. Og þær upplýsingar, sem hv. þm. gaf nú um úrslit málsins, fela ekki neitt annað í sjer heldur en það, að nú er fengin viðurkenning fyrir því, að samkv. lögum eigi okkar ull að vera í lægri flokki, af því að okkar fje sje ekki kynblandað. En hvernig á því stendur, að það hefir tekið 3 ár að fá þessa viðurkenningu sannleikans leidda í ljós þarna fyrir vestan, og hvers vegna afleiðingar hennar fengu að koma fram í tollákvæðum gagnvart okkur, — um það upplýsti hv. þm. náttúrlega ekki neitt.

Úr því að jeg er við þetta mál, þá get jeg strax svarað því litla, sem jeg þarf að svara hv. 2. þm. Reykv. (JBald) viðvíkjandi því máli. Hann spurði, hvað mjer gengi til að blanda forstjóra danska steinolíufjelagsins í Kaupmannahöfn inn í þetta. Jeg dró aðeins fram nokkrar upplýsingar um málið, sem allar komu fram opinberlega í þingtíðindunum 1923, og komu þá frá þáverandi atvrh. En hins vegar ætla jeg fyrir mitt leyti ekki að gera ráð fyrir öðru en því, að þessi maður hafi gert skyldu sína, sem var sú, að láta umbjóðanda sinn, Standard Oil Company í Bandaríkjunum, vita um þennan samning, sem honum hafði verið sýndur. Jeg verð að telja það sjálfsagt, eftir öllum venjum og reglum, að hann hafi talið sjer þetta skylt.

Þá sagði hv. þm., að þremur fjelögum í Bandaríkjunum hafi verið gefinn kostur á að gera tilboð um sölu á olíu. Jeg hefi sjeð í þingtíðindunum frá 1923, að þremur slíkum fjelögum hafi verið gefinn kostur á að selja landsverslun olíu 1921. En jeg hefi ekki neinstaðar sjeð neitt um það, að þeim hafi verið gefinn kostur á að gera tilboð um einkasölu á steinolíu til landsins 1922.

Það er frá mínu sjónarmiði ekki eins

mikil ástæða til að fara langt út í þetta mál, þar sem leiðrjetting er komin á þessu atriði málsins, sem varðar hag þjóðarinnar, nefnilega ullartollinn. En það er þó rjett að stinga fingri á það, að það, sem var misgert með þessum steinolíusamningi, var það, að það var snögglega og án nokkurra samningaumleitana sett hjer algert innflutningsbann, að viðlagðri geysimikilli sekt, á tiltekinni vörutegund frá stóru landi, sem áður hafði selt mikið af þeirri vörutegund hingað til landsins. Jeg þykist raunar vita, að annað eins og þetta verði aldrei gert aftur. Jeg þykist vita, að öllum sje ljóst orðið nú, að land, sem verður hagsmuna sinna vegna að reka nokkra utanríkispólitík, það má ekki fara svona að ráði sínu. Það má ekki útiloka þannig vörur frá einu landi samtímis því að greiða fyrir innflutningi og sölu á sömu vöru frá öðru landi. Annað mál er það, ef af innanríkisástæðum þykir rjett að banna alveg innflutning á einhverri vörutegund og það bann væri látið ganga jafnt yfir alla. Þetta er það atriði málsins, sem þýðingu hefir fyrir framtíðina, eftir að rjetting er fengin á því, sem orðið var.

Þá ætla jeg að víkja örlítið að hinum öðrum atriðum, sem hv. 2. þm. Reykv. nefndi. Honum þótti stjórnin hafa gengið slælega eftir því, að Íslandsbanki lækkaði vexti og taldi stjórnina hafa aðstöðu til þess að ráða forvöxtum bankans, af því að hún samkv. lögum ætti að skipa tvo af þremur bankastjórum. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Með þessu valdi til að skipa bankastjóra er stjórninni ekki gefið húsbóndavald á þann hátt, að hún geti sagt þeim fyrir um, hvaða ákvarðanir þeir skuli taka viðvíkjandi málefnum bankans. Þetta veit hv. þm. í raun og veru vel, enda þótt hann tali svona.

Hv. þm. sagði, að ekki væri ástæða fyrir Íslandsbanka að hafa hærri vexti en Landsbankinn. Jeg skal ekki gera mig að neinum dómara um það. En jeg geri ráð fyrir, að mjer sje óhætt að segja frá þeim höfuðástæðum, sem stjórn Íslandsbanka bar fyrir sig í þessu efni. Það var svo, að um leið og útlánsvextir lækkuðu um 1% voru innlánsvextir lækkaðir í báðum bönkunum um ½%. Þetta samsvarar þeirri breytingu, sem næst áður hefir verið gerð á vaxtastiganum; þá hækkuðu innlánsvextir um ½%, en útlánsvextir um 1%. Nú hjelt stjórn Íslandsbanka því fram, að því fjármagni, sem Íslandsbanki hefði yfir að ráða, væri þannig háttað, að hann nyti miklu minni hlunninda af slíkri lækkun innlánsvaxta heldur en Landsbankinn, af þeirri einföldu ástæðu, að það er miklu minni hluti af starfsfje Íslandsbanka innlánsfje heldur en af starfsfje Landsbankans. Jeg held það verði ekki á móti því mælt, að þetta sje rjett. Og þetta var sú höfuðástæða, sem bankastjórn Íslandsbanka bar fyrir sig.

Þá talaði hv. þm. um það, að stjórnin hefði ekki grenslast eftir lánskjörum til þess að innleysa enska lánið. Jeg verð að segja, að þessar aðfinslur eru ástæðulausar eftir að það er upplýst, að enginn kostur er á að innleysa þetta lán fyr en árin 1931—'32. Það er því sannarlega þýðingarlaust og ótímabært að fara nú að leita fyrir sjer um kjör á lánsfje, sem kynni að þurfa að nota eftir svo langan tíma. Vaxtakjör geta breyst svo mjög á því tímabili, að enginn lánveitandi, sem annars vill veita lán, bíður svo lengi eftir, að slík viðskifti komist í kring.

Hv. þm. gat þess um þetta lán, að vextirnir væru 9%. Þetta er skakt. Þeir eru ekki nema 7%. Hvað hinir raunverulegu

vextir kynnu að verða, ef metin eru afföll af láninu og gengismismunur, sem orðinn er og kann að verða, það skal jeg ekki segja um. En jeg hugsa, að niðurstaðan verði sú, að hinir raunverulegu vextir sjeu langt fyrir niðan 9%, og kannske fyrir neðan 7%, sem nafnvextirnir eru. Jeg held, að hv. þm. geti yfir höfuð ekki sett neitt út á gerðir stjórnarinnar í þessu efni. Þessi handhafaskuldabrjef fyrir láninu eru „börspappírar". Og þó að hægt sje að fá vitneskju um einstaka pósta, sem liggja í nokkrum föstum höndum, þá er talsvert mikill hluti af brjefunum verslunarvara og ómögulegt að fá vitneskju um, hvar eru niðurkomin, og því ómögulegt að ná í þau öðruvísi en með frjálsu kaupi, þangað til tíminn kemur, að hægt er eftir lánssamningnum að kalla þau inn. En jeg skal taka það fram, að það er ekki óvenjulegt um slík handhafaskuldabrjef, að sett eru ákvæði um, að þau verði ekki innkölluð um nokkuð langt árabil.

Þá kem jeg að gullkaupum Íslandsbanka. Hv. þm. áleit, að stjórnin hefði ekki átt að gefa bankanum rjett til þess að leita til dómstólanna um þá kröfu, sem framkvæmdastjórn bankans taldi sig hafa til frekari greiðslu en stjórnin áleit bankann eiga heimtingu á. Jeg held satt að segja, að fáir verði honum samdóma um þetta. Það er virkilega ein af þeim grundvallarstoðum, sem þjóðfjelagið hvílir á, að hver maður, sem þykist órjetti beittur, fái rjett til þess að leita dómsúrskurðar um sitt mál. Og það verður yfir höfuð að telja það óleyfilegt fyrir framkvæmdavaldið að beita þeirri harðýðgi við nokkurn að meina honum að leita þannig rjettar síns, enda þótt það af einhverjum ástæðum hafi þau tök á hlutaðeiganda eða þá aðstöðu, að það geti neytt hann til að sleppa slíku rjettartilkalli. Ágreiningurinn er einmitt um það, hvað felist í samningnum. Og þá verður þeim sama samningi vitanlega ekki beitt til þess að hindra annan aðiljann frá því að leita til dómstóla.

Möguleikar Íslandsbanka til þess að fá meira en nafnverð peninga fyrir gull sitt byggist einungis á því, að bankinn hefir verið leystur frá innlausnarskyldu. Og jeg átti við, að það væri á valdi löggjafarvaldsins, ef það vill, að beita þessu atriði til þess að hindra bankann frá því að gera frekari kröfur um greiðslu fyrir gull sitt. En framkvæmdarvaldið getur það ekki.

Þá mintist hv. þm. á kostnað við tóbaksmerkingu eða álímingu tollmiða og gerði þá áætlun, að árlegur heildarkostnaður af slíku á landinu mundi verða 40—50 þús. kr. Sú áætlun stendur fyrir hans eiginn reikning. Og eftir því, sem háttv. þm. lýsti álímingunni, þá ætti hún ekki að vera kostnaðarsöm. Er því ótímabært hjá honum að vera að bera þann kostnað saman við rekstrarkostnað tóbakseinkasölunnar, sem var um 100 þús. kr. á ári.

Þá lýsti hann því sem sínu áliti, að tollþjónar yrðu alstaðar að gera þetta verk; það næði engri átt að leyfa kaupmönnum að hafa það á hendi. En í þessu efni fór jeg eftir því, sem fram kom í framsögu málsins í fyrra, og sömuleiðis undir umræðunum, að rjett væri að fela kaupmönnum þetta, því að tollþjónar eru ekki svo margir til á landinu, að hægt sje að láta þá framkvæma þetta verk.

Þá þótti hv. 2. þm. Reykv. (JBald) þessi eftirlitsráðstöfun ótryggari en merking sú, sem gerð var af tóbakseinkasölunni, því að hún hafi látið stimpla allar vörur. Upp úr þessu held jeg að sje ekki mikið

leggjandi. Fyrst og fremst af því, að vörurnar voru ekki allar stimplaðar; og í öðru lagi veit jeg ekki, hvort það er á nokkurn hátt betra að senda merki þessi út til verksmiðjanna og láta þær festa þau á heldur en gera það hjer. Jeg held, að munurinn sje ekki mikill, og þegar þess er ennfremur gætt, að sum merkin voru beinlínis búin til hjá þeim verksmiðjum, sem framleiddu vöruna, og límd þar á án nokkurs eftirlits.

Jeg held því, að allir hljóti að vera sammála um það, að þessi merking utanlands feli á engan hátt í sjer meiri tryggingu en merking sú, sem er framkvæmd hjer.

Þá tel jeg mig hafa svarað þeim eldhúsdagspóstum, sem hv. 2. þm. Reykv. var að koma með nú, eftir að hafa setið hjá við hinar reglulegu eldhúsdagsumræður eins og feimin roðnandi yngismey.

Jeg vil þá víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), en mun hafa það minna en þörf hefði verið, af því að þessi hv. þm. er þegar búinn að tala sig dauðan.

Hann gerði að umtalsefni þau ummæli mín, að kreppa sjávarútvegsins væri þegar byrjuð, og jafnframt þær afleiðingar, sem jeg taldi, að hún myndi hafa fyrir útveginn á þessu ári. Hann kannaðist ekki við þessa kreppu og sagði, að ef hún kæmi, þá væri þar ekki öðru um að kenna en sjálfskaparvítum stjórnarinnar, eða þá þingsins í heild sinni.

Jeg verð að segja, að mjer fanst þetta hreystilega mælt, að vilja ekkert gera úr því, þó að verð á saltfiski hafi lækkað úr 9,5 niður í 5,5 sterlingspund skippundið. Jeg get ekki meint, að þetta geti talist sjálfskaparvíti. Annars get jeg engan trúnað lagt á, að svona stórkostlegt verðhrun á aðalútflutningsvöru okkar hafi engin áhrif á tekjur ríkissjóðs næsta ár. Jeg held miklu fremur, að við þessi ummæli þingmannsins eigi það, sem segja má um suma menn, að sælir eru þeir, sem ekki trúa þótt þeir sjái.

Atvinnumálaráðherra (MG): Eins og jeg bjóst við, var hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald) ekki ánægður með svör þau, sem jeg gaf honum um útvarpið. En þó hann væri ekki ánægður með þau, gat hann látið vera að afbaka þau. Hann sagði, að jeg hefði ekki svarað honum þeirri fyrirspurn, með hvaða heimild jeg hefði leyft, að taka mætti gjald af einstökum tækjahlutum. Jeg svaraði honum þessu á þá leið, að eins og taka mætti gjald af heilum tækjum, eins mætti taka það af nokkrum hlutum þeirra. Þetta held jeg, að þessi háttv. þm. ætti að þakka fyrir, ef hann kynni að meta það. Því að það er miklu verra fyrir útvarpsnotendur að þurfa altaf að kaupa heil tæki, þegar þá vantar aðeins eitthvað í þau.

Þá sagði þessi hv. þm., að það væri mjög misráðið, hversu stofngjaldið væri hátt. Þetta getur hann ekkert sagt um. Það er vitanlega altaf hægt að baða út öllum öngum hjer í þingsalnum og hrópa, að þetta og þetta eigi ekki svona að vera, án þess að finna orðum sínum nokkurn stað. Nei, jeg get fullvissað þennan hv. þm. um, að alt það, sem gert hefir verið í þessu máli, hefir verið gert af einlægum vilja, svo víðvarpið mætti komast hjer sem fyrst á. *(JBald*: Þetta er gróðafyrirtæki). Nei, þetta er ekkert gróðafyrirtæki, og form. útvarpsnotenda sagði mjer síðast í dag, að hann væri orðinn fyllilega viss um, að þetta væri ekki gróðafyrirtæki. Hjer er því um ekkert annað að tala af hálfu þessa háttv. þm. en hina venjulegu öfund yfir því, að hann held-

ur að aðrir græði, því að hingað til hefir hann engan áhuga sýnt fyrir þessu máli.

Hann vjek ennfremur að enska láninu. Því hefir reyndar hæstv. fjrh. svarað að mestu, en jeg vil þó bæta við það nokkrum orðum. Hann sagði meðal annars, að raunverulegir vextir af láni þessu væru fullir 9%.

Af láni þessu, sem var að nafnverði 500 þús. sterlingspund, fengum við útborgað 425 þús. sterlingspund. Á þeim tíma var íslenska krónan fallin svo, að hvert sterlingspund kostaði kr. 27—28. (*TrÞ*: Fjell hún svona alt í einu?). Nei, hún hafði fallið smátt og smátt, eins og kunnugt er, og um það bil, sem lánið var tekið, fjell hún. Ef gengið er út frá 27 kr. gengi á sterlingspundi, höfum vjer fengið upp úr enska láninu kr. 11475000,00. Nú er gengi á pundinu um 22 kr., og ef gengið er út frá, að það verði það meðalgengi, sem við þurfum að greiða meðan lánið stendur, þá þurfum við fyrir þessi 500 þús. sterlingspund að greiða 11 milj. kr. Við borgum því nærri ½ miljón minna en við fengum og losnum við afföllin. Þau hverfa við gengisbreytinguna. Eftir þessu hljóta raunverulegir vextir að vera talsvert undir 7%. En. hv. 2. þm. Reykv. sagði, að þeir væru fyllilega 9%. Jeg skal vitanlega viðurkenna, að þetta er ekki meiri fjarstæða en venjulega hjá þessum háttv. þm. Ef enska lánið er borið saman við dönsku lánin, þá verður það vegna gengismunarins miklu ódýrara en þau.

Vegna ummæla háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) um styrk til markaðsleitar í Miðjarðarhafslöndunum, vil jeg geta þess, að mjer er ekki kunnugt um, að Gunnar Egilson sje heilsulítill, eins og honum sagðist frá. Jeg held þvert á móti, að hann, sem betur fer, sje mjög heilsugóður, eins og hann hefir lengst af verið. Ef þessi Karl Þorsteins á að fá alt fjeð, þá get jeg því síður gengið inn á tillöguna.

Klemens Jónsson: Jeg skal ekki þreyta háttv. deild með langri ræðu.

Jeg hjelt, að hæstv. fjrh. myndi láta sjer segjast við þær alveg ótvíræðu upplýsingar, sem jeg gaf hjer í deildinni í dag um ástæður til hækkunar ullartollsins.

Jeg hafði margtekið það fram, að jeg hefði haft fulla ástæðu til að halda, að ullartollurinn í Bandaríkjunum hefði komist á í ársbyrjun 1922, eftir þeim upplýsingum, sem sendiherrann í Washington gaf, og hvorki mjer nje nokkrum öðrum gat dottið í hug að vjefengja það, að sendiherrann vissi, hvenær ullartollurinn hefði verið hækkaður, en það hlaut, eftir ummælum hans, að hafa verið áður en steinolíusamningurinn var gerður. En nú hefir það verið upplýst, að hann hafi komið á um áramótin 1923. Og hæstv. fjrh. sagði, að það gleddi sig, að jeg hefði viðurkent, að mjer hefði skjátlast í þessu efni.

Jeg skammast mín ekkert fyrir það, þó að jeg geti tekið nýjum upplýsingum, eða yfir höfuð að tala látið sannfærast. Það er hreint og beint skylda allra þingmanna. En því miður get jeg ekki gefið hæstv. fjrh. sömu „kompliment“ á móti. Hann hefir ekki látið sannfærast af alveg skýlausum rökum og skjallegum, að það er ekki og hefir aldrei verið neitt samband milli ullartollshækkunarinnar og steinolíusamningsins.

Hefði það verið, myndi sendiherrann í Bandaríkjunum hafa vitað það og utanríkisráðherra Dana myndi þá hafa sagt eitthvað á þessa leið: „Ástæðan til toll-

hækkunarinnar er ykkur sjálfum að kenna. Þið hafið nýlega gert samning við breskt fjelag um kaup á steinolíu, en gengið fram hjá Bandaríkjunum. Afnemið þið þessa einkasölu, og þá fáið þið ullartollinn afnuminn". En hann sagði ekkert á þessa leið, sem heldur ekki var von, því samningurinn stóð ekki í neinu orsakasambandi við ullartollinn.

Hugsanaferill hæstv. fjrh. virðist vera á þessa leið: Steinolíusamningurinn er gerður í ágúst 1922. Þetta er strax símað til Ameríku, til þess volduga fjelags, sem D. D. P. A. er einn angi af. Stjórn fjelagsins fer svo í ríkisstjórn Bandaríkjanna og fær hana til að hækka ullartollinn, til þess að straffa Íslendinga fyrir samninginn. Á annan hátt en þennan verða ekki orð og ummæli hæstv. fjrh. skilin.

En jeg vil ljúka máli mínu með því að segja það, að jeg verð að telja það mjög hættulegt að setja fram slíkar dylgjur eða grunsemdir í garð erlendra stjórnarvalda, eins og hæstv. fjrh. hefir gert í máli þessu. Það er honum engin afsökun nú, þótt hann vilji ekki við það kannast, því framkoma hans verður ekki skilin á annan veg.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil staðfesta fyrri ummæli mín um þetta atriði, að jeg hafi aldrei framsett neinar staðhæfingar eða dylgjur í garð stjórnar Bandaríkjanna. En hinu hefi jeg haldið fram, að þessi stjórnarvöld gátu verið í góðri trú um það, að rjettmætt væri gagnvart okkur að setja á ullartollinn.

Annars vil jeg geta þess, út af því, sem hv. 2. þm. Rang. (KlJ) talaði um brjefið frá Philadelfia, að jeg tel ekki víst, og hefi enga tryggingu fyrir því, að „firma" það, sem brjefið er frá, hafi vitað um einkasölusamning þann um steinolíu, sem búið var að gera á Íslandi, og þess vegna eigi getað haft hugmynd um, hvort steinolíusamningurinn hefði nokkur áhrif á ullartollinn. Við erum ekki það stórir, að öllum heiminum verði okkar stjórnarráðstafanir kunnar, en stjórn Bandaríkjanna hefir lýst því yfir í ársbyrjun 1923, að hún vissi þá um ráðstafanir okkar í steinolíumálinu, og sjest það í Alþingistíðindunum 1923.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg var að bíða eftir því, að borið væri blak af tveimur ungum mönnum, sem dregist hafa inn í umr. og sætt hörðum áfellisdómum.

Annar þeirra var skólastjórinn Arnór Sigurjónsson, sem hæstv. fjrh. (JÞ) sagði um, að menn þyrðu ekki að trúa fyrir unglingum til kenslu. Jeg veit ekki, í hverju þessi ákæra er fólgin, hvort Arnóri er borið á brýn, að hann hafi reynst slælegur stjórnandi, ljelegur kennari eða annað, — en gott væri, að skýrt sje sagt til um ákæruatriðin, ef ásökunin er ekki gripin úr lausu lofti. Ef til vill hefir einhver norðanlands sagt þetta við hæstv. fjrh. í þeim tilgangi að þóknast honum — fundið að þetta og annað eins hljómaði vel í eyrum ráðherrans — en það var óþarft fyrir hæstv. fjrh. að flytja slíka sögu hjer inn í þingsalinn, og enda hættulegt líka, því vita mátti hann það, hæstv. ráðh., að hann yrði krafinn sagna og heimtað, að hann fyndi þessum orðum sínum stað. Þessi ummæli eru í alla staði óviðeigandi og ósæmileg, svo að furðu gegnir, að þau skuli heyrast úr ráðherrastóli. Jeg hefi að vísu ekki komið norður að Laugum og kynst skólanum þar, en það leyfi jeg mjer að fullyrða eftir skýr-

um fregnum, að þar sje hvorki um óstjórn að ræða í kenslustundum nje kensluólag. En ef átt er við það, að Arnór Sigurjónsson sje framsóknarmaður og á öndverðum meiði við íhaldsflokkinn í stjórnmálum, þá vil jeg og neita því eindregið, að hann noti skólann til útbreiðslu stjórnmálaskoðana sinna. Og eftir því sem jeg þekki Arnór Sigurjónsson, þá trúi jeg honum manna best til þess að rata rjetta götu í þessu efni. Jeg hefi þekt hann lengi og vel að drengskap og samviskusemi; hann er maður prýðilega gefinn, hefir aflað sjer góðrar mentunar og þroska. Þess vegna vildi jeg styrkja hann nú, þegar á hann er ráðist óverðskuldað, og leggja honum það lið, sem mjer er unt. Hann á það af öllum, sem til hans þekkja.

Þá var það hv. þm. Barð. (HK), sem rjeðist á Guðmund myndhöggvara Einarsson frá Miðdal með óvenjulegum hætti. Hann sagði þá sögu á fundi hjer í dag, að fátítt er, að þingmaður hlaupi með slíkar staðleysur inn í þingsalinn. Ef hv. þm. Barð. hefir trúað þessari sögu um brennivínstækin og bruggun áfengis af völdum Guðmundar, þá átti hann ekki að hlaupa með hana hingað, heldur snúa sjer beint til lögreglustjóra og kæra manninn, ef hann á annað borð vildi þjóna rjettlætinu. Annars þarf jeg ekki að eyða mörgum orðum til varnar Guðmundi Einarssyni. Hann er þektur að reglusemi og ráðvendni og hefir aldrei, svo kunnugt sje, sýnt sig að ólöghlýðni. Því þykist jeg vita, að einhver óvandur náungi hafi fleiprað þessari sögu út úr sjer, og vænti þess, að hv. þm. Barð. taki hana aftur, eins og hann hefir gert við flestar brtt. sínar, og lýsi því yfir í heyranda hljóði, að hann hafi gert listamanninum rangt til og þinginu óvirðing með því að fleipra slíkum þvættingi. Geri hv. þm. Barð. þetta, afsakar hann að nokkru frumhlaup sitt á hendur alsaklausum fjarstöddum manni, sem ekki getur sjálfur borið hönd fyrir höfuð sjer.

Jón Baldvinsson: Það verður auðvitað að vera „stutt athugasemd", þó að mörgu sje að svara, því jeg verð að eyða fáeinum orðum að þessum atriðum, sem jeg hefi aðallega beint til hæstv. fjrh.

Vík jeg þá fyrst að steinolíunni og ullartollinum. Því er nú endanlega slegið föstu, að hæstv. fjrh. hefir ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir sjer, þegar hann fullyrðir, að samband sje á milli þessara tveggja mála. Og er því endanlega slegið föstu, að þær ástæður, sem hann þóttist hafa fyrir þessari staðhæfing sinni, eru ekki til. Hann hefir ekkert annað fram að færa en getgátur og dylgjur. Síðasta getgátan var það sennilegasta, sem hæstv. fjrh. hefir borið fram í þessu máli, en það var hugleiðing ráðherrans um, að fyrstu mánuðina eftir að ullartollurinn kom í gildi, eða frá því í sept. 1922 og þangað til í janúar 1923, hafi íslensk ull verið í lægra tollflokki, og þess vegna hafi eitthvað skeð á þessu tímabili, sem hafi gert það að verkum, að tollurinn var hækkaður. Og sú var þá getgáta ráðherrans, að af því að einkasala var upp tekin hjer á steinolíu, þá hafi Bandaríkjastjórn felt úrskurð um að flytja íslenska ull í hærri tollflokk.

Jeg hefi nú aðra hugmynd um þetta, en jeg skal taka það fram, að það er getgáta, eins og hjá hæstv. fjrh. Hæstv. ráðherra er svo kunnugur framkvæmd tollalaga, að hann veit, að þegar ný tolllög koma í gildi, þá eru fyrstu mánuðina, og jafnvel fyrstu árin, stöðugir stjórnarúrskurðir um eitt og annað, er framkvæmd-

ina snertir. Og svo hefir vitanlega verið um þessi ullartolllög í Bandaríkjunum. Endurskoðendur eða eftirlitsmenn athuga, hvort fylgt er fyrirmælum laga eða hvort ríkið fær þær tekjur af tolllögum sínum, sem því ber. Við slíka athugun eða af einhverjum slíkum ástæðum kemur íslenska ullin til úrskurðar. Stjórnardeildin, sem þetta fær til úrskurðar, fer að athuga málið. „Hvar er Ísland?“ spyrja þeir. Landabrjefið sýnir, að Ísland er eyja í norðvestur af Skotlandi. „Allright!“ segir Bandaríkjamaðurinn. Eftir legu Íslands að dæma hlýtur þar að vera sama fjárkyn og á Englandi og Skotlandi. Þar með er úrskurður fallinn og íslensk ull komin í sama flokkinn og breska ullin. Og þessa tilgátu mína styður brjef það, er hv. 2. þm. Rang. (KlJ) las upp frá verslunarfjelagi í Bandaríkjunum.

Hæstv. fjrh. er að dylgja um það, að forstjóri steinolíufjelagsins danska í Danmörku muni hafa komið þessu til vegar, með því að tilkynna húsbændum sínum í Ameríku, Standard Oil Co., þessa íslensku ráðstöfun um steinolíueinkasöluna, og þá hafi stóra landið, Bandaríkin, sett bann á vöru frá landinu, sem að dómi ráðherrans hafði misgert við Standard Oil með því að gera steinolíusamninginn.

En trúir hæstv. fjrh. því, og trúir nokkur háttv. þdm. því, að Bandaríki Norður-Ameríku hafi farið að fara í tollstríð við okkur út úr steinolíusamningnum, fyrir það eitt, að Standard Oil fjekk ekki steinolíusöluna hingað, þegar þar að auki er upplýst, að steinolíufjelögum í Ameríku var gefinn kostur á að selja hingað steinolíu? Enginn getur heldur fært fram neina ástæðu fyrir þessu tollstríði, og það hefir hvergi verið borin fram ein einasta ástæða fyrir þessu sambandi steinolíueinkasölunnar og ullartollsins. En þessar umræður hafa ekki farið fram hjer að ástæðulausu, því að með þeim eru, eins og jeg hefi áður bent á, algerlega kveðnar niður dylgjur hæstv. fjrh. í þessu máli.

En jeg verð að fara fljótt yfir sögu og kem þá að öðru atriði. Hæstv. fjrh. taldi stjórnina ekki hafa neitt húsbóndavald yfir Íslandsbanka og geta því ekki fyrirskipað neitt um stjórn bankans nje ráðið því, hvaða vexti hann tekur af lánum. Hann færði fram þær varnir fyrir því, að vextir af lánum væru hærri í Íslandsbanka en í Landsbankanum, að sparisjóðsvextir hefðu líka verið lækkaðir, og af þeirri lækkun hefði Landsbankinn meiri hag en Íslandsbanki, því að sparifje væri meira hjá Landsbankanum.

Þessar ástæður eru einskis virði. Ríkið leggur Íslandsbanka til aðalfjármagnið með seðlaútgáfunni, sem bankinn hefir; landið hefir tekið lán, og það dýrt lán, og látið meginhluta þess, eða margar miljónir, í Íslandsbanka. Landið hefir veitt þessum banka margskonar hlunnindi. Og fyrir öll þessi fríðindi hefir landið áskilið sjer að skipa tvo af þremur bankastjórum bankans, og það var eingöngu gert til þess að geta ráðið aðalstefnu bankans í fjármálunum, og undir þetta heyra að mínu viti vaxtagreiðslur af lánum. Nú er undan því kvartað, að atvinnuvegirnir eigi örðugt, og þeim væri mikill ljettir að lækkun á vöxtum af lánum, því að líklega mun mest af fje bankans standa í lánum til þeirra, og þó einkum hjá sjávarútveginum. Og það er sjálfsagt ekki svo lítill munur fyrir þá, er mikið nota lánsfje, hvort þeir greiða ½% eða ekki. Nú lít jeg svo á, að þrátt fyrir yfirlýsingu hæstv. fjrh., þá hafi stjórnin þau tök á Íslandsbanka, að hún hefði

getað knúið bankann til jafnmikillar lækkunar á vöxtum af útlánsfje eins og Landsbankinn hefir gert. Ákvörðun útlánsvaxta er svo stórt atriði í starfsemi bankans, að landsstjórnin hefði átt að geta fengið þjóðkjörnu bankastjórana í Íslandsbanka til þess að taka það tillit til atvinnuvega landsmanna að láta þá vaxtalækkun fram fara, er Landsbankinn taldi gerlega. Annars má benda á, að Íslandsbanki tekur hærri vexti en Landsbankinn af t. d. fasteignalánum (víxlum, sem trygðir eru með 1. veðrjetti í fasteign), og framlengingarvexti tekur Íslandsbanki hærri en Landsbankinn.

Þar sem nú Íslandsbanki tekur þannig bæði af almennum lánum og lánum, er jeg hefi nýnefnt, hærri vexti en Landsbankinn, þá leiðir af því, að Íslandsbanki græðir meira á útlánsstarfsemi sinni en þjóðbankinn. Að athuguðum svörum hæstv. fjrh. fæ jeg ekki sjeð, að Íslandsbanki hafi neinar rjettmætar ástæður fyrir því að halda uppi vöxtunum, og get ekki heldur tekið gilda þá ástæðu ráðherrans fyrir því, að stjórnin hafi ekki vald til að grípa inn í og varna þess, að bankinn haldi uppi háum vöxtum af því útlánsfje, sem rennur til atvinnuveganna.

Jeg ætla ekki að fara langt út í enska lánið. Því er nú slegið föstu, að það sje ekki hægt að greiða þetta lán fyr en 1931—32 og ekki hægt eftir þann tíma nema með viðbótargreiðslu, er nemur um 3%. Og þó að hæstv. fjrh. segi sem svo, að þá verði gengi okkar hagstætt, þegar greiðslur þessar fari fram, þá er það vitanlega sagt út í loftið. Hann getur ekkert um það sagt með vissu. Hins vegar vonum við, að gengið standi vel, en staðhæfingar í því efni eru spádómar og ekkert annað. En víst er um það, að vextirnir af þessu enska láni eru ákaflega háir. Og heppnari hafa Danir orðið í sínum lántökum heldur en við. Þeir hafa tekið stórt miljónalán í Ameríku, en greiða ekki nema 4½—5% í vexti. Og munar það miklu, borið saman við okkur.

Þá er það Íslandsbankagullið. Hæstv. fjrh. efaðist ekki um, að mjer skildist, að mál við bankann út af afhendingu þess mundi vinnast. Eftir lögunum frá 1922 hafði mjer skilist, að gerður væri samningur um afhendinguna, og ætti þá stjórnin ekki að taka við gullinu öðruvísi en eftir þeim samningi. Að Íslandsbanki geti eftir dúk og disk krafist þess verðs fyrir gullið, sem honum sýnist, getur ekki náð neinni átt.

Þá kem jeg nú að tóbakinu og vænti, að hæstv. forseti afsaki, þótt teygist úr athugasemdinni.

Hæstv. fjrh. sagði, að það stæði fyrir minn reikning, að kostnaðurinn við álímingu tollmiða yrði á ári um 40—50 þús. kr.; en þetta var dregið út úr svari ráðherrans. Hann sagði, að kostnaðurinn hjer í Reykjavík einni mundi nú orðinn um 6 þús. kr. og gerði ráð fyrir því, að hann yrði hjer yfir árið um 20 þús. kr. Af þessu dró jeg þá ályktun, að líðlega helmingur innflutningsins yrði utan Reykjavíkur og kostnaðurinn því heldur meiri en í Reykjavík, eða alls um 40—50 þús. kr. En hæstv. fjrh. játaði eiginlega, að úti um land væri ekkert eftirlit. Kaupmennirnir önnuðust þetta sjálfir; og mjer fanst ráðherrann eiginlega ekkert hafa við þetta að athuga.

En jeg sje ekki betur en að þetta sje beinlínis háskalegt, og jeg fæ heldur ekki sjeð, að með þessu móti sje nokkurt eftirlit með innflutningi tóbaks utan Reykjavíkur. Kaupmenn hafa fullar skúffur af þessum miðum, og það er engin trygging

fyrir því, að þeir allir framkvæmi þetta eftirlit samviskusamlega. Við vitum þó, að misjafn er sauður í mörgu fje. Hæstv. fjrh. vildi telja þessa aðferð jafntryggilega og merkingu á tóbaksvörum landsverslunarinnar, er verksmiðjurnar höfðu með höndum. En þetta er alt annað, því að þá var landsverslunin eini innflytjandinn og auðvelt að sjá, ef aðrir fengu tóbak. Ekki var heldur hætt við, að brennimörk á vindlakössum landsverslunar yrðu notuð oftar en einu sinni, eins og auðvelt er með tollmiðana.

Þykir mjer því af framkomnum svörum hæstv. fjrh., sem þetta tolleftirlit sje tómt „humbug" og vafalaust, að ríkissjóður stórskaðist á þessu tolleftirlitsleysi. Annars skildist mjer, að hæstv. fjrh. væri að hæla sjer af því að hafa látið tilleiðast að svara þessum fyrirspurnum mínum nú við 3. umr. Þetta finst mjer ekkert þakkarvert, enda algengt, að við 2. og 3. umr. fjárlaganna sje komið inn á ýms atriði, sem snerta fjárhag landsins. Og svo langt ætti hann að muna, að hann sjálfur skapaði fordæmi í þessu efni um það leyti, sem hann varð ráðherra. En við framh. 1. umr. fjárlagafrv. hafði jeg í ýmsu að snúast, svo mjer vanst ekki tími til að bera þá fram þessar spurningar, en áskildi mjer rjett til þess að gera það síðar, og það hefi jeg nú gert.

Hæstv. fjrh. sagði eitthvað á þá leið, — og varð þá skáldlegur, sem hann annars á ekki vanda til — að jeg hefði setið eins og rjóð og feimin yngismey á eldhúsdaginn. Líkingin er ekkert ljót. Nú er verið að tala um það í bænum, að stjórnarskifti sjeu fyrir dyrum, og meira að segja sagði mjer þetta í dag einn íhaldsþingmaðurinn. En fyrst hæstv. fjrh. notaði þessa fögru líkingu, hefir hann að líkindum vitað um einhvern, sem gengur í biðilsbuxunum um þessar mundir. Og hafa það þá sennilega verið hæstv. íhaldsráðherrarnir, sem hafa verið orðnir hræddir um sig, en jeg neita því afdráttarlaust, að um nokkurt minsta tilhugalíf sje að ræða á milli mín og þeirra. *(TrÞ: En gengismálið?).*

Þá á jeg eftir svolítil orðaskifti við hæstv. atvrh. (MG). Hann var vondur og illorður í minn garð út af því, sem jeg hafði sagt um útvarpið. Mjer kemur helst í hug, að hann hafi slæma samvisku í þessu máli og því hafi hann ekki stilt orðum sínum betur í hóf. Jeg verð að mótmæla öllum aðdróttunum hans í minn garð og stóð því upp meðfram til þess að bera af mjer sakir.

Sú reglugerð, sem hæstv. atvrh. hefir staðfest um stofnkostnaðinn til h/f Útvarps, hefir enga stoð í lögum. Það er hvergi talað um slíkt gjald, þar sem annars er á það minst í 4. gr. laganna. Og þótt skatturinn á tækjum í 4. gr. sje ekki samanlagður eins mikill og stofngjaldið, þá getur farið svo, að þeir greiði ekki stofngjaldið einu sinni, heldur oft og mörgum sinnum, eða í hvert sinn og tæki er endurnýjað.

Það er misskilningur hjá hæstv. atvrh., að jeg vilji á nokkurn hátt bregða fæti fyrir starfsemi h/f Útvarps nje rýra álit þess. Jeg hefi vakið máls á þessu vegna þess, að jeg vil fjelaginu vel og vænti, að það færi starfsemi sína í viðunandi horf, því eins og hún er rekin nú leikur ekki á tveim tungum, að margir eru á móti því. Þess vegna vona jeg, að fjelaginu verði þessar aðfinningar mínar fremur til góðs en tjóns.

Hins vegar getur hæstv. atvrh. ekki tek-

ið mjer þetta illa upp, þegar þær reglugerðir, sem hann gefur út, hafa ekki stoð í lögum og fara þarf krókaleiðir til þess að reyna að finna ástæður fyrir reglugerðinni, þannig, að hún sje í samræmi við lögin.

En þetta átti að vera stutt athugasemd, og því eru mjer allar bjargir bannaðar til þess að bera lengur hönd fyrir höfuð mjer, og verður því þetta svar mitt að nægja um sinn.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer þykir leiðinlegt, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) skuli ekki geta skilið, að þegar heimilt er að selja móttökutæki í einu lagi og taka stofngjald af, þá er einnig heimilt að taka slíkt gjald þegar tækið er selt í mörgum pörtum. Með þessu er mönnum gert hægra fyrir, því að stofngjaldið fyrir alla partana er lægra en fyrir heilt og samansett móttökutæki. Hins vegar geta allir, sem vilja, trúað afsökunum hans um aðfinslur á framkvæmd þessa máls, en jeg segi: sá, sem afsakar sig, hann ásakar sig.

Hákon Kristófersson: Þótt jeg hafi nú ýmsu að svara, ætla jeg að vera stuttorður.

Síðameistari þingsins, hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sagði, að einhver óhlutvandur maður hefði í dag fengið mig til að fleipra með sögu, sem jeg hefði líklega ekki trúað. Þetta þurfti hann ekki að segja, því að jeg tók það einmitt fram, að jeg seldi söguna ekki dýrara verði en jeg keypti og vissi ekkert um, hvort hún væri sannanleg eða ekki. En úr því að hann lítur svo á, að hjer sje um hviksögu að ræða, þá skal jeg með mestu ánægju og undir fjögur augu segja honum, hver þessi maður var, sem sagði mjer söguna. En að jeg taki aftur nokkuð af því, sem jeg sagði í þessu efni, finst mjer ekki að geti komið til mála.

Hnífilyrði hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) í minn garð í sambandi við þetta mál eða annað tek jeg mjer til inntekta, enda væri hitt miklu ógeðslegra, að mínu áliti, að verða fyrir lofi hans. Annars skal jeg trúa honum fyrir því, að jeg er mjög varkár um að trúa hviksögum, sem ganga manna á milli, og því til sönnunar skal jeg geta þess, að mjer og fleiri mönnum hefir verið sögð sú saga um hv. þm. V.-Ísf., að honum hafi fyrir nokkrum árum tekist að afla sjer styrks til guðfræðináms við Hafnarháskóla, sem bygðist á þeirri fullyrðingu hans, að hann síðar, að náminu loknu, ætlaði að gera guðfræðina að lífsstarfi sínu. Nú er vitanlegt, að hann hefir ekki horfið að því ráði enn, og hefir víst aldrei ætlað sjer það. Þar af leiðandi verð jeg að draga þá ályktun, að sagan muni vera ósönn, heldur en að ætla honum það innræti að hliðra sjer hjá því að efna gefin loforð.

Þetta vona jeg, að hv. þm. V.-Ísf. láti sjer nægja, því að náttúrlega býst jeg við, að ásakanir hans og svigurmæli í minn garð hafi verið sprottin af rjettlætistilfinningu, en ekki af einhverjum öðrum hvötum.

Að jeg hafi misboðið þinghelginni, veit jeg ekki, hvernig jeg á að taka. Hitt fullyrði jeg, að jeg hefi aldrei, hvorki fyr nje síðar, skotið mjer undir hana, og vísa því þessum aðdróttunum hv. þm. (ÁÁ) heim til föðurhúsanna sem algerlega órökstuddum sleggjudómi og honum líkum ósannindum.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er aðeins örstutt aths. Það má vera öllum augljóst,

að hv. þm. Barð. (HK) hefir tekið aftur ummæli sín um Guðmund Einarsson. Kallar hann nú sögu sína fyrirspurn, og var þá betur til fallið að spyrjast betur fyrir annarsstaðar, áður en sagan var borin inn fyrir þinghelgina. Síðan kom hann með aðra sögu, sem hann kvaðst ekki heldur trúa. Jeg vil því gefa honum það heilræði, að ef hann trúir ekki sögum, sem í hann eru bornar, þá á hann ekki heldur að segja frá þeim.

Hákon Kristófersson: Jeg þakka fyrir ráðlegginguna og vona, að hv. þm. noti sjer hana næst, þegar hann talar um íhaldsmenn.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Það er ekki margt, sem jeg hefi að segja af hálfu nefndarinnar. Það hefir ekki komið margt fram í þessum umr., sem gefur tilefni til andsvara.

Það hefir borið margt á góma í kvöld út af fyrirspurnum hv. 2. þm. Reykv. (JBald), og hefði jeg blandað mjer inn í umr. um þær, hefði jeg ekki verið frsm., og tekið undir margt af því, sem hann hefir sagt, en þar sem jeg er frsm., geri jeg það ekki.

Hæstv. fjrh. (JÞ) kom óbeint að íþróttaskólanum, en sjerstaklega snerust þó orð hans að Laugaskólanum og vildi hann þar koma til liðs við hv. þm. Ak. (BL). Það helsta, sem hæstv. fjrh. hafði fram að bera, voru mjög óviðeigandi ummæli í garð skólastjórans. Hann bar á hann þau þyngstu ámæli, sem hægt er að bera fram, að merkir menn í sýslunni þyrðu ekki að trúa honum fyrir unglingum sínum. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir þegar mótmælt þessu, og allir, sem þekkja skólastjórann, mótmæla þessu eindregið. Jeg álít það mjög ósæmilegt að láta svona orð falla úr ráðherrastóli, og hæstv. ráðherra hefir áður vegið í þann knjerunn um einstaka menn. Vil jeg átelja það mjög. Við, sem kunnugir erum Arnóri Sigurjónssyni, mótmælum ummælum hæstv. ráðherra, og ekki aðeins við, heldur sjálf reynslan mótmælir þeim, því að aðsókn skólans hefir verið mjög mikil úr þeim sveitum, þar sem hann er best kunnur.

Jeg veit ekki hvað veldur því, að hæstv. ráðherra fer með þessi ummæli. Jeg get ekki sjeð annað en aðeins ein ástæða sje til þess, og hún er sú, að á síðastliðnu sumri lenti honum saman við Arnór á pólitískum fundi norður í Þingeyjarsýslu og varð mjög illa leikinn; og ef ekki hefðu verið gerðar sjerstakar ráðstafanir til þess að bjarga ráðherranum, hefði hann fengið álíka útreið og verið ráðstafað líkt og Krók-Álfi forðum. En hæstv. ráðherra má ekki nota þinghelgina til þess að hefna sín fyrir útreið þá, sem hann fjekk norður þar. Svo kom hæstv. ráðherra inn á fjármál skólans á Laugum og taldi hann ósambærilegan við Hvítárbakkaskólann, því að hann hefði engan byggingarstyrk fengið. Hann fær nú einmitt byggingarstyrk með till., sem nú hefir verið samþykt. *(Fjrh. JÞ:* Það er ekki byggingarstyrkur). Jú, það er sama framlagið og til hinna skólanna, og er ekkert við það að athuga að taka lán. Þingeyingar munu áreiðanlega standa undir þessu óskabarni sínu, og jeg leyfi mjer að mótmæla harðlega öllum aðdróttunum gegn þessari stofnun, sem er orðin og verður altaf, vona jeg, þessu merka hjeraði til sóma.

Þá vjek hæstv. ráðherra að því, að jeg hefði sagt, að hv. 2. þm. Skagf. (JS) vildi marka stefnu íhaldsins með afstöðu sinni til mála, sem hann teldi sig andvígan. Jeg sagði, að *ef* hann vildi marka

stefnuna með því að vera á móti þeim málum, er hann nefndi, þá öfundaði jeg hann ekki af því.

Þá lagði hæstv. ráðherra á móti því að setja miðstöð í skólahúsið á Eiðum. Ástæða hans var sú, að hann efaðist um það, sem jeg hafði sagt, að eldsneytissparnaður yrði að því. Jeg tók fram, að það væru ekki mín orð, heldur ummæli húsagerðarmeistara ríkisins, sem jeg vitnaði í, og nefndin hefir fengið skjal. skrifað af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og undirritað af Guðmundi Sveinbjörnssyni, þar sem þessi ummæli húsagerðarmeistara eru tilfærð, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa þau upp:

„Í rekstri telur húsameistari miðstöð töluvert ódýrari en ofna.“

Nefndin áleit skylt að fara eftir því, sem húsagerðarmeistari sagði, og ef hæstv. ráðherra efast um þessi ummæli, þá getur hann fengið skjalið. Það ber öll merki stjórnarráðsins.

Jeg hefi aftur á móti ekkert við það að athuga, sem hann sagði um stúdentagarðinn. Mjer þótti vænt um, að hann tók ekki undir ummæli hv. 2. þm. Skagf. um stúdentagarðinn. En viðvíkjandi því, sem hæstv. ráðherra tók fram um skilyrðin fyrir þessari styrkveitingu, þá veit jeg ekki, hvort nefndin fellst á það, því að hún hefir ekki haft fundi síðan, en jeg hefi talað við suma nefndarmennina, og hafa þeir fallist á það fyrir sitt leyti, þó þannig, að þetta væri byrjunarframlag, sem mætti geyma þar til settar verði nánari reglugerðir um þetta atriði og þar til frekari ráðstafanir væru gerðar í samráði við stúdentaráðið og stúdenta, sem leggja fram ⅔ kostnaðar. Hæstv. ráðherra sagði, að út frá þessum skilyrðum mætti samþykkja þessa upphæð, og jeg er því líka samþykkur. Þarf jeg svo ekki að víkja frekar að hæstv. ráðherra að því leyti, sem hann talaði um till. nefndarinnar.

Þá vjek hann að eftirgjöfum á viðlagasjóðslánunum og las upp reikninga viðkomandi hreppa og lagði út af þeim og beindi þeirri ásökun til flm., að þeir hefðu ekki látið þetta ganga rjetta boðleið, heldur hefðu oddvitarnir átt að snúa sjer beint til stjórnarráðsins. En jeg tel það alveg rjetta boðleið að snúa sjer til fulltrúa sinna á Alþingi, því að stjórnarráðið er ekki hinn rjetti aðili í þessum málum, heldur þingið.

Jeg hefi fengið rækilegt brjef frá oddvita Árneshrepps, þar sem hann óskar þess, að jeg af kjördæmisins hálfu gæti þess, að Árneshreppur fái um þetta lán sitt sömu afgreiðslu og aðrir hliðstæðir hreppar. Og þar sem hv. þm. Borgf. (PO) hóf að bera fram tillögu við 2. umr. um eftirgjöf til Innri-Akraneshrepps, var mjer sjálfsagt að fara í fótspor hans.

Sjeu þessi lán gefin eftir, er það í raun og veru ekkert annað en áframhaldandi spor þess, sem áður hefir verið stigið, þar sem Árneshreppur hefir ekki greitt vexti og afborganir af láninu í 3 ár, og hið sama er að segja um Sljettuhrepp. Var þeim gefið þetta eftir á Alþingi 1923.

Um Árneshrepp er það að segja, að jeg er ekki svo kunnugur, að jeg geti romsað upp reikningum hans; jeg var honum alveg ókunnugur, þegar jeg bauð mig fram. En hafi það verið tilgangur hæstv. fjrh. að vjefengja það, að hreppurinn sje illa staddur, þá get jeg fullvissað hv. deild um það, að það er ekki rjett, sem hæstv. ráðherra fer með, og með því að vitna í tölur get jeg sannfært hv. þm. um það, að reikningur hrepps-

ins sýnir, að hann er illa staddur, og jeg er viss um, að væri hæstv. fjrh. „ráðherra“ þessa hrepps, þá hefði hann augun opnari í þessu máli en raun er á orðin. Hann lagði mikla áherslu á það, að eignir hreppsins væru miklar. En hvaða eignir eru það? Húskofi, sem virtur er á 350 kr., en er vart svo mikils virði. Eignir hreppsins eru taldar 22 þús. Af því eru 21 þús. útistandandi skuldir, útistandandi lán og ógoldin útsvör. Þetta er langsamlega mestalt tapað, eða a. m. k. meginhluti þess. Þess vegna er það, eins og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) benti á, að leggjast á lítilmagnana að vera að gera storm út af þessu, þar sem aðrir hreppar hafa fengið eftir gefið. Þetta er ein hin mesta harðindasveit; tíðarfarið þar hefir valdið þungum búsifjum, og því beini jeg þessu að hv. deild, að hún láti að orðum flm., sem kunnugir eru staðháttunum og best vita um þörf hreppanna.

Hæstv. atvrh. (MG) hefir engar aths. gert við till. fjvn. En hann vjek að einni till., sem er frá fjvn.-mönnum, en ekki frá nefndinni, og sem hún hefir enga afstöðu tekið til enn þá. Það er till. um landbúnaðarfróðan aðstoðarmann í efnarannsóknarstofunni. Jeg get tekið undir þessa till. og tel ekki rjett að breyta þessu. Jeg hefi talað við forstöðumann efnarannsóknarstofunnar. Hann hefir næga þekkingu á þessum rannsóknum og fer líka utan í sumar til frekara náms. Annars hygg jeg, að flm. hafi blandað hjer saman tvennu, því, að fremja rannsóknir og hinu, að draga ályktanir út úr þeim rannsóknum. Hið síðara er hver búfræðingur fær um, þegar hann hefir fengið rannsóknirnar til þess að skrifa ritgerðir eftir.

Jeg hefi lítið meira að segja til hv. 2. þm. Skagf. Það hvesti í bili á milli okkar, en jeg sje ekki ástæðu til þess að ýfa það aftur, enda fór hann hógværlega að ráði sínu.

Hv. þm. mintist á sendiherrann. Við vorum þar samherjar einu sinni, en ekki lengur, eins og ljóst er orðið.

Þá er það einn hv. þm. enn, sem beint hefir orðum sínum að nefndinni, hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Hann hjelt því fram, að það hefði ekki verið af góðum ástæðum, að nefndin skyldi hafna till. hans af því, að engin erindi lágu fyrir um hana. En nefndin heldur fast við það, að eigi að veita svona styrki, þá megi þó ekki minna vera en að einhver áætlun liggi fyrir um það, hvernig eigi að verja þeim. Hinsvegar er það rjett, sem háttv. þm. sagði, að sjálfsagt er að bera fram hugmyndir sínar og skýra frá þeim, en það má ekki framkvæma þær fyr en sýnt hefir verið, hvernig á að gera það. Hv. þm. staðfesti það, sem jeg sagði, að engin áætlun er til um þennan foss, engin beiðni frá bændunum, sem hlut eiga að máli, eða hvernig þeir hafi hugsað sjer að skifta sínum hluta kostnaðarins niður; þetta er aðeins hugmynd hv. þm.

Þá játaði hann, að engin skjöl lægju fyrir um gamalmennahælið á Ísafirði, og síðan hann hjelt ræðu sína, hefir hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) ekki sagt eitt einasta orð henni til stuðnings.

Hv. þm. sagði í spaugi, að nefndin hefði fengið lánað vopn hjá sjer, en nú vildi hann fá lánið endurgoldið. Það var nú svo í gamla daga, að bardagar hjer á landi byrjuðu jafnan með grjótkasti. Þegar svo var kastað í hitt liðið, fjekk það vopnin lánuð, og þegar flótti brast í liðið, fjekk það grjótið í bak sjer. Jeg vil að vísu ekki kasta grjóti í bak hv. þm., en jeg vil segja það, að mjer finst þetta ekki

nógu vel hugsað hjá honum til þess að vera frambærilegt, enn sem komið er.

Jeg hefi svo ekki meira að segja af hálfu nefndarinnar, en ásamt því að vera frsm. er jeg þm. Strandamanna, og þess vegna get jeg ekki stilt mig um að segja ennþá örfá orð til hæstv. ráðh. (JÞ og MG). Mjer finst svo um þá sem Þorgeiri Hávarðssyni, sem drap mann af því að hann lá svo vel við höggi. Ullartollurinn hefir verið dreginn inn í umr., og hefir hæstv. fjrh. (JÞ) haldið því fram, að stjórn Bandaríkjanna hafi stofnað til stríðs á þeim grundvelli, sem hægt er að sanna, að er ósannur, að íslenskt fje sje blandað útlendu fje. Þetta er svo mikil fásinna, að furðu gegnir, að hún skuli vera borin fram hjer á Alþingi. Og hann gerði meira. Hann gaf í skyn, að dómstólar Bandaríkjanna hefðu dregið málið og viljað dæma það á þessum grundvelli, í stað þess að það var hafið og hefir unnist af því, að það var bygt á rjettum rökum. Jeg tel þetta mjög óviðeigandi aðdróttun til stjórnar og dómstóla Bandaríkjanna.

Hina fjarstæðuna bar hæstv. atvrh. fram í sambandi við það, sem hann sagði um enska lánið. Hann hjelt því fram, að íslenska krónan hefi *fallið* af því að svo mikið framboð hefði verið á sterlingspundum. Kann að vera, að hæstv. ráðherra hafi orðið mismæli, en vissulega sagði hann þetta. Jeg hlýt að ganga út frá því, að hæstv. ráðherra (MG) viti, að þetta er einmitt þveröfugt. Mikið framboð á sterlingspundum, og hvaða útlendum gjaldeyri sem er, stefnir einmitt í þá átt að *hækka* íslenska krónu í verði. Höfuðástæðan til krónuhækkunarinnar á síðastliðnu hausti var einmitt mikið framboð á erlendum gjaldeyri. Það er ófyrirgefanlegt að segja slíka lokleysu úr ráðherrastóli.

Jón Sigurðsson: Jeg skal ekki tefja tímann. Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) rjeðst í kvöld á mig með mikilli grimd. Það virðist svo, sem honum hafi sárnað spaugið frá mjer í gær, er jeg sagði, að nú væri af sem áður var, því að þá hefði altaf verið *nei* í lófanum, þegar atkvgr. fór fram um styrki til listamanna og um bitlinga, en nú væri höndin oftast á lofti, þegar um slíkt væri að ræða. Út af þessu líkti hann mjer við fakír. Jeg tel mjer enga lægingu í því, því að þeir eru einmitt mjög kunnir að því að hafa komist lengst í því að einbeita hugsun sinni að ákveðnu marki. Mjer er því ánægja að heyra, að jeg beiti hugsun minni á móti till., sem steypa ríkissjóði í glötun. Ræðumaður ljet ekki þar við sitja, heldur fór að gefa mjer meiningar, sem áttu að vera bending um það, að jeg væri með hreppapólitík, vegna þess að jeg beitti mjer fyrir fljótandi skurðgröfu og fyrirhleðslu fyrir Hjeraðsvötnin. Mjer finst hann hafa skotið hjer fram hjá markinu, ef þetta hefir átt að vera sýnishorn þess, að jeg væri með slíkt, því að skurðgrafan kemur ekki aðeins Skagfirðingum að gagni, heldur 7—8 sýslum öðrum. Sama er að segja um fyrirhleðsluna. Hún er bjargráðaráðstöfun til þess að varðveita heilt hjerað frá eyðileggingu.

Annars finst mjer það koma úr hörðustu átt, þegar hv. 1. þm. S.-M. fer að bregða öðrum um hreppapólitík. Jeg starfaði fyrir nokkrum árum með þessum hv. þm. í samgmn., og af þeim kynnum, sem jeg hafði þá af vinnubrögðum hans, þykir mjer það ekkert undarlegt, þó að þessi hv. nefnd geti sjer nú sjerstakan orðstír fyrir togstreitu og skæklatog í ýmsum málum og komi sjer illa saman.

Menn hafa heyrt það, þegar rætt hefir verið um bátastyrki o. s. frv., að sumir hv. þm., og þá ekki síst hv. 1. þm. S.-M,

hafa sjeð lítið út fyrir sitt eigið kjördæmi, eða í mesta lagi ystu skæklana af þeim næstu, og hvenær varð svo þessi hv. þm. slíkur listamannavinur og bitlinga sem hann nú er orðinn? Það varð þegar hann uppgötvaði, að til væri listamannsefni úr Mjóafirði!

Atvinnumálaráðherra (MG): Það eru aðeins örfá orð, sem jeg ætla að segja út af síðustu orðum hv. þm. Str. (TrÞ). Það má vel vera, að það sje rjett hjá honum, að jeg hafi mismælt mig í fyrri ræðu minni, sagt að sterlingspundið hafi hækkað, í stað þess að jeg ætlaði að segja, að það hefði lækkað. En fyrst hann veit, að þetta var mismæli, hví er hann þá að breiða sig út yfir það og tala um vitleysur úr ráðherrastóli? Getur ekki öllum orðið mismæli, einnig hv. þm. Str? Annars hafði hann ekkert að athuga við það, sem jeg sagði um enska lánið, nema þetta eina mismæli, og öfunda jeg hann ekki af því.

Það, sem jeg vildi sýna og sýndi í ræðu minni, var það, að þegar enska lánið var tekið, fengum við það útborgað í sterlingspundum. Þess vegna þurftum við að selja pund, og við seldum þau til Danmerkur, því að þar voru skuldirnar, sem greiddar voru með enska láninu. Við þetta mikla framboð á pundum í Danmörku fjellu þau gagnvart danskri krónu, og það var okkur auðvitað í óhag, sem seljendum þeirra, og varð, til þess að stöðva eða minka fallið, að dreifa sölunni á nokkurn tíma, en á þeim tíma fjell ísl. kr. gagnvart danskri. Þess vegna reiknaði jeg gengi ísl. kr. á þessum tíma 27—28 kr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Tveir háttv. þm., flokksbræður skólastjórans við alþýðuskóla Þingeyinga á Laugum, hafa tekið allstint upp ummæli þau, er jeg hafði um skólastjórann. Hv. þm. Str. sagðist ekki vita, hvaða ástæðu jeg hefði haft til þessara ummæla, en jeg sagði ástæðuna þegar í byrjun. Jeg vildi sem sje bera af Þingeyingum það ámæli, sem borið hefir verið á þá, að þeir væru annaðhvort andstæðir alþýðumentun eða vildu hana ekki nema hún kæmi frá kaupstöðunum. Jeg var heldur ekki með neinar persónulegar aðdróttanir til skólastjórans, heldur sagði jeg sem satt var, að margir merkir menn teldu hann of ungan og óþroskaðan, og ef til vill fullmikið pólitískt litaðan, til þess að þeir þyrðu að trúa honum fyrir unglingum. — Að þetta hefði átt að vera hefnd fyrir illa meðferð, sem jeg hefði orðið fyrir á fundi í Þingeyjarsýslu, því verð jeg algerlega að vísa frá sem markleysu einni. Enda hefi jeg enga ástæðu til að hefna fyrir neitt, sem gerðist á þeim fundi, því að hann var mjer að öllu leyti einhver hinn ánægjulegasti fundur, sem jeg hefi verið á hjer á landi.

Hv. þm. Str. og hv. þm. N-Ísf. hafa viljað vjefengja það, að hreppsreikningar gefi rjetta hugmynd um hag hreppa. Jeg get auðvitað ekki vitað það, en meðan ekki eru gefnar upplýsingar um það, að hverju leyti þeir gefi skakka hugmynd um ástandið, þá verður að taka þá trúanlega. Og jeg verð að segja það, að mjer finst ekki til of mikils ætlast, þó að þess sje krafist af þeim, sem sækja um eftirgjöf lána úr viðlagasjóði, að þeir gefi nægar upplýsingar. Jeg ætla ekki að hafa neitt á móti því, að verulega illa stæðum hreppum sje rjett hjálparhönd, ef þeir gefa nægar upplýsingar um, að hagur þeirra sje svo slæmur, að þess sje þörf. En ef þessa væri ekki krafist, þá væri

erfitt að neita öðrum, sem sæktu um slíkt, ef til vill án þarfar, en notuðu sjer það, að nákvæmra upplýsinga væri ekki krafist.

Jeg ætla svo að endingu aðeins að kvitta fyrir þá samlíkingu, sem hv. þm. Str. gerði á sjer og einum vopndjörfum fornaldargarpi. Jeg er hræddur um, að honum hafi ekki tekist að vega mann í því höggi, þó að hann, eftir áliti hv. þm., lægi vel við. Jeg hefi heldur ekki haldið því fram, að Bandaríkin hafi stofnað til tollstríðs út af því, að íslenska fjeð væri blandað, heldur gat jeg þess, að við hefðum gefið tilefni til slíks, með því að við hefðum ekki gætt velsæmis í milliríkjaviðskiftum á öðru sviði.

Sveinn Ólafsson: Það er aðeins mjög stutt athugasemd, sem jeg ætla að gera til að bera af mjer sakir, sem háttv. 2. þm. Skagf. hefir leyft sjer að bera á mig. Þessar sakir eru nú hvorki meiri nje minni en það, að jeg hafi spilt svo störfum samgmn. um mörg ár, að enginn árangur hafi orðið af þeim. Mjer finst hv. þm. reiða nokkuð hátt til höggs með þessu og hittir þá líka jafnframt meðnefndarmenn mína, sem lítinn sóma munu telja sjer með þessu sýndan. Annars er þetta hnútukast hv. þm. tæplega svaravert og væri rjettara að fá upplýsingar hjá fleirum en hv. 2. þm. Skagf., sem starfað hafa með mjer í samgmn., og láta þá bera vitni. Meðan hv. 2. þm. Skagf. er einn um þessa ásökun, skoða jeg hana eins og órökstuddan sleggjudóm og læt mjer í ljettu rúmi liggja. Jeg skil það vel, að hv. þm. er móðgaður yfir þeirri samlíkingu, sem jeg gerði á honum og indverskum fakír, og vill gjarnan reyna að hefna sín. Hv. þm. er samt ekki fjarri því, að hann kunni eitthvað fyrir sjer eins og fakírarnir, og segist hann lengi hafa einbeitt huganum í þarfir föðurlandsins til þess að finna upp einhver fjárhagsleg bjargráð fyrir ríkissjóðinn, og þau eiga að vera öllum sýnileg. Líklega finst honum eftir dýrgindunum að dæma, að nær 8 miljóna tekjuafgangur landsreiknings á tveim síðustu árum sje árangur þessa starfs, einmitt á því tímabili, sem þessi hv. þm. hefir lagt sig mest í bleyti í þarfir föðurlandsins með einbeitingu hugans. Jeg vona, að hv. þingmönnum sje það ljóst, að hjer er um þrekvirki að ræða og alveg óvenjulegan árangur af starfi þessa nýja fakírs. Jeg ann honum þess vegna vel sjálfshólsins og trúarinnar á það, hvað mikið hann hafi afrekað í þágu föðurlandsins, og getur hann svo í friði setið í fakírsstöðunni og horft á sinn eiginn nafla fyrir mjer.

Háttv. þm. hefir tvívegis verið að reyna að fleyta sjer á fyndni með því að minna á skrípamynd af mjer, sem birt var í sorpblaði einu hjer í bænum í fyrra, þar sem jeg var sýndur með upprjetta hendi og „nei“ í lófanum. Jeg hefi enga ástæðu til að firtast við þetta. Jeg hafði gaman af þessum vindhöggum og get sagt þessum hv. þm. það, að einmitt þessi skrípamynd hefir orðið mjer til hins mesta álitsauka úti um sveitir landsins, því að menn hafa litið á myndina og umsögn blaðsins eins og órækan vott þess, að stefnufesta og drengileg einurð lýstu sjer í því að rísa móti drotnandi skoðun og segja „nei“, þegar við átti.

Jeg ætla svo að lofa þessum hv. þm. að njóta í næði þeirrar trúar, að hann hafi verið þarfastur starfsmaður í þinginu og hafi veitt landsföðurlegasta aðstoð við störf þess. Það er nú komið fram yfir miðnætti og á ekki vel við að lengja þennan orðaleik. Læt jeg því staðar numið að

sinni. Ef til vill gefst síðar tækifæri til að athuga fakírsstarfið og fljótandi skurðgröfu betur.

ATKVGR. um brtt. við 14.—26. gr.

Brtt. 297,XXVI feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, MT, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, IngB, JörB, KlJ.

nei: MG, ÓTh, PO, ÞórJ, ÁJ, BL, HStef, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,XXVII (aðaltill.) feld með 16:2 atkv.

— 297,XXVII (varatill.) feld með 15:8 atkv.

— 304,2 samþ. með 14:9 atkv.

— 304,III samþ. með 14:8 atkv.

— 297,XXVIII samþ. með 16:7 atkv.

— 304,IV feld með 14:9 atkv.

— 297,XXIX feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, HK, JakM, JBald, JörB, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSv.

nei: BL, HStef, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,XXX tekin aftur.

— 297,XXXI,a—b feld með 18:8 atkv.

— 322 samþ. með 15:9 atkv.

— 297,XXXII samþ. með 14:5 atkv.

— 297,XXXIII samþ. með 14:12 atkv.

— 297,XXXIV.1 samþ. með 15:5 atkv

— 297,XXXIV.2 feld með 15:4 atkv.

— 297,XXXIV.3 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, BSv.

nei: PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, ÓTh.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,XXXIV.4 samþ. með 16:2 atkv.

— 297,XXXV samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JS, MJ, ÓTh, SigurjJ, BSv.

nei: ÞorlJ, ÞórJ, HStef, IngB, JÞ, JörB, KlJ, MG, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,XXXVI tekin aftur af flytjanda (fjhn.) en tekin upp af 2. þm. G.-K. (ÓTh) og feld með 15:5 atkv.

— 297,XXXVII feld með 14:10 atkv.

— 297,XXXVIII.1 samþ. með 16 shlj. atkv.

— 297,XXXVIII.2 samþ. með 16:2 atkv.

— 297,XXXVIII.3 samþ. með 14:11 atkv.

— 297,XXXIX tekin aftur.

— 297,XL feld með 14:6 atkv.

— 297,XLI samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JakM, JAJ, JBald, JK, JörB, KlJ, ÓTh, SigurjJ, SvÓ, ÁÁ, ÁJ, BSt, BL.

nei: HStef, HK, JS, JÞ, MG, MJ, MT, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ.

BSv greiddi ekki atkv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,XLII feld með 15:10 atkv.

— 297,XLIII feld með 18:6 atkv.

— 297,XLIV.1 samþ. með 15:6 atkv.

— 297,XLIV.2 feld með 17:5 atkv.

— 297,XLIV.3 feld með 17:4 atkv.

— 310 samþ. með 14:9 atkv.

— 297,XLV feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓTh, SvÓ, ÁJ, BL, HStef, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JörB, BSv.
nei: MG, MT, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, IngB, JS, JÞ, KlJ.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,XLVI.1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 297,XLVI.2 tekin aftur.
— 304,V feld með 16:3 atkv.
— 297,XLVII.a samþ. með 15:7 atkv.
— 297,XLVII.b samþ. með 14:7 atkv.
— 304,VI (aðaltill.) feld með 17:6 atkv.
— 304,VI (varatill.) feld með 14:9 atkv.
— 297,XLVIII feld með 14:3 atkv.
— 329 tekin aftur.
— 297,XLIX samþ. með 16:4 atkv.
— 297,L (aðaltill.) feld með 15:7 atkv.
— 297,L (varatill.) samþ. með 14:9 atkv.
— 297,LI.a feld með 16:5 atkv.
Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 335) leyfð og samþ. með 16:2 atkv.

Brtt. 335,a—b feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, MT, SvÓ, BSv.
nei: HK, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,LI.b sjálffallin.
— 297,LII feld með 18:6 atkv.
— 297,LIII feld með 14:13 atkv.
— 297,LIV feld með 20:3 atkv.
— 297,LV samþ. með 15:9 atkv.
— 297,LVI.a—c samþ. með 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MT, PO, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JAJ, JBald, JörB, KlJ, BSv.
nei: MJ, ÓTh, PÞ, ÞórJ, BL, HK, JK, JS, JÞ, MG.
ÁJ greiddi ekki atkv.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,LVII samþ. með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, BSt, BL, HStef, IngB, JakM, JBald, JS, JörB, MT, PO, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, BSv.
nei: HK, JAJ, JK, JÞ, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÁJ.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 297,LVIII feld með 15:7 atkv.
— 297,LIX feld með 16:4 atkv.
— 297,LX feld með 14:2 atkv.
— 297,LXI feld með 19:6 atkv.
— 297,LXII feld með 15:10 atkv.
— 304,VII tekin aftur.
— 297,LXIII.1 feld með 18:3 atkv.
— 297,LXIII.2 feld með 17:5 atkv.
— 297,LXIII.3 samþ. með 14:11 atkv.
— 297,LXIV feld með 16:6 atkv.
— 297,LXV.a—b samþ. með 22 shlj. atkv.
— 306,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 297,LXVI samþ. með 17:4 atkv.
— 297,LXVII.1—2 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 304,VIII feld með 16:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: MG, MJ, SigurjJ, ÁJ, BSt, BL, IngB, JakM, JAJ, JBald, BSv.
nei: JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MT, ÓTh, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, HStef, HK.
Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 304,IX samþ. með 14:8 atkv.
— 297,LXVIII feld með 14:9 atkv.
— 297,LXIX.1—3 samþ. án atkvgr.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., fimtudaginn 15. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 342).

Á 53. fundi í Ed., laugardaginn 17. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir 1927 voru tekjurnar áætlaðar um 10 miljónir og 442 þús. kr., en gjöldin 10 milj., 397 þús. kr. Það var ætlun stjórnarinnar, þegar hún samdi frv., að tekjurnar væru áætlaðar svo háar sem rjett og forsvaranlegt þætti. Að vísu var þá ekki vitað til fulls um niðurstöðuna af rekstri ríkissjóðs 1925. Og meðal annars vegna upplýsinga, sem síðar hafa komið, lagði hv. fjvn. Nd. til og fjekk samþykta hækkun á tekjuhlið í 2. gr. fjárlagafrv., svo nam um 310 þús. kr. Að meðtöldum nokkrum smábreytingum er þá tekjuhliðin áætluð nú 10 milj. 834 þús. kr., og er það sem næst jafnhátt og tekjurnar reyndust 1924. En tekjustofnarnir hafa lítið breyst frá því, sem þá var. Árið 1925 reyndust tekjurnar miklu hærri, en það ár hygg jeg að megi skoða sem algert undantekningarár, og auk heldur fremur djarft áætlað að gera ráð fyrir jafnmiklum tekjum 1927 og 1924. Til þess liggja tvær ástæður. Hin fyrri er sú, að verð á aðalútflutningsvöru landsins er mjög lágt, og ekki sjáanlegt annað en að það verði lágt á þessu ári. Og þótt það lagfærist eitthvað á næsta ári, þá munu tekjurnar 1927 mótast af þeirri óhagstæðu verslun, sem út lítur fyrir að verði nú á þessu ári, að minsta kosti hvað snertir sjávarútveginn. Hin ástæðan fyrir því, að það sje mjög djarft að áætla tekjur ríkissjóðs 1927 eins hátt og þær reyndust 1924, er sú, að peningar eru miklu verðmeiri nú en 1924. Nú er krónan ca. 81½ eyrir, og allir vona, að hún megi frekar hækka en lækka. En meðalverð íslenskrar krónu 1924 var lítið eitt meira en 50 aurar. En allir verða að gera sjer það ljóst, að þegar peningar vaxa í gildi, þá má yfirleitt ekki gera ráð fyrir því, að sama krónutala falli til og áður. Það má segja þetta líka á annan hátt, sem sje þann, að þegar peningar hækka, þá er sama krónutala þyngri skattur en áður.

Nú hafa gjöldin verið hækkuð í hv. Nd. um 635 þús. kr., svo eins og frv. liggur fyrir, þá er tekjuhalli, sem nemur ca. 198 þús. kr. Gjaldahliðin var nú af stjórninni áætluð þannig, að sjálfsagt þótti, að jafnframt því sem tekjurnar voru áætlaðar með sem fylstri upphæð, þá bæri að taka inn í frv. fjárframlög til verklegra framkvæmda, eftir því sem fært þótti. Og satt að segja hugsaði jeg, þegar jeg hvarf að þessu ráði, að þá ætti þingið að þessu sinni að gæta þess að láta meðferð fjárlaganna ekki vera í því einu fólgna að hækka tekjuhliðina og bæta við nýjum gjöldum, heldur líta eigi síður á þann möguleika, hvort ekki mundi unt að lækka útgjöldin samkvæmt stjórnarfrumvarpinu, skifta um eða draga úr, ef nauðsynlegt þætti. Í hv. Nd. gekk meðferð frv. eingöngu að kalla út á það að hækka útgjöldin í stjfrv. Jeg vil nú beina þeim tilmælum til þessarar hv. deildar, að hún gæti þess að stilla í hóf um útgjöldin í heild sinni, jafnframt því sem hún athugaði það, hvort ekki væri ráðlegt að láta eitthvað bíða af því, sem stjórnin eða hv. Nd. hafa lagt til. Láta það bíða annaðhvort af því, að hún treysti sjer ekki til að láta framkvæma eins mikið og farið hefir verið fram á, eða þá af því, að henni sýnist annað nauðsynlegra.

Að svo mæltu vil jeg fela þetta frv. meðferð hv deildar með þeim tilmælum,

að því verði vísað til fjvn. að umr. lokinni.

Jónas Jónsson: Jeg vil ekki láta það hjá líða að fara nokkrum orðum um þau almennu orð, sem hæstv. fjrh. (JÞ) ljet fylgja fjárlagafrv.

Hæstv. fjrh. byrjaði á því, að stjórnin hefði áætlað útgjöld ríkisins eins hátt og hún gat frekast búist við, að þau mundu reynast. Og það kom ótvírætt fram í ræðu hans, að þinginu væri aðallega ætlað að samþykkja, en ekki hitt, að ráða um fjárlögin, eins og þó er óneitanlega meir í anda okkar stjórnskipulags. Nú mun menn reka minni til þess, að hæstv. fjrh. hefir áður sagt, að fjárlög væru því rjettar úr garði gerð, sem tekjurnar eru lægra áætlaðar. Það voru hans orð, að fjárlögin væru því betur afgreidd, sem tekjur væru áætlaðar lægri. Þetta er ef til vill gömul búmannshugsun, en samt er þetta sama og að vilja hafa fjárlögin röng. Og þau eru sögð í þeim tilgangi, að það sje best fyrir stjórnina að minka á þann hátt freistinguna fyrir þingmenn, að tekjurnar eru áætlaðar sem lægst. En jeg held, að ráðherra geti ekki láð þm., þótt þeir kunni ekki sem best við það, að farið sje að eins og hv. fjrh. lýsti, að bæði tekjur og gjöld sjeu bundin af stjórninni, svo þingið hafi ekki annað að gera en samþykkja. Hæstv. fjrh. sagði raunar, að það gæti komið til mála að fella niður einhverja liði úr stjfrv. En jeg vil benda á það, að sá möguleiki er ekki mikils virði, þar sem stjórnin hefir að líkindum einhvern meiri hluta. Þá er ekki líklegt, að farið verði að fella niður fjárveitingar, sem stjórnin hefir sett inn. Nú hefir hæstv. fjrh. lýst því, að engu verði bætt við útgjöld í fjárlögum að þessu sinni, og þó á hálft þingið eftir að segja sitt álit um fjárveitingar.

Það reyndist svo í háttv. Nd., að stjórnin hafði ekki einu sinni tekið tillit til sanngjarnra þarfa sinna eigin stuðningsmanna, hvað þá til kjördæma andstæðinganna.

Jeg vildi aðeins taka þetta fram, til þess að benda á, að hjer er verið að fara út á varhugaverða braut. Það er einskonar tilraun frá hendi stjórnarinnar til þess að draga í sínar hendur fjármálavald þingsins, þegar það er sagt berum orðum, að svo sje gengið frá fjárlagafrv., að þingið þurfi ekki annað en samþykkja það.

Þegar nú litið er á reynslu undangenginna ára, og þá sjerstaklega til ársins 1925, þar sem tekjurnar fara 8 milj. kr. fram úr áætlun, þá er í sjálfu sjer ekki óeðlilegt, þó að þingið líti svo á, eftir hina löngu kyrstöðu um nær því allar verklegar framkvæmdir, að eitthvað sje hægt að fara að gera af því nauðsynlegasta, og þá sjerstaklega á sviði samgöngumálanna. Og jafnframt þegar þingið hefir fengið áberandi reynslu fyrir því, að hæstv. fjrh. hefir mikla löngun til að áætla tekjurnar lágt, of lágt, og hindra þingið þannig frá að taka í fjárlög nauðsynlegar framkvæmdir. Þegar þetta alt er athugað, er óhugsandi annað en þingið vilji sjálft sýna sitt vald yfir fjárlögunum og leysa úr vandamálunum sjálft.

Nú mjög nýlega var útbýtt í Nd. frv. frá fjhn., þar sem farið er fram á mjög mikla lækkun á sköttum, sem aðallega snerta sjávarútveginn. Þegar nú þess er gætt, að nú í vetur hefir þingið orðið að ganga í mjög óákveðna ábyrgð vegna þessa atvinnuvegar, þá verður manni ljóst, að hjer er verið að veita óvenjuleg

hlunnindi þeim atvinnuvegi, sem getur boðið 2—3-falt hærra kaup en aðrir atvinnuvegir.

Jeg vil nú skjóta því til hæstv. fjrh., hvort hann muni ekki verða á móti þessari lækkunartillögu fjhn. Nd., til þess að halda þessum tekjum ríkissjóðs óskertum, því jeg hugsa, að honum muni ekki ókunnugt um, að ennþá muni engin ákvörðun hafa verið tekin í neðri deild um verðtollinn. Og mjer hefir skilist á einstöku þingmönnum þar, að meðferð hans myndi fara mjög eftir meðferð fjárlaganna í þinginu, og það munu til menn í báðum deildum þingsins, sem líta svo á, að ekki sje forsvaranlegt að halda við háum sköttum á þjóðinni, ef af þeim geta ekki leitt almennar gagnlegar framkvæmdir. Nú í sumar verður byrjað á 3 spítölum, sem allir eru mjög nauðsynlegir. Til byggingar þeirra þarf mikið fje, sem að nokkru leyti verður að fá með hinum þungu sköttum. En framkvæmdirnar rjettlæta skattana. Þetta verður alt að taka til athugunar, þegar talað er um fjárlögin.

Annars er jeg viss um, að enginn þingmaður vill byrja á því nú að afgreiða fjárlög með raunverulegum tekjuhalla. Því að öllum mun hafa verið vitanlegt, að enda þótt fjárlög undanfarinna ára sýndu stundum tekjuhalla á pappírnum, þá var sá tekjuhalli ekki raunverulegur. Menn vissu fyrir fram, að tekjuafgangur yrði. Það sjálfsagða er að áætla bæði tekjur og gjöld eftir bestu vitund.

Þar sem hæstv. fjrh. var að ýta undir þessa deild með sparnað, þá vil jeg benda honum á, að stjórnin gefur þar ekki beint gott fordæmi. Meðal annars má nefna, að við í mentamálanefnd þessarar deildar erum nú að fást við frv. frá henni, sem fer fram á, að bætt sje 2 nýjum stofnunum á ríkissjóðinn, og gefið jafnframt fordæmi, sem gerir alveg óhjákvæmilegt, að fleiri slíkar stofnanir sjeu teknar yfir á landssjóð. Önnur þessi stofnun er nú húsnæðislaus, og mun ekki hægt að bæta úr því fyrir öllu minna fje en 250—300 þús. kr. Ennfremur hefir hæstv. stjórn lagt til, að haldið verði við hinu dýra sendiherraembætti í Kaupmannahöfn, sem gera má ráð fyrir, að kosti ekki minna en 45 þús. kr., ef tekið er tillit til risnu. Jeg nefni þetta hjer bara af handahófi, til þess að benda hæstv. fjrh. á, að hann hefir sjeð sjer fært að ganga inn á þessi útgjöld nú, þrátt fyrir það, þótt hann hafi verið á móti þeim í fyrra og hitteðfyrra og sje nú margbúinn að lýsa yfir því, að útlitið á fjármálahimninum íslenska sje miklu ískyggilegra nú en það var bæði þessi síðastliðnu ár.

Jeg þykist vita, að stuðningsmenn hæstv. stjórnar í sendiherramálinu geti fært ýms rök fyrir því, að nauðsynlegt sje að hafa dugandi mann í Kaupmannahöfn. Þetta get jeg að mörgu leyti viðurkent. En jeg vil samt benda á, að það er líka þörf á nýjum vegum, brúm og símum, svo að álitamál getur verið, á hverju þjóðinni sje meiri nauðsyn, þessum nauðsynlegu mannvirkjum eða tildurherranum.

Þá vil jeg ekki gleyma að minna hæstv. stjórn á, að hún mun hafa stuðlað að því, að sendimaður landsins á Spáni er um helmingi dýrari en sendimaður norska ríkisins, sem er við hliðina á honum. Þó að þetta sjeu fá dæmi og hafi ekki fjarska mikil áhrif á fjárhagslega afkomu þjóðarinnar í heild, þá hafa þau þó áhrif á skoðanir þingmanna, því þegar þeir sjá, að stjórnin er svona ör í fjárútlátum, þá

gefur það þeim undir fótinn með framkvæmdir, sem þeir telja ekki ónauðsynlegri en þetta, sem stjórnin eys fje til.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar nú. Það, sem jeg hefi sagt, eru aðeins almennar athugasemdir viðvíkjandi valdi þings og stjórnar yfir fjármálunum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þykir það æðisljór skilningur á orðum mínum, sem háttv. 3. landsk. (JJ) fær út úr þeim, þegar hann telur mig með tilmælum mínum til deildarinnar um gætilega meðhöndlun fjárlaganna hafa látið í ljós, að þingið ætti aðeins að vera samþykkjandi þeirra eða ráðgefandi, eins og hv. þm. síðast orðaði það.

Þetta er fjarri öllum sannleika. Jeg gekk út frá því sem sjálfsögðu, að meiri hluti þingsins hefði vald til þess að ráða fjárlögunum, ef hann gæti látið vilja sinn í ljós á þeim grundvelli, sem stjórnarskráin setur og þingsköp mæla fyrir. Þetta hjelt jeg, að ekki þyrfti að taka fram, þegar líka þess er gætt, að það eina vald, sem stjórnin annars hefir gagnvart þinginu, sem er að rjúfa það, er beinlínis af henni tekið að því er snertir meðferð fjárlaganna. Þetta vita allir nema hv. 3. landsk.

Þar sem nú meðferð fjárlaganna er algerlega á valdi þingsins, þá vil jeg undirstrika það, að af því leiðir, að það má ekki líta svo á hlutverk sitt, að það eigi einhliða að koma fram með hækkunartillögur. Heldur á það að líta á málið frá báðum hliðum og sjá fyrir forsvaranlegri áætlun bæði tekna og gjalda.

Með þessum ummælum er jeg alls ekki að beina því til þingsins, að það eigi ekki að nota vald sitt, heldur er jeg að leggja áherslu á, að það beiti valdi sínu á dálítið víðtækari hátt en það gerði á síðasta þingi, því að þá kom það einhliða með útgjaldahækkanir.

Jeg hefi bent á áður, að fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir, er samið á öðrum grundvelli en frv. í fyrra, og leyfir því ekki jafneinhliða meðferð. Annars ætla jeg ekki að fara að ræða hina gömlu reglu fyrir skynsamlegri afgreiðslu fjárlaganna, að áætla tekjurnar varlega. Hv. 3. landsk. hafði það eftir mjer, að því aðeins væru fjárlögin vel úr garði gerð, að öll útgjöld væru áætluð sem hæst. Að jeg hafi sagt þetta, er vitanlega hin hreinasta fjarstæða. Jeg hefi bara haldið því fram, að það væri ekki nema til að svíkja sjálfan sig að áætla lögboðnar greiðslur lægri en þær í raun og veru væru.

Þó að stjórnin hafi áætlað tekjur og gjöld í fjárlagafrumvarpinu eins hátt og hún taldi forsvaranlegt, er það hreinasti misskilningur hjá þessum háttv. þm., að þingið geti svo engu um ráðið, því að þingið hefir jafnt vald til að lækka sem hækka tekjur og gjöld ríkissjóðs. Það getur því gert alt, sem það vill, í þessu efni.

Þá gat þessi háttv. þm. þess, að þar sem stjórnin styddist við meiri hluta þingsins, þá myndi hún neyta þeirrar afstöðu sinnar til þess að halda fjárlögunum eins og hún vildi. Þetta nær vitanlega engri átt. Það mun fátítt, að nokkur einstök fjárveiting sje ágreiningsefni milli flokka. Það getur aðeins komið fyrir, en er mjög sjaldgæft. Háttv. 3. landsk. þarf því ekki að undirstrika vald þingsins að þessu leyti; jeg var búinn að því í fyrri ræðu minni.

Hitt er ekki nema eðlilegt, að menn vilji fá verklegar framkvæmdir eftir þá kyrstöðu, sem verið hefir á því sviði nú undanfarin ár. Þetta var stjórninni ljóst

og í samræmi við það var frumvarpið útbúið og framlagt.

Þá sagði þessi hv. þm., að tekjur og gjöld ætti að áætla eftir bestu samvisku. Þetta er vitanlega rjett; tekjur og gjöld á að áætla eftir bestu samvisku, en eins og jeg hefi bent á áður, er ekki hægt að byggja áætlun, sem gerð er svona löngu fyrirfram, á svo mikilli vissu, að samviskusamlega gerð áætlun verði rjett áætlun. Jeg lít því svo á, að ekki sje hægt að halda fjárhag landsins í góðu lagi nema með gætilegri tekjuáætlun, svo gætilegri, að altaf verði dálítill afgangur fyrir ófyrirsjeðum útgjöldum. En því miður hefir ekki altaf reynst svo hjá okkur, því að allmörg ár má finna, sem LR sýnir tekjuhalla, en slíkt fylgir einkanlega erfiðu árferði atvinnuveganna, og nú megum við búast við hinni sömu hættu að því leyti og undanfarin kreppuár, því að horfur atvinnuveganna eru síst betri nú en þá.

En það teldi jeg hið mesta ólán, ef svo freklega yrði farið á stað nú að því er snertir verklegar framkvæmdir, að þingið neyddist til að stíga hið sama spor og það varð að gera undanfarin ár, að stöðva slíkar framkvæmdir að mestu leyti aftur. Mín skoðun er sú, að best fari á því, að hinar verklegu framkvæmdir gætu orðið meiri á erfiðu árunum en á góðu árunum.

Um einstakar fjárveitingar, sem háttv. 3. landsk. var að tala um, eins og t. d. til sendiherrans í Kaupmannahöfn og sendimannsins á Spáni, ætla jeg ekkert að segja við þessa umræðu. Það er nefnilega sinn hátturinn á hvorum, háttv. þm. Str. (TrÞ) í Nd. og háttv. 3. landsk. (JJ). Háttv. þm. Str. getur aldrei talað um nema eitt mál, sem sje gengismálið, en hv. 3. landsk. getur aldrei talað um eitt mál. Hann lætur sjer sjaldan nægja minna en að hlaupa um alla Norðurálfuna þegar hann tekur til máls.

Hver verði afdrif frumvarpsins um breytingu á vörutollslögunum, sem borið er fram af fjhn. neðri deildar, get jeg ekkert sagt um að svo stöddu. Eftir því, sem jeg hefi tekið eftir, hygg jeg það borið fram af nefndinni óskiftri, og í henni eiga sæti 7 menn úr öllum flokkum þingsins, nema jafnaðarmannaflokknum. Hlýtur það því að eiga von á töluvert miklum stuðningi í þinginu. En jeg get ekki neitað, að það sýnist eðlilegt að setja það í samband við afgreiðslu verðtollsfrumvarpsins, sem ennþá liggur fyrir þeirri nefnd. Meðan jeg veit ekki um afstöðu nefndarinnar til þess frumvarps, get jeg því ekki sagt um afstöðu mína til frv. um breytingu á vörutollslögunum, og því ekki svarað þeirri fyrirspurn háttv. 3. landsk.

Annars gladdi það mig, að þessi hv. þm. staðhæfði í ræðu sinni, að enginn þingmaður myndi vilja fjárlög með raunverulegum tekjuhalla. Vil jeg því endurtaka það álit mitt, að ekki megi miða tekjuvonina 1927 við tölur frá árinu 1925, og það sje í djarfasta lagi að miða hana við það, sem reyndist 1924.

Jónas Jónsson: Jeg hygg, að mín stutta ræða hafi orðið til þess að skýra það, að ekki sje orðinn alt of ítalskur bragur á þinginu, þar sem hæstv. fjrh. játaði, að valdið væri hjá þinginu og hann vildi mælast til samvinnu við það og að það tæki sitt starf alvarlega. En jeg fann ástæðu til að benda á þá hættu, sem nú vofir yfir þingræðinu. Það stóð um eitt skeið þrálát barátta um valdið yfir fjármálunum milli stjórnanna og þinganna í flestum ríkjum Norðurálfunnar, og kunnugir menn tala um nýja bliku, sem nú sje að

draga upp fyrir þingræðið, og þess vegna hefi jeg þessi aðvörunarorð í tíma talað.

En þar sem hæstv. ráðherra hefir játað að hafa búið fjárlagafrv. þannig út, að litlu megi breyta, nema ef til vill færa til eitthvað lítilsháttar, þá vil jeg benda á það, sem hann hefir undirstrikað, að hann virðist hallast að því ennþá, að gera verði svo varlega áætlun, að hún beinlínis verði röng. Sú áætlun, sem höfð er 8 milj., en verður 16 milj., er röng. Það gat að vísu enginn gert ráð fyrir, að tekjurnar myndu hækka svona mikið, en þó var það reiknað í fyrra af einum þingmanni af Norðurlandi, sem sæti á í fjhn., að tekjurnar myndu hækka um 6 milj., og sýnir það, að menn geti haft allglögga hugmynd um þetta fyrirfram. Þess vegna verður áætlunin röng, ef menn sækjast eftir því að áætla lægra en raunverulega má, og hefir hæstv. fjrh. haft löngun til þess. En nú hefir hann hætt við alt slíkt og skift um skoðun, sem kemur fram í því, að hann útbjó fjárlagafrv. öðruvísi nú en í fyrra.

En þar sem hæstv. fjrh. bjóst ekki við því, að allur stjórnarflokkurinn stæði með stjórninni, þá er það ekki mitt að ýta flokknum til hans. En jeg áleit það fasta venju um öll lönd, að stjórnarflokkurinn stæði með stjórn sinni, og jeg hygg, að svo sje hjer, og er sendiherramálið gott dæmi um það, því að jeg held, að allur stjórnarflokkurinn í Nd. hafi snúist í eyðsluáttina, hvað sem kann að verða hjer í þessari hv. deild. Svo að samræmið milli höfuðs og lima er í góðu ástandi.

Hæstv. fjrh. sagði, að jeg rökstyddi mál mitt með dæmum víðsvegar að, en þar sem stjórnin hefir útibú víða, á Spáni, í Danmörku og fyrir austan tjörnina, þá getur hann ekki fundið að því, þótt jeg minnist á þá staði, sem þingið verður að leggja fje til.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er alger misskilningur hjá hv. 3. landsk., að nokkur breyting hafi orðið á tilhneigingu minni til þess að áætla tekjurnar varlega. Jeg hefi bent á það áður og vil endurtaka það við þetta tækifæri, að reynsla undanfarinna ára er sú, að þegar öll gjöld eru talin, það, sem umfram þarf að borga lögmæltar greiðslur í fjárl., það, sem borga verður á fjáraukalögum, og það, sem borga verður samkvæmt nýjum lögum, þá hefir útkoman orðið upp og ofan sú, að útgjöldin hafa orðið 15% hærri en þau voru upphaflega áætluð, og ef tekjuáætlunin er ekki höfð svo varleg, að það, sem innborgast umfram áætlun, nægi til að greiða þennan halla, þá kemur óhjákvæmilega tekjuhalli á LR með skuldasöfnun þeirri, sem af honum leiðir. Svona held jeg, að þetta verði meðan fjárlög eru sett svona löngu áður en þau ganga í gildi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjvn. með 10 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Ed., þriðjudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 342, n. 411 og 414, 402, 418).

Frsm. (Eggert Pálsson) Þó að skylda mín sje að standa upp og mæla nokkur orð með þessu mikilvæga frumvarpi, þá gefur að skilja, að jeg stend ekki upp til þess að halda nokkra sjerstaka fjármálaræðu, því að jeg tel mig ekki þann fjármálamann, þó að mjer hafi tekist að

bjarga mínum eigin fjárhag sæmilega. Mun jeg því ekki fara að gera neitt fjármálayfirlit. Læt í því efni nægja að skírskota til yfirlits þess, sem hæstv. fjrh. (JÞ) gaf, þegar hann lagði frv. þetta fyrir neðri deild. Af yfirliti hæstv. ráðherra var fyllilega ljóst, að útkoma ársins 1925 var mjög glæsileg. En einmitt þegar svo er ástatt, er vandinn hvað mestur að búa til gætilega áætlun á næsta ári, því að þá vilja menn eðlilega byggja áætlanir sínar á útkomu síðastliðins árs, og einmitt þegar svo stendur á eins og nú, hættir mönnum við að verða of bjartsýnir, en slíkt er ætíð mjög varhugavert.

Eins og öllum mun kunnugt, hafa kringumstæðurnar breyst allmjög frá því í fyrra, og má því ekki vænta eins glæsilegrar afkomu af þessu ári eins og því síðastliðna. Þess vegna er tekið fram í nál., að nefndin líti svo á, að tekjuáætlanirnar í frv. þessu verði frekar að telja óvarlegar en varlegar, sjerstaklega af því, að hv. Nd. hefir hækkað suma tekjuliðina að miklum mun. Að vísu er henni þetta vorkunnarmál, þar sem hún byggir töluvert á afkomu ársins 1925, en það er, eins og jeg sagði, varhugavert að festa um of augun á slíku, því að það skaðar minna, þó að tekjuáætlanirnar reynist frekar of lágar en of háar.

Af einstökum tekjuliðum, sem Nd. hefir hækkað frá því, sem stjórnin setti þá, má fyrst nefna útflutningsgjaldið. Það hefir nefndin hækkað um 50 þús., svo nú er það áætlað 1 milj. kr. Í fjárlögunum fyrir 1926 er það áætlað 800 þús. En landsreikningurinn fyrir 1924 sýnir, að það er 969 þús. Nær þannig ekki þeirri upphæð þá, sem það er áætlað nú.

Áfengistollinn hefir Nd. sömuleiðis hækkað um 50 þús. frá því, sem stjórnin setti hann, svo nú er hann 650 þús. kr. Í fjárlögunum fyrir 1926 er hann áætlaður 530 þús. Og landsreikningurinn fyrir 1924 sýnir, að hann hefir þá ekki orðið nema 600 þús. Er því hjer um töluverða hækkun að ræða.

Þá er annað aðflutningsgjald hækkað um 35 þús., svo nú er það áætlað 150 þús. kr. Í fjárlögunum fyrir 1926 er það áætlað 115 þús. Og landsreikningurinn fyrir 1924 sýnir, að það hefir orðið þá 86 þús.

Þá kemur enn allveruleg hækkun á 21. lið 2. gr., víneinkasölunni. Tekjurnar af henni eru hækkaðar um 125 þús., svo nú eru þær áætlaðar 500 þús. kr. Í fjárlögunum fyrir 1926 eru tekjurnar af henni áætlaðar 375 þús., en landsreikningurinn fyrir 1924 sýnir, að þær hafa orðið 454 þús. Er því hjer um allverulega hækkun að ræða.

Það er ekki nema eðlilegt, að jafnt þessi liður sem aðrir hækki á slíku ári sem 1925, því að geta manna til þess að kaupa ónauðsynlegar vörur vex vitanlega jafnt og kaupgetan til að kaupa hinar nauðsynlegu. En hjer ber þess að gæta, að vonandi er, að bindindisstarfseminni vaxi svo fiskur um hrygg, að þessi kaup fari minkandi, jafnframt því, sem kaupgetan minkar líka alment.

Þetta, sem jeg nú hefi drepið á, er það, sem meðal annars vakir fyrir nefndinni, þar sem hún kemst svo að orði, að hún telji tekjuáætlunina frekar óvarlega en varlega. En eigi að síður sjer nefndin ekki til neins að leggja til, að tekjuáætlunin verði lækkuð, af því að hún telur vafasamt, að neðri deild myndi ganga inn á það. Er tekjuáætlunin því látin halda sjer eins og Nd. gekk frá henni, og hefir fjvn. því unnið að frumvarpinu á þeim grundvelli.

Eins og sjá má á frv., var tekjuhallinn á því þegar það kom frá Nd. um 198 þús. kr., og þótti nefndinni það ærið hár tekjuhalli, þegar líka þess er gætt, að heil deild á eftir að hafa frv. til meðferðar, og verður því ekki hjá því komist að bæta á það ýmsum útgjaldaliðum, með því líka reynslan er sú, að fjvn. neðri deildar hefir frekar óskir meðdeildarmanna sinna fyrir augum en óskir þeirra, sem sæti eiga í efri deild.

Nefndin gat því ekki komist hjá að gera nokkrar hækkunartillögur, og nema þær alls fullum 66 þús. kr. En aftur á móti lækkaði hún ýmsa liði, sem settir voru inn í neðri deild, og var henni það fyllilega ljóst, að slík lækkun yrði ekki vel þokkuð hjá þeim, sem urðu fyrir barðinu á henni. Verður því hjer sem fyr að ekki er gott að gera öllum til geðs.

Útkoman hjá nefndinni varð því sú, eins og nefndarálitið sýnir, að tekjuhallinn eykst aðeins um rúmar 12 þús. kr., og eru þó þar af 10 þús., sem aðeins er leiðrjetting á reikningsskekkju, sem bæði fjvn. Nd. og deildinni sjálfri hefir sjest yfir.

Hvað snertir vinnu nefndarinnar, þá verður hún að teljast alveg forsvaranlega af hendi leyst. Eins og hv. deildarmenn rekur minni til, þá var fjárlagafrv. lagt fyrir þessa hv. deild 17. apríl og vísað til fjvn. Hefir hún skilað af sjer störfum þann 24. apríl, og haft þannig viku fyrir sjer, sem ekki getur talist mikið. Jafnframt tel jeg sjálfsagt að geta þess, að nefndin hefir ekki eingöngu starfað meðan hún hafði fjárlagafrv. til meðferðar, heldur brúkað miklu meiri tíma, lesið öll skjöl, sem snerta frv., á undanförnum tímum. Alls hefir nefndin haldið 38 fundi. Hinsvegar er það ljóst, að vinnan verður ekki eins þægileg með þeirri aðferð, sem verður að hafa, þar sem nefndin fær skjölin á strjálingi, eftir því sem Nd.-nefndin þykist mega missa, sem er vitanlega mikið verra og óþægilegra en að fá þau greiðlega og eftir beinni röð.

Þá býst jeg við, að jeg verði að víkja að brtt., sem nefndin hefir komið fram með og eru á þskj. 402. Það er venjan, enda þótt í nál. á þskj. 411 sje gerð sem fullkomnust grein fyrir þeim, til þess að hv. deildarmenn geti frekar áttað sig á afstöðu nefndarinnar til þeirra breytinga, sem einhverju varða.

Fyrsta brtt. nefndarinnar er þannig, að jeg þarf engum orðum um hana að fara. Hún er aðeins leiðrjetting á reikningsskekkju, sem hefir haldið sjer í gegnum hv. Nd.

Önnur brtt. er við 11. gr. A. 8 og er aðeins orðabreyting, eða lítið annað. Má segja, að í henni felist, að landhelgissjóður leggi fram alt að 125 þús. kr., og verður það samt aldrei eins mikið og ríkissjóður leggur fram.

3. brtt. er við 11. gr. B. 2. Þann lið, sem er um brunaábyrgðir og fasteignagjöld, hefir nefndin lækkað um 7 þús. kr. og byggir það á því, að fyrir þinginu liggur nú frv. um að fella niður gjöld til bæjarsjóðs af opinberum byggingum að nokkru leyti. Það er að vísu ekki ljóst ennþá, hve miklu það myndi nema, en í greinargerð þess frv. eru tilfærðar tæpar 6000 kr. Svo er minst á aðrar byggingar, sem framvegis borgi ekki fasteignagjald, svo nefndin áleit þessa lækkun, sem hún fer fram á, láta nærri.

4. brtt., við 12. gr. 3, er um það, að styrkurinn til Skúla Guðjónssonar falli niður. Það, sem fyrir nefndinni vakti með þessu, var það, að henni virtist, sem hjer væri

verið að stofna til sjerstaks kennarastóls við háskólann, en hinsvegar alveg ljóst, að þessi upphæð nægir hvergi þessum manni til framfæris sjer og sínum, og yrði því að hækka hana mjög bráðlega, svo að hún yrði sambærileg við laun annara kennara við háskólann. En nauðsyn þess að stofna þetta embætti nú gat nefndin ekki sjeð.

Næst kemur brtt. við sömu gr., við 19, r, að sjúkrastyrkur til Haralds Sigurðssonar falli niður. Nefndin gerir þetta af þeirri ástæðu, sem tekin er fram í nál., að hjer geti orðið um hættulegt fordæmi að ræða. Jeg er þess fullviss, að sá listi, sem hjer yrði skrifað á framvegis, gæti orðið æðilangur. Það er nú svo, að margur er veikur, margur þarfnast hjálpar, sem feginn vildi fá styrk til að geta haldið sjer þar, sem hann teldi sjer þægilegast að vera. Það má að vísu segja, að þegar sje komið fordæmi fyrir þessu, þar sem er næsti liður á undan þessum. En það er þó betra að stöðva þetta hjer en gera það einhverntíma seinna, því að það yrði þá öllu erfiðara.

Þá kemur 13. gr., sem nefndin hefir gert margar brtt. við, ýmist til hækkunar eða lækkunar. Í samráði við vegamálastjóra leggur hún til, að veitt verði fje til framhalds Stykkishólmsveginum. Þessi vegur hefir lengi verið á döfinni; það var byrjað á honum fyrir aldamót, þótt nú sje ekki lengra komið en það, að 1905 var búið að leggja 30 km. Síðan hafa verið lagðir aðrir 30 km. og svo hefir ekkert verið átt við þennan veg síðan 1923. En þar sem vegi þessum lýkur, taka við 3 ár, sem þarf að brúa, en svo er bil á milli þeirra, sem þarf að lagfæra, og meðan það er ekki gert, komast þeir, sem hafa flutninga á þessu svæði, ekki lengra en á vegarenda og verða að taka upp gömlu aðferðina, að flytja alt á klökkum það sem eftir er leiðarinnar.

Tilætlunin er með tímanum að ná með þennan veg alveg til Stykkishólms, sem er alveg tvímælalaus nauðsyn. En því fyr næst þetta, sem meir er unnið að þessum vegi smátt og smátt. En eins og tekið er fram í nál., þá eru þeir menn, sem búa í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, mjög illa staddir með alla aðflutninga.

Nefndin hefir lagt til að veita 10 þús. kr. til Langadalsvegar. Það er nú svo ástatt með þennan veg, að hann kemur ekki að fullum notum þar sem honum lýkur, því að við enda hans eru miklar torfærur, sem þurfa umbóta við, svo að menn geti komist sæmilega áfram.

En til þess að geta veitt þessar nauðsynlegu umbætur til þessara vega, þóttist nefndin ekki geta komist hjá því að lækka á öðrum stöðum. Var þá til tvenns að taka. Fyrst að lækka um 10 þús. kr. upphæð þá, sem veitt er til brúargerða. Gerði nefndin það með það fyrir augum, að samt mætti byggja allar þær brýr, sem gert er ráð fyrir, að bygðar verði, þótt upphæðin til þeirra verði lækkuð, því að til þess, að svo gæti orðið, myndi nægja þó ekki væri nema 5% lækkun á sementi, vinnulaunum og öðru, sem því tilheyrir, frá því sem nú er. Er það von nefndarinnar, að slík lækkun geti komið og verði komin 1927.

Í öðru lagi lagði nefndin til — jeg get tekið þetta hvorttveggja undir eitt — að lækka fjárveitinguna til símalagninga um 15 þús. kr. Bygðist þetta á því sama og hitt, að ekki væri óhugsandi, að vinna og verð á byggingarefni gæti lækkað svo mikið, að samt yrði hægt að framkvæma allar þær símalagningar, sem ráðgerðar eru,

Þá eru við 13. gr. B. VIII tvær brtt. frá nefndinni, sem er aðeins leiðrjetting á skakkri tilvísun í lög og á villu í liðnum eins og hann er.

Þá er næst brtt. undir B-lið X, þar sem nefndin leggur til, að feldur verði styrkur til ferju á Hrosshyl í Þjórsá af þeirri ástæðu, að ef slíkur styrkur fengi að standa, myndi það draga dilk á eftir sjer. Það kemur fleira á eftir, því að öllum, sem þurfa að inna þetta verk af hendi, þætti mikið hnoss að fá styrk úr ríkissjóði, í stað þess að halda þessu uppi aðeins fyrir ákveðna ferjutolla.

Næst kemur viðaukatill. við 13. gr. XIII, að veita 2 þús. kr. til endurbóta húsakynnum á Hlíðarenda í Fljótshlíð. Er styrkur þessi bundinn því skilyrði, að ábúandi geti hýst að sumarlagi 6—7 manns, eða sem svarar fólki úr einum bíl, þegar mest er aðsókn erlendra og innlendra ferðamanna þangað. Á Hlíðarendi mestan þátt í þessari aðsókn, og segir það sig sjálft, að það er að ýmsu leyti erfitt fyrir búendurna í sveitinni að hýsa allan þann straum ferðamanna, sem þangað kemur, og því má segja, að það komi öllum til nota, ef hjer kæmi eitt heimili í viðbót, sem hýst getur ferðamenn. En það veldur manni sársauka að heyra útlenda ferðamenn tala um það, hvílík forsmán það sje fyrir þjóðina, hve Hlíðarendi sje niðurníddur og að það skuli vera liðið ár eftir ár að aðhafast ekkert til að bæta úr því.

Jeg veit það að vísu, að þessi till. nær ekki svo langt að koma Hlíðarenda í það horf, að hann verði þjóðinni til sóma; en hún miðar þó í áttina til þess. Og ef Hlíðarendi fær þessa bót, þá er ekki lengur hægt að segja, að hann sje verst hýstur allra bæja þar um slóðir, heldur sje hann eftir því sem gerist og gengur.

Að þessi till. komi í bága við þál., sem borin hefir verið fram í hv. Nd., hygg jeg að allir sjái, að ekki getur átt sjer stað, því að eins og tekið er fram í nál., er tilætlunin sú, að verði úr kaupunum, þá dragist þessi styrkupphæð frá verði jarðar og húsa. Svo að hjer er ekki um það að ræða, að þetta geti rekist á.

Viðvíkjandi 13. gr. D. III, a. og b. ljet landssímastjóri það í ljós, að betra væri, að þessi liður yrði færður í 16. gr., því að svo er til ætlast, að þessar línur verði ekki á kostnað ríkissjóðs, heldur sjeu þær einkafyrirtæki, sem hlutaðeigendur hafa allan kostnað og tekjur af, og eigi því ekki hjer heima. En þar sem til var fordæmi í þessu efni í gildandi fjárlögum, sem sje línan að Núpi í Dýrafirði, sem líka er einkalína og stendur í þessari sömu grein, þá áleit nefndin tilgangslítið að færa þessar fjárveitingar á burt og yfir í 16. gr.

Næst kemur 14. gr. Þar hefir nefndin bætt inn í við 14. gr. A. b. 4 aths., sem borin var upp í hv. Nd., en fjell þar, um að kirkjustjórninni væri heimilt, samkvæmt tillögu prestastefnu, að verja alt að einum prestslaunum til þess að greiða ferðakostnað handa prestvígðum manni, einum eða fleirum, til eflingar andlegri samvinnu meðal presta og kristilegra áhrifa á söfnuði úti um land. Tilefnið til þessarar málaleitunar var það, að skólastjórinn á Laugum fór þess á leit við Prestafjelagið að fá vígðan prest til þess að flytja 2—3 fyrirlestra við skólann og benti á sjerstakan mann, prestinn á Skútustöðum, sjera Hermann Hjartarson. En bæði var það, að hann þóttist hafa nægilegt fyrir stafni og varð ekki við tilmæl-

unum, og svo var ekki hægt að veita honum neina þóknun, þótt hann hefði eytt milkum tíma í ferðalög fjarri heimili sínu. En hefði þessi till. með aths. þá verið til, hefði það verið innan handar að verða við þessum tilmælum.

Það er svo háttað með suma alþýðuskólana, að þeim stjórna prestvígðir menn. Svo er t. d. með Eiða- og Núpsskólana. En þar sem nú hafa risið upp aðrir skólar, sem ekki hafa slíkum kröftum á að skipa, væri það mjög gott að fá þar vakningarerindi frá kristilega sinnuðum mönnum. Ef það eru menn, sem hafa virkilega trú á því, að þetta starf gæti haft vekjandi kristileg áhrif, þá væri það vissulega til mikillar blessunar, að þeir færu um vissa staði til þess að halda slíka fyrirlestra. Nefndin er því á þeirri skoðun, að það gæti borgað sig, frá andlegri hlið skoðað, að gefa kirkjustjórninni færi á því að nota þetta fje í þessu skyni.

Þá er við 14. gr. B. XII. 1. d. nýr liður um 5 þús. kr. til endurnýjunar húsbúnaði og rúmfatnaði kvennaskólans. Þessi nauðsynlegu áhöld skólans eru orðin svo gömul og slitin, að það verður að endurbæta þau og veita fje til þess. Jeg álít líka, að þar sem um þennan skóla er að ræða, þá þýði ekki að tala um annað en að veita honum það fje, sem nauðsynlegt er. Eins og hjer hefir verið tekið fram í umræðunum um þennan skóla nú fyrir nokkrum dögum, þá hefir það aldrei átt sjer stað, að þessum skóla eða Blönduósskólanum hafi verið neitað um nauðsynlegar upphæðir.

16. brtt. er við 14. gr. B. XIII. 7. Þar hefir háttv. Nd. bætt inn í utanfararstyrk til ákveðins manns. Þessi maður hefir farið fram á að fá þennan styrk með tilliti til þess að kynna sjer í fyrsta lagi lestur barna og stöfunaraðferðir, í öðru lagi aðferðir til þess að flokka börn eftir aldri og þekkingu og í þriðja lagi ráðstafanir gagnvart og meðferð á vandræðabörnum. Það lágu nú svipaðar umsóknir þessari fyrir nefndinni, m. a. frá Steingrími Arasyni um þriðja atriðið, að kynna sjer meðferð á vandræðabörnum. Vildi hann fá styrk til þess að fara til Bandaríkjanna í þessu skyni. Sömuleiðis lá fyrir nefndinni erindi frá sjera Guðmundi Einarssyni á Þingvöllum um styrk til handa ákveðnum manni, Guðmundi Gíslasyni frá Úlfljótsvatni, sem sumir hafa látið sjer detta í hug að ætti að verða kennari við hjeraðsskólann í Árnessýslu. Sjera Guðmundur Einarsson, sem hafði haft þetta mál með höndum samkvæmt óskum prestastefnunnar, mælti með því að veita þessum manni 2000 kr. En í samtali, sem hann átti við mig um þetta, sagði hann, að ekki væri útilokað, að nægja myndu 1000 krónur, þar sem umgetinn maður væri nú staddur ytra. En fram hjá báðum þessum mönnum hefir alveg verið gengið, og sá nefndin þá enga ástæðu til þess að sinna þessari styrkbeiðni, sem hjer um ræðir, frekar en hinum.

Í 14. gr. XIV. 2 er fjárveitingin til unglingaskóla (lýðskóla) utan Reykjavíkur, Akureyrar og Hafnarfjarðar 42 þús. krónur.

Eins og athugasemdin sýnir, er það skilyrði, að kent sje samkvæmt reglum, er stjórnarráðið setur, bæði að því er snertir tímalengd og annað. Það verður auðvitað ekki hjá því komist að setja um þetta reglur, en það er kostur, að þær reglur sjeu ekki mjög þröngar. Gæti vel komið til mála að veita þennan styrk, þó ekki væri öllum skilyrðunum fullnægt bókstaflega, ef árangurinn sýndist þar eins góður og annarsstaðar, þar sem tíminn er lengri talinn. Það lágu fyrir nefndinni ýmsar

umsóknir um styrk fyrir skólahald, sem ekki gátu komist undir þessar reglur, af því að kent hafði verið of skamman tíma. Það getur vel staðið svo á, að ekki sjeu kringumstæður til að kenna 3 mánuði eða meira, og getur þó komið að gagni, og stundum meira gagni en þar sem tíminn er langur. Annars er það stjórnarinnar sjálfrar og fræðslumálastjóra að ráðstafa því, hvernig þessu skuli hagað.

Umsóknir um fje til að reisa nýja barnaskóla í sveitum hafa fjöldamargar borist, og hefir fræðslumálastjóri mælt sjerstaklega með sumum í brjefum, sem hann hefir skrifað stjórn og þingi. Ómögulegt er að sinna þessu öllu, og verður fræðslumálastjórnin að haga sjer í þessu efni eftir því, sem best þykir henta eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja.

Þá er brtt. XVIII, 4. Nefndin sá sjer ekki annað fært en að hækka þennan styrk dálítið, því margar umsóknir um styrk til að koma upp sundlaugum lágu fyrir og aðstaða nokkurnveginn jöfn. Það er drepið á þetta í nál., og nægir að vísa til þess. Í sambandi við þetta hefir nefndin lagt til, að fyrir „hjeraðseign“ komi: til afnota fyrir almenning. Það eru fyrst og fremst ungmennafjelögin, sem gangast fyrir þessum framkvæmdum, og það virðist eðlilegast, að þau hafi veg og vanda af þessum fyrirtækjum, þegar þau eru komin upp. Af því að þau hafa lagt mikið á sig við að koma sundstæðunum upp, má treysta þeim til að láta þau ekki lenda í vanhirðu. Gæti vel komið fyrir, að hreppsnefnd hefði minni áhuga í þessu efni.

Þá er brtt. við 15. gr. 1, a. Það er aðeins leiðrjetting á reikningsskekkju.

Þá er brtt. við sömu gr. 3, g, um að niður falli styrkur til að safna drögum til menningarsögu. Fyrir þessu er ekki aðrar ástæður að færa en þær, að nefndinni fanst þessi styrkveiting ekki bráðnauðsynleg og fremur óviðfeldið að veita þetta út í loftið um leið og Nd. fellir styrk til ákveðins manns, sem kominn er inn á þá braut að rita upp og skýra gamlan fróðleik.

Þá er 15. gr. 16, að þessum styrk, 1500 kr., sem um er að ræða, sje varið til að halda áfram útgáfu á Lagasafni handa alþýðu. Það er búið að gefa út 5 hefti af þessu safni, eða fram að árinu 1909. Síðan hefir ekkert komið, og er því ekki í annað hús að venda en Stjórnartíðindin eftir þann tíma. En þau eru nýog óhandhæg til notkunar og getur verið erfitt að átta sig á þeim, enda mun misbrestur á, að þeim sje haldið saman, þó send sjeu hreppstjórum og oddvitum. Getur því oft verið seinlegt að ganga úr skugga um, hvaða lög hafa bæst við síðan 1909. Því hefir verið haldið fram, að Lög Íslands væri betra rit og hentugra, af því aðeins sjeu tekin lög, sem gilda. En þetta rit er komið mjög skamt áleiðis, þó mikið kunni að vera til í handriti. Hins vegar eru margir búnir að eyða fje til að kaupa þau hefti, sem komin eru út af Lagasafni alþýðu, og er ilt, að það fje fari til ónýtis. Nefndin hjelt, að flestum myndi kærkomnara að fá áframhald þessa verks heldur en Lög Íslands. Eitthvað þarf að fá, því ilt er að burðast með marga árganga af Stjórnartíðindunum.

Þá er næst nýr liður, að veita skuli 2000 kr. til hljómsveitar Reykjavíkur. Formaður þessa fyrirtækis og stofnandi, Sigfús Einarsson, sem heldur því uppi með mikilli elju, kom til nefndarinnar með tilmæli um, að einhver styrkur yrði veittur í þessu skyni. Umsóknin um þennan styrk hafði hljóðað upp á 2—4 þús. kr. En háttv. Nd. hafði ekki viljað sinna þessu neinu. Organistinn sýndi fram á,

að ef enginn styrkur fengist til þessa, yrði ókleift að halda fyrirtækinu áfram. 4000 króna umsóknin var miðuð við það, að hægt væri að bæta við mönnum og hljóðfærum, en 2000 kr. kvað hann mundu nægja til að halda við því, sem komið er. Nefndinni þótti ilt og óforsvaranlegt, að þessi byrjun legðist niður, og vildi stuðla að, að svo yrði ekki.

Þá er næst styrkur handa listamönnum. Nefndinni fanst rjett, að þeir fengju sömu upphæð allir, og auk þess hefir hún bætt tveimur við. Harald Björnsson má telja hliðstæðan Önnu Borg. Hann hefir veitt forstöðu Leikfjelagi Akureyrar og er því vel undirbúinn, enda gefa kennarar hans í skyn, að hann geti orðið því sem næst fullnuma, eftir því sem hægt er í þessari grein, á tiltölulega skömmum tíma. Hinn maðurinn, Gu[illegible]laugur Blöndal, er kunnur málari og stendur þar mjög framarlega. Hann mun vera í þann veginn að halda málverkasýningu í París og þarf að verja miklu fje til þess.

Þá er till. um að veita frú Björgu Blöndal 2500 kr. í viðurkenningarskyni. Jeg tel óþarft að eyða orðum um þessa till. Ef til vill þykir hún frekar of lág en há, því að þessi kona hefir gert þjóð sinni ómetanlegt gagn. Það var farið fram á 3000 kr. í 3 ár, en nefndin þorði ekki að leggja til, að gengið væri inn á þá braut.

Næst er till. um að fella niður styrk til Guðmundar Finnbogasonar. Nefndin var hrædd um, að þessi styrkveiting mundi draga dilk á eftir sjer, að fleiri embættismenn kynnu að fara fram á hið sama, og ekki væri þá frekar ástæða til að neita þeim. Til dæmis væri óforsvaranlegt að neita slíkum manni sem dr. Páli Eggert, ef hann færi fram á slíkan styrk og einhver væri kominn á undan. Það má kannske segja, að fordæmi sje þegar gefið, þar sem er ritstyrkur Nordals. Jeg var líka upphaflega á móti honum af sömu ástæðum, þó úr yrði, að sá styrkur væri veittur, til þess að hlutaðeigandi ryki ekki frá okkur til annara landa. Jeg álít dr. Guðmund Finnbogason góðan rithöfund og jeg les með ánægju rit hans. En sem sagt: Þessi styrkveiting myndi skapa fordæmi, sem gæti haft óþægilegar afleiðingar, og því leggur nefndin á móti henni.

Þá er næst lítilfjörleg hækkun til Páls Þorkelssonar, sem varla þarf að mæla með sjerstaklega.

Þá er brtt. við 16. gr. 3, þar sem nefndin leggur til, að athugasemdin falli niður. Það hefir altaf verið álit þessarar deildar, að ekki væri rjett að setja sjerstök skilyrði fyrir þessari styrkveitingu. Mjer er kunnugt um, þar sem jeg þekki til, að þessi styrkur hefir gert mikið gagn, verið mönnum hvöt til að vinna sem mest að jarðabótum. Jeg get nefnt einn nágranna minn, sem unnið hefir mikið að jarðabótum. Hann hefir stundum fengið 150 krónur á ári af þessu fje, þótt lítið falli á hvert dagsverk, og jeg veit, að honum hefir þótt þægilegt að fá þennan styrk, þótt lítill sje. Jeg held, að best fari á því, að þessari styrkveitingu sje hagað eins og gert hefir verið.

Þá er 34. brtt., við 16. gr. Í frv. stendur, að leggja skuli til hafnarbóta í Ólafsvík þriðjung kostnaðar, 10 þús. kr. Eftir því er ætlast til, að hreppsfjelagið leggi fram 20 þús. kr., en það er því algerlega um megn. Í þetta fyrirtæki er þegar búið að leggja 34 þús. kr., 10 þús. úr ríkissjóði og 24 þús. kr. úr hreppssjóði, og þar með er lánstraust hreppsins þrotið. Að fá ríkissjóðsábyrgð eða lán úr ríkissjóði er ekki sýnilegt, að hefði neitt að

þýða, því að hreppsfjelagið gæti ekki svarað vöxtum eða afborgunum af svo stórri upphæð. Nefndin taldi því rjett að veita 20 þús. kr. til þessa fyrirtækis alveg skilyrðislaust.

Þá er 35. brtt., sem jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um. Að meiri hl. komst að þessari niðurstöðu, stafar af því, að yfirlýsing kom fram á síðasta þingi um það, að það yrði í síðasta sinn, sem farið yrði fram á slíkan styrk.

Þá er 36. brtt., sem er aths. Nefndinni fanst óviðkunnanlegt að gera Sambandi íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga að greiða ákveðna upphæð sjerstökum manni. Ef maðurinn er þess sjerstaklega verður, þá færi betur á, að hann stæði alveg sjer en undir þessum lið.

Þá kemur nr. 37, við 16. gr., um eftirgjöf á lánum til nokkurra hreppa. Nefndinni þykir það mjög svo varhugavert að ganga inn á þá braut að gefa hreppum þannig eftir lán. Eins og tekið er fram í nál., þá fjekk nefndin skrá yfir lán hinna einstöku hreppa, kaupstaðirnir ekki taldir með. Þessi lán eru nú kr. 242425.64 Þegar farið er að gefa nokkrum hreppum þannig eftir lánið, eins og hjer á sjer stað í frv., þá má búast við, að fleiri og fleiri komi á eftir. Þess vegna leggur nefndin til að fella þennan lið burtu.

Næst er 38. brtt., að komi nýr liður, 1 þús. kr. til Bjarna Magnússonar fangavarðar í Stykkishólmi. Það er hugsað sem uppbót í eitt skifti á þeim lítilfjör'egu launum, sem hann hefir haft. Það var samþykt á síðasta þingi í þessari deild, en felt í Nd. Þetta er ógnar lítilfjörleg upphæð, en sennilega ekki svo lítil hugnun fyrir hann.

Þá hefir nefndin lagt til að fella niður 5. lið 17. gr., 3800 kr. til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna, en setja í þess stað annað, sem hún telur meira virði, sem sje til Sjúkrasamlags Reykjavíkur. Mætti segja, að best væri að styrkja hvorttveggja, en nefndin vildi reyna að spara jafnframt því að fullnægja þessari sjálfsögðu útgjaldakröfu.

Í 18. gr. vill nefndin bæta við tveimur konum. Önnur er Kristín Sigfúsdóttir skáldkona, sem allir kannast við af ritverkum hennar. Sumir kunna að hafa það á móti þessu, að hún sje ekki búin að vera svo lengi viðurkend eða vinna svo mikið, að hún eigi nú að komast inn í 18. gr., og svo kunni að fara, að hún vinni ekki framar að ritstörfum. Mjer finst reynslan mæla á móti þessu. Við minnumst Guðmundar Friðjónssonar. Hann fjekk fyrst styrk eitt og eitt ár í senn, en svo varð útfallið, að hann komst inn í 18. gr. Og jeg veit ekki betur en hann hafi ekki síður haldið áfram sínum ritstörfum eftir það. Jeg fyrir mitt leyti þori að vænta þess, að Kristín Sigfúsdóttir haldi áfram að semja skáldrit eins fyrir þetta og ekki síður. Enda má segja, að þeir, sem á annað borð eru gæddir slíkri gáfu, geti alls ekki hætt við að yrkja meðan kraftar og kringumstæður leyfa.

Þá leggur nefndin til að hækka styrkinn til Þórunnar Gísladóttur. Það er mjög orðlagt, hvað hún hafi komið að góðu liði í hvívetna meðan hún gegndi ljósmóðurstörfum í Skaftafellssýslu. Oft varð að grípa til hennar í stað læknis til þess að binda um beinbrot, kippa í lið og ýmislegs fleira, svo að það má segja, að hún hafi gegnt að nokkru leyti læknisstörfum í heilli sýslu um margra ára skeið. Og hins vegar er ómögulegt að neita því, að enn í dag er margur maðurinn, sem telur sig hafa haft gott gagn af hennar hjálp eða ráðleggingum við ýmiskonar líkamsmeinum. Hjer er ekki, eins og jeg sagði,

um nýjan styrkþega að ræða, sem nefndin beri fram, heldur um hækkun dálitla á styrk, sem fyrir er í frv. En hin konan, sem nefndin vill bæta við inn í 18. gr., er Guðbjörg Þorleifsdóttir í Múlakoti. Hún fór þess á leit, þessi kona, að fá 1 þús. kr. styrk til að leiðbeina um trjárækt og blómarækt, sem hún er með afbrigðum hneigð fyrir, að sínu leyti eins og skáldin, sem verða að yrkja — geta ekki annað en gert það. Alla tíð hefir hún verið fjarska heilsulaus. Það er eitt, sem virðist halda lífi hennar uppi, það er hugsjónin að lifa fyrir blómin. Jeg veit, að mörgum mun kunnugt, hverju hún hefir áorkað í þessu efni. Margur maður, sem hefir farið austur í Fljótshlíð, hefir skoðað fagran garð, sem hún hefir komið upp og annast. Á sama bæ er reyndar annar fallegur garður hjá nábýlisbóndanum, sem sömuleiðis er mjög áhugasamur um þessa hluti. En aðstaðan er að ýmsu leyti betri hjá honum en konu þeirri, sem hjer ræðir um, enda heilar og hraustar karlmannshöndur, sem þar standa að.

Þá er 44. brtt., sem gengur út á, að 7. liður 22. gr. falli niður. Ástæða meiri hluta nefndarinnar er sú, að þessar verksmiðjur, Álafoss og verksmiðja Boga Þórðarsonar (Gefn), eru svo nálægt hvor annari, að viðbúið er, að samkepni milli þeirra um spuna meðal annars geti gert Álafossi stóran óleik. Uppi um sveitir er yfirleitt ekki að ræða um það, að kvenfólk spinni mikið á rokk. Þarf því vitanlega að fá lopann spunninn í slíkum vjelum, ef nokkuð á að verða úr slíkri heimavinnu. En hins vegar er ekki víst, að þær hafi báðar nóg að gera, þar sem þær eru svo nálægt hvor annari. Þykir því meiri hluta nefndarinnar viðurhlutamikið að styrkja nýja verksmiðju til samkepni móti þeirri, sem fyrir er og ríkissjóði, vegna áður veitts láns eða ábyrgðar, ríður svo mikið á, að ekki fari um koll.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að taka upp lánsheimild fyrir 12 þús. kr. til Boga sýslum. Brynjólfssonar. Byggist það á fordæmi, því að slíkt lán var veitt í fyrra til þess að standast byggingarkostnað hjá bæjarfógeta Vestmannaeyja og sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta að sinni. Geri ráð fyrir, að þeir, sem brtt. flytja, þurfi að taka til máls og mæla fyrir þeim, og læt því bíða að fara orðum um þær þar til flutningsm. þeirra hafa talað fyrir þeim.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi ekki neina ástæðu til að vera óánægður með meðferð nefndarinnar á frv. Þvert á móti sýnist mjer hún hafa sýnt sómasamlega sjálfsafneitun að því er snertir takmörkun á hækkunartill., sem hún sjálf ber fram. Eins sýnist mjer henni hafa farist farsællega að leggja til um niðurfærslu og burtfellingu á nokkrum þeim liðum, sem inn voru komnir í Nd. og sýnast mega ýmist missa sig eða þola bið.

Það er svo, að fái frv. að fara gegnum þessa umr. með breytingum nefndarinnar einum saman, þá verður ekki sagt, að í því felist nein teljandi breyting á aðalniðurstöðu frv. Ekki nein breyting á tekjuhallanum, en eftir því, sem mjer sýnist, er dálítil umbót á meðferð fjárins.

Fáar af till. nefndarinnar gefa tilefni til að minst sje á þær. Jeg vil þó þakka nefndinni fyrir þá leiðrjettingu, sem liggur í 1. brtt. hennar, á reikningsvillu, sem stóð í stjórnarfrv.

Að öðru leyti vildi jeg segja örfá orð um 37. till. nefndarinnar, við 16. gr. Hún er um það, að niður falli eftirgjöf lána

af ríkisfje til þriggja sveitarfjelaga. Till. um þetta hafa komið fyrir Nd., en voru feldar. En síðast voru þær sameinaðar í eina till., og var hún samþykt. Jeg vil þakka nefndinni fyrir að leggja til að fella þetta niður. En það er samt ekki af því að jeg sjái beinlínis eftir þessu fje, ef virkileg ástæða er til að veita þessar eftirgjafir. Það er af hinu, að það er órannsakað og ósannað mál, hvort það er meiri ástæða til að veita þessum sveitarfjelögum eftirgjöf á þessum lánum en að veita ýmislegt annað hliðstætt. Þessi sveitarfjelög hafa ekki borið sig upp við stjórnina, eins og venja er sveitarfjelaga, sem hafa komist í kröggur. Þau vita vel, að þau eiga aðgang að atvinnumálaráðuneytinu til þess að bera upp sín vandkvæði. Allmörg sveitarfjelög hafa sjeð sig tilneydd að gera þetta nú seinustu árin. Og þar sem það hefir í raun og veru sýnt sig, að þörf var á aðstoð til þess að komast fram úr vandræðum, þá hefir það, eftir því sem jeg best veit, altaf tekist fyrir milligöngu atvinnumálaráðuneytisins að koma þeirri skipun á, sem hlutaðeigandi sveitarfjelag hefir getað sætt sig við. Ef nú þessi sveitarfjelög telja sig hafa sanngirnisrjett til eftirgjafar, þá má þó heimta það, að þau hvert í sínu lagi fari þessa sömu leið. Og ef við slíka rannsókn kemur í ljós, að einhverjar gildar ástæður mæli með því, að einhver tilslökun verði gerð, eða á annan hátt greitt fyrir þessum sveitarfjelögum, þá segi jeg það hiklaust, að frá minni hálfu skal ekki standa á því. Jeg skal ekki telja eftirsjá að fjárhæðinni í sjálfri sjer. Jeg álít vel farið, að þetta væri felt, eins og nefndin stingur upp á, og sveitarfjelögunum vísað á þessa leið. Það er meðal annars sjerstaklega æskilegt vegna þingmanna hlutaðeigandi kjördæma; því að það fer ekki hjá því, að þetta verði lagt út sem of mikið kapp af hálfu þeirra, þegar slíkar eftirgjafir eru knúðar fram með atkvgr. í þinginu.

Jeg gaf í Nd. skýrslu um efnahag þessara þriggja sveitarfjelaga samkv. síðustu reikningum þeirra, frá fardagaárinu 1923—'24. Og það varð yfirleitt ekki sjeð á þeim reikningum, að þessi sveitarfjelög væru bágstödd, og síst af öllu það, sem á að hafa hæsta eftirgjöfina. Reikningarnir sýndu þvert á móti fremur góðan hag. Það var sagt, að reikningarnir gæfu ekki rjetta mynd. Jeg get ekki sagt um það; en ef svo er, þá finst mjer sveitarfjelögin ættu að senda sín skilríki til hlutaðeigandi ráðuneytis og bera fram sínar málaleitanir þann veg.

Þá ætla jeg það sje ekki nema síðasti liðurinn, sem snertir viðlagasjóðslánin, sem jeg tel mjer sjerstaklega viðkomandi. Það er 44. till. nefndarinnar, þar sem hún leggur til að fella niður lánveitingarheimild til spunavjelakaupa til nafngreinds manns hjer í bænum, sem hefir komið upp tóvinnuverksmiðju eða kembivjelum. Jeg get ekki fallist á ástæðuna, sem nefndin færir fyrir því, að ekki sje gerandi að veita þessa lánsheimild. Það er að vísu svo, að viðlagasjóður hefir veitt lán til einnar ullar- og dúkaverksmiðju hjer í nágrenni og á náttúrlega hagsmuna að gæta um það, að því fyrirtæki farnist vel. En jeg verð að segja, að það verður þá æðilangt að bíða þess, að upp komi hjer á landi sá ullariðnaður, sem fulltrúar bændastjettarinnar á Alþingi óska eftir, ef af þessum ástæðum, sem tilgreindar eru nú, má ekki rjetta öðru örsmáu fyrirtæki hjálparhönd á svipaðan hátt og gert hefir verið með flest ullariðnaðarfyrirtæki, sem hafa verið stofnuð hjer á landi, ef ekki

öll. Þau hafa fengið aðstoð hins opinbera í þessari mynd, að veitt var til þeirra lán úr viðlagasjóði.

Þar sem svo mikið er enn innflutt af ullarvörum, þá get jeg ekki skilið, að rjett sje að álíta, að hætta verði að styðja þessi fyrirtæki af því að viðlagasjóðurinn sje kominn svo langt á þá braut, að ef hann færi lengra, væri hætt við, að samkepnin færi að baka honum fjártjón og koma þeim fyrirtækjum á knje, sem hann hefir áður upp komið.

Hins vegar get jeg líka sagt það, að lánsheimildir eru ekki komnar svo margar, að ekki sjeu líkur til, að þeim verði öllum fullnægt. Og fje viðlagasjóðs er nú haldið algerlega aðskildu frá ríkissjóði. Það er ætlað til útlána einungis, og engin skynsamleg ástæða til annars en lána út gegn góðum tryggingum, það sem inn kemur í afborganir á hverju ári.

Vil jeg því heldur mæla með því, að þessi lánsheimild, sem var samþykt í hv. Nd., fengi að standa. Geri jeg heldur ráð fyrir, að hún verði spor í þá átt að auka ullarnotkun í landinu.

Aftur á móti verð jeg að segja um 45. till., sem er lán til Boga Brynjólfssonar sýslumanns til embættisbústaðar, að þar er farið inn á nýja braut. Þessi sýslumaður hefir búið í sínu eigin húsi í allmörg ár. Mjer skilst þetta því eiga að vera venjulegt fasteignaveðlán út á hús, sem þegar er til. Fjeð á ekki að nota til að koma neinu því í framkvæmd, sem nú er ógert. Þetta er, að jeg hygg, brot á þeirri grundvallarreglu, sem hefir verið fylgt um viðlagasjóðslánin. Jeg get að vísu ekki haft neitt sjerstakt á móti því, að þessum sýslumanni væri veitt fasteignalán úr viðlagasjóði, ef ekki væri annað nauðsynlegra við fje hans að gera. En jeg bendi á þetta, að þótt heimilt hafi verið að lána sýslumönnum til embættisbústaða, hefir það verið gert til þess að koma upp húsum þar, sem sýslumaðurinn átti ekki hús áður og var erfitt eða ókleift að koma sjer upp viðunanlegu húsnæði.

Jónas Jónsson: Jeg á hjer fáeinar brtt., en áður en jeg kem að þeim, vil jeg víkja að einstökum till. fjvn.

Hv. nefnd hefir lagt til að fella styrk til Haralds sonar Sigurðar læknis frá Patreksfirði. Hann er bæði gamall og nýr berklaveikisjúklingur, fjekk ungur sýkina, kom til Vífilsstaða, mun hafa komist þar í ónáð, og það er ástæðan til þess, að hann kemst þar ekki að aftur. En almenningur mun álíta, að umtal sjúklinga hafi gert vistina þar betri, og því er ekki rjett að láta hann gjalda þessa. Jeg þekki þess dæmi, að maður úr Árnessýslu, sem ekki var annað sýnna en væri kominn að dauða á hælinu, er nú orðinn gallhraustur maður og vinnur fyrir sjer og fjölskyldu sinni. En hann var meira en ár sjer til heilsubótar í Noregi. Það er því stór ábyrgðarhluti að synja þessum manni um batavon.

Út af sparnaði við símalagningar vil jeg geta þess, að þar er einmitt tekin út sú fjárhæð, er sjerstakar skýringar fylgdu um í hv. Nd., þ. e. Loðmundarfjarðarsíminn. Þetta er þjettbýli við sjó, þar sem ekki er kominn sími, en landssímastjóri hefir mælt með, að hann yrði lagður þangað.

Jeg þakka hv. nefnd fyrir till. hennar um ferðastyrk handa presti til að ferðast um. Þetta vakti mótstöðu í hv. Nd., en jeg hygg, að hjer sje byrjað á góðri venju, bæði um presta og aðra andans menn, og að þess sje þörf úti um land. T. d. hefir

sýslufundur Skaftafellssýslu beðið einn af prófessorum háskólans að koma í vor og halda þar fyrirlestur í hverjum hreppi.

En jeg get ekki sagt hið sama um utanfararstyrk Helga Hjörvars. Þessi maður er mjer kunnur síðan hann var í kennaraskólanum og jeg man eftir því, að við burtfararpróf í skólanum dáðist Þórhallur biskup Bjarnarson að kennarahæfileikum hans. Síðan hefir hann verið einn af bestu kennurum barnaskólans; finst mjer því sjálfsagt, eins og Nd. vildi, að veita honum fje til utanfarar til þess að sækja nýja strauma. Svo er eitt enn. Hann hefir í ár gefið út skáldsögur eftir sig, er hafa fengið almenningslof. Og þess vegna er hann líka verður viðurkenningar. Og ástæðulaust var það að setja í hann hnútur í þskj., bæði sem mann og kennara.

Hv. nefnd vill fella niður styrk til að rita menningarsögu, en jeg vona, að hún haldi ekki fast við það. Eins og menn vita, þá er fje þetta ekki ætlað neinum sjerstökum manni, heldur á að borga nokkrum sagnaþulum laun fyrir að skrifa upp þann fróðleik, er þeim geyma í sjer. Ef þetta væri dregið í svo sem 20 ár, kæmi það ekki að hálfum notum við það, sem nú er, því að yngra fólkið á ekki í sjer helming af þeim þjóðlega fróðleik, sem gamla fólkið geymir. Liður þessi er því gagnlegur nú, en óþarfur er lengra líður.

Um styrk listamanna er ekki nema gott að segja um till. hv. nefndar. Þó er þar einn liður, sem stórsynd væri að samþykkja eins og nefndin leggur til. Það er um kaup á listaverkum. Við eigum nú 10—12 málara, sem hafa brotist áfram af dugnaði sínum og sumir með styrk. En landið er svo lítið, að þeirra bíður hungurdauði að námi loknu, eða þeir verða þá að hverfa frá list sinni að öðru starfi. Það er aðeins einn málari á Íslandi, sem getur selt svo mikið, að hann getur nokkurnveginn lifað af því. Ef landið kaupir ekki á hverju ári nokkuð af listaverkum, þá er engin von til þess, að list geti dafnað hjer. En fyrir það fje, sem til þessa er varið, fáum við verðmæti, sem geta geymst öldum saman og ganga aldrei úr sjer. Það er því fjarstæða að færa þessa upphæð niður um helming; væri sýnu nær að auðga landið að listaverkum. Jeg kem ekki fram með neina brtt. um þetta, en vil aðeins víta þá skoðun, er þarna kemur fram. Hjer er ekki um neinar gjafir að ræða, heldur kaup.

Hv. nefnd hefir lagt til að fella ritstyrk dr. Guðmundar Finnbogasonar. Þetta held jeg, að ekki sje rjett hjá henni. Það er öllum kunnugt hjer í hv. deild, að dr. Guðmundur Finnbogason hefir lengi verið með vinsælli rithöfundum þjóðarinnar, enda með gáfuðustu mentamönnum landsins. Það mundi því í rauninni ekki skapa neitt fordæmi gagnvart öðrum, þótt honum væri sýndur sá sómi að styðja hann til þess að ljúka því verki, er hann vill byrja á. Dr. Guðmundur Finnbogason hefir orðið við því trausti, sem Alþingi sýndi honum, þá er hann tók við safninu, er það var í niðurníðslu og hafði vont orð á sjer. Hann hefir komið á það góðu orði og hefir tekist að fá safnið í þá röð og reglu, er því sómir, og kunnugir dást að því, hve mikla vinnu dr. G. F. hefir lagt í það. Og maður, sem tekur að sjer þetta vandasama verk og rækir það svo vel, ætti skilið að vera settur yfir meira.

Hann hefir hugsað sjer að skrifa mikið og merkilegt rit um sálarlíf Íslendinga samhliða bókavarðarstarfinu. En hann

skoðar það sína aðalköllun að vera rithöfundur. Jeg hygg því, að engin hætta sje að fella þessa brtt. hv. fjvn.

Þá vill nefndin fella niður styrkinn til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal. Það er líklega af ókunnugleika, því að enginn efi er á því, að hann er einhver besti maður, sem landið á völ á í þessu efni. Maðurinn mun gera mikið gagn með því að starfa á Vesturlandi að trjeskurði og heimaiðnaði.

Jeg er þakklátur fjvn. fyrir að hafa tekið í 18. gr. þá miklu skáldkonu Kristínu Sigfúsdóttur. Hún vaknaði við það í okkar litla landi að verða fræg, er hún hafði gefið út dálítinn sjónleik — og er það afarsjaldgæft. Hygg jeg, að Alþingi sje hjer að gera það, sem því verður sómi að í framtíðinni.

Þá er 1. brtt. mín, um eftirgjöf á eftirstöðvum á viðlagasjóðsláni Dalasýslu. Jeg hefi tekið þetta upp vegna þess, að hv. þm. Dal. (BJ) er veikur, en jeg ætla ekki að mæla sjerstaklega með þeirri brtt. nú, vegna þess að fjvn. hefir beðið mig að taka hana aftur til næstu umr., og býst jeg við, að fjvn. taki hana þá upp.

Þá er tillaga um að kaupa marmaramyndina „Hafmey“ eftir Ásmund Sveinsson. Þessi maður er ættaður úr Dalasýslu, lærði hjá Ríkarði Jónssyni og varð þegar þektur fyrir trjeskurð. Síðan fór hann utan og er eini Íslendingurinn, sem gengið hefir gegnum listaskólann í Stokkhólmi. Þar hefir hann getið sjer mikinn orðstír. Og eitt af hans góðu verkum, er aflað hafa honum álits þar, er gosbrunnur úr marmara, er hann nefnir „Hafmey“. Einn prófessor þar hefir sent Alþingi álit sitt og ráðlagt því að kaupa myndina af honum. Ef Ásmundur fengi fjeð, mundi hann verja því til Rómaferðar.

Jeg hefi ástæðu til þess að ætla, að hann verði einkar efnilegur listamaður. Hann hefir brotist áfram í dýrasta landi Norðurlanda. Síðan hann var útlærður hefir hann fengið starf við það að skreyta merkilegar byggingar í Svíþjóð. Þessi prófessor, sem gaf honum meðmælin, sagði við Íslending í sumar, að hann hefði ráðlagt Ásmundi að gerast sænskur borgari. En hann vildi ekki selja sinn íslenska frumburðarrjett. Ætti landið að minnast þess, að hann er ekki eingöngu sonur, heldur er ættjörðin móðir. Og jeg tel sjálfsagt, að listaverkið verði haft á einhverjum opinberum stað, t. d. Alþingishúsgarðinum.

Þá á jeg hjer brtt. ásamt hv. 1. þm. G.-K. (BK) um utanfararstyrk til Brynjólfs Þórðarsonar. Það er líkt um hann að segja og Ásmund, að hann er hinn efnilegasti listamaður. Þórarinn heitinn Þorlákssson tók hann að sjer og kendi honum að mála af umhyggju fyrir listinni, að því er sjeð verður, því að ekki átti þessi unglingur neitt fje, sem hann gæti goldið kensluna með. Þessi ungi listamaður hefir nú starfað hjer í bænum í 10 ár, og jeg held, að mjer sje óhætt að segja, að í flestum húsum, þar sem málverk eru keypt, eru til myndir eftir Brynjólf Þórðarson. Vitanlega dettur mjer ekki í hug að segja, að hann sje málari á borð við Ásgrím Jónsson, sem mun vera bestur málari hjer, en miðað við aldur og aðstöðu, er hann í fremri röð. Nú er þessi maður veikur bæði af liðagigt og berklum. Hann er nú sem stendur á Vífilsstaðahæli, og hefir læknirinn þar skrifað, að ef hann væri einn vetur í mildara loftslagi, mundi honum geta batnað gigtin og ef til vill náð sjer alveg. Hjer er nú ekki um nema 1500 kr. að ræða, og er það ekki meira en kostað er til berklasjúklinga hjer heima; og hjer stendur alveg sjerstaklega á, þar sem honum getur ekki batnað án loftslagsbreytingar.

Hann gæti líka ef til vill stundað list sína, samfara því að leita sjer heilsubótar, t. d. við sjó á Ítalíu, og er það nokkursvert atriði, því að þessi maður mun vera einn af þeim fáu málurum hjer, sem hafa lært án þess að fara til muna utan.

Þá á jeg aðra brtt. við 16. gr., nýjan lið, sem jeg flyt með háttv. þm. Vestm., um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Ólafs Hvanndals. Jeg held, að ræða hæstv. fjrh. um lánsheimild til Boga Þórðarsonar hafi verið góð röksemd fyrir þessari till. okkar. Hæstv. ráðherra lagði mikla áherslu á það, að styrkja bæri innlendan iðnað og innlent framtak, og það er nú einmitt það, sem um er að ræða hjer. Ólafur Hvanndal er eini maðurinn, sem leggur stund á þessa iðn hjer, og það er með þetta eins og annan innlendan iðnað, að það er erfitt, einkum í byrjun, að standast samkepni við útlendinga. Hjer við bætist, að hann getur ekki fengið lærlinga nema með því að bjóða betri kjör en meistarar í öðrum greinum þurfa að bjóða, og er það af því, að það þykir ekki fýsilegt að leggja stund á þessa iðn. Með tilliti til þessa, sem jeg nú hefi talið, og þess, að það er nauðsynlegt að hafa einhvern, sem geti leyst þetta starf af hendi hjer, held jeg sje hægt að leiða rök að því, að það sje rjett að gefa þessar 4 þús. kr. eftir. Jeg held, að það væri ekki annað en sanngjarn stuðningur við þetta og gæti orðið til þess að þessari iðn yrði haldið áfram, en annars er líklegt, að maðurinn neyðist til að leggja árar í bát, og væri það illa farið. Jeg vil svo geta þess, af því að það er gaman að athuga það, að Ólafur Hvanndal gat gert á einni nóttu myndina af þingsetningunni í vetur; jeg vil ekki segja, að sjerstök ástæða hafi verið til að birta þá mynd, en það sýnir, hve mikið hagræði það er fyrir blöðin, að einhver sje til, sem geti annast um þetta hjer, í stað þess að senda hverja frummynd til útlanda.

Þá kem jeg að 2 síðustu brtt. mínum, um styrk til Íslendingaheimilis í Oslo og í Kaupmannahöfn, og skal jeg fara um þær nokkrum orðum.

Í Oslo er Íslendingur, sem heitir Ingimundur Eyjólfsson ljósmyndari, og hefir hann verið einskonar ræðismaður Íslendinga í Oslo undanfarin ár. Hann hefir hjálpað fjölmörgum Íslendingum eftir mætti, t. d. stúdentum og iðnnemum til að halda áfram námi. Þessi maður hefir orðið fyrir því, að hann hefir að nokkru týnt niður að tala móðurmálið, og er það eðlilegt, því að hann fluttist til Oslo fyrir ca. 25 árum og þá voru sárfáir Íslendingar í Noregi. Sem sagt, hann talar norsku, en skilur og skrifar sæmilega íslensku. En það, að gleyma málinu, vill hann ekki að verði örlög Íslendinga í Noregi, og þess vegna berst hann nú fyrir því að koma upp Íslendingaheimili í Oslo. Og nú er svo komið, að þessi ljósmyndari er búinn að aura saman um 20 þús. kr. til heimilisins í gjöfum og samskotum og með aðstoð ýmsra ágætismanna, norskra Íslandsvina.

Hann hefir reynt samskot hjer heima, en það hefir verið lítið tekið undir það. Jeg var svo heppinn, þegar jeg var í Oslo í sumar, að geta verið viðstaddur fyrirlestur hjá prófessor Paasche einusinni, þar sem um 500 menn voru samankomnir, og gekk allur ágóðinn til Íslendingahússins. Jeg skal ennfremur geta þess, að frægasti myndhöggvari Norðmanna og þó víðar væri leitað, Gustav Vigeland, styrkir Ingimund í þessari baráttu, vegna þess, að hann telur sig í skuld við fornbókmentir vorar.

Jeg hefi gert ráð fyrir því, ef þingið vildi styrkja þetta fyrirtæki, að styrknum yrði skift á 3 ár, og væri þetta þá fyrsta

veitingin, 7 þús. kr. Það er talið, að með um 20 þús. kr. styrk sje hægt að koma þessu í framkvæmd.

Þá kem jeg að öðrum lið, sem sje rekstrarstyrk til Íslendingaheimilis í Kaupmannahöfn, og vil jeg leyfa mjer að færa þau rök, sem jeg tel óyggjandi, fyrir því, að þessu ætti að sinna.

Það eru þá upptök þessa máls, að í Höfn er Íslendingafjelag, sem er mjög óánægt með að hafa ekki neina miðstöð, þar sem menn geti komið saman. Fjelagið vill helst taka á leigu stórt hús og koma þar upp heimili, sem hefði að bjóða ýmislegt, svo sem íslenskar bækur, blöð og tímarit o. s. frv. Auk þess ættu þar að vera haldnir fyrirlestrar um íslensk efni, og ætti þessi starfsemi að vera nokkurskonar trúboð meðal Íslendinga í Höfn, til að hjálpa þeim til að viðhalda þjóðerni sínu og sambandinu við föðurlandið og menningu þess.

Til þess að koma þessari starfsemi á stað þarf fjelagið að fá nokkurn styrk, og álít jeg, að það væri ekki sanngjarnt að neita um þessar 2 þús. kr., ef sá styrkur gæti orðið til þess að koma þessu áleiðis. Jeg skal taka það fram, að jeg álít ekki heppilegt að veita einstökum mönnum styrk í þessu skyni, og að eðlilegast væri, að heimilið stæði undir yfirstjórn íslensku skrifstofunnar í Höfn, hvort sem þar væri um umboðsmann eða sendiherra að ræða, og væri þá heimildin ekki notuð nema formaður skrifstofunnar áliti, að það mundi koma að rjettum notum.

Jeg skal geta þess, að jeg hefi átt tal um þetta við þann mann, sem var fulltrúi landsins í Höfn fyrir nokkrum árum, en er nú hjer búsettur, og telur hann, að það mundi vera mikil bót að því að hafa slíkt heimili fyrir landa, sem skrifstofan ekki nær til. Auk þessa má koma með sjerstök rök, sem benda á, að það væri misráðið að spara 2 þús. kr. með því að fella þennan lið. Til Hafnar fer fjöldinn allur af íslenskum stúlkum, og þær fara þangað mest af þeirri algengu æfintýraþrá, sem ungu fólki er í brjóst lagin, til að nema og kanna ókunna stigu, en lenda svo oft í hinum mestu vandræðum. Þær taka það svo fyrir að fara á saumastofur, og skal jeg geta þess t. d., að jeg vissi til þess einusinni, að á einni saumastofu í Höfn voru 40 íslenskar stúlkur. Í þessum saumastofum er kaupið svo lágt, að þær geta naumast lifað af því, og leiðin út í spillinguna er hvergi greiðari en úr illa launuðum saumastofum. Þær koma fátækar að heiman og fara þaðan í ráðleysi, en þann straum er örðugt að hindra. Jeg er sannfærður um það, að ef roskinni konu, sem hefði lífsreynslu og samúð með þeim, sem bágt eiga, og skildi þetta fólk, væri fengin umsjón með þessu heimili, þá hefði hún betri aðstöðu en nokkur annar til að vinna að því, með brjefaskriftum og öðru slíku, að fá þessar stúlkur til að hverfa heim aftur. Þær hafa farið að heiman til þess að verða meiri menn, en hafa orðið minni, og vilja svo ekki koma aftur, heldur þvælast áfram í sífelt meiri vandræðum.

Það kann að vera, að til sjeu betri ráð til að ráða bót á þessu böli en þau, sem jeg hefi bent á, en þar sem ekki hefir verið bent á annað, vænti jeg þess, að þessi heimild verði samþykt.

Viðvíkjandi heimili í Oslo er þar um annað að ræða. Þangað sækja aðeins námsmenn og þeir eru þar staddir í höfuðborg ágætrar frændþjóðar. En í Höfn er, auk námsmanna, fjöldi af íslensku fólki, sem þarf að hjálpa til að viðhalda þjóðerni sínu. Og Íslendingaheimili ætti að geta gert mikið í þá átt.

Einar Árnason: Jeg hefi leyft mjer, ásamt hv. 2. þm. S.-M. (IP), að flytja litla brtt. á þskj. 418,IX, um 6 þús. kr. styrk til framhaldskenslu fyrir þá, sem tekið hafa gagnfræðapróf við gagnfræðaskólann á Akureyri og kysu að halda þar áfram námi. Eins og hv. þdm. er kunnugt, þá var eftir heimild þings og stjórnar 1924 tekin upp sú nýbreytni við skólann að halda uppi framhaldskenslu fyrir þá gagnfræðinga, sem þess óskuðu. Tóku 22 nemendur þátt í þessari kenslu fyrsta veturinn, þar af 11, sem lásu latínu og aðrar námsgreinar, sem kendar eru í lærdómsdeild mentaskólans. En hinir 11 stunduðu einkum nýju málin, fleiri eða færri, en sumir aðrar einstakar námsgreinar. Á þessu skólaári er framhaldsdeildin í tvennu lagi, er svarar til 4. og 5. bekkjar mentaskólans. Nú sækja þetta nám 11 menn frá fyrra ári, sem eru nú við nám í 5. bekk og búast við að taka stúdentspróf næsta vetur. Ennfremur 16 nýir menn, sem luku gagnfræðaprófi á síðastl. vori, og eru aðeins 4 eða 5 þeirra, sem búast til stúdentsprófs, en hinir lesa einstakar námsgreinar, einkum nýju málin. Alls eru því við framhaldsnám á þessu skólaári 27 nemendur. Kensluna annast aðallega kennarar skólans sjálfs, það sem þeir geta komist yfir. En þó hefir orðið að kaupa aukakenslu, einkum í tungumálum, því kennararnir hafa í sjálfu sjer ærið að starfa við sjálfa gagnfræðadeildina. Það hefir því ekki orðið hjá því komist, þar sem auka hefir þurft við kenslukraftana, að auka það fje, sem til kenslunnar hefir gengið. Hafa þeir nemendur, sem taka þátt í öllum námsgreinum, borgað 120 kr. í kenslugjald, og hinir hlutfallslega eitthvað minna. Auk þess hefir fjár verið aflað í þessu skyni með því að halda samkomur og hlutaveltur, auk þess sem einstakir menn hafa lagt fram fje úr eigin vasa. En það er að vonum ekki hægt við því að búast, að hægt verði að afla þess fjár, sem þarf til framhaldskenslu þessarar framvegis, á þennan hátt, og því hefir Stúdentafjelag Akureyrar sent beiðni um 6000 kr. styrk til þess, að framhaldsnám þetta geti haldist. Það er fyrirsjáanlegt, að ef þessi styrkur fæst ekki, þá verður kensla þessi að falla niður. En jeg er viss um, að þess verður mjög saknað, og má telja það mikinn skaða, ef svo færi. Ef hún legst niður, þá er tvent til: annaðhvort verða efnilegir piltar, sem þarna stunda nám, að hætta, eða ef fjárhagslegar ástæður leyfa, þá að sækja nám hingað til Reykjavíkur. Og verður þá ekki annað sjeð, eftir því sem reynslan bendir til, en stækka yrði mentaskólann hjer. Því það er svo komið hjer nú þegar, að skólinn rúmar ekki nemendurna. En á Akureyri er nóg rúm í gagnfræðaskólanum til þess að þessi kensla geti farið fram. Og eftir því sem hjer fjölgar nemendum, þá verður að fjölga kennurum hjer við mentaskólann. Það liggur þá eins nærri að nota það húsrúm, sem ríkið á nyrðra, og auka þá heldur við kenslukraftana þar. Það verður ef til vill sagt, að þetta verði til þess að ýta undir það, að stúdentum fjölgi í landinu, ef kenslu er haldið áfram fyrir norðan. Um það skal jeg ekki deila, því það er í sjálfu sjer ekki ástæða til að fara út í slíkt í þessu sambandi. En á hitt er að líta, að fáist ekki þessi styrkur, þá verður annaðhvort, að fátækir en efnilegir menn verða að hætta námi, eða að öðrum kosti verður að stækka Reykjavíkurskólann. En þess ber einnig að gæta, að hjer er ekki aðeins um það að ræða að búa menn undir stúdentspróf, heldur einnig að gefa þeim, sem lokið hafa gagnfræðaprófi, kost á því að auka við þekking sína í þeim náms-

greinum, sem þeir helst hafa áhuga á og náttúru fyrir, og er það oftast tungumálanám. Skólameistari hefir sagt, að reynslan staðfesti það, að ef þeir, sem ljúka gagnfræðaprófi, hafa ekki fengið þá mentun, sem nægi til þess, að þeir geti sjálfir bjargast við og haldið áfram að auka, þeir verða að eyða miklum tíma til þess að fá þá undirstöðu í tungumálakunnáttu, er þeir geti bygt ofan á; og ef þeir eiga ekki aðgang að stofnun, sem geti veitt þeim þessa viðbót, þá getur svo farið, að undirbúningur sá, er þeir hafa fengið, verði að engum notum.

Sá styrkur, sem hjer er um að ræða, er ekki svo mikill, að hann muni ríkið neinu. En hann munar nokkru þá fátæku nemendur, sem þarna eru að brjótast áfram til þess að tryggja sjer gagnið af þeirri mentunarundirstöðu, sem þeir hafa þegar fengið. Og einnig greiðir það fyrir þeim, sem vilja búa sig undir háskólanám síðar meir. Og jeg get ekki sjeð neitt hræðilegt við það, þó eitthvað af þessum mönnum taki stúdentspróf.

Jeg býst við því, að deildin taki þessu vel, og sje ekki ástæðu til þess að fara um till. fleiri orðum.

Ágúst Helgason: Jeg get haft góða samvisku af því, hve fingralangur jeg hafi gerst í ríkissjóðinn að þessu sinni, því jeg flyt hjer enga fjárbeiðni. Það eru aðeins þrjár brtt. frá hv. fjvn., sem jeg vildi gera að umtalsefni. Er þá fyrst brtt. á þskj. 402, 10. brtt., við 13. gr. B, X, um styrk til ferju á Hrosshyl. Hv. fjvn. leggur til, að þessi litli styrkur, sem samþyktur var í Nd., 300 kr., verði feldur niður. Jeg held, að ef hv. nefnd væri kunnug því, hvernig hjer hagar til, þá mundi hún ekki hafa lagt þetta til. Þetta er ferjustaður á Þjórsá, efst milli Gnúpverjahrepps og Landmannahrepps. Þarna fellur áin með miklum flaum fram úr gljúfrum, og er þarna stórgrýti mikið og ekki fært að ferja nema röskum mönnum. Ennfremur er ferjan langt frá bæjum og mesta umferðin um hásláttinn á dýrasta tíma, því þetta er á aðalferðamannaleiðinni frá Geysi að Heklu. Það er því dýrt fyrir ferjumann að stunda þarna ferju og bátar endast illa vegna stórgrýtis og straumþunga, svo jeg teldi fara vel á því, að till. yrði ekki samþykt.

Þá er 33. brtt. á sama þskj., við 16. gr. 3, um að athugasemdin við styrkinn til búnaðarfjelaga skuli falla niður. Þessi athugasemd er í fyrsta lagi sett til þess að sýna, hvernig skifta eigi styrk þessum milli búnaðarfjelaganna, og ef hún er feld, þá er ekki til neitt ákvæði um það, hvernig styrkurinn skuli skiftast — hvort hann skuli skiftast jafnt eða eftir fjelagsmannatölu, dagsverkatölu eða einhverju öðru. Mjer finst því aths. ekki mega missast. Síðan skilyrðinu fyrir styrknum var breytt þannig, að honum skyldi varið til sameiginlegrar starfsemi, en ekki úthlutað eins og öðrum styrk eftir II. kafla jarðræktarlaganna, þá hefir þessi styrkur gert alment gagn í þá átt að halda fjelagsskapnum saman. Jeg þekki vel til um það, hvernig þessu var og er varið. Sum fjelög úthlutuðu styrknum milli fjelagsmanna eftir dagsverkatölu, og kom þá auðvitað lítið í hlut, þar sem styrkurinn var lítill, oftast innan við 20 au. fyrir dagsverk. En sum fjelög hafa varið þessum styrk til sameiginlegrar starfsemi innan fjelagsins, t. d. með því að halda uppi jarðabótaflokki, sem starfaði á fjelagssvæðinu, eða til þess að kaupa dýrari áhöld, sem væru eign fjelagsins, til afnota fyrir fjelagsmenn. Ennfremur til styrktar kynbótastarfsemi o. fl. Jeg teldi því mjög illa far-

ið að fella þessa athugasemd niður, því það er fengin full reynsla fyrir því, að þeim fjelögum vegnar betur, sem varið hafa styrk sínum til sameiginlegrar starfsemi.

Loks er 44. brtt., við 22. gr. 7, um að fella niður lánsheimild til Boga Þórðarsonar til spunavjelakaupa. Ástæðu nefndarinnar fyrir því, að með þessu sje sköpuð samkepni við verksmiðju, sem viðlagasjóður hafi áður lánað fje til, tel jeg ljettvæga og ekki að óttast slíkt, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram. Mjer finst mikil þörf á því að styrkja innlendan iðnað, ekki síst þegar ástandið er þannig, að ullin liggur óseld og óseljanleg í landinu, en mjög mikið er flutt inn af unninni ull, t. d. bandi. Væri ólíkt betur farið að vinna bandið úr ullinni, þegar svona stendur á.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg vildi aðeins minnast á tvær brtt., sem jeg á á þskj. 418. Er þá fyrst I. brtt. við 12. gr. 19, er jeg flyt ásamt hv. 3. landsk. (JJ), um styrk til Skúla Guðjónssonar læknis, 3000 kr. til bætiefnarannsókna, með sjerstöku tilliti til lifnaðarhátta hjer á landi. Um það, sem fyrir okkur flm. þessarar tillögu vakir, skal það tekið fram, að eins og hv. þdm. er kunnugt, var feld till. um styrk til þessa manns við 3. umr. í háttv. Nd. Sú tillaga var nokkuð öðruvísi orðuð og þar af leiðandi ekki sambærileg. Að því er jeg best veit hefir þessi styrkþegi, sem hv. Nd. gekk svona frá, heldur ekki hlotið náð fyrir augum allra hv. þdm., og því miður heldur ekki hjá meiri hl. hv. fjvn. þessarar deildar. Jeg hefi áður haldið uppi svörum fyrir þessum styrkþega, af því að hjer er um gott mál að ræða, ekki síst þegar tekið er tillit til þess, hve brýn nauðsyn er á slíkum rannsóknum hjer á landi. Það hefir verið sagt, jafnvel hjer í þessari hv. deild af frsm. fjvn., að með till. eins og hún var orðuð í hv. Nd. hefði verið stofnað til nýs embættis við háskólann, ef Skúla Guðjónssyni hefði verið veittur styrkur sá, sem þar var farið fram á. Þótt jeg persónulega álíti, að það væri ekki aðeins hættulaust, heldur beinlínis æskilegt, að stofnað yrði embætti við háskóla vorn í þeim fræðigreinum, sem Skúli Guðjónsson læknir sjerstaklega hefir lagt stund á hin síðari árin, þá fer till. okkar flm. samt ekki fram á það. Hún gengur skemra og fer inn á annað svið.

Maður sá, sem hjer um ræðir, hefir, eins og kunnugt er, lagt stund á læknavísindi. Hann varð kandídat frá háskólanum hjer 1922, en 1923 fær hann styrk af ríkisfje til utanfarar. Fór hann þá til Þýskalands og var svo lánssamur, af því að hann var styrkþegi ríkissjóðs, að komast að á vísindastofnun í Berlín, þar sem hundruðum manna var synjað um upptöku. Nám sitt stundaði hann þar með dugnaði og alúð, og fór því þaðan með góðan orðstír. Að náminu afloknu í Þýskalandi fór hann til Danmerkur og hjelt þar áfram sjernámi sínu í heilsufræði, en lagði jafnframt stund á vísindalegar rannsóknir. En til þess að verða ekki of langorð, læt jeg nægja að vísa til þeirra tveggja rita, sem hann hefir sent fjvn. Alþingis. Og með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp titilinn á þeim.

Hið fyrra heitir: „Udskilles der Vitaminer gennem Huden?“ og kom út sem „Særtryk af Bibliotek for Læger“ í október 1925. Hið síðara heitir: „Om Echinokok-Sygdommens Overförelsesmaader til Mennesker.“ Þetta eitt, að Skúli Guðjónsson hefir samið þessar merkilegu ritgerðir, ætti að vera nægileg sönnun fyrir því, að hann hefir notað bæði styrkinn og tímann mjög vel. Og hugsa jeg, að allir hv.

deildarmenn skilji, að rannsóknir þær, sem Skúli Guðjónsson vinnur að, eru ærið verkefni fyrir mann, sem hefir áhuga á því og er svo lánssamur að hafa komið auga á þörfina.

Það, sem fyrir okkur háttv. 3. landsk. vakir, eru rannsóknir Skúla Guðjónssonar á hinum svonefndu „vitamin"-efnum eða bætiefnum. Rannsókn þessara efna er, eins og kunnugt er, mjög ofarlega á dagskrá hjá öðrum þjóðum. Og sje svo, að ýmsar fæðutegundir okkar hjer sjeu ríkari af þessum bætiefnum en sambærilegar fæðutegundir annara þjóða, þá ætti það út af fyrir sig að vera nægileg ástæða til þess að láta mann þennan halda áfram rannsóknum sínum.

Annars var það ekki þetta vísindastarf, sem upphaflega vakti fyrir mjer, þegar jeg ljeði manni þessum mína liðveislu, heldur hitt, að hann lagði stund á heilbrigðisfræði, og jeg hjelt því, að hann gæti tekið góðan þátt í því mikla nauðsynjastarfi að koma heilbrigðismálum okkar í betra horf en þau eru nú, því að engum getur dulist, að þau eru eitt þýðingarmesta mál þjóðarinnar, þar sem velferð hennar í nútíð og framtíð byggist að miklu leyti á þeim.

Við flm. þessarar till. höfum nú eftir atvikum getað sætt okkur við það í bili, þó að Alþingi sjái sjer ekki fært að veita manni þessum þau laun, að hann geti hafið starf sitt í þágu heilbrigðismálanna, ýmist með fyrirlestrum eða sem ráðunautur stjórnarinnar í þeim málum. En við getum ekki sætt okkur við, að hann fái ekki að ljúka við bætiefnarannsóknir sínar. Viljum við því gefa honum tækifæri til að ljúka við þær að einhverju leyti, og berum því fram þessa tillögu í fullu trausti til skilnings hinna háttv. deildarmanna á þessu þýðingarmikla máli.

Mjer er persónulega kunnugt um, að hugur Skúla Guðjónssonar stendur til að koma hingað til lands eins fljótt og hann getur, og hefir hann mikla von um að geta notfært sjer rannsóknir sínar hjer í þágu sinnar eigin þjóðar.

Jeg veit, að flestum hv. deildarmönnum er kunnugt, að nú á síðari tímum hafa heyrst allháværar raddir um, að heilsufari hinnar yngri kynslóðar væri mjög að hnigna. Jeg hefi nú um nokkurt áraskeið haft tækifæri til að kynnast þessu og hefi einnig sannfærst um, að svo væri. Sömuleiðis hefi jeg átt tal um þetta við nokkra lækna, og hefir þeim öllum komið saman um, að ýmislegt benti til þess, að svo væri. Hafa þeir talið, að þetta myndi ef til vill stafa af breyttum lifnaðarháttum, þar sem búin til sveita selja svo mjög afurðir sínar, að viðurværið verður rýrara heima fyrir en það var áður. Væri nú með bætiefnarannsóknum hægt að ráða bót á þessu, þá væri það eitt með því þarfasta, sem hjer hefir verið unnið.

Því fer nú fjarri, að Skúla Guðjónssyni þyki gaman að þurfa að sækja um þennan styrk, því að í „privat"-brjefi segir hann, að sjer liggi við að harma það að hafa nokkurntíma fengið styrk þann til sjerfræðináms, er honum var veittur í fjárl. 1923, því að ef hann neyðist til að setjast að í útlöndum, þá líti svo út, sem hann hafi fengið styrk þennan til þess eins að leika sjer. En það telur hann sína einlægustu ósk að geta sest að hjer og látið íslensku þjóðina njóta kunnáttu sinnar. Jeg sje nú ekki, að hin ágæta læknastjett vor geti tekið að sjer fræðslu meðal almennings í heilbrigðismálum, sem þó ber brýna nauðsyn til. Væri því hjer starf fyrir slíkan mann sem Skúli Guðjónsson er, og eins og jeg tók fram áðan, er hann fús til að koma heim hvenær sem tækifæri

býðst, og það þó að hann þyrfti að skifta kröftum sínum í fleiri staði. En þá þyrfti hann vitanlega að fá þau laun, sem hann gæti sómasamlega lifað af. Því hefir verið slegið fram, að ekkert væri eðlilegra en að Skúli læknir kæmi heim og settist hjer að sem praktiserandi læknir, eða fengi embætti. En það er nú svo með hann, eins og fleiri, að honum er ekki alveg sama á hvaða hillu hann lendir, eftir að vera búinn að verja miklum tíma, fje og kröftum til undirbúnings undir sjerstakt starf.

Annars harma jeg, að hv. fjvn. skuli ekki hafa getað orðið mjer sammála um þetta atriði.

Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar. Vil þó að síðustu biðja hv. deildarmenn að hugsa sig um tvisvar, áður en þeir greiða atkvæði á móti till.

Þá á jeg enn brtt. á þskj. 418, ásamt hv. þm. Vestm. (JJós). Hún fer fram á að veita Theódóru Sveinsdóttur dálítinn styrk til að koma á kenslu í matreiðslu hjer í borginni.

Það stendur nú alveg sjerstaklega á um konu þessa; bæði er hún alkunn fyrir dugnað og kunnáttu á þessu sviði og hefir margra ára reynslu að baki sjer við þessi störf.

Nú hefir hún í hyggju að koma hjer á kenslu í matartilbúningi fyrir þær stúlkur sjerstaklega, sem eru bundnar við störf fyrri hluta dagsins eða hafa ekki efni á að verja miklum tíma eða miklu fje til þessa náms. Það, sem fyrst og fremst vakir fyrir henni, er að gera stúlkurnar hæfari til að vera í vist hjá öðrum, og stuðla jafnframt að því, að þær verði fullkomnari húsmæður sjálfar en ella. Hún segir svo í umsókn sinni: „Það hefir lengi vakað fyrir mjer að koma upp kenslu hjer í bæ, eða halda námsskeið, er veitti stúlkum kost á að læra matreiðslu og um leið öll önnur algeng og nauðsynleg innanhússtörf, þannig, að þær að náminu loknu væru fullfærar um að annast öll heimilisstörf á hvaða heimili sem væri, hvort heldur sem vinnustúlkur hjá öðrum eða konur á eigin heimili.“

Ennfremur segir hún í umsókninni:

„Matreiðslustörf mín í húsum einstakra manna mörg undanfarin ár hafa fært mjer heim sanninn um það, að á slíkri kenslu sje hin mesta þörf, enda oft leitað til mín, og jeg verið eggjuð á að stofna til slíkra námsskeiða, þótt enn hafi það ekki komist í framkvæmd. .... Kenslan mundi fara fram alt árið og kenslunni hagað þannig, að sem flestar stúlkur gætu notið hennar, og einnig þær — og ekki hvað síst — sem eru bundnar störfum fyrri hluta dags. Fyrir þær stúlkur mundu verða stofnuð sjerstök námsskeið síðari hluta dags, og kenslugjaldið hefi jeg hugsað mjer að setja svo lágt, að jafnvel mjög efnalitlar stúlkur gætu risið undir því.“

Umsóknin felur í sjer í stórum dráttum alt það, sem taka þarf fram viðvíkjandi því, hvernig umsækjandinn hugsar sjer að haga kenslunni. Með þessari umsókn fylgja svo meðmæli 64 þektustu húsmæðra þessa bæjar, sem um mörg ár hafa notið aðstoðar þessarar konu við matreiðslustörf. Og ættu nöfn þeirra að vera nægileg trygging fyrir því, að hjer sje ekki um hjegóma að ræða.

Vænti jeg svo, að háttv. deildarmenn greiði atkv. með brtt. þessari, því að hún er áreiðanlega þess verð.

Frsm. samgmn. (Jóhann Jósefsson): Það er aðeins ein brtt. fjvn., sem jeg vildi gera að umtalsefni. Það er till. um öldubrjótinn í Bolungarvík, þar sem nefndin

leggur til, að feldar sjeu niður þær 5000 kr., sem háttv. Nd. setti inn í frv. til viðhalds þessu mannvirki. Byggir nefndin þessa till. sína á því, að á síðasta þingi var Hólshreppi veittur styrkur í eftirgjafarformi, með því skilyrði, að hann kostaði viðhald öldubrjótsins eftirleiðis. En eftir því sem jeg best veit, þá mun vera svo um þetta mannvirki, eins og svo mörg önnur hjer á landi, að ýms mistök hafi verið á framkvæmd þess í byrjun, og það því reynst dýrara en upphaflega var gert ráð fyrir. Finst mjer því vera fyllilega ljóst, að jafndýrt mannvirki eins og öldubrjóturinn er, þar sem hreppurinn einn mun vera búinn að verja til hans yfir 100 þús. kr., megi undir engum kringumstæðum láta eyðileggjast. En ástandið mun vera þannig nú, að hann er þegar orðinn stórskemdur og liggur undir ennþá meiri skemdum, og getur því farið svo, að hreppurinn verði að gefast upp við viðhald hans. Tel jeg því fásinnu eina, ef ríkissjóður hleypur ekki undir bagga nú til þess að koma í veg fyrir meiri eyðileggingu.

Þrátt fyrir það, þó að jeg skilji vel, hvað fyrir hv. fjvn. vakir í þessu efni, get jeg ekki fallist á till. hennar og verð að mæla á móti því, að hún verði samþykt, og vænti því, að það verði látið standa óbreytt, sem hv. Nd. var búin að gera í þessu máli.

Það er ekki nema eðlilegt, að þeir skilji þetta best, sem hafa haft fyrir augum verk af slíku tægi, sem fyrir mistök í upphafi hafa stóreyðilagst. Að horfa á svona framkvæmdir eyðileggjast löngu fyrir tímann, einungis fyrir óforsjálni þeirra manna, sem almenningur hlaut að trúa fyrir þeim, er hart fyrir þau hjeruð, er hlut eiga að máli.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að brtt. þeim, sem jeg er annaðhvort einn flm. að eða ásamt öðrum.

Vil jeg þá fyrst og fremst fyrir hönd samgmn. gera grein fyrir því, að hún hefir ekki sjeð sjer annað fært en leggja til, að rekstrarstyrkur til flóabátaferða verði hækkaður að töluverðu leyti. Um ástæður fyrir því vísast til nál. á þskj. 414 að mestu leyti. Það, sem mest veldur þessari hækkun, er styrkur til bátaferða á Eyjafirði. Að styrkur til þessara ferða kemur ekki fram fyr en nú, er sökum þess, að erindi til þingsins frá sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu viðvíkjandi styrk þessum kom svo seint, að samgöngumálanefnd hv. Nd. gat ekki haft það til meðferðar áður en hún skilaði till. sínum. En eins og allir hljóta að sjá, getur ekki komið til mála að neita þessu sýslufjelagi um styrk, þegar tekið er tillit til þess, hvað önnur sýslufjelög fá til þessara ferða.

Ennfremur mælir nefndin með að hækka dálítið styrkinn til „Skaftfellings", og er það gert með tilliti til þess, að það á að bæta við bát þennan viðkomum á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Þá fanst nefndinni óhjákvæmilegt að hækka styrkinn til Hvalfjarðarbátsins. Það lágu svo skýr og ljós rök fyrir nefndinni um þetta frá hreppstjóranum í Hvalfjarðarstrandarhreppi, að hún hlaut að fallast á það, að það minsta, sem þessi bátur gæti komist af með, væri upphæð sú, sem greinir í nál.

Til ferða milli Grímseyjar og lands vill nefndin hækka styrkinn lítið eitt. Þeim eru ekki ætlaðar nema 200 kr. En Grímseyingar eru mjög afskektir, og þótt varið væri 800 kr. til þess að þeir geti haft lítilfjörlegar samgöngur við meginlandið, þá veitir þeim sannarlega ekki af því.

Jeg ætla svo ekki að segja meira um þetta fyrir hönd nefndarinnar. Jeg vona,

að hv. frsm. fjvn. geti fallist á þær ástæður, sem jeg hefi fært fram, svo að ekki þurfi að deila um þær.

Jeg á nokkrar brtt. á þskj. 418, sem jeg vildi minnast á.

Hv. deildarmenn kannast við söngvarann Sigurð Skagfeldt. Jeg veit, að legið hafa beiðnir fyrir Alþingi um styrki til ýmsra söngvara, og virðist það hafa verið reglan að veita þeim einhvern styrk, en þeirri reglu hefir ekki verið fylgt hvað snertir Skagfeldt, því að hann hefir ekkert fengið. Þó mun hann vera kunnari en margir aðrir, sjerstaklega á Norðurlandi, þar sem hann hefir ferðast um til þess að syngja. Jeg skal játa, að jeg hefi ekki hæfileika til þess að gera upp á milli þessara manna, en hvað snertir Skagfeldt, þá veit jeg, að menn, sem hafa gott vit á söng og bærir eru að dæma um hann, telja þennan mann einna fremstan þeirra manna, sem nú eru að læra að syngja. Hann hefir verið nokkur ár við þetta nám og lýkur því í vor á óperuskólanum í Kaupmannahöfn. Og mjer er sagt, að hann sje talinn mjög efnilegur söngvari. Hann bjóst við að láta fylgja styrkbeiðni sinni meðmæli frá Kapelmester Höeberg, en þá vildi svo illa til, að hann var veikur, og Skagfeldt gat ekki fengið þau meðmæli skriflega, sem hann hafði búist við að fá.

Þessi listamaður hefir brotist áfram af eigin ramleik og með styrk vina og vandamanna. En hann treystist ekki til þess að halda lengur áfram námi, nema með opinberum styrk. Og þessa beiðni ber hann fram með það fyrir augum að geta farið til Paris í vor til framhaldsnáms.

Þá hefi jeg komið fram með aðra brtt., undir VIII. lið á sama þskj., sem er líka þess efnis að styrkja mann, sem er ytra, til framhaldsnáms. En það er á öðru sviði en því, sem jeg nefndi áðan. Hjer ræðir um ungan mann, sem er að læra að verða það, sem á íslensku mætti kallast spunameistari, og er í því fólgið að læra að stjórna og segja fyrir um allan tilbúning á fatadúkum og vera öðrum til fyrirmyndar á því sviði. Þessi maður, Ólafur Guðmundsson frá Þyrli, er búinn að vera 3½ ár á Álafossi, kom þangað 16 ára gamall, og yfirmaður verksmiðjunnar, Sigurjón Pjetursson, hafði svo mikið álit á honum, að hann hvatti hann til þess að fara utan til að læra þessa iðn. Sigurjón hefir haft útlenda spunameistara, en þeir eru tregir til þess að kenna út frá sjer, sem skiljanlegt er, því að það er best fyrir atvinnu þeirra, að Íslendingar læri ekki þeirra „kúnstir".

En það er alveg ljóst, að í hverri iðnaðargrein, sem við tökum okkur fyrir hendur, er það aðeins tímaspursmál, hve lengi við getum haft útlenda menn sem trúnaðarmenn. Við þurfum að ala upp innlenda menn í þessar stöður; við þurfum þeirra út á við og engu síður hjer heima. Hjer er að ræða um ungling, sem kemur þetta snemma að verksmiðjunni og kynnir sig þar svo vel, að húsbóndi hans hvetur hann til þess að læra ytra. Og húsbóndi hans hefir stutt hann til þess; hann hefir verið 1 ár við verksmiðju í Danmörku og er í vor búinn að læra alt það „praktiska", en verður svo að fara til Þýskalands til þess að fullnuma sig í iðn sinni, læra hið „teoretiska" og ljúka námi sínu, svo hann geti heitið meistari og geti stjórnað því vandaverki, sem spunameistara við slíka iðn er ætlað. En til þess að hann geti lokið námi, er nú sótt um 1500 kr. styrk til hans af opinberu fje. Jeg get tekið það fram, að hann er mjög reglusamur maður og vandaður í hvívetna. En hann

þarf fleiri mánaða dvöl í Þýskalandi til þess að geta lokið prófi. Að því loknu á hann vissa stöðu á Álafossi.

Jeg vona, að hv. deildarmenn stuðli að því, að þessi maður geti lokið námi sínu og geti komið heim til þess að verða þjóð sinni að gagni.

Jeg þarf ekki að fjölyrða um brtt., sem jeg flyt ásamt hv. 4. landsk. (IHB), um styrk til Theodóru Sveinsdóttur, því að hv. þm. hefir talað svo vel fyrir henni. Jeg hygg, að öllum hv. deildarmönnum sje það kunnugt, að hjer er um að ræða mæta konu og gegna, og er mikil von til þess, að stúlkur, sem hjá henni læra, geti haft mikið gott af því.

Þá flyt jeg ásamt hv. 3. landsk. (JJ) brtt. um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Ólafs Hvanndals myndamótara. Þingið hefir að vísu tvisvar neitað um eftirgjöf á þessu láni; en allir vita þó, að maðurinn, sem hjer ræðir um, berst í bökkum með iðn sína. En hitt er vitanlegt, að við getum illa verið án myndamótagerðar, því að hún hefir verið mjög þarfur liður í bóka- og blaðaútgáfu upp á síðkastið. Og þar sem hjer er um að ræða brautryðjanda, sem ræðst í gagnlegt verk, er ekki getur gefið af sjer svo mikið, að hann geti lifað af því, þá finst mjer sanngjarnt, að hið opinbera veiti honum eftirgjöf á þessu láni, svo að hann geti áhyggjulaust haldið áfram sinni þörfu iðn.

Á sama þskj. er ennfremur tillaga, þar sem jeg fer fram á, að ríkið ábyrgist alt að 60 þús. kr. lán til stækkunar og endurbóta á rafmagnsstöðinni í Vestmannaeyjum. Kæmi það til, að Alþingi vildi veita þetta, er hjer í raun og veru aðeins um endurveitingu að ræða, þar sem í fjárlögum fyrir árið 1924 stóð heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast alt að 80 þús. kr. lán í þessu skyni. En ástæðan til þess, að þetta lán var ekki brúkað þá, var sú, að bæjarstjórninni fanst dýrtíðin ekki hafa minkað svo, að leggjandi væri út í þetta verk, meðan byggingarefni var að falla. En kaupstaðurinn hefir vaxið svo ört síðan, að nú er ekki unt að draga það lengur að stækka stöðina. Hún hefir starfað með aðeins 50 hestafla mótor, og nægir það afl ekki til hálfs fyrir kaupstaðinn. Þess vegna hefir bæjarstjórnin viljað stækka stöðina og fer fram á, að ríkið endurnýi þetta gamla loforð.

Jeg veit að vísu, að ábyrgðarheimildir eiga nú heldur örðugt uppdráttar á Alþingi, en það ættu þó að vera meðmæli með bæjarfjelaginu að hafa ekki notað heimildina, af því að hagkvæmara þótti að draga framkvæmd verksins þangað til það sæi sjer það fært, og betra að bíða ódýrari tíma. Þetta eru áreiðanlega meðmæli, og svo er ekki farið fram á, að upphæðin verði sú sama, heldur allmiklu lægri.

Þá á jeg aðeins óminst á eina brtt. á sama þskj., VIII,3, um það, að í stað „helming kostnaðar, alt að 17500 kr.“ til vegarins í Vestmannaeyjum, komi: ⅔ kostnaðar, alt að 26250 kr.

Jafnhliða því, að kaupstaðurinn hefir stækkað og fólkinu hefir fjölgað hefir það komið í ljós, að mjólkurþörfin er meiri en hægt er að fullnægja, því að Eyjarnar eru hvergi nærri því eins vel ræktaðar og skyldi. Í hitteðfyrra var stofnað búnaðarfjelag í Eyjum og fyrir forgöngu þess var Sigurður Sigurðsson búnaðarmálastjóri fenginn til Vestmannaeyja til þess að athuga ræktunarmöguleika þá, sem þar eru fyrir hendi. Hefir hann samið ítarlega og mjög glögga ritgerð um útlitið fyrir ræktun í Eyjum, og hefir þessari ritgerð verið útbýtt meðal hv. deildarmanna. Vildi jeg, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa upp fá-

ein atriði úr þessari ritgerð, þar sem Sigurður Sigurðsson rökstyður nauðsynina fyrir meiri ræktun Eyjanna:

„Heimaey fóðrar nú sem samsvarar 250 kýr, en hún getur fóðrað 500—800 kýr, ef alt er ræktað, sem ræktanlegt er á eynni, og beit og fóðurbætir sá, er til fellur, er alt haganlega notað. Auk þess væri hægt að framleiða svínakjöt, sem gerði meira en að samsvara því sauðakjöti, sem nú er framleitt. .....

Mannfjöldinn hefir meir en fimmfaldast síðan um aldamót. Búsafurðir hafa að vísu aukist, en eigi að sama skapi. Sumar búsafurðir, einkum mjólk, hafa ætíð verið hjer af skornum skamti, og með ári hverju verður sá skortur tilfinnanlegri. Vestmannaeyingar eru starfsmenn miklir, hafa enda oft stranga og hættulega vinnu, þar sem reynir á dáð og dug. Þessir menn þurfa holla og kjarngóða fæðu, einkum hin unga og upprennandi kynslóð, eigi hún ekki að standa að baki feðrum sínum.“

Þá spyr Sigurður Sigurðsson, hvort mögulegt sje að rækta alla Heimaey, og svarar:

„Já, það hyggjum vjer, að undanteknum fjöllunum og hrauninu, þar sem það er hrjóstrugast. En til þess að þetta sje framkvæmanlegt, þarf veg um eyna. Áburður sá, sem til fellur, þarf að vera vel hirtur og nægur markaður fyrir afurðirnar.

Ef vegur væri lagður austur úr bænum, kringum Helgafell, niður hjá Ofanleiti, á veg, sem lægi suður frá kaupstaðnum og suður á Stórhöfða, þá væri kominn greiður gangur að öllu ræktanlegu landi á eynni.“

Jeg skal svo ekki lesa meira af því, sem Sigurður Sigurðsson hefir skrifað í þessu mjög svo ítarlega riti um ræktunarmöguleikana í Eyjum og ástandið þar. Jeg ætla aðeins að vísa til þessa rits og láta þess getið, að við Vestmannaeyingar erum alveg sammála og mjög þakklátir búnaðarmálastjóranum fyrir þetta ítarlega álit og hinar velhugsuðu og velviljuðu tillögur um framtíðarræktun Eyjanna. Á þingmálafundinum í vetur komu fram beiðnir um styrk til að leggja þennan veg, sem mætti kalla ræktunarveg. Hann kemur til með að liggja í gegnum svæði, sem hingað til hefir ekki verið bygt. Og þetta land, sem verður beggja vegna við veginn, er mjög auðvelt að rækta. En ríkið leggur, sem kunnugt er, ekkert fram til vegagerða í Vestmannaeyjum; bærinn kostar þær að öllu leyti sjálfur. Hann hefir einn kostað alla vegagerð í eyjunum, sem þar er framin árlega. Þessi vegur, sem hjer um ræðir, hefir engin áhrif á vegagerð kaupstaðarins, sparar honum enga af hinum árlegu vegagerðum, því að þær verða að fara fram smátt og smátt þrátt fyrir þennan veg, þótt lagður yrði. Það er varið 14—16 þús. kr. árlega til vegagerðar, og síðan í fyrra hefir bærinn lagt góðan veg úr kaupstaðnum og vestur í fjall, og var það einkum gert til þess að ná í góðan ofaníburð.

Jeg tel raunar óþarft að rökstyðja meira en gert er af Sigurði Sigurðssyni nauðsyn þess að rækta Vestmannaeyjar. Það hlýtur að vera öllum nægilega ljóst hvað þetta snertir, að í kaupstað eins og Vestmannaeyjum, þar sem lítið landrými er, er það eina, sem nokkurt vit er í, að rækta alt, sem hægt er.

Í hv. Nd. var ákveðið að leggja til þessa vegar 17500 kr., eða helming kostnaðar, en jeg hefi lagt til, að lagðir verði fram úr ríkissjóði ⅔ kostnaðar, 26250 kr., með það fyrir augum, að ⅓ verði lagður fram úr bæjarsjóði, sem þá yrði að bæta þessu á sig auk alls annars.

Mjer virðist ekkert ósanngjarnt, að ríkissjóður leggi þetta fram, þar sem þessi vegur liggur einmitt í gegnum land, sem ríkið á sjálft, og þeir, sem koma til með að byggja meðfram veginum, verða landsetar ríkisins. Og jeg tel það alveg bráðnauðsynlegt, að ríkið leggi fram fje til þess að gera sjer þetta land arðsamara en það er nú, og einkum þó til þess að fólkið í Eyjum geti notið betur þeirra landgæða, sem þarna eru, svo að betra verði fyrir það að komast af í Eyjunum.

Fjölyrði jeg svo ekki meira um þetta og vona, að hv. nefnd og hv. deildarmenn taki vel í þetta.

Ingvar Pálmason: Jeg sje ekki ástæðu til þess að fjölyrða um brtt. háttv. fjvn. Sumpart þarf jeg ekki að minnast á þær og sumpart hefir það verið tekið fram af þeim, sem talað hafa, það sem jeg vildi sagt hafa.

Samt get jeg ekki látið hjá líða að minnast á brtt. nefndarinnar við 15. gr. Þegar maður lítur á þskj. 402, er það töluvert einkennilegt, hvað allar upphæðirnar eru jafnar.

Jeg lít svo á, að þegar um það er að ræða að veita styrki til listamanna — og jeg býst við, að flest af þessum till. við 15. gr. heyri undir það, — að það sje í mesta máta undarlegt, ef allir listamennirnir eru svo jafnir að hæfileikum, að það „passi akkúrat“ að láta þá alla þá jafnan styrk. Hæfileikar eru mismunandi, auk þess fjárhagur og aðstaða. Jeg vil sjerstaklega minnast á styrkveitinguna til Þórarins Jónssonar, sem fjvn. þessarar deildar hefir lagt til að lækka um 1000 kr. frá því, sem samþykt var í hv. Nd., og gera hann jafnan hinum. Því var ítarlega lýst í hv. Nd., að þessi maður er enginn hversdagsmaður. Jeg geri ráð fyrir því, að þessi hv. deild hafi kynt sjer, hvað þar hefir verið sagt. Jeg lít svo á, að ef Alþingi á annað borð sjer sjer fært að styrkja þennan mann, þá geti það varla boðið honum minna en 3 þús. kr. Þessi maður er kominn af bláfátækum foreldrum, á engin skyldmenni, sem geti rjett honum hjálparhönd. Það, sem hann er kominn, er að þakka góðvilja einstakra manna, sem kynst hafa hæfileikum hans. Þessir menn hafa nú þegar styrkt hann með fjárframlögum og ábyrgðum, sem nemur alt að 11 þús. krónum. Jeg efa ekki, að einhverjir þeirra manna muni fúsir að styrkja hann enn, enda mun ekki af veita, ef hann á að ná því takmarki, sem hann stefnir að. Jeg held, að þingið hefði gert rjett í að klípa ekki af þessum 3000 krónum, því að hjer er um alveg sjerstaklega efnilegan mann að ræða, sem gæti orðið landi og þjóð til hins mesta sóma síðar meir.

Jeg skal ekki fjölyrða um aðra liði af þessu tægi. Hækkunina til Einars Markans tel jeg rjettmæta. Það stóð svo á í Nd., að klípa varð af upphæðinni til þess að till. kæmist að.

Það hefir verið minst á öldubrjótinn í Bolungarvík, og get jeg slept því að mestu. Þingið má ekki skilja svo við það fyrirtæki, að framkvæmdir falli niður, en það er víst, að Hólshreppur er ekki fær um að bera þennan kostnað. Mjer finst, þegar bornir eru saman þessir tveir liðir, hafnarbætur í Ólafsvík og öldubrjótur í Bolungarvík, kenna nokkurs ósamræmis hjá nefndinni. Hún virðist kannast við, að Ólafsvíkurhreppur sje ekki fær um að leggja fram fje í bili, en sýnist álíta, að ef Hólshreppur geti ekki lagt fram fje, þá verði framkvæmdir að falla niður. Jeg mun ekki setja fót fyrir fjárveitinguna til

Ólafsvíkurhrepps, en í trausti þess, að hinn liðurinn verði ekki feldur niður.

Þá skal jeg minnast á brtt. mínar á þskj. 418, og tek jeg þær í sömu röð og þær standa á þskj. Þá er fyrst till. um styrk til framhaldsnáms handa gagnfræðingum á Akureyri. Flyt jeg hana ásamt hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). Hann hefir þegar talað svo rækilega fyrir till., að jeg hefi þar engu við að bæta, sem áhrif gæti haft. Læt jeg því nægja að vísa til þess, sem hann sagði.

Þá er næst athugasemd um, að af fje, sem í fjárl. er ætlað til barnaskólabygginga, gangi 12000 krónur til barnaskólans í Nesi í Norðfirði. Barnaskólabyggingar eru þær verklegar framkvæmdir, sem einna minst hefir verið sint í þessum fjárlögum, og í undanfarandi fjárlögum hafa fjárveitingar til þeirra verið svo smáar, að þeirra hefir ekki gætt. Þetta hefir verið afsakanlegt til þessa, vegna þess að fjárhagur ríkissjóðs hefir verið þröngur, tímarnir örðugir og byggingarefni í háu verði. Nú hefir þetta lagast töluvert. Efni hefir lækkað mikið, verkalaun nokkuð og fjárhagur ríkissjóðs kominn í sæmilegt lag. Jeg verð að ætla, að það stafi af einhverjum misskilningi, hve smáa upphæð hæstv. stjórn hefir sett í fjárlagafrv. í þessu skyni. Þegar litið er á, hve miklu fje er varið til þess að verjast berklaveiki, þá furðar mig, að stjórnin skuli ekki leggja meiri rækt við að koma upp barnaskólahúsum, sjerstaklega í sjóþorpum og bæjum. Það er mitt álit, og margir fleiri er sömu skoðunar, að einhver áhrifamesta orsök til útbreiðslu berklaveikinnar sje slæm húsakynni skólanna. Þau eru víða óforsvaranlega slæm. Jafnhliða því, sem varið er fje til að útrýma berklaveikinni, þarf að verja miklu meira en gert er til barnaskóla. Það er auðvitað gott og nauðsynlegt að fjölga sjúkrahúsum í landinu og reyna að bæta berklaveikum mönnum heilsuleysi þeirra. En hitt er ekki óskynsamlegra, að reyna að koma í veg fyrir það, að annarhver unglingur í landinu verði berklaveikur. Jeg hefði helst kosið að hækka þennan lið að miklum mun. Jeg hefði komið með brtt. í þá átt, ef jeg hefði búist við, að hún næði samþykki. Það kveður nú við, að fjárlögin sjeu orðin svo útlits, að ekki megi auka við tekjuhallann. Það getur samt verið talsverður ábyrgðarhluti að vanrækja svona framkvæmdir eins og barnaskólabyggingar og mikil hætta stafað af þeirri vanrækslu. Jeg hefi tekið það ráð að reyna að binda nokkuð af þessum styrk við ákveðinn skóla. Jeg þarf ekki að taka það fram, að knýjandi ástæður eru til þess að byggja barnaskóla á Norðfirði, og verður ekki hjá komist að framkvæma það verk. Barnaskólahúsið, sem þar er nú, er gott það sem það nær. Það er bygt 1910 og samsvaraði þörfum kaupstaðarins þá. En bærinn hefir vaxið svo síðan, að nú eru þar skólaskyld börn milli 80 og 90. Skólinn er aðeins tvær kenslustofur og ætlað rúm 15 eða 16 börnum í hvorri. Nú hefir þurft að hafa þar yfir 20 börn og auk þess tvísetja í báðar kenslustofurnar. Það má geta nærri, að þegar illa viðrar og ekki er hægt að lofträsa, þá muni ekki heilnæmt loft í þessum stofum, þegar búið er að kenna þar 10 tíma samfleytt. Um nauðsynina þarf því ekki að fjölyrða. Hún liggur í augum uppi. Því miður verður að játa, að þetta er ekkert einsdæmi, því víða mun ástandið vera eitthvað í þessa átt. Jeg býst við, að deildinni þyki ekki aðgengilegt að binda þessa fjárveitingu við einn skóla. En jeg

vænti þess, að hún samþykki þá hækkunartill. á þessum lið, sem jeg mun bera fram við 3. umr., ef þetta verður felt.

Þá á jeg brtt. við 16. gr. 43, um skipulag bæja, þar sem jeg vil hækka fjárveitinguna úr 5000 kr. upp í 10000 kr. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að starf þetta gengur mjög seint, og er fjárskorti um kent. Nú stendur svo á, að hjer er fjöldi kauptúna, sem bygð hafa verið upp mjög óskipulega síðustu árin. Þessi kauptún eru í hröðum vexti og sama skipulagsleysið helst. Það væri mjög æskilegt, að á þetta kæmist gott skipulag sem fyrst. Með þeirri fjárveitingu, sem nú er, gengur þetta starf svo hægt, að það tekur líklega 20 ár. Af því leiðir mikið tjón, og vænti jeg þess, að háttv. deild fallist á að samþykkja þessa hækkun.

Till. nefndarinnar við 17. gr. er viðvíkjandi styrk til verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík. Þessi styrktarsjóður mun vera stofnaður 1919 eða 1920 með gjaldi, sem ákveðið var að greiða af andvirði botnvörpuskipa, sem seld voru út. Átti sjóðurinn að tryggja almenning, sem yrði fyrir mestri atvinnuskerðingu af þessari sölu. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, mun þessi upphæð hafa verið nokkuð yfir 100 þús. kr. og mun hafa verið skift þannig, að um 100 þús. kr. voru lagðar í þennan styrktarsjóð, en 20 þús. kr. munu hafa gengið til Sjúkrasamlags Reykjavíkur. Einhverju af þessu fje var varið til bókasafns. Nú hefir þessi sjóður verið styrktur af bæjarsjóði Reykjavíkur og fjelagsmenn hafa lagt í hann, karlmenn 1 krónu og kvenmenn eitthvað minna. Mjer hefir verið tjáð, að víðsvegar af landinu njóti menn styrktar þessa sjóðs, því að meðlimir þessa fjelags eru dreifðir víðsvegar út um landið og styrkveiting ekki bundin við sveitfesti og uppruna. Mjer er einnig tjáð, að mjög mörgum hafi verið bætt tjón af slysum og veikindum, og þær upphæðir nemi miklu. Það virðist því, að þessi sjóður hafi orðið til mikils gagns og það sje full ástæða til, að Alþingi styrkti hann áfram. Nú leggur þessi brtt. til að fella styrkinn niður, en í stað þess á aftur að koma 2 þús. kr. tillag til Sjúkrasamlags Reykjavíkur, til þess að vinna að því að koma á sambandi milli allra sjúkrasamlaga á landinu og stofna ný sjúkrasamlög. Jeg lít svo á, að ekki sje rjett að svifta styrktarsjóð verkamanna þessum styrk, sem í fjárlögum stendur; en hins vegar tel jeg till. nefndarinnar eiga fullan rjett á sjer. Hefi jeg þess vegna borið fram brtt. við hana, sem hefir það sama inni að halda og brtt. nefndarinnar, en kemur bara inn á öðrum stað í fjárlögunum og gerir það að verkum, að styrkurinn undir 5. tölulið í 17. gr. fellur ekki burt. Vænti jeg þess, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja brtt. mína og að þessar 3500 kr. fái að standa áfram. Þar, sem sjúkrasamlögin hafa komist á fót, hafa þau gert afarmikið gagn. En því miður hafa þau víðast utan Reykjavíkur átt við erfiða kosti að búa. Jeg tel nauðsynlegt að veita fje til þess, að unnið verði að því að koma á sambandi milli þeirra, svo að þau leggist ekki af. Sumstaðar á Austurlandi veit jeg til, að gengið hefir illa að halda þeim uppi, mest að jeg hygg fyrir misskilning þeirra, sem styrks eiga að njóta. T. d. er sjúkrasamlag á Norðfirði, sem nú er orðið svo fáment, að það getur ekki notið styrks úr ríkissjóði. Fólkið skilur ekki gagnsemi þess. Jeg tek það enn fram, að jeg tel nauðsynlegt, að fjárveiting þessi nái fram að ganga, en hins vegar ótækt að veita hana á kostnað styrktarsjóðs verka-

manna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík. Geri jeg ráð fyrir, að hv. deild hafi nú skilið meiningu mína með þessari brtt. og vona, að hv. þdm. ljái henni fylgi sitt.

Þá kem jeg að brtt. við 18. gr. 2. i. 7. Það er fjárveiting til Nikólínu Bjarnardóttur ljósmóður. Það má segja, að þetta þing sje ljósmæðraþing, og er mjer óhætt að bera hv. Ed. þann vitnisburð, að hún hefir verið ljósmæðrum velviljuð. En þótt mest hafi borið á velvilja hennar til ljósmæðra á þessu þingi, hefir það einnig komið í ljós á undanförnum þingum, þannig að þingið hefir tekið að sjer allar *júbilljósmæður* á landinu. Þetta er mjög gleðileg viðurkenning frá Alþingi. Þó að þessar júbilljósmæður sjeu alls góðs maklegar, tel jeg samt sem áður geta komið til greina, að ástæða sje til að styrkja fleiri ljósmæður. Enda hygg jeg, að nú sje í fjárlagafrv. ein slík. Jeg veit, að það er af góðum rökum gert. Sú ljósmóðir, sem jeg ber fram, hefir ekki þjónað nema 40 ár. Hún hefir orðið að segja af sjer vegna þess, að hún er ófær til vinnu sem stendur, og sennilega hjeðan af, enda er hún 67 ára að aldri. Í apríl 1925 var hún sótt til ljósmóðurstarfa æðilangan veg; þurfti fyrst að fara sjóveg, en síðan á hesti. Þegar hún hafði skamt farið af landleiðinni, datt með hana hesturinn. Slasaðist hún mjög mikið, bæði herðablaðsbrotnaði og viðbeinsbrotnaði, og lá mest af síðastliðnu sumri. Verður hún aldrei jafngóð.

Jeg vænti, að þegar svona stendur á, sýni hv. deild sóma þessari öldruðu ljósmóður. Gott starf og mikið hefir hún af hendi leyst. Hún hefir tekið á móti á annað þúsund börnum, og hygg jeg, að ýmsar standi henni þar ekki framar, þótt þjónað hafi 50 ár. Þessi kona er einstæðingur, á ekki mjer vitanlega neitt nákomið skyldmenni, hefir aldrei gifst, en alið upp stúlku og dvelur nú í skjóli hennar. Þar sem þessi kona varð fyrir þessu stóra slysi við að gegna embættisskyldu, þá finst mjer þinginu ætti að vera ljúft og ríkissjóði skylt að veita henni lítilsháttar ellistyrk. Jeg fer ekki fram á nema 300 kr., þótt venjan sje að veita ljósmæðrum 500 kr. Er það af því, að jeg ætlast til, að sýslusjóður veiti henni einhver eftirlaun.

Næsta brtt. mín mun kannske þykja stórtækari. Þó eykur hún ekki halla fjárlaganna, aðeins heimild fyrir stjórnina að ábyrgjast lán. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. fjrh. (JÞ) sje frábitinn þessari heimild, og hefir hann sjálfsagt sín rök fyrir því. En jeg sje ekki neina ástæðu til að taka þetta svo mjög til greina; því að þetta er ekki nema heimild, og hann getur þá sýnt það í verkinu að framfylgja henni ekki, ef hún er honum mjög á móti skapi. Eins og á þskj. sjest, er farið fram á 80 þús. kr. ábyrgð fyrir rafveituláni í Neshreppi á Norðfirði. Það er nú talið töluvert varhugavert fyrir sveitarfjelög að leggja út í þessi fyrirtæki, og skal jeg ekki neita, að slíkt ber vel að athuga á undan framkvæmdum. En hjer stendur dálítið sjerstaklega á, sem jeg álít, að geri það að verkum, að hreppsnefndin er neydd til að hafa glögt auga með þessu atriði og verði neydd til að koma á almennri rafveitu áður langt líður. Eftir því sem mælingar hafa leitt í ljós, er ekki hægt að fá nægilegt vatnsafl nema með mjög mikilli vatnsmiðlun, og er mjög óvíst, að sú vatnsmiðlun sje framkvæmanleg. Er vatnsafl þetta, ef á annað borð gæti verið um það að ræða, í 11 km. fjarlægð frá kauptúninu. Af þessu

hefir leitt, að nokkrir einstakir menn eru þegar búnir að koma upp rafveitu; eru þær þrjár sem stendur og ein af þeim aðeins notuð af einstökum manni; hinar selja afl. Nú vilja menn hvað af hverju fara að verða aðnjótandi gæða rafmagnsins. En það er álit okkar, að afl frá þeim stöðvum, sem nú eru, sje alt of dýrt. Það hefir stundum á undanförnum árum kostað kr. 2.50 kwst. Nú sem stendur mun það vera selt, eftir því sem jeg veit best, kr. 1.50. Til þess að fyrirbyggja þessa alt of dýru raflýsingu verður hreppsnefndin, hvort sem hún vill eða ekki, að reyna að koma á almennri raflýsingu. Það er langt síðan farið var að athuga þetta mál hjá okkur, en hingað til hefir strandað á því, að tilboð hafa altaf þótt alt of dýr, sem eðlilega stafar af því, að alt efni og vinna við þesskonar hefir verið í mjög háu verði. Í fyrra var 125 þús. kr. lægsta tilboð, sem við gátum fengið. Nú í vetur hefir komið tilboð um rafveitu með leiðslum og tilheyrandi upp á 65 þús. danskar krónur. Veit jeg ekki fyrir víst, hvort þessu tilboði hefir verið tekið. Síðast var mjer sagt, að ætti að svara tilboðinu endanlega 15. apríl. Jeg hefi símleiðis verið beðinn að láta vita um, hvenær ríkisábyrgð fæst til rafveitunnar. En hvort sem þessu tilboði hefir verið tekið eða hafnað, þá virðist mjer útlitið þannig, að það geti ekki verið nema tímaspursmál, hvenær við hefjumst handa og komum á almennri raflýsingu. Jeg geri ráð fyrir, hvernig sem fer, að þessi ábyrgð, sem hjer er farið fram á, muni nægja. Þótt svo kynni að fara, að mannvirki þetta kostaði meira, þá tel jeg engin vandkvæði á, að hreppurinn geti sjeð fyrir því. Jeg get líka gert mjer von um, að ábyrgðin þurfi ekki að vera svona há. En hún myndi sennilega ekki vera notuð hærri en þörf krefði, þótt jeg hafi hana svona háa til vara. Jeg skil ofurvel, að hæstv. fjrh. vilji fremur vera laus við slíkar ábyrgðir. Mun það sjerstaklega af því, að ábyrgðir kunni að leiða af sjer eftirgjöf og fjárútlát fyrir ríkissjóð. Jeg ætla engu að spá um það, hvernig mundi fara í þessu tilfelli. En ekki á jeg von á, að ríkissjóði muni koma ábyrgð þessi til gjalda. Þessi krafa okkar Norðfirðinga virðist ekki ósanngjörn, þegar þess er gætt, að nú 2 síðastliðin ár hafa tekjur ríkissjóðs af Norðfirði verið það miklar, að þessi upphæð mun nema tæplega ⅓ af þeim tekjum. Jeg verð að segja það, að úti um land mundi það þykja heldur óliðlegur landsdrottinn, sem ekki vildi ábyrgjast fyrir leiguliða sinn ⅓ af eftirgjaldi jarðar. Mjer finst þetta tvent dálítið hliðstætt, og þar sem þetta sveitarfjelag hefir mjólkað ríkissjóði eins vel og reynslan hefir sýnt, finst mjer þetta vera sanngirniskrafa. Eins og málið horfir við nú get jeg ekki sagt um, hvort ráðist muni verða í framkvæmdir á þessu ári. Það verður ekki í neitt ráðist fyr en búið er að rannsaka og undirbúa málið rækilega, og á því hefir aðallega staðið hingað til, að viðkomandi hreppsnefnd hefir viljað draga málið, þangað til efni og vinna fjelli í verði, en nú hygg jeg, að tvísýnt sje, hvort efni til slíkrar byggingar og vinna við hana falli úr þessu. Jeg hygg því, að nú verði unnið að því að fá tilboð í bygginguna og undirbúa hana. Um lán til fyrirtækisins get jeg ekkert sagt með vissu ennþá. Jeg hygg samt, að ekki sje vonlaust að fá það hjer á landi, en vextir hjer eru mjög óhagstæðir, og býst jeg við, að tilraun verði gerð til þess að fá lánið annarsstaðar að með vægari vöxtum, en þá verður ábyrgð ríkissjóðs að vera á bak við.

Jeg vænti þess, að hv. fjvn. leggi ekki á móti þessu, bæði af því að jeg hugsa, að hún telji enga hættu á, að þetta muni verða ríkissjóði byrði, og einnig af því, að jeg býst við, að hún muni sjá það og viðurkenna, að nú er óumflýjanlegt að ráðast í þessa byggingu.

Vil jeg svo fela háttv. deild brtt. mínar og vona, að hún sýni þeim velvild.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram aðeins eina brtt. á þskj. 418, II, og fer hún fram á styrk til vörubifreiðaferða til flutninga suður með sjó. Á þingmálafundum þar hefir komið fram þessi ósk, einkum vegna þess, að svo mikið af nýjum fiski væri flutt þaðan og til Reykjavíkur. Fiskurinn er óslægður og þolir litla bið, ef sanngjarnt verð á að fást fyrir hann. Einmitt vegna flutningskostnaðarins hefir fiskverðið orðið að vera of hátt, einkum á vetrum, því að þá fæst enginn fiskur annarsstaðar að, en vegir eru vondir. Það mætti máske komast að aðgengilegri flutningi, ef þessi vara væri eins og hver önnur vara. En hjer stendur öðruvísi á, því að varan er sjaldan til nema á höppum og glöppum. Stundum fiskast vel, en stundum sáralítið. Fiskist illa, verða bílarnir að fara með hálfan farm eða minna. Hjer er því ekki um neinn reglubundinn flutning að ræða, heldur getur bíllinn farið erindisleysu. En þetta eykur flutningskostnaðinn. Til þess að fá fiskinn nýjan verða bílarnir að vera komnir í veiðistöðina, er bátar lenda.

Fyrir mörgum árum voru samgöngur á sjó hjer suður með mjög greiðar. Þá voru yfir 30 flóabátaferðir á ári um Hafnarfjörð, en nú koma þeir aldrei á þær slóðir. Sama er að segja um strandferðaskipin. Það verður því að teljast mjög sanngjarnt, þó að ljett væri undir með þessari flutningaþörf. Þetta mundi lækka dýrtíðina hjer, en dýrtíð í Reykjavík verkar á alt landið.

Menn kynnu nú að segja, að styrkur þessi væri of hár í samanburði við styrkinn til samgangna austur um sveitir. En þann styrk tel jeg of lágan, eins og jeg tók fram á síðasta þingi, og eins ber þess að gæta, að ferðirnar suður eru afarmargar, stundum margar á dag. Hinsvegar skal jeg vera því meðmæltur, að hinn styrkurinn verði hækkaður í samanburði við þennan. Jeg vil svo fela hv. deild að gera út um, hvort brtt. þessi verður samþykt.

Jeg sje ekki ástæðu til að tala um brtt. einstakra þm. eða nefndarinnar. Jeg er ekki vanur því. Það hefir þegar verið mælt rækilega fyrir þeirri tillögu, sem jeg flyt ásamt hv. 3. landsk. (JJ) um styrk til Brynjólfs Þórðarsonar listmálara. Ef þessi styrkur verður veittur, eru slegnar tvær flugur í einu höggi, sem sje gerð tilraun til þess, að hann geti aftur náð heilsu sinni og um leið þroskast í málaralist sinni.

Þá mun jeg greiða atkvæði með styrk til Nikólínu Björnsdóttur ljósmóður, sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) bar fram, og ennfremur með till. hv. 4. landsk. (IHB) um styrk til Theodóru Sveinsdóttur. Jeg veit, að þessi kona hefir lært upp á eigin spýtur og aldrei fengið styrk. Og þegar svo er komið, að hún er viðurkend hjer sem best að sjer í þessari grein, sem um er að ræða, finst mjer sanngjarnt, að henni sje veittur þessi styrkur.

Aðrar till. ætla jeg að láta afskiftalausar að öðru leyti en því, að atkv. mitt mun skera úr um afstöðu mína til þeirra.

Forsætisráðherra (JM): Það eru aðeins örfáar brtt. bæði frá einstökum þm. og hv. fjvn., sem jeg þarf að minnast á,

Jeg geri ráð fyrir, að jeg geti fallist á flestar till. hv. nefndar, en þó er ein brtt. frá henni á þskj. 402, nr. 24, sem jeg með engu móti get aðhyllst. Það er tillaga um að færa niður þá fjárhæð, sem ætluð er til kaupa á listaverkum. Jeg skil það að vísu, að hv. nefnd hafi tekið tillit til þess, að mikið er komið hjer inn af styrkjum til listamanna fram yfir till. í stjfrv., en engu að síður held jeg, að rjett sje að veita ríflegri fjárhæð til kaupa á listaverkum en nefndin hefir lagt til. Get jeg því ekki sagt, að jeg sje hv. nefnd þakklátur fyrir þessa brtt., en hinsvegar er jeg henni þakklátur fyrir 30. brtt. á sama þskj. Það voru sjerstakar ástæður fyrir því, að þessi fjárveiting var ekki tekin upp í stjfrv. Hv. frsm. (EP) gat þess, hve mikla verðleika frú Björg Þorláksdóttir hefði til styrksins. En mjer hefði þótt rjettara, að sagt hefði verið blátt áfram, að þetta væri styrkur til hennar, en óþarft að taka það fram beint, að það sje í viðurkenningarskyni; ekki þó vegna þess, að frúin eigi ekki viðurkenningu skilið, en styrkurinn er í rauninni veittur til ritstarfa. Þessi kona hefir gert landi sínu mikinn sóma og hefir henni fyrstri af öllum konum á Norðurlöndum hlotnast sá heiður að fá tekna gilda doktorsritgerð eftir sig við Sorbonne-háskólann í Frakklandi. En hún hefir ekki hlotið nafnbótina sjálfa, vegna þess að viðkomandi kennari hefir ekki verið heima í vetur.

Af öðrum till. nefndarinnar finn jeg ekki ástæðu til að nefna nema þá seinustu. Henni get jeg með engu móti fylgt, sökum þess, að í vetur kom erindi frá öðrum embættismanni, prestinum á Ísafirði, um að fá lán til húsbyggingar. Jeg sagði þá, að jeg treysti mjer ekki til að bera fram bá beiðni, vegna þess, að svo mikið væri ógert af byggingum, sem væru nauðsynlegri og ríkinu bæri skylda til að hlaupa undir bagga með. Það er altaf mikið af óbygðum prestssetursbúsum í sveit. Aftur á móti eru hús presta og sýslumanna í kaupstöðum ekki embættisbústaðir til frambúðar. Jeg neitaði því algerlega þessari beiðni, og þess vegna get jeg ekki fylgt síðustu till. hv. nefndar á þskj. 402.

Þá skal jeg geta þess, að það hefir komið fram brtt. frá þeim hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og hv. 2. þm. S.-M. (IP) um styrk til framhaldsnáms við Akureyrarskólann. Jeg minnist þess, að á sínum tíma, þegar þetta mál um framhaldsnám við Akureyrarskólann var á ferðinni, ljet jeg þess getið, að jeg væri hræddur um, að það yrði ekki kostnaðarlaust fyrir ríkissjóð. Mjer var tekið þetta illa upp og það var fullyrt, að sá grunur minn væri algerlega ástæðulaus. En jeg tel það ástæðulaust að veita sjerstakan styrk til þessa framhaldsnáms. Það raskar föstu skipulagi skólans.

Þá er næst brtt. frá hv. 2. þm. S.-M. um að 12 þús. kr. gangi til barnaskóla í Neshreppi. Jeg veit, að það liggur við borð, að þessi barnaskóli verði bygður, því að það þarf að byggja hann. En jeg tel ekki rjett að taka hann einan út úr, þar sem þegar hafa sagt til sín 14 skólar, sem þarf að byggja. Jeg veit að vísu, að þessir 14 skólar verða ekki bygðir allir í einu, en það verður reynt að skifta því fje, sem veita á til þessara hluta, þannig, að það komi að sem bestum notum á hverjum stað. Enda heyrði jeg það á hv. flm. (IP), að hann bjóst ekki við, að svona mikið af allri fjárveitingunni gengi til eins skóla.

Þá er aðeins ein brtt. eftir af þeim, sem jeg ætla að minnast á. Það er XIII. brtt. á þskj. 418. Hv. flm. (GunnÓ) er ekki við í deildinni. Hann mundi annars hafa mælt fyrir þessari till. Jeg vil leyfa

mjer, án þess þó að hv. flm. hafi farið fram á það við mig, að mæla með því, að frú Anna Gunnlaugsson fái í eftirlaun 900 kr. Þetta er að vísu há fjárhæð, eftir því sem gerist, en hjer stendur líka alveg sjerstaklega á. Hjeraðslæknirinn Halldór Gunnlaugsson, maður hennar, druknaði í embættisferð á mjög sviplegan hátt. Áður fyr var mikið tillit tekið til þess, ef embættismaður ljest eða varð fyrir slysi í embættisferð. Þeir höfðu algerða sjerstöðu, og mjer finst, að í þessu tilfelli verði ekkjan að njóta góðs af þeirri sömu reglu. Jeg býst við, að ef embættismaður yrði fyrir slysi í embættisferð, mundi þingið reynast honum vel, og vil jeg því mæla með þessari tillögu.

Sigurður Eggerz: Jeg sneri mjer til hv. fjvn. og fór þess á leit, að hún tæki upp tillögu um að veita skáldkonunni Kristínu Sigfúsdóttur 1200 kr. styrk í 18. gr. fjárlaganna. Hv. nefnd hefir lækkað upphæðina lítið eitt og sett 1000 kr. í staðinn fyrir 1200 kr. Jeg er hv. nefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar. Jeg verð að líta svo á, að þessi kona sje einkennilegt fyrirbrigði í okkar andlega lífi. Hún hefir enga mentun fengið nema þá, sem hún hefir aflað sjer sjálf. Hún og maður hennar eru einyrkjar og hafa alla tíð barist við fátækt, en í frístundum sínum hefir konan skrifað merkileg skáldrit, sem bera vott um óvenjugóða hæfileika. Frá bókum hennar andar hollum og hlýjum blæ yfir alt okkar þjóðlíf, og vil jeg lýsa ánægju minni yfir skilningi hv. fjvn. á þessu máli. Vona jeg, að þessi kona geti nú helgað líf sitt meira listinni en hingað til. Jeg vona, að þessi hv. deild samþykki till. um Kristínu Sigfúsdóttur skáldkonu og að enginn ágreiningur verði um það, að hún sje þessa makleg. Jeg hefi ekki með meiri ánægju mælt með neinni viðurkenningu, og jeg treysti því, að hv. Nd. fallist á hana.

Þá kem jeg að 10. brtt., um ferju á Hrosshyl. Það er þýðingarlítið atriði að vissu leyti, því að víða eru ferjur ekki í því ástandi, sem þær ættu að vera. En hjer er um svo litla upphæð að ræða, aðeins 300 kr., svo að ekki getur þetta talist sparnaðartill. Aftur á móti er hjer um samgöngubót að ræða, og vona jeg, að hv. deild felli brtt.

Þá kem jeg að 16. brtt., sem er við 14. gr., um að fella niður styrk til Helga Hjörvars. Mjer finst umr. lýsa kulda til málsins, en hjer á árunum þótti sjálfsagt að veita slíka styrki, enda er það vel farið, því að þeir menn gegna einhverju þýðingarmesta starfi hjer á landi, að sjá um uppeldismálin. Þessi maður ætlar nú að fara utan til þess að kynna sjer þar samstarf milli heimila og skóla, og jeg álít, að hann sje mjög vel fallinn til þess að setja sig inn í slík vandamál. Hann er líka skáld og hefir gefið út bók eftir sig, sem mikið þykir til koma. En skáld hafa meira hugmyndaflug en aðrir menn og eru fljótari til að skilja og kynna sjer ýmsa hluti. Jeg vildi, að árlega væri tekinn upp í fjárlögin utanfararstyrkur til kennara, svo að þeir, sem eiga að móta hið viðkvæma sálarlíf barnanna, hafi sem best skilyrði til þess. Og þegar þess er gætt, að stórfje er árlega varið úr ríkissjóði til barnafræðslu, þá er það hreint og beint nauðsynlegt, að kennurum sje gefinn kostur á að kynnast sem flestu, er að því lýtur að gera barnafræðsluna betri en áður. Vona jeg því, að þessi brtt. verði feld.

Svo er brtt. 20. um að í stað útgáfu á „Lögum Íslands“ komi: Lagasafni handa alþýðu. Jeg held nú, að þetta sje ekki heppileg breyting. Í Lagasafni alþýðu er

margt úrelt, sem almenningur er ekki fær um að dæma um. Jeg tel því miklu rjettara að gefa út „Lög Íslands, öll þau er nú gilda", og legg þess vegna til, að brtt verði feld.

Jeg leyfi mjer að taka í sama strenginn og hæstv. forsrh. (JM) um kaup á listaverkum. Það er hin besta viðurkenning fyrir listamenn, að verk þeirra sjeu keypt.

29. brtt. er um það að færa niður styrk til frú Guðrúnar Indriðadóttur. Jeg veit ekki til þess, að þessi ágæta leikkona hafi fengið styrk áður. Hún ætlar nú að kynna sjer þjóðdansa, t. d. í Noregi, og jafnframt leiklist. Jeg vil minnast hjer á það, hve snildarlega hún ljek í „John Storm" og „Fjalla-Eyvindi". Jóhann Sigurjónsson skáld dáðist að leik hennar, og hafði hann þó sjeð frú Dybvad leika Höllu. Mjer finst því hart að fara að skera þennan litla styrk við neglur sjer og vona, að brtt. fjvn. nái ekki fram að ganga.

Þá er 45. brtt. um að veita Boga Brynjólfssyni sýslumanni lán til þess að koma upp embættisbústað. Hv. deild ætti að vita það, að sýslumenn eiga við erfið kjör að búa, en þrátt fyrir það hafa þeir orðið að greiða allmikinn skrifstofukostnað af launum sínum. Jeg skal ekki fjölyrða um þetta nú, en mun leyfa mjer við 3. umr. fjárlaganna að bera fram till. um að skrifstofukostnaðurinn sje hækkaður, svo hægt sje að fullnægja lögunum. Og mjer finst ekki óeðlilegt, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með þeim, þá er þeir þurfa að koma sjer upp bústað, því að sje ekki ljett undir með þeim, hefnir það sín með árum. En að þessu skal jeg koma betur við 3. umr.

Jeg vil mæla með styrk til bifreiðaferða suður með sjó, sem hv. 1. þm. G.-K. (BK) ber fram, því að hann er ekki kröfuharður. Að öðru leyti mun jeg við atkvgr. sýna afstöðu mína til hinna ýmsu brtt.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg verð að segja fyrir mitt leyti, að mjer finnast aðfinslur við gerðir fjvn. ekki miklar, og sumir hafa sagt, að nefndin hafi leyst starf sitt vel af hendi, eins og t. d. hæstv. fjrh. (JÞ). Það voru aðeins tvær brtt., er hann hafði ástæðu til að amast við. Hin fyrri var um lán til Boga Þórðarsonar, sem hæstv. fjrh. virtist óþarft að fella niður. Jeg hefi áður lýst afstöðu meiri hl. fjvn. til þessa máls. Hæstv. ráðh. sagði, að verksmiðja Boga Þórðarsonar stæði ekki vel að vígi í samkepninni eins og er, og mundi ekki reynast Álafossi mjög hættulegur keppinautur, þótt þessi lánveiting fengi að standa. Báðar verksmiðjurnar mundu hafa nóg að starfa. Þetta getur verið. En það er samt ekki óhugsandi, að þessi nýja verksmiðja geti, eins og meiri hl. fjvn. óttast, reynst Álafossi hættulegur keppinautur. Að minsta kosti veit jeg þar sem jeg þekki til, að kembur frá Boga Þórðarsyni hafa reynst betur en frá Álafossi, en það er máske ekki að marka, því að fyrst er alt frægast.

Hin till., sem hæstv. fjrh. hafði á móti, er um það að veita Boga Brynjólfssyni sýslumanni lán til þess að koma sjer upp bústað. Fyrir þessu er fordæmi, því að sýslumanninum í Borgarnesi og bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum voru veitt slík lán, og það til lengri tíma, 30 ára að mig minnir. Hinsvegar hefir hæstv. stjórn það í hendi sinni að veita ekki þetta lán, ef henni finst það ekki sæmilega trygt. En það skal jeg viðurkenna, að slíkar lánveitingar geta dregið dilk á eftir sjer.

Meðan jeg man, vil jeg taka það fram

út af orðum hæstv. forsrh. (JM), að nefndin tekur aftur til 3. umr. 20. brtt.

Sá, sem mest hefir veist að fjvn., er hv. 3. landsk. (JJ). Það eru 6 till. nefndarinnar, sem hann vill ekki, að gangi fram. Fyrst er það styrkur til Haralds Sigurðssonar, og fanst honum fjvn. gera lítið úr sjer að ráðast á veikan mann. En það er nú hvergi nefnt á nafn, hvar hann ætli að leita sjer lækninga, þessi maður. Hjer er ekki um að ræða styrk til að leita lækninga, heldur sjúkrastyrk staðfastan ár eftir ár. Ef hjer hefði staðið utanfararstyrkur til heilsubótar, þá hefði verið öðru máli að gegna. En eins og sakir stóðu, mátti búast við fjölda sjúklinga, er höfðu jafnmikinn rjett til styrks, eins og jeg drap á í framsöguræðu minni.

Þá var um 15 þús. kr. niðurfærsla til símalagninga. Háttv. þm. (JJ) hjelt því fram, að með því væri símalína til Loðmundarfjarðar fallin niður, en sagði landssímastjóra þeirri línu meðmæltan. Jeg skal ekkert segja um það, en hitt er víst, að í upphafi hafði landssímastjóri ekki tekið þessa línu með í sína áætlun. Hinsvegar, eins og jeg tók fram áður, er vonandi, að ekki þurfi til þess að koma og að þessi sími verði lagður. En allar vonir geta brugðist, og svo er um þessa sem aðrar.

Þá þótti þeim hv. 3. landsk. (JJ) og hv. 1. landsk. (SE) það illa til fallið að fella niður styrk til Helga Hjörvars, og vildu báðir halda því fram, að í nál. væri hnútum kastað til hans. En því fer fjarri, eins og nál. ber með sjer. Fyrir fjvn. lágu umsóknir frá öðrum kennurum, svo sem Steingrími Arasyni, um líka styrki, og þóttist nefndin alls ekki geta gert upp á milli þessara manna, þannig, að taka þennan eina út úr, því að hún áleit ekki meiri nauðsyn á að senda hann en einhvern annan. En það er langt frá, að fjvn. haldi því fram, að hann sje ekki góður maður í sínu starfi. Á hitt ber líka að líta, að hann hefir fengið styrk til utanfarar áður, en margir aðrir góðir kennarar hafa engan slíkan styrk fengið, og finst mjer ekki rjett gagnvart þeim að veita honum slíkan utanfararstyrk svo að segja ár eftir ár, en hinum aldrei, þótt jafngóðir kennarar sjeu.

Að ekki komi til mála að halda því fram, að hnútur til þessa manns sjeu í nál., má meðal annars rökstyðja með því, að allir hv. meðnefndarmenn mínir í fjvn. hafa skrifað undir þessi ummæli athugasemdalaust. En það hefðu þeir áreiðanlega ekki gert, ef þeir hefðu álitið, að nokkrar hnútur til þessa manns væru fólgnar í orðalagi nál.

Þá var háttv. 3. landsk. (JJ) einnig á móti því að fella niður menningarsögustyrkinn handa gömlum og fróðum sagnaþulum, til að skrifa þjóðlegan fróðleik. Færði hann þar fram sem sjerstaka ástæðu, að nú hefðum við þessa gömlu fróðleiksmenn víða úti um land, og væri óvíst, hve lengi þeirra nyti við. Yrði því að nota tækifærið til að láta þessa menn skýra hinni uppvaxandi kynslóð frá, hvernig alt hefði verið í uppvexti þeirra, áður en um seinan væri orðið. Jeg get nú ekki fallist á það, að svo ákaflega liggi á að veita þennan styrk, því að á öllum tímum hljóta að verða uppi gamlir fróðleiksmenn, sem geta skýrt æskulýðnum frá ungdómsárum sínum.

Þá var hv. 3. landsk. einnig á móti því að lækka styrkinn til kaupa á listaverkum, og tóku þar í sama strenginn hæstv. forsrh. (JM) og hv. 1. landsk. (SE). En þar sem nú var mikil viðleitni hjá fjvn. að

spara eitthvað, þótti henni þetta forsvaranlegt, með tilliti til þeirrar miklu runu, sem nú er komin af listamönnum í sjálf fjárlögin. Hv. þm. (JJ) hjelt því fram, að hjer á landi væri ekki nema einn málari, sem gæti lifað á verkum sínum, og hefir hann þar líklega átt við Ásgrím Jónsson. Vegna þessa sagði hann, að ríkið yrði að kaupa verk þeirra. Jeg veit nú raunar um annan málara, sem jeg hygg að lifi alveg á verkum sínum. Það er Eyjólfur Eyfells. Hann hefir líka vit á því að haga sjer ögn eftir kringumstæðunum og halda ekki málverkum sínum í svo háu verði, að alþýðu manna sje ofvaxið að kaupa þau. Enda hefir þetta orðið til hins besta fyrir báða aðilja. Hann hefir nóg að gera og málverk hans eru víða til mikillar híbýlaprýði. — En þegar verkunum er haldið í svo háu verði, að fáir eða engir geta keypt þau, þá kemur til kasta ríkisins. Álít jeg mjög varhugavert að fara langt í þessum kaupum, því að þannig geta hrúgast saman ógurleg feikn af málverkum, sem eru nauðalítils virði mörg hver.

Þá var þessi hv. þm. (JJ) einnig mótfallinn því að fella niður styrkinn til Guðmundar Finnbogasonar. Jeg tók það fram í framsöguræðu minni, að um þetta rjeði ekki óvild til mannsins, heldur aðeins óttinn við fordæmið. Því að verði þessi styrkur veittur, má búast við, að ýmsir fleiri vildu sigla í sama farið. Það er hætt við, að þá kæmu fram raddir frá fleiri mentamönnum, er þykjast eiga við þröngan kost að búa og vildu fá styrk til að skrifa um aðaláhugamál sín. Háttv. þm. sagði, að ekki þyrfti að óttast fordæmið, því að ekki kæmi til mála að veita slíkan styrk nema afbragðsmönnum, sem altaf yrðu sárfáir. En það verða altaf örðugleikar á að finna takmörkin í því efni. Jeg geri ráð fyrir að sá, sem bæri fram slíkan mann, vildi halda honum öfluglega fram. Og ef sagt væri um einhvern mentamann, að hann væri slíks styrks ekki maklegur, geri jeg ráð fyrir, að það þætti eigi síður móðgandi en hin meinlausu ummæli mín um Helga Hjörvar í nál.

Þá var það styrkurinn til Heimilisiðnaðarfjelagsins. Hv. 3. landsk. var því andvígur að fella niður athugasemdina um Guðmund frá Mosdal. En nefndinni finst óviðfeldið að brytja niður lítilfjörlegan styrk til ákveðins fjelags milli einstakra manna. Því að eins og þessi maður er tekinn þarna inn, mætti taka annan og þann þriðja, með sinn bitann hvorn, uns alt væri uppjetið. — Þetta voru nú þær till., sem hv. 3. landsk. talaði á móti.

Hv. 6. landsk. (ÁH) hafði mjög á móti till. um að fella niður styrk til ferju á Hrosshyl. Sagði hann, að hana þyrfti mest að nota um sláttinn, þegar útlendir og innlendir „túristar“ væru á ferð. En í fyrsta lagi fæ jeg ekki sjeð að þeir menn sjeu of góðir til að greiða fult verð fyrir ferjuna, og í öðru lagi liggur þeim víst fæstum svo mikið á, að þeir geti ekki tekið á sig krók niður á Þjórsárbrú, ef Nautavað er ekki fært. — En það, sem fjvn. óttast, er fordæmið, sem þetta hlýtur að gefa, af því að þetta er lögferja. Það eru áreiðanlega margar lögferjur, sem hafa jafnan rjett á að fá styrk eins og þessi. A. m. k. þekki jeg eina, sem jeg teldi engu síður þörf á að styrkja en þessa.

Þá talaði sami háttv. þm. (ÁH) um styrkinn til búnaðarfjelaganna og var því andvígur, að athugasemdin fjelli niður. Það hefir nú oft verið svo, að þessi aths. hefir ekki staðið í fjárlögunum, og engin í hennar stað. Veit jeg ekki til, að það hafi nokkurntíma valdið vandræðum. Enda tel jeg sjálfsagt, að farið yrði eftir dags-

verkatölu við úthlutun styrksins, þótt aths. fjelli niður. — Hitt, að það sje svo nauðsynlegt að binda hendur fjelaganna um verkfærakaup, fæ jeg ekki sjeð. Þvert á móti held jeg, að það sje betra að hafa þau frjáls í þeim efnum. Ef þau finna hjá sjer þörf fyrir að kaupa verkfæri, þá gera þau það án allrar þvingunar, en hún kæmi aðeins niður á þeim fjelögum, sem ekki þættust þurfa á verkfærum að halda. Enda hefir reynslan verið sú, að sumstaðar hefir gengið illa með verkfærin. Þau hafa legið hjá formönnum fjelaganna, stundum í hirðuleysi og stundum notuð af þeim einum og næstu nágrönnum þeirra. Vitanlega kemst slíkt ekki á fullkomið stig fyr en hver bóndi á sjálfur hin nauðsynlegustu verkfæri, svo sem plóg og herfi. — Hv. 6. landsk. var einnig á móti því að fella niður styrkinn til Boga Þórðarsonar. Hefi jeg ekkert um það að segja.

Hv. þm. Vestm. (JJós) fann töluvert að gerðum fjvn. Var það mest fyrir þá sök, að hún vildi fella styrkinn til öldubrjótsins í Bolungarvík. Hefi jeg þegar skýrt frá, af hverju það stafar. Hv. 2. þm. S.-M. (IP) tók í sama streng og kom með samanburð á öldubrjótnum í Bolungarvík og hafnarbótunum í Ólafsvík. Þessi samanburður var ekki allskostar rjettur, því að hafnarbæturnar í Ólafsvík gefa engan arð enn sem komið er, og gera ekki fyr en þeim er lokið, en öldubrjóturinn í Bolungarvík er verk, sem er eða á að vera búið og þar af leiðandi farið að gefa arð. Hjer er því um býsna ólíkar ástæður að ræða.

Hv. 2. þm. S.-M. hneykslaðist einnig á því, að fjvn. leggur til, að utanfararstyrkirnir sjeu jafnir til allra listamanna, sakir þess að hæfileikarnir væru ekki jafnir. En það vantar bara þann rjettláta dómara til að meta hæfileika þessara manna. Sá, sem mælir með einhverjum þeirra, mundi altaf halda því fram, að hans skjólstæðingur væri í hópi þeirra allraefnilegustu. Hv. þm. var sjerstaklega að tala um Þórarin Jónsson og áleit óforsvaranlegt að lækka styrkinn til hans. Ef svo er, hefir það engu síður verið óforsvaranlegt af fjvn. hv. Nd. að fást ekki til að taka upp nokkurn styrk til þessa manns, því að þar var það einn hv. þm. utan fjvn., sem kom styrknum á framfæri. Nei, það er ómögulegt fyrir þingið að ætla sjer að meta upp á hár til peninga hæfileika hvers listamanns. En það er annað, sem er sameiginlegt, hvað sem hæfileikunum líður. Það er kostnaðurinn við að stunda nám erlendis. Hann er altaf svipaður, og er því eðlilegt, að menn sjeu styrktir jafnmikið til námsins. Enda er þessu fylgt á öðrum sviðum. T. d. er styrkur sá, sem stúdentar fá til utanfarar lögum samkvæmt, altaf jafnhár, án tillits til hæfileika.

Jeg held, að jeg hafi þá minst á flestar mótbárur, sem fram hafa komið gegn brtt. fjvn. Hv. 1. landsk. (SE) sagði að vísu nokkur orð. En jeg sje ekki ástæðu til að tala um neitt af því, sakir þess að það var alt áður sagt. Hann var raunar að tala um, að hann hefði átt frumkvæðið að styrknum til Kristínar Sigfúsdóttur. En jeg vil geta þess, að nefndin tók þetta upp alveg af eigin hvötum. — Hv. 1. landsk. drap einnig á frú Guðrúnu Indriðadóttur. Jeg skal játa það, að leitt var að geta ekki haft styrkinn til hennar hærri en 2000 kr., en þar eð nefndin hafði sett sjer þetta „princip", vildi hún ekki víkja frá því.

Þá kem jeg að brtt. einstakra hv. þm. Það er einkennilegt við þær, að þær eru

allar til hækkunar, en engin til lækkunar. Hefir mjer talist svo til, að þær næmu samtals 68530 krónum, svo að ekki verða fjárlögin glæsilegri, ef þær ná allar fram að ganga.

VI. brtt. á þskj. 418 skilst mjer, að hv. 3. landsk. hafi tekið aftur til 3. umr., og er því ekki þörf að ræða hana nú. — Hann leggur og til, að keypt sje marmaramyndin „Hafmey" eftir Ásmund Sveinsson. Nefndinni var sæmilega kunnugt um þetta, en treystist ekki til að fylgja því. Hið háa Alþingi hefir keypt myndina „Móðurást" áður, og þykir ýmsum, að sú mynd sje nægilega þung í eftirdragi. Fjvn. heldur, að ef kaupa ætti annað slíkt verk þegar í stað, mundi ýmsum þykja nóg komið.

Þá var styrkurinn til Brynjólfs Þórðarsonar. Það er ekki listamannastyrkur, heldur sjúkrastyrkur, og eru um hann óbundin atkvæði. En það, sem gerði nefndina deiga að vera með þessu, er, að Jón Ásgeirsson pianóleikari, sem hefir mjög góð meðmæli, liggur nú veikur suður í Vínarborg. Hefir hann verið skorinn upp tvisvar, og stendur víst til að gera það hið þriðja sinn. Hefir hann farið fram á hjálp, en ekki þótt fært að setja styrk til hans í fjárlög. Verð jeg þó að segja, að hann er ver kominn, að liggja sjúkur í framandi landi.

Um eftirgjöfina á viðlagasjóðsláni Ólafs Hvanndals er sama að segja og allar eftirgjafir á lánum. Það getur ekki talist fullkomlega „móralskt" að fara fyrst fram á lán og síðan að vilja fá það eftirgefið. — Jeg get sagt það um þá sýslu, sem jeg er fulltrúi fyrir hjer á Alþingi, að henni var góðfúslega veitt hjálp eftir jarðskjálftana miklu. Okkur hefir ekki dottið í hug að fara fram á eftirgjöf á því, heldur erum þakklátir fyrir hjálpina. — Um þessa till. hv. 3. landsk. eru þó óbundin atkvæði í nefndinni.

Þá talaði hv. 3. landsk. þm. fyrir styrk til Íslendingaheimila í Osló og Kaupmannahöfn. Nefndin leggur á móti hvorutveggja. Mjer er kunnugt um, að Ingimundur Eyjólfsson hefir sýnt mikinn áhuga og dugnað í byggingu Íslendingaheimilis í Osló. En nefndinni virðist, að nóg sje að gera hjer heima, bæði að byggja og annað, og megi því byggingar erlendis bíða í bili.

Hv. 2. þm. S.-M. og hv. 1. þm. Eyf. hafa borið fram till. um styrk til framhaldskenslu við gagnfræðaskólann á Akureyri. Er ætlunin með þessu að gera mönnum ljettara að lesa undir stúdentspróf þar. Hæstv. forsrh. hefir þegar talað um þetta og vísað til þess, að þegar verið var að koma á framhaldskenslunni við gagnfræðaskólann á Akureyri, var látið svo, sem þetta væri aðeins góðsemi og sagt, að þetta þyrfti ekkert fje að kosta fyrir ríkissjóð. Hinsvegar er þessi styrkur frá margra sjónarmiði vísir til nýs mentaskóla á Norðurlandi. Og það vita hv. þm., að í því máli er mikill stefnumunur. Annars eru um þetta atriði óbundin atkv. í nefndinni.

Þá bera háttv. 3. og 4. landsk. fram brtt. um að setja styrk til Skúla læknis Guðjónssonar inn á öðrum stað en hann er nú. Jeg get viðurkent, að um þetta er nokkru öðru máli að gegna. Í frv. er gert ráð fyrir að stofna nýtt embætti og að þessi maður verði fastur starfsmaður við háskólann hjer. En með þessari brtt. er gefið í skyn, að þetta eigi aðeins að vera styrkur til að ljúka við rannsóknir, og er það nokkuð annað en í frv. stendur. En það er nú svo, að við verðum að takmarka okkur í mörgu. Þó að þessi maður hafi fengist við vísindalegar rannsóknir

og skrifað í erlend tímarit, þá höfum við líka mjög hæfa lækna hjer heima, sem líka hafa skrifað um þessi efni, og þeir hafa skrifað á okkar máli. T. d. hefir Gunnlaugur Claessen nýlega skrifað í almanak Þjóðvinafjelagsins einmitt um bætiefni. Og til eru líka ritgerðir eða fyrirlestrar eftir Jónas Kristjánsson um þetta efni.

Þá hefir sami hv. þm. flutt till. um að veita Theodóru Sveinsdóttur 2 þús. kr. styrk til matreiðslukenslu hjer í bænum. Um þetta ætla jeg ekkert sjerstakt að segja, en jeg býst við, að þessi kona sje mjög dugleg og hafi mikla þekkingu á þessu sviði. Hins vegar veit jeg ekki, hvernig nefndin í heild sinni lítur á þetta.

Þá er næstur hv. þm. Vestm., og má segja um hann, að hann sje tvöfaldur í roðinu, þar sem hann er bæði frsm. samgmn. og þm. Vestm. Hvað till. samgmn. snertir skal jeg geta þess, að mjer þykir óviðfeldið, að þær komu ekki fram fyr en á síðustu stundu, svo að ekki vanst tími til að athuga þær nægilega.

Annars finst mjer upphæðin nokkuð há, sem farið er fram á, og þykir nefndinni ekki fullkomlega upplýst, að ekki sje hægt að komast af með minna. En hjer er ekki um það að ræða að fara neinn milliveg, því að samgmn. hefir bundið till. sínar við það, að þær væru annaðhvort samþyktar allar eða engin. Annars eru atkv. fjvn. óbundin um þetta.

Þá flytur hv. þm. sjálfur nokkrar brtt., meðal annars um 2 þús. kr. styrk til Sigurðar Skagfeldts til þess að ljúka söngnámi. Nefndinni er áður kunnugt um þennan mann og hefir ekki getað fallist á að taka hann upp, án þess hún hinsvegar vilji gera lítið úr hæfileikum hans á nokkurn hátt.

Um styrkinn til Ólafs Guðmundssonar til þess að ljúka námi sem spuna- og kembimeistari er dálítið öðru máli að gegna. Nefndin vill ekki, að minsta kosti ekki í heild sinni, mæla á móti þessu, og eru óbundin atkvæði um það. Sama má segja um hækkunina á vegastyrknum til Vestmannaeyja; um hann eru óbundin atkv., en það er ekki hægt að neita því, að það er allríflegur styrkur, þó segja megi, að ríkissjóður geti náð því upp aftur síðar.

Þá hefir sami hv. þm. komið fram með brtt., sem fer í þá átt, að ríkissjóður ábyrgist alt að 60 þús. kr. lán til Vestmannaeyja. Nefndin er yfir höfuð myrkfælin við þessar ábyrgðir, enda eru nú þegar margar fyrir, og verður eitt yfir þær að ganga bæði til Vestmannaeyja og Neshrepps; nefndin verður að vera á móti báðum.

Þó að Vestmannaeyjar sjeu sennilega færari en Neshreppur til að leggja út í slíkt fyrirtæki, þá hlyti það þó að verða þeim nokkuð erfiður baggi. Jeg verð að taka þær báðar í senn þessar till. hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. S.-M., því að þær eru náskyldar.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. G.-K. (BK), og þykir mjer það leitt, að þessi eina brtt., sem hann flytur, er þannig vaxin, að jeg get ekki greitt henni atkv., og jeg býst ekki við því, að nefndin geri það heldur. Það er vitanlega ekki há upphæð, sem farið er fram á, aðeins 3 þús. kr., en það er þó nokkuð mikið í samanburði við þær 5 þús. krónur, sem veittar eru til bifreiðaferða austur yfir fjall, og er þar þó um að ræða mestalla flutninga í tvær sýslur. Jeg lít svo á, að þennan styrk hefði verið vel gert að hækka og að full þörf væri á því, meðan ekki fæst járnbraut eða aðrar samgöngubætur fyrir þessar sýslur, sem komi í skarðið fyrir að samgöngur á sjó hafa nú að mestu lagst niður.

Jeg flyt samt ekki brtt. um að hækka þetta nú, með því að í hv. Nd. var feld 1000 kr. hækkun á þessum lið, og verðum við því að una við þessi 5 þús. Nú lít jeg svo á, að ef farið yrði að veita öðrum hjeruðum styrk í þessu skyni, þá mundu fleiri koma á eftir, og er þá bágt að segja, hvar lenti.

Hv. 5. landsk. (GunnÓ) hefir komið fram með eina brtt., en af því að hann er veikur, hefir honum ekki gefist kostur á að mæla með henni sjálfur. Jeg get lýst því yfir, að nefndin telur þessa till. ekki ósanngjarna. Hjer er um að ræða ekkju eftir mjög mætan mann, sem fjell frá á besta skeiði, en ljet lítið af veraldlegum efnum eftir sig. Að sögn kunnugra manna mun líf þessa manns hafa gengið frekar út á það að gefa eftir laun sín en að hrúga þeim saman. Jeg held svo, að það sje ekki meira, sem jeg þarf að segja að sinni.

Guðmundur Ólafsson: Jeg bjóst ekki við því, að jeg þyrfti að þreyta hv. deild á því að hlusta á mig, en þar sem tveir hæstv. ráðherrar hafa mælt á móti brtt., sem mjer kemur við, verð jeg að segja nokkur orð. Það er þá fyrst hæstv. fjrh. (JÞ). Hann hefir að flestu leyti hælt gerðum fjvn., nema að því leyti, að hún hafði lagt til að fella niður lánsheimildina til Boga Þórðarsonar, en aftur tekið upp aðra heimild til sýslumannsins í Húnavatnssýslu. Hæstv. ráðh. hafði ekki á móti því, að hægt væri að lána úr viðlagasjóði, en fann ástæðu til þess að vera á móti þessari lánsheimild, af því að sýslumaðurinn væri búinn að koma upp húsinu. Það mun hafa ýtt undir þennan sýslumann, að á síðasta þingi voru lán veitt tveimur sýslumönnum í þessu skyni, og jeg man, að að minsta kosti hæstv. forsætisráðherra var með þeim. Jeg get ekki sjeð muninn á því, eða að hverju leyti það er verra að veita þeim mönnum lán, sem þegar hafa bygt, heldur en þeim, sem ætla að byggja.

Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu keypti mjög lítið hús, sem hann varð að stækka og breyta mikið, og varð það honum ærinn kostnaður. Jeg væri ekkert hissa á því, þó að stjórnin vildi ekki veita slík lán, ef ekki væri hægt að lána úr viðlagasjóði, en ef fje er til, þá skil jeg ekki, hvaða ástæðu hún hefir til þess að vera á móti þessum sýslumanni. Hæstv. forsrh. (JM) tók í sama strenginn, að vera á móti þessari lánsheimild, og þykir mjer það undarlegt, að hann skuli finna ástæðu til að vera þannig með sumum sýslumönnum, en móti öðrum. Hann bar það fyrir sig, að hann hefði ekki sjeð sjer fært að sinna beiðni prestsins á Ísafirði um helmingi hærra lán. En jeg vil benda hæstv. ráðh. á það, að þar er ólíku saman að jafna, því að það mundi ríkissjóður aldrei hafa fengið aftur nema að litlu leyti, og auk þess hefði það orðið til þess að auka útgjöld á fjárlögunum, en þetta kemur þeim ekki við. Jeg vil einnig taka það fram, að þessi sýslumaður fer ekki fram á eins góð kjör eins og þeir sýslumenn fengu, sem lán fengu í fyrra. Þetta lán á að borgast á 20 árum, en þeirra voru veitt til 30 ára. Mjer datt það í hug út af því, sem hv. 1. landsk. (SE) sagði, að hún getur verið eðlileg þessi óánægja út af skrifstofukostnaði sýslumanna. Af ýmsu, sem fram hefir komið, hygg jeg, að það geti verið, að þessu fje sje ekki sanngjarnlega skift milli þessara embættismanna, og dreg jeg þá ályktun einkum af þessum mismunandi undirtektum hæstv. stjórnar undir þessar lánbeiðnir sýslumanna. Jeg vildi láta það sjást, að jeg hafði tekið eftir þessum

veðrabrigðum, þó að menn sjeu nú orðnir vanir áttaskiftum hjá þessum hæstv. ráðh.

Nú er það hv. deild, sem verður að skera úr því, hvort það er rjett að gera þannig upp á milli manna í samskonar embættum. Jeg hefi sjálfur enga brtt. flutt, en mjer kom þetta dálítið við, af því að það er minn sýslumaður, sem um er að ræða.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hafði ætlað mjer að hlífa þessari hv. deild við því að standa upp aftur, og þegar hv. frsm. (EP) hafði lokið sínu máli, þá fanst mjer í raun og veru hann hafa sagt alt það um brtt., sem segja þurfti. Nú hefir hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) viljað hafa þetta öðruvísi. Hann hefir komið fram með árásir og aðdróttanir í garð stjórnarinnar, sem jeg vil ekki taka með þögninni. Hv. þm. vill halda því fram, að stjórnin hafi sýnt hlutdrægni við skiftingu skrifstofufjár milli sýslumanna. Jeg vil aðeins geta þess, að samkv. lögum heyrir skifting skrifstofufjárins undir hæstv. forsætisráðherra, og beinist því þessi ásökun gegn honum. En flestum, sem þekkja hann, mun þykja það ótrúlegt, að hann sýni hlutdrægni í þessu starfi sínu. Annars er hann maður til að svara fyrir sig. Jeg vil minna á það, að skrifstofufje þetta hefir nú meir en tvöfaldast á tiltölulega stuttum tíma, og einmitt í stjórnartíð núverandi stjórnar, og vitanlega hefir það orðið mest eftir tillögum og frumkvæði stjórnarinnar. Þá talaði háttv. þm. (GuðmÓ) um veðrabrigði hjá stjórninni út af því, að hún væri á móti því að veita sýslumönnum fasteignalán, án þess að tilætlunin væri sú, að bæta úr þörf, sem væri fyrir hendi, og taldi, að sýslumenn væru einnig í þessu beittir misrjetti af stjórninni. Í fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár eru 2 heimildir um að lána sýslumönnum til að koma upp embættisbústöðum, en aðeins önnur þeirra hefir komið til framkvæmda, nefnilega heimildin um lán til sýslumannsins í Vestmannaeyjum. Jeg var mótfallinn því á síðasta þingi, að sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu fengi þetta viðlagasjóðslán. Jeg sá ekki þær ástæður fyrir hendi, sem rjettlættu það. En það stóð alveg sjerstaklega á í Vestmannaeyjum. Það var hvorki vansalaust nje forsvaranlegt af hálfu þess opinbera að útvega ekki embættinu sómasamlegra húsnæði en það hafði þá. Fyrir þessu var gerð ítarleg grein á síðasta þingi. Það eru því engin veðrabrigði hjá mjer, þótt jeg andæfi því, að hvaða sýslumaður sem er fái fasteignaveðlán úr viðlagasjóði, þótt þeim fjárhags síns vegna þyki það hentugra að fá lán úr viðlagasjóði. Jeg vísa því öllum aðdróttunum um veðrabrigði og skoðanaskifti heim til föðurhúsanna.

Þá þótti sama hv. þm. það kynlegt, er jeg gat þess út af eftirgjöfunum á viðlagasjóðslánum, sem samþyktar voru í hv. Nd., að sá hreppur, sem á að fá stærstu eftirgjöfina, væri vel stæður. Honum þótti það ótrúlegt, að sá hreppur, sem skuldaði mest, gæti verið vel stæður. Jeg skal nú segja hv. þm., á hverju jeg byggi þessa umsögn mína. Jeg hefi hjer fyrir framan mig reikninga hreppsins fyrir fardagaárið 1923—'24. Þar eru skuldir hans taldar við lok reikningsársins 11650 kr., en eignir eru hjerumbil helmingi meiri, eða 22151 kr. Af eignunum eru 10700 kr. útistandandi lán. Af því eru á tekjuliðnum reiknaðar 610 kr. í vexti. Þá er innieign í kaupstað 6703 kr., og hefir sú innieign vaxið um 1300—1400 kr. síðastl. ár. Ef þessi reikningur er rjettur, þá tel jeg hreppinn vel stæðan, en mjer hefir borist

til eyrna, að reikningurinn gefi ekki rjetta hugmynd um hag hreppsins. En ef þessi hreppur er bágstaddur, þá getur hann farið hina rjettu leið, snúið sjer til atvinnumálaráðuneytisins og borið þar fram sönn skilríki um hag sinn.

Úr því að jeg er staðinn upp á annað borð, þá skal jeg minnast á þær brtt. hv. þm., sem snerta mig. Það eru þá fyrst tvær ábyrgðarheimildir. Jeg get ekki annað en beðist undan því, að mjer sjeu fengnar slíkar heimildir í hendur. Það hefir orðið mitt hlutskifti síðan jeg tók við fjármálastjórninni að borga 100 þús. kr. á ári fyrir ábyrgðir, sem ríkissjóður var búinn að ganga í áður en jeg tók við. Jeg álít það óheillabraut, sem gengið er út á með því að hleypa af stokkunum fyrirtækjum, sem reist eru á svo veikum fjárhagslegum grundvelli, að þau geta ekki komist upp af eigin ramleik. Hinu hefi jeg ekki á móti, að Alþingi veiti heimild til útlána úr viðlagasjóði, ef fje er fyrir hendi, því að hann er til þess ætlaður, þótt jeg hinsvegar hafi mínar meiningar um það, að rjettara sje að styðja eitt fyrirtæki en annað. Annars býst jeg við, að áður en fjárlagaumræðum er lokið muni koma fram tillögur um úthlutanir úr viðlagasjóði, sem samsvarar því fje, er hann hefir yfir að ráða á árinu 1927, og frá sjónarmiði almenningsheilla hygg jeg, að þær eigi meiri rjett á sjer en síðasta brtt. hv. fjvn. á þskj. 402.

Jeg skal að lokum segja það almennt um brtt. hv. þm. á þskj. 418, að þær stinga í stúf við brtt. hv. fjvn. Það eru eingöngu hækkunartill., en hv. fjvn. þessarar hv. deildar hefir sýnt rjettan skilning á sínu hlutverki með því að bera fram jöfnum höndum hækkunar- og lækkunartill. Það fanst mjer vanta í hv. Nd., að þm. fengjust til þess að líta þannig á sitt ætlunarverk. Jeg tek undir með hv. frsm. fjvn. (EP), ef samþyktar verða allar þessar hækkunartill. frá hv. þm., þá hefir fjvn. unnið sitt starf fyrir gýg. Þá fer af fjárlögunum sá svipur, sem á að vera á þeim, og þjóðin ætlast til að sje á þeim, þegar þau koma frá þessari hv. deild.

Guðmundur Ólafsson: Jeg get ekki verið að biðja afsökunar á því, þótt jeg ónáðaði hæstv. fjrh., svo að hann þyrfti að standa upp. Jeg hygg, að hann sje jafngóður eftir, og gott er að fá að heyra álit þessa glögga manns um ýmsa liði í fjárlögunum. Þó fanst mjer hann ekki sjerlega skýr eða auðskilinn, er hann var að tala um lánsheimildir sýslumannanna. Hann sagði, að annar sýslumaðurinn, sem lánsheimildina fjekk í fyrra, hefði ekki notað hana. En hvað kemur það málinu við? Fjekk hann ekki heimildina jafnt fyrir því? Slík röksemdafærsla er lítilsvirði og villandi. Þá ætlaði hann að sanna mjer, að sá hreppurinn, sem mest skuldaði, væri best staður. Í því skyni las hann upp reikninga hreppsins, og ef þeir eru rjettir, þá er sá hreppur ekki mjög illa staður, en hæstv. ráðh. sagði, að ekki væri víst, að reikningarnir gæfu rjetta mynd af ástandinu. En hann hefir ekki gert grein fyrir fjárhagsástandi hinna hreppanna, sem minna skulduðu, og þá ekki því, hvort þeir sjeu ekki betur staðir, svo þetta er engin sönnun. Annars er ómögulegt að telja mjer trú um, að það að skulda mikið sje merki þess að vera vel staður. En það kemur kannske af því, að jeg er úr sveit og skil ekki þessa móðins fjármálaspeki hæstv. ráðherra.

Það er ljóst, að hjer er gert upp á milli sýslumanna að því er snertir lán til bygginga. Út af því get jeg ekki tekið aftur, að það geti átt sjer stað, að eitthvað

sje athugavert við skifting skrifstofufjárins milli þeirra. Og jeg hygg, að jeg sje ekki einn um þá skoðun.

Atkvgr. frestað til næsta dags.

Á 61. fundi í Ed., næsta dag, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 342, 402, 418).

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 402,1 samþ. án atkvgr.
7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
8.—10. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 402,2 samþ. í e. hlj.
— 402,3 samþ. í e. hlj.
11. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 402,4 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 402,5 samþ. með 8:6 atkv.
— 418,I tekin aftur til 3. umr.
12. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 402,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 402,7 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 402,8 samþ. með 11:3 atkv.
— 402,9 samþ. án atkvgr.
— 402,10 feld með 8:6 atkv.
— 418,II.a—b samþ. með 9:4 atkv.
— 402,11 sjálffallin.
— 402,12 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 418,III samþ. með 8:4 atkv.
— 402,13 samþ. með 11:3 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 402,14 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 418,IV (aðaltill.) feld með 8:4 atkv.
— 418,IV (varatill.) samþ. með 9:5 atkv.
— 402,15 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 418,V feld með 8:4 atkv.
— 402,16 feld með 8:6 atkv.
Brtt. 418,VI.1 tekin aftur til 3. umr.
— 402,17.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 402,17.b samþ. með 10:4 atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 402,18 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 402,19 samþ. með 8:6 atkv.
— 402,20 tekin aftur til 3. umr.
— 402,21 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 402,22 samþ. með 11:2 atkv.
— 402,23 samþ. með 9:4 atkv.
— 402,24 feld með 7:7 atkv.
— 402,25 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 418,VI.2 feld með 10:3 atkv.
— 402,26 samþ. með 9:4 atkv.
— 402,27 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 418,VII samþ. með 8:5 atkv.
— 402,28 samþ. með 12:1 atkv.
— 418,VIII.1 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, JJ, SE, ÁH, GunnÓ, IP.

nei: JóhJóh, JM, BK, EP, EÁ, GuðmÓ, IHB, HSteins.

Brtt. 402,29 samþ. með 9:3 atkv.
— 402,30 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 402,31 feld með 7:6 atkv.
— 402,32 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 418,VIII.2 samþ. með 10 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 402,33 samþ. með 8:3 atkv.
— 418,VIII.3 samþ. með 11 shlj. atkv.
— 402,34 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 402,35 feld með 8:5 atkv.
— 402,36 samþ. með 9:3 atkv.
— 418,IX (aðaltill.) feld með 8:4 atkv.
— 418,IX (varatill.) samþ. með 11:1 atkv.
— 402,37 feld með 7:7 atkv.
— 418,X feld með 7:6 atkv.
— 402,38 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 418,XI.1 feld með 10:2 atkv.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 418,XI.2 feld með 9:4 atkv.
— 402,39 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli. og sögðu
já: GunnÓ, IHB, JóhJóh, JM, BK, EP, HSteins.
nei: EÁ, GuðmÓ, IP, JJós, JJ, SE, ÁH.
Brtt. 418,XII.a feld með 10:2 atkv.
— 418,XII.b feld með 9:4 atkv.
17. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 418,XIII samþ. með 13 shlj. atkv.
— 402,40 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 402,41 samþ. með 12 shlj. atkv.
— 418,XIV.1 samþ. með 11:1 atkv.
— 402,42 samþ. án atkvgr.
— 402,43 samþ. með 11 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
19.—20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
21. gr., með þeim breytingum, sem leiða af breytingum þeim, sem á eru orðnar öðrum gr. frv., samþ. í e. hlj.
Brtt. 402,44 feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GunnÓ, IHB, JóhJóh, SE, EÁ, GuðmÓ, HSteins.
nei: IP, JJós, JM, JJ, ÁH, BK, EP.
Brtt. 402,45 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IHB, IP, JJ, SE, ÁH, EÁ, GuðmÓ, HSteins.
nei: GunnÓ, JJós, JóhJóh, JM, BK, EP.
22. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
23. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 418,XIV.2 feld með 8:5 atkv.
— 418,XV tekin aftur.
24. gr. samþ. í e. hlj.
25.—26. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 446, 457, 463).

Afbrigði um brtt. 463, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Eggert Pálsson): Margt fer öðruvísi en ætlað er, má segja um meðferð hv. deildar á fjárlagafrv.

Þegar fjvn. skilaði frv. í deildina, lá það þannig fyrir, að ætla mátti, ef brtt. hennar fengju að standa, að tekjuhallinn mundi aukast um 12 þús. kr., að frádregnum 10 þús. kr., sem var sjálfsögð leiðrjetting á reikningsskekkju, sem var í frv., er það barst frá hv. Nd., svo eiginlega var ekki að ræða um nema 2 þús. kr. aukinn tekjuhalla.

Nú hefir farið svo, að tekjuhallinn hefir aukist í meðferð hv. deildar við 2. umr. um rúm 58 þús. kr., eða rjettara sagt, þegar 10 þús. kr. reikningsskekkjan er dregin frá, hefir tekjuhallinn orðið frekar 48 þús. kr.

Eftir 3. umr. er viðbúið, að tekjuhallinn aukist allmikið, en ekki hægt að segja fyrirfram, hve mikið það verður; en hitt er auðsætt, að gera megi ráð fyrir, að alllangt sje horfið frá því, sem ætlast var til í upphafi.

Ef svo færi, að allar þær brtt., sem fram eru bornar til hækkunar, yrðu samþyktar, mundi aukning tekjuhallans nema um 68 þús. kr. eftir þeim brtt., sem bornar eru fram á þskj. 457; en nú bætist við hækkunartill. á þskj. 463, sem hækkar hann um 2500 kr. Svo að ef þessar allar till. yrðu samþyktar, mundi láta nærri, að allur tekjuhalli frv. yrði um 327 þús. krónur. En ef nú aftur á móti allar lækkunartill. yrðu líka samþyktar, sem varla þarf að gera ráð fyrir, mundi tekjuhallinn verða alls rúmar 278 þús. kr.

Þannig yrði þá útkoman, þegar deildin sendi frv. frá sjer. En um þetta er vitanlega ekkert hægt að fullyrða að svo

komnu, því að enn er ekki sjeð um fylgi hinna einstöku brtt.

Nefndin hefir ekki komist hjá að gera nokkrar brtt. við frv., og er þær allar að finna á þskj. 457.

Fyrsta brtt. nefndarinnar er sú VIII. í röðinni og fer fram á að bæta aths. við 14. gr. A. b., 4. lið, um að greiða megi Kjartani prófasti Helgasyni í Hruna full prestslaun með dýrtíðaruppbót, ef hann lætur af prestsskap og tekur við skólastjórn á Laugarvatni. Við þessa brtt. hefir svo komið önnur brtt. á þskj. 463, en hún breytir að engu innihaldi hinnar. Þó að brtt. þessi verði samþykt, hefir hún engin áhrif á reikningsútkomu fjárlaganna á pappírnum, eins og aths. ber með sjer, heldur aðeins á ríkissjóð eða prestlaunasjóð.

En þó að brtt. þessi sje fram borin af fjvn., eins og þskj. ber með sjer, þá er jeg henni mótfallinn og get því ekki mælt með henni. Er það þó ekki vegna þess, að eftirlaunasjóð eða prestlaunasjóð muni um þessa upphæð, eða að jeg sjái eftir því, að þessum virðingarverða og jeg vil segja einum mætasta presti landsins sje greidd sómasamleg eftirlaun, er hann lætur af prestsskap. Það, sem fyrir mjer vakir, er það, að þessi mæti maður er leiddur í töluverða freistni. Það er freistni að bjóða manni full laun fyrir að láta af starfi, sem hann hefir gegnt með sóma og prýði fyrir sína stjett, og taka við öðru starfi, sem hann fær vitanlega laun fyrir, en tæplega það há, að hann geti lifað af þeim eingöngu. Og því fremur er þetta freisting fyrir mann á gamalsaldri, sem á við þröngan hag að búa.

Hjer er líka um fleiri ástæður að ræða, sem gera þetta tilboð tvíeggjað fyrir hinn mæta mann, sem hjer um ræðir. Á aðra hliðina er þess að gæta, að skólinn er eða verður að ýmsu leyti af vanefnum gerður og mikil óánægja risin upp í hjeraðinu út af valinu á skólastaðnum. Er því sýnt, að það yrði vandi mikill og ótal örðugleikum bundið fyrir sjera Kjartan að taka við skólastjórninni, og þó að vel ætti við hann að gera og sómasamlega, sem hann hefir fyllilega verðskuldað, gæti svo farið, að honum reyndist það harmabrauð eitt að taka við þessu nýja starfi og koma skólanum á rjettan kjöl.

Frá sjónarmiði Árnesinga er það líka varhugavert, þó að sýslan við þennan gerning yrði þess aðnjótandi að komast hjá í bili að greiða skólastjóra eins há laun og ella, þá mundi síðar sjeð, að það leiðir dilk á eftir sjer og verður síst til sparnaðar í framtíðinni. Sá næsti, sem við skólastjórninni tæki, mundi líta á, hvaða laun fyrirrennari hans hafði og sækjast eftir svipuðum kjörum. Afleiðingin yrði þá sú, að Árnesingar mundu ekki komast hjá að bæta þeim, sem næst tæki við skólastjórninni, það ríflega upp launin, að þau yrðu talsvert hærri en nú er gert ráð fyrir. Og þetta meðal annars gerir það, að jeg á bágt með að ganga að brtt.

En það er vegur fyrir sjera Kjartan Helgason að komast út úr öllum þessum óþægindum með því að taka við skólanum um 2 til 3 ár, fara svo frá og njóta eftirlauna sinna. En jeg þekki svo skap hans, að hann mun aldrei gera það, heldur mun hann starfa við skólann, ef hann tekur hann að sjer, á meðan líf og heilsa endist.

Þá kem jeg að næstu brtt., þeirri X. í röðinni, og er hún í 2 liðum og snertir eingöngu Vallanesprestakall. Jeg verð nú að segja eins og það er, að það er hart, að einu stærsta vandamáli þingsins skuli skotið á frest þangað til á síðustu stundu og

þessari hv. deild ætlað að ráða fram úr því. En svo er um þetta mál, sem hjer liggur fyrir, að það hefir legið fyrir hv. fjvn. Nd. og hún komist hjá að taka ákvörðun um það.

Mál þetta er þannig vaxið, að þegar sjera Magnús Blöndal ljet af prestsskap og fór frá Vallanesi, var honum gert að skyldu að svara álagi að upphæð 11095 kr. Að álagið er svona hátt, kemur til af því, að bær sá, sem fylgir prestakallinu, er í algerðri niðurníðslu vegna berklasýkingarhættu. Bænum hefir ekki verið haldið við í 15 ár, eða síðan presturinn flutti úr honum. Og þó að sjera Magnús hafi reynt til að leigja hann og haft vilja til að bæta upp á hann, hefir enginn fengist til þess að búa í honum eða snerta þar við neinu, vegna sýkingarhættunnar. Bæði landlæknir og þáverandi hjeraðslæknir, Jónas Kristjánsson á Sauðárkróki, hafa gefið þá yfirlýsingu, að nærri þessum bæ mætti ekki koma á annan hátt en til þess að brenna hann til ösku. Af því að álagið er svo hátt, hefir fráfarandi prestur ekki sjeð sjer fært að greiða það, og því skotið máli þessu til þings og stjórnar.

Upp í þetta álag er virt spýtnarusl og útihús, sem samtals verður 1815 kr., sem viðtakandi prestur vill þó ógjarnan taka við, en eftir standa þá 9280 kr., sem allir sjá, að er óvanalega hátt álag, er fráfarandi Vallanespresti er gert að skyldu að svara. Og eins og áður er tekið fram, stafar það eingöngu af sýkingarhættu þeirri, sem málsmetandi menn telja að bænum fylgi. Það virðist nú liggja í augum uppi, að ósanngjarnt væri að heimta slíkt álag af fráfarandi presti, en samkvæmt lögum er ekki önnur leið fær. En til þess að einhver sanngirni kæmist hjer á, hefir málinu verið skotið til þings og stjórnar, og ákvörðun fyrst tekin um það hjá fjvn. þessarar hv. deildar nú á síðustu stundu, af því fjvn. Nd. hratt öllum vanda af sjer.

Fráfarandi prestur í Vallanesi, sjera Magnús Blöndal, hefir eignast sneið af Vallaneslandi, sem nefnist Jaðar. Þar hefir hann reist dýrar og vandaðar byggingar: stórt og mikið íbúðarhús, fjós og önnur útihús — og allar þessar byggingar eru úr steinsteypu. Öll þessi eign er virt á 37 þús. kr. eftir síðasta fasteignamati. Nú hefir verið hugsað sjer, að þessi eign fjelli aftur undir Vallanesprestakall, og yrði það mikil viðbót við þá eign, sem fyrir er, og sem prestlaunasjóði ætti að koma að notum síðar. Landið er talið víðáttumikið og gott undir bú og búið að rækta stórt og mikið tún á Jaðrinum, svo gera má ráð fyrir, að eftirgjald jarðarinnar hækkaði að miklum mun við næsta mat.

Til þess nú að fara þann veg, sem báðir aðiljar gætu sætt sig við, hefir verið hugsað, að ríkissjóður keypti af fráfarandi presti Jaðarinn með öllum byggingum og öðrum mannvirkjum fyrir 25 þús. kr., en gefa svo presti eftir helming álagsins. Að vísu hefði mátt orða þetta öðruvísi, t. d. að kaupa alla eignina á 30 þús. kr., en gefa ekkert eftir af álaginu. En hvort sem heldur yrði gert, verður með þessari útkomu mismunurinn 20 þús. kr., sem greiða yrði þá fyrir Jaðarinn. Til þess nú að komast fram úr þessu, er hugsað upp á 5 þúsund króna lán, sem prestakallið taki — en hærra lán er ekki hægt að taka eftir lögunum frá 1913 — og að ríkissjóður leggi til viðbótar 10 þús. kr. styrk. Ætti þá presturinn í Vallanesi að standa straum af þessu láni um vexti og afborganir, en prestakallinu veittur annar sjerstakur styrkur, 5 þús. kr., afborgana- og vaxtalaus, til húsakaupanna, svo að útkoman verður þá alls 20 þús. kr., eins og Jaðarinn kostar með öllum byggingum.

Þetta er þá lausnin á þessu vandamáli, sem fjvn. væntir, að hv. deild geti fallist á, enda þykist hún enga aðra lausn sjá, og gerir hún ráð fyrir, að bæði núverandi og fráfarandi prestur sætti sig við hana. Að vísu mun sjera Magnús Blöndal telja sig vanhaldinn og fá heldur lítið fyrir eign sína, sem ekki er líkt því að nema fasteignamatinu, en hann fær þó að rjettu lagi 30 þús. kr., þó hann hinsvegar verði að standa skil á öllu álaginu. Þess vegna álítur nefndin, að ekki sje um annað að gera, úr því sem komið er, en að sætta sig við þessa lausn á málinu. Og viðtakandi prestur mun einnig sætta sig við þessa ákvörðun, því að þó að hann taki að sjer að borga lítilsháttar meira en prestar almennt — aðrir hafa þetta 10—12 þús. kr. prestakallslán að svara af, en hann 15 þús. kr. — þá stendur hann sig vel við það, vegna þessara stóru bygginga, sem koma til með að fylgja prestakallinu. Það er innanhandar fyrir hann að taka með sjer bónda á jörðina, sem hjálpar honum til að greiða kostnaðinn. Að kunnugra manna sögn er jörðin svo stór, að báðir geta búið þar stórbúi.

Þá kem jeg að XIV. brtt., um daufdumbraskólann, og er þar um annað vandamálið að ræða, sem dregið hefir verið fram á síðustu stundu að taka ákvörðun um. Báðar fjvn. hafa nú sjeð skólahúsið, og dylst víst engum, að ekki geti dregist lengur, að þar verði einhver bót á ráðin. Er húsið svo lítilfjörlegt og ófullkomið í alla staði, að slíkt má ekki eiga sjer stað stundinni lengur, og því afarbrýn þörf á, að bætt sje úr því. Þessu húsi fylgir þó stór lóð, sem gera má ráð fyrir, að hægt muni að selja, skólanum að skaðlausu, og það fyrir svo hátt verð, að megnið af byggingarkostnaðinum ætti að vinnast upp. Áætlað er, að þessi viðbótarbygging við skólann muni kosta um 40—50 þús. kr. samkv. teikningum og áætlunum, sem gerðar hafa verið og lágu fyrir nefndinni. Er hugsun nefndarinnar, að mest af þessum kostnaði náist með því að selja lóðir, sem skólinn þarf ekki á að halda, og væntir nefndin því, að viðbótarstyrkur ríkissjóðs, ef nokkur yrði, mundi aldrei nema hárri upphæð.

Þá er næsta brtt. nefndarinnar, XVI,1, ekki stórvægileg. Nefndin leggur til, að þessi liður um Lög Íslands standi óbreyttur eins og hann er í frv., að öðru leyti en því, að aftan við hann bætist eða „Lagasafni handa alþýðu", alt að 100 kr. á örk. Með þessu er sjeð fyrir því, að ef útgáfan skyldi einhverra hluta vegna hætta, þá sje ekki loku fyrir það skotið, að fjenu megi verja til útgáfu á Lagasafni handa alþýðu, og er því jafnframt lagt til að hækka liðinn um 500 kr., svo hægt sje að gefa út það, sem fyrir hendi liggur.

Þá er 2. liður sömu brtt., þar sem lagt er til, að styrkur til skálda og listamanna lækki um 2000 kr. Ástæðan til þess, að nefndin fer fram á þessa lækkun, er sú, að nú hafa þegar verið teknir inn í frv. svo mýmargir menn, sem annars hefðu hlotið að koma til greina við úthlutun styrksins. Má þar t. d. benda á skáldkonuna frú Kristínu Sigfúsdóttur, sem tekin hefir verið upp í 18. gr. Það liggur í augum uppi, að hún kemur ekki til greina við úthlutun styrksins, þar sem henni hefir verið skipað á bekk með öðrum skáldum í 18. gr. Og svo er um fleiri listamenn, sem styrks eiga að njóta samkv. sjerstökum liðum frv. og mundu annars hvíla á þessum lið. Ef á þetta er litið, sýnist það engin fásinna hjá fjvn. að lækka þennan lið. Það er búið að tína svo marga af listamönnum upp í frv. — *(JJ:* Á eftir að setja fáeina inn í dag!). Þess þá heldur —

að svo gæti farið, að stjórnin lenti í vandræðum með úthlutun styrksins, nema þá að grípa til þess að launa einhverja miðlungsmenn af handahófi.

Þá er næsta brtt. nefndarinnar um utanfararstyrk handa Sigurði Þórðarsyni söngstjóra. Mig minnir, að nefndin hafi í einu hljóði fallist á að taka þennan mann upp í frv., enda leikur ekki á tveim tungum, hvílíka afbragðshæfileika hann hefir til að bera að æfa menn við söng og skapa úr mörgum mönnum ágætan söngflokk. Það er alveg dásamlegt, hvernig honum hefir tekist að æfa menn sinn úr hverjum flokki og hvernig honum hefir tekist að láta þá fara svo með efnið, sem raun hefir orðið á. Jeg þykist svo ekki þurfa að mæla frekar með þessum manni, því að hann er öllum hv. þdm. jafnvel þektur.

Þá er brtt. XXXIV, frá nefndinni, nýr liður, til Halldóru Pjetursdóttur Briem 600 kr., sem nefndin hefir fallist á að taka upp. Að hún hefir gert það, stafar ekki eingöngu af því, hvílíkur afbragðsmaður maður hennar, Ólafur Briem, var, heldur af því, að hún er sjálf orðin heilsulaus, og svo gerir það hag hennar enn erfiðari, að hún þarf að sjá fyrir heilsulausri dóttur.

Þá eru ekki fleiri brtt. frá nefndinni. Aftur á móti er hjer ein brtt., sú VII., frá mjer og hv. 6. landsk. (ÁH), sem fer fram á að hækka styrkinn til vörubifreiðaferða úr 5 þús. kr. í 7 þús. kr. Að við komum með þessa brtt., stafar af gerðum hv. deildar við 2. umr., að hún veitti 3000 kr. til ferða suður með sjó. Okkur gat ekki dulist, að hjer kom fram herfilegt misrjetti gagnvart austursveitunum. Það er engin sanngirni í því að veita 3 þús. krónur til ferða eftir afbragðsgóðum 60 km. vegi, en veita svo aðeins 5 þúsund kr. til ferða austur í Hvolhrepp, sem er 115 km. vegalengd, að Sandlæk og Torfastöðum, sem er eitthvað svipuð vegalengd, og vegirnir eru vondir og dýrir fyrir bíla. Fundum við okkur því knúða til þess að koma fram með þessa hækkun, til þess að einhver sanngirni væri í þessu, því að jeg skammast mín beinlínis fyrir að láta það vitnast, að ekki sje hafður í fjárlögunum nema 5 þús. kr. styrkur fyrir allar austursýslurnar, en 3 þús. kr. fyrir svæðið suður með sjó. Það er nú komið svo, að hvert pund af þeim vörum, sem suðurláglendið notar, þarf að flytja austur yfir heiði, því að öll verslun á Eyrarbakka má heita lögð niður. Vona jeg því, að hv. deild verði við óskum mínum um hækkun á þessum styrk. Jafnframt viljum við, að breytt verði aths. við þennan lið þannig, að hjeraðsstjórnirnar, sýslunefndirnar, hafi íhlutunar- eða tillögurjett um það, hvernig þessi styrkur verði notaður, því að það er talsverður vandi að láta hann koma rjettlátlega niður. Hjer er aðeins um álit þeirra að ræða; stjórnin hefir frjálsar hendur, en jeg kann betur við, að þeir, sem notin hafa, segi álit sitt um, hvernig haganlegast sje að nota styrkinn.

Skal jeg svo ekki orðlengja meira um þetta að svo komnu, en bíð þess, sem hæstv. stjórn og hv. deildarmenn hafa að segja um till. nefndarinnar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer finst jeg hefði haft ástæðu til þess að segja nokkur orð í framhaldi þess, sem jeg sagði við 2. umr. um störf hv. fjvn. En þar sem tveir hv. nefndarmenn eru fjarstaddir, ætla jeg að sleppa því, en gera grein fyrir 2 brtt. sjerstaklega, sem jeg hefi flutt við þessa umr. fjárlagafrv.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 457,III, þar sem jeg fer fram á, að framlag landhelgissjóðs til landhelgisgæslunnar hækki

úr 125 þús. kr. í 135 þús. kr. Þetta byggist á því, að við samningu stjfrv. var gengið út frá því, að bæjarsjóður Vestmannaeyja legði fram 25 þús. kr. fyrir veiðarfæragæslu þá, sem Þór hefir þar um vertíðina. En nú hefir verið samþykt með miklu atkvæðamagni þál. í hv. Nd., sem gerir þá breytingu, að framlag Vestmannaeyinga er lækkað niður í 15 þús. kr. Og þótt till. eigi eftir að koma í Sþ., þá geri jeg ráð fyrir, að hún verði samþykt, eftir undirtektum þeim, sem hún fjekk í hv. Nd. Þurfa því þessar krónur að koma einhversstaðar frá, og sýnist mjer rjettara, að þær komi úr landhelgissjóði en að framlag ríkissjóðs yrði hækkað. Hefir því þessi till. engin áhrif á útgjöld ríkissjóðs eins og hún kemur fram í fjárlagafrumvarpinu.

Brtt. IX er um það, að erfiðleikauppbótin til Ögurþinga falli niður. Þetta er ekki hugsað af minni hálfu sem nein efnisbreyting, heldur álít jeg, að hana beri að greiða úr prestlaunasjóði. Og þar sem hún hefir verið samþykt í hv. Nd. og látin óáreitt hjer, þá geri jeg ráð fyrir því, að stjórnin telji sjer skylt að borga hana úr prestlaunasjóði, í stað þess að borga hana úr ríkissjóði, og þess vegna er till. borin fram.

Þá er XXIV. brtt. aðeins lítilsháttar leiðrjetting á texta þessarar till. við 15. gr. 46. námsstyrknum til Gunnlaugs Briems, að í staðinn fyrir „til lokanáms" komi: til framhaldsnáms. Þessi maður hefir lokið háskólanámi, svo að hjer er eftir almennri málvenju ekki um að ræða að ljúka námi, heldur styrk til framhaldsnáms að afloknu prófi.

Næsta brtt. er undir XXVI. lið, um bryggju á Ísafirði. Þessi till. er borin fram í samráði við hv. þm. Ísaf. (SigurjJ). En eftir því sem till. hans var orðuð, getur litið svo út, sem verið sje að gefa Ísfirðingum eftir ógreidda vexti af dýrtíðarláninu. Svo er ekki, heldur er það meiningin, að þeir fái sem rjettmætt framlag til bryggjunnar 60 þús. kr., og þá á vitanlega ekki að borga vexti af þessari upphæð frá þeim tíma, sem verkinu var lokið og þeir áttu að fá hana. Er því till. þessi leiðrjetting á orðalagi gr.

Næst koma 3 brtt., XXIX—XXXI, um eftirgjafir viðlagasjóðslána. Jeg get talað um þær allar í einu lagi, því að þær eiga saman, þótt þessar eftirgjafir sjeu annars nokkuð sjerstæðar. Jeg þarf litlu við það að bæta, sem jeg sagði við 2. umr. Þó hefi jeg ekki getið þess, að það hafa verið gefnir eftir vextir og afborganir í 5 ár til Grunnavíkurhrepps og í 3 ár til Árneshrepps, en hvað snertir síðasta hreppinn, Innri-Akraneshrepp, þá er tímabil það, sem hann þarf ekki að greiða vexti og afborganir, ekki útrunnið, heldur nær það til yfirstandandi árs.

Um þessar eftirgjafir alment vil jeg segja það, að verði þær ekki teknar út af fjárlagafrv. og verði viðaukatill. frá hv. 1. þm. G.-K. (BK) samþykt um eftirgjöf til Gerðahrepps, þá er komið hjer inn á alveg nýja braut. Jeg hefi rannsakað það, að það hefir alls ekki verið gert á undanförnum tímum, eða ekki fyr en á síðasta þingi, að gefa eftir viðlagasjóðslán.

Sjóðurinn er þannig tilkominn, að þingið hlýtur að telja sjer skylt að halda honum sem best við og varðveita hann á allan hátt. Hann er tekjuafgangur hinna fyrstu sjálfstjórnarára, hins fyrsta landbúskapar hins íslenska ríkis. Svo var safnað í hann og ætlast til, að hann væri varasjóður, sem ríkið gæti gripið til, ef sjerstök ógæfa herjaði land og þjóð, sem gerði það ómögulegt að komast af með tekjur þess yfirstandandi árs. Og þessi sjóður,

sem þannig var safnað í með sjálfsafneitun, hefir verið mjög friðhelgur í augum þjóðarinnar og Alþingis alt fram að þessu. En fljótt á litið kann að líta svo út, sem vikið hafi verið út af þessari reglu á síðasta þingi. Þá voru gefin eftir 3 lán, en þetta voru í raun og veru fjárveitingar, þótt það form væri haft að gefa lán eftir í stað þess að setja inn fjárveitingar. Handa Hólshreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu var um að ræða eftirgjöf eða veita fje til öldubrjótsins, með því skilyrði, að hreppurinn tæki hann að sjer. Önnur eftirgjöfin var til Hvítárbakkaskólans, sem er hjeraðsskóli Borgfirðinga. Það hefir verið tekin upp sú regla, að ríkið kosti byggingu hjeraðsskólanna að 2/5 hlutum. Hefir ríkið ekkert lagt til þessa skóla, en hann hefir fengið lán úr viðlagasjóði. Hinsvegar þótti sjálfsagt, að hann nyti sömu kjara og aðrir skólar slíkir. Var því lánið gefið eftir og skoðað sem framlag ríkissjóðs til byggingar skólans. Þriðja eftirgjöfin var til mötuneytis kennaraskólans og var skoðuð sem fjárveiting til skólans. Má því skoða þetta sem fjárveitingar úr ríkissjóði. En með till. þeim, sem hjer liggja fyrir, er komið út fyrir þennan grundvöll. Það er farið fram á að gefa eftir lán án þess að lántakendur hafi farið hina rjettu og sjálfsögðu leið til þess, nefnilega þá, að snúa sjer til atvinnumálaráðuneytisins og gera grein fyrir og sýna fram á nauðsyn þess að fá lánin gefin eftir. Ef nú á að fara inn á þessa braut að órannsökuðu máli og fara aðeins eftir því, sem atkvæðum er safnað handa gjafatillögum til kjósenda, þá verð jeg að segja það, að þá er grundvellinum algerlega kipt undan viðlagasjóðnum. Það stendur mikið af honum í lánum til bæjar- og sveitarfjelaga, og ef þingið samþykkir þessar eftirgjafir, þá er enga takmarkalínu hægt að draga í þessu efni. Jeg lít svo á, að þessi lán megi þá öll skoða sem mjög vafasamar skuldir, og ef til vill mikill hluti þeirra tapaður. En jeg er viss um, að þjóðin tekur því ekki með þökkum að þeyta sjóðnum út í veður og vind eftir geðþótta einstakra hv. þm. Það má vel vera, að þessir hreppar sjeu fátækir; jeg veit ekki um það. En það hefir verið borið fram í þinginu, að reikningar þeirra gefi ekki rjetta mynd af þeirra raunverulega fjárhag. En þessar eftirgjafir hafa ekki komið til atkvæða nema í einu lagi allar, og er það á móti allri venju að slá saman ólíkum útgjaldaliðum. Vona jeg því, að hæstv. forseti (HSteins) gefi færi á því að láta þessar till. koma til atkvæða sjerstaklega og gefi hv. deildarmönnum færi á að greiða atkvæði um hverja eina út af fyrir sig. Minni virðing má ekki ætlast til, að sjóðnum sje sýnd. Jeg vil skjóta því hjer inn um till. XXXII, um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Gerðahrepps, að stjórninni er það mjög kunnugt, þar sem það var veitt í tíð þeirrar stjórnar, sem nú situr. Er þessi hreppur óvenjulega bágstaddur og fjekk þetta lán til þess að geta rækt nauðsynlegar skyldur sínar. Ef farið verður inn á þessa óheppilegu braut án allra rannsókna, þá get jeg ekkert haft á móti því, að Gerðahreppur komi með, og enda fleiri hreppar.

Þá kem jeg að síðustu brtt., XXXV. lið, við 22. gr., um viðlagasjóðslán til íshúsa á kjötútflutningshöfnum. Fyrri till., við a.-liðinn, er orðabreyting eða rjetting á máli. Það má ef til vill skilja a.-liðinn svo, að ekki megi taka aðrar tryggingar en ábyrgðir, en í flestum tilfellum er eðlilegt, að íshúsin sjálf komi sem trygging fyrir láninu. Tekur till. af öll tvímæli um þetta.

Næsti liður þessarar till., b.-liðurinn, við

d.-liðinn, er um það, að í staðinn fyrir „fyrstu 5 árin“ komi: fyrsta árið. Það hefir verið komið upp einu slíku íshúsi, í Vestur-Húnavatnssýslu, og hafa mjer borist ummæli úr þessu bygðarlagi um það, að óeðlilegt væri að hafa þessi lán afborganalaus í 5 ár. Hefi jeg því stungið upp á því, að afborganafresturinn sje aðeins 1 ár.

2. liður þessarar brtt., við 22. gr. 6, er um það, að heimilt sje að lána Mýrdalshjeraði 15 þús. kr. í staðinn fyrir 5 þús. kr., og er það sú upphæð, sem með þarf. Er nú húsið komið upp og er ákaflega myndarlegt, og er upphæð þessi ekki í neinu ósamræmi við það, sem veitt hefir verið annarsstaðar til sjúkraskýla og læknisbústaða.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi nú leyft mjer að bera fram ósk um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Gerðahrepps. Ber jeg þessa till. ekki eingöngu fram vegna eftirgjafa slíkra lána annara hreppa, heldur af fullkominni og sannarlegri þörf.

Jeg fylgi hæstv. fjrh. (JÞ) í því að vera á móti því, að þingið án tillagna frá stjórninni gefi eftir lán þriggja hreppa. Og jeg var samþykkur því, sem hæstv. fjrh. hjelt fram, að hreppsfjelögin ættu að snúa sjer fyrst til stjórnarinnar, er í fjárhagslegt óefni væri komið. Og jeg er sammála honum um það, að ekki sje rjett að fara inn á þá braut að snúa sjer ekki til hæstv. stjórnar með þetta, heldur til þingsins. En úr því að svo er komið, að dýrtíðarlán þriggja hreppa eru nú eftir gefin, ætti öll sanngirni að mæla með því, að *fjórða* og *síðasta* hreppnum, sem skuldar ríkissjóði dýrtíðarlán, Gerðahreppi, verði einnig gefnir eftir ⅔ hlutar af dýrtíðarlánum þess hrepps. Jeg hefi fullvissað mig um, að fleiri hreppar en fjórir skulda ekki ríkissjóði slík lán; þeir þrír, sem fengið hafa eftirgjöfina, og svo Gerðahreppur, sem sannarlega er verst stæður þeirra allra. En auðvitað skulda kaupstaðirnir sennilega eitthvað af slíkum lánum.

Þegar búið var að ákveða að gefa þrem hreppum eftir dýrtíðarlán í Nd., brá hreppsnefnd Gerðahrepps við, og skrifar oddviti hreppsnefndar okkur þm. G.-K. brjef, dags. 17. þ. m., og leyfi jeg mjer, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp kafla úr því, sem svo hljóðar:

„Þar sem jeg sje nú af blöðunum, að þingið hefir til meðferðar beiðnir frá ýmsum hreppum um uppgjöf á viðlagasjóðslánum frá dýrtíðarárunum, leyfi jeg mjer að biðja ykkur að sækja um uppgjöf á lánum Gerðahrepps við sjóð þennan. Ástæður fyrir beiðni þessari eru sem hjer segir: 1. Skuld hreppsins við viðlagasjóð er nú:

a. Lán vegna dýrtíðar	kr.	37000,00
b. Lán til skólabyggingar ..	—	2833,33
Lausaskuldir hreppsins í ýmsum stöðum eru	—	8400,00
eða alls skuldir hreppsins	kr.	48233,33

2. Þar sem nú er orðið svo áliðið vertíðina, er fyrirsjáanlegt, að hún hefir brugðist svo hörmulega, að ekki aflast einu sinni fyrir útgerðarkostnaði, hvað þá meira. 3. Síðastliðið haust jöfnuðum við niður kr. 20500,00, sem er það minsta, sem hægt er að komast af með til þess að geta staðist þarfirnar ásamt vöxtum og afborgunum. Gjalddagi á útsvörunum var um áramót, en þó að altaf sje verið að reyna að innheimta, þá er nú aðeins búið að borga kr. 2800,00 af útsvörunum, og eftir útlitinu að dæma er fyrirsjáanlegt,

þegar vertíðin fer svona, að ófáanlegt verður alt að helmingi útsvaranna í þetta sinn.“

Jeg ætla ekki að lesa lengra, en alt brjefið gefur glögga hugmynd um fjárhag hreppsins.

Þessi tvö dýrtíðarlán, 20 þús. kr. hvort, sem tekin voru 1923 til þess að borga gamla víxla frá stríðsárunum, er teknir voru upphaflega til að kaupa landsverslunarvörur, eru nú samkvæmt vottorði ríkisfjehirðis 37 þús. kr., og er því farið fram á eftirgjöf á ⅔ þessarar upphæðar, eða eins og till. mín segir.

Til þess nú að bera ekki þessa tillögu fram aðeins af þeim ástæðum, að aðrir hreppar höfðu fengið slík lán eftir gefin, heldur af skýlausri þörf, þá fjekk jeg hreppsreikning þessa hrepps fyrir árið 1924—1925, sem í fyrradag lá fyrir sýslunefnd til samþyktar. Þessi reikningur sýnir, að *eignir* voru þessar:

Eftirstöðvar frá fyrra ári ..	kr.	11205,78
Útistandandi lán	—	1323,48
Grundarbær	—	400,00
Barnaskóli	—	8400,00
Hreppavegast. í hreppssj. ..	—	436,25
Samtals	kr.	21365,51

Ekki er hægt að sjá, hversu mikils virði er yfirfærslan frá fyrra ári, sennilega liggur hún í ógreiddum útsvörum, og er því mjög óviss eign á þessum stað. Barnaskólinn gefur og engan arð, sem heldur er ekki að vænta. Og þetta 400 kr. kot getur ekki gefið mikið af sjer. Þá eru líka útistandandi lánin ávalt mjög óviss.

Þá kemur skuldahliðin:

Lán á skólahúsi	kr.	2833,33
Lán til landvarna	—	1200,00
Viðlagasjóðslán	—	19000,00
do.	—	20000,00
Samtals	kr.	43033,33

Við þessi lán hefir svo þurft að bæta, svo að 17. þ. m. eru öll lán hreppsins kr. 48233,33.

Sveitarstyrkur veittur er talinn í byrjun reikningsársins kr. 75106,18, en við hefir bæst á reikningsárinu kr. 10256,92. — Gjaldendur í hreppnum eru 163 að tölu, flestir fátækir og margir bláfátækir.

Þegar nú þessar tölur eru athugaðar, þá virðast þær tala fyrir því, að þessum hreppi sje eftir gefin sú fjárhæð, sem farið er fram á, því að þó sú eftirgjöf sje dregin frá, á hreppurinn ekki nærri fyrir skuldum sínum. — Jeg orðlengi svo þetta ekki meir, en dreg það ekki í efa, að hv. deild láti þennan hrepp njóta jafnrjettis við þá hreppa, sem fá eftirgjöf á dýrtíðarlánum sínum.

Þá á jeg aðra brtt. á þskj. 463. Svo er mál með vexti, að til mín kom maður í gærkvöldi seint, — þess vegna er till. svo seint fram borin, — er hann fornvinur Einars Jónssonar myndhöggvara og hefir styrkt hann mikið og hjálpað. Hann tjáði mjer, að Einar væri mjög áhyggjufullur út af því, hvernig umhorfs er í kringum hús hans, því að þar ægir saman allskonar skrani og óhreinindum, krökkum og hænsnum. Er það ástand sannarlega til minkunar, sjerstaklega ef útlendinga ber að garði. Einar finnur sáran til þess að geta ekki þrifað til í kringum hús sitt og skreytt garðinn, en meðan ekki er girt, er honum það ómögulegt. Bað vinur hans mig því að bera fram þessa till. Hefir Einar látið gera áætlun um girðinguna. Gerðu hana trjesmiður og steinsteypumaður og áætluðu þeir kostnaðinn um 2400—2500 kr. Þar sem upphæðin er nú svona lítil, vona jeg, að hv. deild geti fallist á till. Enda gerir hún hvorki til nje frá um hallann á fjárlögunum.

Forsætisráðherra (JM): Jeg ætla að bíða með að tala um brtt. einstakra þm., þar til þeir hafa talað fyrir þeim og gefið eitthvert tilefni til andsvara.

Þá skal jeg minnast lítillega á IX. brtt. á þskj. 457, sem er frá hæstv. fjrh. (JÞ). Jeg er honum samdóma um, að rjett sje að fella niður styrkinn til Ögurþingaprestsins, því að eftir þeirri meðferð, sem málið hefir nú fengið í þinginu, er ekkert athugavert við að greiða þetta fje úr prestlaunasjóði. Má þess vegna taka þennan lið út úr fjárlögunum.

Þá er næsti töluliður á þskj. 457, sem er tvær till. frá fjvn. Er jeg þakklátur nefndinni fyrir brtt. þessar. Það var vel ráðið og skynsamlega að greiða úr Vallanesmálinu. Jeg hefði kannske óskað, að styrkurinn hefði verið ríflegri, en vona samt, að hægt verði að koma málinu í gott horf með því fje, sem fjvn. hefir lagt til, að verði veitt.

Jeg hefi leyft mjer að gera brtt. við nýjan lið í 14. gr. B. XIV. 7., þar sem farið er fram á 4 þús. kr. til Dalasýslu. Það á að koma fram, hvers vegna þingið veiti þetta. En það er vegna þess, að Dalasýsla reyndi að halda uppi skóla í Hjarðarholti, en beið af því halla. Nú hefir verið hætt við þetta skólahald, og álít jeg það rjett, úr því að það gat ekki hepnast.

Jeg er samdóma hæstv. fjrh. um það, að ekki sje rjett að kippa fótunum undan viðlagasjóði með því að gefa eftir lán úr honum.

Þá er næst till. frá nefndinni um heimild fyrir stjórnina til þess að byggja daufdumbraskóla. Jeg hefi sýnt fjvn. fram á, hvernig þar er umhorfs og að nauðsynlegt sje að gera þar húsabætur. Hygg jeg, að hver nefndarmaður hafi sannfært sig um, að óforsvaranlegt er að láta við svo búið standa. Það má ekki dragast lengur að gera hjer nauðsynlegar ráðstafanir. Ef sýki kemur upp í skólanum, er hætt við, að í óefni komi brátt. Í till. er heimilað, að stjórnin geti lagt fram fje, en selt nokkuð af lóð skólans, sem svo gengi upp í kostnaðinn.

Loks er ein brtt. á sama þskj., XVI 2, og er þar stungið upp á að lækka skáldastyrkinn. Jeg verð að segja það, þótt jeg hefði viljað halda í þessa upphæð, að jeg er nefndinni þakklátur fyrir það, hve hóflega hún fer í þetta. En það er ekki nema eðlilegt, að nefndin ljeti sjer koma þetta til hugar. Mjer datt það í hug, sem sagan segir um Alexander mikla, að hann hafi í æsku grátið yfir sigrum Filipps föður síns og landvinningum, vegna þess að sjer væri ekkert eftirskilið að vinna. Ef samþyktir verða í viðbót við það, er áður er komið, þeir listamannastyrkir, sem enn er farið fram á að bæta við, þá veit jeg ekki, hvað skilið verður eftir af listamönnum handa stjórninni.

Jónas Jónsson: Jeg á hjer nokkrar brtt., sumpart einn og sumpart ásamt öðrum hv. þm., og vil jeg nú nota tækifærið og minnast lítillega á þær.

Fyrsta till. er sparnaðartill. Jeg var svo óheppinn að heyra ekki ræðu hv. frsm. (EP), og veit því ekki, hvernig hann tók í hana, en jeg vona, að nefndin sje ekki á móti till. minni. Yrði þá skrifstofustjóra Íslandsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn falið að vera umboðsmaður vor, eins og að undanförnu. Þetta mál er nokkuð gamalt, og hefir töluvert verið deilt um það, hvort ástæða væri til að halda í hið dýra sendiherraembætti. Endirinn varð sá, að embættið var lagt niður stuttu eftir síð-

ustu kosningar af miklum meiri hluta þm., og ráðstafanir gerðar þess eðlis, að erfiðara er að taka það upp aftur. Viðunanlegur sendiherrabústaður hefir verið seldur og fráfarandi sendiherra bætt upp það tap, sem hann beið af húsakaupunum. Er hann nú líka kominn heim og hefir sest hjer að. En verði embættið tekið aftur upp, þarf líklega að kaupa hús í Höfn. Hið fyrra kostaði 70 þús. kr., og verður það ekki minna nú. Einnig mun sendiherra þurfa að hafa meira risnufje en skrifstofustjórinn. Er því hjer um mikil útgjöld að ræða, sem þingið mun fá að heyra um á næstu árum, nái till. mín ekki fram að ganga.

Við höfum nú svo góðum manni á að skipa í Höfn, að það er í hæsta lagi völ á jafngóðum manni, en alls ekki betri. Jón Krabbe er, enda þótt hann búi í öðru landi og mæli ekki tungu okkar sem innfæddur væri, ágætur Íslendingur. En það er vitanlega alt öðruvísi umhorfs, ef skipað er í trúnaðarstöður hjer heima.

En jeg held, að bak við þessa breytingu felist ekkert annað en yfirlæti. Það er engin skynsamleg ástæða fyrir henni. Er það jafnvel vítaverð ráðstöfun, að sömu menn, sem seldu sendiherrabústaðinn, skuli vera að koma með þetta, hringla fram og til baka. Annaðhvort hefði ekki átt að selja húsið og flytja sendiherrann heim eða þá ekki að vera að stofna þetta embætti aftur.

Í fyrra kom fram krafa frá háttv. þm. Dal. (BJ), sem er hinn ákveðnasti í þessu máli, um að stofna þetta embætti. Hún var drepin með miklum meiri hl. atkv., og fullyrði jeg, að báðir ráðherrarnir, sem sæti áttu í Nd., og stjórnarflokkurinn mestallur greiddu atkv. á móti. En litlu síðar frjettist, að náðst hefði samkomulag milli þm. Dal. og stjórnarinnar, þess efnis, að hún kæmi þessu embætti á aftur, en hann greiddi atkv. móti vantrausti. Meðan ekki kemur önnur betri skýring frá hæstv. stjórn, verð jeg að láta mjer þá skýringu nægja, að stjórnin hafi unnið sjer það til lífs að breyta um skoðun. Hún fjekk nefnilega vantraust rjett á eftir. *(Forsrh. JM*: Fjekk hún vantraust?). Já, hún fjekk vantraust, og ef hæstv. forsrh. vill ekki sætta sig við þessa skýringu, getur hann komið með aðra betri á snúningi flokksbræðra sinna.

Þá er jeg enn meðflm. ásamt 4. landsk. (IHB) að till. um styrk til Skúla læknis Guðjónssonar. Eins og till. var við 2. umr. var málinu fundið það til foráttu, að verið væri að stofna hjer nýtt og fast embætti, og tók deildin afstöðu gegn því. En til þess að fjarlægja þennan þyrni úr till., breyttum við henni í styrk til fræðirannsókna. Aðalverkefnið á að vera að rannsaka áhrif fæðunnar á menn og dýr og gildi bætiefnanna fyrir líkami manna og dýra. Eftir dómi vel skynbærra manna eru líkur til, að með þessu móti megi takast að finna ráð til að bjarga fjenaði bænda, þar sem mest ber á skjögurveiki. Þetta er búfræðilegs eðlis. En aðalstarf og rannsóknir þessa unga manns hefir gengið í þá átt að vinna á móti þeim mikla faraldri í mannfólkinu, sem að einhverju leyti er í sambandi við breytta lifnaðarhætti, en það er aukning berklaveikinnar. Er nú álitið, að hún stafi ef til vill öllu mest af bætiefnaskorti fæðunnar. Erlendir læknar hafa vakið eftirtekt á þessu, en enginn fengist við eins ítarlegar rannsóknir um þetta efni og Skúli Guðjónsson. Jeg held, að rjett væri að gefa honum kost á að ljúka við þessar rannsóknir.

Jeg var ekki við, þegar hv. frsm. (EP) hjelt ræðu sína og mælti á móti þeirri till. fjvn. að greiða sjera Kjartani Helgasyni

í Hruna full prestslaun, þó að hann tæki við skólastjórastarfi við Suðurlandsskólann. Jeg hefi þó haft veður af helstu rökum hv. frsm. Satt að segja finst mjer þessi mótmæli koma úr hörðustu átt, þar sem um er að ræða stjettarbróður þingmannsins, prófastinn í nágrannasýslu hans. Maður þessi hefir nú verið svo lengi í þjónustu landsins, að ekki væri um neina goðgá að ræða, þó að honum væri veitt lausn frá embætti með fullum launum. Nú er það ekki tilætlunin, heldur gengur till. í þá átt, að sjera Kjartan fái að halda fullum launum, þó að hann flytjist að öðru starfi. Máli þessu er þannig varið, að reynt hefir verið undanfarin ár að fá samstarf um skóla í Árnes- og Rangárvallasýslu. Þetta hefir samt ekki tekist, því að hvor sýslan um sig vill hafa skólann hjá sjer. Þegar rætt var um styrk handa þessum skóla á þinginu í fyrra, var nokkurnveginn ljóst, að ekki mundi fást samstarf þessara sýslna um skóla, og hallaðist þingið því rjettilega á þá sveif, að sú sýslan, sem fyrri yrði til þess að koma upp skóla, skyldi fá styrk. Var bent á, að rjett væri að setja engin skilyrði fyrir styrkveitingunni, sem orðið gætu til að tefja skólamálið. Nú hefir það gerst í málinu síðan, að sýslunefnd Árnessýslu hefir samþykt að setja skólann á stofn, og þó að nú sje nokkur sveitardráttur um hvar skólinn skuli standa, er því þegar slegið föstu, að Árnessýsla byggi skóla fyrir sig, sem sennilega verður þá sóttur úr Rangárvallasýslu líka og líklega víðsvegar af landinu, eins og venjulegt er um slíka skóla.

Nú er það vilji skólamannanna á Suðurlandi að fá þennan merka prófast til að taka að sjer forstöðu skólans. Það er líka vilji sjera Kjartans að taka þetta starf að sjer, og það er víst, að hann gerir það. En nú mun fjárhagur skólans ekki verða betri en það, að laun skólastjórans hljóta að verða mun lægri en prestslaun sjera Kjartans. Það mun hinsvegar álit margra, að skemtilegra sje fyrir þá, sem vilja njóta hæfileika sjera Kjartans til að móta skólann, að hann liði ekki verulegan halla af að skifta um starf. En það væri óhjákvæmilegt, ef hann ætti að sæta venjulegum launakjörum við svona skóla, launakjörum, sem ungir menn geta miklu fremur sætt sig við. Skólastjórinn á Laugum t. d. hefir miklu lægri laun en aldraðir prestar hafa.

Jeg held, að þegar hv. frsm. athugar, að þetta er ekki borið fram eftir ósk sjera Kjartans, að hann veit víst ekki um, að það er borið fram, og að hann er ákveðinn í að taka við forstöðu skólans án þess að spyrja um laun, þá sjer hann, að upp úr því að fella þetta hefst ekki annað en það að gera lakari lífskjör þessa manns síðustu ár æfinnar, þessa merka manns, sem gengur í eldinn til þess að vinna að hugsjónamáli Sunnlendinga. Jeg veit, að hann gerir það glaður, en mjer finst ekki rjett að nota sjer fórnfýsi hans. Það hefir verið minst á, að með þessu væri skapað óheppilegt fordæmi. En svona tilefni eru mjög sjaldgæf. Sjera Kjartan er valinn til þessa starfs með þegjandi samkomulagi, enginn annar er tilnefndur. Hann er búinn að þjóna prestsembætti með sæmd í 30 ár, og þessi laun ber í raun og veru ekki að skoða sem viðbót, heldur samúðarmerki fyrir það, sem hann er búinn að gera, og í trausti þess, sem hann ætlar að gera. En til þess að sýna, að þetta er ekki nýtt fordæmi, skal jeg minna á, að fyrir skömmu hefir ágætum manni, Bjarna Sæmundssyni, verið veitt lausn frá em-

bætti með fullum launum, svo að hann gæti starfað betur að hjartfólgnasta áhugamáli sínu, náttúrufræðinni. Enginn efast um, að hann mundi vinna öllum stundum að þessu áhugamáli sínu eins og áður. Líkt er ástatt með sjera Kjartan. Hann hefir verið prestur og kennari í 30 ár og unnið sjer ágætan orðstír. Það er því engin hætta fyrir Alþingi að láta hann halda fullum launum, þar sem hann heldur áfram svipuðu starfi. Fordæmið er komið, þar sem Bjarni Sæmundsson er, og það hlýtur að koma fyrir um ágæta menn við og við, að svona ráðstafanir sjeu gerðar. Því miður eru svona menn svo sjaldgæfir, að það er engin hætta á, að þeir þyngi á fjárlögunum, þó að þeir sjeu metnir að verðleikum þá sjaldan þeir koma fram.

Hæstv. forsrh. (JM) hefir komið með brtt. við till. mína um að gefa Dalasýslu eftir viðlagasjóðslán, 4000 krónur. Ef till. hefir meira fylgi í þeirri mynd, er hún mjer jafngeðfeld, því hún miðar að því að leysa sama vandamálið. Jeg greiði því þessari brtt. atkvæði, þar sem hún er jafngóð minni fyrir hlutaðeigendur, en deildinni ef til vill geðþekkari. Þegar Dalasýsla keypti Hjarðarholt fyrir nokkrum árum, var tilætlunin sú, að styðja efnilegan mann til skólahalds þar. Skólinn gekk vel um stund, en lenti síðan í skuldum, vegna dýrtíðar og annara örðugleika, og lagðist niður, en sýslan sat með jörðina og tapið. Öll sanngirni mælir með því að hlaupa þarna undir bagga. Það var þarft fyrirtæki, sem þarna var ráðist í, þó að fyrir rás viðburðanna gæti það ekki blessast.

Jeg get tekið undir það, sem hæstv. forsrh. sagði um daufdumbraskólann. Jeg hefði að vísu kunnað betur við, að um tiltekna fjárhæð hefði verið að ræða, en jeg geri ráð fyrir, að hjer verði skynsamlega á haldið. Mjer er dálítið kunnugt um þennan skóla og veit, að ástæðurnar þar eru óviðunandi. Þessi ógæfusömu börn verða að sofa, nema og leika sjer í kjallaraplássi. Ætti raunar enginn að bjóða slíkt pláss, þó kjallaraíbúðir tíðkist hjer vegna vandræða. Það er áreiðanlegt, að enginn skóli landsins á við lík kjör að búa og þessi skóli, og því er það frekar of seint en snemma, að þessi till. kemur fram. Jeg kynti mjer skólann dálítið í vetur og hafði hugsað mjer að vekja athygli á honum fyrir næsta þing, en þess gerist ekki þörf, fyrst málið er upptekið nú. Jeg vildi, að stjórnin ljeti haga þessari byggingu þannig, að hægt væri að bæta við síðar plássi fyrir blind börn og máske annmarkabörn af öðru tægi.

Þá kem jeg að nýjum lið, sem er styrkur til Actaprentsmiðju til þess að gefa út Íslendingasögur með myndum og uppdráttum. Þetta mál mun hafa legið fyrir Nd., og var víst af tilviljun, að það var ekki borið fram þar. En þetta er fyrirtæki, sem heyrast mun um síðar, þó að það kunni að falla hjer í dag. Þessi till. gengur út á það að fá vandaða útgáfu af fornsögum okkar, bækur, sem gætu orðið almenningseign. Það er síst ástæða til að vanþakka þá útgáfu, sem við nú eigum. En hún er miðuð við annan tíma og nú eru gerðar meiri kröfur. Þessari útgáfu, sem hjer er um að ræða, er ætlað að flytja staðamyndir og landakort til skýringar sögunum. Á þennan hátt myndu sögurnar fá nýtt gildi og verða meira virði fyrir almenning en nú er. Jeg held, að því væri engan veginn illa varið, þó veittar væru svo sem 2000 kr. í 10 ár til þess að fá slíka útgáfu inn á hvert heimili. Jeg skal taka það fram, að Sigurður Nordal hefir lofað að hafa aðalumsjón með þessu verki, og er það næg trygging þess, að því verði

vel stjórnað. Jeg álít sjálfsagt, ef till. verður samþykt, að stjórnin veiti ekki þennan styrk nema tryggilega sje um alt búið.

Þá á jeg brtt. um styrk handa ungum málara, Finni Jónssyni, til Rómaferðar. Finnur er bróðir Ríkarðs myndskera og hefir farið svipaða leið og hann til að ryðja sjer braut. Ríkarður er trjesmiður og vann fyrir sjer með þeirri iðn meðan hann stundaði nám. Finnur er gullsmiður og hefir notað þá kunnáttu til að fleyta sjer áfram. Hann hefir vakið á sjer mikla eftirtekt í Þýskalandi og víðar. Hann var einn af fáum, sem kom myndum sínum á stóra sýningu í Þýskalandi í haust, og vakti hann þar mikla eftirtekt. Hann er nútímamálari og fylgir þeirri listastefnu, sem sumum hinna eldri þykir ekki eftirsóknarverð. Jeg bjóst við, að mjer mundi finnast hið sama þegar jeg sæi sýningu Finns, en það var öðru nær. Hann málar mjög hugnæmar myndir og fallegar, þó að þær sjeu mótaðar af þessari nýju stefnu. Það hefir verið venja hjer, til þess að láta sem flesta listamenn njóta sín, að gefa þeim tækifæri til að heimsækja Róm. Finnur Jónsson er búinn að ganga í gegnum þann hreinsunareld, sem gerir menn hæfa til slíkrar farar.

Þá er jeg meðflutningsmaður að till. um styrk til Páls Ísólfssonar. Jeg ætlaði ekki að taka efnið frá hv. meðflm. mínum, en jeg vildi aðeins skýra fyrir þeim, sem ekki kynnu að vita, að Reykjavíkurbær og einstakir menn hafa gert miklar framkvæmdir í því skyni, að þessi maður gæti fremur notið sín, og þær framkvæmdir hljóta að hafa mikil áhrif á alt sönglíf í landinu. Páll Ísólfsson er mesti snillingur í sinni ment, sem Ísland hefir átt. Til þess að hann geti notið sín nægja ekki venjuleg orgel. Orgel við hans hæfi kostar 40—50 þús. krónur. Það leit út fyrir í fyrra, að Páll mundi ekki geta þrifist hjer, af því ekki var til orgel, þar sem kraftar hans fengju viðnám. Nú hafa nokkrir menn gengist fyrir því að kaupa orgel við hans hæfi. Það er rjett ókomið og verður sett niður í fríkirkjunni. Þetta er ákaflega merkileg framkvæmd. Frá í haust verður þarna kostur á bestu orgelhljómleikum landsins. Þar situr mesti snillingurinn við besta hljóðfærið. Reykjavíkurbær hefir viðurkent, að Páll starfaði að því að hækka listasmekk bæjarbúa og veitt honum dálítil laun. Þar sem jeg geri ráð fyrir, að Páll verði einskonar æðsti prestur í söngment hjer á landi og að á hálfsmánaðarfresti gefist almenningi kostur á að njóta listar hans, þá hlýtur hann að hafa geysimikil áhrif á alt sönglíf í landinu. Allir, sem til bæjarins koma, munu að sjálfsögðu koma í fríkirkjuna og njóta þar þeirrar tegundar af hljóðfæraslætti, sem ekki er kostur á nema í stórum borgum.

Þá hefi jeg flutt hjer brtt. eftir ósk hv. þm. Dal. (BJ) um styrk til bryggju í Búðardal. Hv. þm. Dal. er veikur og getur ekki fylgt eftir málum þessa kjördæmis, en mjer þykir ólíklegt, að deildin láti kjördæmið gjalda þess. Jeg ætla því að skýra lítið eitt, hvernig þarna stendur á. Nú hefir Geir Zoëga gert áætlun um þessa bryggju og komist að þeirri niðurstöðu, að hana þyrfti 80 m. langa, og myndi hún kosta 20 þús. kr.. Hjer er aðeins gert ráð fyrir, að Dalamenn fái þennan litla styrk, 3 þús. kr.

Jeg vil benda á þá miklu sanngirni, sem mælir með því að veita þetta, þegar litið er á, að þessi sýsla hefir verið útundan á margan hátt enn sem komið er með samgöngur á sjó. Nú er það eitt, sem hefir mikla þýðingu í þessu tilliti. Þegar

strandferðaskipin koma inn í Búðardal t. d., sem mun vera 6 sinnum á ári, þá tefjast þau oft svo mikið, að það verður að hætta útskipun og uppskipun tímum saman, þegar svo stendur á sjó, beinlínis af því að bryggju vantar. Þeir, sem vita hvað slíkt skip kostar, geta giskað á, að einn eða tveir dagar á ári, sem strandferðaskipið tefst fyrir bryggjuleysi, er meiri eyðsla fyrir ríkissjóðinn en að veita þennan styrk. Það er áreiðanlegt, að ekki verður hjá því komist að styðja Dalamenn til bryggjugerðar eins og aðra landshluta. Þá vinna menn ekki annað við að fella till. en að skjóta þessu á frest. Nú á næsta ári byggja þeir fyrir 20 þús., og þá er ekki nema sanngjörn krafa að veita þeim 3 þús. kr., sem væri í sama hlutfalli við aðra hliðstæða styrki.

Þá er till. nr. 31 frá mjer og hv. þm. Vestm. (JJós), um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni til Ólafs Hvanndals myndamótara. Af því að lagst hefir verið fast á móti þessum eftirgjöfum, bjuggumst við við, að þetta yrði torsótt, þótt málstaðurinn sje góður. Samt höfum við borið fram skriflega brtt., og væri mjer þökk á, ef hæstv. forseti á sínum tíma vildi lesa upp og bera undir atkv., ef deildin leyfir.

Till. gengur út á líkt og það, sem vakti fyrir hæstv. forsrh. viðvíkjandi eftirgjöfinni til Dalasýslu, að verði fallið frá að óska eftir eftirgjöf, en farið fram á að veita 2 þús. kr. styrk í eitt skifti fyrir öll.

Þessi maður er eini Íslendingurinn, sem lært hefir þessa iðn. Hefir rekið verkstæði hjer síðustu árin, þrátt fyrir ákaflega mikla erfiðleika. Hann getur ekki haft svo mikið að gera, að það eitt sje honum nóg til atvinnu. Hinsvegar er nauðsynlegt að hafa mann í landinu, sem kann þessa iðju. En aðstaða hans er svo erfið með rekstur á þessu verkstæði, að það liggur altaf við borð, að hann hætti. Og jeg er mjög hræddur um, að niðurstaðan verði sú, að hann neyðist til að hætta, ef ekki er hægt að sýna honum þá sanngirni, sem við förum fram á.

Jeg vil benda hv. þd. á, að fyrir nokkrum árum byrjaði stærsta blaðið, sem gefið er út hjer í bænum, Morgunblaðið, á myndamótagerð, fjekk útlenda sjerfræðinga og rak hana í nokkrar vikur. Hver varð niðurstaðan? Verkstæðið varð að hætta eftir stutta stund. Það var of dýrt fyrir ekki meira verkefni en hjer er. Mennirnir fóru út og áhöldin liggja enn ónotuð. En verkstæðið, sem Ólafur Hvanndal rekur, er að miklu leyti í samræmi við okkar kjör og búskap, miklu minna og ódýrara. Ólafur hefir sætt sig við alla þá erfiðleika, sem bíða þeirra, sem eru að koma á fót hjer nýjum iðnaði. Hann hefir að vísu fengið lán fyrrum, og er búinn að borga að jeg held meira en helming af því í ríkissjóð. En það líta margir svo á, að það sje fullkomlega sanngirnismál gagnvart þessum vísi til nauðsynlegs iðnaðar að veita honum þennan styrk. Það eru ekki nema einar 2 þús. kr., sem við hv. þm. Vestm. förum fram á að veita, og það í eitt skifti fyrir öll.

Jeg held jeg hafi þá mælt fyrir þeim till. flestum, sem jeg er eitthvað við riðinn, en fæ þá máske tækifæri síðar í dag að skýra eitthvað af því, sem jeg kann að hafa gleymt.

Jeg var nærri búinn að gleyma till. um styrk til Ólafs Marteinssonar til þess að undirbúa vísindalega útgáfu á óprentuðum alþýðuvísum. Vildi jeg gjarnan tala um hana nú, þarf ekki að fara mörgum orðum um hana. Svo stendur á, að Ólafur nemur nú málfræði við háskólann og er

langt kominn. Hefir hann ágæt meðmæli frá málfræðikennurum sínum. Á síðasta ári hefir hann kynt sjer í Noregi rannsókn á þessu efni. Hann er töluvert farinn að vinna að því að safna allskonar óprentuðum kveðskap og lausavísum. Í þessu er fólginn mikill og merkilegur menningarfjársjóður. Lausavísurnar eru eitt af því, sem einkennir okkar menningu. Engin þjóð hefir tiltölulega á við okkur jafnmerkilegan kveðskap af því tægi. Þessi kveðskapur hefir lifað á vörum þjóðarinnar í margar aldir, — það besta úr honum. Og það er það, sem þessi ungi maður ætlar að taka að sjer að undirbúa vísindalega útgáfu á.

Þetta verk er sem sagt dálítið hliðstætt við það, sem Jón Árnason tók sjer fyrir hendur með þjóðsagnasöfnuninni. Þeir, sem unna þjóðlegum fræðum og kveðskap, mundu mjög gleðjast, ef þessi litli styrkur yrði samþyktur.

Ágúst Helgason: Jeg á hjer 2 brtt., aðra á þskj. 457, VII. lið, við 13. gr., um að hækka styrkinn til bifreiðaferða austur yfir fjall um 2 þús. kr., eða úr 5 þús. upp í 7 þús. krónur. Það er ekki af því, að jeg sjái ofsjónum yfir þeim styrk, sem talað er um til Gullbringu- og Kjósarsýslu, heldur af því, að jeg sje, að 5000 kr. eru í raun og veru mjög lítill styrkur til þess að halda uppi svo miklum ferðum, sem hjer er um að ræða. Aðalleiðirnar eru 3 og allar langar, austur um Garðsauka, sem er um 115 km., að Sandlæk um 100 km. og að Torfastöðum yfir 100 km. Eftir þessum leiðum á nú að flytja á næstu árum alla vöru í 26 hreppa í báðum sýslunum, Árnes- og Rangárvallasýslum. Verslun á Eyrarbakka og Stokkseyri er nú að leggjast niður og allir aðflutningar á sjó að hætta, og leiðir af því, að hjer verður um geysimikla flutninga að ræða, þegar alt verður að flytja á bifreiðum hjeðan frá Reykjavík. Af þessum ástæðum hefi jeg ásamt hv. 1. þm. Rang. leyft mjer að fara fram á, að þessi liður verði hækkaður.

Hin brtt. er á þskj. 463, og er brtt. við brtt. á þskj. 457, VIII. lið, við 14. gr., um að greiða Kjartani prófasti Helgasyni í Hruna full laun, ef hann lætur af prestskap og tekur við skólastjórn á Laugarvatni. Mjer þykir rjettara að orða till. svo, að miðað sje við skólann, hvar sem hann verður, en ekki við vissan stað. Að vísu má ef til vill gera ráð fyrir, að skólinn verði aðeins fyrir aðra sýsluna, en jeg vona þó, að samvinna geti orðið um hann, svo að hann verði fyrir báðar, og er þá óvíst, hver staðurinn verður. Jeg vænti þess svo, að mönnum þyki ekki óaðgengilegra að samþykkja till., þó að hún sje svona orðuð, eins og mjer sýnist rjettara, að miðað sje við hjeraðsskóla Suðurlands, hvar sem hann verður.

Ingvar Pálmason: Jeg skal ekki vera langorður, því að jeg á aðeins eina brtt. á þskj. 457,XI, við 14. gr., um að hækka styrkinn til byggingar barnaskóla úr 20 þús. upp í 30 þús. kr. Við 2. umr. fjárlagafrv. flutti jeg brtt. þess efnis, að ákveðin upphæð yrði veitt til barnaskólabyggingar á Nesi í Norðfirði. Þessi tillaga var feld, og má vera, að gildar ástæður hafi verið fyrir því, þótt jeg gæti ekki sjeð þær. En það kom fram í ræðu hæstv. forsrh. þá viðurkenning á því, að þó að upphæðin væri ekki áætluð hærri, mundi hún tæplega fullnægja þörfinni á byggingu barnaskóla yfirleitt. Jeg lýsti þessu að nokkru við 2. umr., og þá sjerstaklega

á Norðfirði, og skal jeg ekki taka það upp aftur hjer. Það mun vera mjög víða svo, að bygging barnaskóla getur ekki dregist lengur. Ástæðurnar til þessa eru auðvitað erfiðleikar undanfarinna ára, fjárhagsörðugleikar bæði hjá sveitarfjelögum og ríkinu, og auk þess geysihátt verðlag á byggingarefnum. Það er því mjög eðlilegt, að þörfin komi greinilega í ljós nú, þegar framkvæmdir í þessu efni hafa svo að segja legið niðri mörg undanfarin ár, og kröfurnar verði háværar um að hafist sje handa til að bæta úr þessu.

Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að þörfin fyrir húsabætur á prestssetrum hefir nú verið fullkomlega viðurkend og altaf verið að hækka þann lið fjárl. frá ári til árs. Er þó þörfin á því sviði tæplega brýnni en bygging barnaskólanna. Jeg tel það mjög varhugavert að skera mjög við neglur sjer þessa upphæð til barnaskólabygginga, því að þar er mikið í húfi, að þeir sjeu í góðu lagi. Í skólunum á öll hin uppvaxandi kynslóð þessa lands að búa að miklu leyti um fjögra ára skeið, og því þarf ekki að lýsa, hve mikil hætta þjóðinni getur stafað af því að ala börn sín upp í óhollum og ófullkomnum húsakynnum. Þó að svo sje nú komið með fjárl., að nokkur tekjuhalli sje á þeim orðinn, finst mjer jeg geta með góðri samvisku lagt það til, að þessi liður verði hækkaður. Hæstv. stjórn hefir líka sjeð sig knúða til að hækka hliðstæða liði, þrátt fyrir hið illa útlit með fjárlögin.

Jeg skal geta þess, að þó jeg fari fram á þessa hækkun, geri jeg það ekki aðeins vegna þess sjerstaka skóla, sem áður er nefndur, heldur og einnig vegna þess, að jeg veit, að þörfin er bæði mikil og almenn fyrir styrk til slíkra bygginga. Hinsvegar vænti jeg þess, verði þessi till. samþykt, að það hjerað, sem jeg ber sjerstaklega fyrir brjósti, standi þá nær með að fá styrk af þessari fjárveitingu. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta, en vona, að hv. deild kannist við sanngirni þessarar brtt.

Um aðrar brtt., sem liggja fyrir, sje jeg ekki ástæðu til að tala, en læt nægja að sýna afstöðu mína við atkvgr. Við 2. umr. flutti jeg, eins og hv. deildarmenn muna, till. um að heimila stjórninni að ábyrgjast alt að 80 þús. kr. rafveitulán til Neshrepps. Till. var feld, og jeg sá ekki vænlegt að taka hana upp aftur lækkaða. En jeg minnist á þetta nú af því, að það kom fram í ræðu hv. frsm. fjvn., að honum virtist það nokkuð hár skattur á íbúum kauptúnsins, sem eru um 1000, sem þeir tækju á sig með því að ráðast í þetta fyrirtæki, og taldist honum svo til, að það yrðu um 80 kr. á nef að jafnaði.

Í sambandi við þetta vil jeg benda hv. frsm. á, hvort honum þyki það ekki nokkuð hár skattur á þessum mönnum, að þeir greiða nú í tollum og sköttum til ríkissjóðs sem nemur um 240 kr. á nef að jafnaði. Honum þykir þetta ef til vill ótrúlegt, en það er nú tilfellið, svo mjer blöskrar það alls ekki, þó að ráðist væri í fyrirtæki, sem mundi kosta 80 kr. á nef.

Jeg segi þetta ekki af því að jeg sje að berja lóminn fyrir hönd Norðfjarðar, enda er ekki ástæða til þess. Jeg álít þvert á móti, að kauptúnið sje svo stætt fjárhagslega, að það geti jafnvel ráðist í þetta fyrirtæki án ábyrgðar ríkissjóðs, en hinsvegar var þess að vænta, að hægt hefði verið að ná betri vaxtakjörum á lánum til fyrirtækisins, ef ábyrgðin hefði verið veitt. Jeg álít sem sje, að það hefði ekki verið neitt gustukaverk, en hinsvegar sanngjarn stuðningur af ríkisins hálfu við svo

þarft fyrirtæki, ef það hefði orðið til þess, að hægt hefði verið að ná betri vaxtakjörum en annars.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta. Við 2. umr. var tekin aftur svipuð till. frá hv. þm. Vestm. Hefir hann nú flutt hana breytta við þessa umr., og skal jeg lýsa því yfir strax, að jeg mun fylgja henni, því að jeg álít hana sanngjarna, þó að það sje vafasamt, hvor aðilinn, Vestmannaeyjar eða Norðfjörður, eigi að ganga fyrir. Hins vegar mun jeg, ef þessi heimild handa Vestmannaeyjum verður samþykt, reyna að gera ráðstafanir til þess, að svipuð heimild handa Norðfirði komist að við eina umr. í hv. Nd. Jeg bið svo hv. deild velvirðingar á því, að jeg fór út fyrir efnið um till. mína á þskj. 457, en það var af því, að mjer gafst ekki tækifæri að svara hv. frsm. við 2. umr., en mjer þótti hlýða að láta þessi orð falla yfir moldum till. minnar um ábyrgðarheimildina, sem þessi hv. deild feldi. Að öðru leyti mun jeg láta mjer nægja að sýna afstöðu mína við atkvgr.

Sigurður Eggerz: Við 2. umr. flutti jeg enga brtt., en nú hefi jeg leyft mjer að bera fram nokkrar till., bæði einn og með öðrum hv. þm.

Fyrsta brtt. mín er á þskj. 457,II, við 11. gr., um að hækka liðinn til skrifstofukostnaðar bæjarfógeta og sýslumanna úr 92 þús. upp í 100 þús. kr. Á undanförnum þingum hefir verið nokkuð deilt um þetta, og jeg held, að það sje nú farið að skýrast, að það sje ekki hægt að ganga á móti þeirri sanngirniskröfu þessara manna, að þeir fái skrifstofukostnað greiddan úr ríkissjóði samkvæmt lögum. Það er ákveðið í launalögunum, að sýslumenn skuli fá skrifstofukostnað og kostnað við þingaferðir greiddan úr ríkissjóði. En þrátt fyrir skýlaus ákvæði laganna um þetta, hefir reynslan orðið sú, að þessir menn hafa orðið að greiða allverulegan hluta af þessum kostnaði úr eigin vasa. Áður voru hjer á landi nokkur embætti, sem voru vel launuð og keppikefli hinna bestu lögfræðinga. Nú er þetta orðið öðruvísi; svo mjög hefir kjörum sýslumanna verið breytt til hins verra, að menn eru hættir að sækjast eftir þeim embættum. Og svo langt er gengið í þessu, að þessir menn eru ekki einusinni látnir njóta lagalegs rjettar, og er það æðihart, vægast sagt, og óvíst, hversu holt það er. Yfirleitt finst mjer kenna kulda til þessara embættismanna á hinu háa Alþingi. T. d. vil jeg leyfa mjer að benda á það, að síðasta þing tók af þeim aukatekjur, sem var alveg víst, að þeir áttu samkvæmt lögum, og þó eru þeir látnir greiða kostnað við embætti sín sjálfir. Þegar á þetta er litið og svo hitt, hve mikilsvert starf það er, sem þeir hafa með höndum, t. d. dómsvaldið, þá virðist það næsta óheppilegt, að þeir menn, sem eiga að gæta laga og rjettar gagnvart almenningi, skuli ekki sjálfir vera látnir njóta lagalegs rjettar af þeim, sem yfir þá eru settir. Jeg verð að vona það, að þessi háttv. deild vilji ekki fara svo illa með þessi embætti, að góðir lögfræðingar hætti að sækja um þau. Jeg er hræddur um, að það mundi hefna sín, ef því yrði haldið áfram að fara svona illa með þessa menn, því að árangurinn yrði sá, að þeir einir, sem ekki ættu annars úrkosti, fengjust til að gegna þessum embættum. Hingað til hafa það verið margir hinir bestu lögfræðingar, sem hafa valist í þau. Jeg ætla svo ekki að rökstyðja þessa till. mína frekar, en jeg verð að gera þá kröfu til greindar hv. þm., að þeir sjái,

að hún er í fullu samræmi við þá rjettlætiskröfu, sem þessir embættismenn eiga til þingsins.

Þá hefi jeg tekið upp aftur 900 króna sjúkrastyrk til Haralds Sigurðssonar. Við 2. umr. var þessi upphæð 1000 kr., og jeg held, að það hafi verið fyrir hreinustu mistök, að till. fjell þá, og jeg held, að ekki sje þörf á að rökstyðja þessa till. sjerstaklega nú.

Þá á jeg enn eina litla brtt. á þskj. 457, XII, við 14. gr., nýjan lið, og eru það 800 kr., sem farið er fram á til útgáfu fræðslumálarits. Á síðasta þingi var slík till. sem þessi samþykt hjer í þessari hv. deild með miklum meiri hluta atkvæða, en þegar hún kom til hv. Nd., fjell hún á því, að maður sá, sem átti að standa fyrir útgáfu ritsins, vildi ekki greiða atkvæði. Jeg býst við, að það sje öllum hv. þm. ljóst, að það er ekki hægt að halda úti riti slíku sem þessu án styrks. Kaupendur eru of fáir og gjöld fyrir blöð greiðast yfirleitt illa. Það virðist líka nóg, að útgefendur slíkra rita vinna að jafnaði kauplaust, þó þeir þurfi ekki sjálfir að bíða halla af útgáfunni.

Þá á jeg XVII. brtt. á þskj. 457, ásamt hv. þm. Vestm. (JJós). Þessi brtt. var borin fram við 2. umr. og er um styrk handa 2 efnilegum mönnum til að ljúka söngnámi, og var þá farið fram á 2000 kr. til hvors. Nú hefir upphæðin verið lækkuð niður í 1500 kr. til hvors þeirra. Um báða þessa menn er óhætt að segja, að þeir sjeu hinir efnilegustu menn og vel líklegir til frama. Sá síðarnefndi hefir orðið fyrir óhappi vegna veikinda, og tafði það hann nokkuð frá náminu, en nú er hann orðinn frískur aftur.

Þá er það 3. brtt. mín, nr. XXI á þskj. 457, um 2 þús. kr. til Páls Ísólfssonar. í viðurkenningarskyni. Um þennan mann er það að segja, að hann hefir náð, ef jeg mætti svo að orði kveða, upp í hið hærra veldi listarinnar. Slíkir menn eru það, sem endurgreiða þjóðinni með list sinni alt það, sem lagt er fram í styrkjum til listamannanna, því auðvitað er það, að þeir einir listamenn eru mikils virði, sem ná hátt upp. Hina met jeg að engu. En þeir fáu úrvalsmenn borga fyrir þá mörgu, sem ekki ná upp fyrir meðaltalið. Bæði erlendur og innlendur dómur er fyrir því, hvað Páll Ísólfsson hefir komist langt í list sinni.

Jeg vona því, að þessi litla tillaga verði samþykt.

Þá kem jeg að brtt. minni við 16. gr. 34, sem er sú XXVIII. á þskj. 457, um 5 þús. kr. til fjelagsins Landnáms til nýbýlaræktunar. Þetta fjelag var stofnað hjer í bæ 23. mars 1924 og er aðalmark þess að styðja að nýbýlarækt og yfir höfuð að vinna að ræktun landsins. Fjelagið hefir gefið út ávarp til almennings og látið birta í blöðunum, til þess að ýta undir nýbýlamálið. Það yrði alt of langt mál, ef jeg ætti að fara að lesa upp öll nöfn þeirra manna, sem hafa ritað undir þetta ávarp, og jeg læt mjer nægja með að geta þess, að þar á meðal eru ýmsir helstu menn þjóðarinnar; enda er þetta mjög merkilegt mál og er eitt þeirra mála, sem nú á dögum er veitt mikil athygli meðal erlendra þjóða. T.d. eru í Danmörku veittar stórupphæðir til nýbýlaræktunar og í Noregi fær fjelagið „Ny Jord", sem er landnámsfjelag, um 1 milj. kr. tillag á ári úr ríkissjóði. Það er og allflestum hjer á landi ljóst, að þetta mál er einnig mjög þýðingarmikið fyrir okkar þjóðfjelag, og meðal þeirra, sem hjer hafa ritað nafn sitt undir ávarp fjelagsins Landnáms, er núv. hæstv. atvrh. (MG). Jeg lít svo á, að þessi byrjun, sem hjer er hafin til að

koma hreyfingu á þetta mál, verði fyrst um sinn aðallega bundin við Reykjavík og hina aðra stærri kaupstaði á landinu. Hjer í nágrenni bæjarins hafa þegar verið reist 3 nýbýli og tekið þar land til ræktunar, og bráðum verða bygð um 10 nýbýli í viðbót.

Það er mjög vel til fundið að vekja athygli þeirra, sem búa hjer við sjávarsíðuna, og sjerstaklega þeirra, sem stunda sjómensku og þessháttar, að vekja athygli þeirra á því, að þeir geta ekki betur varið frístundum sínum en til þess að rækta landið. Ekki eingöngu til þess að geta lifað betra og þægilegra lífi á eftir, heldur til þess einnig að hafa getað lagt sinn skerf til ræktunar landsins. Þetta mun og verða til þess að vekja smám saman almennan áhuga á ræktunarmálum þessa lands og það verður einnig til þess að færa bæina nær sveitunum, þ. e. það opnar augu kaupstaðabúanna fyrir því, hversu margt gott leiðir af því að rækta landið, og menn fara þá að skilja, hversu mikla þýðingu það hefir fyrir velmegun alls almennings.

Í stjórn fjelagsins Landnáms eru nú ýmsir duglegir og áhugasamir framkvæmdamenn, t. d. Pjetur Halldórsson, Jón Ólafsson framkvæmdarstjóri, Grímúlfur Ólafsson, Jón bóndi á Bessastöðum og formaður Búnaðarfjelags Íslands, sem er mjög mikill framfaramaður og lætur sjer ant um alla nýbreytni, sem mætti verða til eflingar ræktun landsins, og er maður mjög stórhuga. Fjelaginu er, eins og jeg nú hefi sagt, stjórnað af duglegum framkvæmdamönnum og undir ávarp fjelagsins hafa ritað ýmsir okkar mestu áhugamenn, og má því vænta þess, að háttv. þingdeild taki þessa till. til greina og viðurkenni, að þetta er eitt hið mesta stórmál og mjög athyglisvert. Jeg get ekki sjeð, að hjer standi neitt sjerstaklegar á hjá okkur en hjá öðrum þjóðum, nema ef vera kynni, að hjer væri enn meiri þörf þessa máls en t. d. í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð. Hjá öllum stórþjóðunum í nágrenni okkar er þessi hreyfing mjög öflug og alstaðar er krafist meiri ræktunar landsins.

Fjelagið Landnám hafði í fyrstu skrifað umsókn til háttv. Nd. og farið fram á 20 þús. kr. styrk. Nú hefir fjelagið breytt þessu og biður nú aðeins um 5 þús. kr. Þó að þetta sje lítil upphæð, getur hún þó komið að góðu liði. Það er t. d. í sjálfu sjer fjelaginu mikil stoð, að Alþingi yfir höfuð viðurkenni starfsemi þess. Samúð og skilningur löggjafarvaldsins er fjelaginu mikils virði. Hvað ætlar fjelagið að gera við þessar 5 þús. kr.? Auðvitað á að styrkja með fjenu þá, sem eru að byrja á nýbýlum, og auk þess á að verja nokkru af upphæðinni til þess að vekja áhuga á málinu. Jeg býst við, að þó menn gerðu yfirlit yfir ýmsar fjárveitingar í fjárlögunum og gerðu upp á milli þeirra, hver væri rjettmætust, leyfi jeg mjer að halda því fram, að örðugt mundi að finna upphæð, er öllu nauðsynlegri væri en þessi. Jeg er sannfærður um, að enginn verður til að andmæla þessari brtt., og jeg vænti, að háttv. deild lýsi yfir fylgi sínu við þetta framfaramál, þetta nýja mál, sem hjer er að byrja að ryðja sjer til rúms, og samþykki brtt. með öllum atkv.

Þá á jeg ekki fleiri brtt. sjálfur og um brtt. annara þm. hefi jeg ásett mjer að vera ekki margorður; þó er þar á meðal ein brtt., sem jeg verð að gera undantekning um. Það er brtt. hv. 3. landsk. (JJ), sú I. á þskj. 457, um að leggja niður sendiherraembættið í Kaupmannahöfn. Jeg verð að segja, að jeg undraðist mjög, er jeg sá þessa brtt. um að fella niður fjárveitingu til þessa embættishalds. Háttv.

Nd. hefir samþykt þetta samkvæmt tillögu hæstv. stjórnar með allmiklum meiri hluta og sýnt með því vaxandi skilning á þessu máli. Annars hefi jeg svo oft talað um þetta sendiherramál, að jeg fer ekki að endurtaka neitt af því nú. En það segi jeg aðeins, að svo þykist jeg þekkja á hljóðið í þinginu núna, að jeg get fullyrt það, að þessi brtt. fær ekki áheyrn. Það er öllum þingheimi fyrir löngu orðið ljóst, að þetta mál má ekki við svo búið standa lengur. Það eru nær allir sammála um það, að embætti þetta verði að endurreisa. Það eru einnig allir sammála um það, að hr. Jón Krabbe hefir gegnt starfi sínu ágætlega, enda hefir hann ætíð notið óskifts trausts þings og þjóðar. En hitt verða menn að játa, að það eru gerðar of miklar kröfur til starfsþreks eins manns, að hann gegni þessu allerfiða embætti í viðbót við það embætti, sem hann hefir í utanríkisráðuneytinu danska. Enda hefir og hr. Jón Krabbe beðist undan því að gegna þessu embætti lengur vegna heilsubilunar.

Háttv. 3. landsk. þm. talaði um, að íslenska ríkið hefði átt sendiherrabústaðinn í Kaupmannahöfn. Þetta var rangt. Sendiherrann keypti húsið fyrir sitt eigið fje og seldi aftur sjer í óhag, enda tapaði hann allmiklu fje við það að gegna þessu embætti, jafnilla launuðu. Auk þess verður að telja miklu heppilegra að ýmsu leyti, að sendiherrann búi í Kaupmannahöfn sjálfri, en ekki utan til við borgina. Nei, hljóðið í mönnum viðvíkjandi þessu máli er áreiðanlega orðið breytt, og hver tilraun til að „agitera“ þetta mál niður mun mishepnast. Jeg hefi verið á mörgum fundum uppi til sveita, þar sem þetta mál hefir borið á góma, og jeg hefi þar sýnt fram á nauðsyn þessa embættis og aldrei sætt neinum mótmælum; enda munu bændur nú farnir að skilja betur en áður nauðsyn og gagnsemi þessa embættis og viðurkenna nú þá þýðing, sem sendiherrann hafði fyrir heppilega úrlausn eins hins mesta vandamáls, sem bændastjettinni hefir ennþá borið að höndum, þ. e. kjöttollssamningarnir.

Jeg vænti, að hv. 3. landsk. þm. hætti nú bráðlega að standa öndverður gegn þessu máli, og jeg er sannfærður um, að ef menn gætu sjeð inn í instu fylgsni hugskots hans, þá mundu menn sjá, að hann álítur sjálfur þetta mál betra en hann vill viðurkenna. Jeg trúi ekki öðru en hv. þm. (JJ) breyti bráðlega um stefnu í þessu máli, enda er það óvænlegt fyrir hans stjórnmálaflokk að ætla að halda því fram, að þjóðin hafi enga eða sem minsta íhlutun um sjálfstæðismálin.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það eru aðeins fá orð til hv. 1. þm. G.-K. (BK) út af brtt. hans um eftirgjöf á láni til Gerðahrepps. Jeg er sammála hv. þm. um það, að heppilegast væri, að slíkar málaleitanir sem þessi kæmu til þingsins frá ríkisstjórninni. Það er enginn mælikvarði á fjárhag hreppsins, þótt þingmaður kjördæmisins hafi tekið að sjer að flytja brtt. við fjárlögin um eftirgjöf á láni, og það er heldur enginn mælikvarði um slæman fjárhag hreppsins, þótt hann sje í skuld við viðlagasjóð. Jeg skal taka það fram, að ef þessi brtt. verður feld, er jeg fús til að taka efnahag þessa hrepps og annara, sem líkt er ástatt um, til athugunar, ef þeir vilja snúa sjer þessu viðvíkjandi til stjórnarinnar, og mun þá verða leitast við að gera tillögur um að greiða fram úr vandræðum þeirra, og ef það reynist ekki hægt á venjulegan hátt, þá mun stjórnin bera fram tillögur um þetta við fjárlögin á næsta þingi. Það

getur og vel átt sjer stað, að hreppar sjeu hjálparþurfar án þess að þeir sjeu þegar komnir í skuld við viðlagasjóð. Nýlega hafa verið samþykt lög um breyting á fyrirkomulagi bjarðráðasjóðs, svo hann mun nú geta veitt nokkra hjálp illa stæðum hreppsfjelögum. Sjóðurinn er nú um 600—700 þús. kr. og getur veitt hagkvæm lán til alt að því 20 ára. Vextir af lánunum fara ekki fram úr 5%. Þó geta sveitarfjelög verið svo illa stæð, að þau þoli heldur ekki að taka lán og sjeu beinlínis gjafaþurfar.

Jeg skal leyfa mjer að benda á, að þegar jeg fyrir liðlega tveimur árum síðan átti sæti í fjvn. Nd., komu þar fram beiðnir frá ýmsum hreppum um styrk og eftirgjafir. Þá þótti ekki fært að verða við þeim beiðnum, en hitt ráðið var heldur tekið, að gera ráðstafanir til, að bjargráðasjóðurinn gæti greitt úr þessum málum. Sjóðurinn er nú geymdur í Landsbankanum, og það er sanngjarnara að hreppar, sem eru illa stæðir, fái lán úr sjóðnum með vægum kjörum heldur en að hafa það þarna inni á lágum vöxtum. Þess vegna tel jeg rjettast, að hreppsfjelög, sem telja sig styrksþurfa, snúi sjer fyrst til stjórnarinnar, sem þá lætur rannsaka hag þeirra og allar kringumstæður, og verði ekki hægt að bjarga þeim við á annan hátt, mun stjórnin þá snúa sjer til þingsins fyrir þeirra hönd.

Út af orðum hv. 3. landsk. (JJ) um fjárveitingu til sendiherrans í Kaupmannahöfn vildi jeg aðeins segja það, að grundvöllurinn undan till. hans hverfur, þegar það er upplýst, að maður sá, sem gegnir starfinu nú, getur ekki gegnt því lengur. Jón Krabbe hefir tilkynt stjórninni, að hann treysti sjer ekki til að hafa starfa þennan lengur á hendi. Þetta er ekki nema eðlilegt. Maður þessi hefir verið og er enn mjög störfum hlaðinn, og er því orðinn þreyttur, enda þótt hann sje ekki eldri en ca. 50 ára gamall. Vill hann því ljetta af sjer einhverju af þessum mörgu störfum.

Þar sem nú það er margviðurkent, að við þurfum að hafa góðan mann í Kaupmannahöfn, er ekki um annað að ræða en að senda hann hjeðan, þegar þessi ágæti maður, Jón Krabbe, sem mun eiga fáa sína líka, hefir ofboðið svo kröftum sínum, að ekki er um að ræða að fá hann til þess að gegna þessu starfi lengur.

Forsætisráðherra (JM): Það er að mestu leyti búið að svara háttv. 3. landsk. (JJ) út af því, sem hann sagði um sendiherramálið. Bæði hæstv. atvrh. (MG) og háttv. 1. landsk. (SE) hafa sýnt fram á, að ekki verði hjá því komist að senda mann í þessum erindum til Kaupmannahafnar.

Hv. 3. landsk. var með ýmsar fullyrðingar, sem jeg get ekki sjeð, að eigi sjer nokkurn stað. Hann talaði fyrst um, að sendimaðurinn hefði fengið einhverjar bætur fyrir húsakaup. Og síðan talaði hann um, að það hefði verið rangt að selja sendiherrabústaðinn. Hjer kennir því hins mesta misskilnings. Húsið, sem selt var, var fullkomin einkaeign sendiherrans, en ekki ríkissjóðs. Bætur þær, sem hann fjekk fyrir að hafa keypt húsið á hinum dýrustu tímum, en selt það aftur þegar alt var farið að falla í verði, voru eiginlega viðurkenning til mannsins sjálfs. Hús það, er hjer var um að ræða, er ekki í Kaupmannahöfn sjálfri, og hefði aldrei komið til mála að hafa það fyrir sendisveitina, skrifstofur o. s. frv. Þær verða að vera á góðum stað í borginni sjálfri. Það er ekki nauðsynlegt að kaupa hús, hvorki fyrir skrifstofur nje handa sendiherranum sjálfum. Það má vel komast af með að leigja. Að minsta kosti mun sendi-

maður Ameríku í Kaupmannahöfn búa í leigubústað. Ættum við því að geta komist af með það líka fyrir okkar sendimann.

Þá hefir því verið haldið fram sem ástæðu gegn fjárveitingu þessari, að ekki muni hægt að fá betri mann í þessa stöðu en Jón Krabbe, sem nú gegnir henni. Engum er það ljúfara en mjer að viðurkenna, hve afarmikið og gott starf Jón Krabbe hefir unnið fyrir oss einnig í þeirri stöðu. En hann er ekki beint íslenskur þegn, þótt hann sje íslenskur í móðurætt. Og það hefir í þessu efni nokkra þýðing.

Annars þýðir ekkert um það að ræða. Hann hefir tilkynt það, að hann treysti sjer ekki til þess að gegna þessu starfi öllu lengur, enda tók hann það fram í fyrstu, að hann mundi gera það aðeins um stund, meðan fjárhagur ríkissjóðs væri þröngur.

Þegar nú þess er gætt, að hann gegnir starfi þessu fyrir ekki neitt, eða sama sem ekki neitt, hvernig getum við þá heimtað af honum, að hann haldi áfram, þegar það er vitað, að hann er svo hlaðinn öðrum störfum, að miklu fyrir oss, að ærið nóg er fyrir hvern mann, og jafnframt svo störfum hlaðinn, að hann með engu móti telur sig geta gegnt því lengur? Um þetta alt hlýtur hv. 3. landsk. að vera kunnugt, því að skírteini fyrir þessu hafa verið lögð fyrir fjvn. í vetur.

Þá var þessi hv. þm. að tala um, að eitthvað sjerstakt lægi bak við þetta. Bak við þetta liggur ekkert annað en það, sem öllum er kunnugt. Á þinginu 1924, þegar verið var að ræða um að leggja embætti þetta niður, þá sagði jeg strax, að jeg teldi það ótækt, en gæti sætt mig í bili við það fyrirkomulag, sem nú er, og þá sjerstaklega af því, að völ var á Jóni Krabbe til þess að gegna þessum störfum. Varð það því úr, að lögin voru látin standa. Hefir það þannig frá upphafi verið haft fyrir augum, að hvenær sem hægt væri vegna fjárhagsins, yrði sendur maður til Kaupmannahafnar aftur. Og nú er svo komið fjárhag okkar, að við getum það. Um þetta hlýtur hv. 3. landsk. að vera mjer samdóma, eftir tillögum hans að dæma, því að þær sýna ekki annað en hann hljóti að telja fjárhaginn mjög góðan.

Í fyrra þegar hv. þm. Dal. (BJ) kom með till. um að endurreisa sendiherraembættið, fylgdi jeg þeim eftir megni. Er því ekki nema eðlilegt, að jeg fylgi enn fram þeirri skoðun, sem jeg hefi fylgt um mörg þing. Þetta mál horfði þó dálítið öðruvísi við í fyrra, því að þá var ekki komin yfirlýsingin frá Krabbe, um að hann gæti ekki gegnt störfum þessum, en nú er hún komin, og það gerir stóran mismun.

Jeg get alveg fallist á þá skoðun háttv. þm. Dal., að það sje ekki einungis vegna sóma landsins, að nauðsynlegt sje að hafa íslenskan sendiherra í Kaupmannahöfn, heldur geti það orðið beinn fjárhagslegur hagur og ómetanlegt gagn í samningum við aðrar þjóðir, eins og t. d. sýndi sig í kjöttollsmálinu.

Jeg held, að sjálfs sín vegna gerði hv. 3. landsk. rjettast að vera ekki að spyrna á móti þessu. Augu þjóðarinnar eru altaf meir og meir að opnast fyrir þeirri gagnsemi, sem við getum haft af því að hafa einn reglulegan sendiherra í útlöndum. Að þessu leyti hafa hugir manna mjög breyst síðan 1923.

Þá var það dálítið spaugilegt, þegar þessi hv. þm. var að tala um, að stjórnin hefði fengið vantraust í hv. Nd. í fyrra. Jeg óska gjarnan, að hann vildi upplýsa það nánar, hvenær stjórnin hefði fengið slíka vantraustsyfirlýsingu, og þá út af hverju sjerstaklega. Jeg kannast ekkert við það; þó held jeg, að jeg hefði munað slíkan atburð.

Þá ber hv. 1. landsk. (SE) fram brtt. um að auka skrifstofufje sýslumannanna. Jeg skal ekki mótmæla því, að hún verði samþykt, en segja sögu þessa máls eins og hún hefir gengið til hjer í þinginu.

Jeg sje ekki, hvaða þýðingu það hefir í þessu sambandi af háttv. 1. landsk. að vera að tala um tekjur, sem sýslumennirnir hefðu átt, en verið sviftir. Hefðu þeir átt þessar tekjur qua embættistekjur samkvæmt lagaheimild, gat þingið ekki tekið þær af þeim. Þetta er því misskilningur. Þeir áttu rjett til að fá 10 aura gjaldið af fiskiskipum, og það hafa þeir haft og hafa enn. En önnur skipagjöld hafa átt að renna beint í ríkissjóðinn.

Hvað snertir skrifstofukostnað sýslumanna og lögreglustjóra, þá hefir hann altaf verið ákveðinn af stjórninni. Eina undantekningin frá þessu er með lögreglustjóranann og bæjarfógetann í Reykjavík. Þeir embættismenn hafa sjerstöðu, bygða á lögum um embættin. Hefir þingið sjálft því fjallað um skrifstofukostnað þeirra og ákveðið beinlínis og óbeinlínis laun starfsmannanna. Þetta hefir af misskilningi vakið óánægju hjá sýslumönnunum; þeir hafa ekki athugað nægilega, að hjer er sagt öðruvísi fyrir um í lögum.

Skrifstofufje sýslumannanna var ákveðið á þann hátt, að þegar eftir að launalögin gengu í gildi voru þeir látnir segja um, hve mikið skrifstofufje þeir myndu þurfa. Þetta gerðu þeir. En reikningar þeirra voru svo mjög misjafnir, að við samanburð þeirra kom í ljós, að þeir mátu þessi störf mjög mismunandi. Þannig taldi sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, sem jafnframt er bæjarfógeti á Ísafirði, sig þurfa full 18 þús. kr. Honum voru svo ákveðnar 13 þús. kr. En síðar kom reikningur frá honum upp á 12 þús. kr., og það var það, sem hann notaði.

Annað dæmi má nefna, og það er af sýslumanninum í Strandasýslu. Hann telur sig þurfa um 5000 kr., þar sem sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu taldi sig þurfa miklu minna en sýslumaðurinn í Strandasýslu. Sýslumaður Strandasýslu kom þó með reikning, sem alls ekki var ósennilegur. En sýslumaðurinn í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu kom með reikning, sem var alveg ágætur.

Jeg nefni þessi dæmi til þess að sýna fram á, að það er ekki hægt að fara eftir þeim tölum, sem hinir ýmsu embættismenn gefa upp. Í byrjun var því reynt að fara eftir því, sem rjettast þótti, en auðvitað verður þetta mat ekki svo nákvæmt, að ekki kunni að víkja frá fullri sanngirni og samræmi.

Úr því að hjer er um mat að ræða á þessum kostnaði, og það er svo eftir lögunum, þá verður ekki hjá því komist að hafa skrifstofufjeð nokkuð svipað í þeim sýslum, sem svipaðar eru að mannfjölda, erfiðleika o. s. frv., dýrleika á staðnum m. m. Á hinn bóginn getur það verið misjafnt, hvað hver embættismaður kemst af með undir líkum kringumstæðum, en til þessa er örðugt að taka fult tillit.

Upphæð sú, sem þá var úthlutað til þessa skrifstofukostnaðar var um 80 þús. kr. En þegar hv. 1. landsk. varð forsrh., var hún komin niður í 61 þús. kr. Og næsta ár þar á eftir var hún fallin niður í 56 þús. og í fjárlögunum fyrir 1924 fer hann ekki fram á nema 42 þús. til þessa.

Þegar svo núverandi stjórn tók við, fjekk hún upphæð þessa hækkaða um 100%. Var það því mikil bót, en eigi að

síður of lítil. Nú komu fulltrúar sýslumannanna og töluðu um þetta við fjvn. Nd. og hún aftur við mig. Reyndum við svo að athuga málið og komumst að þeirri niðurstöðu, að ekki myndi fjarri lagi að bæta við 8 þús. kr., sem var um helmingur af þeirri upphæð, sem sýslumennirnir fóru fram á. Jeg skal ekki segja, að hitt hafi verið alveg á það rjetta, en hjer er um áætlunarupphæð að ræða. Jeg ætla, að sæmilega sje aukið skrifstofufjeð með þessari viðbót. Á hinn bóginn mun jeg reyna að hafa vakandi auga á þessu máli og bæta upp enn þar, sem jeg tel fulla þörf.

Þessi kostnaður er altaf að aukast og á enn fyrir sjer að aukast, og hv. þm. getur ekki sagt, að störfin hafi aukist að sama skapi. Það sýnir sig, að sumir sýslumenn geta komist af með miklu minna en aðrir, sem líkt stendur á um, telja sig þurfa. Sýslumaður Snæfellsnessýslu gerir reikning fyrir rúmum 4 þús. kr., sem jeg geri ráð fyrir, að hann fái. Sýslumaður Skaftafellssýslu segist ekki þurfa meira en hann hefir nú, og er þar þó mikið að gera eins og hv. þm. veit. Ef hv. deild vill veita 100 þús. kr., þá er það gott og vel; það munar ekki mikið um 6—8 þús. kr. Það hefir verið reynt að taka sanngjarnlegt tillit til krafna sýslumanna og bæjarfógeta, og mörgum þeirra mun verða fullnægt með 92 þús. kr. alls. Jeg hefi reynt að halda hlutfallinu frá því fyrsta yfirleitt eins og hv. 1. landsk.

Hátty. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) var að tala um misrjetti í þessu sambandi. Jeg veit ekki, við hvað hann hefir átt. Hafi hann átt við skrifstofukostnaðinn í Húnavatnssýslu, þá vil jeg vísa því á bug. Hækkunin þar er alveg hlutfallsleg, en kröfurnar frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu hafa verið hlutfallslega háar. Þannig var það t. d., er spurt var 1920, þá kvaðst sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu þurfa um 4600 kr., en sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu aðeins um 2700 kr., og þó mundi mega ætla, að þær sýslur væru nokkuð svipaðar að þessu leyti. Kostnaðurinn var 2000 kr., en er nú 3000 kr. Mjer dettur ekki í hug, að þessir embættismenn noti neitt af skrifstofufjenu handa sjálfum sjer, en það er ekki nema eðlilegt, að þeir vilji heldur hafa það í ríflara lagi. Aftur á móti finst mjer þing og stjórn verða heldur að halda í.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg á 2 brtt. á þskj. 457 ásamt 2 hv. deildarmönnum. Sú fyrri, V. brtt., sem jeg flyt ásamt hv. 3. landsk. (JJ), er gamall kunningi og var flutt við 2. umr. þessa máls, en þá tekin aftur til 3. umr. Tókum við hana þá aftur af því, að við vildum leita okkur frekari upplýsinga um það, hvort styrkur þessi mundi koma að tilætluðum notum fyrir Skúla Guðjónsson lækni. Höfum við nú fengið þær, og flytjum því till. óhikað. Með því að fá þennan styrk verður honum (Sk. G.) unt að halda áfram og ljúka að einhverju leyti við rannsóknir þær, sem hann hefir haft með höndum síðastl. missiri. Það, að útbreiða þekkingu á hollum lifnaðarháttum og þýðingu þeirra fyrir heilbrigði og vellíðan þjóðarinnar, tel jeg eitthvert hið þýðingarmesta mál, og allur þorri landsmanna þekkir því miður alt of lítið til þeirra mála. Jeg skal taka það fram hjer, eins og jeg gerði við 2. umr. þessa máls, að það, sem Skúli Guðjónsson fer fram á fyrst og fremst, er það, að fá tækifæri til þess að starfa hjer heima á báðum þeim sviðum, sem hann sjerstaklega hefir lagt stund á með sjernámi sínu, það eru hinar ýmsu greinir heilsufræðinnar og bætiefnarannsóknir,

Og því er brtt. okkar flm. orðuð svo, að hann eigi að kynna sjer lifnaðarháttu manna hjer á landi í sambandi við bætiefnarannsóknir sínar, en þær geta haft ómetanlega þýðingu fyrir land og lýð.

Jeg veit, að margir hvetja Skúla Guðjónsson lækni til þess að koma heim, setjast hjer að og fá sjer læknishjerað eða ryðja sjer braut með því að „praktisera" t. d. hjer í borginni eins og svo margir læknar aðrir. Jeg efast ekki um, að þessi leið sje honum opin. En jeg skal vekja athygli hv. deildar á því, að þá getur hann ekki unnið að því, sem hann hefir varið dýrmætum tíma og miklu fje til að búa sig undir. Vona jeg því, að hv. þdm. hugsi sig um áður en þeir fella þessa till.

Þá sný jeg mjer að hinni brtt., sem við flytjum hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og jeg, undir XXXVII. lið, um styrk til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og öðrum heimilisiðnaði. Ástæðan til þess, að við berum þessa till. fram, er sú, að aftan við liðinn í 16. gr. 21. þar sem veittur er styrkur til Sambands íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga, hefir á 2 undanförnum þingum verið hnýtt þeirri aths. að veita hluta af styrknum á nafn. Í Nd. var Guðmundur Jónsson settur inn í staðinn fyrir ungfrú Ástu Sighvatsdóttur, sem ekki hefir notað styrkinn. Það er nú síður en svo, að jeg álíti Guðmund Jónsson styrksins ómaklegan, en jeg vildi aðeins benda á það, hve fráleitt það er að úthluta á nafn ⅓ rúml. af því litla fje, sem veitt er Sambandi íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga. Þar er um tvo jafnrjettháa aðilja að ræða, Heimilisiðnaðarfjelag Norðurlands og Heimilisiðnaðarfjelag Íslands, sem myndað hafa með sjer Samband íslenskra heimilisiðnaðarfjelaga. Er stjórn þess skipuð 5 fulltrúum, 2 fyrir Heimilisiðnaðarfjelag Norðurlands, búsettum á Akureyri, og 3 fyrir Heimilisiðnaðarfjelag Íslands, búsettum í Reykjavík. Er því fje, sem veitt er sambandinu, skift til helminga milli þessara tveggja aðilja, sem svo aftur styrkja ýms smærri heimilisiðnaðarfjelög víðsvegar á landinu.

Við, sem erum í stjórn Sambands ísl. heimilisiðnaðarfjelaga og eigum að úthluta styrk þeim, sem um nokkur undanfarin ár hefir verið veittur í fjárlögum í þessu skyni, vitum, hve erfitt það er að láta hann koma að tilætluðum notum, hvað þá heldur ef búið er að ráðstafa rúmum 5. parti hans. Þó skal jeg kannast við það, að Alþingi hefir sýnt það nokkur undanfarin ár með fjárveitingu til Sambands ísl. heimilisiðnaðarfjelaga, að það viðurkennir þýðingu heimilisiðnaðarins. En samt hefir styrkurinn jafnan verið skorinn svo við nögl, að næsta lítið hefir verið hægt að gera fyrir hann. Þetta vil jeg, að hv. deildarmenn athugi áður en úrskurður er feldur um þessa till. Og í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að í ár var sótt um 10 þús. kr. styrk, en þeirri fjárbeiðni var synjað; styrkurinn var ekki hækkaður. Svarið var því: nei, þið getið fengið þá upphæð, sem þið hafið haft, og ekki meira. Svo var á ný veitt á nafn í hv. Nd., eins og til að segja: Þið, þ. e. Samband ísl. heimilisiðnaðarfjelaga, hafið ekki vit eða ráðdeild til þess að útbýta styrknum eins og hagkvæmast er. Jeg hefi reynt að stuðla að því í fjvn., að aths. þessi fjelli burt. Það var ekki af því, að jeg áliti, að Guðmundi Jónssyni bæri ekki rjettur til styrks, og að ekki væri rjett og sjálfsagt að veita honum einhverja viðurkenningu fyrir það, sem hann hefir gert; síður en svo. Hann er, eins og allir hv. þdm. vita,

mjög vel að sjer í iðn sinni; nam hana hjá Stefáni Eiríkssyni og fór að loknu námi, með styrk frá Heimilisiðnaðarfjelagi Íslands, til Noregs. Kom síðan heim aftur eftir nokkurn tíma til Íslands og settist að á Ísafirði við lítil laun, og mun það fátítt, að menn, sem hafa svo lítil laun fyrir starf sitt sem hann, búi við þau til langframa, nema þá fyrir það, að þeir hafa fest trygð við starf sitt. Vona jeg því, að till. á þskj. 457, um 1000 kr. styrk til þessa manns, verði samþykt.

Jeg er viss um, að ef Guðmundur Jónsson fær þennan styrk, þá starfar hann ekki aðeins á Ísafirði, heldur fer um alt land og heldur námsskeið. Hann hefir sýnt það, að hann hefir haft sjerstakt lag á því að laða unglinga þá að sjer, sem hann hefir haft til kenslu, og tekist að leiða athygli þeirra að störfum, sem verið hafa við þeirra hæfi. Fyrir það á hann mikla viðurkenningu skilda. Vona jeg því, að hv. þdm. ljái þessari styrkbeiðni fylgi sitt.

Einar Árnason: Jeg á hjer tvær litlar brtt., um styrk handa tveim mönnum til utanfarar. Jeg skal fyrst minnast á b-liðinn, sem er utanfararstyrkur til Freymóðs Jóhannssonar listmálara, til þess að fullkomna sig í leiktjaldamálun. Þessi maður er Norðlendingur. Hugur hans snerist snemma að málaralist. Eftir að hann lauk námi við gagnfræðaskólann á Akureyri, hefir hann stundað málaralist af kappi, bæði sem húsamálari og listmálari. Eftir hann eru til ýmiskonar málverk, einkum landslagsmyndir, sem margar eru ágætagóðar, að dómi þeirra manna, sem skyn bera á slíka hluti. Enda eru málverk hans farin að fá töluverða útbreiðslu, og jeg hefi orðið þeirra var á nokkrum stöðum hjer í Reykjavík. Þessi listamaður er náttúrunnar barn, jafnframt því, sem hann hefir ágætan listasmekk og hugmyndaflug, án þess þó, að hann hafi látið leiðast út á hálar nýtískubrautir í list sinni, sem nú virðist vera orðin tíska. Og það er meira en hægt er að segja um suma þessa svokölluðu listamenn og skáld síðari ára, þar sem það er nú mest í hávegum haft, sem lengst gengur í því að misbjóða og misþyrma heilbrigðri skynsemi óbrjálaðra manna. Þessi maður er algerlega laus við þann ófögnuð. Það er gleðin og hin bjarta hlið lífsins, sem er sterkasti þátturinn í eðli hans sem listamanns.

Hann hefir einnig lagt stund á að mála leiktjöld og útbúnað á leiksviði; hefir hann verið mjög leikinn í því og tekist það mjög vel, að dómi þeirra manna, sem vit hafa á. Hann hefir málað tjöldin í „Æfintýri á gönguför", „Fjalla-Eyvindi", „Nýársnóttinni" o. fl. leikritum, og yfirleitt verið aðalhjálparhellan við leikstarfið norðanlands. Hafa tjöldin, sem hann hefir málað, ekki staðið að baki leiktjöldum hjer í Reykjavík. Nú fer hann fram á að fá 2000 kr. til þess að dvelja í Kaupmannahöfn 1 ár til að fullkomna sig í „dekorations"-málun, aðallega leiktjaldamálun. Umsókn hans fylgja meðmæli 16 helstu mentamanna á Akureyri, sem allir eru mjög kunnugir störfum hans.

Þessi maður er fátækur; það þekki jeg persónulega. Hann er ekki fær um að kosta sig til náms ytra, enda hefir hann fyrir heimili að sjá. Er því útilokað með öllu, að hann geti fengið þessa fullkomnun í málaralistinni án styrks. Hinsvegar er hjer full þörf fyrir mann, sem er vel fær í þessari grein.

Jeg ætla þá ekki að tala meira um þennan mann, en snúa mjer að Sigurði Birkis. Það, sem fyrir mjer var aðalástæðan til þess að flytja þessa till., var það, að jeg

varð þess var í skrifstofunni, að komnar voru fram brtt. um styrki til tveggja söngvara. Og eftir því sem jeg hafði kunnugleika til um þessa styrki, sem settir hafa verið í fjárlagafrv. til listanáms, þá kom jeg ekki auga á, að nokkur væri eftir, sem ekki hefði fengið áheyrn, annar en þessi maður. Fanst mjer því vera ástæða til þess að gefa hv. deild tækifæri til að sýna afstöðu sína til þessa manns sem annara. Jeg vil taka það fram, að jeg þekki þennan mann ekkert persónulega. En það, sem jeg veit um hann, er það, að hann tók fyrir tveim árum próf við konunglega sönglistaskólann í Kaupmannahöfn. Hafði hann þá hug á því að leita sjer framhaldsnáms í Ítalíu, en gat það ekki vegna efnaskorts. Dvaldi hann síðan 1½ ár við söngkenslu hjer í bænum. Nú er þessi maður staddur í Ítalíu við þetta nám, sem hann lengi hafði þráð, og hefir fengið lán til þeirrar farar. Hefir hann nú sótt um 4 þús. kr., en jeg hefi ekki þorað að fara fram á nema 1500 kr. Fengi hann þær, væri það mikill styrkur fyrir hann, til þess að losa hann við þann kostnað, sem hann hefir haft af förinni til Ítalíu.

Jeg hefi í höndum meðmæli frá söngkennara hans á Ítalíu, dags. 17. mars í vetur, og ætla jeg að lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Jeg undirritaður votta, að hr. Sigurður Birkis, sem kominn er að stunda söng í söngskóla mínum, hefir fagra og blíða, lyriska tenorrödd, og er jeg þess vegna sannfærður um, að hann muni, með því að halda áfram ástundun sinni, eiga í vændum fagran feril og verða ágætur listamaður.“

Auk þess hefir hann meðmæli frá 4 dönskum söngkennurum og söngmönnum. Hafa sumir þeirra kent honum, en sumir hlýtt á hann, þegar hann hefir dvalið í Höfn.

Jeg þekki þennan mann ekkert persónulega. Það, sem jeg veit um hann, hefi jeg algerlega frá öðrum. En menn, sem bera gott skyn á söng, segja, að maðurinn sje mjög efnilegur.

Eitt virðist sameiginlegt um þessa tvo menn, sem brtt. mín hljóðar um. Þeir hafa ekki haft formælendur utan þings eða innan, og þess vegna orðið á hakanum. Reynslan er sú, að þeir komast lengst, þegar um styrkveitingar er að ræða, sem duglegasta hafa „agitatora“ innan þings eða utan. Það eru þá ekki altaf verðleikarnir, sem mest koma til greina.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Jeg vænti, að deildin taki þessum mönnum vel og láti þá ekki gjalda þess, að þeim er fátæklega fylgt úr hlaði af minni hendi. Mjer er óljúft að teygja lopann með löngum lofræðum um menn, og læt jeg skeika að sköpuðu, hvernig deildin fer með þessa till.

Þá vildi jeg drepa á örfáar brtt. á þskj. 457. Þar er brtt. frá hv. 1. landsk. (SE), um styrk til fjelagsins Landnáms. Jeg verð að segja, að jeg á dálítið örðugt með þessa till. Jeg viðurkenni, að þetta er gott fjelag, en mjer finst eðlilegast, að Búnaðarfjelag Íslands hafi yfirumsjón þessara mála, og þaðan fengi fjelag eins og þetta styrk. Það má vel vera, að styrkurinn til Búnaðarfjelagsins sje of lítill til þess, að það geti látið nokkuð teljandi af hendi rakna. En hjer virðist, ef gengið er inn á þessa braut, að mörg fjelög gætu orðið sett á stofn, sem þá yrðu hliðstæð við þetta fjelag. En það er langeðlilegast, að öll þessi ræktunarfjelög

starfi undir yfirstjórn Búnaðarfjelagsins. Þá er 24. brtt. á sama þskj., um styrk til Gunnlaugs Briems, að fyrir „lokanám“ komi „framhaldsnám“. Jeg skildi „lokanám“ í frv. þannig, að ekki yrðu veittir fleiri styrkir þessum manni. Með því að samþykkja þessa brtt. finst mjer bent í þá átt, að styrkur þessi geti haldið áfram, en það hjelt jeg, að væri ekki tilætlunin.

Þá eru þrjár brtt. frá hæstv. fjrh. (JÞ), XXIX—XXXI, eftirgjafir á lánum til þriggja hreppa, að liðirnir falli niður. Jeg sje ekki, hvernig hægt er að sigla þessum brtt. framhjá þingsköpunum. Mjer sýnist hjer vera alveg sama mál á ferðinni og felt var við 2. umr. fjárlaganna. Jeg skal ekki fara langt út í þetta, en vænti þess, að hæstv. forseti segi til, hvort hann telur fært að láta þetta koma til atkvæða. Jeg tel mig ekki skyldan til að greiða atkv. um þessar till. Jeg gerði það við 2. umr. og þykist ekki þurfa að gera það aftur.

Jóhann Jósefsson: Jeg ætla að fara nokkrum orðum um þær brtt., sem jeg flyt eða er riðinn við. Það er þá fyrst XVIII. brtt., sem jeg flyt ásamt hv. 1. og 3. landsk. (SE og JJ). Fyrri lið þeirrar till., um styrk til Sigurðar Skagfeldts, flutti jeg við síðustu umr. og sje ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þann mann en jeg gerði þá. Jeg skal geta þess, að það er mitt álit og margra annara, að sá maður geti fyllilega komið til greina, þegar úthlutað er styrk til söngnáms. Um b-lið till. hefi jeg lítið að segja, enda hefir hv. 1. landsk. talað rækilega fyrir honum. Jeg heyrði til þessa manns fyrir nokkrum árum og virtist hann þá efnilegur söngvari. Síðan hefir hann varið miklum tíma til að fullkomna sig.

Þá hefi jeg tekið upp af nýju styrk til Guðbrands Jónssonar til að semja íslenska miðaldamenningarsögu. Þessi liður var upphaflega í fjárlagafrv. stjórnarinnar, en var feldur í Nd. Jeg held, að þetta hafi ekki verið fyllilega rjettmætt, því eftir upplýsingum, sem jeg hefi fengið um, hvað maður þessi hefir unnið fyrir styrkinn, hygg jeg, að hann hafi fullkomlega átt skilið að fá hann. Verkefni það, sem hann hefir valið sjer, er víst ekki ómerkilegra en mörg menningarsöguatriði, sem menn hafa tekið sjer fyrir hendur að rannsaka. Mjer er kunnugt um, að hann hefir samið 16 prentarkir, sem Bókmentafjelagið hefir tekið til prentunar. Hann hefir rannsakað handrit í Árnasafni og varið miklum tíma til að tína saman handritaslitur á bókaspjöldum. Hefir honum hepnast með þessum rannsóknum að koma saman einu heilsteyptu handriti. Á þessum spjöldum hefir hann fundið 14 miðaldasálmalög, sem hvergi eru til annarsstaðar og eru líklega íslensk. Jeg gæti talið fleira, en ætla þó að nema hjer staðar. Jeg skal aðeins geta þess, að þegar sambandslaganefndin var að rannsaka í Khöfn í sumar, hvaða gripi skyldi heimta úr dönskum söfnum samkvæmt kröfu frá Alþingi, þá naut hún aðstoðar þessa manns. Það sýnir, að hann hefir verið álitinn vel fær til þess að gefa leiðbeiningar um það efni. Jeg treysti því, að þessi styrkur verði tekinn upp aftur.

Hv. 3. landsk. hefir minst á brtt. viðvíkjandi Ólafi Hvanndal og það, að við vegna andúðar þeirrar, sem eftirgjöf á viðlagasjóðslánum hefir mætt, höfum breytt til og farið fram á styrk í eitt skifti fyrir öll, 2000 krónur, til myndamótunarstarfsemi. Hv. 3. landsk. er þessu máli kunnugri en jeg, enda lýsti hann því svo vel, að jeg þarf engu við að bæta.

Aðeins skal jeg geta þess, að mjer er kunnugt um, að viðkomandi maður, Ólafur Hvanndal, á við fjárhagslega örðugleika að búa, því að iðn þessi, þó nauðsynleg sje, mun gefa fremur lítið af sjer.

Eins og hv. 2. þm. S.-M. (IP) drap á, flutti jeg við 2. umr. samskonar till. um rafstöð og feld var fyrir honum við þá umr., nema hvað mín till. fór fram á mun lægri upphæð. Þegar jeg sá, hvaða afdrif hans till. fjekk, þótti mjer tilgangslaust að bera mína upp. Jeg skal ekki víta þá stefnu, sem virðist ríkjandi í þinginu nú eins og í fyrra, að vilja forðast sem mest ábyrgðir fyrir einn eða annan. Það er víst góð stefna, þegar hægt er að koma henni við, og vegna þeirrar stefnu hefir víst till. hv. 2. þm. S.-M. verið feld.

Jeg get ekki sagt það sama um mitt kjördæmi og hann um sitt, að það sje svo vel stætt, að í raun og veru þurfi það ekki á þessu að halda. Vestmannaeyjar eru ekki vel stæðar sem sveitarfjelag nú sem stendur, þó von sje um, að úr því rakni, þegar fyrirtæki þeirra fara að gefa af sjer arð. Það ætti ekki að vera nein áhætta fyrir ríkissjóð að veita þetta lán eins og farið er fram á í brtt. minni. En á hinn bóginn er það svo, eins og jeg tók fram við 2. umr., að bærinn getur ekki hliðrað sjer hjá því að efla rafstöðina. Það hefir verið dregið í lengstu lög, en nú er svo mikill skortur á rafmagni, að stækkun stöðvarinnar er óumflýjanleg, enda er auðsjeð, að stærri stöð ber sig tiltölulega betur, því að þó vjelaafl sje aukið að nokkrum mun, þurfa ekki allir útgjaldaliðir að hækka í jöfnu hlutfalli; mannahald t. d. eykst lítið. Jeg vona, að þessari till. minni verði tekið vel í deildinni, og jeg þakka hv. 2. þm. S.-M. þá yfirlýsingu, að hann mundi fylgja því máli.

Jeg skal geta þess, að till. mín á þskj. 457 er ekki fullkomin. Það vantar aftan við hana um lánskjörin og til hve langs tíma lánið skuli veitt. Jeg hefi því búið til viðaukatill., svo hljóðandi:

„Aftan við tillögugreinina bætist: Lánið veitist til 15 ára með 6% vöxtum og jöfnum afborgunum á hverju ári.“

Jeg afhendi hæstv. forseta þessa viðaukatill. og vona, að deildin leyfi, að hún komi undir atkvæði um leið og hin till. er borin upp.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg skal fyrir mitt leyti verða sem stuttorðastur; en hinsvegar er það svo, að jeg verð víða við að koma. Býst við að verða að víkja að flestum ef ekki öllum brtt. Mjer þykir fyrir mitt leyti hentugast að taka mælendaskrána í röð eins og hún liggur fyrir. Reyndar er hæstv. fjrh. ekki við, sem fyrstur tók til máls. Um till. hans hefi jeg sáralítið að segja. Þrjár af þeim eru aðeins til skýringar. 3. brtt. á þskj. 457 raskar ekki útkomu fjárlagafrv. Eins og hæstv. ráðh. tók fram, er þessi brtt. fram komin fyrir þá skuld, að nú er ætlað samkv. þáltill. í Nd., að tillag frá Vestmannaeyjum til útgerðar skipsins Þórs verði aðeins 15 þús. kr., í stað 25 þús. Nefndin er þessu fyllilega samþykk.

Viðvíkjandi 2. brtt., frá hæstv. fjrh., hefir nefndin ekkert á móti, að hann falli niður, með þeim skýringum, sem hann hefir gefið og hæstv. forsrh. (JM) hefir tekið gildar, að presturinn fái þessa erfiðleikauppbót greidda úr prestlaunasjóði.

Þá er till. hæstv. fjrh. nr. XXIV. Hana er ekki að skoða öðruvísi en sem leiðrjettingu. Það var víst ekki öllum nefndarmönnum ljóst, eða þdm., að þessi maður var búinn að ljúka námi í þessari grein. Nú hefir hæstv. fjrh. upplýst þetta,

og þá er ekki rjett að kalla það lokanám, ef menn bæta við sig einhverju námi. Þó hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hafi gert aths. um þetta, þannig að ef þessu er breytt, gæti af því leitt, að maðurinn fengi styrk til framhaldsnáms koll af kolli, þá kemur það ekki til greina, úr því að búið er að yfirlýsa því, að það sje ekki meiningin með till.

XXVI. till., sem er frá hæstv. fjrh., verður einnig að skoðast sem leiðrjetting, og hefir nefndin ekkert á móti henni að segja.

Þá eru aftur á móti brtt. hans nr. XXIX, um eftirgjafirnar. Það er áður upplýst, hvernig meiri hl. nefndarinnar hefir litið á þær eftirgjafir, og þarf ekki þar við að bæta. En hinsvegar getur verið nokkuð álitamál um það, hvort þessar brtt. megi komast að samkv. þingsköpum. Heyrðist mjer það á ræðu hv. 1. þm. Eyf., að hann áliti það ekki leyfilegt. Jeg veit ekki, hvernig nefndin lítur á þetta þingskapaspursmál, en jeg lít svo á, að þetta sje fullkomlega leyfilegt. Miklu fremur er það þingskapabrot að bera þessa liði upp alla saman í einu heldur en að greina þá sundur og bera upp hvern fyrir sig. Jeg get tekið ógnar einfalt dæmi. Það er frv., sem við höfðum fyrir skömmu með höndum, um veitingu ríkisborgararjettar. Þar var talið sjálfsagt að bera hvern lið upp út af fyrir sig. Nú getur það átt sjer stað, að þær upplýsingar kæmu fram, að deildinni þætti með öllu óverjandi að veita einhverjum af þessum mönnum, sem um væri að ræða, ríkisborgararjett. En eftir þeim skilningi, sem hv. 1. þm. Eyf. ljet uppi, ætti þá að vera algerlega ómögulegt að breyta því. Einnig má benda á annað algengt dæmi. Við 2. umr. hvers frv. er hver einstök grein borin upp út af fyrir sig og samþykt. En svo kemur það einatt fyrir, að við 3. umr. þykir nauðsynlegt að breyta einhverri sjerstakri grein eða fella úr, ef greinin þykir skaðleg. Annars skal jeg ekki fara frekar út í þetta. Það er mál, sem forseti hefir úrskurðarvaldið um.

Um till. frá hv. 1. þm. G.-K. (BK), um eftirgjöf til Gerðahrepps, er það að segja, að eftir því, sem á undan er farið, er það ekki nema eðlilegt, að þm. beri hana fram. Það liggur í hlutarins eðli, að svo framarlega sem hinar eftirgjafirnar fengju að standa óhreyfðar, þá hefir þessi hreppur eftir atvikum meiri rjett til eftirgjafar. Hv. þm. las upp hjer í deildinni skýrslur, sem sýndu, hversu illa þessi hreppur er staddur. Þar að auki höfum við haft þær skýrslur með höndum í nefndinni; svo að mjer er óhætt að segja, að nefndin getur ekki snúist á móti þessari beiðni, svo framarlega, sem hinar eftirgjafirnar fari í gegn. Enda væri engin sanngirni í öðru; því að þótt mönnum sje ekki vel kunnugt um hag hinna þriggja hreppa, sem hjer er um að ræða, þá hafa að minsta kosti legið fyrir reikningar Árneshrepps. Og það verð jeg að segja, að ólíkt er að sjá hag þess hrepps í samanburði við hag Gerðahrepps. Hinsvegar vænti jeg þess af hv. flm., að verði hinar eftirgjafirnar feldar, taki hann sína till. aftur. Enda hefir hæstv. atvrh. (MG) talað hjer mjög hlýlega að því er snertir þessar till. og lofað öllu góðu um það, að hann mundi taka ástand þessara hreppa og annara, sem eru líkt á sig komnir, til alvarlegrar íhugunar síðar meir og reyna eitthvað að bæta úr hinum erfiðu kjörum þeirra, án þess að endilega þyrfti að koma til uppgjafar á viðlagasjóðsláni. Það er, eins og hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram, hál braut að fara að gefa eftir viðlagasjóðslánin. Hætt við, að reki hver beiðnin aðra um eftirgjafir, og þá verði loks að loka viðlaga-

sjóðnum fyrir öllum lánum, því að þá væri aldrei trygging fyrir því, að nokkurt lán úr honum kæmi til baka.

Viðvíkjandi till. sama hv. þm. (BK) get jeg ekkert sagt fyrir hönd nefndarinnar, með því að hún er svo seint fram komin, að nefndin hefir ekki átt kost á að koma sjer saman um hana. En frá mínu sjónarmiði vil jeg segja, að þar sem svo margt nauðsynlegt verður að bíða, þá getur þetta beðið um stund, sjerstaklega með tilliti til þess, að þegar er nokkur girðing um húsið. Kæmi það til að taka sig einkennilega út, ef tvær girðingar yrðu kringum húsið. Yrði girðing utan við girðingu á parti.

Hæstv. forsrh. (JM) tók næstur til máls. Um hans ræðu hefi jeg sama sem ekkert að segja. Jeg er honum samþykkur í því að fella niður styrkinn til Ögurþingaprestsins, þar sem hann lýsti því yfir, að hann fengi sem því svaraði úr prestlaunasjóði.

Frá hæstv. forsrh. er fram komin brtt. við XXIII. brtt. á þskj. 457, um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni til Dalasýslu til Hjarðarholtsskólans. Þessu vill hæstv. ráðh. breyta þannig, að það verði styrkur til Dalasýslu vegna halla á skólahaldi í Hjarðarholti. Þó að um sömu upphæð sje að ræða og komi í sama stað niður fyrir sýsluna, hvort veitt er, þá er það óneitanlega margfalt aðgengilegra að veita þessar 4 þús. í þessu formi. Og það er að vissu leyti ekki ósanngjarnt, að ríkissjóður hlaupi undir bagga með þessari sýslu fyrir það óhapp og tap, sem hún hefir beðið af því að ráðast í þetta skólahald. Þótt tala megi um of mikinn ákafa um það að koma upp skólum, þá er ekki hægt að lá slíkt einu hjeraði fremur en öðru.

Þá ljet hæstv. ráðh. (JM) í ljós, að hann væri ekki fullkomlega samþykkur tillögu nefndarinnar að lækka skáldastyrkinn um 2 þús. kr. Þótti nefndin hafa tekið helsti litla upphæð til þess að klípa af; taldi hann vandkvæði á að fá hæfa menn til að þiggja þennan styrk, eftir það að búið væri að tína svo marga einstaka, bæði skáld og listamenn.

Þá er næst hv. 3. landsk. (JJ). Fyrst er till. hans um að fella niður fjárveitingu til sendiherrans í Kaupmannahöfn. Eins og allir sjá, er hjer um 45 þús. kr. að ræða, og væri það vitanlega gott og blessað að geta sparað slíka upphæð. En meiri hluti fjvn. lítur svo á, að það sje ekki unt. Það stóð nú svo á, er sendiherraembættið í Kaupmannahöfn var lagt niður, að þá höfðum við ágætum manni á að skipa, er allir flokkar báru mikið traust til að fara með þessi mál um stundarsakir. Og væri hann fús til þess áfram, mætti segja, að lítil ástæða væri til að endurreisa sendiherraembættið nú þegar. En eins og skýrt hefir verið frá, hefir maður þessi óskað að vera leystur frá þessu starfi, sem hann hefir gegnt með prýði þann tíma, sem hann hefir haft það á hendi, og jeg get ekki skilið, hvernig þingið ætti að þvinga hann til að gegna því áfram. Það getur því ekki verið um annað að ræða en að veita honum þessa lausn, sem hann hefir beðið um. Enda væri það lítil virðing eða þakkarskuld, sem við sýndum þessum manni fyrir gott og vel unnið starf, ef við yrðum ekki við ósk hans um lausnarbeiðnina.

Og hvert eigum við þá að fara?

Mjer vitanlega er enginn sá Íslendingur í Höfn, er við getum borið það traust til að fara eins með þessi vandamál þjóðarinnar eins og Jón Krabbe gerir. En hins-

vegar getum við ekki falið það dönskum manni, þótt fáanlegur væri. Mjer skilst því, að hjer sje ekki um annan veg að ræða en að endurreisa sendiherraembættið í Kaupmannahöfn. Við komumst hvort sem er ekki hjá því að hafa þar mann. Hjer er um tvö sjálfstæð ríki að ræða, sem eru í „personalunion", og úr því sambandsríkið sendir hingað sendiherra, sem er búsettur hjer, verðum við að gera sömu skil og hafa sendiherra búsettan í Kaupmannahöfn. Þetta er ekki aðeins kurteisisskylda, heldur er þetta þjóðarmetnaður. Það liggur í augum uppi, að okkur getur verið afarnauðsynlegt að hafa slíkan mann búsettan í Höfn, ekki vegna Dana eingöngu, heldur vegna svo margs annars, sem við höfum saman að sælda við önnur ríki, er sá maður mundi gera samninga um fyrir okkar hönd. En svona mann eins og Jón Krabbe er ekki hægt að senda fram og aftur til Svíþjóðar, Noregs eða Englands, en gagnvart öllum þessum ríkjum höfum við hagsmuna að gæta, og þau störf mundi sendiherrann annast fyrir okkar hönd. Reynslan hefir líka sýnt okkur, að við höfum fulla þörf fyrir svona mann. Allir flokkar eru nú sammála um og viðurkenna, að lausnin á kjöttollsmálinu mundi hafa orðið önnur, hefðum við ekki átt jafnágætum manni á að skipa eins og fyrverandi sendiherra okkar, Sveini Björnssyni, til þess að eiga í þeim samningum fyrir okkar hönd.

Þá mintist hv. 3. landsk. (JJ) á V. brtt., sem hv. 4. landsk. (IHB) er meðflm. að. En af því að hv. 4. landsk. talaði um hana líka, ætla jeg að hlaupa yfir hana í bili, en taka hana til athugunar, er jeg svara þessum hv. þm. (IHB).

Þá mintist hv. 3. landsk. sjerstaklega á mig vegna ummæla minna um VIII. brtt., um að greiða Kjartani prófasti í Hruna full laun, ef hann lætur af prestsskap og tekur við stjórn Suðurlandsskólans. Um það, sem hann vjek að mjer í ræðu sinni, verð jeg að segja, að hann umhverfði nokkuð orðum mínum, sem jeg get raunar fyrirgefið honum, vegna þess að jeg þykist vita, að hann hafi ekki gert það viljandi, því að hann var ekki við, er jeg flutti ræðu mína. Jeg tók það skýrt fram, að jeg teldi sjera Kjartan alls hróðurs og heiðurs maklegan. Hann hefir rækt köllun sína framúrskarandi vel í þau 35 ár, sem hann hefir verið þjónandi prestur. Jeg tók það líka fram, að jeg teldi ekki eftir ríkissjóði að greiða sjera Kjartani full laun, þegar hann ljeti af prestsskap, hvenær svo sem það yrði. Slíkt er ekki ilt fordæmi og má á margan hátt forsvara. Jeg sje ekki eftir, þó slíkur ágætismaður væri leystur frá embætti með fullum launum, þegar hann vildi hætta, eins og t. d. var gert við Bjarna Sæmundsson, þegar hann ljet af starfi sínu við mentaskólann.

En það, sem jeg hefi á móti þessu, eru skilyrðin, sem honum eru sett. Með þeim er hann leiddur í freistni að nota sjer þetta, og það held jeg, að honum sje ekki til góðs. Hann er maður á sjötugsaldri, þegar honum er boðið þetta, fjárhagur hans þröngur, og mundi kannske freistast til að taka því, þótt meinbugir sjeu á. Að sjera Kjartan sje reiðubúinn að taka við stjórn skólans, hvar sem hann stæði í hjeraðinu og með þeim launum, sem sýslusjóður sæi sjer fært að greiða, efast jeg um, að sje rjett. Jeg get ekki ímyndað mjer, að maður á sjötugsaldri breyti um stöðu og taki upp nýtt starf fyrir mun lægri laun en hann hafði áður og flytji þaðan, sem hann hefir svo lengi búið. En hitt get jeg betur skilið, að hann hefði viljað taka við skólastjórninni, ef

skólinn hefði verið reistur á Högnastöðum eða í námunda við Hruna, því að þá hefði hann getað tekið kapelán. Frá því sjónarmiði horfir málið alt öðruvísi við, því hefði honum ekki líkað skólastarfið, er hann fór að kynnast því, hefði verið hægt um vik fyrir hann að hverfa að sínu gamla starfi, er hann hafði svo lengi þjónað með heiðri og sóma. En segi hann af sjer prestsskap, er ekki um neinar útgöngudyr að ræða fyrir hann, færi svo, að honum fjelli ekki á einhvern hátt skólastjórnin. Hjer er erfitt hlutverk og um mikinn vanda að ræða fyrir hvern sem er, að taka við stjórn á skóla, sem reistur er af vanefnum og sárfátækt sýslufjelag á að kosta, sem sokkið er í óbotnandi skuldir, en á hinn bóginn ólgar óánægja hjeraðsbúa undir. Það er meira vandaverk en menn gera sjer í hugarlund að stýra því máli í höfn, svo að allir verði ánægðir. En jeg þekki svo skaplyndi sjera Kjartans, að hann mundi ekki hætta, þótt á móti bljesi, tæki hann á annað borð við skólastjórninni, heldur mundi hann berjast við í lengstu lög að halda skólanum uppi. Hinsvegar hefði honum verið í lófa lagið, ef skólinn hefði verið reistur á Högnastöðum, að hafa skólastjórnina með höndum 2 eða 3 ára bil ásamt prestsskapnum, og sleppa því þá, fjelli honum það ekki, og hverfa aftur að sínu fyrra embætti. En jeg þekki sjera Kjartan svo vel, að hann mundi ekki hætta við skólastjórnina á Laugarvatni eða annarsstaðar og halda áfram samkvæmt tillögu þessari sínum fullu prestslaunum, heldur stritast við örðugleikana á meðan kraftar hans entust.

Þar að auki er leiðin hættuleg fyrir sýslufjelagið, því jeg býst ekki við, að það noti sjer það að greiða sjera Kjartani lægri laun fyrir skólastjórnina en hann hefir áður haft. Heimilishagir hans leyfa honum ekki að taka lægri laun en hann hefir haft. En svo kemur hitt líka til athugunar, að maður, sem kominn er á sjötugsaldur, getur ekki stýrt skólanum nema skamma stund. Því ræður lífsins lögmál, sem allir verða að beygja sig fyrir. Og þá þarf að ráða annan skólastjóra, þegar sjera Kjartans nýtur ekki lengur við, og kæmi mjer þá ekki á óvart, að sýslunni reyndist erfitt að ná í annan eins skólastjóra fyrir 3 þús. kr. árslaun, þó að dýrtíðaruppbót fylgdi, og mundi því verða að hækka launin á annan hátt, ætti eftirmaður sjera Kjartans að gera sig ánægðan með þau.

Það er frá þessum tveimur hliðum sjeð, að jeg verð að vera á móti brtt. En hinu mótmæli jeg kröftuglega, að það sje óvild eða öfund gegn mínum gamla vini og bekkjarbróður, sem liggi til grundvallar. Honum vil jeg unna alls góðs og tel hann fyllilega maklegan hvers sæmdarauka, sem í boði væri.

Um eftirgjöfina til Dalasýslu sleppi jeg að ræða meira en jeg hefi gert í svari mínu til hæstv. forsrh. (JM).

Þá mintist hv. 3. landsk. á daufdumbraskólann og var mjer sammála um, að brýn þörf sje á viðbótarbyggingu við skólahúsið, en ljet þess jafnframt getið, að koma þyrfti þar upp blindraskóla og hæli fyrir önnur vanefna börn. Jeg efast ekki um, að full þörf væri á að koma upp slíkri stofnun, en skal ekkert um það segja, hvort hentugt muni að hafa það í sambandi við daufdumbraskólann. Annars skal jeg leyfa mjer að benda á annað, sem er hæli fyrir fábjána, er brýn nauðsyn væri til, að kæmist sem fyrst á stofn. Sem stendur munu vera um 100 fábjánar

í landinu, og eins og gefur að skilja, þá eru þeir alstaðar vandræðapersónur.

Í frv. þessu, er hjer liggur fyrir, mun vera 1000 kr. styrkur handa einum slíkum manni til dvalar erlendis. Nefndin og þingið hefir ekki haft á móti því að veita slíkan styrk, enda mun sýnt verða, að brýn nauðsyn sje til að hjálpa slíkum aumingjum, og því fremur, sem fólkið á heimilum sveitanna er mun færra en [illegible] áður var. Í annarihverri sveit er svo að segja fábjáni, sem koma þyrfti fyrir, vegna þess að heimilin geta ekki annast þá sem þyrfti. Jeg þekki t. d. eitt heimili í minni sveit, þar sem svo er ástatt, að einn slíkur krossberi er, og enginn kvenmaður nema móðirin til þess að annast um aumingjann, og hún oft sárveik; og svona getur það verið víðar. Þess vegna er spurning um, hvort heilbrigð skynsemi leyfi lengur, að ekkert sje gert aumingjum slíkum til bjargar.

Um 2500 kr. styrkinn til prentsmiðjunnar Acta get jeg sagt, að ekki væri nema gott og blessað, að þingið sæi sjer fært að veita hann, því óneitanlega væri það gaman, að geta gefið fornsögur okkar út með myndum og landabrjefum. En við getum ekki veitt okkur alt, sem löngunin þráir; til þess erum við of fátækir og smáir. Hinsvegar er mjer ekki ljóst, þótt styrkur þessi yrði veittur, hvort útgáfan yrði svo úr garði gerð, að almenningur gæti eignast bækurnar. Þetta kæmi því aðeins að fullu liði, að bækurnar yrðu ekki dýrari en svo, að almenningur geti keypt þær. Bækurnar mega ekki vera dýrari en útgáfa Sigurðar Kristjánssonar af Íslendingasögunum, til þess að alþýðu manna verði kleift að eignast þær.

Þá kem jeg að Rómaferðarstyrk til Finns Jónssonar málara. Nefndinni finst nóg komið af þessum utanfararstyrkjum inn í frv. og finst ekki hægt að bæta þar meiru við. Um verðleika mannsins og dugnað skal jeg ekkert segja, en nefndinni finst, að á þetta sje ekki bætandi, og leggur því á móti brtt.

Þá flytur sami hv. þm. (JJ) ásamt hv. 1. landsk. (SE) brtt. um 2000 kr. styrk til Páls Ísólfssonar í virðingarskyni. Nefndin verður að segja eins og er, að fyrir sitt leyti var henni mjög illa við, er brtt. þessi kom fram, og það af þeim ástæðum, að þó að þessi maður hafi leyst starf sitt mjög vel af hendi, þá sje hann enn of ungur til þess að honum verði veittur sjerstakur styrkur í virðingarskyni. Það er leiðinlegt mannsins vegna, að bera fram svona till., sem hv. þdm. neyðast til að vera á móti. Þessi maður fjekk styrk á sínum tíma til fullkomnunar í list sinni, sem honum hefir tekist vel. En það er ekki rjett gagnvart svo mörgum öðrum að þjóta strax í, er hann hefir gert arðberandi þann styrk, sem hann hefir fengið, að veita honum sjerstaka viðurkenningu. Að Páll Ísólfsson hafi með fullkomnun á listabraut sinni bætt fyrir alla þá styrki, sem mishepnast hafa, eins og hv. þm. (JJ) komst að orði, getur vel verið. En upp úr slíkri fullyrðing er þó tæplega það hafandi, að hv. deild eigi nú að bregða við og veita þennan styrk. Ef að þessu ráði yrði horfið, mætti segja, að líkt stæði á um bæði Ásgrím málara og Nínu Sæmundsson. Sá styrkur, sem þeim hefir verið veittur, hefir borið fullan árangur, að dómi þeirra manna, sem vit hafa á þeim hlutum. Þau ættu því að koma á eftir, væri Páli Ísólfssyni veitt þessi viðurkenning, sem brtt. fer fram á.

Nei, við eigum að geyma okkur það

þangað til menn fara að reskjast, að veita slíkar viðurkenningar, nema þá að sjerstaklega standi á, eins og t. d. um frú Björgu Þorláksdóttur doktor, sem er eina íslenska konan, er gert hefir fræðimensku að æfistarfi sínu.

Við höfum átt afbragðsmann á sama sviði og Pál Ísólfsson, og eigum enn, þar sem er Sveinbjörn prófessor Sveinbjörnsson, og þó hefir ekki verið fengist um að veita honum viðurkenningu fyr en á elliárum hans.

Þá kem jeg að brtt. hv. 3. landsk. um 3 þús. kr. styrk til bryggjugerðar í Búðardal. Jeg verð nú að segja fyrir mig, að jeg man ekki til, að erindi um þetta efni hafi legið fyrir fjvn. *(JJ*: Það er nýkomin áætlun vegamálastjóra; kom fyrst í gær). En þessa áætlun hefi jeg ekki sjeð, og nefndin heldur ekki, að jeg held, svo jeg get ekkert um það dæmt, hvaða nauðsyn beri til að ráðast í þetta fyrirtæki. Læt því vera að minnast frekar á þessa brtt., en lýsi því yfir fyrir mitt leyti, að jeg muni að svo vöxnu máli ekki geta greitt henni atkvæði.

Um till. hv. sama þm. (JJ) um eftirgjöf á láni Ólafs Hvanndals er það sama að segja og um hina, sem hann flytur um eftirgjöf á láni til Dalasýslu, að till. þessi er komin í annað horf, og býst jeg því við, að atkv. nefndarinnar sjeu óbundin um hana.

Þá kem jeg að síðustu brtt. þessa hv þm. (JJ), um 1500 kr. styrk handa Ólafi Marteinssyni til þess að safna alþýðuvísum og öðrum fróðleik. Það er nú svo, að smekkur manna er mismunandi um þetta efni, og jeg get sagt fyrir mig, að jeg hefi engan smekk fyrir allskonar vísnarusl, sem gengur manna í millum, og jeg held nefndin ekki heldur. Auk þess er kunnugt, að ýmsir fleiri fást við slíka söfnun, og eru misjafnir dómar manna um það.

Þá held jeg, að jeg hafi gert hv. 3. landsk. nokkur skil, og sný mjer þá næst að háttv. 2. þm. S.-M. (IP). Jeg var þá ekki inni í deildinni, er hann hóf mál sitt, en kom síðar, og býst því við, að ummæli hans hafi aðallega snúist um till. hans um hækkun á styrknum til þess að reisa barnaskóla. Nefndin lítur svo á, að vart sje gerlegt að fara hærra með þennan lið en komið er. Hann hefir nú verið færður upp um helming frá því, sem hann var í frv. stjórnarinnar. En þessi brtt. mun vera sprottin af umhyggju hv. flm. (IP) fyrir barnaskólanum í Nesi. En nú hefir mjer skilist, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að þessi skóli geti orðið aðnjótandi einhvers af þeim styrk, sem nú er áætlaður, og ætti því brtt. að vera óþörf, enda mun fjvn. greiða atkv. móti henni.

Hvað snertir það, sem hv. 2. þm. S.-M. hjelt fram, að Norðfjörður greiði svo mikið í tollum og sköttum til ríkissjóðs, að nema mundi 240 kr. á mann, þá efast jeg um, að svo sje, að þorpsbúar greiði sjálfir svo mikið. Það mun vera mikil skipakoma á þessum stað, og mun mikið af þessu fje koma frá þeim. Það mundi líka sýna sig, ef það væri athugað, að ekki yrði minna á mann hjer í höfuðstaðnum, ef ætti að eigna Reykvíkingum sjálfum öll þau gjöld, sem hjer eru greidd til ríkissjóðs.

Um till. hv. 1. landsk. (SE) um að hækka skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta þarf jeg ekkert að segja. Hæstv. forsrh. hefir lýst skoðun sinni á þessu atriði, og má skilja á honum, að hann sje ánægður með þá upphæð, sem nú er í fjárlögum, og telji hana nægilega, með þeim fyrirvara, að hann hafi leyfi til að bæta við, ef með þarf. Samkvæmt

því virðist engin ástæða til þess frá þingdeildarinnar hálfu að samþykkja þessa hækkun.

Þá hefir sami hv. þm. (SE) tekið upp aftur till. um sjúkrastyrk til Haralds Sigurðssonar, með þeim mun, að upphæðin er nú 900 kr., en var áður 1000 kr. Það liggur í hlutarins eðli, að afstaða þeirra, sem voru á móti 1000 kr., verður hin sama á móti 900 kr. Hjer er vitanlega ekki um svo mikið að ræða, að ástæða sje til að telja það eftir, ef þessi styrkur gæti orðið til þess, að þessi maður fengi bót á heilsu sinni. Hinsvegar gæti þetta orðið byrjun á öðru meira, að fleiri kæmu á eftir og sæktu um slíkan styrk til þingsins, og telur nefndin því varhugavert að gefa fordæmi í þessu efni.

Þá hefir hv. þm. (SE) flutt brtt. við 14. gr., um 800 kr. styrk til fræðslumálarits. Þessari till. er nefndin á móti. Henni þykir ekki ástæða til að styrkja sjerstakt rit í þessu efni, fremur en önnur. Það eru til sjerstök fræðirit, svo sem Prestafjelagsritið, Læknablaðið og Tímarit verkfræðingafjelagsins. Ef ætti að fara að styrkja eina stjett manna í þessu efni, þá væri engin ástæða til að skilja hinar eftir. Það virðist líka síst ástæða til að styrkja rit fyrir kennara, þar sem sú stjett er fjölmennust, og því flestir kaupendur.

Viðvíkjandi till. hv. þm. (SE) og annara hv. þm. um styrk til nýrra listamanna skal jeg taka það fram um þá alla, að nefndinni finst nóg komið af slíku og getur ekki mælt með neinum. Enda er töluverð upphæð veitt í fjárl. til styrktar skáldum og listamönnum, og ættu þessir menn að geta fengið styrk af því fje.

Þá er till. hv. þm. (SE) um að veita fjelaginu Landnám 5 þúsund króna styrk til nýbýlaræktunar. Nefndin vill ekki efast um, að þetta sje gott fjelag og hafi leitt töluvert gott af sjer, en henni virðist starfsemi fjelagsins ganga mest út á það að hlynna að Reykjavík, en slíka aðhlynningu vill nefndin ekki styðja, því að hún hefir vitanlega óbeinlínis í för með sjer aukna aðsókn að bænum og dregur fólkið úr sveitunum. En þar eru margar jarðir orðnar lítt byggilegar vegna þess að fólkið streymir úr sveitunum til kaupstaðanna. Og þó að hugsað væri til nýbýlaræktunar í sveitum, hefi jeg ekki trú á því, eins og nú standa sakir. Þar varðar mestu, sem annarsstaðar, að rjettur grundvöllur sje lagður, en hann er fólginn í bættum samgöngum. Meðan sá grundvöllur er ekki lagður, er óhugsandi, að smábýli geti þrifist í sveit. Það væri annað mál, ef breyting væri komin á samgöngurnar, t. d. járnbraut austur, þá lægi opið fyrir að taka nýbýlamálið til athugunar austur í Flóa eða annarsstaðar, en eins og nú standa sakir, væri það óðs manns æði að ganga inn á þá braut. Hinsvegar á fjelagið, að því leyti, sem það hefir unnið þarft verk hjer, viðurkenningu skilið, og finst mjer þess vegna, að Búnaðarfjelagið ætti að styrkja það. En ef þessu fjelagi væri veittur styrkur úr ríkissjóði, þá er hætt við, að fleiri kæmu á eftir. Það var sú tíðin, að búnaðarfjelögin voru fleiri en eitt, en menn sáu, að það var óheppilegt, og voru fjelögin því sameinuð í eitt, Búnaðarfjelag Íslands. Það veitir svo búnaðarsamböndunum styrk frá sjer, og ef það telur þetta fjelag styrks maklegt, þykir mjer ekki ólíklegt, að það veiti því einhvern styrk.

Þá flytur hv. 4. landsk. (IHB) ásamt hv. 3. landsk. (JJ) till. um að veita Skúla Guðjónssyni lækni 3 þús. kr. styrk til bætiefnarannsókna. Hv. þm. er kunnugt um það, hvernig jeg lít á þetta mál, og þó að till. hafi nú verið breytt frá því, sem áður var, er afstaða mín hin sama,

Þó að það eigi að líta svo út, að ekki sje verið að stofna nýtt embætti, finst mjer það liggja í loftinu, að svo eigi að verða að lokum. Ef þessi maður er ekki fær um að taka að sjer hjeraðslæknisembætti eða „praktisera", er það vitanlega meiningin að stofna nýtt embætti handa honum.

Þá er næst till. hv. 4. landsk. og hv. 1. þm. Eyf. um 1000 kr. styrk til Guðmundar Jónssonar frá Mosdal, til þess að halda uppi kenslu og námsskeiðum í trjeskurði og heimilisiðnaði. Hv. flm. er kunnugt um það, að meiri hluti nefndarinnar er þessari till. sinnandi. Meiri hlutinn telur ekki rjett að setja þennan mann hjá styrk. Þessi hv. deild feldi niður athugasemdina um styrkinn til heimilisiðnaðarfjelaganna, um að þau greiddu Guðmundi Jónssyni styrk af sinni upphæð, og ef þessi till. verður feld, er sennilegt, að sama aths. verði sett inn aftur í hv. Nd.

Jeg hefi nú minst nokkuð á till. hv. 1. þm. Eyf., bæði um till. hans um styrk til nýrra listamanna, í sambandi við aðra listamenn, og till. þá, sem hann flytur með hv. 4. landsk..

Um till. hv. þm. Vestm. hefi jeg einnig talað að því er listamennina snertir, og er þá næst till. hans um að veita Guðbrandi Jónssyni 1200 kr. styrk til að semja íslenska miðaldamenningarsögu Jeg held, að meiri hluti nefndarinnar sje með þeirri till. Meiri hlutinn lítur svo á, að það hafi verið óverðskuldað að fella þennan lið niður af fjárl., úr því að hann var þar kominn. Það hefði verið miklu betra að veita þennan styrk aldrei en að fara að fella hann niður nú. Þessi maður hefir líka sýnt það, að hann bæði vill vinna fyrir þessum styrk og er fær um það.

Að því er snertir till. hv. þm. (JJós) og hv. 3. landsk. (JJ) um eftirgjöf á viðlagasjóðsláni Ólafs Hvanndals, skal jeg geta þess, að um það eru óbundin atkv. í nefndinni. Sama er að segja um till. hv. þm. (JJós) um lán til Vestmannaeyja vegna rafveitunnar, enda horfir það nú öðruvísi við en áður. Nú er um að ræða lán, ef fje er fyrir hendi, en var áður ábyrgð. Hv. þm. kom fram með skriflega viðaukatill., en jeg hefi ekki heyrt hana. (*Forseti*: Jeg skal lesa till. upp). Þess gerist ekki þörf; jeg get hvort sem er ekki sagt neitt um hana frá sjónarmiði nefndarinnar.

Jeg held, að það sje svo ekki fleira, sem jeg hefi ástæðu til að minnast á.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það eru aðeins fáein orð, sem jeg vildi bæta við það, sem jeg sagði í dag, en sagði ekki þá vegna þess, að sumir hv. fjvn.-menn höfðu leyfi forseta til að vera ekki á fundi.

Mjer finst jeg þurfa að taka aftur töluvert af því lofi, sem jeg bar á hv. fjvn. við 2. umr. fjárl. Það kom sem sje í ljós, þegar til atkvgr. kom. að ekki var unt að treysta því, að nefndin stæði saman um nál. sitt eða tillögur. Það gilti ekki nema fyrir suma hv. nefndarmenn, því að við atkvgr. greiddu nokkrir þeirra atkv. á móti mörgum hinum veigamestu lækkunar- og burtfellingartillögum nefndarinnar, sem hin loflegu ummæli mín um nefndina aðallega voru bygð á. Jeg hefi engan rjett til að setja ofan í við hv. nefnd, og jeg ætla heldur ekki að gera það. En það er leiðinlegt og virðist óheppilegt, að eftir hverja umr., skuli fjárl. bera þess merki, að hv. fjvn. getur ekki staðið saman um sínar till. nema á pappírnum. Það er nú svo, að þessar stóru nefndir í báðum deildum geta ráðið ákaflega miklu um örlög fjárl., ef þær vilja og eru vel samstæðar. Það fór svo við 2. umr. hjer í þessari hv. deild, að fjárlagafrv. breyttist í beinu

áframhaldi af meðferð þess í Nd., tekjuhallinn hækkaði mikið. — Jeg ætla ekki að segja neitt um einstakar brtt. hv. þm.; það eru heldur ekki nema fáar, sem heyra sjerstaklega undir mig. En jeg ætla að láta í ljós þá ósk mína og von, að fjvn. og þessi hv. deild geti sjer þann orðstír nú við umr. og atkvgr., sem ætlast er til, að þessi deild sjerstaklega geti sjer, sem hin aðgætnari þingdeild, sem jafnan stöðvi, þegar hin deildin sýnist fara ógætilega, og sjerstaklega í fjármálum, ef hún virðist hafa gengið lengra á leið útgjalda en heppilegt er fyrir fjárhag ríkissjóðs og gjaldþol landsmanna.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil taka það fram, að mjer finst, satt að segja, þessar aðfinslur hæstv. fjrh. (JÞ) í garð fjvn. næsta barnalegar og öðruvísi en menn eiga að venjast úr þeirri átt.

Eins og hæstv. ráðherra veit, er nefndin kosin með hlutfallskosningu, og eru því nefndarmenn hvergi nærri samstæðir í skoðunum. Auk þess er það tekið fram í nál. um mörg atriði, að það er ekki öll nefndin, heldur meiri hluti hennar, sem stendur að till. nefndarinnar. Mjer finst þess vegna hæstv. fjrh. ekki hafa getað vænst þess, að nefndin stæði betur saman en hún hefir gert og mun gera í þetta sinn. Það var aðeins þetta, sem jeg vildi taka fram fyrir hönd nefndarinnar út af ræðu hæstv. fjrh.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla aðeins að svara hv. form. nefndarinnar fáeinum orðum. Jeg held, að það sje mjög slæm og óheppileg venja, sem hjer gildir, að fjvn. gefi út nál. í einu lagi, þó að þær klofni og ekki sje nema hluti af nefndinni, sem stendur að því. Það má auðvitað búast við því, að það verði sinn meiri hl. í hvert skifti, en það mun þó oftast fara nokkuð eftir flokkum. Það er venja víða annarsstaðar, þar sem jeg þekki til um þingvenju, að ef nefndir klofna í málum, gefa þær út sjerstök nál., hver hlutinn í sínu lagi. Við það er það unnið, að þá vita menn, að hverju er að ganga, bæði þeir, sem lesa þingtíðindin, og aðrir. Jeg get ekki sjeð neitt barnalegt við það, þó að jeg geti ekki lofað nefndin fyrir það að gefa út samhljóða álit og till., en klofna svo um hvorttveggja í veigamestu atriðunum, þegar til atkvgr. kemur.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg skal leyfa mjer að geta þess, að síðan jeg kom á þing, og jeg hefi setið lengur á þingi en hæstv. fjrh., veit jeg ekki til þess, að fjvn. hafi klofnað. Aftur á móti hefir þetta oft átt sjer stað með ýmsar aðrar þingnefndir í ýmsum öðrum málum, en jeg man ekki eftir því, að fjvn. hafi nokkru sinni klofnað eða gefið út tvö nál. Lof það, sem hæstv. fjrh. bar á fjvn. við 2. umr., var á engan hátt „pantað“ og var eflaust veitt af frjálsum vilja. *(Fjrh. JÞ:* Það er áreiðanlegt). Orðlengi jeg svo ekki um þetta frekar.

Halldór Steinsson: Mjer finst það megi ekki minna vera en að jeg segi nokkur orð til að þakka háttv. fjvn. og þessari hv. þingdeild allri fyrir góðar viðtökur og skilning, sem sýndur hefir verið gagnvart tillögum um fjárveitingar til míns kjördæmis, og á jeg þar við fjárveitingarnar til Stykkishólmsvegarins og til hafnarbóta í Ólafsvík, sem hvorttveggja fjekk góða afgreiðslu. Háttv. frsm. fjvn. (EP) mælti vel og rækilega fram með þessum fjárveitingum, enda þótt jeg, sem ennþá kunnugri maður á þessum slóðum

hefði getað fundið fleiri rök, ef þörf hefði verið. En hv. deild var fyllilega ljóst, að hjer var um nauðsynjamál að ræða, sem ekki þurftu frekari skýringa við.

Það kann nú einhverjum að sýnast hálffrekjulegt af mjer, er jeg ennþá við þessa umr. kem með brtt. til hækkunar og handa mínu kjördæmi, en ef menn vilja líta á, að hjer er aðeins um smáupphæð að ræða, einar 500 kr., sem verja á til góðra hluta og nauðsynlegra, vænti jeg, að háttv. deild taki vægt á þessu og leyfi því, að þessi litla fjárupphæð komist inn í fjárlögin. Kvenfjelagið á Hellissandi hefir í nokkur ár haft margvíslega líknarstarfsemi með höndum og látið margt gott sjer leiða. Fyrir liðlega hálfu öðru ári síðan rjeðist fjelagið í það að ráða í sína þjónustu hjúkrunarkonu og hefir síðan goldið henni fast kaup úr fjelagssjóði. Í slíkum sjávarþorpum og þessu eru híbýli manna talsvert lakari og þrifnaði yfirleitt meira ábótavant en í stærri kaupstöðum og kauptúnum með reglubundnara skipulagi, og þess vegna er í þesshátt smáþorpum við sjóinn almenningur ver við því búinn að taka við sjúkdómum og því öllu, er þeir hafa í för með sjer. Nú er kjörum þess fólks, sem býr þarna, þannig háttað og atvinnuháttum þess, að meiri hlutinn af íbúum þorpsins fer í brott að sumrinu vegna ýmislegrar atvinnu, og þá er venjulega ekki fleira eftir heima fyrir en húsmóðirin og börn, ef þau eru, og ef til vill eitthvað af eldra og lasburða fólki, og ef veikindi ber að höndum meðan svona er ástatt á heimilunum, eru kringumstæðurnar mjög erfiðar til að taka á móti sjúkdómum. Nú hefir kvenfjelagið þarna á Hellissandi ráðist í, og þó af litlum efnum, að hafa fasta hjúkrunarkonu til að greiða úr vandræðum almennings, ef sjúkdóma ber að höndum. En fjelagið er eignalítið og tekjur þess eru aðallega árgjöld meðlima þess og ef til vill einstaka sinnum ágóði af einhverjum skemtunum eða öðrum þesshátt samkomum. Hinsvegar hefir fjelagið margvísleg önnur útgjöld, þar sem það aðallega er góðgerðafjelag og útbýtir oft gjöfum meðal þeirra, sem þess þurfa við, svo sem matvöru, klæðnaði o. fl. Ef þessar 500 kr. fást samþyktar til styrktar starfsemi fjelags þessa, getur hv. þingdeild verið þess fullviss, að þessari fjárupphæð er fult eins vel varið og ýmsum öðrum fjárveitingum, sem veittar hafa verið.

Úr því að jeg stóð upp á annað borð, ætla jeg að fara nokkrum orðum um eina brtt. á þskj. 457. Það er V. brtt., um 3000 kr. til Skúla læknis Guðjónssonar. Jeg er hræddur um, að háttv. flm. brtt. þessarar skilji ekki vel, hvað þeir eru að fara í þessu efni, og að þeir sjái ekki, að þessi brtt. er blátt áfram fálm eitt út í loftið.

Það er alment viðurkent af læknum hvar sem er, að bætiefnarannsóknir eru merkileg vísindagrein, sem getur haft talsverða þýðingu fyrir lifnaðarhætti manna í ýmsum löndum, og er því sjálfsagt að styðja þessa vísindagrein til frekari fullkomnunar. Erlendis er nú víða kappsamlega unnið að allskonar bætiefnarannsóknum. Nú er það svo, að við Íslendingar eigum fyllilega aðgang að árangri þessara rannsókna, og þess vegna er eiginlega ekki veruleg ástæða til slíkra rannsókna hjer nema á þeim fæðutegundum, sem eingöngu eða mestmegnis eru notaðar af okkur sjálfum og því koma ekki til rannsókna annarsstaðar. Jeg lít svo á, að með þessari brtt. sje útilokað, að þessi tilgangur náist; mjer skilst sem sje, að á annan veg verði brtt. ekki skilin en að þessi rannsókn verði

að fara fram hjer á landi, en háttv. flm. vita ekki, hve mikið þarf til, til þess að þetta geti orðið. Það þarf t. d. m. a. alveg sjerstakar vinnustofur (laboratorium) og merkileg og dýr áhöld, og auk þess þarf að hafa og ala talsvert af dýrum til að framkvæma tilraunirnar á. *(IHB*: Þetta vitum við vel, og er óþarfi að taka þetta fram). Ef svo er, þá furðar mig enn meir á því, að þessi brtt. er borin hjer fram. Í stað þess hefði heldur átt að koma með brtt. um fjárframlög til að koma upp fullkominni rannsóknarstofu til bætiefnarannsókna. En til þess þarf allmikið fje. Jeg hefi talað við ýmsa lækna um þetta mál, og allir hafa þeir verið sömu skoðunar, þ. e. að það, sem brtt. fer fram á, væri fálm út í loftið. *(IHB*: Kemur mjer ekki á óvart, hvað þessir læknar hafa sagt). Háttv. þm. (IHB) ætti ekki að þykjast vera upp úr því vaxin að hafa ráð sjer fróðari manna um hvaða mál sem er. Margir af landsins bestu læknum hafa látið uppi það álit, að fjárveiting þessi væri þýðingarlaus eins og hún er stíluð. Þótt háttv. þm. (IHB) trúi því ekki, sem jeg segi, mun hún að líkindum trúa þessum mönnum, svo sem Gunnlaugi Claessen, Guðmundi Thoroddsen, Þórði Sveinssyni o. fl. o. fl. Nei, til að koma hjer upp bætiefnarannsóknarstofu hefði ekki veitt af tugum þúsunda, ef rannsóknastofan ætti að vera útbúin með öllu því, er þar til þarf. En eins og jeg sagði áður, eru fullkomnar rannsóknastofur víða erlendis og árangur starfs þeirra er öllum aðgengilegur, sem skilyrði hafa til að hagnýta hann. Að vísu hafa ekki verið gerðar verulegar rannsóknir á íslenskum fæðutegundum, en þó hafa nokkrar þeirra þegar verið rannsakaðar, og þarf auðvitað að senda þær vörur út, sem rannsaka skal; t. d. hafa nokkrar ísl. fæðutegundir verið sendar til Noregs til rannsóknar, þar á meðal t. d. íslenskt smjörlíki, og þetta hefir alls ekki orðið neitt tiltakanlega dýrt; það hefir kostað 170—180 kr. hver rannsókn. Þess vegna mætti fyrir þá upphæð, sem hjer er farið fram á að veita, láta rannsaka bætiefni í ca. 20 ísl. fæðutegundum. Það er því augsýnilegt, að af hagsýnisástæðum er ekkert vit í að veita þessa upphæð með þeim forsendum, sem hjer er farið fram á. Jeg vona, að háttv. þingmenn sannfærist alment um þetta. Það getur að vísu verið, að háttv. 4. landsk. (IHB) láti ekki sannfærast, og þykir mjer það leitt, að hún skuli ekki láta sjer segjast við umsagnir sjer fróðari og meiri manna í þessum efnum.

Sigurður Eggerz: Það vill oft verða svo, að lofið er hverfult í þessari syndugu veröld. Hæstv. fjrh. (JÞ) hældi nýlega (við 2. umr. fjárlagafrv.) háttv. fjvn. þessarar deildar fyrir dygðugt framferði, en nú tók hann alt þetta lof sitt aftur. Jeg hefi einnig haft ástæðu til að þakka háttv. fjvn. framkomu hennar í einni tillögu, um skáldkonuna norðlensku, en nú að síðustu verð jeg líka að taka alt mitt hrós um háttv. fjvn. aftur, því hún hefir gerst mjer skyndilega mótsnúin og erfið í viðskiftum. Jeg á við brtt. mína um hækkun á framlagi til skrifstofukostnaðar sýslumanna og bæjarfógeta úr 92 þús. upp í 100 þús. kr. Jeg hefi áður sýnt fram á, að þessir embættismenn verða mjög hart úti, og þarf ekki að endurtaka það alt aftur. En hæstv. forsrh. (JM) hjelt því fram, að í minni stjórnartíð, er jeg var forsrh., hafi þeir ekki verið betur farnir; t. d. hafi einu sinni aðeins verið áætlaðar 42 þús. kr. í þessu skyni, en jeg er búinn að skýra frá því áður, að þessi upphæð komst í fjárlögin af misgáningi og engu

öðru, enda sagði jeg þegar fjvn. frá þessu, svo það yrði lagfært. En á Alþingi stóð jeg í sífeldum erjum og nærri stöðugum deilum við fjvn. út af þessum málum. Jeg taldi mig ekki vera bundinn við fjárlagaupphæð þá, sem ætluð var til þessa, og sem dómsmálaráðh. taldi jeg mig hafa vald til að ákveða skrifstofufje sýslumanna eftir þörfum, enda var eitt árið goldið um 16 þús. kr. meira í þessu skyni en stóð í fjárlögum. Þegar lögin sjálf mæla svo fyrir, að sýslumenn skuli fá skrifstofufje og ferðakostnað við þingaferðir endurgreiddan úr ríkissjóði, er það allóviðfeldið, að þeir verði að greiða þetta úr sjálfs sín vasa. Þannig er t. d. upplýst, að sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu hefir kostað til embættis síns um 1000 kr., sem ríkissjóður hefði átt að greiða. Hæstv. forsrh. sagði, að kröfur sýslumanna væru svo misjafnar, þó að aðstæður þeirra væru mjög svipaðar. Jeg sje ekki ástæðu til að fara aftur nánar út í þetta mál, en læt mjer nægja að benda hæstv. ráðh. (JM) á, að aðstæður sýslumanna geta verið mjög ólíkar, þó að embættin sjeu talin vera jöfn að umsvifum; t. d. geta tekjur verið mjög svipaðar hjá tveimur sýslumönnum, en aðrar kringumstæður ólíkar; t. d. getur staðið svo á í einni sýslunni, að hægt sje að fá sýsluskrifara, sem hafi starfið sem aukastarf með einhverju öðru, en í hinni sýslunni verði að ráða mann með fullum launum til þess sama verks.

Hæstv. forsrh. sagði, að ekki mætti bera sýslumenn úti um land saman við lögreglustjóra eða bæjarfógetann í Reykjavík. Mjer sýnist, að auðsætt sje, að báðir eigi að fá greitt skrifstofufje sitt og kostnað umyrðalaust. Hví skyldi í þessu tilliti setja bæjarfógeta og lögreglustjóra hjer hærra en samskonar embættismenn úti um land?

Jeg mun að því er snertir aukatekjur þær, sem teknar voru af sýslumönnum á síðasta þingi, ekki endurtaka öll rök mín um það frá í fyrra. Aðeins með tilvísun til þess fullyrða, að fyrir hvaða dómstóli sem verið hefði, þá hefðu þeir unnið þetta mál. Því tilvísunin í aukatekjulögin var svo ákveðin, og í sjálfum athugasemdunum við stjórnarfrv. var tekið fram, við hvaða lög var átt.

Jeg endurtek, að það er mjög varhugavert fyrir þjóðfjelagið að hafa þá menn, sem innheimta eiga tekjur ríkissjóðs og sem trúað er fyrir miklu fje, jafnilla launaða og sýslumennirnir eru.

Þá kem jeg að brtt. minni um styrkinn til Páls Ísólfssonar. Jeg heyrði það á ræðu háttv. frsm. fjvn. (EP), að nefndin stóð gegn breytingartillögunni með mjög vondri samvisku. Og spaugilegt var, að ekki mætti viðurkenna Pál Ísólfsson af því að hann væri ekki nógu gamall. Nína Sæmundsson var yngri en Páll, og fjekk hún þó viðurkenningu fyrir þann sóma, sem hún gerði landinu.

Nei, hv. fjvn. á sannarlega ekkert lof skilið fyrir að taka svona í þessa tillögu. Þau lofsyrði, sem hún var að smeygja inn, voru í meira lagi hræsniskend, þegar hún svo ætlar að rjetta puttana upp á móti tillögunni. Og svo bætir háttv. fjvn. gráu ofan á svart, þegar hún leyfir sjer að bera það fram sem ástæðu, að Páll Ísólfsson hafi ekki nógu mikið af hvítum hárum í höfðinu til þess að fá slíka viðurkenningu! En þegar kvennaskólinn í Reykjavík er hjer til umr., þá hugsa þessir sömu menn sig ekki um að ausa út fjenu. (*IHB*: Svona, svona). Það mundi lýsa skilningi hjá hv. nefnd, ef hún sæi, að einmitt nú þarf Páll Ísólfsson að fá fjárhagslegan stuðning. Þegar heimurinn er búinn

að viðurkenna hann, fær hann nógu mikið í aðra hönd. Jeg vona, að hv. nefnd skilji, að jeg er henni alls ekki þakklátur, og vil jeg hjer með taka aftur alt það lof, sem jeg hefi á hana borið.

8. brtt. er viðvíkjandi prófastinum í Hruna. Jeg var að reyna að skilja rökstuðning hv. frsm. (EP), en mjer tókst það ekki. Jeg skil það svo, að þessi brtt. sje ekki fram komin til þess að ljetta undir með prófastinum, heldur til þess að greiða fyrir því, að Suðurlandsskólinn geti fengið sem bestan forstöðumann. Það er ósköp eðlilegt, að þeir menn, sem þarna standa að, vilja hafa fyrsta forstöðumann skólans slíkan sem sjera Kjartan í Hruna. Bróðir hans hefir verið forstöðumaður kennaraskólans síðan hann var stofnaður, og hygg jeg, að engum blandist hugur um, hvernig þeim skóla hefir verið stjórnað. Jeg kom einu sinni á fund austur við Þjórsá, og þar komu fram einróma raddir um að fá sjera Kjartan til að veita Suðurlandsskólanum forstöðu. Jeg gat ekki skilið andmæli hv. frsm. í þessu sambandi. Hann talaði um, að þetta væri svo mikil freisting fyrir sjera Kjartan! og væri hætta á, að hann fjelli fyrir þeirri freistingu. Þó að þessi tillaga verði samþykt, þarf hann ekki að taka skólann fyrir því. Hann gerir það, ef honum sýnist. En ef svo færi, að hann, sem nú er orðinn gamall maður, þyrfti að hætta, er það ekki svo óskaplegt, þó að hann fengi þessa viðurkenningu á eftir.

Það er annað í þessu máli, sem jeg skil ekki. Ef sjera Kjartan tæki við skólanum, yrði svo miklum örðugleikum bundið að fá næsta mann, sagði hv. frsm. Þá yrði að hækka hans laun, en þá er líka skólanum komið á fastari fót. Mjer fanst nokkuð mikill böglingur í þessum rökstuðningi hv. frsm.

Þá kem jeg að 28. brtt., um styrk til fjelagsins Landnáms. Þarna kom það sama fram hjá meiri hluta hv. fjvn. eins og þegar hún var að tala um Pál Ísólfsson. Hann viðurkendi, að málefnið væri ágætt, en hann gæti ekki sint því. Einnig var hv. frsm. hræddur um, að þetta yrði til þess að draga fólkið til bæjanna. Þetta er undarlega á litið hjá hv. frsm., því að nýbýlarækt mundi einmitt verða til þess að draga fólk úr kaupstöðunum og í sveitirnar. Þá skildist mjer á hv. frsm., að ekki gæti orðið úr neinum framkvæmdum í þessu efni fyr en járnbraut væri komin austur. Nei, þessi tvö mál finst mjer verða að skilja í sundur.

Jeg hefi þegar sýnt fram á, að hjá nágrannaþjóðunum er mikil áhersla lögð á nýbýlarækt. Í Noregi er fjelagi í því skyni veitt ein miljón króna árlega, sem stjórn þess sjálf ræður yfir, og í Danmörku eru sömuleiðis veittar miljónir til þessarar starfsemi. Jeg sje ekki, hvers vegna menn ættu ekki að hafa áhuga fyrir þessu máli hjer eins og þar. Væri það t. d. ekki ákaflega holt og heppilegt, ef menn í hjáverkum sínum frá því að stunda sjó ræktuðu landið? Þetta er starfsemi, sem jeg hika ekki við að segja, að Alþingi beri skylda til að hlúa að. Jeg er hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) þakklátur fyrir, að hann lítur svo á, að Búnaðarfjelagið eigi að leggja til þessarar starfsemi. En eins og nú er ástatt um Búnaðarfjelagið, er varla hægt að gera þær kröfur til þess. Svo framarlega, sem styrkurinn til þess er hækkaður, væri mjer auðvitað sama, þó að stuðningur til nýbýlaræktunar kæmi úr þeirri átt.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, en jeg vænti þess, að þó að hv. meiri hl. fjvn. sje á móti till., sýni deildin samt, að hún hefir trú á málinu, því að þetta

er áreiðanlega eitt af þeim málum, sem á mikla framtíð hjá þjóðinni.

Jóhannes Jóhannesson: Hv. 1. landsk. (SE) fann ástæðu til að fara að dæmi hæstv. fjrh. (JÞ) og taka aftur það lof um fjvn., sem hann hafði á hana borið. Fyrir hönd nefndarinnar skal jeg segja hv. 1. landsk. það sama og hæstv. ráðh. (JÞ). Um það lof var ekki beðið af fjvn. og hún mundi hafa borið fram till. sína um styrk til skáldkonunnar Kristínar Sigfúsdóttur, þó að hv. 1. landsk. hefði þar hvergi nærri komið. Það gleður mitt hjarta sem íhaldsmanns, að hv. 1. landsk. skuli hafa tekið ráðherra Íhaldsflokksins, hæstv. fjrh. (JÞ), sjer til fyrirmyndar, og jeg vil ráða honum til að gera það í sem flestu.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg ætla að svara með örfáum orðum þeim athugasemdum, sem fram hafa komið gegn brtt. hv. 3. landsk. (JJ) og mín. Hv. þm. Snæf. (HSteins) fann ástæðu til að fara um hana mjög hörðum orðum. Hann notaði orð eins og fálm út í loftið, fljótfærni, fáviska o. s. frv. Við 2. umr. talaði jeg fyrir þessari brtt. og gat þess þá, að jeg teldi nauðsynlegt, að þessi umræddi styrkur yrði veittur Skúla Guðjónssyni, til þess að hann gæti haldið áfram bætiefnarannsóknum sínum erlendis. Þá mintist jeg á fjöruskjögur, og að því loknu benti jeg á, að Skúli Guðjónsson hefði einnig lagt fyrir sig heilbrigðismál. Ekkert af þessu mintist hv. þm. Snæf. á, og virðist hv. þm. því hafa lokað hlustunum fyrir aðalatriðunum í till. þeirri, sem hjer um ræðir, og mætti því vísa einhverju af „fálminu" heim til föðurhúsanna. Þó að jeg sje ekki læknir og hafi ekki þá sjerþekkingu til brunns að bera, sem geti sannfært hv. þm. Snæf., vil jeg taka það fram, að það er ekki fálm út í loftið, að við hv. 3. landsk. berum fram þessa tillögu. Við vissum vel, hvað við vorum að fara fram á. Hjer er um tvent að ræða, að Skúli Guðjónsson geti haldið áfram rannsóknum sínum í Danmörku, því að hjer eru sem stendur engin tök á að fást við slíkar rannsóknir, og að hann geti að því búnu horfið heim og helgað krafta sína heilbrigðismálunum. Hv. þm. Snæf. sagði, að það væri alveg útilokað, að við gætum fengið bætiefnarannsóknir á okkar fæðutegundum, ef ætti að fara að káka með þetta hjer heima. Þetta nær engri átt. Í fyrsta lagi höfum við aldrei haldið því fram, að þessar rannsóknir ættu að fara fram hjer heima, og í öðru lagi hygg jeg ekki, að búið sje að senda út mikið af þeim fæðutegundum, sem á að rannsaka. Þetta vildi jeg biðja hv. deildarmenn að athuga, og þá einkum hv. þm. Snæf. Og enda þótt hann tilfæri, að Thoroddsen, Claessen og Þórður Sveinsson sjeu á sinni skoðun, þá sannfærir það mig ekki um, að einmitt á þessu sviði þurfi ekki að gera meira en gert hefir verið hingað til, og síst er vanþörf á að miðla almenningi þekkingu á heilbrigðismálum og hollustuháttum.

Jónas Jónsson: Jeg hefði þurft að svara hæstv. forsrh. (JM) ýmsu, sem fram hefir komið hjá honum í sendiherramálinu, en því miður er hann ekki við. Jeg hafði fært rök að því, að það væri undarlegur snúningur að hafa verið með því að leggja niður sendiherraembættið fyrir 2 árum og selja húsið, en vilja nú stofna embættið af nýju. Jeg varð forviða á því, hvað hæstv. forsrh. svaraði þessu með veigalitl-

um rökum. Hann sagði, að það væri ekki rjett að kalla húsið embættisbústað, því að sendiherrann hefði átt það sjálfur, en það leit út fyrir, að hæstv. stjórn skoðaði sig sem eiganda, þar sem hún hljóp undir bagga með því að leggja fram peninga upp í tap á húsinu. Ef byrjað er á embættinu aftur, er ekkert því til fyrirstöðu, að stjórnin heimti hús af nýju.

Ennþá meira furðaði mig á því, að hæstv. ráðh. (JM) skyldi í sambandi við þetta gefa í skyn, að Krabbe væri ekki íslenskur. Jeg veit, að þetta hefir líka verið gert af einum þm. í hv. Nd. En það er ekki altaf hægt að fara eftir þjóðerni. Við höfum á Íslandi haft dansk-íslenska menn, sem hafa litið á íslenska hluti í gegnum dönsk gleraugu, og við höfum haft aldanska menn, sem hafa verið fyrir Ísland eins og hinir bestu Íslendingar, t. d. Rask. Jón Krabbe er að vísu að nokkru af erlendri ætt, en hefir jafnan sýnt, að hann vill vinna fyrir íslensku þjóðina eins og bestu menn hennar hafa gert. Mjer finst því mjög óviðeigandi hjá hæstv. ráðh. (JM) að tala um danskt þjóðerni í þessu sambandi. Í sumar, þegar jeg hitti hann, áttum við tal saman um ýms nauðsynjamál þjóðarinnar, og jeg hefi ekki fundið marga háttsetta embættismenn hjer, sem höfðu eins heilbrigðar skoðanir og hann, og jeg harmaði, þegar jeg hafði átt tal við hann, að við skyldum ekki eiga fleiri slíka menn hjer heima við forstöðu opinberra mála.

Hæstv. ráðh. (JM) veit það vel, að jeg er ekki í fjvn. og hefi því ekki haft aðgang að plöggum þeirrar nefndar, svo að þessi brjef, sem hann var að tala um, eru mjer með öllu ókunn. En því get jeg vel trúað, að þegar Jón Krabbe veit, að stjórnin er búin að gera samning og það er á allra vitorði, að endurreisa eigi sendiherraembættið, vilji hann ekki vera að trana sjer fram. Hæstv. ráðh. (JM) nefndi ekki, að þessi mikla stefnubreyting, sem varð í fyrra, hefði komið af því, að þegar borið var fram vantraust á stjórnina, sem þá var tæp, komust þessir samningar í lag á milli hæstv. stjórnar og hv. þm. Dal. (B-J). Þetta sýna atkvgr. hæstv. ráðh. (JM) þá og nú. Jeg held því, að það væri rjettara að leita orsakanna í vanheilsu stjórnarinnar sjálfrar en hjá Jóni Krabbe.

Þá kem jeg að ræðu háttv. frsm. (EP). Hann viðurkendi, að þessar 45 þús. kr. væru verulegur sparnaður, og það var í öllu auðheyrt á ræðu hans, að hjer var að tala sá góði og tryggi flokksbróðir stjórnarinnar, sem talar fyrir málinu, þó að honum blæði í augum fjárútlátin. Hann sagði, að það þyrfti að hafa eitthvert nafn á þessu í Danmörku. Einmitt það; það er nafnið, sem verið er að sækjast eftir, jafnvel þó að það kosti 45 þús. kr. á ári hverju. Hæstv. ráðh. (JM) tók fram, að jeg flytti margar till. og væri eyðslusamur, en jeg flyt líka stærstu sparnaðartillöguna, sem fram hefir komið á þessu þingi, einmitt um sendiherrann.

Hv. frsm. (EP) eyddi alllöngum tíma til þess að verja aðstöðu sína viðvíkjandi Suðurlandsskólanum og væntanlegum forstöðumanni hans. Og þótt hv. frsm. sje þegar að miklu leyti svarað af háttv. 1. landsk. (SE), þá er þó nokkuð eftir ennþá.

Jeg vil benda á það, sem háttv. frsm. sagði, að hann sæi ekki eftir launanum til þessa manns og að ekki væri hjer um neitt fordæmi að ræða. Sagði, að ekkert hefði verið þessu til fyrirstöðu, ef hann hefði verið búinn að gegna embætti í 35 ár. Þ. e. a. s., að hv. frsm. hefði verið til með að veita þessum embættismanni laun fyrir að gera ekki neitt, heldur aðeins lesa og njóta andlegrar ánægju á elliárunum. En

hví vill hv. frsm. ekki vera með því, að hann fari úr vandasömu starfi og í annað vandasamt starf, að hann fái laun fyrir starf, sem hann vill taka að sjer? Jeg er viss um, að þetta stafar af óvild til þessa manns, þegar ekki má borga honum fyrir starf, sem hann vill taka að sjer. Þetta kann jeg ekki við að heyra frá fulltrúa úr hjeraði, þar sem allur meginþorri manna kemur til með að njóta skólans. Þá sagði hv. frsm., að með þessu væri prófasturinn í Hruna settur í freistingu, sem hann vildi forða honum frá. Jeg vil nú benda hv. þm. á það, að þetta er engin fjárhagsleg freisting fyrir hann; það er skaði fyrir hann að flytja sig og raska við því, sem hann hefir með og undir höndum, svo að, þótt um einhverja freistingu væri að ræða, getur hún ekki orðið hættuleg, ef miðað er við fjárhaginn. En það voru viss atriði í ræðu hv. frsm., sem bentu til þess, að hann skildi ekki eðli þeirra manna, sem setja sig í fjárhagslega hættu og fórna sjer fyrir áhugamál sín og hugsjónir. Hann taldi freistinguna stafa af því, að prófasturinn tæki að sjer stöðu sjer í skaða. Hjer er veilan frá sjónarmiði hugsjónamanna, nefnil. sú, að gera þá hluti, sem er beinn óhagnaður fyrir manninn sjálfan, af löngun til þess að hrinda áfram góðu máli.

Nú er það svo, sem hv. frsm. tók fram, að prófasturinn hefir lýst yfir því við skólanefndina, að hann skyldi taka að sjer skólann, ef á þyrfti að halda, og hefir ekki sett nein skilyrði fyrir því, ef úr yrði. Og þessi till. er borin fram að honum óafvitandi; hún er svar þingsins við þeirri gerð hans að vilja vinna að þessu máli, þótt það verði óhagnaður fyrir hann sjálfan, og það verður það vegna breyttrar aðstöðu. Jeg tala ekki um aðra eins fjarstæðu og þá, er hv. frsm. lagði út af því, að prófasturinn gæti notið þessara kjara 2—3 ár, og svo farið frá skólanum aftur. Í þessu er fólgin aðdróttun, sem jeg kann ekki við.

Þegar Bjarni Sæmundsson fór frá mentaskólanum, þurfti ekki að breyta launum hans, þótt hann tæki að stunda eingöngu fiskirannsóknir. Allir vissu, að hann gat ekki annað en haldið áfram því starfi, þótt hann fengi enga sjerstaka skipun til þess. Sama yrði með sjera Kjartan Helgason, ef hann óskaði að fara frá skólanum vegna vanheilsu, þá væri rjett, að hann hjeldi launum sínum. Jeg er samdóma hv. frsm. að því leyti, að jeg hefði verið með því, ef ósk hefði komið fram um það, að hann færi frá með fullum launum, en þó er meiri ástæða til þess, ef hann óskar þess sjálfur, og kemur þá að því, að hv. frsm. getur greitt atkv. með þessu. Felst þá í fyrsta lagi viðurkenning til þessa manns, að láta hann halda launum sínum, og í öðru lagi það, að þegar hann fer frá af því, að hann er orðinn slitinn, heldur hann fullum launum, sem hann heldur ekki, fari hann frá sem prestur. Í þessu felst dálítil trygging fyrir manninn, trygging, sem þjóð hans lætur honum í tje um leið og hann tekur að sjer starf, sem hann hefir fengið fyrir fórnfýsi, sem hann hefir sýnt í þágu hjeraðs síns.

Jeg vildi svo segja fáein orð til viðbótar því, sem hv. 4. landsk. hefir lagt til varnar harðri sókn út af till. um styrk til Skúla Guðjónssonar. Aðalmisskilningur hv. þm. Snæf. (HSteins) liggur í því, að hann heldur því fram, að við gerum ráð fyrir því, að Skúli Guðjónsson komi strax heim og vinni að bætiefnarannsóknum, en engar aðstæður sjeu til þess. Lækninum dettur þó víst ekki í hug, að það sje meining okkar að setja hjer

upp nýja rannsóknastofu. Við höfum ekkert sagt um það, að þessar rannsóknir eigi að hafa hjer heima. En þegar jeg talaði um þessa till., mintist jeg á sjúkdóm, sem mikið gerir vart við sig hjer heima, nefnilega fjöruskjögur, sem Skúli Guðjónsson hefir varið tíma ytra til rannsókna á. Jeg geri nú ráð fyrir því, að í Danmörku og Noregi sje ekki góð aðstaða til að rannsaka það, og þá sjer hv. þm. væntanlega, að þennan hluta verksins, sem Sk. G. hefir með höndum, verður að rannsaka hjer heima. Jeg held, að leikmennirnir á þessu sviði verði að viðurkenna, að þetta stóra mál verður ekki leyst nema með því að vinna að því bæði heima og erlendis, gera athuganirnar hjer heima og rannsóknirnar erlendis. Jeg geri og ráð fyrir því, að það verði seint, sem hægt yrði að fá útlenda sjerfræðinga til þess að rannsaka okkar gamla, innlenda matarhæfi. Mjer virðist okkar merka læknastjett vera nokkuð seinheppileg hvað það snertir, að læknar gera mikið að því að draga menn upp úr brunninum, en ekki eins mikið að því að byrgja hann í tæka tíð. Læknar hafa yfirleitt lítið eða ekkert gert til þess að draga úr tóbaksnautn og vinna móti heilsutjóni af völdum hennar.

Hv. þm. Snæf. þótti till. okkar fávísleg. Jeg verð að segja það, að ekki er fávísin okkar megin, því að þessi maður, sem við förum fram á að hafi þessar bætiefnarannsóknir, er eins vel fær til starfans og frekast verður á kosið, enda verður að fara saman þekking á fæðutegundum og kunnugleiki á lifnaðarháttum manna, og svo mögueiki til þess að starfa að þessum rannsóknum undir hæfilegum skilyrðum.

Gunnlaugur Claessen hefir gert meira en margir læknar til þess að fræða leikmennina um þýðingu bætiefnanna. Jeg vil ekki draga fjöður yfir störf þess manns, en jeg geri ráð fyrir því, að bæði hann og aðrir, sem að þeim vinna, eigi nóg eftir að vinna, þótt nýr liðsmaður bætist við í þann hóp.

Hv. frsm. hafði það á móti styrknum til útgáfu Íslendingasagnanna, að hún yrði dýr og að ekki sje víst, að verðið fyrir hverja örk yrði með þessari till. hæfilegt. Það hefði reyndar mátt taka þetta nánar fram, en jeg hjelt, að það yrði auðveldara, þegar búið væri að ákveða styrkinn, t. d. ákveða brot og stærð bókarinnar í hlutfalli við hann, og geta hlutaðeigendur gert samning um það við landsstjórnina. Hv. frsm. var ekkert trúaður á það listgildi, sem þessi útgáfa hefði, en jeg vona, að umr. um þetta verði til þess að fleyta þessu máli áleiðis, þótt tillagan verði ekki samþykt hjer í kvöld. Jeg geri ráð fyrir, að þar sem hv. frsm. býr þar rjett hjá, sem Njála gerðist, að hann þekki bókina, sem Collingwood gaf út og sem er með ágætum myndum. Nokkuð líkt vakir fyrir mjer, söguútgáfa með myndum. Og þar sem við höfum svo mikinn áhuga á því að prýða sögustaðina í hans kjördæmi, þá vona jeg, að hann verði ekki á móti því að sjá þá komast inn í hina nýju Njáluútgáfu.

Jeg get endurtekið það, sem jeg hefi áður sagt um Pál Ísólfsson. Reykjavíkurbær hefir keypt orgel til afnota fyrir þá, sem vilja hlusta á hinn fagra organslátt hans. Reykjavík hefir gert mikið til að tryggja það, að Páll verði kyr í landinu. Og þótt það sje gert í viðurkenningarskyni að veita honum þennan styrk, þá greiði jeg atkv. með þessari till. sem styrk, sem framlagi hins opinbera til þess að rækta söngsmekk þjóðarinnar. Jeg held,

að það sje alveg rangt, sem háttv. frsm. sagði. Við eigum að hlynna að þeim mönnum, sem standa upp úr, þeim mönnum, sem koma aftur heim til þess að vinna þjóðinni gagn. Hvaða gagn hefði hún haft af því að styrkja Einar Jónsson, ef honum hefði svo verið kastað út á gaddinn? Hvaða gagn hefði hún haft af því að gera Pál Ísólfsson að snillingi, ef þjóðin getur eða vill ekki njóta hæfileika hans? Þetta er svo mikil óbúmenska, að mig furðar á því, að prófastur í Rangárvallasýslu skuli halda öðru eins og þessu fram. Hið vitlausasta af öllu er að ala upp sjerfræðinga, sem við notum svo ekki. Við eigum að hlynna að Páli Ísólfssyni með föstum styrk meðan hann starfar að því að auka næmleika okkar fyrir fögru andlegu lífi. Í mínum augum er þessi styrkur laun fyrir að vinna að aukinni söngment í landinu.

Jeg vona, að búmannshjartað hrærist nú af hinum sterku rökum, sem jeg hefi fært fram fyrir því, að efla beri Pál til þess að geta svarað vöxtum og afborgunum af því, sem til mentunar hans hefir verið lagt.

Þá vildi jeg minnast á till. um bryggjuna í Búðardal. Það lá ekkert fyrir nefndinni um hana, af því að Dalamenn urðu svo síðbúnir með þetta mál. Kom sendimaður frá þeim með Esju síðast til vegamálastjóra, sem ljet niðurstöðu sína í málinu í tje í gær. Í Dalasýslu er engin bryggja, sem landið á, og í Búðardal er engin bryggja. En hin fyrirhugaða bryggja á að vera 80 m. á lengd og 2 m. á hæð og úr steinsteypu. Er óhugsandi annað en landið verði að leggja til ⅓ kostnaðar og að byggja bryggjuna að sumri, því það er hart að láta hjeraðið verða að leggja 20 þús. kr. til hennar og bíða svo með styrkinn þangað til löngu síðar. Jeg geri ráð fyrir því, að engin hætta sje á því, að landsstjórnin borgi þetta nema vegamálastjóri leggi fram fullkomna áætlun um verkið og hafi tilsjón með því.

Þá ætla jeg að víkja síðast að ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), og sjerstaklega að tveim liðum hennar. Hann hefir komið fram með brtt., sem jeg greiði atkv. á móti. Það er brtt. hans um íshús á kjötútflutningshöfnum. Það liggur dálítið á bak við 1. lið hennar, og vil jeg skýra það nánar. Brtt. er um það, að í staðinn fyrir „ábyrgð þá, sem landsstjórnin tekur gilda" komi: tryggingum þeim, sem hún tekur gildar. Síðara orðalagið er miklu rýmra. Bak við liggur raunverulegt dæmi. Eitt hús hefir verið bygt á Hvammstanga í samráði við landsstjórnina. Þessi fyrsta tilraun hefir tekist prýðilega. Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu uppfylti sett skilyrði, gekk í ábyrgð fyrir láni til byggingarinnar. En þegar hæstvirtur fjármálaráðherra (JÞ) átti að standa skil á þeim peningum, sem leggja átti fram úr ríkissjóði, stóð alt fast. Hann heimtaði ekki aðeins ábyrgð sýslunnar, heldur húsið sjálft í veð. En það vildi fjelagið á Hvammstanga ekki; vildi láta sýsluna fá það að veði. Þetta voru hin mestu rangindi af ráðherra, því að fyrirkomulagið, sem hjer var haft, miðaði að því að tryggja skynsamlega byggingu þessa íshúss. Og það á alls ekki við, að stjórnin sje að brúka form til þess að hindra eðlilega þróun íshúsmálsins. Með þessu ætlar hæstv. ráðh. að skapa grundvöll til þess að kúga fjelagið á Hvammstanga til þess að láta of mikið veð. Er því full ástæða til að fella þessa brtt.

Þá kem jeg loks að brtt. hæstv. ráðh. um eftirgjafir viðlagasjóðslána þriggja

hreppa. Jeg mótmæli skoðun hans af mörgum ástæðum. Í fyrsta lagi er það, sem hæstv. ráðh. fer fram á, fullkomið brot á þingsköpum. Hann ætlar að láta deildina fella það, sem áður hefir verið neitað að fella í deildinni. Það er brot á þingsköpum, því að ekki má fella það, sem búið er að neita að fella. Jeg vil skora á hæstv. forseta að bera þessar till. ekki undir atkvæði. Geri hann það, brýtur hann þingsköpin.

Háttv. 1. landsk. (SE) kom með till. sama eðlis og þessa, sem búið var að fella við 2. umr., og úrskurðaði forseti, að hún kæmi ekki til atkv. Nú er hið sama hjer á ferð, og treysti jeg því hæstv. forseta til þess að vera langminnugur úrskurðar síns, þegar kemur að þessum till. fjrh. Hann getur þá reynt að koma þeim að í Nd. á löglegan hátt, en ekki hjer með því að brjóta allar reglur. Þetta er nú formshliðin, og kemur þá að efnishliðinni. Fjrh. (JÞ) hjelt því fram, að ekki væri ástæða til að gefa þessum hreppum eftir, það mundi skapa fordæmi. Auk þess mætti ekki skerða viðlagasjóðinn. En þetta er alt endileysa hjá honum. Jeg ætla að taka Gerðahrepp hjer með, af því að jeg álít kröfu hans alveg rjettmæta, eins og líka 1. þm. G.-K. (BK) sýndi fram á. Jeg ætla þá að taka þessa 3 hreppa, — skal ekki segja um Innri-Akraneshrepp, en hann mun vera best stæður, — Árneshrepp, Grunnavíkurhrepp og Gerðahrepp, sem allir eiga rjettmætar kröfur til eftirgjafar. Tveir hinir fyrri eru erfiðustu sveitir landsins, útkjálkasveitir, en þó nokkuð fjölbygðir. En árið 1924, þegar sumar og vetur svo að segja náðu saman, þá leið fólkið þarna miklar hörmungar og hnekki, svo að það er sannarlega ekki um of, þótt ríkissjóður hlaupi undir bagga, en sje ekki að pína hreppa þessa til þess að borga lánin. Sama má og segja um Gerðahrepp. Öllum er kunnugt um hörmungalíf manna þar suður frá síðustu missirin, aflaleysi o. fl. Eru engar líkur til, að þeir geti borgað. Því hefir verið haldið fram, að ef gefin væru eftir þessi lán, mundi ekki vera hægt að ná inn lánum frá öðrum stöðum. Setjum, að Vestmannaeyjar, sem eru auðugasta fiskistöð landsins, tækju lán, þá má altaf gera ráð fyrir, að þær geti borgað, ef ekkert kemur fyrir. En ef nú fiskurinn hverfur frá Eyjunum og hallæri kæmi í staðinn, — mundi landið þá ganga að þeim með borgun á láninu? Nei, það væri óhugsandi. Hjer færi eins og með önnur lán, sem gefin eru upp af þörf. Hvað hafa líka bankarnir gert? Ef við lítum á skuldalista þeirra, þá sjáum við, hve mikið þeir hafa gefið upp. Sama nauðsyn mælir með að gefa þeim hreppum eftir lán, sem við mikla örðugleika eiga að stríða.

En það, sem fjarstæðast var í ræðu hæstv. fjrh., var alt tal hans um mun viðlagasjóðs og landssjóðs. Því að viðlagasjóður er í rauninni ekki annað en partur af landssjóði. Þá vildi hann ekki gefa þessum þrem hreppum eftir fyr en nákvæm rannsókn hefði farið fram, eins og niðursetningar eða þurfalingar ættu í hlut.

Þá vildi hæstv. fjrh. fara að verða nokkuð húsbóndalegur gagnvart þinginu, eða gerast forsjón þess við umr. og afgreiðslu fjárlaganna. En þetta er alveg óþarfi, því að það er þingið, sem hefir valdið. Það er ekkert í þessari stjúpmóðurumhyggju ráðherrans nema ofbeldi. Það hefir aldrei heyrst annað eins, og ber því deildinni skylda til að fella þessar till. hans, en samþykkja till. 1. þm. G.-K., sem rjettmætt svar við tilraunum fjrh. að gera þingið ómyndugt.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi raunar engu að svara háttv. 1. landsk. (SE). Jeg hygg, að við sjeum samdóma um skrifstofukostnað sýslumanna og bæjarfógeta. Báðir álítum við fjárveitinguna áætlunarupphæð. En dómsmálaráðherra er alls ekki bundinn við fjárveitinguna. Hitt er annað mál, að jeg tel sjálfsagt að fara svo nálægt hinni áætluðu upphæð, sem hægt er. En jeg hygg, eins og jeg sagði fjvn Nd., að upphæð sú, sem bætt hefir verið við, muni verða nokkurnveginn nægileg fyrir skrifstofukostnaðinum. Það er rjett hjá hv. 1. landsk., að sýslumenn taka oft á móti fólki og hafa kostnað af því. En þetta er ekki annað en segja má um alla eða flesta embættismenn utan Reykjavíkur. Þeir hafa meiri og minni kostnað af gestum. En við hitt vil jeg ekki kannast, að sýslumenn og bæjarfógetar sjeu olnbogabörn þjóðarinnar. Jeg býst við, að það verði erfitt að skoða það svo.

Þá kem jeg að háttv. 3. landsk. (JJ). Hann segir, að sendiherrahúsið í Höfn hafi verið ríkiseign. En þetta er fjarri öllum sanni. Það hefir aldrei verið eign ríkisins. En viðvíkjandi uppbótinni, sökum þess að húsið seldist ekki fyrir það verð, sem það upphaflega kostaði, þá er það aðeins tilviljun, sem átti við um öll hús þar í borginni um það leyti. Það var alveg óþarft fyrir þennan hv. þm. (JJ), að vera að taka þykkjuna upp fyrir Jón Krabbe. Allir, sem starfað hafa með þessum manni, viðurkenna ágæti hans. Hefi jeg tekið það fram áður, að jeg teldi hann góðan Íslending, enda þótt hann væri ekki íslenskur þegn. En jeg býst ekki við, að hægt sje að tala við þennan hv. þm. (JJ) um muninn á því að hafa fyrir sendiherra íslenskan þegn eða útlendan, því að hann skilur það ekki. En sem umboðsmaður okkar hefir Jón Krabbe haldið uppi rjetti landsins sem hinn besti Íslendingur. Og í sjálfstæðisbaráttunni stóð hann ætíð okkar megin og gerði þar engu minni kröfur en við hjer heima. — Þá þykist háttv. þm. ekki hafa heyrt um brjef Krabbe, þar sem hann segist ekki geta gegnt sendiherrastöðunni lengur. Ætli ekki? En það þýðir ekki að deila um það við hann.

Enn talar þessi sami þm. um stefnubreytingu. En hann ætti sem minst um hana að tala, því að þá má alveg eins segja, að hún hafi eins komið fram hjá hans eigin flokksmönnum. Því að það hefir sýnt sig, að sumir af hans flokksmönnum í hv. Nd. eru nú með sendiherra. En í sjálfu sjer er ekkert við því að segja, þótt hjer hefði orðið stefnubreyting, því að þegar menn komast að þeirri niðurstöðu, að nauðsynlegt sje að hafa sendiherra, að minsta kosti á einum stað, eiga þeir að vera svo miklir drengir að kannast við það, þótt þeir væru á annari skoðun áður. En það er hverjum manni mikill heiður að fara eftir því, sem hann álítur rjettast og best. Og jeg veit, að hv. 3. landsk. er sannfærður um það í hjarta sínu, að rjett sje að taka upp sendiherraembættið. Háttv. þm. segir, að þessi till. sín sje mesta sparnaðartill., sem nú liggi fyrir. En það er alveg þveröfugt. Það er einmitt hinn mesti ósparnaður að spara þetta. Það hefir borgað sig að hafa sendiherra og það mun sýna sig, að það er beinlínis fjárhagslegur gróði.

Það, sem þessi háttv. þm. sagði um kúgun af hálfu hæstv. fjrh., er bara rugl. Fjrh. var ekki að skipa þinginu neitt; hann skoraði aðeins á það að fella þessa umræddu liði burt. Það er auðvitað alt

undir þinginu komið, hvort það vill gera það eða ekki.

Þá segir hv. þm. (JJ), að enginn munur sje á ríkissjóði alment og viðlagasjóði. En annaðhvort talar hv. þm. hjer á móti betri vitund eða hann skilur alls ekki, hvað meint er með viðlagasjóði. En við hvorutveggja þessu má búast frá hans hlið. Því að ef ríkissjóður og viðlagasjóður eru hið sama, má fult eins vel álíta, að landhelgissjóður og ríkissjóður sjeu hið sama. Ef þingið vill veita styrk, á það að veita hann úr ríkissjóði.

Þá voru það nokkur orð viðvíkjandi tryggingunni fyrir íshúsin. Mjer er alveg óskiljanlegt, hvað því er til fyrirstöðu, ef ríkissjóður veitir lán til íshúsbyggingar, að veðsetja lánveitanda húsið, þó að ábyrgð frá sýslunefnd fylgi. Þannig lána bankarnir ætíð með veði í fasteignum, enda þótt ábyrgð fylgi. Það verður aðeins til þess, að ábyrgðin verður ljettari á sveitarfjelaginu. Sú trygging, sem lánveitandi hefir, kemur þannig ábyrgðarmanni til góða. Það er því alveg misskilningur, að nokkuð sje athugavert við þetta. *(JJ*: Það er samt mikið deilumál um þetta milli Húnvetninga og stjórnarinnar). Það er þá aðeins sami misskilningurinn hjá Húnvetningum og hjá hv. 3. landsk. Mjer þykir undarlegt, að þessi misskilningur skyldi koma fram hjá Húnvetningum, en aftur á móti er ekkert undarlegt, þó 3. landsk. skilji þetta ekki, enda er hann þektur að því að skilja hvorki upp nje niður, jafnvel í hinum einföldustu málum.

Halldór Steinsson: Jeg get verið stuttorður. Það eru aðeins örfá orð viðvíkjandi 4. landsk. (IHB). Hann sagði, að jeg hefði brugðið flm. till. um styrk til Skúla Guðjónssonar um fávísi, fljótfærni o. s frv. En þetta er misskilningur. Hitt sagði jeg, að till., eins og hún nú er, er aðeins fálm út í loftið og einskis nýt, og við það stend jeg. Enda kannaðist hv. 4. landsk. við, að svo sje, því að hann dró til baka að tilgangurinn með henni væri bætiefnarannsóknir. Nú á þessi ungi maður að láta ljós sitt skína yfir skjögurveiki í kindum, bæta hollustuhætti hjer á landi o. fl. Jeg skal játa, að það er auðvitað gott og blessað að láta rannsaka skjögurveikina, ef það getur þá leitt til lækninga á henni. Þá er líka ekki nema gott, að bættir sjeu hollustuhættir manna. En þá á bara ekki að orða till. svona. Eins og hún er nú, siglir hún undir fölsku flaggi. Fjeð er veitt til bætiefnarannsókna, en á að fara til alls annars.

Ingibjörg H. Bjarnason: Hv. þm. Snæf. (HSteins) segist ekki hafa borið þær sakir á okkur flm. till., sem jeg taldi upp áðan. En jeg hefi nú skrifað það niður hjá mjer, sem hv. þm. sagði. Það var: fálm, fáviska o. s. frv. Viðvíkjandi því, að till. sigli undir fölsku flaggi, get jeg vísað til ræðu minnar við 2. umr. þessa máls, enda voru þá flestir þdm. viðstaddir. Jeg gat þess þá, að það, sem fyrir okkur flm. vekti, væri það, að Skúla gæfist kostur á, ef hann fengi ekkert starf eða embætti hjer heima, að halda þá áfram rannsóknum sínum, svo að þær geti komið að notum hjer heima síðar meir, því væntanlega vakir það þó ekki fyrir neinum hv. þdm. að gera Skúla Guðjónsson útlægan. Jeg vil undirstrika það, að hans sje full þörf hingað, þrátt fyrir okkar góðu og vel mentuðu læknastjett. En hún hefir ekki lagt sig nægilega fram á þessu sviði.

Svo vil jeg skjóta því til hv. deildarmanna, hvort þeir hafi skilið svo ræðu

mína, að við flm. hefðum ætlað að flytja till. undir fölsku flaggi? Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meir um þetta mál.

Frsm. (Eggert Pálsson): Eins og allir sjá, er ekki gustuk að halda mönnum hjer lengur með langri ræðu, þar sem komið er fram yfir miðnætti. Skal jeg því vera stuttorður, enda eru það ekki margir deildarmenn, sem hafa veist að mjer og nefndinni svo nokkru nemi.

Hæstv. fjrh. (JÞ) kom með ávítur í garð fjvn., af því að hún hefði brugðist vonum hans, þar sem hún hefði gefið út sameiginlegt nál., en stæði svo ekki saman um það. Var þetta skiljanlegt og eðlilegt, þar eð hæstv. fjrh. á samkvæmt stöðu sinni að hugsa um ríkissjóðinn og bera hag hans fyrir brjósti, ef honum hefir þótt nefndin nokkuð bruðlunarsöm. En því er ekki til að dreifa. Þá hefir nefndin ekki heldur brugðist nál. sínu, því að þar sem svo er ástatt, að nefndin getur ekki verið á einu máli, er það gefið til kynna í nál. og tekið fram, að það sje meiri hl., sem leggur þetta til. En hitt hefir aldrei átt sjer stað, að fjvn. gæfi út nál. í tvennu eða fleiru lagi. Hinsvegar vildi hv. 1. landsk. taka aftur lof um fjvn., en hans lof áður var aðallega fólgið í því, að hún hefði verið ör á að leggja fram fje. Nú þykir honum nefndin orðin of naum í framlögum. Skoðanir þessara tveggja manna eru því hvor á móti annari. Jeg held, að rjettast sje að lofa þeim hæstv. fjrh. og hv. 1. landsk. að bítast um það, hvor þeirra hafi rjettara fyrir sjer, þegar annar sakar nefndina um bruðlunarsemi, en hinn um nísku.

Háttv. 1. landsk. fór mörgum orðum um hina miklu hæfileika Páls Ísólfssonar. Jeg gat þess áður, að nefndin viðurkendi þennan mann og að hann væri þjóð sinni til sóma, en hinsvegar væri ekki sjálfsagt að borga það með peningum. Hv. þm. (SE) tók það til dæmis um, að þingið kæmist í mótsögn við sjálft sig, ef það sýndi ekki Páli þessa viðurkenningu, að það hefði keypt listaverk eftir Nínu Sæmundsson í viðurkenningarskyni. Jeg hygg, að þetta listaverk hafi fremur verið keypt af því, að það hafi verið virkilegt listaverk og því dýrmæt eign. Ef sá dómur væri feldur, að það sje lítils eða einskis virði, þá færi viðurkenningin að verða lítil. Hv. þm. (SE) tók fram um Pál Ísólfsson, að of seint gæti orðið að sýna honum viðurkenningu síðar, því þá mundi hann verða búinn að græða svo á list sinni, að hann yrði ekki fjárþurfi. Það hefir nú verið litið svo á, að listin gæfi af sjer litla peninga og listamenn væru jafnan fjárþurfar. Jeg vil biðja hv. þm. (SE) að athuga það, að þar sem hann tekur fram, að Páll sje í fjárþröng nú, liggur í því óbein viðurkenning um, að maðurinn sje ekki enn orðinn frægur. Ef hann væri orðinn frægur, kæmi ekki til mála, að hann skorti fje, eftir kenningu hv. þm. (SE). Hv. þm. hefir því sjálfur lagt þann dóm á, að Páll væri ekki kominn svo langt, að hann gæti lifað af list sinni. Annars kemur fram alólíkur skilningur á þessari brtt. hjá flm. hennar. Annar vill veita þetta fje í viðurkenningarskyni, en hinn sem byrjun á framhaldsstyrk. Jeg get betur skilið hið síðarnefnda. Með því væri þá slegið föstu, að við vildum fremur hafa manninn hjer en að láta hann fara þangað, sem hann gæti unnið sjer frægð og peninga.

Þá hafa báðir þessir hv. þm. (JJ og SE) veist að mjer persónulega fyrir það, að jeg vil ekki veita Kjartani prófasti Helgasyni full prestslaun, ef hann tekur við skólastjórastöðu þar eystra. Háttv. 3.

landsk. (JJ) hjelt því ekki nú í ræðu sinni fram eins og áður, að í þessari till. minni gætti óvildar til prófastsins, enda hefði jeg ekki átt slíkt skilið, þar sem um er að ræða gamlan og kæran bekkjarbróður, nágranna og embættisbróður. Hann sneri við blaðinu og sagði, að þetta mundi stafa af óvild til hins nýja starfs. Jeg lýsi því yfir, að hjer er hvorki um að ræða vild nje óvild frá minni hálfu. Þessi skóli kemur mjer ekkert við. Mitt kjördæmi hefir ekki viljað sinna þessu máli, og því sletti jeg mjer ekkert fram í það. Báðir hv. þm. vildu halda því fram, að í þessu lægi engin freisting fyrir prófastinn. En hann væri þá talsvert öðruvísi en aðrir menn, ef honum litist ekki vel á að taka svo góðum kjörum. Hv. 3. landsk. hjelt því fram, að sjera Kjartan væri svo mikill „idealisti", að hann mundi taka við starfinu hvort sem væri. Jafnframt hjelt hann því fram, að þetta væri gert vegna skólans, en ekki prófastsins. Með öðrum orðum, það er ekki gert fyrir prófastinn og það er ekki gert fyrir skólann, því hann fær þennan forstöðumann hvort sem er. Fyrir hvern er þetta þá gert? Hv. þm. talaði um skilningsleysi hjá mjer. Hjer er ekki síður sljóleiki á ferðinni.

Báðir þessir hv. þm. töluðu um, að hjer væri ekki um mikið að ræða; þetta gæti ekki lengi staðið, þar sem maðurinn væri orðinn gamall. Hann gæti hætt fljótlega og tekið þá prestslaun sín. Jeg get skilið þetta af hálfu hv. 1. landsk. En til eru menn með þeirri skapgerð, að þeir eiga ilt með að taka við miklu fje án þess að láta nokkuð í staðinn. Þannig er sjera Kjartan Helgason skapi farinn. Hann mundi í lengstu lög reyna að gegna starfi sínu, til þess að taka ekki fje fyrir ekkert.

Þá talaði hv. þm. (SE) langt mál um 5000 kr. styrk til fjelagsins Landnáms. Hann vildi halda því fram, að þótt fjeð yrði notað til nýbýlaræktar í nágrenni Reykjavíkur, þá mundi það ekki auka aðsókn til höfuðstaðarins. En í hvaða skyni ætti að stofna til nýbýla, ef ekki til þess að gera fleiri mönnum lífið hjer þægilegt? Og því fleiri sem njóta hjer góðra skilyrða, því meira verður aðstreymið. Það yrðu þó aldrei nema fáir menn, sem þessa gætu notið hjer. Hv. þm. talaði um, hve nýbýlin reyndust vel hjá öðrum þjóðum og eins hlyti það að verða hjá okkur. Hann gætir ekki þess, að hjer eru alt önnur skilyrði. Hjer vantar samgöngur til þess, að nýbýli geti þrifist. Ef járnbraut væri lögð austur, þá gætu togaramenn úr Reykjavík átt heimili fyrir austan fjall, haft þar konu og börn og lítið bú. Þangað gætu þeir skroppið í frítímum sínum, verið þar í sumarfríi o. s. frv. Meðan núverandi ástand helst, getur þetta ekki komið til greina. Þó að menn sjeu búsettir hjer, ætti þeim að vera vorkunnarlaust að skilja þetta, en ekki vera með fimbulfamb um, að hægt sje að koma á nýbýlarækt eins og hjá þjóðum, sem hafa góðar samgöngur.

Þá mintist hv. 3. landsk. á styrkveitingu til prentsmiðjunnar Acta til þess að gefa út Íslendingasögur með myndum og uppdráttum. Jeg sagði áðan og segi enn, að ef nóg fje væri fyrir hendi, gæti enginn verið á móti slíkum styrk, ef líka væri fyrir því sjeð, að útgáfan yrði svo ódýr, að almenningur gæti haft hennar not. Hv. þm. (JJ) viðurkendi, að fyrir því væri engin trygging. Meðan svo er ástatt, er ekki þess að vænta, að nokkur vilji fleygja fje í þetta fyrirtæki. Hv. þm. mintist á eina bók eftir Collingwood. Það vill svo til, að jeg á þessa bók. Það er satt, að hún er með ljómandi frágangi. En jeg get hugsað mjer, ef útgáfa Íslendingasagna

á að vera með líkum frágangi, að þá verði ekki fyrir fátæklinga að leggja út fje fyrir þær.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala meira. Jeg ætla ekki að skifta mjer af viðureign þeirra hv. 3. og 4. landsk. (JJ og IHB) annarsvegar og hv. þm. Snæf. (HSteins) hinsvegar, um styrkinn til Skúla Guðjónssonar. Jeg hefi verið á móti þeim styrk, og verð enn.

Sigurður Eggerz: Jeg vildi leyfa mjer að leiðrjetta það, sem hv. frsm. (EP) sagði í sambandi við Nínu Sæmundsson. Hann gaf í skyn, að jeg hefði talið listaverk hennar keypt í gustukaskyni. Jeg hjelt einmitt fram því gagnstæða. Jeg sagði, að Nína Sæmundsson hefði kastað ljóma yfir þjóð sína með þessu ágæta listaverki. Jeg benti á hana til fyrirmyndar því, að Páli Ísólfssyni yrði veittur styrkur. Ef hv. frsm. hefir lesið ummæli þau, sem Páll hefir fengið í síðustu utanför sinni, þá veit hann, að mjög fast er að orði kveðið um list hans og hæfileika. Það er óhugsandi fyrir hv. þm. að friða samvisku sína með því, að jeg hafi komist í mótsögn. Það er öllum kunnugt, að það tekur nokkurn tíma að afla sjer fjár, þótt viðurkenning sje fengin, og ekki síst hjer á Íslandi.

Menn mega ekki halda, að erlendir listdómarar færu þeim orðum um Pál, sem þeir hafa gert, ef hann hefði ekki sýnt ákveðin meistaratök. Jeg þarf heldur ekki að vitna í neina erlenda dóma. Jeg hefi sjálfur hlustað á Pál, og jeg vildi óska, að hv. frsm. hefði líka hlustað á hann. (*EP*: Jeg hefi oft hlustað á hann). Hv. frsm. segist hafa hlustað á hann og er samt á móti þessum styrk. Jeg verð að játa, að mjer þykir þetta ákaflega kynlegt. Hv. þm. (EP) hlýtur að vanta mjög tilfinnanlega skilning á listinni. (*EP*: Páll vex ekki af meðmælum hv. 1. landsk.). Getur verið, en hann vex þó frekar af meðmælum manns, sem ber eitthvert skynbragð á list, heldur en manns, sem komist hefir fyrir flokksfylgi í fjárveitinganefnd.

Jeg skal ekki fara mörgum orðum um styrkinn til Landnáms. En þar kemur einmitt glögt fram munurinn á íhaldi og frjálslyndi. Íhaldið vill setjast á það, sem búið er að skapa, og getur ekki hugsað til þess, að neitt nýtt skjóti upp höfðinu. Jeg hefi sýnt fram á, hve ómetanlega mikla þýðingu nýbýlarækt in gæti haft fyrir kaupstaðina. En þetta má ekki taka til greina, af því að nýbýlarækt in getur ekki orðið að gagni í Rangárvallasýslu. Hjer er það hið gamla og þröngsýna íhald, sem reynir að þvergirða götuna fyrir frjálslyndari hluta þjóðarinnar, sem nú er að ryðja sjer til landa. Það mun ekki takast lengi að halda þessu máli niðri, því öll sannsýni mælir með því, að kaupstaðirnir sjeu studdir til þess að rækta land sitt. Ræktunarstörf kaupstaðarbúa skapa samúð með sveitunum. Hver einasti fulltrúi þjóðarinnar á hinu háa Alþingi verður að muna eftir því, að um fleira verður að hugsa en eitt kjördæmi, sem af tilviljun hefir kosið þingmann á þing — og kýs hann kannske aldrei aftur.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg þarf ekki að segja mörg orð. Ræða hv. 1. landsk. (SE) snerist um tvent: list og landbúnað, og þóttist hann þar æðsti dómari í hvorutveggja, enda þótt hann hafi lítið sem ekkert fengist við list og alls ekki neitt við landbúnað. Jeg álít því, að hann hafi á hvorugu vit. Hinsvegar kynni maður að geta vænst þess, að hann hefði eitthvert vit á fjármálum, eftir því, sem aðalstarfi hans er háttað nú. Hann hefði trauðlega

lagt annað eins kapp á að komast í bankastjórastöðuna, ef hann hefði ekki fundið köllun hjá sjer til þess starfs frekar en annars. (*SE*: Nýi sáttmáli!).

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 463, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 457,I feld með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GuðmÓ, IP, JJ.

nei: BK, EP, GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, ÁH, HSteins.

Brtt. 457,II feld með 11:1 atkv.

— 457,III samþ. með 12 shlj. atkv.

— 457,IV samþ. með 12 shlj. atkv.

— 457,V feld með 8:5 atkv.

— 457,VI samþ. með 8:5 atkv.

— 457,VII.1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 457,VII.2 samþ. í e. hlj.

— 463,I samþ. með 9:3 atkv.

— 457,VIII, svo breytt, samþ. með 8:3 atkv.

— 457,IX samþ. með 10 shlj. atkv.

— 457,X.a samþ. með 12 shlj. atkv.

— 457,X.b samþ. með 12 shlj. atkv.

— 457,XI feld með 7:6 atkv.

— 457,XII samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnÓ, IP, JJós, JM, JJ, SE, ÁH, EÁ, GuðmÓ.

nei: BK, EP, IHB, JóhJóh, HSteins.

Brtt. 463,II samþ. með 12 shlj. atkv.

— 457,XIII sjálffallin.

— 457,XIV samþ. í e. hlj.

— 457,XV feld með 9:3 atkv.

— 457,XVI.1.a—b samþ. með 12:1 atkv.

— 457,XVI.2 samþ. með 8:3 atkv.

— 457,XVII.a feld með 8:4 atkv.

— 457,XVII.b feld með 7:4 atkv.

— 457,XVIII feld með 10:2 atkv.

— 457,XIX.a feld með 8:4 atkv.

— 457,XIX.b feld með 8:3 atkv.

Brtt. 457,XX samþ. með 9:1 atkv.

— 457,XXI feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁH, BK, IHB, IP, JJ, SE.

nei: EP, EÁ, GuðmÓ, GunnÓ, JJós, JóhJóh, JM, HSteins.

Brtt. 457,XXII feld með 8:2 atkv.

— 457,XXIII samþ. með 9 shlj. atkv.

— 463,III samþ. með 9:4 atkv.

— 457,XXIV samþ. án atkvgr.

— 457,XXV samþ. með 9 shlj. atkv.

— 457,XXVI samþ. með 12 shlj. atkv.

— 457,XXVII samþ. með 12 shlj. atkv.

— 457,XXVIII feld med 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GuðmÓ, GunnÓ, JP, JJós, JJ, SE.

nei: BK, EP, IHB, JóhJóh, JM, ÁH, HSteins.

Brtt. 457,XXIX samþ. með 8:3 atkv.

— 457,XXX samþ. með 8:4 atkv.

— 457,XXXI samþ. með 8:3 atkv.

— 457,XXXII tekin aftur.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 470,I) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 470,I samþ. með 8 shlj. atkv.

— 457,XXXIII sjálffallin.

— 457,XXXIV samþ. í e. hlj.

— 457,XXXV.1.a samþ. með 9:3 atkv.

— 457,XXXV.1.b samþ. með 9:1 atkv.

— 457,XXXV.2 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 457,XXXVI samþ. með 8:1 atkv.

Afbrigði um skriflega vatill. (verður þskj. 470,II) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 470,II samþ. með 8 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 68. fundi í Nd., mánudaginn 3. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 473).

Á 73. fundi í Nd., föstudaginn 7. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 473, 514).

Frsm. fyrri kaflans (Þórarinn Jónsson): Jeg hefi ekkert að segja fyrir hönd fjvn. annað en það, að hún leggur til, að fjárlagafrv. verði samþykt óbreytt eins og það kom frá Ed. Nefndin hefir ekki sjeð þörf á að afgreiða framhaldsnál., og það var kunnugt hjer í hv. deild, þegar auglýst var að fjárlögin kæmu til umr., að nefndin hafði engar breytingar gert. Aðalástæðan er sú, að firra ríkissjóð meiri útgjöldum en orðið er, en hinsvegar er nefndin engan veginn ánægð með allar þær breytingar, sem orðið hafa á fjárlagafrv., hvorki í Nd. og því síður í Ed. Frá sjónarmiði nefndarinnar á þetta þó ekki að geta valdið því, að hún vilji ekki, að frv. verði samþykt óbreytt eins og það er nú. Nefndin væntir þess, að hv. deild styðji hana í þessu með því að samþykkja ekki þær brtt., sem nú eru fram komnar, því nefndin ætlar að greiða atkvæði gegn þeim öllum.

Um breytingarnar, sem orðið hafa í hv. Ed., þýðir lítið að tala. Gjaldahliðin hefir þar hækkað um 100 þúsund krónur. Þegar litið er á það, að á fjárlagafrv. er orðinn 395 þúsund króna tekjuhalli og þess er gætt, að orðin er lækkun á tekjuhliðinni, sem nemur ½ miljón króna, hlýtur tekjuhallinn að verða yfir ¾ milj. kr. Eftir því útliti, sem nú er, væntí jeg þess fastlega, að hv. deild fallist á gerðir nefndarinnar í þessu efni.

Jeg vil leiða hjá mjer að tala um breytingarnar, sem orðið hafa í hv. Ed. Þær eru ekki þess eðlis, að þær mundu valda neinni verulegri mótstöðu í fjvn. Aðallega eru það brtt. um fje til ýmsra verklegra framkvæmda. Jeg held því, að rjettast sje að minnast ekki á þessar sjerstöku breytingar, og býst jeg við, að hv. frsm. síðari hluta (TrÞ) líti svipað á það mál.

Tillögur einstakra þm. ætla jeg ekki að gera að umtalsefni, nema fyrstu till. á þskj. 514, frá hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Jeg lít svo á, — og það býst jeg við, að nefndin geri líka, — að hún geti ekki heyrt til þessu fjárlagafrv. Mín skoðun er sú, að um þetta geti farið eins og venja er til, sem sje að fjvn. og flokkar þingsins geti staðið hjer að þessu máli.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta, og vænti þess, að umr. verði stuttar.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg stend aðeins upp til að lýsa því yfir, að það var í samráði við hv. frsm. síðari hluta (TrÞ), að við tökum aftur brtt. okkar á þskj. 514.

Pjetur Þórðarson: Jeg hafði flutt eina brtt. við fjárlagafrv., brtt. 514,II. Þegar þetta frv. fór hjeðan upp til Ed., stóðu svo sakir um þennan lið, sem brtt. er við í frv., að a-liður í lið 19 var þá töluvert öðruvísi en hann er nú. Upphæðin, sem ætluð var óskift til styrktar ýmsum listamönnum og námsmönnum, var þá 10 þús. krónur, og auk þess var athugasemd við liðinn, þannig að ekki átti að fara meira en 1000 krónur til hvers fyrir sig. Nú stendur svo á, að sá maður, sem nefndur er í minni tillögu, Guðmundur Kristjánsson, er við sönglistarnám í útlöndum. Í 4 ár hefir hann stundað þetta nám með mjög góðum árangri, aðallega í Þýskalandi og nú í Ítalíu. Hann hefir farið frá einum kennaranum til annars, sem allir eru víðfrægir menn, og sá kennari, sem hann er nú hjá í Milano, hefir gefið honum

ágætan vitnisburð, sem legið hefir frammi ásamt umsókn um þennan styrk.

Jeg hefði við 3. umr. frv. flutt sjerstaka tillögu um sjerstakan styrk handa þessum fátæka pilti, ef það hefði ekki verið í samræmi við mína sparnaðarhugsun að sætta mig við, að hann yrði þátttakandi í 1000 króna styrk af óskiftu upphæðinni. En nú sje jeg, að Ed. hefir lækkað þennan styrk, en hækkar þó styrkinn í heild sinni að mun og fellir í burtu athugasemdina við liðinn. Nú eru því í burtu öll skilyrði fyrir því, að Guðmundur Kristjánsson geti fengið styrk af þessari óskiftu upphæð. Eftir að jeg hefi heyrt tillögu hv. fjvn. um afgreiðslu fjárlaganna, sje jeg glögt, að ekki er árennilegt að koma fram með brtt. við frv. eins og nú standa sakir, og hika jeg því við að bera slíka tillögu undir atkvæði, en vil beina því til hæstv. stjórnar, að hún komi því svo fyrir, að þessi styrkur komi undir a-lið 15. gr. og taki sjerstaklega til greina erfiðar ástæður þessa pilts og láti hann ekki gjalda þess, hve hann, við meðferð styrksins í Ed., hefir farið illa. Jeg vil leggja áherslu á, að hæstv. landsstjórn taki þetta til greina, og í því trausti leyfi jeg mjer að taka brtt. aftur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hæstv. forsrh. (JM) er því miður ekki viðstaddur, en hann ætti að svara umleitan hv. þm. Mýr. (PÞ). En jeg býst við, að jeg geti lýst því yfir fyrir hans hönd, að sá maður, sem hv. þm. Mýr. ber fyrir brjósti, muni, ef hann sækir um styrk, koma þar til álita ekki síður en aðrir umsækjendur og eftir sömu reglum; en rjettindi umfram aðra getur hann ekki haft.

Forseti (BSv): Útbýtt hefir verið brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald) á þskj. 529. Þar sem þær eru of seint fram komnar, þarf að leita afbrigða frá þingsköpum, svo að þær megi koma til umr. og atkv. *(KlJ*: Ætlar hv. þm. ekki að taka brtt. aftur? — *JBald*: Ha? Taka till. aftur? Til hvers ætti jeg þá að bera þær fram?). — Mjer virðist rjettmætt, að hv. þm. fái að tala fyrir brtt. sínum, enda getur hann hvort sem er talað um fjárlögin alment, og er eigi víst, að það spari hv. deild nokkurn tíma.

ATKVGR.

Deildin synjaði afbrigða með 10:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BL, HStef, HK, IngB, JakM, JAJ, JBald, JörB, MJ, MT, BSv.

nei: PO, ÞórJ, ÁJ, BSt, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, ÓTh.

Jón Baldvinsson: Mjer finst það hart af hv. fjvn. þessarar deildar að beygja sig svo gersamlega fyrir hv. Ed. sem nú eru horfur á, eftir að hv. Ed. hefir aðeins haft fjárlögin einu sinni til meðferðar. Í stjórnarskránni er beinlínis ætlast til þess, að hv. Nd. ráði fjárlögunum. Þykir mjer það því undarleg ráðstöfun hjá hv. fjvn., að hún treystist ekki að láta koma til atkvæða till., sem hún sjálf er fylgjandi, eins og þá, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) flytur á þskj. 514. Í stað þess ætlar hún í pukri og bak við hv. deild að ákveða útgjöld með því einu að tala um það við stjórnina. — Jeg marka þetta af því, að hv. frsm. (ÞórJ) talaði um, að þetta mundi koma til útgjalda þegar á þessu ári. — Jeg mundi greiða atkv. með því að veita þessa upphæð, en verð að finna að því, er menn vilja nota slíka aðferð sem þessa. — Jeg geri ráð fyrir því, að háttv. fjvn., sem sjálf er ¼ hluti háttv.

deildar, hafi trygt sjer hjálp einhverra annara hv. þdm. til að drepa þær brtt., er hún vill að falli. En nú langar mig til að vita, hvort hv. fjvn. hefir samþykt það og bókað í fundargerðir sínar, að hún ætli að vera á móti hverri till., sem fram er borin, og nota þá aðferð til að fella þær. Því að þótt hv. þd. hafi synjað afbrigða um brtt. mínar, eru þó nokkrar aðrar eftir, sem enn geta komið til atkv. Jeg tók ekki almennilega eftir, hvort hv. þm. Mýr. (PÞ) tók aftur brtt. sína á þskj. 514. *(KlJ*: Jú, það gerði hann greinilega). Jæja. En með 3. brtt. á því sama þskj. hafa flm., hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og hv. þm. Str. (TrÞ), flutt svo sterk rök, að þeir hafa sannfært mig um nauðsyn þeirrar fjárveitingar; vil jeg ekki láta þessa till. niður falla, og tek hana því hjer með upp.

Þá vil jeg víkja að því, sem hv. þm. Mýr. sagði. Hann talaði um, og vjek því til hæstv. stjórnar, hvort hún vildi ekki lofa að veita einum umsækjanda, er hann tilgreindi, styrk af 15. gr. 19 a, af skálda- og listamannastyrknum. En það eru allmargar umsóknir, sem annaðhvort hafa ekki verið bornar upp eða ekki auðnast að ná samþykki. M. a. er umsókn um 5000 kr. frá Eggert Stefánssyni. Þessari umsókn ætlaði jeg að hjálpa áleiðis, en hv. þd. hefir nú varnað mjer þess, svo að engin formleg till. liggur fyrir um að veita þetta fje. En erindið sjálft liggur þó fyrir, og vil jeg skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort hún treystir sjer ekki til að veita Eggert Stefánssyni nokkuð af því fje, sem ætlað er til skálda og listamanna. Það mun vera bannað að veita minna en 1000 kr., svo að hæstv. stjórn gæti þá vel úthlutað Eggert tveim. Hann segir m. a. í erindi sínu, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hefir sýnt sig, að hvarvetna sem jeg hefi sungið íslensk lög, hafa þau vakið mikla eftirtekt og sú eftirtekt beinist um leið að landinu og þjóðinni, eins og sýna fjöldi greina í blöðum og tímaritum, sem ritaðar hafa verið í sambandi við söng minn.“

Ennfremur vil jeg út af 15. gr. 19 e. geta þess, að hv. Ed. lækkaði fjárhæð þessa um 500 kr. Það mun nú orðið of seint að koma fram með brtt. um þetta, en þar sem hv. Nd. samþykti með miklum atkvæðamun, að þessi maður skyldi fá 2500 kr., vona jeg, að hæstv. stjórn sjái sjer fært að veita honum 500 kr. í viðbót. — Hv. Ed. hafði það svo um utanfararstyrki til listamanna, að hún jafnaði þá alla og ákvað 2000 kr. til hvers. En það er enganveginn sanngjarnt, að þarna fái allir jafnt. Þeir, sem stunda erfitt nám og kostnaðarsamt, verða að fá hærri styrk en hinir. Karl Runólfsson er einn þeirra, sem erfiðast nám stunda og leggja mest á sig. Hefði því verið mjög rjettlátt, að hann hjeldi þeim 2500 kr., sem hv. Nd. ætlaði honum, er fjárlögin voru afgreidd þaðan. Endurtek jeg því áskorun mína til hæstv. stjórnar, að veita honum a. m. k. 500 kr. að auki.

Við 17. gr. hefir hv. Ed. ekki gert miklar breytingar. Þó gerði hv. fjvn. tilraun til að fella niður 5. lið, og vildi að vísu, að í stað þess kæmi annar nauðsynlegur styrkur. Nú var það vitanlega ekki formrjett að láta styrk til sjúkrasamlags koma í stað styrks til styrktarsjóðs verkamanna- og sjómannafjelaganna í Reykjavík, enda var brtt. nefndarinnar feld. Sjúkrasamlag Reykjavíkur fær því engan styrk í þessum fjárlögum til að stofna ný sjúkrasamlög og starfa að samvinnu meðal sjúkrasamlaga. Vil jeg því víkja því til hæstv.

stjórnar, hvort hún gæti ekki ætlað því fje í þessum tilgangi í næstu fjárlögum. Sjái hún sjer það ekki fært, mun jeg bera fram brtt. um það á næsta þingi. — Nú er hinsvegar tekin upp sú regla að ákveða útgjöld án þess að spyrja þingið, og vil jeg því fara fram á það við hæstv. stjórn að hafa það svo með þetta. *(Atvrh. MG:* Það þori jeg ómögulega).

Þá hefi jeg nú launað háttv. deild að nokkru, að hún vildi ekki veita afbrigði, til þess að brtt. mínar mættu komast að. Á jeg enn eftir aðra ræðu og „stutta" aths., og er ekki ólíklegt, að jeg noti þann rjett minn, ef ekki verður búið að breyta þingsköpum næst þegar jeg vil standa upp.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði um fyrstu brtt. á þskj. 514. Háttv. frsm. (ÞórJ) mun hafa tekið það fram, að þessa upphæð verður að nota á þessu ári, ef hún á á annað borð að koma til notkunar. Ef stjórnin vill því greiða þetta, má hún til að tryggja sjer að verða ekki fyrir ámæli hv. þm. fyrir, og það getur hún auðvitað öðruvísi en með beinni atkvgr. um liðinn. Að vísu getur þannig lagað samþykki aldrei orðið bindandi fyrir stjórnina. — Eins og þessi brtt. er fram borin, er hún við 9. gr. fjárlaganna, og er venjan, að stjórnin hafi engin afskifti af því fje. Er því óvíst, að þetta komi nokkuð til hennar kasta.

Jakob Möller: Jeg heyrði því miður ekki, hvað hv. frsm. (ÞórJ) sagði um brtt. mína á þskj. 514, sakir þess, að jeg var þá á fundi í fjhn. — Gagnstætt hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafði jeg hugsað mjer að vera góða barnið í dag og taka aftur brtt., ef loforð fengist um, að upphæð þessi yrði greidd með einhverju móti. — Hv. þd. mun kunnugt, að hv. þm. Dal. hefir nú verið veikur í nær þrjú ár. Einnig mun hv. þd. kunnugt, að það er álit lækna, að hann geti náð fullri heilsu aftur, ef honum gefst kostur á að dvelja um hríð í Suðurlöndum. Þessi maður á þá sögu að baki, að Alþingi getur ekki látið ógert að veita honum þessa litlu fjárupphæð, ef vera mætti, að það yrði til þess, að hann fengi bót heilsu sinnar. Þótt ekki sje nefndur nema einn þáttur starfsemi hans, afskifti hans af sjálfstæðismálum þjóðarinnar, þá mun hann af flestum talinn svo mikilsverður, að Alþingi er skylt að láta það sjást í einhverju, að það kunni að meta það starf hans. En nú er það orðið að samkomulagi hjá hv. fjvn. að ganga að fjárlögunum óbreyttum frá hv. Ed. Jeg get því fallist á að taka brtt. mína aftur, ef jeg fæ vilyrði fyrir því, að upphæð þessi verði greidd. Vil jeg því leyfa mjer að spyrja hæstv. stjórn, hvort hún sjái sjer ekki fært að greiða þessa upphæð upp á væntanlegt samþykki í fjáraukalögum fyrir 1926. Ef slík yfirlýsing kemur, tek jeg till. aftur. Annars læt jeg hana koma undir atkv., og verður þá að ráðast, hvernig hv. deild metur skyldur sínar við Bjarna Jónsson frá Vogi.

Frsm. síðari kaflans (Tryggvi Þórhallsson): Sem frsm. síðari kafla fjárlagafrv. hefi jeg ekki ástæðu til að segja neitt. Jeg get látið mjer nægja að vísa til hv. frsm. fyrri hlutans (ÞórJ); hann talaði fyrir munn allrar nefndarinnar. Um brtt. á þskj. 514, sem jeg er meðflm. að, þarf jeg heldur ekki að tala. Það er samkomulag um að taka hana aftur; hún var borin fram áður en þessi ákvörðun var tek-

in, að ganga að fjárl. óbreyttum frá Ed. Ástæðan til þess, að jeg stend upp, er sú, að einn hv. þdm. hefir orðið til þess að taka þessa brtt. upp. Jeg get verið honum þakklátur fyrir ummæli hans um nauðsyn hreppanna. Og þó við höfum tekið till. aftur, þá er það ekki af því, að við sjeum ánægðir með afgreiðslu málsins í hv. Ed., en við vildum ekki verða til þess að opna fjárlögin aftur. Og þótt þessi brtt. sje nú tekin upp aftur, þá fær enginn mig til þess að rjúfa þau orð, sem jeg gefi gert um þetta. Jeg vil ekki stuðla að því að opna fjárlögin, og þótt afgreiðslan sje ekki eins og jeg hefði kosið, og langt frá því, þá er þess að minnast, að sennilegra er, að þau versni, ef þau verða opnuð. Og um hreppana er þess að minnast, að þing kemur eftir þetta þing.

Halldór Stefánsson: Jeg hafði nú ekki hugsað mjer að ganga á móti þeim straum, sem kemur fram hjá hv. fjvn., að samþykkja fjárlögin óbreytt frá hv. Ed. En jeg kemst ekki hjá því að minnast á tvö atriði í meðferð hv. Ed. á fjárlögunum. Hið fyrra er bátastyrkurinn. Í nál. samgmn. á þskj. 240 er gerð áætlun um bátastyrk, 89900 kr., og af því eru Lagarfljótsbátnum ætlaðar 800 kr. Við 3. umr. bar nefndin fram 1100 kr. hækkun á þessum styrk, og frsm. nefndarinnar komst þannig að orði: „Samgmn. hefir lagt til, að flóabátastyrkurinn verði hækkaður um 1100 kr., og af því gangi 400 kr. til Lagarfljótsbátsins.“ Till. nefndarinnar voru svo samþyktar með þessari skýringu, og Lagarfljótsbátnum þannig áætlaðar 1200 kr. En nefndin í hv. Ed. hefir tekið 800 kr. óbreyttar eftir þskj. 240, en gætir ekki þeirrar breytingar, sem gerð var við 3. umr. í Nd. Jeg hefi spurt nefndina um, hvort það hafi verið meiningin að lækka styrkinn, en hún kvað það ekki vera, heldur hefði þetta verið tekið eftir þingskjalinu. Þetta verður því að skoðast sem vangá, og vildi jeg hjer með benda á það, til athugunar fyrir hæstv. stjórn.

Hitt atriðið er viðvíkjandi Loðmundarfjarðarsímanum. Samþykt var í hv. Ed. að lækka 13. gr. D. II. um þá upphæð, sem ætluð var í Nd. til Loðmundarfjarðarsímans, 15 þús. kr. Þetta var gert eftir till. fjvn., og segir hún í ástæðum sínum, að þessi símalagning hafi ekki verið ákveðin eftir till. símamálastjóra, heldur hafi hún „komist inn“ í Nd. Það er talað um þetta eins og það hafi verið vangá eða slysni og jafnvel óheimilt af Nd. að ákveða þetta. En það segir sig sjálft, hversu hæpin slík ályktun er. Til hvers er þá þingið, ef það á fyrirfram að vera bundið við tillögur símamálastjóra? Auk þess er þetta rangt. Símamálastjóri sagði okkur þm. N.-M., að ef stjórnin hefði fengist til að tiltaka hærri upphæð í fjárl. til símalagninga, þá hefði Loðmundarfjarðarsíminn staðið næstur. Í niðurlagi nál. slær nefndin svo úr og segir eitthvað á þá leið, að hægt muni vera að leggja þennan síma eftir sem áður, vegna lækkunar á símalagningarkostnaði. Nefndin byggir nú væntanlega þessa ályktun sína á áliti landssímastjóra; annars væri þetta fleipur út í bláinn eða óheilindi. Jeg ætla því að vona, að svo reynist, að þessi lækkun verði fyrir hendi, svo að hægt verði að leggja Loðmundarfjarðarsímann á næsta ári.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af því, sem hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði viðvíkjandi bátastyrknum, þá getur stjórnin ekki verið bundin af vilja samgmn. beggja deilda, þegar þeim ber ekki saman. Í Ed. er ekki áætlað neitt fyrir óvissum útgjöld-

um, en ef á að leggja til grundvallar álit Nd., þá hlýtur altaf að vanta 400 kr. upp á samkv. till. Ed. Það er venja að taka tillit til beggja deilda; þegar styrknum er úthlutað, þá er lagt á metaskálarnar það, sem fram hefir komið í báðum deildum. Það mun og verða gert í þessu tilfelli, og vænti jeg, að háttv. 1. þm. N.-M. verði ánægður með það.

Að því er snertir Loðmundarfjarðarsímann, þá sje jeg ekki annað en að hvorttveggja sje rjett, að hann hafi komist inn hjer í neðri deild og ekki verið í tillögum landssímastjóra. En hitt efa jeg heldur ekki, að hann hefði lagt til, að þessi sími yrði lagður, ef hann hefði haft meira fje úr að spila. En honum var sagt, hve miklu fje hann mætti ráðstafa, og hann hefir ráðstafað því þar, sem hann áleit þörfina mesta. En fari svo, að símalagningarkostnaður lækki, þá geri jeg ráð fyrir, að það verði athugað, hvort ekki sje hægt að leggja þessa línu, svo framarlega sem kostnaðurinn fer ekki fram úr því, sem afgangs verður af fje því, sem veitt er til símalagninga.

Halldór Stefánsson: Jeg hefi ekki ástæðu til annars en að vera nokkurn veginn ánægður við hæstv. atvrh. (MG) fyrir ummæli hans, þótt jeg sje ekki samþykkur öllu, sem hann sagði. Jeg fæ ekki sjeð, að það sje þess eðlis, sem nefndunum ber á milli um bátastyrkinn, er nefndin í Ed. játar, að lækkunin hafi orðið af vangá hjá sjer, að ekki megi ætla óhikað, að álit nefndarinnar í Nd. verði lagt til grundvallar fyrir úthlutun bátastyrksins.

Benedikt Sveinsson: Þótt það sje mjer fjarri skapi að auka metnað eða ríg milli deildanna, þá get jeg ekki felt mig við slíka aðferð sem þessa, og allra síst um meðferð fjárlaga. Þótt svo sje kallað, að báðar deildir sjeu jafnrjettháar, þá er þar þó nokkur munur á. Kemur hann fram, þá er mál koma fyrir sameinað þing; þá kennir meir afls þeirrar deildarinnar, sem fjölmennari er. Hitt er og annað, að fjárlögin eru jafnan lögð fyrst fyrir þessa hv. deild, og er henni þar með fengið frumkvæði til breytinga á frumvörpum stjórnarinnar og höfuðstarfið um skipun fjárlaga landsins. Nú eru breytingar hv. Ed. að vísu ekki svo stórvægilegar, að bein ástæða sje til þess að fyllast þykkju, en þó finst mjer óþarfi af þessari hv. deild að fara ekki höndum um frv. Það mætti skiljast svo, sem hún treysti sjer ekki til þess að bæta um og teldi Ed. hafa borið meiri giftu til að ganga frá frv. en Nd. sjálfa. En slíkt get jeg ekki samþykt. Jeg býst nú ekki við, að það sje af þeirri ástæðu, að þessi háttur er upp tekinn, heldur muni ástæðan ef til vill vera sú, að með þessu eigi að flýta þinginu. Vil jeg því spyrja hæstv. stjórn, hvort þetta sje gert í því skyni að flýta þingi, og óska jeg þá jafnframt að fá að vita, hvenær stjórnin hygst að slíta þingi. Það er nauðsynlegt fyrir deildina að vita þetta, vegna ýmissa mála, sem óafgreidd eru enn.

Með því að hjer hefir nokkuð verið minst á afgreiðslu Ed. á ýmsum málum, þá vil jeg leyfa mjer að minnast á eitt mál, sem jeg var við riðinn, brúna á Brunná. Hjer í Nd. var samþykt með miklum meiri hluta að byggja hana. Til þess að svo mætti vera, var fjárveiting til brúargerða hækkuð um 10 þús. kr. En Ed. lækkaði þá fjárveitingu um sömu upphæð, og mætti því í fljótu bragði virðast svo, sem hún hefði sneitt niður till. mína um smíð Brunnárbrúarinnar. En svo er ekki. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, skírskota til nál. fjvn. Ed. Þar segir svo:

„Nefndin er þeirrar skoðunar, að þrátt fyrir þessa lækkun muni, bæði vegna lækkandi verðs á sementi og væntanlegrar kaupgjaldslækkunar, verða hægt að byggja *allar* þær brýr, sem hv. Ed. hefir miðað fjárveitingu sína við. — En bregðist það, verður afleiðingin sú, að bygging þeirra brúa, sem að áliti vegamálastjórnar þolir helst bið, verður að dragast árinu lengur.“

Hjer er talið víst, að fje endist til þess að byggja *allar* brýrnar, og því er sami vilji í Ed. um þetta atriði sem neðri deildar. Alt Alþingi vill fá Brunnárbrúna 1927. Ennfremur er og sleginn sá varnagli, ef einhver brú þurfi að sitja á hakanum, þá skuli vegamálastjóri ráða fram úr því. Við það get jeg vel unað, því að ekki er jeg hræddur um, að Brunnárbrúin verði þá á hakanum, því að hann hefir mælt með þessari brú og gefið mjer hana í jólagjöf, sem frægt er orðið.

Frsm. fyrri kaflans (Þórarinn Jónsson): Jeg get í rauninni fallið frá orðinu, því að jeg vil ekki að óþörfu lengja umræðurnar mikið. Jeg býst við, að niðurstaðan verði á sama veg hvort sem er. Mjer kom nú ekki á óvart, þótt einhverjir þm. væru óánægðir, og þá sjerstaklega þeir, sem hafa orðið fyrir niðurskurði. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hóf máls á því, að átelja nefndina fyrir það að beygja sig fyrir Ed. og ganga að fjárlögunum óbreyttum og taldi slíkt óþinglegt. En er hann athugar þetta rólega, þá sjer hann, að fjvn. hefir ekki lagt til að beygja sig, heldur aðeins að firra ríkissjóð útgjöldum, með því að koma í veg fyrir, að tekjuhalli fjárlaganna verði hærri. Hann áfrýjaði máli sínu til deildarinnar, en það hafa ekki nema tveir hv. þm. kvartað, svo mikill meiri hluti deildarinnar er samdóma nefndinni. Ekki er hægt að segja, að þetta sje óþinglegt, og Nd. hefir gert þetta áður, fyrir 4—5 árum. Það er nú svo, að þó þessi deild sje mannfleiri og ætti því frekar að hafa umsjón með fjármálum en Ed., þá er því ekki að neita, að í Ed. sitja landskjörnir þm., kosnir af hinum eldri og reyndari kjósendum, og munu menn því ætlast til, að þeir sjái um, að gjaldþoli ríkisins sje ekki ofboðið. En hvað sem um þetta er, þá er það aukaatriði og kom ekki til greina frá sjónarmiði nefndarinnar.

Þá var önnur ástæða, sem hv. þm. N.-Þ. (BSv) kom fram með, að þetta mundi vera gert til þess að flýta þinginu. Jeg hefi ekki heyrt þetta fyr og veit ekki, hvaðan það er komið, en slíkt er á engum rökum bygt.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að fjvn. hefði trygt sjer atkvæði í flokkunum. En slíkt er með öllu tilhæfulaust. Hún hefir ekkert gert annað en bera fram þessa till. og skotið henni til vitsmuna hv. deildarmanna.

Út í einstök atriði ætla jeg ekki að fara, enda álít jeg frekari umr. litla þýðingu hafa og vænti, að bráðlega komi að atkvæðagreiðslu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af fyrirspurn um, hvort það sje vilji og álit stjórnarinnar, að frv. eigi að samþykkja óbreytt, er óþarft að koma með yfirlýsingu.

Háttv. frsm. fjvn. hefir skýrt frá því, að tilgangur nefndarinnar með till. sinni sje að auka ekki á þann tekjuhalla, sem þegar er áætlaður í frv. Þessa viðleitni nefndarinnar vill stjórnin styðja eftir mætti. Útgjaldaáætlunin er komin á 12. milj. króna, og má þar sannarlega ekki meira á bæta.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) beindi þeirri spurningu til mín, hvort þetta ráð væri upp tekið af stjórninni til þess að flýta þingi.

Það er hv. fjvn., sem leggur til, að fjárlagafrv. fari óbreytt gegnum deildina, en hinsvegar vill stjórnin styðja það af öllum mætti.

Um þingslit verður ekkert sagt enn, og er það forseta að ráðgast um það við hæstv. forsrh., hvenær þingi verði slitið, áður en það komi til tals hjer í deildinni.

Jón Baldvinsson: Háttv. framsögumenn og hæstv. ráðherrar hafa skýrt frá því, að eina ástæðan til þess, að fjvn. leggur þetta til, sje sú, að firra ríkissjóð útgjöldum.

Mjer finst það djúpt til orða tekið og næsta mikið í fang færst, er þeir 7 nefndarmenn ætla sjer að knjesetja hina 20 og lýsa nokkurskonar vantrausti á þeim, að þeir sjeu ekki meir en svo hæfir til þess að koma fram með tillögur um fjárveitingar.

Þá finst mjer það heldur mikil þröngsýni að berjast á móti öllum tillögum, af því þær auki útgjöld ríkissjóðsins; jeg álít, að fyrst og fremst beri á það að líta, að hverju gagni það megi verða landi og lýð.

Jeg verð að skoða till. hv. fjárveitinganefndar um að samþykkja fjárlögin óbreytt sem vantraust á háttvirta deild. Jeg trúi því ekki, að íhaldsmenn eða framsóknar, sæti eiga í nefndinni, hafi borið fram till., nema þeir hafi áður hvorir um sig vitað vilja síns flokks og fengið leyfi hans. *(TrÞ:* Hefir hv. þm. fengið leyfi flokksbræðra sinna til að halda slíkar ræður hjer?). Jeg veit ekki, hvort það er siður í herbúðum framsóknar, að þm. verði að leggja ræður sínar fyrir flokksmenn áður en þær eru fluttar, en til þess þekki jeg ekki í flokki þeim, er jeg er í. *(MJ:* Vita ekki allir flokksmenn fyrirfram, hvað hv. þm. ætlar að segja?). Ekki er það nú víst. Jeg skil ekki í því, að það mundi steypa ríkissjóði, þó að þessar 15—20 þús. kr. bættust við. Stendur þá ríkissjóður mjög tæpt, ef hann þolir ekki baggamun þann, er stafa mundi af eftirgjöf á lánum til hreppa í kjördæmum hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Nei, en hitt er satt, verði fjárlögin opnuð, eiga þm. á hættu, að þau þurfi að fara til einnar umr. í Ed. En mjer finst, að ef ekki væri önnur breyting gerð í Nd., hefði Ed. litla ástæðu til að breyta. En Nd. á að rjettu lagi að leggja síðustu hönd á fjárl. á hverju þingi.

Jeg skal þá svara hæstv. fjrh. Hann taldi ekkert óþinglegt við það, þó að stjórn leitaði til þingflokka um ýms útgjöld, sem ekki eru í fjárlögum. Getur verið, er brýn nauðsyn ber til, en það er vitanlega á ábyrgð stjórnarinnar. Að gefnu tilefni skal jeg geta þess, að jeg mun ekki áfellast hæstv. stjórn, þótt hún greiddi styrk eftir 1. lið á þskj. 514, til Bjarna frá Vogi.

En ef þetta verður alment og nokkuð verulega kveður að því, er og verður það óþinglegt, ef stjórnin rær í einstaka þm. og þingflokka til að fá þá til að vera góða, ef hún veiti þessa eða hina fjárveiting utan fjárlaga. Þessi aðferð, að fara utan við fjárl. með samþykki einstakra nefnda eða flokka, að stjórn veiti fje, svo að segja utan við landslög og rjett, er ekki heppileg. Jeg hygg rjettara og þinglegra að hafa fjáraukalög á hverju þingi. Að vísu bera hv. þm. það fram, að með því móti mundi komast meira af útgjöldum inn í fjáraukalög en annars mundi verða eytt

aukalega af stjórninni. En það er ómögulegt að vita, hvað stjórn kann að eyða, sjeu henni ekki takmörk sett. En hafi stjórn fasta heimild, þá er alt hreint, engar árásir nje eftirköst. Hinsvegar gefur þessi aðferð tilefni til deilu eftir á, þótt einstakar fjárveitingar geti verið fullkomlega rjettmætar.

Hákon Kristófersson: Mjer þykir hlýða að gera grein fyrir væntanlegu atkvæði mínu.

Hv. fjvn. hefir sætt ámæli fyrir að hafa samþykt fjárlagafrv. óbreytt eins og það nú liggur fyrir. Jeg ætla hvorki að þakka nje vanþakka hv. nefnd meðferð fjárlaga á þessu þingi; gerðir hennar liggja undir dóm alþjóðar. En þakkarvert er það þó, að hún vill nú ekki, að fjárl. verði gerð verri en orðið er.

Jeg neita því, að jeg sje ánægður með gerðir hv. nefndar, þótt jeg nú neyðist til að greiða atkv. með till. hennar.

Það er neyðarúrræði að þurfa að slaka til fyrir hv. Ed. um úrlausn fjármála. Jeg get ekki verið sammála hv. frsm. fjvn. (ÞórJ), að í þeirri deild eigi sæti menn gætnari um fjármál. Jeg neita því algerlega, að taka beri þá nokkuð fram yfir okkur hina. Þar sem nú þegar eru komnir tugir þúsunda króna í fjárlögin, sem þjóðin væri bættari með, að niður fjellu, þá vil jeg ekki ganga með þeim, sem vilja enn auka við.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) tók fram, að stjórnin mundi telja sjer heimilt að greiða fjárupphæðir utan fjárlaga, eftir að hafa átt makk við einstaka þingmenn og þingflokka og fengið samþykki þeirra. Jeg mótmæli, að slíkri aðferð sje beitt, þar sem þing er haldið á hverju ári. Engin heimild er til slíks, nema borið sje undir þingið.

Jeg fylgi hv. nefnd, að samþykkja frv. eins og það liggur nú fyrir, af því að jeg tel engar líkur til, að það verði lagað að neinu leyti. Jeg veit, að svo margir standa með nefndinni um þetta, að ekki þarf að efa úrslitin, og jeg tel það vel farið. Annars mundi frv. fara öllu verra úr deildinni en það kom.

Bernharð Stefánsson: Háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) vildi telja eftir styrk til báta-ferða á Eyjafirði og grendinni og greindi tvær ástæður. Aðra þá, að eigi væri þörf á því, vegna góðra samgangna þar um slóðir; hina, að jeg hefði eigi fylgt málum. Jeg mótmæli hvorutveggja. Í fyrsta lagi er mikil þörf bættra samgangna við Eyjafjörð. Í öðru lagi hefir legið fyrir samgmn. Ed. beiðni í þessa átt frá Eyjafjarðarsýslu. Efast jeg ekki um, að nefndin hafi metið rjett ástæðurnar og bygt till. sína á fullum rökum.

ATKVGR.

Brtt. 514,I tekin aftur.

— 514,II tekin aftur.

— 514,III tekin aftur, en tekin upp af 2. þm. Reykv. (JBald), er tók hana síðan aftur fyrir tilmæli flm.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 535).

2. Fjáraukalög 1925.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 15. febr., var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1925 (stjfrv., A. 17).

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Eins og tekið er fram í athugasemdum við frv. þetta, þá er heildarupphæð þess talsvert hærri en tilsvarandi fjáraukalaga fyrir árið 1924, sem fram voru borin á síðasta þingi, þar sem hún nemur alls um 197 þús. kr. Af upphæðinni hefir mestur hluti farið til að framkvæma nauðsynlegt viðhald á ýmsum opinberum byggingum, sem varð útundan af eðlilegum ástæðum undangengin fjárkreppuár, en ekki þótti rjett að fresta lengur. Svo eru upphæðir til nokkurra mannvirkja til varnar gegn ágangi sjávar og vatns, sem ekki mátti heldur fresta. Einnig eru ýmsar smærri upphæðir, eins og frv. ber með sjer.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um frv. þetta við 1. umr., en leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til fjvn. með 20 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 25. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 17. n. 52).

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Á Alþingi 1924 lagði þáverandi stjórn fram fjáraukalög fyrir árið 1923 og leitaði heimildar til aukafjárveitinga fyrir árið 1923 að upphæð h. u. b. 46 þús. kr. Árið 1925 voru lögð fyrir Alþingi samskonar lög fyrir árið 1924, og var þá upphæðin h. u. b. 38 þús. kr. Í þessu frv. um aukafjárveitingar er upphæðin 196 þús. kr. Þetta stingur allmjög í stúf við hinar fyrri upphæðir. Jeg get mint á, að fjárlögin fyrir árið 1925 voru samin á Alþingi 1924, og var þá sjerstök áhersla lögð á það af þáverandi fjvn. að fá sem flesta liði inn í fjárlögin og að láta gjaldahlið fjárlaganna sýna sem rjettasta mynd.

Jeg vil þó ekki af hálfu fjvn. beina neinum sjerstökum ámælum til hæstv. stjórnar út af þessu, því að við nánari athugun kemur ýmislegt fram, sem skýrir þennan mikla mun og gerir að miklu leyti skiljanlegt, hvað upphæðirnar eru margar og háar. Í fyrsta lagi eru 2 hæstu upphæðirnar, sem nema til samans h. u. b. ⅓ af öllum 196 þúsund kr., ekki gerðar upp á eindæmi hæstv. stjórnar, heldur með ráðum fjárveitinganefnda á síðasta þingi. Þessar upphæðir eru h. u. b. 34 þúsund kr. til aðgerðar Landsbókasafnshúsinu og 36 þúsund kr. í viðbót við styrk handa Búnaðarfjelagi Íslands. Það er alveg rjett, sem segir í athugasemdum við frv., að mjög mikill hluti þessa fjár hefir gengið til nauðsynlegs viðhalds á opinberum byggingum eða til mannvirkja til varnar skemdum af ágangi sjávar og vatna.

Af hálfu fjvn. vil jeg þó geta þess um einn lið í frv., að henni þykir hæstv. stjórn þar hafa gengið fulllangt, sem sje í styrkjum til utanfara. Ef þetta hefði verið borið fram á þinginu 1924, hefði fjvn. lagst á móti flestu. Það er auðvitað, að hægra er um að tala en í að komast að neita slíkum styrkjum, en ef þetta á að vaxa áfram eins og hingað til, getur það orðið allþungur baggi fyrir ríkissjóð.

Nefndin vill ekki ámæla hæstv. stjórn

fyrir að hafa veitt styrk til þess að lækna mænuveikisjúklinga, en hún vill benda á, að aðferðin er dálítið óvanaleg. Fjenu er ávísað til landlæknis og hann ráðstafar því. Þegar þetta er borið saman við eftirlitið með úthlutun fjár til styrktar berklaveikum, þá virðist ekki mikið eftirlit með þessu fje af hálfu stjórnarráðsins. Viðvíkjandi síðustu tveim liðum 3. gr. vil jeg geta þess, að þeir eru nú í síðasta sinn í fjáraukalögum og eru nú teknir upp í fjárlög fyrir árið 1926.

Um 5. gr. vil jeg taka það fram, að fjvn. hefir álitið þessa styrki nauðsynlega, en af athugasemdum við greinina kemur í ljós, að mjög er það óákveðið, hvaða reglur gilda um úthlutun slíkra styrkja.

1) Til sjóvarnargarðs á Siglufirði borgar ríkissjóður helming kostnaðar.

2) Til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki borgar ríkissjóður ¾ kostnaðar.

3) Til sjóvarnargarðs á Stokkseyri og Eyrarbakka borgar ríkissjóður ¼ kostnaðar.

4) Til fyrirhleðslu fyrir Hjeraðsvötn borgar ríkissjóður ⅔ kostnaðar.

Fleiri dæmi mætti taka, sem sýna það, að engin föst regla er til um það, hvað mikinn hluta ríkissjóður leggur fram af kostnaðinum. Jeg vil beina því til hæstv. stjórnar, að hún geri grein fyrir hinum mismunandi reglum, sem gilda um þessar styrkveitingar.

Í þessu sambandi má minna á, að í sumum þessara kauptúna á ríkissjóður mikið af lóðum, sem hann hefir leigt fyrir afarlágt verð. Nefndinni er ekki grunlaust um, að mjög gamaldags taxti sje á eftirgjöldunum, og mundi ástæða fyrir hæstv. stjórn að athuga, hvort ekki væri rjett að hækka lóðagjöldin.

Loks ætla jeg að víkja örfáum orðum að síðasta lið 5. greinar, sem er styrkur til kostnaðar við mælingar og uppdrætti af kauptúnum og sjávarþorpum. Þarna stendur dálítið sjerstaklega á. Þessi liður var beinlínis feldur af fjárlagafrv. á Alþingi 1924. Það var sem sje beinn þingvilji að veita ekki fjeð. En í fyrra var þetta veitt í fjárl. 1926. Hefði ekki svo staðið á, þá hefði verið óverjandi fyrir hæstv. stjórn að taka þetta upp núna.

Um brtt. nefndarinnar þarf jeg ekki að segja nema örfá orð. 2 fyrstu brtt. stafa af því, að síðan frv. var samið, eru komnar aðrar upplýsingar og fullkomnari reikningar. 3. brtt. er um ferðastyrk til biskups. Hann er sama eðlis og hinir, og þótti nefndinni rjett að láta hann fylgjast þar með. Þá er 4. brtt., um að í 4. gr. 2 komi „lögfræðinga“ fyrir „embættismanna“, og 5. brtt. um, að í 4. gr. 3 og 4 komi „þjóðskjalavarðar“ og „Þjóðskjalasafninu“ fyrir „þjóðminjavarðar“ og „Þjóðminjasafninu“. Eru þær sjálfsagðar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get verið hv. fjvn. þakklátur fyrir undirtektir hennar við frv. sjálft og brtt., sem hún flytur. Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að gera að umtalsefni neitt af því, sem hv. frsm. (TrÞ) hafði orð á, nema ef vera skyldi utanfararstyrkirnir. Stjórninni hefir ekki sýnst mögulegt í venjulegu árferði að hafa ekki nokkurt fje til umráða í þessu skyni, sem sje handa mönnum, sem þurfa að sækja millilandafundi. Oft stendur svo á, að boðað er til fundar mönnum frá Norðurlandaríkjunum 5 sjerstaklega, og megum við þá til að veita einhvern styrk til slíkra utanfara. Því er það, að stjórnin hefir farið fram á, að tekin verði upp í fjárlagafrv. fyrir árið 1927 dálítil upphæð,

sem samsvaraði því, sem veitt hefir verið árið 1925 til þessa.

Mjer er það sjerstakt ánægjuefni, að hv. nefnd vill viðurkenna nauðsynina á þessu með því að flytja viðaukatillögu í þessu skyni.

Þá hefi jeg ekki fleira um þetta að segja, en geri ráð fyrir, að hinir ráðherrarnir svari því, sem til þeirra er beint.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. frsm. fjvn. (TrÞ) mintist á 3 atriði, sem mjer við koma. Út af skipulagsuppdráttum kauptúna vil jeg geta þess, að það er sennilega alveg rjett hjá háttv. frsm., að stjórninni hefði verið óheimilt að greiða fje til þessa, hefði ekki þingið í fyrra samþykt að veita upphæð í þessu skyni í fjárl. 1926. Þá mintist hv. frsm. á það, að engar reglur gildi fyrir úthlutun styrkja til varnar skemdum af ágangi sjávar og vatna. Þetta er rjett að því leyti, að þetta hefir verið samningsatriði, nema þar sem lög mæla sjerstaklega fyrir, en slík lög eru aðeins til um fyrirhleðslur fyrir Markarfljót og Þverá frá 1917. Ætlunin var sú, að greiða helming kostnaðar við fyrirhleðslu fyrir Hjeraðsvötn, en kostnaðurinn fór allmikið fram úr áætlun, því að vötnin höfðu grafið sig niður um 1 metra frá því áætlun var gerð og þar til verkið var framkvæmt. Því var styrksupphæðinni breytt í ⅔, en með það voru Skagfirðingar ekki fullkomlega ánægðir. Vildu fá ¾ kostnaðar úr ríkissjóði, eins og verið hafði í Djúpósfyrirhleðslunni.

Um lóðir ríkissjóðs er það að segja, að þær eru víðast ódýrt leigðar, en þar, sem fært hefir þótt verðmætis eða samninga vegna, hefir afgjaldið verið hækkað. Í Vestmannaeyjum hafa gjöldin t. d. nýlega verið að mig minnir 6-földuð. Mikill hluti eyjanna er fyrir löngu útmældur til 80 ára, og á þeim tíma er engu hægt að breyta, nema hækka gjaldið fyrir nýjar útmælingar.

Forsætisráðherra (JM): Það var rjett hjá hv. frsm. að athuga utanfararstyrkinn sjerstaklega. Það var ekki heimild til að greiða hann. Er jeg nefndinni þakklátur fyrir að hún vítti það ekki. Mjer er óhætt að segja, að það var fullkomlega ógerningur að neita algerlega um slíka styrki, enda eru þeir aldrei nema lítill hluti af þeim kostnaði, sem viðkomandi hefir haft af förinni. Við erum komnir í svo mikil andleg og verkleg viðskifti við önnur lönd, að við getum ekki skorast undan því að senda menn á einstaka fundi, er t. d. Norðurlönd halda í fjelagi. Því hefir stjórnin lagt til að veita ákveðna upphæð til utanfara. Hv. frsm. sagði, að við værum ekki færir um að veita fje til slíkra hluta á við aðrar þjóðir. En hjer er það ekkert svipað, þótt miðað sje við fólksfjölda og ríkidæmi. Aðrar þjóðir verja mjög miklu fje til sendiferða, en við erum því sem næst lausir við það. Jeg vænti þess, að hv. fjvn. leyfi stjórninni að hafa einhverja fjárhæð til afnota í þessu skyni.

Að því er snertir mænuveikina, þá þótti það eini vegurinn að gera tilraun til að bjarga sjúklingunum, að byrja lækningar þegar í stað. Stjórninni var sagt af læknum, að það riði á að taka sjúklingana tafarlaust til meðferðar, og sá hún sjer því ekki annað fært en leyfa landlækni að nota fjárhæð í þessu skyni. Jeg hygg, að þessi tilraun hafi hepnast allvel og árangurinn orðið eins góður og við var búist. Til þessa var að vísu ekki heimild, en sjálfsagður hlutur að gera það. Eftirlit

með þessu var hjá landlækni og gert í samráði við skrifstofustjórann í dómsmálaráðuneytinu, og hefir verið reynt að halda spart á.

Jeg mun síðar, ef óskað er, gefa háttv. fjvn. og hv. deild skýrslu um lóðagjöldin á Siglufirði.

Jón Baldvinsson: Jeg skildi ummæli hæstv. fjrh. (JÞ) svo, að fjvn. hefði viðurkent rjettmæti ferðastyrkjanna með því að taka þá upp hjá sjálfri sjer. En jeg vildi taka það fram út af þessum styrkjum, sem landsstjórnin hefir greitt án þess að hafa heimild til, að slíkar greiðslur eru ekki rjettmætar, sjerstaklega þeir styrkir, sem Alþingi hefir áður felt. Á þinginu 1923 var feldur ferðastyrkur til biskupsins til þess að sækja biskupafund á Norðurlöndum. Ef því stjórnin hefir greitt þennan 600 kr. ferðastyrk í heimildarleysi, þá er slíkt vitanlega algerlega órjettmætt. En mjer heyrðist hæstv. fjrh. vera að hlakka yfir því, að nefndin hefði tekið þetta upp hjá sjer af sjálfsdáðum, og þætti mjer fróðlegt að vita, hvort svo væri.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) sagði, að jeg hefði hlakkað yfir því, að hv. fjvn. hefði tekið upp af sjálfsdáðum ferðastyrk biskups. En jeg gerði ekki annað en þakka nefndinni fyrir að hafa borið fram till. Og jeg vil mega halda því áfram að þakka þingnefndum fyrir þær till., sem þær bera fram til bóta á stjfrv. mínum, án þess að leita til þess leyfis hjá hv. 2. þm. Reykv.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins benda á það, að orð hæstv. fjrh. fjellu á þá leið, að fjvn. hefði viðurkent styrkveitinguna með því að taka upp tillögu um hana, svo jeg hafði fulla ástæðu til þess að ætla, að nefndin hafi gert það af sjálfsdáðum, en ekki eftir beiðni stjórnarinnar. Annars væri fróðlegt að heyra, hvernig í þessu liggur.

Forsætisráðherra (JM): Jeg þarf ekki miklu að svara hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Jeg býst við, að hann telji það skyldu sína að rísa upp á móti, ef nefnt er á nafn kirkja og kristindómur eða prestar, hvað þá biskupar.

Frsm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg get gefið þær upplýsingar af hálfu nefndarinnar, að hún bar þessa till. fram eftir viðtali við hæstv. forsrh. og samkvæmt ósk hans. Nefndinni var kunnugt um, að biskupi var boðið á biskupafundinn og að hann fór, og nefndin taldi sjálfsagt, að biskupinn væri ekki settur skör lægra en aðrir, sem fara út á svipaða fundi, nema síður væri.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 52,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

— 52,2 samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 52,3 samþ. með 18:1 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 52,4—5 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

5.—6. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 27. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 61).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 1. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skal leyfa mjer að vísa til ástæðna þeirra, er fylgdu þessu stjfrv., þegar það var lagt hjer fram, og upplýsinga í nál. hv. fjvn. Nd. Jeg legg til, að frv. verði vísað til fjvn. þessarar deildar að lokinni 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjvn. með 11 shlj. atkv.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 5. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 61, n. 79).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg finn enga ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. þetta; það hefir gengið gegnum hv. Nd. og tekið þar litlum breytingum. Breytingarnar, sem gerðar hafa verið á því frá því það kom frá stjórninni, eru ekki margar eða mikilvægar. — Fyrst er sú breyting, að upphæðin til þess að kaupa miðstöðvarketil í geðveikrahælið á Kleppi hefir verið færð úr 7 þús. kr. upp í kr. 7426,96. Stafar breyting þessi vitanlega af því, að ketillinn hefir orðið þetta dýrari en búist hefir verið við í fyrstu. Sömuleiðis hefir viðgerðarkostnaðurinn á sóttvarnarhúsinu í Reykjavík verið hækkaður um kr. 10,88. Og seinasta og helsta breytingin, sem hv. Nd. gerði á frv., var að bæta við utanfararkostnaði biskups. Hinar aðrar breytingar hv. Nd. eru aðeins orðabreytingar.

Fjvn. þessarar deildar hefir því ekki fundið neina ástæðu til að gera breytingar við frv., og leggur því til, að hv. deild samþykki frv. eins og það er. Hinsvegar finst nefndinni rjett að minnast lítillega á fjárveitinguna í 5. gr. til Búnaðarfjelags Íslands. Af greinargerð frv. er það ljóst, að hæstv. atvrh. (MG) hefir átt tal við fjvn. Nd. um fjárveitingu þessa fyrirfram og fengið heimild hennar til þess að borga hana. Um þetta er ekkert að segja. Stjórnin hefir þar haft leyfi þeirrar nefndar, sem telur sig vera þungamiðju fjárveitingavaldsins í þinginu. En út af þessu vil jeg taka það fram og benda hæstv. stjórn á, að til er og hefir verið fjvn. í Ed., sem einnig hefir rjett til að segja sitt álit um slík mál sem þessi. En þetta mál var ekki borið undir hana, eftir því sem mjer hefir verið tjáð. Það má vera, að hún hefði engu breytt, en áreiðanlega hefði það verið kurteisara að bera fjárveitingu þessa líka undir hana, og það því fremur, sem vitanlegt er, að engin fjárveiting nær þó lagagildi nema með samþykki Ed., þrátt fyrir yfirburði þá, sem Nd. þykist hafa í fjármálum.

Þá vildi jeg líka lítillega minnast á aðra fjárveitingu í frv. Það er tekið fram, að 11 þús. kr. hafi verið veittar til sjóvarnargarðs á Sauðárkróki. En nú ber greinargerð frv. það með sjer, að fjárveiting þessi hafi ekki komið að neinu eða að minsta kosti litlu gagni, því að garðurinn hafi eyðilagst í sjávargangi síðastl. haust.

Það er óneitanlega sorglegt að kasta

peningum þannig í sjóinn, eins og hjer hefir átt sjer stað, og ætti að verða til áminningar um, að allrar varúðar og vandvirkni sje gætt, þegar um fjárfrekar framkvæmdir er að ræða. En hinsvegar virðist samt ekki hægt að víta stjórnina fyrir þetta.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal aðeins taka það fram út af því, sem hv. frsm. (EP) sagði um sjóvarnargarðinn á Sauðárkróki, að hann er ekki allur farinn, heldur er töluvert eftir af honum. Annars var það fyrir sjerstakt óhapp, að garðurinn fór svona illa. Það kom sem sje meira brim á garðinn áður en hann var fullgerður en þar hafði þekst áður.

Aðfinslur hv. frsm. í garð stjórnarinnar út af því, að kurteisara hefði verið að bera fjárveitinguna til Búnaðarfjelags Íslands líka undir fjvn. Ed., get jeg ekki annað en viðurkent rjettmætar. Hefi því ekkert annað um þær að segja en að svo hefði átt að vera.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. í e. hlj.
3. gr. samþ. í e. hlj.
4. gr. samþ. í e. hlj.
5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 8. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr sem lög frá Alþingi (A. 106).

---

3. Myntsamningur Norðurlanda.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ganga inn í viðbótarsamning við myntsamning Norðurlanda (stjfrv., A. 5).

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta litla frv. er borið fram í þeim tilgangi aðallega, að ákveðið verði á löglegan hátt, að skiftimyntir þær frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð, er þar hafa verið slegnar samkvæmt myntsamningnum frá 1873, megi hætta að vera löglegur gjaldeyrir hjer á landi, vegna þess að von er á því, að bráðlega verði því lokið að slá þá innlendu skiftimynt, sem þörf er á.

Jeg þarf ekki að taka fleira fram viðvíkjandi þessu frv. Það má raunar skoða það sem einskonar framhald af lögunum frá í fyrra um innlenda skiftimynt.

Að lokinni þessari umr. óska jeg, að frv. verði látið ganga til allshn.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., mánudaginn 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 24).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg sje ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um þetta frv. Nefndin leggur eindregið til, að það verði samþykt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., fimtudaginn 18. febr., var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.
Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 5, n. 55).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Í 9. gr. sambandslaganna er það ákveðið, að myntskipun sú, sem gilti bæði á Íslandi og í Danmörku, skuli halda áfram meðan myntsamband Norðurlanda sje í gildi. En þetta myntsamband Norðurlanda byggist á samningum milli Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur frá 1873 og 1875, og gilti þá einnig fyrir Ísland, sem þá hafði sömu skiftimynt og gilti í Danmörku.

Þegar mismunandi gengi kom á peninga Norðurlandaþjóðanna á stríðsárunum, komu fram erfiðleikar um framkvæmd samningsins. Sænsk króna stóð hæst af peningum Norðurlandaþjóðanna, og streymdi þangað silfrið úr Noregi og Danmörku, þrátt fyrir útflutningsbann á silfurmynt. Urðu svo þessar þjóðir að innleysa skiftimyntina, að jeg ætla með gullverði, þótt peningar þeirra stæðu miklu lægra.

Þetta ástand mun hafa leitt til þess viðbótarsamnings, sem ræðir um í þessu frv. og stjórnin vill fá leyfi til að ganga í fyrir Íslands hönd. Samningurinn er prentaður með frv. sem fylgiskjal.

Í raun og veru fer samningurinn fram á það að upphefja ákvæðin í núgildandi samningi um það, að skiftimynt hverra þessara þjóða skuli vera gjaldgeng hjá hinum. Í Svíþjóð, þar sem peningar standa nú í gamla gullverðinu, mun silfurmynt vera notuð áfram. En hin löndin hafa gert innlenda skiftimynt úr ódýrum málmi, og er hún aðeins notuð innanlands. Nú hefir Ísland látið gera innlenda skiftimynt, sem ekki verður löglegur gjaldeyrir annarsstaðar en hjer, og hætt verður að nota skiftimynt hinna Norðurlandaþjóðanna. Og þess vegna fer ríkisstjórnin fram á heimild til að ganga inn í viðbótarsamninginn.

Jeg veit ekki og hefi ekki getað fengið upplýsingar um það, hvort Ísland hafi gengið inn í myntsambandið sjerstaklega, eftir að sambandslögin voru samþykt, út af þeim breytingum, sem þá urðu á afstöðu ríkisins út á við, eða hvort látin hafa verið nægja ákvæðin í 9. gr. sambandslaganna. Ef svo er ekki, þá er það

nú fyrst, að Ísland sem sjálfstæður aðili gengur inn í myntsamning við Norðurlönd. Máske hæstv. fjrh. (JÞ), sem þetta mál heyrir undir, geti gefið upplýsingar þar að lútandi.

Allshn. hefir athugað málið, og hún leggur til eindregið, að frv. verði samþykt óbreytt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Af því að hæstv. forsrh. (JM) er ekki viðstaddur, get jeg gefið þær upplýsingar, að Ísland hefir gengið inn í myntsamning Norðurlanda og sent þar að lútandi tilkynningu. Og út af því, sem háttv. frsm. (JBald) sagði, vil jeg geta þess, að eins og ljóst er af efni frv., eru í þessum viðbótarsamningi einungis ákvæði um skiftimynt, en öll samningsákvæði um gullmynt standa óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 1. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 77).

---

4. Happdrætti og hlutaveltur.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um happdrætti (lotterí) og hlutaveltur (tombólur) (stjfrv., A. 3).

Á 3. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Það er svo nú, eins og tekið er fram í aths. við frv., að leyfi til þess að hafa happdrætti (lotterí) er veitt af dómsmálaráðuneytinu, en leyfi til að halda hlutaveltur (tombólur) veita lögreglustjórar. Þessu er heldur ekki breytt með frv., en til þessa hafa menn verið í vafa um, hvaða viðurlög lægju við því, ef happdrætti eða tombólur væru haldnar í óleyfi. Þá hafa menn og verið í vafa um, hvort rjett væri eða lögum samkvæmt, að menn hefðu hjer á boðstólum happdrættisseðla, skuldabrjef o. fl. þessu líkt fyrir erlenda menn eða fyrirtæki. Frv. girðir fyrir það, að þetta verði hjer eftir gert í óleyfi.

Jeg hefi sjálfur jafnan neitað um leyfi til happdrátta, nema happdrættis landsspítalasjóðsins. Það hefir komist einskonar hefð á, að þetta happdrætti skyldi leyft í hvert sinn, en annars hefir öllum öðrum leyfisbeiðnum verið neitað, og þegar jeg var bæjarfógeti hjer í Reykjavík, var jeg ætíð tregur til að veita hlutaveltuleyfin. Frv. bannar eigi neitt af þessu, en setur aðeins beint lög um það, að happdrætti megi ekki halda án leyfis, og það girðir og fyrir það, sem stundum hefir átt sjer stað hjer, að einstök fjelög geti haldið happdrætti, enda þótt svo hafi átt að heita, að væri aðeins fyrir innanfjelagsmenn, en selt þó eða látið selja happ-

drættisseðlana hjer á götum bæjarins og annarsstaðar hverjum sem kaupa vildi. Frv. kemur í veg fyrir, að þetta verði gert, nema með leyfi viðkomandi yfirvalda; en jeg vil bæta því við frá sjálfum mjer, að jeg álít, að það ætti helst ekki að veita leyfi til að halda slík happdrætti, sem hjer er um að ræða, enda hætt við, að beiðnir um happdrætti yrðu býsna margar, ef dæma á eftir reynslunni um tombólur.

Björn Kristjánsson: Jeg vil hjer með beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. (JM), hvort í þessu frv. felist nokkurt bann gegn einskonar happdrætti, sem ýmsar verslanir hjer í bæ hafa haldið uppi undanfarin nokkur ár. Þær slá sjer saman og mynda fjelagsskap um þessi happdrætti, sem eru í því fólgin, að verslanir þessar auglýsa, að hver, sem versli við þær fyrir einhverja nánar ákveðna upphæð, fái í kaupbæti happdrættisseðil, sem getur gefið alt að 100—300 kr. vinninga. Jeg álít, að þetta sje ein tegund óheiðarlegrar samkepni, sem alls ekki ætti að þolast.

Forsætisráðherra (JM): Jeg viðurkenni, að þetta atriði, sem háttv. 1. þm. G.-K. nefndi, hefir ekki verið haft fyrir augum, er frv. var samið, enda er þetta nýr siður hjer; en jeg álít rjett, að hv. nefnd taki þetta atriði til íhugunar, því jeg hygg, að þetta sje víðast hvar bannað erlendis. *(BK*: Það er alstaðar bannað nema hjer). Jeg er annars þakklátur hv. fyrirspyrjanda (BK) fyrir að hafa athugað þetta, og jeg vona, að nefnd sú, sem um frv. fjallar, setji ákvæði inn í frv. gegn þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., mánudaginn 15. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 3, n. 21).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg býst ekki við að þurfa að vera langorður. Tilgangur þessa frv. er auðsær, sem sje sá, að koma í veg fyrir, að happdrætti og tombólur sjeu notaðar meir en góðu hófi gegnir. Það er alkunna, að hlutaveltur eru mikið notaðar af ýmsum fjelögum, og reglan mun að vísu vera sú, að leyfi lögreglustjóra sje fengið til að halda þær. En þó er það ekki skylda, en ef þetta frv. verður að lögum, þá er vissa fengin fyrir því, að hlutaveltur verða ekki haldnar án lögreglustjóraleyfis.

Það var minst á það við 1. umr., að frv. væri ekki nógu skýrt til þess að útiloka happdrætti við verslanir. Nefndin tók þetta til greina, og til þess að koma í veg fyrir þessa óheppilegu verslunaraðferð, gerði hún þá breytingu á frv., að hún bætti við á eftir orðinu „happdrætti" í 1. gr. orðunum: „hverrar tegundar sem er." Nefndin vill álíta, að dómsmálaráðherrann muni ekki veita leyfi til slíks happdrættis, ef deildin með því að samþykkja þetta álítur það óviðeigandi.

Jeg álít ekki þörf á að fara frekari orðum um þetta að sinni, en leyfi mjer að leggja til, að frv. verði samþykt með brtt. á þskj. 21.

ATKVGR.

Brtt. 21,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 21,2 samþ. með 10 shlj. atkv.
— 21,3 samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 21,4 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
— 21,5 samþ. án atkvgr.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., fimtudaginn 18. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 33).

Forsætisráðherra (JM): Jeg var ekki kominn nógu snemma til þess að segja fáein orð um þetta mál við 2. umr. þess hjer í hv. deild. En að vísu hafði jeg ekki annað að segja þá en það, sem jeg segi nú. Jeg vil lýsa þakklæti mínu við hv. allshn. fyrir meðferð hennar á þessu frv., og hefi jeg ekkert að athuga við þær breytingar, sem hún hefir á því gert, enda hefir hv. nefnd borið þær fram í samráði við mig.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 33).

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 27. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 33, n. 56).

Frsm. (Árni Jónsson): Það er ákaflega lítið um þetta frv. að segja, enda skal jeg vera fáorður. Frv. er komið fram til þess að lögfesta þær reglur, sem hingað til hafa tíðkast, þótt óskráðar sjeu, um happdrætti og hlutaveltur. Það hefir verið siður að sækja um leyfi, þegar happdrætti er haldið, þótt ekki hafi verið lagafyrirmæli um það. Í þessu frv. eru fyrirmæli um það, að til þess að halda happdrætti þurfi að fá leyfi dómsmálaráðuneytisins, en til þess að halda hlutaveltur þarf leyfi lögreglustjóra. Gildir þetta eins um happdrætti og hlutaveltur innan fjelaga.

En það, sem má telja aðaltilgang frv., er að koma í veg fyrir, að verslað sje hjer með happdrættismiða fyrir útlend fjelög. Hefir það færst mjög í vöxt á síðari árum, að menn hafi verslað með útlenda happdrættismiða, og er talið, að þannig hafi farið allmikil fjárfúlga út úr landinu, en lítið komið í aðra hönd. Samkvæmt frv. verður mönnum óheimilt að versla með þessa miða hjer á landi, en hinsvegar verður ekki við það ráðið, að keyptir verði happdrættismiðar beint frá erlendum lotteríum.

Mál þetta er komið til þessarar deildar frá Ed., og hafði allshn. þar gert smávægilegar breytingar á frv. Hefir allshn Nd. getað felt sig við þær.

Jeg skal geta þess, að okkur barst brjef frá borgarstjóra Reykjavíkur, þar sem hann fer þess á leit, að bætt sje inn í frv. ákvæði, er heimili sveitarstjórnum og bæjarstjórnum að setja reglugerð um hlutaveltur í viðkomandi sveit eða kaupstað.

Bæjarstjórnin hjer telur, að hlutaveltur hafi skaðleg áhrif á fjárhag manna, þar sem þær eru líka orðnar svo almennar, en sjerstaklega hafi þær þó skaðleg áhrif á andlegan þroska æskulýðsins. Vera má, að eitthvað sje til í þessu, en okkur fanst þó, meiri hl. nefndarinnar, vera nægilega vel um hnútana búið eins og gert er ráð fyrir í frv.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir skrifað undir nál. með fyrirvara, og mun það helst af því, að hann æski þess, að tillit sje tekið til þess, sem brjef borgarstjórans bendir á, þótt hann hafi ekki komið með brtt. í þá átt.

Jón Baldvinsson: Jeg býst ekki við, að jeg hafi látið í ljós í nefndinni, að jeg fjellist á skýringar borgarstjóra í brjefi hans, eins og hv. frsm. benti til. Sá fyrirvari, er jeg hefi í nefndarálitinu, þýðir það, að jeg tel rjett, að halda megi happdrætti með leyfi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, án þess það þurfi að koma til kasta dómsmálaráðuneytisins. Þótt jeg hafi nú ekki komið með brtt. um þetta, finst mjer það samt sem áður nokkuð mikið í borið að setja sjálft dómsmálaráðuneytið í gang, þó að eitthvert fjelag úti um land vilji halda smávegis happdrætti innan fjelags og í ákveðnum tilgangi. Það er greinilega tekið fram í greinargerðinni, að ekki verði happdrætti haldið nema að fengnu leyfi dómsmálaráðuneytisins, ekki einu sinni innanfjelags. Jeg hefði kosið, að þetta þyrfti ekki að fara lengra en til bæjar- eða sveitarstjórnar. Þessa sjerstöðu hefi jeg í nefndinni, en mjer dettur ekki í hug að skrifa undir þær ástæður, sem eru færðar fram í brjefi borgarstjóra frá 20. febrúar síðastl.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 17., 21. og 24. fundi í Nd., dagana 1., 4. og 6. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Forseti tók málið að dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. mars, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 33, 71).

Jón Baldvinsson: Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg myndi ef til vill koma með brtt. við 1. gr. frv., í þá átt, sem jeg þá gerði athugasemd um. Nú liggur þessi brtt. fyrir á þskj. 71, og hljóðar svo, að í staðinn fyrir „dómsmálaráðuneytisins“ komi: bæjar- eða sveitarstjórnir, þar sem happdrættið fer fram. Þessi brtt. mín er bygð á því, að það geti oft verið um svo lítilfjörlegt að ræða, smærri happdrætti úti um sveitir, að þá sje það alt of mikil fyrirhöfn að fara að senda beiðni til stjórnarráðsins um það; þess vegna vil jeg láta bæjar- og sveitarstjórnir um það, og einkum af því, að þetta frv. fer fram á það að banna happdrætti innan fjelaga. Það gengur lengra en áður hefir verið gert, þar sem ekki munu hafa verið lögð höft á slíka starfsemi innan fjelaga. Þess vegna kom jeg fram með þessa brtt. Vona jeg, að hv. deild geti samþykt hana.

Forsætisráðherra (JM): Mjer skilst, að við hv. 2. þm. Reykv. sjeum sinn á hvorri skoðun um happdrætti, og sennilega hluta-

veltur líka. Hv. þm. vill auðsjáanlega gera mönnum sem allra hægast fyrir að fá leyfi til að halda happdrætti, en jeg vil ekki, að aðgangurinn að því sje greiður. Jeg álít nefnilega, að hvorki slíkar hlutaveltur nje happdrætti sje mjög æskileg. Jeg hygg, að hjer í bænum, að minsta kosti, sjeu menn farnir að finna til þess, að hlutaveltur eru orðnar hreinasta plága, því að bæði rekur einatt hver hlutaveltan aðra, og stundum eru fleiri haldnar á einum og sama degi, enda hefir líka bæjarstjórnin talað um það, að henni þætti þetta ekki gott. Jeg hygg líka, að menn yrðu fljótt þreyttir á því, ef svo að segja hver maður hefði leyfi til að halda happdrætti. Jeg tel vel fallið, að dómsmálaráðuneytið veiti þessi leyfi. Jeg hefi tekið þá afstöðu um sinn, að neita svo að segja öllum um leyfi til að hafa happdrætti. Það er aðeins eitt einasta fjelag, sem fengið hefir slíkt leyfi árlega, og mætti segja, að það hafi fengið hefð á því. Annars hefi jeg altaf neitað, og jeg skal geta þess, að jeg tel, að rjett væri að takmarka mjög hlutaveltur. Sem sagt, skoðanir okkar hv. 2. þm. Reykv. eru hvor á móti annari, og vil jeg ekki orðlengja frekar um þetta að sinni, en vitanlega verða hv. þm. að greiða atkvæði um þetta mál eftir því, hvort þeim þykir æskilegra, að mikið verði eða lítið um happdrætti. Því að það mega hv. þm. vera vissir um, að ekki mun verða mikil fyrirstaða hjá einstökum bæjar- eða sveitarstjórnum um að leyfa happdrætti. Slík happdrætti eru vanalega í góðu skyni, en samt álít jeg, að þau eigi að takmarka.

Þá þykir hv. þm. undarlegt, að það skuli vera aðrir, sem leyfi hlutaveltur en happdrætti. En hlutaveltur eru meir bundnar við sveitirnar og bæina, þar sem þær eru haldnar, heldur en happdrættin. Það er oft tilgangurinn að selja happdrættismiða um alt landið.

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg vil aðeins geta þess, í sambandi við það, sem kom fram við 2. umr. þessa máls, að till., sem fór í sömu átt og brtt. hv. 2. þm. Reykv., kom til umr. í allshn., en við sáum ekki ástæðu til að taka upp þessa breytingu, og hljótum því enn að leggja á móti henni. Að öðru leyti óska jeg ekki að fara að ræða um málið, en get vísað til þess, sem hæstv. forsætisráðherra hefir sagt í ræðu sinni.

Jón Baldvinsson: Í raun og veru dró hæstv. forsætisráðherra það út úr ummælum mínum, sem jeg ekki hefi látið í ljós, og hóf ræðu sína með því að segja, að við hefðum sitt hvora skoðun, að jeg vildi hafa mikið af þessum samkomum, en hann ekkert. Jeg hefi ekkert um það sagt, og þess vegna getur hæstv. ráðherra (JM) ekki dregið þetta út úr mínum ummælum, hvorki nú nje fyr. En jeg verð að segja það alment um málið, að jeg get gjarnan verið með því að setja þröng lög, en jeg álít, að í samningu þeirra eigi að líta á það, á hvern hátt slíkum lögum verði best framfylgt. Jeg held, að það muni verða farið afskaplega í kringum þessi lög. Hvað veit dómsmálaráðuneytið t.d. um, þótt haldið kunni að verða happdrætti innan fjelags vestur á landi? En væri það, sem jeg vil vera láta, að bæjar- og sveitarstjórnir hefðu umráð yfir þessu, þá mundu slík undanbrögð ekki höfð. Þetta er það, sem snertir framkvæmd laganna, og það verður hæstv. forsætisráðherra að játa, að svona verður framkvæmdin auðveldari, þó að líklegra sje, að það komist fram, sem hæstv. ráðherra vill vera láta. Hæstv. ráð-

herra sagði, að hlutaveltur væru orðnar plága, og það er náttúrlega rjett að sumu leyti. En út af því, sem hæstv. ráðherra benti á, að það væri undarlegt hjá mjer að vilja láta sveitar- og bæjarstjórnir veita leyfi til happdrætta, en láta hitt standa, að lögreglustjóri veitti leyfi til þess að halda hlutaveltur, þá vil jeg benda á, að stjórnin hefir sjálf gefið það fordæmi, að hún skifti þessu á milli dómsmálaráðuneytisins og lögreglustjóra, og hefi jeg látið þá skiftingu halda sjer, og þess vegna getur hæstv. forsætisráðherra ekki fundið því neitt til foráttu, að jeg hefi látið það standa. Hæstv. ráðherra vildi láta það líta svo út, ef mín brtt. yrði samþykt, sem hver maður hefði þá leyfi til þess að halda happdrætti, en mjer finst líklegast, ef lögin verða samþykt óbreytt, að það muni verða meira um happdrætti heldur en ef mín brtt. verður samþykt; en mjer finst eðlilegra að eftirlitinu verði þannig fyrir komið, hverjir sem með það eiga að fara, að það sje virkilega hægt að líta eftir því, að lögin verði ekki brotin.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil taka það fram um happdrætti innan fjelaga, sem kallað er, að það á sjer oft stað, að miðarnir eru boðnir víða til sölu. T. d. hefir það komið fyrir, þegar happdrætti hefir verið haldið af fjelagi, er heima á í nágrenni Reykjavíkur, að miðarnir hafa verið boðnir til sölu hjer á götum bæjarins, en að þetta hefir ekki verið tekið fyrir, stafar af því, að það er vafasamt, hvort til eru nokkur viðurlög við slíku.

Hv. 2. þm. Reykv. segir, að það sje ekki rjett hjá mjer, að hann sje að gera mönnum greiðara fyrir að halda happdrætti. Hv. þm. hlýtur að sjá það sjálfur, að það er það, sem hann er að gera og vill gera. *(J. Bald.*: Já, löglega). Já, löglega; jeg held mjer sje óhætt að segja það, af því að jeg þekki betur til trúarinnar á happdrætti til fjársöfnunar, að það verður víst mjög sjaldgæft, að neitað verði um slík leyfi eftir hans tillögu.

Magnús Jónsson: Jeg ætla ekki að taka þátt í umr. um brtt. á þskj. 71, nje heldur fara að ræða málið alment. Jeg vildi aðeins vekja máls á því, að það er dálítið óviðkunnanlegt, að í fyrirsögn frv. eru tekin upp útlend orð, sem sýnast vera alveg óþörf og töluvert til lýta. Íslensku orðin hafa fengið svo mikla venju á sig, að það er óparft að útskýra þau. Nú má vona, að þetta frv. verði samþykt óbreytt, og er því ekki annað ráð til að breyta þessu, sem jeg hygg, að hv. þdm. muni vilja samþykkja, en að bera fram skriflega brtt. Hún snertir aðeins fyrirsögn frv. og er um það, að útlendu orðin verði feld niður. Vil jeg leyfa mjer að afhenda hæstv. forseta hana, með tilmælum um, að greitt verði fyrir henni, því að bæði er hún of seint fram komin og þar á ofan aðeins skrifuð. Verði brtt. á þskj. 71 feld, þá verður þessi brtt. mín til þess, að málið þarf aftur að fara upp í hv. Ed., en engin hætta getur málinu stafað af því svona snemma á þingi.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 111) frá 4. þm. Reykv. (MJ) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil láta þess getið, að jeg tel það ekki saka frv., þó að þessi brtt. verði samþykt. Að vísu álít jeg hana ekki nauðsynlega, því að orðin „lotterí“ og „tombólur“ eru býsna mikið notuð og hafa verið notuð lengi, svo að jeg teldi það ekki saka, þótt þau stæðu í

innilokunarmerkjum. Annars get jeg látið brtt. liggja milli hluta.

ATKVGR.

Brtt. 71 feld með 14:4 atkv.

— 111 feld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JS, JörB, MJ, MT, PÞ, TrÞ, Þorlj, BSt, JakM, JAJ, JBald, BSv.

nei: KlJ, MG, ÓTh, PO, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, IngB, JK.

Þrír þm. (JÞ, BJ, HK) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 14:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 112).

---

5. Raforkuvirki.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um raforkuvirki (stjfrv., A. 11).

Á 3. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Eins og kunnugt er, voru lög um rafmagnsveitur frá 3. nóv. 1915 feld úr gildi með vatnalögunum frá 20. júní 1923, með því að lögin frá 1915 náðu einnig til vatnsraforkuvirkja, en af brottfalli þessara laga leiddi það, að engin lög voru til um raforkuvirki, þar sem afllindin var önnur en vatn, t. d. steinolía eða kol. Nú er það svo ekki óvíða hjer á landi, að t. d. kauptún eru lýst með raforku, sem fengin er úr steinolíu, og er ófært, að engin lagaákvæði sjeu um slíkar orkuveitur, því að vitaskuld er það ekki minna áríðandi, að þessar veitur sjeu í góðu lagi en vatnsraforkuveitur.

Frv. þetta er samið að mestu af nefnd úr verkfræðingafjelaginu, og hefir vegamálastjórinn átt mestan þátt í því.

Ákvæði frv. eru að miklu leyti sniðin eftir vatnalögunum og lögunum frá 1915.

Að öðru leyti vísa jeg til athugasemdanna við frv. og leyfi mjer að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 7. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 11, n. 25).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg skal ekki hafa mörg orð um þetta frv. Það er tekið fram í nefndarálitinu, að undanfarin 2 ár hafi ekki verið til lög um þetta efni, og fjellst allshn. á, að nauðsynlegt væri, að til sjeu lög um raforkuvirki, þar sem annað afl er notað en vatnsafl. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykt með örlitlum breytingum.

Fyrsta brtt. nefndarinnar er við 4. gr. frv. Þar leggur nefndin til, að á eftir orðunum „og má þá“ bætist inn í: er ⅓ hlutar leyfistímans eru liðnir. Nefndinni virðist lítil ástæða til að veita einkaleyfi um vist árabil, ef hægt er svo að taka það af þegar á næsta ári, eða áður en leyfishafi hefir haft nokkur veruleg not af því.

Þá er orðabreyting við 6. gr. Þykir nefndinni fara betur á því, að í staðinn fyrir „miður búin tryggingum“ komi: miður trygg.

3. brtt. er við 7. gr. Nefndin vill bæta inn í greinina ákvæðum um sektir, alt að 500 krónum. Í frv. er ekkert ákvæði um

sektir. Í þessari sömu grein er vísað til 6. gr. í stað 5. gr.

Ennfremur eru í frv. 2 prentvillur, sem munu verða leiðrjettar í prentuninni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil aðeins þakka hv. allshn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli og lýsa því yfir, að jeg hefi ekkert við brtt. að athuga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 25,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 25,2 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 25,3.a samþ. með 12 shlj. atkv.

— 25,3.b samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., fimtudaginn 18. febr., var frv. tekið til 3. u m r. (A. 35).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 9. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 35).

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. hefir gengið vel og greiðlega gegnum Ed. Vona jeg, að svo fari einnig hjer. Jeg leyfi mjer að óska, að því verði vísað til allsherjarnefndar í þessari hv. deild, eins og gert var í Ed.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., fimtudaginn 4. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 35, n. 65, 63).

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg ætla aðeins að segja örfá orð fyrir hönd allshn. Frv. þetta hefir gengið í gegnum hv. Ed. og þar hefir verið gerð á því sú efnisbreyting við 4. gr., að ef bæjar- eða sveitarstjórn óskar að taka raforkuvirki eignarnámi, þá sje það heimilt að liðnum ⅕ hlutum einkaleyfistímans. Annars er frv. eins og þegar það kom frá hæstv. stjórn, og læt jeg nægja með að vísa til greinargerðar hennar, en vænti þess, að frv. verði samþykt.

Í 8. og 9. gr. er vísað til 6. greinar, en það er prentvilla; á að vera 5. gr. Jeg hefi átt tal um þetta við skrifstofustjóra, en hann hefir ekki talið ástæðu til að senda frv. aftur til hv. Ed. af þessum orsökum.

ATKVGR.

Brtt. 63 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 6. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 35, 63).

Jón Baldvinsson: Það horfir dálítið öðruvísi við um þetta mál heldur en hið næsta hjer á undan, að jeg hefi hjer reynt að færa frv. til hins upphaflega búnings síns, er það var í, þá er það kom frá hæstv. stjórn, og þykist jeg því mega telja mjer vísan stuðning hæstv. atvrh. (MG).

Hv. Ed. gerði þá breytingu á 4. gr. frv., að þegar ⅘ hlutar leyfistímans sjeu liðnir, megi taka raforkuvirki eignarnámi. Þetta þykir mjer óþarflega langur tími og muni geta orðið sveitarfjelögum og bæja til stórbaga. Því vil jeg breyta þessu aftur, en sem varatill. ber jeg fram, að í stað ⅘ komi helmingur leyfistímans.

Þá hefir og hv. Ed. gert breytingu á 6. gr., sem ekki er til bóta, en jeg kem þó ekki fram með neina brtt. þar við.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er rjett hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), að hann vill nú breyta frv. í það horf, sem það var þá er það kom frá stjórninni. En þótt svo sje, finst mjer breyting Ed. ekki svo mikils verð, að rjett sje að hrekja málið milli deilda með því að gera á því breytingar að nýju hjer í deildinni. Mjer er kunnugt um það, að sumstaðar eru sveitir að kikna undir raforkustöðvunum og yrðu fegnar að losna við þær. En þótt komið geti fyrir, að sveitarfjelög eða bæjar vilji fá raforkuvirki til umráða, þá má ekki heldur gleyma hinu, að sá, sem byrjar á slíku fyrirtæki, hefir lagt fje sitt í hættu, og því er ef til vill tæpast rjett, að einkaleyfið sje hægt að taka af þeim á öðru eða þriðja ári. Að vísu mætti segja, að það sje ekki alósanngjarnt, þar sem fult endurgjald á að koma fyrir.

Af þessum ástæðum mun jeg greiða atkvæði á móti brtt.

Klemens Jónsson: Jeg álít, að brtt. hv. Ed. á 4. gr. frv. sje til mikilla bóta. Jeg er viss um það, að enginn fer að leggja í þann kostnað að reisa raforkustöð, ef hann má undir eins eiga það á hættu, að sveitarfjelagið komi og segi: „Nú tökum við þetta fyrirtæki eignarnámi.“ En við því má búast, að svo geti farið, ef brtt. á þskj. 63 er samþykt. Varatillagan er dálítið skárri, en jeg felli mig þó vel við að hafa takmarkið ⅘ eins og í frv. er. Þá er fyrst full trygging fyrir því, að einstakir menn noti sjer heimildina og geti haft von um arð af fje sínu.

Frsm. (Jón Kjartansson): Fyrir hönd meiri hl. allshn. legg jeg á móti báðum brtt. á þskj. 63. Meiri hl. er eindreginn með frv. eins og það er nú.

Jón Baldvinsson: Jeg bið menn að athuga það, að sveitar- eða bæjarfjelag ræðst því aðeins í það að neyta þessa rjettar, að það sje því fyrir bestu, og þá um leið ríkinu fyrir bestu. Og mjer finst, að löggjöfin eigi fremur að hugsa um rjett fjöldans heldur en einstakra manna. Það getur staðið þannig á, að sveitar- eða bæjarfjelag geti fengið mörgum sinnum ódýrara rafmagn frá t. d. stöð, er rekin væri með

vatnsafli, þegar á öndverðum einkaleyfistímanum. Segjum nú, að hann sje 10 ár, — hvaða vit væri þá í því að láta sveitarfjelagið verða að bíða í 7—8 ár áður en það getur neytt eignarnáms? Og ekkert þarf að óttast, þó að brtt. mín sje samþykt, því eins og andmælendur tóku fram, kemur fult endurgjald fyrir þær raforkustöðvar, sem teknar eru eignarnámi.

Magnús Jónsson: Jeg vil skjóta því til þeirra hv. þm., sem börðust svo vel fyrir því áðan að halda í útlendu orðin, að ef þeir vilja vera sjálfum sjer samkvæmir, ættu þeir nú að bæta inn í fyrirsögn frv. þessa „Elektrisk Anlæg" eða einhverju slíku, í svigum, á eftir „raforkuvirki". Yrðu þá, ef þessari reglu er haldið, fyrirsagnir íslenskra laga hin fróðlegasta orðabók yfir útlend mál.

Magnús Torfason: Jeg mæli með því, að varabrtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) verði samþykt. Það getur verið algert nauðsynjamál fyrir sveitarfjelag að neyta forkaupsrjettar. Og mjer finst, að ef ekki má miða við einkaleyfistímann, þá sje hjegómi að vera að klippa ⅓ af honum, því að það munar sáralitlu. En jeg vil ekki, að neitt það sje lögfest, er getur skaðað sveitarfjelögin, og við höfum engan rjett til þess að setja slík lög.

Það hefir verið talað um, að ekki megi breyta staf eða kommu frá því, sem hv. Ed. vill vera láta, til þess að þurfa ekki að hrekja málin milli deildanna. En þessi hv. deild á að vera svo rjetthá, að hún þurfi ekki að sitja og standa eins og hv. Ed. vill. En það og ekkert annað lá í orðum hæstv. atvrh.

Jakob Möller: Jeg vil spyrja hv. þm., sem eru á móti brtt., hvort þeir vilji þá ekki til samræmis koma með brtt. við stjórnarskrána, því að það var talað um, að þrátt fyrir friðhelgi eignarrjettarins megi taka eignir af mönnum, ef almenningsheill krefur. Hjer gildir alveg hið sama, því það, sem varðar heill bæjar- eða sveitarfjelags, varðar að sjálfsögðu almenningsheill.

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg vil benda hv. 3. þm. Reykv. (JakM) á það, að þar sem hann vitnaði í stjórnarskrána, þá er það ekki rjett. Heimild sú, er stjórnarskráin ákveður, fæst aðeins með lögum, er Alþingi setur, en hjer eru það sveitarstjórnir, sem eiga að hafa úrskurðarrjett.

Jakob Möller: Það er engin mótsögn í því, sem jeg sagði, því að þótt gefa þurfi heimild til þess að gera eignarnám, þá er gengið á móti reglunni, ef bannað er með lögum að gera eignarnám. Ákvæði frv. þessa ganga því í berhögg við anda stjórnarskrárinnar. *(Forseti*: Átti að skilja hv. 3. þm. Reykv. (JakM) svo, að frv. þetta væri brot á stjórnarskránni?). Nei.

Jón Baldvinsson: Þetta tilfelli er alls ekki víst, að komi til, en menn gætu t. d. gert samninga um að útvega einhverju sveitarfjelagi orku til ljóss og hita o. fl., en síðar gætu orðið ýmsar breytingar og framkvæmdir, sem gerðu það að verkum, að sama sveitarfjelag gæti átt kost á ódýrari orku úr annari átt bæði til ljósa, hitunar, iðnaðar o. s. frv. Maður gæti t. d. hugsað sjer virkjun Sogsfossanna; hvílíkur þröskuldur þessi lög geta orðið fyrir sveitarfjelag, sem vildi fá orku þaðan. Væri ekki rjettara að láta lögin vera þannig, að sveitarfjelögin gætu náð þessum stöðvum í sínar hendur hvenær sem er,

ef þess þyrfti við, án þess að aðrir hefðu neinn skaða af því?

ATKVGR.

Brtt. 63 (aðaltill.) feld með 14:3 atkv.
— 63 (varatill.) feld með 14:9 atkv.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 113).

6. Löggiltir endurskoðendur.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 8. febr, var útbýtt:

Frv. til laga um löggilta endurskoðendur (stjfrv., A. 13).

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. var í fyrra samþykt í Nd., en dagaði uppi hjer í þessari hv. deild sökum tímaskorts, og hefir stjórninni því þótt rjett að leggja það fyrir af nýju, enda verður því varla neitað, að þörf er á löggiltum endurskoðendum, að minsta kosti hjer í Reykjavík, því að hjer er nú orðið svo mikið um að vera og svo margir, sem telja sjer þörf á að nota endurskoðendur. Af þessu leiðir, að enginn efi er á, að endurskoðunarmanna er þörf, að minsta kosti hjer í bæ, en meðan engin löggjöf er um þetta efni, vantar algerlega tryggingu fyrir því, að þeir menn, sem við endurskoðun fást, sjeu vaxnir starfinu, hvort sem litið er til mannkosta eða þekkingar.

Frv. er í aðalatriðum eins og það var samþykt í Nd. í fyrra, en í athugasemdunum við frv. er gerð grein fyrir þeim breytingum, sem stjórnin hefir á því gert, og hirði jeg því ekki að fara frekar út í málið að sinni.

Jeg legg það til, að málinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Ed., fimtudaginn 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 13, n. 34).

Frsm. (Eggert Pálsson): Eins og tekið er fram í aths. við þetta frv., þá hefir það oft áður komið fyrir þingið, þótt ekki hafi það fyr verið til umræðu í þessari hv. deild. Seinast var það samþykt í hv. Nd. á síðasta þingi og sent hingað í deildina, en þá var svo á liðið þingtímann, að ekki var neinn tími til að taka það til meðferðar, og dagaði það svo uppi. Nú er frv. á ný borið fram af hæstv. stjórn, og hefir verið athugað í nefnd. Virðist því hafa verið nægur tími og tækifæri fyrir þingmenn til þess að athuga frv. rækilega, enda má ætla, að það hafi verið gert, þar sem það hefir verið samþykt í hv. Nd. oftar en einu sinni.

Af þeim ástæðum, sem jeg nú hefi nefnt, tel jeg óþarft að fjölyrða um málið alment, en vil aðeins benda á þá almennu nauðsyn, að ríkið styðji að því, að menn, sem reka stórfeld og margbrotin fyrirtæki, geti átt aðgang að því að fá hæfa menn til þess að endurskoða hjá sjer. Það er öllum ljóst, hve nauðsynlegt slíkt er, ekki síst í stærri kaupstöðum og alstaðar þar, sem rekin eru stór fyrirtæki. Það getur riðið á miklu að geta náð til

manna, sem skyn bera á, til þess að endurskoða hag slíkra fyrirtækja. Eins og menn vita, eru hjer á landi ýms stór fyrirtæki, sem bera háa skatta til ríkisins og bæja eða sveita. En ef enginn veit með vissu, hvernig hagur þeirra stendur, þá er hætt við, að ekki verði ætíð hægt að haga álögunum með fullri sanngirni. Þá er það einnig nauðsynlegt fyrir lánsstofnanir að geta vitað um hag slíkra fyrirtækja, hvort heldur um er að ræða verslun, verksmiðjur eða stórútgerð, svo þær þurfi ekki að renna blint í sjóinn um lánveitingar til þeirra. Það má því telja það vafalaust, að þannig lagað frv. sem þetta sje alveg nauðsynlegt alstaðar þar, sem atvinna er rekin í stærri stíl.

Þetta frv. er bygt á danskri löggjöf um þessi efni frá 14. maí 1909. Þó eru þar ýms atriði, sem ekki hafa verið tekin hjer upp, t. d. það, að til þess að geta orðið löggiltur endurskoðandi þurfi maður að hafa rjett innborinna manna. Ennfremur er þar lögtekið, að þeir menn, sem löggiltir eru, greiði 120 kr. í ríkissjóð. En ekki hefir þótt ástæða til þess að taka þessi ákvæði upp hjer. Aftur er eitt ákvæði, sem nefndinni þótti ástæða til að taka upp í frv., sem sje það, að sá maður, sem er löggiltur endurskoðandi, megi ekki reka atvinnu, sem sje ósamrýmanleg við starfið.

Þá hefir nefndin gert aðra breytingu, við 8. gr. frv., og er sú breyting eingöngu í þá átt, að málið verði skýrara. Með þeirri breytingu er það ljóst, að ef málið er á annað borð lagt undir úrskurð ráðherra, þá heyrir það ekki undir dómstólana. En annars er það dómstólamál.

Annars hygg jeg, að ekki sje nauðsynlegt að fara fleiri orðum um málið. Það er svo einfalt og ljóst. Jeg vona, að háttv. deild samþykki það eins og það liggur nú fyrir.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil aðeins lýsa yfir því, að jeg fellst á brtt. hv. nefndar, enda hefi jeg átt kost á því að tala við hana um þær. Jeg tel þær báðar til bóta, og þó einkum þá síðari nauðsynlega, enda hafði þetta orð, sem um er að ræða að bæta inn í frv., fallið úr því af vangá. Að svo mæltu þakka jeg hv. nefnd fljóta og góða afgreiðslu á þessu máli, og virðist hún ætla að verða sönn fyrirmynd hvað snertir góða og skjóta afgreiðslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Vatill. 34,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Vatill. 34,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., laugardaginn 20. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 40).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 11. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 40).

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 11. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 40, n. 105).

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg get verið fáorður. Þetta mál er hv. deild kunnugt frá fyrri þingum. Sný jeg mjer fyrst að þeim brtt., sem fram eru komnar við frv. Frv. það, sem hæstv. stjórn lagði fyrir þingið, var að mestu samhljóða frv. því, er háttv. þm. Dal. (BJ) flutti á síðasta þingi. Við frv. hefir hv. Ed. gert eina allmikilsverða breytingu. Komu þar fram aðeins tvær brtt. Var önnur aðallega orðabreyting, en hin var í þá átt, að löggiltum endurskoðendum er bannað að reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega endurskoðunarstarfinu.

Allshn. athugaði frv. eins og það kom frá hv. Ed. og hefir gert 3 brtt. við það. 2 við 2. og 8. gr. frv., sem ganga í þá átt að hafa ákveðnara orðalag. En hin 3. er efnisbreyting um það, að í stað þess, að nú stendur í frv., að dómstólarnir skuli snúa sjer til hinna löggiltu endurskoðenda, þegar þeir vilja fá röksamlega endurskoðun, komi, að þeir skuli að jafnaði gera það. Hefir nefndin þannig rýmkað orðalagið. Með þessu hefir nefndin viljað tryggja það, að löggiltir endurskoðendur yrðu ekki bendlaðir við fyrirtæki, sem ósamrýmanleg væru stöðu þeirra.

Þetta, ásamt brtt. allshn. hv. Ed., að löggiltir endurskoðendur megi ekki reka atvinnu, er sje ósamrýmanleg stöðu þeirra, gerir frv. aðgengilegra þeim, sem voru á móti því í fyrra. Það var þá samþykt í þessari hv. deild, en dagaði uppi í hv. Ed., vegna þess hve áliðið var þingtímans. En nú hefir orðið stefnubreyting í þinginu í þessu máli, því að nú var það samþykt í hv. Ed. með 12 shlj. atkv. Fjölyrði jeg svo ekki meira um þetta og vona, að frv. verði samþykt.

Jón Baldvinsson: Það er lítið, sem jeg hefi að segja um þetta mál. Jeg hefi skrifað undir nál. allshn. með fyrirvara. En af því að það var svo lítið, sem á milli bar, þá vildi jeg ekki gefa út sjerstakt nál. Enda tók hv. nefnd eina till. mína til greina. Sje jeg ekki þörf á lagasetningu um þetta vegna dómara sjerstaklega, því að þeir eiga rjett til að kveðja dómkvadda menn til að endurskoða reikninga, þegar svo ber undir. En það getur orðið kostnaðarauki fyrir viðkomandi fjelög, ef lánsstofnanirnar gerðu að skilyrði, að löggiltir endurskoðendur endurskoðuðu alla reikninga. En þetta var annars svo smávægilegt, að mjer þótti ekki ástæða vera til þess að setja mig upp á móti frv. af þessum ástæðum, þótt jeg annars teldi ekki þörf á þessum ákvæðum.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þessar brtt. hv. allshn. eru ekki þess eðlis, að ástæða sje að berjast á móti þeim. Jeg hafði búist við, að sett yrði reglugerð samkv. 2. gr. frv., þótt ekki sje það tekið fram í frv. eins og það kom frá stjórninni, að skylt sje að gera það.

Hvað snertir 3. brtt., þá er þar aðeins um hliðstæðu að ræða við 1. brtt., þar sem sett er „tiltekur“ í staðinn fyrir „getur tiltekið“, og sje jeg ekki ástæðu til að

vera á móti því. 2. brtt. er jeg heldur ekki á móti, þótt sagt sje, að „að jafnaði skuli vera löggiltir endurskoðendur til taks.“ Enda var gengið út frá því í stjfrv., að aðeins skyldi nota þá, þegar til næðist. Eru þetta svo litlar breytingar, að jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja um þær. En geta vil jeg þess í sambandi við það, sem hv. frsm. nefndarinnar sagði, að engin stefnubreyting hefir átt sjer stað í þinginu um þetta mál. Frv. dagaði uppi í hv. Ed. af því, að svo áliðið var þingtímans. Það var til 2. umr. þá síðasta dag þingsins. Vissi jeg ekki til þess, að nein mótrödd heyrðist.

Jeg skildi hv. 2. þm. Reykv. (JBald) svo, að hann ætli ekki að setja sig á móti þessu frv., þótt hann hafi skrifað undir nál. með fyrirvara, enda hefir hv. nefnd tekið tillit til afstöðu hans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 105,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

2. gr. svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 105,2 samþ. með 14 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 105,3 samþ. með 14 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Nd., laugardaginn 13. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 131).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 27. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 31. fundi í Ed., fimtudaginn 18. mars, var frv. tekið til einnar umr. (A. 131, n. 155).

Frsm. (Eggert Pálsson): Þess er getið í framhaldsnál. allshn., að frv. það, sem hjer liggur fyrir og komið er frá háttv. Nd., hafi tekið nokkrum breytingum, en þær breytingar eru svo smávægilegar, að ekki er ástæða til, þeirra vegna, að senda frv. til hv. Nd. aftur. Ef hv. þdm. hafa fyrir sjer þskj. 40 og 131, geta þeir athugað þessar breytingar. Í 2. tölulið 2. gr. stóð í frv., þegar það fór hjeðan: „Hann (löggiltur endurskoðandi) skal sanna fyrir ráðuneytinu eða fyrir nefnd, sem atvinnumálaráðherra skipar, að hann hafi þá þekkingu á viðskiftum og reikningshaldi, sem krafist verður í reglugerð, sem ráðherra getur sett.“ Þessu „getur sett“ hefir hv. Nd. breytt í „setur“. Önnur breyting er við 5. gr. Í frv. stóð: „Vilji dómstólar hafa röksamlega endurskoðun á reikningum og rekstri fyrirtækja eða á þrotabúum, skal til þeirrar skoðunar hafa löggilta endurskoðendur, ef til næst.“ Nd. vill orða þetta svo: „skal að jafnaði hafa til þeirrar skoðunar löggilta endurskoðendur, ef til næst.“ Þá hefir Nd. einnig breytt lítilsháttar 8. gr. frv. Í byrjun 8. gr. stóð: „Atvinnumálaráðherra getur tiltekið“ o. s. frv., og því hefir Nd. breytt í: „atvinnumálaráðherra tiltekur,“

Eins og hv. þdm. sjá, eru þessar breytingar svo smávægilegar, að þær ættu ekki að verða því til fyrirstöðu, að frv. verði samþ. eins og það er nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 181).

7. Áveita á Flóann.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 68, 14. nóv. 1917, um áveitu á Flóann (stjfrv., A. 14).

Á 5. fundi í Nd., föstudaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Flóaáveitan er nú svo langt komin, að telja má nokkurnveginn víst, að lokið verði við hina eiginlegu áveitu á næsta sumri. Kostnaðurinn mun verða talsvert minni en áætlað var, er verkið var hafið. Býst jeg við, að kostnaðurinn verði ekki langt yfir 1 milj. kr., en mun hafa verið áætlaður nálægt 1½ milj. kr. Þegar mun vera búið að borga um 870 þús. kr. En þótt kostnaðurinn hafi ekki orðið meiri en þetta, er áveita þessi þó langstærsta jarðræktarfyrirtækið, sem nokkru sinni hefir verið framkvæmt hjer á landi. Það skiftir því ákaflega miklu máli, hversu þessu mannvirki reiðir af, því að mishepnist það, er hætt við, að það veki ótrú landsmanna á því að leggja stórfje í íslenskan landbúnað, og væri það illa farið.

Eins og kunnugt er, hefir ríkissjóður lagt fram alt fjeð til áveitunnar, og er ¼ hluti þess styrkur, en ¾ lán til eigenda jarða á áveitusvæðinu.

Það er því auðsætt, að hið opinbera á mikilla hagsmuna að gæta austur þar, bæði vegna þessa láns og vegna þeirra hagsmuna og vona, sem tengdar eru við þetta stærsta landbúnaðarfyrirtæki landsins. En af þessu leiðir aftur, að hið opinbera hlýtur að láta sig skifta það miklu máli, að þeir möguleikar, sem áveitan veitir, verði notaðir sem best og komi að sem fylstum notum. Til þess að svo megi verða, er ekki nóg að koma upp áveituskurðum, þurkunarskurðum og flóðgörðum, heldur verður einnig að sjá fyrir því, að íbúar áveitusvæðisins geti komið hinum væntanlegu auknu afurðum í peninga. Til þess að þetta megi verða, er sjerstaklega tvent nauðsynlegt, og það er að leggja vegi um áveitusvæðið og byggja mjólkurbú, eitt eða fleiri. Nú er það svo, að lög nr. 68, 1917, um Flóaáveituna, ná ekki til vegagerða eða mjólkurbúabygginga á svæðinu, og frv. þetta fer því í þá átt, að heimila landsstjórninni að láta framkvæma þessi mannvirki, að undangenginni rannsókn, þannig að kostnaður greiðist eftir því, sem um semst milli landsstjórnarinnar og íbúa áveitusvæðisins.

Jeg skal að síðustu taka það fram, að frv. þetta er flutt í samráði við áveitufjelagsstjórnina.

Að öðru leyti leyfi jeg mjer að vísa til athugasemdanna við þetta frv. og óska, að málinu verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til landbúnaðarnefndar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi gjarnan láta fylgja þessu frv. fáein orð, sem jeg beini þá til landbn. og hæstv. atvrh. (MG). Í frv. segir, að landsstjórninni sje heimilt að gera þetta og þetta. Landsstjórninni

heimilast að láta gera mannvirki, henni heimilast að semja um það, skipa nefnd til að gera tillögur um mannvirkið og ennfremur að kveðja til sjerfræðinga eftir því, sem nauðsynlegt er. Það sjest af aths. við frv., hvað átt er við, að nefndin og sjerfræðingarnir geri. Þeir eiga að athuga það, sem kallað er órannsakað mál, hvernig koma eigi mjólkinni í peninga, stofna mjólkurbú o. s. frv., og yfirleitt gera tillögur um, hvernig eigi að láta fyrirtækið bera sig.

Nú liggur beint við að bera ákvæði þessa frv. saman við jarðræktarlögin frá 1923. Í 2. gr. jarðræktarlaganna stendur, að Búnaðarfjelag Íslands hafi á hendi framkvæmd eða umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til úr ríkissjóði, og í 3. gr. sömu laga stendur, að atvinnumálaráðuneytið skuli jafnan leita álits Búnaðarfjelagsins um ræktunarmálefni, og er þar meira að segja kveðið svo fast að orði, að ekki megi veita lán eða styrk til slíkra fyrirtækja, ef stjórn Búnaðarfjelagsins leggur á móti því. Ennfremur stendur í 4. gr. sömu laga, að Búnaðarfjelagið hafi á hendi umsjón með viðhaldi þeirra ræktunarfyrirtækja, er styrkur eða lán hefir verið veitt til úr sjóðum þeim eða stofnunum, sem um getur í 2. og 3. gr.

Á þetta er ekkert minst í frv. því, sem hjer liggur fyrir. Jeg vildi vekja athygli á því, að hjer virðist vera um tvær ólíkar stefnur að ræða. Þetta frv. hefir alls ekki verið borið undir Búnaðarfjelag Íslands. Jeg er þeirri stefnu, sem kemur fram í þessu frv., algerlega andvígur; jeg stend á grundvelli jarðræktarlaganna.

Í þessu máli eru tvö aðalatriði. Hið fyrra er, hvernig eigi að gera áveituna arðvænlega. Í þessu er eðlilegast að snúa sjer til Búnaðarfjelags Íslands, því að það hefir á sínum vegum sjerfræðinga í þeirri grein, sem ríkið leggur til mikið fje, og því finst mjer óeðlilegt að ganga framhjá þeim og slíta þetta út úr öðrum búnaðarmálum. Þessu vil jeg beina til hæstv. atvrh. (MG), sem á sínum tíma átti nokkurn þátt í því að semja jarðræktarlögin.

Í þessu sambandi skal jeg víkja að öðru, sem er þessu nátengt. Þegar Skeiðaáveitan var framkvæmd, var algerlega gengið framhjá „fag"-þekkingu Búnaðarfjelags Íslands, eins og nú á að gera með Flóaáveituna. Þetta hafði sínar alvarlegu afleiðingar fyrir bændur á Skeiðum, og mun vafalaust hafa sömu afleiðingar fyrir bændur í Flóanum.

Jeg vildi með þessum fáu athugasemdum benda á það, að hjer er um tvær mismunandi stefnur að ræða, og vildi stinga því að hæstv. atvrh. og hv. landbn., hvort ekki væri hægt að byggja brú á milli.

Atvinnumálaráðherra (MG): Eins og hv. þm. Str. (TrÞ) tók fram, er jeg nokkuð kunnugur jarðræktarlögunum. En jeg fæ ekki sjeð, að nokkurt stríð sje milli þeirra og þessa frv. Hv. þm. slepti dálitlu úr, er hann var að lesa upp úr jarðræktarlögunum, sem sje því, að Búnaðarfjelag Íslands ætti að hafa umsjón slíkra fyrirtækja, *nema lög mæltu öðruvísi fyrir*. Um Flóaáveituna var það ákveðið, að hún ætti ekki að heyra undir Búnaðarfjelag Íslands, og hjer er því beint áframhald, en engin ný stefna. Þetta frv. er borið fram í samráði við stjórn áveitufjelagsins eystra, og þar sem Búnaðarfjelagið hefir ekki haft bein afskifti af þessu hingað til, er ekki rjett að heimta það nú. En jeg get fullvissað hv. þm. um það, að Búnaðarfjelagið verður ekki sett hjá. Í nefnd sjerfræðinga, sem stjórnin skipar, er gert ráð

fyrir því, að Búnaðarfjelag Íslands hafi einn mann. En annars býst jeg við því, að útlendur maður verði fenginn upp til þess að sjá um fyrirkomulag á mjólkurbúunum, og þá helst danskur, því að í Danmörku eru slík bú í mestum blóma.

Mjer skildist á hv. þm., að hann teldi Skeiðaáveituna ekki standa undir Búnaðarfjelaginu, en það er ekki rjett; það hefir haft mann eystra til umsjónar.

Jeg endurtek það, að hjer í þessu máli er ekki um neina nýja stefnu að ræða; hjer er haldið sömu stefnu og áður um Flóaáveituna. Að því er snertir aðrar jarðræktarframkvæmdir, þá eru þær undir stjórn Búnaðarfjelags Íslands, nema öðruvísi sje um mælt.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal ekki gera þetta að deiluefni nú á þessu stigi málsins. Hæstv. atvrh. segir, að hjer sje ekki um annað en áframhald að ræða. En jeg álít, að ekki hafi verið rjett farið með málið hingað til. Verkfræðilega hliðin ein hefir verið athuguð, en hin vanrækt, sem kalla mætti búfræðilegu hliðina og sem undir öllum kringumstæðum heyrir undir Búnaðarfjelag Íslands. Hæstv. atvrh. sagðist hafa skilið mig svo, að jeg áliti Skeiðaáveituna ekki heyra undir Búnaðarfjelag Íslands, en það hafði jeg ekki sagt. Jeg nefndi Skeiðaáveituna af þeirri ástæðu, að jeg vildi ekki, að í þessu máli yrði farið eins að og þar var gert. Það var fyrst snúið sjer til Búnaðarfjelags Íslands viðvíkjandi Skeiðaáveitunni, þegar búið var að vinna verkið og alt var komið í kaldakol nálega. — Það var komið alt of seint með það mál undir Búnaðarfjelag Íslands, en jeg skal ekki fara frekar út í þau atriði að sinni.

Hæstv. atvrh. drap á, að í ráði væri að fá hingað danskan mann til þess að segja fyrir um stofnun mjólkurbúa og alt fyrirkomulag þeirra, og hann var ekki í neinum efa um, að þarna þyrftu að komast upp fleiri mjólkurbú og ekki þyrfti neins annars við. En jeg efa mjög, að það sje það eina, sem gera þurfi til þess að „renta" það fje, sem komið er í þetta fyrirtæki. Nei! Það eitt er vissulega ekki nóg; það er margt annað, sem gera þarf, ef fyrirtækið á að „bera sig". En þetta alt mun koma skýrar í ljós, þegar búið verður að rannsaka þetta alt til hlítar, og vil jeg því ekki vekja deilur um þessi atriði nú, en jeg vona, að háttv. þingnefnd, sem um þetta frv. fær að fjalla, skilji, hvað fyrir mjer vakir. — Jeg vil láta búa sem best í hendurnar á íbúum þessara áveitusvæða, til þess að þeir fái sem besta aðstöðu til þess að geta búið að þessum framkvæmdum og gert þær arðberandi.

Sveinn Ólafsson: Mjer virðist þetta frv. til viðaukalaga við Flóaáveitulögin brjóta mjög í bág við þá stefnu, sem tekin var með Flóaáveitulögunum frá 1917. Þar voru fastákveðin framlög ákveðin til áveitufyrirtækisins frá ríkissjóði og hjeraðsbúum, sem sje $^1/_4$ kostnaður frá ríkinu og $^3/_4$ frá búendum. En samkvæmt þessu frv. er alt lagt í vald stjórnarinnar, sem eftir 1. gr. getur samið um framlög ríkissjóðs og jafnvel svo, að hann greiði alt. Er því ákvörðunarrjetturinn í þessu máli um fjárveitinguna tekinn frá Alþingi. Þetta gerir frv. í mínum augum óviðfeldið, og vil jeg undirstrika þennan stefnumun frá eldri lögunum áður en frv. fer lengra, til athugunar fyrir væntanlega nefnd.

Hæstv. atvrh. leggur til, að frv. verði vísað til landbúnaðarnefndar. Ætti það vel við, ef aðeins væri að ræða um stofn-

un mjólkurbúa eða þess háttar búnaðarbætur. En hjer er fult eins mikið um vegamál að ræða eins og landbúnaðarmál. Það er augljóst af þessu frv., að aðalatriðið, sem um er að ræða á þessum áveitusvæðum, eru vegalagningar, og er þetta því að meira leyti samgöngumál eða vegamál en landbúnaðarmál. Þess vegna hefði verið rjettast að vísa frv. til samgmn., en með því að jeg á sjálfur sæti í þeirri nefnd, vil jeg ekki gera það að tillögu minni.

Aðallega vakti það fyrir mjer, er jeg stóð upp, að benda á þann stefnumun, sem kemur fram í þessu frv., þegar það er borið saman við Flóaáveitulögin frá 1917, og vekja eftirtekt væntanlegrar nefndar á því, að hann er hvorki óverulegur nje heppilegur.

Magnús Torfason: Jeg stend upp fyrst og fremst til þess að þakka hæstv. stjórn fyrir að hafa komið fram með þetta frv.; en um leið get jeg skýrt frá því, að undanfarin ár hefir mikið verið rætt og mikið bollalagt um það, hvernig menn ættu að notfæra sjer grasið, sem menn vænta að fá upp úr þessari áveitu. Menn hafa sett niður nefndir til þess að athuga þetta mál. Hafa menn orðið fullkomlega á eitt sáttir um það, að það, sem mest riði hjer á, væri undirbúningurinn, sjerstaklega að undirbúningurinn undir það, að fyrirtækið kæmi að notum, færi í rjetta átt. Og þetta frv. fer rjetta leið, nauðsynlega og óhjákvæmilega.

Eins og þetta frv. er úr garði gert, er það ekki nema eðlilegt áframhald af Flóaáveitulögunum. Jeg hefi eigi orðið þess var, að hæstv. atvrh. sje sjerstaklega sýnt um að ganga fram hjá Búnaðarfjelagi Íslands eða sjerfræðingum þess. Og jeg get ekki skilið 2. gr. frv. þannig, að stjórnin ætli sjer að koma í veg fyrir, að Búnaðarfjelag Íslands geti haft hönd í bagga um þessi mál, og jeg veit með vissu, að það er alls ekki tilgangur hæstv. atvrh. með þessari grein frv. Því er svo varið um þetta mál, að það er einskonar frumburður stórfyrirtækja landbúnaðarins í framtíðinni, og jeg er viss um, að enginn landbúnaðarráðherra getur litið svo á, að ekki sje nauðsynlegt, að Búnaðarfjelag Íslands hafi hönd í bagga, þar sem þessi mál eiga í hlut. En við, sem stöndum í þessum stórræðum, verðum að bera kostnaðinn af þeim, vegna þess að þetta eru reynslufyrirtæki. En þyki 2. gr. frv. eigi nógu skýr í þessu efni, þá veit jeg að hæstv. atvrh. hefði ekki á móti því, að henni yrði eitthvað vikið við til þess að taka af vafa.

Hvað sjálft fyrirtækið snertir, mætti ætla, að þeim, sem eiga að njóta þess, mætti í ljettu rúmi liggja, hverjir stjórnuðu því, ef aðeins stjórn þess væri skipuð góðum og þar til hæfum mönnum. Aðalatriðið er, að allur undirbúningur fyrirtækisins sje sem bestur og vandaðastur, og jeg þykist sjá, að hæstv. atvrh. ætlar ekki að láta þar standa á smámunum.

Jeg vil taka undir með hv. þm. Str. (TrÞ), að það þyrfti að kenna íbúunum á áveitusvæðunum, hvernig þeir ættu að stunda sína atvinnu. Jeg vil undirstrika þessi orð. Menn hafa austur þar síður en annarsstaðar fengið færi á að læra að sinna sínum atvinnurekstri; í þessum stóra landbúnaðarfjórðungi (austanfjalls) hafa menn aldrei mátt fá einn eyri til búnaðarkenslu.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fetti fingur út í það, að ekki væri í frv. talað um, í hvaða hlutföllum kostnaðurinn skyldi greiddur af þeim framkvæmdum, sem gerðar yrðu. Jeg les frv. eins og það sje viðauki við Flóaáveitulögin og gildi

því hin sömu hlutföll og þar eru nefnd, sem eru hin sömu og í jarðræktarlögunum, þ. e. ¼. Því þessi orð: „sem um semst“ víkja fyrst og fremst að því, hvernig þetta á að greiðast; sumar framkvæmdir ná ekki jafnt til allra, og er þetta sjerstaklega tekið fram vegna veganna. Það eru vegirnir, sem raska kostnaðarbyrðinni; sumir bændur verða svo settir, að þeir hafa alls enga vegi, eða eru of langt frá þeim, en aðrir eru rjett hjá vegunum. Það er þetta meðal annars, sem gerir það, að einmitt vegirnir verða að skoðast sem hluti af Flóaáveitunni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það eru aðeins fáein orð til háttv. þm. Str. (TrÞ). Hann sagði, að það hefði verið komið of seint með Skeiðaáveituna til Búnaðarfjelags Íslands, en jeg get bent honum á, að það er ekki enn búið að grafa alla skurðina eða hlaða alla þá flóðgarða, sem þarf. Verkið er því ekki búið enn, og þá heldur ekki of seint komið með það mál fyrir Búnaðarfjelagið. Ennfremur sagði hann, að það væri ekki nóg, að í frv. væri aðeins gert ráð fyrir vegum og mjólkurbúum; fleira þyrfti að gerast. En það er tekið fram í aths. við frv., að um fleira geti verið að ræða, og eins getur það og komið fram við rannsókn síðar, og fellur það þá undir frv.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) var óánægður yfir því, að ríkissjóðstillagið væri ekki ákveðið, eða fjárframlögin yfir höfuð. Hv. 1. þm. Árn. (MT) hefir nú bent á, af hverju þetta stafar, sem sje af því, að vegirnir koma svo ójafnt niður, að það er ekki hægt að ákveða þetta fyrirfram. Það var tilgangur stjórnarinnar að láta sig ekki muna um nokkra tugi þús. kr. úr ríkissjóði til þess að áveitan kæmi þá heldur betur að notum. En ef hv. landbúnaðarnefnd eða Alþingi vill setja einhverjar skorður við því, þá er það á þess valdi, en stjórnin vildi heldur hafa óbundnar hendur í þessu efni.

Viðvíkjandi till. um að þetta mál fari til samgöngumálanefndar verð jeg að segja það, að ef nokkurt mál er landbúnaðarmál, þá er þetta mál landbúnaðarmál, og ber því auðvitað að vísa því til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til landbn. með 21 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Nd., þriðjudaginn 2. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 57, 75).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get sparað mjer langa framsöguræðu, því að í nál. er drepið á alt hið helsta máli þessu viðvíkjandi.

Jeg vil geta þess, út af brtt. við 3. gr. frv., á þskj. 75, að nefndin áleit rjettara að orða skýrara það ákvæði, sem kostnaðinum við kemur, svo að það gæti ekki valdið misskilningi. Um vegina vil jeg sjerstaklega taka það fram, að það er aðallega tekið tillit til þess, hverja gagnsemi býlin í Flóanum geti haft af þeim. Sá nefndin sjer ekki annað fært en breyta ákvæðum frv. um þetta efni.

Jeg skal geta þess í sambandi við viðaukatill., að þar er ritvilla. Þar stendur „vegagerðarinnar“, en á að vera „vegagerða.“

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um málið.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get verið hv. landbn. þakklátur fyrir meðferð hennar á málinu. Hefir hún ekki gert svo miklar breytingar á frv., að orð sje á gerandi. Jeg hafði að vísu ekki hugsað mjer, að tillag ríkissjóðs væri takmarkað á þann veg, sem nefndin vill, en af því að jeg hafði ekki hugsað mjer að leggja meira fram en nefndin stingur upp á, þá get jeg sætt mig við brtt. hv. nefndar.

Um brtt. á þskj. 75 get jeg þess, að hana mun ekki bera að skilja þannig, að hún eigi að útiloka, að fjárframlög komi frá fleirum en íbúum áveitusvæðisins, t. d. frá sýslusjóði. Finst mjer það ekki óeðlilegt, að sýslan legði eitthvað af mörkum, því að áveitan verður fleirum til hagsmuna en þeim, sem búa á áveitusvæðinu. Jeg álít ekki rjett að jafna öllum kostnaðinum niður, eins og hv. nefnd gerir ráð fyrir, og vil skjóta því til hennar, að hún víki við orðalagi brtt. fyrir 3. umr.

Það gleður mig, að hv. nefnd hefir gengið inn á að skoða það sem yfirlýstan þingvilja, að áveitan á Flóann sje gerð svo úr garði, að hún komi að fullum notum og verði að sem mestu gagni.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg skal geta þess út af vegunum á áveitusvæðinu, að nefndin hefir gengið út frá því, að sýslusjóður greiddi vitanlega að sínum hluta kostnað við þá.

Pjetur Ottesen: Út af orðum hæstv. atvrh. (MG), að með samþykt Alþingis á þessu frv. sje því slegið föstu, að áveitan eigi að koma að fullum notum, vil jeg taka þetta fram:

Í athugasemdunum við frv. hæstv. stjórnar er talið, að því aðeins geti áveitan komið að fullum notum, að bættar sjeu samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, og þá helst með járnbraut. Í tilefni af þessu vil jeg taka það fram, að með samþykt þessa frv. getur engan veginn verið um það að ræða, að tekin sje nein afstaða til járnbrautarmálsins.

Annars vil jeg taka það fram, að fylsta ástæða væri til að doka nokkuð við og fá reynslu fyrir því, hvort þetta áveitufyrirtæki uppfyllir þær vonir, sem menn hafa gert sjer um það, hvort það ber þann árangur um aukning á grasvexti, sem búist hefir verið við, áður en farið er að leggja í frekari kostnað á áveitusvæðinu. Jeg er ekki í sjálfu sjer að mæla á móti þeim framkvæmdum, sem um ræðir í þessu frv., en allur er varinn góður, og því meiri ástæða er að hafa hjer fulla gát á, þar sem svo mikið er í húfi og efnafræðingur einn hefir skrifað um það nýlega, að mjög vafasamt sje, að það vatn, sem veita á á Flóann, sje svo efnaauðugt, að næg trygging sje fyrir því, að áveitan nái tilætluðum árangri. Það er líka fengin full reynsla fyrir því, þar sem veitt er á ófrjóu vatni, að þó áveitan beri allmikinn árangur fyrstu 2—3 árin, þá bregst hún að þeim tíma liðnum, sem stafar af því, að vatnið flytur burtu meiri næringarefni úr jarðveginum en það færir honum, og get jeg dæmt um þetta af eigin reynd.

Þar sem drepið hefir verið á, að vegirnir á áveitusvæðinu ættu að vera sýsluvegir og fjárframlag til þeirra greitt alt að helmingi úr ríkissjóði, þá vil jeg segja það, að nær lægi, eftir aðstöðu allri þarna og anda vegalaganna, að þetta væru hreppavegir. En þá er hjer gengið inn á nýja braut, því áður hefir ekki þekst, að ríkissjóður veiti fje til hreppavega.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get lýst yfir því út af orðum hv. þm. Borgf.

(PO), að jeg átti ekki við járnbrautarmálið í sambandi við Flóaáveituna, því að það er of stórt mál til þess, að því sje hnýtt aftan í annað mál.

Þar sem hv. þm. (PO) talaði um, að vegirnir um áveitusvæðið ættu fremur að vera hreppa- en sýsluvegir, þá get jeg ekki gerla dæmt um það, vegna ókunnugleika, en jeg veit, að vegirnir munu liggja um marga hreppa og tel því rjettara, að það sjeu sýsluvegir.

Jeg skal ekki fara að spá neinu um framtíð áveitunnar, en vona, að hún reynist vel. Þetta er framtíðarmál, og reynslan — þótt lítil sje — virðist gefa góðar vonir um gagnsemi þess.

ATKVGR.

Vatill. 57 samþ. með 21 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 75 (ný 3. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

4.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., fimtudaginn 4. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 80, 90).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 90. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi leyft mjer á þskj. 90 að koma fram með þrjár litlar brtt. við þetta frv. Fyrsta brtt. er um það, sem jeg tók fram hjer við 2. umr. þessa máls, því að það er ekki alveg rjett að komast svo að orði, sem gert er í brtt. á þskj. 75, því að íbúar áveitusvæðisins geta lagt fram annað fje en það, sem stjórn áveitusvæðisins kemur til að jafna niður, t. d. fje úr sýslusjóði.

Önnur brtt. er flutt eftir beiðni frá stjórn áveitufjelagsins, af því að svo getur farið, ef stjórnin er aðeins kosin til eins árs í senn, að hún fari öll frá í einu, og þá komi ef til vill allir mennirnir ókunnugir í stjórnina, sem geti verið mjög óheppilegt.

Þriðja brtt. er aðeins afleiðing af 2. brtt., þannig, að ef 2. brtt. verður ekki samþykt, þá er 3. brtt. um leið fallin burtu.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins að láta falla hjer nokkur orð í beinu framhaldi af því, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls. Jeg verð að líta svo á, að þau hafi enga áheyrn fengið, en jeg vil ekki láta við svo búið standa, og verð jeg algerlega að mótmæla því, hvernig frá þessu máli er gengið. Jeg er hiklaust á þeirri skoðun, að það skipulag, sem verið hefir um þessar framkvæmdir, sje algerlega rangt. Það er svo, og á að vera svo, að Búnaðarfjelag Íslands er einn meginliður í stjórn landbúnaðarmálanna og ætti að hafa mikið um þetta mál að segja. Það hefir fjölda sjerfræðinga í sinni þjónustu, og þessir menn eru í raun og veru starfsmenn ríkisins engu síður en aðrir, sem eru í þjónustu þess, og þó er það svo, að í öllu þessu máli hefir þessi stofnun, Búnaðarfjelag Íslands, verið algerlega hundsuð; það hefir verið hlýtt eingöngu ráðum þeirra manna, sem hafa haft þekkingu á aðeins annari hliðinni, sem að þessu starfi veit, „teknisku“ hliðinni, nefnilega hvernig á að fara að því að grafa skurði. Þetta álít jeg rangt, og sömuleiðis hygg jeg, að

það muni koma illa niður á þeim, sem verkið eiga að þiggja, og er það því verra, sem annað verk, sem unnið hefir verið á sama hátt, gefur ekki mikla hvatningu til, að slík aðferð sje höfð. Tala jeg þar um aðra áveitu fyrir austan fjall, sem farið hefir á sömu leið með. Verkið, sem framkvæmt var á svæðinu, varð eitthvað fjórum sinnum dýrara en búist var við, og þegar til framkvæmdanna kom, var svo að segja alt saman komið á heljarþrömina. Reyndin varð alt önnur en þeir sögðu, sem fyrir verkinu stóðu, og svo hafði líka verið vanrækt að athuga, hvernig menn áttu að geta lifað af þessu landi og ráðið við að borga rentur og afborganir af þeim lánum, sem þurfti að taka.

Jeg vildi láta það koma fram í þessari hv. deild, að einhver hafi verið, sem mótmælti þessari aðferð, mótmælti þeirri aðferð til þess að rjetta við landbúnaðinn, er gerð er að óvilja þeirrar stofnunar, sem helst allra ætti að hafa hönd í bagga með þeim málum.

Hákon Kristófersson: Jeg ætla ekki að flytja langa ræðu um þetta mál, aðeins vil jeg ósanna þau ummæli hv. þm. Str. (TrÞ), er hann viðhafði um nefnd þá, sem um þetta mál hefir fjallað. Við sýndum búnaðarmálastjóra þá sjálfsögðu kurteisi að kveðja hann á fund hjá okkur, en hann kvaðst engar till. hafa að gera um þetta mál eins og komið væri, því að það hefði aldrei verið undir sig borið. Þess vegna álít jeg, að ásakanir í garð nefndarinnar hvað þetta snertir sjeu ekki maklegar. En mig furðar á því, að vinur minn, háttv. þm. Str., hefir ekki komið auga á þá miklu nauðsyn, sem hann telur á því að bera þetta mál undir búnaðarmálastjóra, fyr en nú, að það er komið til 3. umr. í þessari hv. deild, því að jeg man ekki til, að hv. þm. (TrÞ) benti neitt til þess við fyrri umr., að álits búnaðarmálastjóra væri leitað á málinu.

Hvað það snertir að breyta til um stjórn á þessu fyrirtæki, þá ætla jeg ekki að fara út í það, hvort slíkt mundi heppilegt eða ekki; en það er mitt álit og mín reynsla, að framkvæmdirnar verði ekki því betri, því fleiri sem fara að fjalla um málið. Annars liggur það í hlutarins eðli, að það verður að vera ríkisstjórnin, sem hefir yfirtökin um þetta mál, en jeg skal fúslega viðurkenna það, að ef Búnaðarfjelag Íslands hefði mönnum á að skipa, sem treystandi væri í þessum greinum, þá færi síður en svo illa á því, að allar búnaðarframkvæmdir væru undir það bornar. En landbn. er á engan hátt ásökunarverð fyrir framkomu sína í þessu máli.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Háttv. þm. Str. hefir mislíkað það við landbn., að hún skuli ekki hafa tekið meira tillit til óska hans, er hann bar fram við 1. umr. þessa máls, heldur en hún hefir gert. En mjer finst, að hv. þm. ætti að vera ánægður með undirtektir nefndarinnar, því að hún ber fram þá ósk, að ráðuneytið eða hæstv. atvrh. gæti þess, þegar sú nefnd verður skipuð, sem ráðgert er samkvæmt þessu frv., að þá verði þar fulltrúi frá Búnaðarfjelagi Íslands. Jeg geri ekki ráð fyrir, að sá fulltrúi verði ofurliði borinn um þær till., sem hann hefir fram að bera, svo framarlega sem fullsýnt er, að þær till. megi verða málinu til bóta. Jeg geri ekki ráð fyrir, að því er snertir framkvæmd verksins, sem eftir er, að það þurfi að koma til kasta meiri eða minni hl. í þessu máli. Jeg þykist viss um, hverjum sem þetta mál yrði fengið í hendur, þá myndu þeir gera það eftir bestu vitund, og þá er jeg alveg viss um það, að

till. þess manns, sem tekur sæti í þessari nefnd frá hendi Búnaðarfjelagsins, myndi fá að njóta sín. Einnig virðist mjer, að þessi umkvörtun frá hv. þm. Str., að því er snertir framkvæmdir þessa máls, komi heldur seint. Jeg get að vísu viðurkent það, að þegar lögin um þetta mál voru samin, þá átti þessi hv. þm. ekki sæti hjer á Alþingi, en síðan er liðinn alllangur tími, og jeg minnist ekki að hafa orðið þess var, að nokkursstaðar hafi komið fram óánægja yfir því, hvernig framkvæmd verksins hefir verið hagað á Flóaáveitusvæðinu. Það, sem jeg hefi sjeð, er, að menn telja, að verkið gangi vel og eru ánægðir með það. Jeg hefi haft allmikil kynni af því, með því að það hlaut að nokkru að koma til kasta okkar fulltrúa Árnessýslu. Þetta finst mjer skylt að koma fram með, úr því að verið er að segja, að Búnaðarfjelagið hefði átt að hafa eftirlit með verkinu og að með því móti hefði verið betur sjeð fyrir framkvæmd verksins. En jeg efast mikið um, að svo hefði verið. Jeg er ekki með þessu að kasta rýrð á Búnaðarfjelag Íslands, en mjer finst ekki mikil ástæða til að vera mjög óánægður yfir því, þótt það hafi ekki ráðið hingað til. Jeg get heldur ekki fallist á, að það sje hyggilegt, þegar um miklar framkvæmdir er að ræða, um verk, sem er vandasamt og kostar mikið fje, að skifta þá um umsjónarmenn þegar minst varir. Jeg held, að hyggilegast sje að haga umsjón verksins og yfirráðum við það þannig, að sá, sem byrjar á því, haldi því áfram þar til lokið er; það er á engan hátt hægt að rjettlæta það, að skift sje um yfirstjórn á slíku verki, nema því aðeins, að þeir menn, sem áður höfðu yfirstjórn þess, hafi gert sig seka um einhver glappaskot, eða forstaða verksins hafi ekki farið vel úr hendi. En því verð jeg algerlega að mótmæla, að hjer hafi átt sjer stað. Mjer er vel kunnugt um þetta. Jeg held því, að hv. þm. Str. megi vera vel ánægður með þessa afgreiðslu landbn. Jeg hefði fyrir mitt leyti talið það lítt forsvaranlegt, að nú væri farið að breyta þannig til að fela nú Búnaðarfjelagi Íslands umsjón verksins. Það getur vel verið, þegar verkinu er lokið, að Búnaðarfjelaginu verði falin umsjón með frekari starfrækslu áveitunnar, en jeg tel ekki kominn tíma til þess fyr en verkinu er að fullu lokið. Búnaðarfjelagið lagði ekki ráðin á upphaflega og hefir ekki haft neina forgöngu um það, og úr því að ekki er sýnilegt, að neitt illa fari um framgang verksins, þá finst mjer engin ástæða til þess að skifta um.

Háttv. þm. Str. drap á annað atvinnufyrirtæki fyrir austan fjall, sem hefði kostað mjög mikið, og hversu þeim, sem hefði haft umsjón með því, hefði mistekist og verkið farið geypilega fram úr áætlun, og vildi með því gefa í skyn, að það myndi hafa verið öðruvísi, ef Búnaðarfjelagið hefði haft umsjón með verkinu. *(TrÞ*: Jeg sagði ekkert um það). Nei, en hv. þm. rökstuddi þetta með því, að Búnaðarfjelaginu hefði ekki verið falin umsjón með Skeiðaáveitunni og illa hefði tekist til með framkvæmd hennar. En hafi þetta ekki verið meining hv. þm., þá sje jeg ekki, hvaða erindi þetta atriði átti hjer inn í umræðurnar. En jeg skal nú engan dóm á þetta mál leggja, en aðeins benda á eitt atriði, sem ekki hefir átt hvað minstan þátt í því, að fyrirtækið varð svo dýrt, en það eru hinar breyttu kringumstæður á meðan á verkinu stóð, og þó að það hafi máske ekki verið eingöngu fyrir þá sök, þá hygg jeg, að það hafi gert langmest, og Búnaðarfjelaginu myndu

eins hafa reynst þeir tímar svo erfiðir, að jeg hygg, að því mundi hafa verið ofvaxið að ráða við þá erfiðleika, er þeir sköpuðu. Jeg held, að þó að Búnaðarfjelaginu hefði verið falið að sjá um áveituna, þá hefði verkið líklega orðið eins dýrt, svo að það skiftir litlu máli. Jeg er ekki viss um, að þó að Búnaðarfjelagið hefði haft umsjón með þessu verki, að þá hefði verið unt að komast hjá því að styrkja eitthvað þetta hreppsfjelag í líkingu við það, sem gert hefir verið úr af áveitumálinu. Og ekki benda tillögur starfsmanna Búnaðarfjelagsins um þetta mál á það, að því hefði verið sýnna um það en öðrum, eftir till. þeim að dæma, sem komu fram frá þeim. Þær hafa engan veginn verið á þá lund, að það hafi verið bændum til nokkurs ljettis að fara eftir þeim, því að það er alveg það gagnstæða. Þær till., sem gerðar hafa verið af tveim starfsmönnum Búnaðarfjelagsins, hafa verið svo lítilfjörlegar, að það hefði mátt alveg á sama standa, hvort farið hefði verið eftir þeim eða ekki. Alþingi í fyrra gerði þar rækilegar umbætur, og ef bændur á þessu svæði geta staðið straum af fjárreiðum sínum gagnvart áveitunni, þá er það beint síðasta Alþingi að þakka. Jeg held því, að landbn. hafi afgreitt þetta mál eins og skynsamlegast var.

Það er fjarri mjer að vilja draga undan umsjá Búnaðarfjelags Íslands umsjá ræktunarmála. En þegar búið er að fela öðrum framkvæmd verksins, eins og hjer stendur á, og mikill hluti þess er unninn, þá tel jeg ekkert vit í að fara að skifta um umsjá þess að ástæðulausu. Sje jeg ekki, að Búnaðarfjelagið þurfi að vera móðgað af þessu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það syngur við sama tóninn hjá hv. þm. Str. (Tr. Þ) og við 1. umr. þessa máls. Munurinn aðeins sá, að nú er það landbn., sem hann beinir mótmælum sínum að, því að hann þykist víst hafa gengið af mjer dauðum. Út af ummælum hans vil jeg minna hann á, að ekki var gengið framhjá Búnaðarfjelagi Íslands þegar lögin um Flóaáveituna voru sett, því í nefnd þeirri, sem undirbjó lögin, var hinn nýlátni starfsmaður fjelagsins, sá maður, sem um langt skeið fjekst mest við áveitumál hjer á landi. Og það eru einmitt tillögur hans, sem koma fram í lögunum. Er því ekki hægt að segja, að gengið hafi verið framhjá Búnaðarfjelaginu, heldur þvert á móti.

Það er líka langt frá, að gengið sje framhjá Búnaðarfjelaginu í frv. þessu, og nægir í því efni að benda á 2. gr. þess. Þar stendur: „Áður en ráðist er í framkvæmdir samkvæmt 1. gr., skal landsstjórnin skipa nefnd manna, er geri tillögur um, hver mannvirki skuli gera og hversu þeim skuli haga. Auk þess er stjórninni heimilt að kveðja sjerfræðinga til, eftir því, sem nauðsynlegt telst.“

Hafi nú Búnaðarfjelagið sjerfræðingum á að skipa, er skylda stjórnarinnar að taka þá. Annars hefir verk þetta hingað til verið þannig vaxið, að það hefir verið sjerfróðra verkfræðinga einna að sjá um það. En Búnaðarfjelagið hefir engum slíkum mönnum haft á að skipa.

En nú, þegar fer að síga á seinni hluta verksins, kemur að því, að kveðja þarf aðra ráðunauta til, en það skal jeg taka skýrt fram, að engum dettur í hug að leita til Búnaðarfjelagsins með það, hvernig t. d. vegirnir verði lagðir um áveitusvæðið. Um það mun verða leitað til vegamálastjóra. Segi jeg þetta af því að mjer skildist á hv. þm. Str., að hann vilji láta Búnaðarfjelagið ráða öllu um þetta mál. Jeg vil vitanlega, að til fjelagsins verði

leitað um þau atriði, þar sem það á við, en ekki um þau atriði, sem það ber ekkert skyn á. Annars hafa allar framkvæmdir í þessu máli verið gerðar í samráði við stjórn áveitufjelagsins, sem eru íbúar á áveitusvæðinu.

Jeg verð að segja það, að mjer þykir leiðinlegt að heyra altaf verið að tala um kostnaðaraukann við Skeiðaáveituna. Get jeg tekið undir það með hv. 2. þm. Árn. (JörB), að þar sje aðeins hálfsögð sagan. Því að ekkert tillit hefir verið tekið til dýrtíðarinnar, sem var þegar verkið var framkvæmt, en ekki var hægt að sjá fyrir, þegar áætlunin var gerð. Ef þessi hv. þm. (TrÞ) vill fá nefnd fleiri dæmi um áveitur, má nefna Miklavatnsmýraráveituna. Um hana hefir Búnaðarfjelag Íslands sjeð að öllu leyti, en þó hefir síst gengið betur með hana en t. d. Skeiðaáveituna.

Eins og jeg nú hefi sýnt fram á, hefir þetta ekki verið verk Búnaðarfjelagsins, heldur sjerfræðinga, og svo verður enn. Vegagerðin verður falin vegamálastjóra. En þegar kemur að því að stofna rjómabú á svæðinu, verður Búnaðarfjelagið vitanlega kvatt til.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hefi haft þá ánægju að hlusta fyrst og fremst á form. landbn. (HK), þá frsm., hv. 2. þm. Árn. (JörB), og síðast hæstv. atvrh. (MG). Allir höfðu þeir mikið að segja um það, sem jeg sagði. Út af orðum þeirra vil jeg fyrst og fremst taka það fram, að það, sem mjer gekk til, var alls ekki að kasta hnútum til hv. landbn., heldur vildi jeg mótmæla því, að stærsta jarðræktarfyrirtæki landsins væri framkvæmt án þess, að leitað væri ráða hjá þeirri stofnun, sem slík mál heyra aðallega undir.

Annars vildi jeg óska Árnesingum þess, að þeir þyrftu ekki vegna Flóaáveitunnar að stíga sömu þungu sporin til þings og stjórnar og íbúar Skeiðaáveitusvæðisins hafa þurft að gera, og mínar tillögur í málinu hafa að því miðað að forða þeim frá þeirri göngu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Af því að jeg hefi verið kunnugur Flóaáveitunni um lengri tíma, þá vildi jeg árjetta ummæli hæstv. atvrh. (MG) og hv. frsm. (JörB) viðvíkjandi afskiftum Búnaðarfjelags Íslands af því máli. Það sanna er, að Flóaáveitan er búin að vera lengi á döfinni, jafnvel fleiri áratugi, og það lengst af í höndum Búnaðarfjelags Íslands.

Mig minnir helst, að fyrstu mælingar fyrir áveitunni færu fram meðan fjelagið hjet Búnaðarfjelag Suðuramtsins. Voru þær gerðar af Sæmundi sál. Eyjólfssyni. Seinna gerði Búnaðarfjelag Íslands ráðstafanir til að fá verkfræðing frá útlöndum, og varð það til þess, að verkfræðingur var sendur hingað frá Heiðafjelaginu danska. Í samvinnu við hann hafði svo Búnaðarfjelagið ráðunaut sinn, Sigurð sál. Sigurðsson. Svona var það; fjelagið hafði málið í sínum höndum allar götur, þar til kom að framkvæmdunum.

Jeg veit því ekki, yfir hverju háttv. þm. Str. (TrÞ) hefir að kvarta, nema ef vera skyldi það, að enginn verkfræðingur hefir verið í þjónustu Búnaðarfjelagsins.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að ríkissjóður hefir ekki lagt til þessa stórvirkis nema ¼ kostnaðar; ¾ hvíla því á áveitufjelaginu. Jeg verð því að segja, að það væri harla óeðlilegt, að tekið væri langt fram fyrir hendurnar á þessum fjelagsskap með það, hverjum stjórn hans vill trúa fyrir framkvæmd þessara verka.

ATKVGR.

Brtt. 90,1 samþ. með 18 shlj. atkv.
— 90,2 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 90,3 samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 5. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 93).

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frv. þetta flutti stjórnin í Nd., og gekk það greiðlega og með litlum breytingum gegnum þá deild. Jeg vildi óska, að svo yrði einnig hjer, og vil taka það fram, að í Flóaáveituna er þegar lagt svo mikið fje, að það verður að tryggja, að verkið verði unnið til enda og að þau not hafist af áveitunni, sem hægt er.

Kostnaðurinn af Flóaáveitunni var áætlaður um 1½ miljón króna, en hann verður ekki svo mikill. Jeg vona, að sú eiginlega áveita kosti ekki meira en 1 miljón króna, og af því leggur ríkissjóður fram ¼ sem styrk, en ¾ hluta borga þeir, sem búa á áveitusvæðinu, og hafa þeir fengið lán úr ríkissjóði til greiðslu á þessum hluta. Ríkissjóður hefir því sinna hagsmuna að gæta, því að þess frekar verður lánið endurgreitt, sem meiri not eru af áveitunni. En nú þarf að leggja vegi um áveitusvæðið og koma upp einu eða fleiri mjólkurbúum, því að allir ganga út frá, að á þessu svæði verði að mestu leyti nautpeningsrækt.

Jeg vil geta þess, að búist er við, að áveitunni verði lokið seinni part næsta sumars, og vona jeg, að þá verði komið upp sem mest af flóðgörðum þeim, sem nauðsynlegir eru.

Þetta mál var í landbn. í Nd., og legg jeg til, að svo verði einnig hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., fimtudaginn 18. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 93, n. 158).

Frsm. (Ágúst Helgason): Í Flóaáveitulögunum er ekki talað um önnur mannvirki í sambandi við áveituna en skurði og flóðgarða. Nú er því verki langt komið, en þeim, sem þekkja til áveitulandsins, mun vera ljóst, að meira þarf að gera en að veita vatninu yfir landið. Það er ekki nóg að fá grasið til að vaxa; það þarf líka að koma því í peninga. Það, sem fyrst og fremst þarf að gera, er að leggja vegi um áveitusvæðið. Syðri hluti þess er víðlendur mýrarfláki. Þar eru bæir strjálir, en aðalbygðin er umhverfis mýrina. Vegamálastjóri hefir rannsakað þetta svæði, og er það tilætlun hans, að akfær sýsluvegur verði lagður af þjóðveginum beint suður í Gaulverjabæ og út frá honum gangi 2 álmur til útsuðurs niður eftir mýrinni. Auk þess verður að leggja net af hreppavegum.

Þegar áveitan er komin í framkvæmd, hlýtur búskapur þar eystra að breytast í nautpeningsrækt og mjólkurframleiðslu. En óhugsandi er, að nægilegur markaður fáist fyrir mjólkina, ef ekki verða sett á stofn mjólkurbú, eitt eða fleiri. Það virðist rjettmætt, að þesskonar stofnun nyti styrks úr ríkissjóði, þar sem hún yrði tilrauna-

stofnun, sem mikla þýðingu gæti haft fyrir landbúnaðinn í heild sinni.

Aðaltilgangur frv. er því sá, að fá því framgengt, að vegir verði lagðir og mjólkurbú sett á stofn. Þetta þarf að komast inn undir áveitulögin, því að það er ekki síður nauðsynlegt, að þessi mannvirki komist í framkvæmd en áveitan sjálf, ef hún á að koma að fullum notum. Landbn. leggur eindregið til, að hv. deild samþykki frv. frá Nd.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi reyndar ekki neinu við að bæta ræðu hv. frsm. (ÁH), en vil láta í ljós, að mjer þykir vænt um, að nefndin hefir gengið inn á frv. óbreytt og að málið á í vændum greiðan gang í gegnum þingið. Jeg vona, að ekki muni standa á því að fá færan mann til þess að gera tillögur í þessu máli, sjerstaklega um mjólkurbúin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 20. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 186).

---

8. Stýrimannaskólinn.

Á 26. fundi í Ed., föstudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 17, 4. júní 1924, um stýrimannaskólann í Reykjavík (stjfrv., A. 135).

Á 29. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Um þetta litla frv. þarf ekkert annað að segja en vísa til greinargerðarinnar. Hjer er aðeins farið fram á að bæta inn í lög um stýrimannaskólann ákvæðum, sem af vangá hafa fallið úr — um stílagerð í dönsku og ensku. Er frv. borið fram eftir ósk skólastjóra stýrimannaskólans.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til nefndar feld með 8:2 atkv.

Á 31. fundi í Ed., fimtudaginn 18. mars, var frv. tekið til 2. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 20. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 135).

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 135, n. 207).

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Sjútvn. hefir haft þetta frv. til meðferðar og vill mæla með því, að það verði samþykt óbreytt.

Þessi breyting á lögunum um stýrimannaskólann, sem frv. felur í sjer, er aðeins í því fólgin, að frekari kröfur eru nú gerðar til þeirra manna, sem ganga undir farmannapróf, þ. e. til þeirra skipstjóraefna, sem ætlað er, að eigi fyrir höndum að sigla hjeðan skipum til útlanda. Í lögunum frá 1924 var ekki talað um, að þeir skyldu vera færir um að skrifa á dönsku eða ensku, en þetta eru kröfur, sem tíðkast hefir í þessum skóla, að gerðar væru til þessara manna, — að þeir væru það færir í þessum málum, að þeir gætu talað þau og gert skriflega grein fyrir því, sem þeir hefðu lesið. Nefndin hefir álitið, að rjett væri að gera þessa kröfu til slíkra skipstjóraefna og álítur þær alls ekki of miklar. Fyrir þeim liggur að sigla oft skipum hjeðan frá landi til útlanda, og þar eiga þeir þá að koma fram fyrir hönd þjóðar sinnar.

Forsætisráðherra (JM): Það er skemtilegra verk að geta hrósað mönnum og nefndum en að þurfa að finna að gerðum þeirra. Þess vegna get jeg líka verið þakklátur þessari hv. nefnd fyrir meðferð hennar á máli þessu, og svo hefi jeg ekki frekara um það að segja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—3 gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 254).

---

9. Kynbætur hesta.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um kynbætur hesta (stjfrv., A. 12).

Á 5. fundi í Nd., föstudaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frv., sem fór í mjög líka átt og þetta frv., dagaði

uppi hjer í þessari hv. deild í fyrra, og þótti stjórninni því rjett að flytja það aftur nú, með því að gildandi ákvæði um kynbætur hesta geta ekki talist fullnægjandi, en hinsvegar viðurkent af öllum, að því er jeg hygg, að mikil nauðsyn sje á slíkum kynbótum.

Þar sem frv. þetta fer í mjög svipaða átt og samþykt var við 2. umr. í fyrra í þessari hv. deild, sje jeg alls enga ástæðu til þess að fjölyrða um það og legg til, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til landbn. með 19 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 18. febr., var frv. tekið til 2. umr. (A. 12, n. 31).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Jeg býst nú við, að ýmsum hjer í þessari hv. deild þyki þetta smámál, sem hjer liggur fyrir.

Það skal að vísu játað, að þetta er ekki stórmál, og þó er þetta einn þátturinn í merkilegu starfi til eflingar landbúnaðinum og aukinni framleiðslu í landinu.

Þótt ekki ætli jeg að fara að gera þýðingu búfjárkynbóta alment að umræðuefni, get jeg þó ekki í þessu sambandi stilt mig um að benda á reynslu annara þjóða í þessum efnum og hverja fjárhagslega þýðingu búfjárkynbæturnar hafa haft fyrir þær.

Hversu mikla þýðingu hefði það ekki, ef hægt væri að hækka meðaltalsnythæð kúnna okkar um 500 pt. á ári án verulegs aukins fóðurkostnaðar, eða auka svo skrokkþunga dilkanna okkar, að næmi svo sem 2 kg. á lamb hvert að meðaltali án teljandi fóðurauka. Og síðast en ekki síst vil jeg benda á þá þýðingu, sem það gæti haft, ef okkur tækist að auka svo þroska og fjör hestanna okkar, að þeir yrðu ennþá nothæfari til allskonar vinnu en þeir eru nú, og þá um leið stórum verðmætari útflutningsvara. Slíkar umbætur á búpeningi okkar, sem jeg nú hefi nefnt, mundu án efa auka framleiðslu þjóðarbúsins um miljónir króna. Tökum t. d. mjólkuraukann, sem jeg nefndi áðan. Enda þótt hver pottur væri ekki reiknaður nema á 30 aura, mundi hann einn nema 3 miljónum króna.

Einhverjir kunna nú að halda, að jeg sje hjer að fara með öfgar. En svo er ekki, því að það er alkunna af samanburði við búpening annara þjóða, að efniviðurinn í okkar búpeningi er sjerstaklega góður, en bara að mestu ótelgdur ennþá.

Þess vegna er það augljóst, að þjóðfjelaginu væri mikill hagur að styðja slíka viðleitni, m. a. með lagasetningum. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er verulegt spor í þá átt, það sem það nær.

Því miður er því svo háttað, að víða á landinu er lítill áhugi og jafnvel skilningsleysi á kynbótum hesta. Mörgum verður á að líta meir á stundarhagræði en framtíðarhag.

Til þess að sigla framhjá því skeri og fleirum, sem gætu gert framkvæmd laganna torvelda, hefir nefndarmönnum komið saman um, að rjett væri að draga fyrst um sinn lítilsháttar úr þeim ákvæðum frv., sem örðugast mundi að framfylgja og valda mundu mestri óánægju.

Væntir nefndin þess, að verði brtt. hennar samþyktar, mundi lögunum betur hlýtt.

Vil jeg þá fyrst nefna 2. brtt. a., við 5. gr. Fyrir orðin í fyrri málsgrein 5. gr. „skal gelda fyrir 20. apríl ár hvert“ komi:

skal gelda eða taka í örugga vörslu fyrir 14. maí ár hvert. — Er það kunnara en frá þurfi að segja, að oft getur staðið svo á, að mjög sje bændum óþægilegt að taka hestana inn 20. apríl og gefa þeim. Óttuðust nefndarmenn, að þegar hart væri í ari, gæti farið svo, að kynbótanefndin lokuðu augunum fyrir yfirtroðslum laganna og hjeldu með því móti opnum dyrunum fyrir lagabrotum eftirleiðis.

Að þessu sama miðar 2. brtt. b., við 5. gr., þar sem ætlast er til, að eigandi hests verði ekki fyrir sektum, ef hann tekur hest sinn í trygga vörslu.

Þá hefir nefndin viljað rýmka eitt ákvæði í niðurlagi 6. gr. og láta í stað orðanna: „og selja án innlausnarfrests", koma: og selja með 4 vikna innlausnarfresti.

Þá vil jeg geta þess, að nefndin hefir aftur hert á ákvæði 3. gr. Í stjfrv. er gert ráð fyrir, að hestakynbótanefnd gefi leyft, að kynbótahestar gangi lausir í heimahögum. Þessu ákvæði viljum við breyta þannig, að kynbótanefnd hafi heimild til þess frá 1. okt til 20. apríl, en einnig frá 20. apríl til 1. okt., og í síðasta sinni árið 1930.

Meiningin er til 1930 að gefa hrossaeigendum tíma til að koma sjer upp girðingum fyrir hesta sína, svo að hægt sje að hafa þá í tryggum vörslum, án þess að þeir geri öðrum tjón í kynbótastarfseminni.

Að endingu vil jeg geta þess, að komið hefir til tals, að ástæða væri til að merkja betur hesta en gert hefir verið, t. d. með brennimarki á hóf, svo að sjá megi úr hvaða sýslu hann sje. En nefndin leit svo á, að þetta væri fyrst og fremst einkamál hvers eiganda, að tryggja sem best eign sína.

Þá man jeg ekki eftir fleiru, sem ástæða er til að taka fram í þessu sambandi. Vænti jeg þess, að málið fái fram að ganga. Álits búnaðarráðunauts hefir verið leitað um aðalatriðið, sem sje færslu tímans til 14. maí, og var hann okkur sammála um það.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg sje á nál. hv. nefndar og heyri á framsöguræðunni, að nefndin vill slaka til að nokkru frá ákvæðum frv., og að einu leyti vill hún herða á. En svo virðist, sem engin raunveruleg breyting muni á verða til 1930, ef brtt. hv. nefndar verða samþyktar, en eftir þann tíma mun verða hert á ákvæðum frv. Jeg get látið mjer lynda þessa meðferð málsins og þakka hjer með nefndinni fyrir fljóta afgreiðslu þess.

ATKVGR.

1.—2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 31,1 samþ. með 18:1 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 31,2.a samþ. með 17:1 atkv.

— 31,2.b samþ. með 17:1 atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 31,3 samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

7.—10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 31,4 (ákvæði um stundarsakir) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 20. febr., var frv. tekið til 3. umr. (A. 41).

Enginn tók til máls,

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 11. fundi í Ed., mánudaginn 22. febr., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 41).

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg þarf engar umræður að hafa um þetta mál. Það hefir haft mjög greiðan gang gegnum hv. Nd., og vona jeg, að svo verði einnig hjer. Það, sem jeg vildi aðeins segja, er að óska þess, að mál þetta verði látið ganga til landbn. hjer í deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., föstudaginn 12. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 41, n. 119, 129, 130).

Eggert Pálsson: Sökum þess að hv. frsm. (ÁH) er veikur, hefi jeg tekið að mjer að fylgja frv. þessu með fáum orðum úr garði nefndarinnar. Hinsvegar er mál þetta ekki svo stórt, nje heldur ætti það að verða deilumál, svo það ætti ekki að verða því til tjóns, þótt hv. frsm. sje ekki viðlátinn.

Það hafa þrisvar áður verið gefin út lög um þetta efni. Fyrst lög frá 11. des. 1891. Síðan 20. des. 1901, sem eru einskonar viðaukalög við hin, en svo er þeim aftur breytt með öðrum viðaukalögum frá 14. nóv. 1917.

Sjálf lögin um samþyktir um hrossakynbætur virðast eftir frv. eiga að gilda áfram, þar sem mönnum sýnist að nota slíkt. En hinsvegar gerir þetta frv. það að skyldu, að haft sje nokkurt eftirlit alstaðar í sveitum með hrossakynbótum.

Frv. þetta var borið fram af hv. 2. þm. Skagf. (JS) á þingi í fyrra, en varð þá ekki útrætt. Nú er það borið fram af hæstv. stjórn og hefir verið samþykt í Nd.

Nefndin álítur, að frv. þetta sje til bóta, ef það yrði samþykt. En hinsvegar skildist henni, að það vantaði eitt nauðsynlegt ákvæði í frv., sem sje um það, hvaðan taka ætti það fje, sem borga verður til framkvæmdar því eftirliti, sem lögin skipa fyrir um. Þetta eftirlit hlýtur að kosta eitthvað. Það er ómögulegt að gera nokkuð, sem kostar fyrirhöfn, nema borgað sje fyrir það. T. d. sú nefnd, sem kosin verður til þess að hafa eftirlit með kynbótum, verður að fá borgun fyrir starf sitt, því það er ekki lítil fyrirhöfn að fara um sveitirnar og líta eftir slíku. Virðist ógerlegt að leggja slíkt á menn án þess að þeim verði borgað fyrir. Eins er um það, ef þyrfti að einangra hesta. Slíkt verður ekki gert án kostnaðar. Annaðhvort verður þá að gera, að setja upp sjerstakar girðingar eða hýsa þessa hesta að öðrum kosti, en hvorttveggja kostar fje og fyrirhöfn. Nefndin leggur því til, að bætt sje inn í frv. ákvæði um það, hvaðan þetta fje skuli koma, og hefir leyft sjer að koma fram með brtt. í þá átt.

En nú er fram komin brtt. frá hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) við brtt. nefndarinnar. Sú till. er fram komin af svipuðum ástæðum og hin. Háttv. flm. (EÁ) finnur eins og nefndin, að það er nauðsynlegt að sjá fyrir fje til þess að standast kostnaðinn við framkvæmd laganna. En hann vill takmarka það, hvað leggja megi á hrossaeig-

endur, með því að slá því föstu, að gjaldið megi ekki fara fram úr 8 kr. á hvert folald. Hitt borgi svo sveitarsjóður, sem á vantar. Það má nú segja, að sveitarsjóðirnir hafa nógu breitt bakið. En nefndin er samt á móti þessari till. Henni skilst ekki betur en rjett sje, að hrossaeigendur beri slíkan kostnað, enda mun oftast reynast svo í sveitum, að folöld verða svo mörg, að það nægi, ef greiddar eru 8 kr. af hverju. Þar sem hrossaeign er sjerstaklega lítil, getur það hugsast, að gjaldið verði nokkuð hátt. En þá mætti hugsa sjer, að menn slægju sjer saman um notkun á einum hesti, eða gerðu auk heldur samning við kynbótanefnd í næstu sveit um að leiða þangað þær fáu hryssur, sem um er að ræða. Nefndin vill því ekki fallast á þessa till., en heldur því fastar á sinni eigin till.

Viðvíkjandi annari brtt. frá hv. 1. þm. Eyf., um að undanþiggja konur frá því að skipa þessa nefnd, þá skal jeg játa það, að mjer virðist óviðkunnanlegt að láta konur skipa hana að nokkru eða öllu leyti.

Skal jeg svo ekki fara um mál þetta fleiri orðum. En jeg vil að lokum mælast til þess, að frv. verði samþykt með brtt. nefndarinnar á þskj. 119.

Einar Árnason: Jeg skal minnast fyrst á till. á þskj. 130. Þessi till. er einkum flutt til þess að ákveða nánar efnið í brtt. þeirri, sem hv. landbn. flytur, sjerstaklega í tveim atriðum. Í brtt. er talað um allan kostnað, er af kynbótafolanum leiði, en það er ekki skilgreint nánar, hvaða kostnaður það geti verið. Í frv. er gert ráð fyrir, að settar verði girðingar vegna þessara fola, og þær girðingar hljóta að kosta allmikið fje. En jeg lít svo á, að það sje ekki sanngjarnt nje rjett, að þeir, sem nota folann, beri kostnaðinn við slíka girðingu algerlega einir. Sá kostnaður getur orðið mjög mismunandi frá ári til árs, svo gjaldið, sem kemur á hvert folald, verður í sumum árum tiltölulega miklu hærra en í öðrum. Jeg tel því rjett að ákveða nánar, við hvað er átt með árlegum kostnaði, *að* það sje aðallega fóðrun hestsins og umsjón á honum; *að* annar tilkostnaður, sem gerður er fyrir lengri tíma, svo sem girðing, komi þar ekki til greina. En þó þetta sje gert, þá getur samt gjaldið, sem kemur á hvert folald eftir till. landbn., orðið óhæfilega hátt, t. d. ef sveitarfjelag keypti kynbótahest eða tæki á leigu (sem oft mundi verða) og hesturinn yrði lítið notaður sum árin. Jeg legg því til, að sett sje það hámark, að aldrei sje gjaldið hærra á hvert folald en 8 kr., og afgangurinn af kostnaðinum, ef einhver verður, verði greiddur úr sveitarsjóði.

Jeg þykist geta talað um þetta atriði af nokkurri reynslu, því að einmitt í mínum hreppi hefir verið starfandi kynbótanefnd, og sveitarsjóður hefir sjálfur átt kynbótahestinn. Reynslan var sú, að sum árin varð sveitarsjóður að borga eitthvað af kostnaðinum. Virðist heldur ekkert við það að athuga, þar sem til kynbótanna er stofnað í hagsmunaskyni fyrir sveitarfjelagið í heild. Það er svo í mörgum hreppum, að folöld eru mjög fá sum árin. Eftir búnaðarskýrslum er vel hægt að átta sig á, hve mörg % folöldin eru af hrossafjöldanum. Er það mjög misjafnt í hinum ýmsu sýslum landsins. Árið 1921 voru í Húnavatnssýslu 8½% folöld, í Skagafjarðarsýslu 7⅓%, í Eyjafjarðarsýslu 5% og í Þingeyjarsýslu rúmlega 2%. En nú er reynsla fyrir því, að þessi prósenttala getur vikið mikið frá meðaltalinu. T. d. í einum hreppi í Eyjafjarðarsýslu hefir hún

eitt árið komist upp í 8—10%, en aftur annað ár lækkað niður í 2%. Ef gert er ráð fyrir, að í hreppi sjeu 300 hross, en það er meira en meðaltal, að minsta kosti í Eyjafirði, ættu þar að vera 15 folöld á ári að meðaltali, en reynslan hefir sýnt, að þau geta komist niður í 6. Þegar þess er gætt, að árlegur kostnaður við kynbótahestinn getur aldrei orðið minni en 200—300 krónur á ári, þá er auðsjeð, að tollurinn verður ósanngjarnlega hár sum árin; getur orðið frá 8—50 krónur. Þegar svona er óvíst, hve mikið menn mundu þurfa að borga fyrir notkun folans, er hætt við, að það dragi úr notkuninni. Jeg segi fyrir mig, að jeg mundi verða hikandi að nota folann, ef jeg ætti á hættu að þurfa að borga máske helming árskostnaðar hans, fyrir eitt folald. Jeg tel því rjett að jafna þessu til, þannig, að ef gjaldið verður of hátt, greiði sveitarsjóður það, sem fram yfir er. En um það má lengi deila, hvort markið eigi að vera 8 eða 10 kr, og skal jeg ekki halda því fram, að 8 kr. sje það eina rjetta, en eftir reynslu minni mun það láta mjög nærri. Jeg skal viðurkenna, að svona er það ekki í öllum sveitum, t. d. þar, sem er mikil hrossaframleiðsla, enda kemur þá ekki til, að sveitarsjóður þurfi nokkuð að leggja fram. Þetta er aðeins þar, sem framleiðslan er svo lítil, að viðkoman gerir ekki meir en rjett að halda við, og þeir hreppar hygg jeg, að sjeu fleiri en hinir.

Jeg hefi borið þessa brtt. mína undir einn mann úr landbn. Nd., og hann telur hana til bóta.

Þá hefi jeg ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, og um brtt. á þskj. 129 þarf jeg ekki að segja mikið. Mjer skildist á hv. frsm. nefndarinnar, að nefndin hefði ekkert á móti henni, en að jeg flyt hana, er í beinu framhaldi af því, sem jeg hefi áður haldið fram um að konur geti skorast undan kosningu til ýmissa starfa, sem þær mundu eiga bágt með að gegna. Jeg get heldur ekki hugsað mjer, að hv. deild haldi svo fast við að skylda konurnar til að taka við kosningu til þeirra starfa, sem þeim eru ógeðfeld, að hún geti ekki fallist á þessa brtt.

Eggert Pálsson: Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefir mælt vel og skörulega fyrir brtt. sinni á þskj. 130, en hinsvegar hefir hann ekki sannfært mig um rjettmæti hennar. Í tilefni af því, sem hann sagði um, að hann hefði borið tillöguna undir landbn. Nd., þá vil jeg geta þess, að við bárum okkar brtt. undir þann mann, sem kom með frv., sem sje hv. 2. þm. Skagf. (JS), og hæstv. atvrh. (MG), og þeir álitu hana góða, en jeg skal játa, að hin var þá ekki fram komin, og kann jeg ekki um að segja, hvora þeir kysu heldur. Jeg held, að brtt. hv. 1. þm. Eyf. sje ekki nauðsynleg, af því að þegar svo er ástatt, að hreppsnefndin sjálf á kynbótahest, skilst mjer, að það tilfelli falli undir lögin frá 1891, og þá stendur þar skýrum stöfum, að í samþyktum sjeu ákvæði um, hvernig kostnaðinn skuli greiða. En þessi lög eru ekki gerð til að afnema lögin frá 1891, heldur þvert á móti þeim til uppfyllingar, og þess vegna má ekki blanda þeim málum saman. Jeg býst við, að einmitt þetta, að öllum kostnaðinum sje jafnað niður á folöld þau, sem fæðast í hreppnum á því ári, yrði hvöt til þess, að menn færu að koma sjer saman um samþyktir. En verði brtt. hv. 1. þm. Eyf. samþykt, virðist mjer alveg girt fyrir það, að menn komi sjer saman um nokkrar samþyktir. Jeg held því, að hún mundi gera ilt eitt.

Jeg skal ekki um segja, hvort hv. 1. þm. Eyf. hefir veitt því athygli, að lögin frá 1891 eru og verða í gildi fyrir þessu. Ef þau væru feld úr gildi með þessu, væru þessi lög helst til ófullkomin. Að minsta kosti þyrfti þá að gera í þeim ráð fyrir samþyktum og reglugerðum. *(EÁ:* Veit ekki nefndin það?). Jú, en jeg veit ekki, hvort hv. þm. (EÁ) hefir vitað það, þeg ar hann bjó til sína brtt. Ef menn hafa ekki komið sjer saman um neinar samþyktir, eiga þessi lög að koma fyrir við aukalögin frá 1917, og útkoman verður þannig, að með því að leggja kostnaðinn á fölöldin, verður það hvöt fyrir menn til þess að gera samþyktir. Hinsvegar er hægt að komast hjá því, að gjaldið verði hátt, með því að menn slái sjer saman, þar sem fátt er um hross, jafnvel fleiri hreppar en einn. En þegar búið er að skella kostnaðinum á sveitarsjóðinn, girðir það, að minni hyggju, fyrir slík samtök.

Einar Árnason: Hv. frsm. nefndarinnar (EP) sagði, að nefndin hefði borið sína till. undir einn mann í landbn. Nd., og efast jeg ekki um, að það sje rjett. En jeg bar mína brtt. undir þennan sama mann, og seinna undir fleiri menn úr nefndinni, og okkur kom saman um, að að vísu væri till. nefndarinnar til bóta, en ekki væri hún samt svo góð, að ekki mætti betur gera, og væri mín brtt. betri en brtt. hv. nefndar.

Þá skildist mjer hv. frsm. halda því fram, að þegar svo stæði á, að sveitarfjelag ætti kynbótahest, þá heyrði það undir önnur lög en þessi, sem hjer er verið að setja, og þess vegna gæti mín brtt. ekki átt við þetta frv. En hjer hefir hv. frsm. verið að gera að gamni sínu; því lögin frá 1891 koma þessu frv. alls ekkert við. Í 10. gr. frv. er það tekið fram, að öll lagaákvæði, er koma í bága við það, sjeu úr gildi numin, og í 2. og 3. gr. er það skilyrðislaust fyrirskipað, að í hverjum einasta hreppi á landinu skuli vera ekki einungis kynbótanefnd, heldur kynbótahestur líka. Frv. er því alveg sjálfstætt og óbundið af öðrum lögum. Eldri lög geta heldur ekki komið í bága við brtt. mína. Hún er aðeins til þess að gera þá stefnu, sem hv. landbn. vill fylgja með sinni brtt., nokkru skýrari og ákveðnari.

Hv. frsm. talaði um, að margir hreppar gætu slegið sjer saman, þar sem hross væru ekki mörg. En þetta er hægara sagt en gert. Í minni sveit hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til þess að fá nágrannahreppana til að slá sjer saman, en það hefir ekki verið hægt að fá samkomulag. Enda mætti skoða það sem brot á ákvæðum 3. gr.

Jeg get ekki sjeð, að hv. form. nefndarinnar, sem nú hefir tekið að sjer framsöguna, hafi ástæðu til að vera á móti brtt. minni, því að jeg hefi borið hana undir þann mann úr hv. nefnd, sem er hinn raunverulegi frsm., og hann hafði ekkert á móti henni. Hann taldi, að það eina, sem gæti verið álitamál, væri hámarkið. Hann vildi heldur, að það væri 10 krónur.

Eggert Pálsson: Hv. 1. þm. Eyf. heldur fast við sína brtt. og jeg við brtt. nefndarinnar. Hv. deild verður því að skera úr, hvor þeirra verður samþykt. Viðvíkjandi því, að kynbótanefnd skuli vera í hverjum hreppi, sje jeg ekki, að það geri neitt til, en þar sem ákveðið er, að velja skuli til undaneldis hæfilega marga hesta innan hrepps, kemur það ekki til mála, ef enginn er hesturinn. Þá verður að leita til annara hreppa. *(EÁ:* Þetta er misskilningur). Nei, það verður að beita þessu eins og sakir standa í hvert sinn. En að ekki muni

vera unt fyrir menn að koma sjer saman, virðist mjer mjög svo undarlegt, en hinsvegar efa jeg ekki umsögn háttv. 1. þm. Eyf. Annars er ljóst, að ef hans brtt. er samþykt, er um leið loku fyrir það skotið, að menn eigi nokkurn hlut við að koma sjer saman, eða gera hrossakynbótasamþyktir.

Ekki veit jeg, hvað hinn fjarverandi frsm. hefir sagt um brtt. hv. 1. þm. Eyf., en jeg veit, að nefndin í heild sinni hefir ekki getað fallist á hana.

Guðmundur Ólafsson: Það er búið að þrátta heilmikið um þessa brtt., og ekki hefi jeg tölu á, til hvað margra manna hefir verið vitnað, en báðir aðiljar hafa þóst hafa mikið til síns máls. En fyrir mjer er málið mjög ljóst og mjer finst brtt. hv. 1. þm. Eyf. miklu betri en brtt. nefndarinnar. Það getur vel farið svo, að kostnaðurinn verði svo tilfinnanlegur, að ekki sje hægt að láta fölöldin ein bera hann. *(EP*: Jú). Það dugir nú ekki að segja jú, án þess að færa nein rök fyrir sínu máli. Ef brtt. háttv. 1. þm. Eyf. er samþykt, þá eru menn ekki neyddir til að gera neinar samþyktir, og tel jeg það fremur til bóta. Það liggur í hlutarins eðli, að það geta verið svo fá folöld og gjaldið svo hátt, að menn vilji ekki vinna til þess, að nokkurt folald komi.

Hv. 1. þm. Eyf. áætlar kostnaðinn við hvern kynbótafola 200 kr. árlega, en þetta er alt of lágt reiknað. Kostnaðurinn hlýtur að verða miklu meiri. *(EÁ*: Jeg vildi ekki fara of hátt). Því að gera verður ráð fyrir, að sæmilega sje farið með hestinn. Það var minst á 3. gr. frv., og mjer finst hún hreinasta athlægi. Hún byrjar svona: „Á hverjum vetri skal hrossakynbótanefnd, með samkomulagi við eigendur“ o. s. frv. Hvaða eigendur? *(EÁ*: Það var að mjer komið að spyrja líka). Þessu frv. veitir ekki af að vera á ferðinni á nokkrum þingum enn, áður en það verður ógallað. T. d. í sjávarþorpi, þótt engin hryssa sje þar til, eiga að vera til hæfilega margir kynbótahestar. Svo segir hv. frsm. (EP), að það gæti viljað til, að í hreppi væru margar hryssur, en enginn hestur — en þá hreppa þekki jeg ekki.

Mjer finst, að hv. 1. þm. Eyf. hafi farið nokkuð á bak við hv. deild með brtt. sína við 2. gr. frv., þótt máske sje það óviljandi gert, þar sem nokkrir hv. þm. eru fjarstaddir, og þar á meðal sá háttv. þm., sem mest hjelt fram rjetti og skyldum kvenfólksins í svipuðu máli fyrir skömmu. *(JóhJóh*: Hann tekur brtt. aftur til 3. umr.). Það þykja mjer ekki ósanngjörn tilmæli, og vona jeg, að hv. nefnd athugi tillöguna, og eins að hún taki 3. gr. til rækilegrar yfirvegunar, því að eins og hún er orðuð, má hún varla heita vansalaus.

Einar Árnason: Jeg þarf ekki að tala meira um brtt. mínar, en sakir þess, að fram hafa komið tilmæli um það, og nokkra hv. þdm. vantar á fund, vil jeg taka aftur brtt. mína á þskj. 129 til 3. umr. Vænti jeg þess, að hv. deild verði þá fullskipuð.

Forsætisráðherra (JM): Út af ummælum hv. þm. A.-Húnv. um, að 3. gr. í frv. stjórnarinnar sje ógreinilega eða óskynsamlega orðuð, vil jeg geta þess, að ekki getur orkað tvímælis um, að hjer sje átt við eigendur graðhesta. Fæ jeg ekki annað sjeð en að þetta sje nægilega greinilega orðað, eftir almennri málvenju, og er því ekkert að orðalaginu.

Guðmundur Ólafsson: Jeg geri ráð fyrir, að það sje rjett skýrt hjá hæstv. forsrh., að hjer sje átt við eigendur graðhesta. En þá vil jeg skjóta því til hv. nefndar, hvort henni finnist ekkert athugavert við það, að kynbótanefndin þurfi að fara eftir samkomulagi við eigendur graðhesta um það, hvort hún fái besta kynbótahestinn eða ekki. Gæti jeg þá hugsað, að lítið gagn yrði að þessum lögum. Mætti vera skýrara orðalag um þetta atriði. Og að mínu áliti á hrossakynbótanefnd að hafa vald til að taka hvern þann hest, sem hún vill.

Forsætisráðherra (JM): Ef háttv. þm. A.-Húnv. álítur, að taka megi hvaða hest sem er, þá er það rjett athugað, að breyta þurfi orðalagi greinarinnar. Eftir frv. er það alveg skýrt, að hrossakynbótanefnd getur ekki tekið hestana án samkomulags við eigendur þeirra. Enda held jeg, að til þess þyrfti sjerstök lög, ef þannig ætti að ráðstafa eign annara manna. Því að vel gæti það komið fyrir, að eigendur graðhesta vildu ekki láta þá af hendi við kynbótanefndina. Fæ jeg því ekki sjeð, að neitt sje athugavert við orðalag greinarinnar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 129 tekin aftur til 3. umr.

— 130 samþ. með 7 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GuðmÓ, IP, JóhJóh, SE, BK, HSteins.

nei: EP, GunnÓ, JJós, JM.

Þrír þm. (IHB, JJ, ÁH) fjarstaddir.

Brtt. 119, svo breytt (ný gr., verður 7. gr.), samþ. með 9 shlj. atkv.

7.—10. gr. (verða 8.—11. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Ákvæði um stundarsakir samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 15. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 139, 129).

Guðmundur Ólafsson: Jeg stend aðeins upp vegna þess, að hvorki höfundur brtt. á þskj. 129 nje hv. frsm. landbn. hafa enn beðið um orðið. Mjer kemur það óneitanlega hálfkynlega fyrir, að hv. landbn. ber ekki fram brtt. við 3. gr. Því að eins og jeg gat um við 2. umr., getur hæglega farið svo, að bestu kynbótahestaefnin verði ekki valin, ef það á að vera alveg undir eigendum hestanna komið, hvort þeir vilja láta þá fyrir sanngjarna borgun. Ef svona verður frá þessum lögum gengið, er öll hætta á því, að frumvarpið verði að litlum notum; það er því full ástæða til að gera frv. svo úr garði, að bestu folarnir verði notaðir til undaneldis. En eins og frv. er nú, er það alveg undir kynbótanefndinni komið, hvort hún vill nokkuð til vinna að ná besta hestinum, og er þá hætt við, að hún sleppi honum, ef hann fæst ekki með jafngóðum kjörum og sá lakari. — Á móti brtt. á þskj. 129 þarf ekki að tala. Jeg geri ráð fyrir, að hv. deild verði sjálfri sjer sammála og felli hana.

Frsm. (Ágúst Helgason): Jeg gat ekki verið á fundi við 2. umr. þessa máls, og hefir það því farið framhjá mjer, sem þar var sagt. Það, sem hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) sagði á móti 3. gr., er að mínum

dómi veigalitlar ástæður. Í frv. er sagt, að kynbótanefnd skuli velja „hæfilega marga graðhesta til undaneldis“, og þar sem nefndin er kosin til þess að standa fyrir kynbótum, leiðir það af sjálfu sjer, að hún á að velja bestu folana. Að þetta eigi að vera eftir samkomulagi við eigendur hestanna, virðist mjer sjálfsagt. Því ef nefndinni ber skylda til að kaupa þá hverju verði sem er; er þar opin leið fyrir eigendur þeirra að okra á þeim, og er þá hætt við, að þeir gætu orðið nokkuð dýrir.

Hefði jeg verið á fundi við 2. umr. þessa máls, hefði jeg haft á móti brtt. hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) við 7. gr. Hv. þm. sýndi mjer hana áður en hann bar hana fram. Leit jeg á hana í bili, en síðar sá jeg, að hún var gölluð. Því að það er mitt álit, að ekki sje rjett að sletta á sveitarsjóðina kostnaði af hrossakynbótum, heldur eigi að jafna honum á eigendur hrossanna. En úr því að þetta hefir verið samþykt, þýðir víst ekki um það að fást.

Þá er það brtt. á þskj. 129, um að konur geti skorast undan kosningu í hrossakynbótanefnd. Jeg er þessari till. alveg samþykkur og geri ráð fyrir, að svo sje um alla landbn. Hefði jeg komið með till. um þetta til nefndarinnar, ef jeg hefði búist við, að hv. deild samþykti hana. En þar sem meiri hluti hv. deildar, og þar á meðal fulltrúi kvenna, hv. 4. landsk. (IHB), stóðu á móti samskonar tillögu um að konur mættu skorast undan kosningu í sveitar- og bæjarstjórnir, ljet jeg hjá líða að bera fram tillöguna. Mun jeg þó að sjálfsögðu greiða atkvæði með till.

Einar Árnason: Um það, sem hv. frsm. (ÁH) sagði um 3. gr., þýðir ekki að deila hjeðan af, þar eð búið er að samþykkja brtt. þá, sem jeg bar fram við 2. umr. En út af því, að sveitarsjóður beri kostnaðinn af kynbótunum, þá fæ jeg það ekki út úr orðalagi greinarinnar, að svo þurfi ætíð að vera. Það er mjög vel hugsanlegt, að kynbótanefnd komist að samkomulagi við folaeigendur, án þess að það þurfi að kosta sveitarsjóð nokkuð. Falla þá framkvæmdirnar undir ákvæði 3. gr. Ákvæði 8. gr. mundu aðallega koma til greina þegar sveitarsjóður ætti sjálfur kynbótafolana (eins og oft hlýtur að koma fyrir), og þyrfti þannig hvort sem væri að bera af þeim kostnaðinn. Annars tekur það því ekki að fjölyrða um þetta ákvæði, þar eð hv. deild hefir nú samþykt till. mína um það.

Það, sem háttv. þm. A.-Húnv. sagði um brtt. mína á þskj. 129, er náttúrlega eðlilegt út frá hans sjónarmiði. En það, að jeg flyt þessa till., er aðeins eðlilegt framhald af því, sem jeg hefi haldið fram um þessi mál í umræðum um frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Ef mínar till. hefðu þá verið samþyktar, hefði þessi till. verið óþörf. En mjer finst ekkert á móti því að gefa konum rjett til að skorast undan kosningu í þessa nefnd, þótt þær hafi ekki þann rjett um hreppsnefndir, því að þar er óneitanlega nokkuð öðru máli að gegna.

Ingibjörg H. Bjarnason: Hv. 6. landsk. (ÁH) beindi því til mín, hvernig jeg tæki brtt. á þskj. 129. Jeg fæ ekki sjeð, að kjörgengi kvenna í málefnum sveita og kaupstaða sje svo skylt þessu starfi, að það þurfi á nokkurn hátt að rekast á, þótt eigi gildi sömu ákvæði. Heldur fer einmitt fram sjerstök kosning í nefnd þessa, eins og sagt er í 2. gr. frv. Tek jeg því ekki sömu afstöðu í þessu máli og í atkvgr. um fyrnefnt frv., því að hjer er um algerlega óskylt mál að ræða.

Frsm. (Ágúst Helgason): Jeg vil aðeins benda hv. 4. landsk. (IHB) á það, að í 2. gr. stendur, að um kosningu í hrossakynbótanefnd fari eftir sömu reglum og um kosningu í hreppsnefnd. (*EÁ*: Ekki ef brtt. verður samþykt).

Guðmundur Ólafsson: Jeg vil leyfa mjer að mótmæla þeim skilningi hv. 4. landsk., að hjer sje um að ræða óskylt mál kosningum í hreppsnefnd. Þetta er einmitt ein þeirra nefnda, þar sem er sami kosningarrjettur og kjörgengi eins og í hreppsnefnd. Eins er það t. d. um fræðslunefnd, forðagæslunefnd o. fl. Þeir háttv. þm., sem vilja skylda konur til að taka við kjöri í hreppsnefnd, geta því ekki staðið sig við að greiða þessari brtt. atkv. En það væri svo sem ekki nema hvað eftir öðru, þótt þessi vitleysa kæmist inn í frv., svo að það yrði að öllu leyti sem ánalegast. — Þá vil jeg alvarlega mótmæla þeirri skoðun hv. frsm. (ÁH), að kynbótanefndin eigi að geta gengið frá bestu kynbótahestaefnunum, þótt þeir væru ögn dýrari en þeir, sem væru aðeins í meðallagi eða minna. Mjer finst það alls ekki samboðið hv. Alþingi að semja lög eins og þessi, sem láta verða miklar líkur fyrir því, að valdir verði til kynbóta hestar, sem eru lakari en í meðallagi, sakir þess, að þeir verða ódýrari en úrvalsfolar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er alveg rjett hjá hv. 4. landsk. (IHB), að ekki þarf að fara saman kjörgengi í hreppsnefnd og hrossakynbótanefnd. Þetta sjerstaka ákvæði í 2. gr. sýnir einmitt, að það er ekki nauðsynlegt að svo sje. Því að ef svo væri, væri 2. gr. alveg óþörf. Út af því, sem háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) sagði um samkomulagið við eigendur hestanna, þá fæ jeg ekki betur sjeð en að leita verði samþykkis eigendanna, því að ekki er hægt að taka hest að eiganda nauðugum án þess að eignarnám komi til. Auðvitað liggur það í starfi kynbótanefndar, að hún má ekki ganga framhjá bestu hestunum. Þó er það ekki svo, að hún eigi að kaupa besta hestinn, hvað sem hann kostar, því að það gæti hæglega orðið til þess að ýta undir hrossaeigendur með það að vera of harðir í kröfum sínum. Jeg skil því umrætt atriði frumvarpsins þannig, að kynbótanefnd eigi jafnan að velja og fá bestu hestana, ef þeir eru fáanlegir á verði, sem ekki getur talist ósanngjarnt.

Sigurður Eggerz: Jeg er alveg sammála hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ), að ekki sje ástæða til þess, að aðrar reglur gildi um þessa kosningu en hverja aðra. Jeg fylgdi hv. 4. landsk. (IHB) að því fyrir nokkru, er það var til umræðu í háttv. deild, að sjálfsagt væri að leggja sömu skyldur á herðar kvenna eins og karla um opinber málefni. Held jeg, að það sje heppilegt fyrir kvenþjóðina að hafa þá reglu. Sje jeg enga sjerstaka ástæðu til, að breytt sje frá hinni almennu reglu í þessu máli. Hlýtur því hv. deild, ef hún vill vera sjálfri sjer samkvæm, að fella þessa brtt. Hv. minni hl. hefir tekið það sárt, að verða undir í atkvgr. um daginn, og vill því koma fleygum inn í þessi mál og gera lítið úr kvenfólkinu. En jeg hefi altaf skilið, yfir hvílíkum kröftum kvenþjóðin hefir að ráða, og finst mjer ekki þurfa að gera lítið úr þeim í þessu efni fremur öðrum.

Einar Árnason: Það gleður mig, að brtt. mín virðist hafa allmikið fylgi í deildinni, þar sem mjer skilst, að öll hv. landbn. sje henni fylgjandi og sömuleiðis

hv. 4. landsk. (IHB), sem þó vildi ekki hjer á dögunum leyfa konum að hafa rjett til þess að skorast undan kosningu í sveitar- eða bæjarstjórn. Þetta sýnir, að hv. 4. landsk. telur, að til sjeu störf, sem rjett sje, að konur geti skorast undan að vinna. Þetta er auðvitað alveg rjett. Það má gera dálítið upp á milli þess, hvort starfað er í sveitarstjórn eða kynbótanefnd, enda hefir þessi brtt. miklu meiri byr hjer í deildinni en brtt. mín á dögunum, um að konur skyldu hafa rjett til þess að skorast undan því að taka við kosningu í sveitarstjórn, og var hún þó fyllilega á rökum bygð.

Hv. 1. landsk. (SE) sagði, að kvenþjóðinni væri með brtt. minni sýnd lítilsvirðing og vantraust. Þessu vil jeg neita ákveðið. *(SE*: Jú, vantraust). Konur hafa haft þann rjett áður að mega skorast undan slíkri kosningu fram yfir karlmenn. Og eins og jeg tók fram um daginn í umr. um kosningar í málefnum sveita, þá álít jeg óholt og ósanngjarnt gagnvart heimilunum að skylda konur til þess að fara að heiman hvernig sem ástæður eru heima fyrir. Og því betur eru það fleiri menn, sem er svo ant um velferð heimila sinna og kvenna, að þeir vilja, að þær sjeu lausar við störf, sem þeim eru ógeðfeld. Og það verð jeg að segja, að jeg tel sorglega ástatt fyrir því heimili, er húsmóðirin er annan daginn á sveitarstjórnarfundi, en hinn daginn að vasast í kynbótanefndinni.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg þarf ekki að svara ræðu hv. 1. landsk. (SE). Það nær vitanlega engri átt, að í brtt. hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) felist nokkurt vantraust á kvenþjóðina yfirleitt. Og því síður er hjer um að ræða ósamræmi í skoðunum mínum frá því, sem jeg hjelt fram við umr. um kosningar í málefnum sveita og bæjarstjórna. Jeg hjelt því fram, sem jeg líka veit, að er almenn skoðun, að sömu rjettindum eigi að fylgja sömu skyldur. En eins og hæstv. atvrh. (MG) tók fram, þá er engan veginn sjálfsagt, að þessar kosningar fari fram eftir sömu reglum og kosningar í málefnum sveita og bæjarstjórna, sbr. 2. gr. frv. þessa. Jeg held því fast við mína fyrri skoðun, þótt jeg fylgi brtt. hv. 1. þm. Eyf. nú, því hjer er um annað mál að ræða. Jeg skoða þessa till. alveg rjettmæta, vegna þess, að jeg veit, að það er enginn hörgull á karlmönnum, sem hafi betra vit og hæfileika til þess að starfa í slíkri nefnd sem þeirri, er hjer er um að ræða, svo það væri að sækja vatn yfir lækinn að seilast eftir konum í kynbótanefndirnar.

Sigurður Eggerz: Jeg hóf ræðu mína áðan með því að benda á það, að hjer væri um miklu minna starf að ræða heldur en að eiga sæti í bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Jeg geri ráð fyrir því, að þeir, sem skipa þessa kynbótanefnd, verji til þess miklu minna af starfstíma sínum en hinir, sem í hreppsnefnd eru. *(GuðmÓ*: Það er a. m. k. óþarfi að halda fund í kynbótanefnd annanhvern dag!). Það er því augljóst, að svo framarlega sem á að skylda konur til þess að eiga sæti í bæjarstjórn — sem er afarmikið erfiði — þá er beinlínis hlægilegt að gera undanþágu í þessu efni. Slíkt mætti næstum skoða sem tepruskap. Hinsvegar játa jeg það, að því fylgir mikið erfiði að sitja í bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Og þó jeg sje frjálslyndur og vilji leyfa þetta, þá er jeg þess viss, að mjer mundi þykja það persónuleg óþægindi, ef mín kona væri skylduð til að eiga sæti í bæjarstjórn. Jeg vona, að hv. deild sýni hjer fulla samkvæmni. En þá er hún sjálfri sjer fyllilega samkvæm, ef hún fellir þessa

brtt. og lætur sömu reglu gilda um þessa nefnd og hreppsnefnd eða bæjarstjórn. — Viðvíkjandi því, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði, að jeg mundi líklega segja af mjer þingmensku, ef brtt. yrði samþykt, get jeg sagt hæstv. atvrh. það, að mjer dettur alls ekki í hug að gera stjórninni slíkan greiða.

Jónas Jónsson: Mig langar til þess að styðja hv. 1. landsk. (SE) lítið eitt í hans ströngu baráttu, því þótt málsstaður hans sje miklu betri en andstæðinganna, þá eru nokkrar líkur til þess, að hann lendi í minni hluta, einkum þegar sá fulltrúi, sem treysta hefði átt til þess að halda fram rjettindum kvenna, hefir alveg brugðist skyldu sinni. Og verð jeg að láta í ljós djúpa hrygð yfir því, ef þessi háttv. deild getur ekki skilist við þessi kosningamál kvenna þannig, að fult samræmi sje í. Hjer hefir nýlega verið samþykt frv., þar sem því var slegið föstu, að konur skyldu hafa sama rjett og sömu skyldur móts við karlmenn. Og þá er það beinlínis hlægilegt að gera þessa undantekningu. Jeg vil þá beina því til hæstv. atvrh., sem virðist þessu fylgjandi og hefir undirbúið kosningafrv., hvers vegna hann hafi ekki sett þar inn ákvæði um, að til skyldu vera fáeinar nefndir, sem konur skyldu ekki sitja í, þótt þær ættu að hafa jafnrjetti við karlmenn endranær. Þetta er fullkomlega hugsunarrangt, og þegar til atkvgr. kemur, vil jeg biðja um nafnakall, svo það sjáist, hverjir það eru, sem hjer vilja gera á hluta kvenþjóðarinnar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil leiðrjetta misskilning hjá hv. 3. landsk. (JJ). Hann gætir þess ekki, að í öllum frv. stjórnarinnar, sem fjalla um kosningarrjett og kjörgengi í sveitarmálum, er gert ráð fyrir því, að konur hafi rjett til að skorast undan kosningu. En hitt er líka víst, að engin nauðsyn er á því, að það gildi sama regla um kosning í kynbóta nefnd og t. d. hreppsnefnd. Þetta tvent er svo óskylt, og því sje jeg ekkert á móti því, þó brtt. hv. 1. þm. Eyf. sje samþykt. Það er auðvitað sagt í gamni, þegar háttv. 1 landsk. var að tala um rjettindamissi fyrir kvenþjóðina í þessu sambandi. Þvert á móti; það er rjettindaauki að mega skorast undan því, sem maður vill ekki taka að sjer.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg held nú reyndar, að það standi nokkuð á sama, hvernig fer með þessar brtt. hjer í háttv. deild. Jeg ber svo gott traust til hv. Nd., að jeg vona, að hún lagi þann galla, sem í þessari hv. deild var settur inn í sveitarstjórnarlagafrv., sem sje þann, að neyða konur til þess að eiga sæti í hreppsnefnd eða bæjarstjórn, þó það sje þeim þvert um geð. Jeg þykist viss um það, að hv. Nd. muni meta konur svo mikils, að hún vilji ekki láta þvæla þeim nauðugum út í kynbótanefndum og hreppsnefndum. Jeg vona því fastlega, ef illa fer, þá verði það lagað í hv. Nd.

Ingibjörg H. Bjarnason: Út af orðum hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) vil jeg gera þá aths., viðvíkjandi því, sem hann kallaði skemd á frv. um kosningar í málefnum sveita og bæja, að þegar verið er að tala um skyldur og rjettindi, þá vil jeg taka það fram enn, eins og jeg gerði þegar það frv. var til umræðu hjer í hv. deild, að jeg álít, að það eigi alls ekki að undanskilja konur frá því að taka þátt í opinberum störfum yfirleitt fremur en karlmenn. Hjer er um svo stórvægileg persónurjettindi að ræða,

að þau má í engu skerða. En það er sannfæring mín, að sömu rjettindum eigi að fylgja sömu skyldur. Og mjer virðist það æðimiðaldalegur skilningur á þessu máli, að vilja takmarka þennan rjett. En þótt svo kunni einhverjum að sýnast, að ekki gæti fulls samræmis í viðhorfi mínu í þessu máli og hinu málinu, sem jeg mintist á, — kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, — þá er þess að gæta, að hjer stendur alt öðruvísi á, þar sem ekki er um að ræða nema kosningu í eina sjerstaka nefnd, og því alveg ósambærilegt. Jeg sje ekkert á móti því að samþykkja brtt., vegna þess að það er sennilegt, að enginn hörgull verði á hæfum mönnum í slíkar nefndir, sem hafi meiri þekking í þessum málum en konur yfirleitt hafa. En hinsvegar sje jeg ekkert á móti því, ef konur telja sig hafa vit á þessu máli, að þær skipi þá einnig kynbótanefnd. Jeg er viss um það, að þær mundu ekki á nokkurn hátt telja sjer misboðið með því nje skorast undan því af tepruskap, eins og hv. 1. landsk. komst að orði. Jeg segi fyrir mig, að jeg blygðast mín ekkert fyrir að tala um þetta mál. — En að lokum vil jeg enn skírskota til orða hæstv. atvrh., að þetta mál er alveg óskylt því máli, sem ýmsir hv. þdm. hafa verið að draga hjer inn í umræðurnar.

Guðmundur Ólafsson: Jeg vil benda á það, að mjer þótti koma fram ósamræmi hjá hv. frsm. landbn. (ÁH) annarsvegar og hæstv. atvrh. (MG) hinsvegar viðvíkjandi kostnaði við kynbótafola. Hv. frsm. bjóst við, að hægt yrði að komast hjá því, að kynbótafoli yrði mjög dýr, en hæstv. atvrh. gerði ráð fyrir, að aðeins bestu folar yrðu valdir til kynbótanna. En ef svo verður, sem raunar er sjálfsagt, þá fæ jeg ekki annað skilið en að verðið muni verða í einhverju venjulegu hlutfalli við gæðin, nema það verði tekin í þessi lög einhver ný regla í viðskiftum.

Þá er jeg hálfhissa á því, hvernig gengur með brtt. hv. 1. þm. Eyf., og eins furðar mig talsvert á því, að hæstv. atvrh. skuli ekki geta fundið samband milli þessa máls og kosningalaganna í málefnum bæja og sveita, því hjer er beinlínis gert ráð fyrir því í frv. sjálfu, að sömu reglur gildi um kosning í kynbótanefnd og hreppsnefnd, sem líka er rjett. Því þá fer nú samræmið í sveitakosningum að verða lítið, ef það eiga að gilda sjerstakar reglur fyrir kosningu í smánefndir innan sveitar, eins og t. d. kynbótanefnd. Þá mætti ætla, að ekki væri minni ástæða til þess að hafa sjerstök kosningaskilyrði fyrir ýmsar aðrar nefndir, svo sem fræðslunefnd, fordagæslunefnd o. s. frv. En þá sem sagt förum við að færast nokkuð langt frá því marki, sem stefnt var að með endurskoðun sveitarstjórnarlaganna, en það var einmitt heildarsamræmi; og sannast þá orð þeirra, sem halda því fram, að slíkt samræmi muni aldrei nást.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg finn ekki betur en að jeg hafi gætt fullrar samkvæmni í þessum kosningamálum, því að í báðum frv. um kosningar hefir stjórnin lagt það til, að konur skyldu ákveða sjálfar, hvort þær tækju við kosningu eða ekki.

Eggert Pálsson: Það vildi svo illa til, að hv. frsm. (ÁH) var veikur við 2. umræðu þessa máls, og varð jeg því til þess að tala um frv. fyrir nefndarinnar hönd. Og af því að hv. flm. brtt. (EÁ) gat þess þá, að frsm. væri till. samþykkur, þá gat

jeg ekki mótmælt því. En jeg sje nú, að það hefir ekki verið rjett heldur hjá hv. 1. þm. Eyf. Þvert á móti ljet nú hv. frsm. í ljós, að hann teldi tillöguna fremur til skemda en bóta. En hitt er satt, að nú tjáir ekki að fást um þetta, úr því það var samþykt, og vona jeg, að háttv. Nd. lagi þessa misfellu.

Viðvíkjandi athugasemd háttv. þm. A.-Húnv. við 2. gr. frv., þá voru það einkum tvö atriði, sem hann fann að. Fyrst taldi hann orðalagið ekki viðunandi. En það hefir verið athugað í nefndinni rækilega, og hneigðist hún að áliti hæstv. forsrh. (JM), sem taldi, að frá hlið laganna væri ekkert að þessu orðalagi að finna. Auk þess hefi jeg orð fleiri lögfræðinga fyrir því, að ekki sje ástæða til þess að breyta orðalaginu; það sje alveg nægilega ljóst.

Viðvíkjandi hinu, að þar sem kynbótanefnd sje ætlað að velja hæfilega marga kynbótahesta, þá verði að taka það líka skýrt fram, að það verði að vera bestu hestarnir, sem völ er á, annars kunni hún að taka lakari hesta, þá verður slíkt að fara eftir samkomulagi við eiganda. Ef samkomulag næst ekki, þá verður nefndin að verða af hestinum. Annars yrði að heimila eignarnám, en það áleit nefndin, að ekki gæti komið til mála. Enda er það ljóst, að ef gert væri ráð fyrir slíku, þá er mjög hætt við, að menn mundu nota sjer aðstöðuna til þess að setja miklu meira verð á hestinn en annars. Því áleit nefndin, að ekki væri um annan veg að ræða en að fá hestinn með samkomulagi við eiganda. Enda er vitanlegt, að frv. er upphaflega stílað til þess að koma á betra skipulagi um þessi mál, einkum í þeim sveitum, sem mest er hrossarækt, en síður í þeim sveitum og bygðarlögum, þar sem lítið er um hrossaeign. En einmitt þar, sem hrossaeign er mikil, þá er jafnan úr mjög mörgu að velja.

Viðvíkjandi þeirri brtt., sem hjer hefir verið þráttað um, þá lýsti jeg fylgi mínu við hana við 2. umr., og þykist jeg þar vera í fullu samræmi við sjálfan mig. Þegar frv. til l. um kosningar í bæjar- og sveitarmálum var lagt fyrir þessa deild, þá var það þar skýrt tekið fram, að konur skyldu hafa rjett til þess að skorast undan slíkum kosningum, ef þær vildu. Jeg er á sömu skoðun og hæstv. stjórn; jeg vil ekki raska þeim rjetti, sem konur hafa haft að undanförnu. En til samkomulags gekk jeg inn á, að þessi rjettur skyldi aðeins ná til giftra kvenna. Hjer er verið að tala um rjettarskerðing fyrir konur, að þær skuli mega skorast undan slíkum kosningum. En það er einmitt öfugt. Með því að fella þessa undanþáguheimild er skertur rjettur kvenna, sem þær hafa haft umfram karlmenn að undanförnu. Og í samræmi við þessa skoðun mun jeg greiða brtt. á þskj. 129 atkv. mitt. Og jeg tek undir með hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), að jeg vona, að hv. Nd. lagi þau missmíði, sem hjer urðu á lögunum um kosningar í sveita- og bæjarmálefnum, eins og líka þau missmíði, sem urðu á frv. þessu við 2. umr.

Einar Árnason: Jeg tók það fram við 2. umr., að jeg hefði sýnt hv. frsm. (ÁH) till. mína, og tók hann það þá fram, að hann gæti ekki sjeð neitt athugavert við hana, nema ef vera skyldi, að það væri álitamál, hvort ákveða skyldi takmark gjaldsins 8 eða 10 kr., og var hann heldur á því að setja það 10 kr. Þetta veit jeg, að hv. frsm. kannast við. Það má vera, að hann hafi eftir á sjeð sig um hönd. En nú fór svo við 2. umr., að brtt. var samþykt, þó að hv. 1. þm. Rang. (EP) mælti

fast á móti, og hafði jeg þó ekkert sjerstakt gert til þess að afla henni fylgis. Að till. mín var samþykt, getur því ekki stafað af öðru en því, að háttv. þdm. hafi þótt þau rök, sem studdu till. mína, miklu betri en mótmæli hv. 1. þm. Rang.

Ennfremur var eitt atriði í ræðu hv. 1. þm. Rang., að þessi lög væru aðallega sett með þau hjeruð fyrir augum, þar sem hrossarækt væri mest. Þetta er ekkert annað en fjarstæða. Auðvitað eru lögin sett fyrir alt landið, sem sjest af því, að frv. mælir svo fyrir, að kynbótanefnd skuli vera í hverjum hreppi og kynbótafoli í hverjum hreppi á landinu.

ATKVGR.

Brtt. 129 samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, ÁH, BK, EP, EÁ, GunnÓ, IHB.

nei: JM, JJ, SE, GuðmÓ, IP, HSteins, Einn þm. (JJós) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 157).

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 7. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 157, 269).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Eins og kunnugt er, hefir hv. Ed. gert nokkrar breytingar á frv. þessu, sem eru í því fólgnar, að Ed. gerir ráð fyrir, að ákveðnum útgjöldum sje jafnað niður á ákveðinn hátt. En hvorki í frv. hæstv. stjórnar nje í tillögum nefndarinnar hafði verið gengið inn á þá braut. Landbn. Ed. lítur svo á, að þetta hafi mikla þýðingu fyrir kynbótastarfsemina. Nefndin hjer er því velviljuð þessum breytingum, en af þessu leiðir, að inn í frv. þurfa að koma ný ákvæði, einkum viðvíkjandi reikningsskilum kynbótanefndarinnar. Um það verða að vera ákveðnar reglur. Að öðru leyti liggur mál þetta svo augljóst fyrir, að ekki þarf að skýra það nánar.

Breytingin við 3. gr. er eðlileg afleiðing af brtt. nefndarinnar í Ed. Nefndin hjer leggur til, til þess að komast hjá vandræðum, að yfirleitt sje fylgt þeirri reglu, að þeir hestar, sem valdir eru af kynbótanefnd, sjeu teknir á leigu til afnota fyrir hrossaeigendur sveitarinnar, gegn hæfilegu gjaldi. Hefir landbn. Ed. gert um það smáorðabreytingu.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta.

ATKVGR.

Brtt. 269,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
— 269,2 samþ. með 13 shlj. atkv.
— 269,3 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 289).

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 10. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Ágúst Helgason): Landbúnaðarnefnd hefir athugað þær smávægilegu breytingar, sem Nd. hefir gert við frv. þetta. Þær eru aðallega til skýringar. Um efnisbreytingar er ekki að ræða, nema ef

telja skyldi breytinguna á 3. gr., þar sem tveimur hreppum eða fleiri er heimilað að vinna saman að kynbótum hesta. Nefndin telur þessar breytingar fremur til bóta og leggur til, að frv. sje samþykt.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hefi ekki athugað þetta frv. vandlega í þeirri mynd, sem það nú er, en jeg sje, að hjer er um þó nokkrar breytingar að ræða. Vil jeg því mælast til þess, að málið sje tekið út af dagskrá til frekari athugunar.

Sigurður Eggerz: Jeg óska þess eindregið, að þetta mál sje tekið út af dagskrá. Jeg ætlaði að bera fram brtt., en tók ekki eftir því fyr en of seint, að málið var á dagskrá. Jeg taldi sjálfsagt, að fram kæmi prentað nefndarálit, og mjer er mjög á móti skapi að innleiða þann sið, að nefndum haldist uppi að koma aðeins með munnlegt nál. Hjer er um talsvert þýðingarmikið frv. að ræða að því leyti, sem brotið er „principielt" atriði um rjettindi og skyldur kvenna. Jeg vænti þess, að hv. deild hafi athugað þetta mál svo ítarlega síðan það var til umræðu hjer, að hún hafi nú tekið sinnaskiftum, svo að takast megi að lagfæra þetta atriði, ef málið er tekið út af dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi ekkert á móti því, að málið sje tekið út af dagskrá til frekari athugunar fyrir þá, sem ekki hafa haft tíma til að átta sig á því. En jeg vildi aðeins benda á, að það hefir oft komið fyrir, að framhaldsnefndarálit hafi ekki verið prentuð, þegar um litlar breytingar hefir verið að ræða, svo að það er ekki verið að innleiða neinn nýjan sið að þessu leyti.

Annars lít jeg svo á, að brtt. um það atriði í 2. gr., sem hv. 1. landsk. (SE) mintist á, geti naumast komist að eftir þingsköpunum, þar sem það er búið að vera hjer til atkvæða, svo að þess vegna virðist ekki ástæða til að taka málið af dagskrá.

Eggert Pálsson: Sem formaður landbn. lýsi jeg því yfir, að hún hefir athugað þetta frv. eftir að því var breytt í Nd. og orðið sammála um að ráða deildinni til að samþykkja frv. með þessum breytingum. Jeg kannast við, að nefndin hefir ekki látið prenta framhaldsnál., enda held jeg, að deildin hefði lítið grætt á því að fá þessa yfirlýsingu á prenti. Annað mál er það, ef nefndin hefði viljað koma fram með brtt. við frv., þá gat verið ástæða til fyrir hana að leggja fram framhaldsnál. samhliða þeim brtt. Annars get jeg tekið í sama streng og hæstv. atvrh. (MG), ef meiningin er að koma með brtt. þess efnis að nema burtu athugasemdina við 2. gr., að konum sje rjett að skorast undan kosningu, þá hafi sú brtt. naumast rjett á sjer. Jeg lít svo á, að slík brtt. stríði á móti þingsköpunum. Eins og málið horfir við nú, sje jeg enga ástæðu til að vísa því til landbn. Við höfum þegar lýst því yfir tveir úr nefndinni, að við værum samþykkir breytingunum, sem hv. Nd. hefir gert á frv. Hvað vinst þá við að vísa því til nefndarinnar að nýju?

Gunnar Ólafsson: Jeg vildi aðeins ítreka það, sem hv. 1. þm. Rang. (EP) hefir tekið fram, að þetta mál hefir verið athugað í landbn. Þessar brtt. frá Nd. breyta yfirleitt litlu að efni til, en nefndin lítur svo á, að þær sjeu fremur til bóta. Þetta, sem hv. 1. landsk. (SE) sagði, að hann þyrfti að fá tíma til að koma með brtt., finst mjer ástæðulaust að taka til greina, og jeg legg á móti því, að deildin

leiki sjer þannig með þetta mál. Að vísa því til nefndar aftur er þýðingarlaust. Nefndin hefir sagt það, sem hún vill segja og þarf að segja. Að gera kröfu til þess, að nefndin komi með langt álit um jafnkunnugt mál, er algerlega óþarft. Hún þarf ekki að taka neitt fram, þar sem um engan ágreining er að ræða. — Jeg vil ítreka það, að jeg tel óþarft að taka málið af dagskrá og sje ekki annað en vel megi afgreiða það strax.

Sigurður Eggerz: Mjer þykir vera risinn hjer upp allmikill úlfaþytur út af jafnmeinlausri ósk og þeirri, að málið sje tekið út af dagskrá til frekari athugunar. Jeg bjóst við nál., og því er jeg ekki viðbúinn að koma með brtt. nú.

Hæstv. atvrh. blandaði sjer inn í umræðurnar og hjelt því fram, að ekki væri óalgengt, að komið væri með munnleg nál. Þingsköpin gera þó víst ekki ráð fyrir slíku, og jeg sje ekki ástæðu til að innleiða þann sið. Jeg vil vekja athygli á því, sem nú er talsvert farið að tíðkast, að nál. er skilað, sem ekki eru nema 1—2 línur. Jeg tel slíkt lítið upplýsandi fyrir málin.

Að því er snertir viðaukann við 2. gr., þá má sjálfsagt koma þar með nýja brtt. Það atriði skiftir miklu máli fyrir þá, sem líta svo á, að þar sje um „principielt" atriði að ræða. — Mjer þykir kenna nokkuð mikils ákafa hjá íhaldsmönnum um að þetta mál sje ekki tekið af dagskrá. Auðvitað geta þeir ráðið því eins og öðru. Það hafa stundum verið brotin hjer þingsköp til að koma þeirra mönnum í nefndir. Þetta er víst áframhald af þeirri stefnu.

Guðmundur Ólafsson: Jeg óskaði þess strax í byrjun fundarins, að málið yrði tekið út af dagskrá. Það er fljótsjeð, að 3. gr. frv. er gerbreytt, og nýrri grein bætt inn í það, og mjer þykir hart, að háttv. landbn. skuli leggja svo mikið kapp á að gera lítið úr þeim breytingum. Nefndinni þótti 3. grein góð eins og hún fór hjeðan og varði hana þá harðlega gegn aðfinslum mínum. Henni þykir hún líka góð eins og hún kemur nú gerbreytt frá Nd. Líklega þætti henni hún allra best, ef hún kæmi í 3. útgáfu. — Jeg held nú satt að segja, að frv. hafi breyst til batnaðar í Nd., þótt jeg hafi ekki getað athugað það nægilega enn. Mjer þykir þetta bara undarleg framkoma hjá hv. nefnd. Jeg skil ekki, að frv. sje stofnað í neina hættu, þó að það sje tekið út af dagskrá í þetta sinn.

Frsm. (Ágúst Helgason): Jeg set mig ekki á móti því, að málið sje tekið út af dagskrá. En mig furðar það kapp, sem á þetta er lagt, þar sem breytingarnar á frv. eru þannig vaxnar, að jeg skil ekki, að nokkur geti haft á móti þeim. Það er aðeins um eina breytingu að ræða, sem talist gæti efnisbreyting, það, að tvær sveitir megi sameina sig um hrossakynbætturnar. En sem sagt, jeg set mig ekki á móti því, að málið sje tekið út af dagskrá, ef hv. þingdeildarmenn vilja leika sjer með tíma þingsins.

Eggert Pálsson: Það er dálítið einkennilegt, að háttv. þm. A.-Húnv. þykir undarlegt, að landbn. skuli samþykkja breytingar Nd., en kannast þó sjálfur við, að þær sjeu til bóta. Viðvíkjandi breytingum á frv. skal jeg taka það fram, að aðalbreytingin er í því fólgin, að fleiri hreppum er leyft að vinna saman að kynbótum hesta. Viðvíkjandi þessu atriði lagði jeg áherslu á það við umræðurnar hjer, að það hlyti svo að verða, að hreppar slægju sjer saman. Þessi hugsun mín, sem jeg bjóst við að leiddi af sjálfu sjer, er nú

skýrt tekin fram í frv. Jeg sje ekki, að það geti á nokkurn hátt spilt frv.; þvert á móti. Landbn. hefir ekkert á móti því, að málið sje tekið af dagskrá. En það þarf enginn að búast við því, að hún komi með ítarlegt nál., þótt svo verði. Afstaða nefndarinnar til málsins mun ekki breytast neitt við það. — Hvað viðvíkur athugasemdinni við síðari málsgrein 2. gr., þá hefir hún verið samþykt hjer, og jeg býst ekki við, að deildin sjái ástæðu til að raska þeirri samþykt.

Guðmundur Ólafsson: Hv. form. landbn. (EP) sagði, að sjer þætti undarlegt, að jeg skyldi vilja láta taka málið út af dagskrá, þar sem jeg teldi breytingarnar til batnaðar. En mjer þykir enn undarlegra, að nefndin skuli vera jafnánægð með frv. hvernig sem það er. Hv. þm. (EP) segist ekkert hafa á móti því, að málið sje tekið út af dagskrá, og þó berst hann mjög kröftuglega móti því að það sje gert. Mjer þykir þetta alt ákaflega undarlegt.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Ed., þriðjudaginn 13. apríl, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 289, 316, 324).

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins geta þess út af ummælum hæstv. atvrh. (MG) hjer áður við þessa umr., sem gengu í þá átt, að till. mín geti ekki komið til atkv., að fyrir liggja tveir forsetaúrskurðir, er ganga í gagnstæða átt og styrkja minn málstað.

Annar forsetaúrskurðurinn er frá þinginu 1917, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hann upp. Hann hljóðar svo:

„Það hefir verið leitað úrskurðar míns um það, hvort brtt. á þskj. 785 komi í bága við þingsköpin eða ekki. Í 32. gr. þeirra stendur svo, að brtt. um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera aftur upp í sömu deild á sama þingi. Hjer er ekki því til að dreifa. Í brtt. er ekki atriði, sem áður hefir verið felt hjer í deildinni, heldur er að ræða um atriði, sem áður hefir verið samþykt hjer, en nú er farið fram á að fella burt. Ákvæðið í umræddri grein þingskapanna er takmörkun á frumkvæðisrjetti þingmanna og eigi rjett að leggja víðtækari merkingu í það en skýr ákvæði greinarinnar heimila, og úrskurðast því, að brtt. á þskj. 785 komi til umr. og atkv.“

Þetta á skýrt við það tilfelli, sem hjer er um að ræða. En forseti sá, er feldi þennan úrskurð, var Ólafur Briem, en núverandi forseti Nd. feldi hinn úrskurðinn, en hann hefi jeg ekki fundið í Alþt.

Þar sem nú tveir forsetar hafa gefið slíka úrskurði, þykist jeg standa í mínum fulla rjetti með þessa brtt. En auðvitað hefir hæstv. forseti vald til þess að úrskurða eins og hann álítur rjettast, og verð jeg að beygja mig undir það. Jeg geng samt út frá því, að till. hafi rjett til þess að komast að.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skildist á háttv. 1. landsk. (SE), að ræða hans hafi verið sprottin af nokkrum orðum, er jeg sagði við fyrri hl. þessarar umr. En jeg sje það á því, sem hann las upp, að jeg hefi ekki í fyrri ræðum mínum tekið nógu djúpt í árinni. Þegar um þingsköpin er að ræða, þá er það ekki aðalatriðið, hvort eitthvað ákvæði hefir verið samþykt eða felt, heldur hvort atkvæði hafa verið greidd um ákvæðið. Þegar þingsköpin tala aðeins um atriði, sem hafi verið felt, þá er það vegna þess, að hættast er við og það er venjulegast, að reynt sje að fá at-

kvæði um þau aftur. En það verður að nota þetta ákvæði þingskapanna „analogiskt“ um samþykt atriði; annars væri enginn endir á atkvæðagreiðslum hjer á þingi. Annars er það forseta að skera úr um þingsköp, og jeg læt mig einu gilda, hvort umrædd tillaga kemur til atkvæða eða ekki.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins benda hæstv. atvrh. á það, að í þeim úrskurðum, er fyrir liggja, er um samþykt atriði að ræða. Er það því alveg hliðstætt. Þarf svo ekki fleiri orð um það.

Forseti (HSteins): Eins og háttv. 1. landsk. (SE) tók fram, stendur í 32. gr. þingskapanna:

„Breytingartillögu um atriði, sem búið er að fella í deild, má eigi bera upp aftur í sömu deild á sama þingi.“

Nú er það reyndar svo, að atriðið, sem till. þessi fjallar um, er ekki tekið upp í sama formi og áður, en samþykt hefir verið hjer í deildinni ákvæði það, sem brt. fer fram á að fella burt. Verður því að líta svo á, að með samþykt þessari hafi komið fram yfirlýstur vilji deildarinnar um það, að hún sje mótfallin brtt. að efni til, sem hjer liggur fyrir. Og þar sem hún þannig fer í bága við anda 32. gr. þingskapanna, ber að vísa henni frá.

Þá liggur fyrir önnur brtt. á þskj. 324, frá hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ), og þar sem hún hefir ekki komið fram fyr en nú, verður að leita afbrigða um hana.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 324, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Guðmundur Ólafsson: Jeg gat þess við upphaf umr., að jeg hefði ekki kynt mjer frv. nægilega eftir að það kom aftur frá Nd., en sá hinsvegar, að það hafði tekið miklum breytingum þar, og var það ein ástæðan til þess, að jeg óskaði, að málið yrði tekið út af dagskrá. Jeg verð nú að segja það sama og jeg hjelt þá fram, að breytingar Nd. hafa verið mjög til bóta, sjerstaklega breytingarnar við 3. gr., og hin nýja gr. er einnig nauðsynleg, því að engin ákvæði voru í frv. áður, t. d. um fundi nefndanna, reikningsskil o. fl.

En að því er snertir brtt. mína, þá kem jeg með hana til þess, að samræmi sje milli kosninga í þessar nefndir og kosninga til bæjar- og sveitarstjórna. En í bæjar- og sveitarstjórnarlögunum eiga að vera ákvæðin um kosningarrjett og kjörgengi, en ekki í smærri lögum, sem heyra undir þau, svo sem hjer er. Því að ef ákvæði þessi eiga að koma hjer inn, þá eiga þau alveg eins heima í fræðslulögunum og víðar.

Þá er nákvæmlegar orðað hjá mjer í breytingartill. en í frv., til hve langs tíma nefndin skuli kosin. Virðist vera rjett, að hún sje kosin til 6 ára og að kosning hinnar fyrstu nefndar gildi þar til næst verði kosið í hreppsnefnd. Nú er venjan sumstaðar sú, að hrossakynbótanefndir eru aðeins kosnar til 3 ára, en mjer finst eðlilegt, að þær sjeu kosnar til 6 ára eins og hreppsnefndirnar, því að engin ástæða er til að hafa mismunandi ákvæði í svona skyldum málum. Og ef till. mín verður samþykt, þá gengur minni hl. nefndarinnar úr eftir 3 ár, en meiri hl. eftir 6 ár.

Hvað snertir brtt. hv. 1. landsk. (SE) um að konur sjeu skyldar til þess að taka sæti í kynbótanefnd, þá finst mjer, að best sje að ákvæðið um það felist í aðallögunum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og gildi svo jafnt fyrir öll þessi mál. Sje jeg ekki ástæðu til þess að

tala meira um það. En jeg býst ekki við, að hv. deild álíti nauðsynlegt að taka ákvæðið um kosningarrjett og kjörgengi inn í þessi lög, og vona því, að brtt. mín á þskj. 324 verði samþykt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer þykir vænt um að heyra það hjá hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ), að hann álítur, að frv. hafi batnað í Nd. Geri jeg mjer því vonir um, að hann fylgi því.

Um brtt. þessa hv. þm. (GuðmÓ), á þskj. 324, vil jeg geta þess, að í henni er aðeins sú efnisbreyting, að taka af konum þann rjett að mega skorast undan kosningu. Um það atriði hefir áður farið fram atkvæðagreiðsla hjer í deildinni, svo að till. er í raun og veru alveg óþörf, en frá verður henni ekki vísað vegna þingskapa, eins og till. hv. 1. landsk. (SE). Verði brtt. hv. þm. A.-Húnv. samþykt, verður frv. að fara í sameinað þing, og það tel jeg satt að segja ekki ómaksins vert. Jeg legg því til, að brtt. þessi verði feld.

Sigurður Eggerz: Samkvæmt nýföllnum úrskurði hæstv. forseta kemst mín tillaga ekki að, þrátt fyrir hin ljósu fordæmi í tveimur forsetaúrskurðum. En það dugir ekki að deila við dómarann, og nú er þá ekki annað fyrir hendi en taka afstöðu til tillögu hv. þm. A.-Húnv., en jeg skil hæstv. forseta svo, að hún megi komast að. Jeg fyrir mitt leyti mun eindregið greiða atkvæði með tillögunni, því að líkindum næst það sama með henni og minni tillögu. — En það er auðvitað höfuðatriðið.

Gunnar Ólafsson: Það var nánast til þess að rifja upp gamlar sakir, að jeg kvaddi mjer hljóðs. Þegar frv. þetta var hjer síðast til umr. í þessari hv. deild, gerðu tveir hv. þm. nokkurn hvell að frv.; það er vitanlegt, að frv. var þá í 4. sinni til umræðu hjer í deildinni, en þó varð það þá fyrst, sem þessir hv. þm. komust að niðurstöðu um, að málið var ekki nógu vel athugað enn, frá þeirra sjónarmiði sjeð. Þeir báðu því hæstv. forseta að taka málið út af dagskrá og fresta umr., og var það gert. Samtímis átaldi hv. 1. landsk. (SE) landbn. fyrir að hún hefði ekki lagt nógu mikla rækt við málið, nefndarálitið væri svo stutt og óljóst orðað. Hann kvaðst og ekki enn hafa haft nægan tíma til að átta sig á málinu, og varð því að fá frest á umræðunum, til íhugunar og lagfæringar. Jeg skal að vísu játa, að nál. var ekki langt, það er að finna á þskj. 119, en um leið skal jeg taka það fram, að nefndin taldi ekki rjett að gera hjer úlfalda úr mýflugu, skrifa langt mál um það, langt mál í nál., sem öllum er ljóst og margendurtekið og rætt í báðum deildum þingsins. Málið er og í sjálfu sjer ofureinfalt. Það hefir verið samþykt í hv. Nd. í annað sinn, og landbúnaðarnefnd þessarar deildar hafði ekki annað að segja um frv. eftir eina umræðu í hv. Nd. og breytingar þær, er þar voru gerðar, en að þær væru til bóta, eins og frsm. nefndarinnar hafði í framsöguræðu tekið fram. Þetta segi jeg til þess að bera af nefndinni þær sakir, er á hana hafa verið bornar.

Svo kemur að því, er málið var tekið út af dagskrá samkv. ósk þessara tveggja háttv. þm., þá keppast þeir við að bera fram brtt. við frv. og flýta sjer svo að því, að þeir geta ekki einu sinni orðið samferða með þær. Háttv. 1. landsk. varð fyrri til; hann kemur strax með tillögu um að fella burtu undanþáguna konum til handa frá því að vera í kynbótanefnd. En þá vár sá ljóður á brtt. hans, að hún

mundi ekki löglega upp borin. Og þá kemur það, að háttv. þm. A.-Húnv. ræðst í að bjarga þessu. Hann kemur með nýja brtt. Sú brtt. sýnist að vísu vera meinlítil, fljótt á litið. En við nánari athugun sjest, að hún fer krókaleið að sama marki og fyrri brtt., frá hv. 1. landsk., sem hæstv. forseti úrskurðaði, að ekki gæti komið til umræðu eða atkvæða. Brtt. hv. 1. landsk. var það skárri, að hún gekk beint framan að markinu, en þessi síðari brtt., frá hv. þm. A.-Húnv., kemur krókaleiðir, á hlið við og aftan að því, sem um er að ræða.

Þegar frv. var hjer áður til umr., hafði háttv. þm. A.-Húnv. alt á hornum sjer því viðvíkjandi; hann var óánægður með frv. af ýmsum ástæðum, að hann sagði, og átaldi landbn. fyrir meðferð hennar á því. Hann sagði og þá, að breytingar hv. Nd. væru vart til bóta á frv. En nú segir hann, að frv. hafi síst versnað, það sje jafnvel betra eftir að það kom aftur úr Nd. Jeg bendi á þetta til þess að sýna fram á ósamræmið í framferði hv. þm. í þessu máli. Þetta er að minsta kosti „loðin“ afstaða til málsins. En nú tekur hann skýrt fram, að frv. hafi batnað í Nd., og á hann þakkir skilið fyrir þá tilbreytni til bóta á sínu framferði. En eins og hæstv. atvrh. sagði, tel jeg ekki brtt. þessa háttv. þm. þess verða, að deildin ætti að samþykkja hana og senda síðan frv. í Sþ. Jeg tel betur sæma þessari hv. deild að samþykkja frv. eins og það kemur nú frá hv. Nd. en að vera að hringla við að ná burt úr 2. gr. þessum hjer um þrettu orðum og koma því þar með í sameinað þing. Auk þess gengur það næst móðgun við hv. deild að ætlast til þess, að hún hlaupi frá því, alveg að ástæðulausu, sem hún hefir áður samþykt í þessu máli, hvort sem brtt. koma beint fram eða eftir krókaleiðum, eins og hjer á sjer stað hjá háttv. þm. A.-Húnv.

Jeg leyfi mjer því að mælast til þess, að hv. deild samþykki frv. eins og það nú er.

Einar Árnason: Þegar þetta frv. var hjer til umræðu fyrir nokkrum dögum, og var þá nýkomið frá hv. Nd., valdi meiri hluti þessarar hv. deildar hið góða hlutskiftið, að slá skjaldborg utan um rjettindi kvenna. En nú kemur það í ljós, að tveir háttv. þm. eru hjer á sveimi í kringum skjaldborgina og eru að leitast við að fá færi til að rjúfa hana. Það eru þeir háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ) og háttv. 1. landsk. (SE). Nú hafa þeir ekið fram tveimur byssum og hafið skothríð á þetta vígi kvennanna. Að vísu bilaði annað skotvopnið mjög fljótt, og þarf því varla að búast við miklum árangri af þessari skothríð, því jeg býst ekki við, að meiri hluti þessarar hv. deildar bregðist konunum á þessari hættustund. Það, sem mjer þykir athugaverðast við þetta framferði þessara tveggja hv. þm., er það, að mjer virðist, sem þeir hafi snúið við rökunum í þessu máli. Þeir þykjast vera útverðir kvenrjettindanna á voru landi, en í sömu andránni gera þeir tilraun til að svifta konur þeim rjetti, sem þær hafa haft fram að þessu. Jeg vil því ráðleggja þessum háttv. þm. báðum að slíðra brandinn og hætta við þessar árásir á konurnar, því að jeg tel þetta aðeins þýðingarlaust erfiði fyrir þá; þeir eyða skotfærum sínum til einskis, konurnar eru komnar inn í þá skjaldborg í þessari háttv. deild, sem mun reynast óvinnandi vígi, hvernig sem til verður leitað við þær.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af orðum háttv. 1. landsk. (SE) vil jeg segja það, að það er ekki nauðsynlegt, að rjettindi og skyldur fylgist að. Það eru aukin rjettindi, að geta skorast undan tilteknum störfum. Þetta er gefinn hlutur.

En hvernig var það annars, — var ekki þessi hv. þm. í gær að beita sjer á móti frv., sem var mjög þýðingarmikið fyrir konur þessa lands? Eða var hv. þm. að mæla með því frv.? *(SE:* Nei, það held jeg, að jeg hafi ekki gert). Jeg vil þá spyrja þennan hv. þm.: Hvort telur hann meira virði fyrir konur að fá tvo sjerskóla fyrir sig, sem haldið er uppi af ríkinu, eða að fá skyldur til að sitja í kynbótanefndum? Jeg læt þá dæma hjer í milli, sem í raun og veru berjast fyrir rjettindum kvenna. En þessi hv. þm., sem jeg nú tala til, á ekki að vera að flagga með vináttu í garð kvenna og að hann vilji gera sitt til að auka rjett þeirra, því að þessi hv. þm. hefir gert sig beran að áreitni við rjettindi kvenna, og brtt. hans eru bornar fram af tilbekni einni saman og til þess að sýnast.

Jeg skal út af því, sem háttv. þm. A.-Húnv. sagði, geta þess, að það er ekki nauðsynlegt, að sömu reglur gildi um kosningar í kynbótanefndir og hreppsnefndir, og frv. sjálft sýnir, að þetta er svo. Það er greinilegt, að ef það væri sjálfsagt, að sömu reglur giltu um þetta, þyrftu engin ákvæði að vera um þetta í frumvarpinu.

Jeg endurtek svo aðeins, að jeg tel rjettast að fella þessa brtt. frá háttv. þm. A.-Húnv.

Eggert Pálsson: Eins og menn rekur minni til, hófust þessar umræður með hörðum ávítum til landbn. fyrir það, að hún hefði ekki gefið út framhaldsnál. um þetta mál. En nefndin vísar þessu ámæli á bug. Þetta skeður oft, að nefndir gefa ekki út framhaldsnál., er þær hafa ekki neitt sjerstakt að athuga við málin. Hjer er því fullkomið fordæmi fyrir þessu. Jeg get tekið það fram, ef ámæli fyrir þetta væri rjettmætt, mundi það ekki lenda á nefndinni, heldur á hæstv. forseta og skrifstofustjóra Alþingis, sem tóku mál þetta á dagskrá að nefndinni fornspurðri. En nefndin hafði enga ástæðu til að þykkjast, þó að þetta væri gert, því að hún var búin að athuga málið og komin að niðurstöðu um, að breytingar hv. Nd. væru þess eðlis, að nefndin gat ekki fundið ástæðu til að vera á móti þeim. Landbn. lýsti því líka hjer í deildinni, að hún teldi breytingar hv. Nd. heldur til bóta en hitt. Það er sennilegt, að það hafi vakað fyrir háttv. andmælendum þessa frv., að þeir hafi ætlað að athuga nánar þessar breytingar Nd., er þeir ljetu taka málið af dagskrá. En viti menn, nú þegar þeir eru búnir að fá frest til að athuga málið, sjá þeir ekkert annað athugavert en það, sem þessi eina brtt. fer fram á. Það, sem hv. Nd. hafði gert, er nú talið fremur til bóta. Til hvers er þá þessi hvellur ger? Til þess eins að fá deildina til að jeta ofan í sig og fella burt 2. málsgr. 2. gr. frv. Brtt. hv. 1. landsk. er hrein og bein; þar leikur ekki á tveimur tungum, hver tilgangurinn er. En hin brtt., frá hv. þm. A.-Húnv., liggur ekki eins opin við. Hún er svo lævíslega orðuð, að enda þótt hún stefni að sama marki að síðustu og brtt. hv. 1. landsk., tókst þó að koma henni að hjer, en hin var úrskurðuð frá. Hvort hv. deild telur sjer sæma að jeta þetta ofan í sig, læt jeg mjer standa á sama. Nefndin á ekki sök á því, þó að það verði gert. Landbn. telur það ekki móðgun við sig, þó svo fari. En

hitt er meira spurnarmál, hvort hv. deild telji sjer sæma að fella við 3. umr. það, sem hún samþykti við 2. umr. Þá er að athuga það, að ef þessi brtt. verður samþykt, þá á frv. að fara hjeðan í Sþ. Þá verður manni að spyrja: Er málið þess vert, vegna þessa eina atriðis, sem nú ber á milli, að stofna til fundar í Sþ.? Það er ljóst, að ef málið fer í Sþ., verður ekki annað unnið við það en lengri umr., og svo verður það samþykt eins og hjer síðast við 3. umr. Jeg lít svo á, að ef telja á þetta fulla ástæðu til að hlaupa með málið í Sþ., er síst að vænta, að það verði vegsauki fyrir þingið.

Forseti (HSteins): Jeg vil geta þess, út af því, er hv. 1. þm. Rang. (EP) nú ljet um mælt, að tekið hefði verið mál á dagskrá að nefnd fornspurðri, að hvorki forseta nje skrifstofustjóra ber skylda til að spyrja nefndir, hvenær mál beri að taka á dagskrá, eða bíða eftir útkomu á nál. Skrifstofustjórinn skýrði hv. frsm. landbn. (ÁH) frá því, að hann hefði í hyggju að setja þetta mál á dagskrá, og fjekk það svar, að við það væri ekkert að athuga. *(ÁH:* Þetta er rjett; jeg var spurður og svaraði þessu).

Jónas Jónsson: Jeg fæ ekki varist því að segja fáein orð í þessu stórmáli, sem virðist vera orðið eitt af mestu málum á þessu þingi, ef ráða má nokkuð af þeim ræðufjölda, sem kominn er í þessu máli.

Hæstv. atvrh. (MG) heldur því fram, að ekki sje ástæða til að laga 2. gr. frv.; hún sje vel glögg. En ef 2. gr. er borin saman við brtt. hv. þm. A.-Húnv., sjest, að brtt. er gleggri en frv. Hv. 4. landsk. (IHB) hefir tekið upp aðra stefnu í þessu máli en hún hafði, er sveitarstjórnarmálin voru hjer á ferðinni. *(Atvrh. MG:* Það ætti hv. 3. landsk. að gera líka). Þetta er það, sem hæstv. atvrh. vill fá deildina til að gera. Hann er sjálfur vanur að snúast í málum, t. d. tóbakinu, en má ekki heimta jafnmikið af öðrum.

Nú hefir þessi háttv. deild slegið fastri stefnu sinni í því, að hún ætlast til, að konum beri jöfn skylda og körlum til að taka þátt í sveitarstjórnarmálefnum. Auðvitað væri snúningur í þessu máli ekki meiri vansæmd fyrir deildina en snúningur hennar í Blönduósskólamálinu, þar sem meiri hl. mentmn. er nú á alt annari skoðun en í fyrra, eða sendiherramálinu; þar held jeg, að hæstv. atvrh. (MG) hafi nú greitt öðruvísi atkv. en hann gerði fyr.

Sigurður Eggerz: Háttv. landbn. virtist óánægð yfir aðfinslum mínum við nál. En sannleikurinn var sá, að aðfinslur mínar voru almenns eðlis og vöktu eftirtekt á því, að hinn vandaði undirbúningur málanna, sem stundum sýndi sig í ítarlegum nál., er nú meira og meira að hverfa úr sögunni.

Það var ekki um að ræða neitt samkomulag milli mín og hv. þm. A.-Húnv. í þessu máli. Við gátum báðir beðið um, að málið yrði tekið af dagskrá, hvor frá sinni afstöðu. Sá einasti, sem jeg hefði getað búist við, að væri með mjer, er hv. 5. landsk. þm. (GunnÓ), því að hann er kosinn á sama lista og jeg. En svo er nú ekki, og stend jeg því einn uppi í flokki hjer í þessari háttv. deild.

Út af því, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði í gær um kvennaskólann, vil jeg spyrja hann, hvort það sje víst, að kvenfólkið vilji heldur ríkisskóla en einkaskóla. Þarna er hæstv. atvrh. að villa mönnum sýn. Það getur að vísu verið, að hæstv. atvrh. trúi svo mjög á ríkisrekstur, að hann geti ekki

hugsað sjer einkarekstur, en þá erum við ekki sammála. En jeg vil benda á, að þetta er ekkert smámál, sem hjer er um að ræða. Það er stórt „princip"-mál. Það er gamla erfðakenningin, sem er að stinga upp höfðinu og reyna að draga kvenkjósendur til þess að brúka ekki sinn pólitíska rjett og halda þeim frá stjórnmálum.

Sumir hv. þm. þykjast óttast það mjög, að ef mál þetta kæmi fyrir sameinað þing, yrðu of langar umræður um það. Það er engin hætta á því; jeg býst við, að till. yrði samþykt og lítill ágreiningur um það. En hitt, að einhver greiði öðruvísi atkv. við 3. umr. en 2., hefir komið svo oft fyrir á þingi. Hver þm. á að greiða atkvæði eftir sannfæringu sinni.

Nú eru 5 mínútur liðnar, og vil jeg þakka hæstv. forseta fyrir að hafa gefið mjer tækifæri til að sýna fram á, að hjer er um stórt „princip"-mál að ræða. Jeg veit, að flestir kvenkjósendur munu óska að hafa hvorttveggja óskift: rjettindin og skyldurnar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil taka vægt á hv. 1. landsk. (SE), þar sem hann er dauður. Mín skoðun er sú, að kvenfólkið vilji heldur ríkisskóla en einkaskóla. Hv. 1. landsk. hefir aðra skoðun. Við því er ekkert að segja. En það er ofurskiljanlegt, að kvenfólkinu þyki tryggara að fá vissa fjárveitingu í eitt skifti fyrir öll en að þurfa að fara fram á hana frá ári til árs, enda er þetta jafnt á komið, þegar til eru ríkisskólar fyrir karlmenn. Aftur á móti mundu þær skoða það lítils virði að fá að vera í kynbótanefnd. Mjer finst mikill munur á þessu tvennu. Nei, hv. 1. landsk. er vinur kvenfólksins meðan það kostar ekkert. Hann vill lofa þeim að vera í kynbótanefnd, en hann vill ekki láta þær fá skóla.

Hv. 3. landsk. (JJ) var að fara fram á, að jeg sæi um, að deildin sneri aftur í þessu máli. Jeg er hv. 3. landsk. þakklátur fyrir þann stuðning, sem hann hefir veitt mjer, því að ef hægt er á nokkurn hátt að fá hv. deild til að snúast ekki, er það með því að bera henni á brýn, að hún hafi fyrir fortölur mínar snúist.

Gunnar Ólafsson: Jeg skildi ekki það, sem hv. 1. landsk. sagði um, að með þessu ákvæði væri verið að draga úr rjettindum kvenfólksins. Mjer sýnist augljóst, að það eru einmitt aukin rjettindi þeirra með þeirri undanþágu, að þær þurfa ekki að inna af hendi verk, sem þeim er meira eða minna ógeðfelt, en aftur á móti er þeim það hvergi bannað. Hugsum okkur einhverja hreppsnefnd, sem væri líkt sinnuð og þeir, sem vilja fella þetta ákvæði burtu, og hreppsbúar gerðu það af eintómri gletni að kjósa konu í kynbótanefndina. Hreppsbúar gætu með því móti neytt hana til þess að taka sæti í þeirri nefnd, sem henni væri óljúft að starfa í og sem hún væri í flestum tilfellum óhæf til. Jeg álít þetta óþarft og jeg sje ekki betur en að rjettindi konunnar sjeu aukin með því, að hún getur skorast undan kosningu.

Hv. 3. landsk. sagði, að það væri algengt hjer, að menn skiftu um skoðun, og var sem hann talaði þar af mikilli reynslu. Hvort hann hefir talað af eigin reynslu eða reynslu annara, veit jeg ekki, en mjer finst ekki sjálfsagt að breyta um skoðun í öllum málum, þó að það hafi einhverntíma verið gert. Í þessu máli hafa ekki komið neinar nýjar upplýsingar, sem gæfu ástæðu til að skifta um skoðun. Það er alt annars eðlis, þó að skift sje um skoðun á löngu tímabili, vegna nýrra upplýsinga og breyttra kringumstæðna.

Jónas Jónsson: Hæstv. atvrh. (MG) fjell frá því að reyna að verja málsstað sinn, og mjer skildist hann gangast við því, að það er hann, sem hefir átt aðalþáttinn í þeim stefnubreytingum, sem hjer hafa komið fram. Þetta er sýnilegt af þingtíðindunum, og veit jeg því, að hæstv. atvrh. ætlar að láta þar við sitja og ætlast til, að flokksmenn sínir geri það af flokksfylgi að fylgja þessu. Hæstv. ráðh. sagði, að kvenfólkið vildi fá ríkisskóla. Þetta er rjett að vissu leyti, ef dæma má eftir þeim eina fulltrúa kvenþjóðarinnar hjer í hv. deild. Í fyrra vildi hún fá einn ríkisskóla, en ekki Blönduósskólann. *(IHB*: Jú, á sínum tíma). Í öðru lagi vil jeg benda á, að jeg hefi tvívegis flutt frv. um ríkisskóla á Staðarfelli, en í bæði skiftin hefir það verið drepið af þeim sömu mönnum, sem nú eru að berjast fyrir ríkisskóla.

Þá talaði hv. 5. landsk. (GunnÓ) um það, hvort eigi að þvinga konur inn í kynbótanefnd, og færði hann allgóð rök fyrir því, að það sje engin bót fyrir þær, heldur þvert á móti. Jeg vil benda hv. þm. á, hvernig þetta „princip" hefir verið sett hjer inn. Hv. 4. landsk. sagði, að verið væri að brjóta lög og rjett, ef konur fengju að skorast undan því að vera í hreppsnefnd. Deildin hefir því ekkert annað fyrir sjer frá kvenfólksins hálfu en að það óski eftir þessari þvingun. Með kosningalögunum er slegið fastri meginreglu, og hv. 4. landsk. hefir brotið sitt „princip" með atkvgr. sinni við 3. umr. málsins.

Þar sem hv. 5. landsk. talar um skoðanaskifti, gleymir hann því, að jeg hefi nefnt 2 dæmi um, hvernig samherjar hans hafa snúist síðan í fyrra, og jeg gæti nefnt fleiri dæmi, ef á þyrfti að halda, um það, hvernig bestu mennirnir, sem hv. 5. landsk. áleit vera, snerust með fárra daga millibili.

Mjer finst augljóst, að einmitt tillaga hv. þm. A.-Húnv. er til að binda enda á þær villigötur, sem hv. deild hefir lent inn á í þessu máli. Jeg treysti því, að hún verði samþykt og að hv. 5. landsk. sjái, að hann á að snúa aftur til síns upprunalega máls.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer finst nú bráðum nóg komið, og ætla jeg því aðeins að segja örfá orð út af því, sem hv. 3. landsk. (JJ) sagði um, að jeg teldi sjálfsagt, að flokksfylgi rjeði hjer úrslitum. En hann gleymir því, hv. 3. landsk., að það var hans eiginn flokksbróðir, sem kom fram með tillöguna. En jeg skal gjarnan taka á mig ábyrgðina með þeim hv. þm. (EÁ).

Jeg get ómögulega sjeð, að það sjeu skoðanaskifti, þó að hjer komi fram frv. um að gera tvo skóla að ríkisskólum, í staðinn fyrir einn í fyrra. Þetta er einmitt að halda lengra áfram á sömu braut.

Þá held jeg fast við, að ekki sje nauðsynlegt, að sömu reglur gildi um kosningar í kynbótanefnd og í hreppsnefnd. Það er kannske hægt að finna eina konu á öllu landinu, sem vit hefir á hestakynbótum, og sje jeg því ekki, að nokkuð gott geti leitt af að skylda þær til þessa starfa. Jeg gæti trúað, að þetta yrði misbrúkað til að gera kvenfólkinu óleik.

ATKVGR.

Brtt. 316 vísað frá með forsetaúrskurði.

— 324 feld með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÓ, IP, JJ, SE, HSteins.

nei: GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JM, ÁH, BK, EP, EÁ.

Frv. samþ. með 11 : 1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 331).

10. Veitingasala og gistihúshald.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um veitingasölu, gistihúshald o. fl. (stjfrv., A. 9).

Á 3. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Í lögum vorum eru engin almenn ákvæði um gistihúshald og veitingasölu, og afleiðingin af þessu er sú, að hver og einn getur sett á stofn veitingasölu eða gistihús, án þess að fullnægja þeim skilyrðum, sem rjettmætt er að setja fyrir því að hafa slíka atvinnu á hendi. Í kauptúnum úti um land hefir þetta eflaust alls ekki komið að baga, en í kaupstöðunum, og sjerstaklega Reykjavík, mun naumast hið sama verða sagt. Því mun varla verða neitað, að hjer má finna þess dæmi, að þeir menn fari með veitingasölu, sem alls ekki eru til þess færir eða hæfir. Og það er alveg óhæft, að ekki skuli eftir gildandi lögum vera unt að banna þeim manni veitingasölu, sem hvað eftir annað hefir orðið uppvís að t. d. óleyfilegri vínsölu.

Af þessum ástæðum hefir stjórninni þótt rjett að leggja fyrir Alþingi frv. í þessa átt. Gert er ráð fyrir, að gjald nokkurt sje greitt í ríkissjóð fyrir veitingaleyfi, en jafnframt heimilað, ef sjerstaklega þykir standa á, að gefa gjaldið eftir, með sjerstöku tilliti til þess, að sumstaðar úti um land er beinlínis æskilegt, að gistihús sjeu sett á stofn.

Að sjálfsögðu nær frv. þetta aðeins til opinberra veitinga, en alls ekki til greiðasölu eða gistinga í sveit eða annarsstaðar, þar sem almenningur á ekki aðgang.

Frv. þetta nær ekki heldur til vínveitinga yfirleitt, því að reglur um þær eru þegar til.

Jeg leyfi mjer að leggja það til, að frv. þessu verði að aflokinni þessari umræðu vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., fimtudaginn 18. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 9, n. 159).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hæstv. stjórn hefir lagt þetta frv. fyrir Alþingi sjerstaklega af því, að ýms almenn fyrirmæli vantar í núgildandi lög um gistihúshald og veitingasölu. Allshn. hefir athugað frv., og er það álit hennar, að samning þess hafi vel tekist, og þykir henni frv. gera nauðsynlegar umbætur á þessari löggjöf. Hún leggur því til, að frv. verði samþykt að mestu leyti óbreytt. Aðeins hefir hún viljað gera 2 smábreytingar, aðra við 3. gr., og má vel vera, að hún sje leiðrjetting á prentvillu, en af því að í stjfrv. er stundum nokkuð undarlegt orðalag, hefir nefndinni dottið í hug, að hjer sje ekki víst, að um prentvillu sje að ræða, sem sje þar sem í 3. gr. 5. tölulið stendur: „bæjarstjórnar og hreppsnefndar", leggur nefndin til, að „eða" komi í staðinn fyrir „og". Hin breytingin er við 15. gr., þar sem eru ákvæði um sektir. Í frv. er lágmarkið 200 kr. Þetta þykir nefndinni alt of hátt, ekki síst þegar miðað er við, hvaða sektir eru nú fyrir þessi brot, en þar er lágmarkið 20 kr., þó að auðvitað þurfi krónutalið að hækka vegna breyttra tíma. Nefndin hefir því lækkað lágmarkið niður

í 50 kr., en hámarkinu, 2000 kr., vildi hún ekki hreyfa við.

Þá mun jeg ekki þurfa að taka fleira fram fyrir nefndarinnar hönd, en vænti þess, að hv. deild samþykki frv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi ekkert að athuga við þær brtt. hv. nefndar, sem hjer liggja fyrir, en jeg vil segja hv. frsm. það, að jeg tel engan vafa á, að orðið „eða“ fyrir „og“ er prentvilla, og finst mjer hann ekki hafa ástæðu til að gera veður út af því nje hallmæla yfirleitt orðalagi á stjfrv.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg vil fallast á þessa skýringu hæstv. atvrh. (MG), en nefndinni datt í hug, að þetta væri ekki prentvilla, af því að hún hefir sjeð svo margt undarlega orðað í stjfrv. áður.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 159,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

4.—14. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 159,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

15. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

16.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 20. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 182).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 36. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 182).

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. hefir gengið í gegnum hv. Ed. nær því breytingalaust. Allshn. hafði það til meðferðar þar, og legg jeg til, að því verði einnig hjer vísað til þeirrar nefndar. Jeg sje ekki ástæðu til að innleiða umræður að svo komnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 182, n. 279).

Frsm. (Árni Jónsson): Jeg þarf ekki að hafa langa framsögu í þessu máli. Frv. er upphaflega borið fram af hæstv. stjórn, hefir verið athugað í háttv. Ed. og þar gerðar á því smávægilegar breytingar, er teljast verða fremur til bóta. Frv. er fram borið til þess að bæta úr vantandi löggjöf í þessu efni, því eins og sakir standa, geta allir sett á stofn gistihús án nokkurs leyfis, eða án þess að neinar kröfur sjeu til þeirra gerðar um það, að þeir sjeu slíku starfi vaxnir. Þykir ekki rjett nú orðið,

að til þessa starfs veljist allra handa óvalinn lýður, sem enga kunnáttu hefir í þessu efni og engin skilyrði til að gegna starfi sínu svo vel sje.

Eftir frv. þessu þurfa menn leyfi lögreglustjóra til þess að setja upp veitingasölu, gistihús eða annað í því sambandi, og er leyfisbrjef þetta sniðið eftir kröfum þeim, sem gerðar eru til þeirra manna, er kaupa borgarabrjef. Þeir þurfa að vera fjár síns ráðandi, mega ekki hafa gerst sekir um neina glæpi og hafa meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, þar sem þeir ætla að reka atvinnuna.

Þá eru einnig í frv. ákvæði um greiðslu til ríkissjóðs fyrir leyfi til þess að mega stunda þessa atvinnu. Fyrir almenna veitingasölu greiðast 150 kr., en fyrir leyfi til gistihúshalds 200 kr. og fyrir tækifærisveitingar frá 5—50 kr. Undanþágur um slíkar veitingar getur lögreglustjóri gefið, þegar sjerstaklega stendur á, eins og t. d. ef ágóða af veitingunum skal verja til þjóðþrifa eða líknarstarfsemi, eða ef fátækir menn eiga hlut að máli.

Þá eru í frv. sektarákvæði, frá 50—1000 kr., fyrir að reka gistihús eða hafa um hönd veitingar, er leyfi þarf til, án þess að hafa fengið til þess leyfi samkv. lögunum. En brot gegn ákvæðum frv. um áfengisveitingar varða sektum frá 50—2000 kr. Í frv. eins og það kom frá hæstv. stjórn, var lágmark sekta fyrir áfengisveitingar 200 kr., en háttv. Ed. færði það niður í 50 kr.

Það er óþarfi að taka það fram, að þó að seld sje gisting og ferðamönnum seldur ýmiskonar beini á sveitabæjum, þá þarf ekki til þess leyfi hlutaðeigandi yfirvalda.

Að endingu skal jeg geta þess, að þó nefndin hafi undirritað nál. án nokkurs ágreinings, þá munu þó væntanlegar brtt. við 3. umr. Þess vegna mætti ætla, að ljúka mætti þessari umr. nú og láta ágreiningsatriðin bíða þangað til brtt. liggja fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Nd., þriðjudaginn 13. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., fimtudaginn 15. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 182, 327, 345, 346).

Afbrigði um brtt. 345 og 346, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. allshn. (Á-J) gat þess við 2. umr. þessa máls, að nefndin væri ekki sammála, þó ekki kæmu brtt. frá hendi nefndarmanna. Nú höfum við tveir nefndarmenn borið fram nokkrar brtt., og hefði jeg raunar kosið, að þær væru bæði fleiri og ítarlegri, en við þetta verður þó að sitja.

Fyrri brtt. á þskj. 327 snertir það, að við teljum þurfa leyfi til þess að reka ballskák (billiard), ef sá rekstur stendur ekki í sambandi við gistihúshald eða greiðasölu.

Jeg hygg, að nefndin sje ekki fráhverf þessari breytingu, þó að það yrði úr, að við flyttum hana tveir, af því að við höfðum aðrar brtt., er mættu andstöðu í nefndinni.

Brtt. á þskj. 346 er þess efnis, að bannað skuli að selja unglingum innan 18 ára aðgang að þessum leik. Þá er brtt. á þskj. 345, sem ákveður sektir, ef ballskák er

rekin án leyfis, og auk þess er 15. gr. breytt í samræmi við þetta.

Þá kem jeg að þeirri brtt., sem jeg skoða aðalbreytinguna. Það er síðari brtt. á þskj. 327, við 6. gr. frv. Hún felur í sjer, að ef maður hefir verið dæmdur sekur um brot á lögum eða reglugerðum um áfengi eða undirgengist sektargreiðslu, þá hafi hann fyrirgert leyfi sínu til að hafa á hendi veitingasölu eða reka gistihús. Það ætti raunar að vera skilyrði fyrir leyfisveitingu, að hlutaðeigandi hefði ekki gert sig sekan um slík brot. En það má ekki minna vera en að þeir, sem sekir gerast, missi rjettinn. Eru þau ákvæði engu harðari en þau, er samþykt voru gagnvart læknum á síðasta þingi fyrir óleyfilega útgáfu áfengislyfseðla. Það hefir sýnt sig, að ekki veitir af sterkum ákvæðum um veitingahús, því þau er altaf verið að sekta aftur og aftur fyrir brot á áfengislöggjöfinni, enda er sagt, að sumir veitingasalar sjeu farnir að halda nokkurskonar „tugthúsvinnumenn" til þess að sitja af sjer sektirnar fyrir þá, svo þeir geti haldið áfram „atvinnu" sinni. Annars held jeg, að löggregluvaldið gæti gengið strangara eftir en gert er, að sumum þessum holum sje lokað.

Eins og jeg hefi tekið fram, skoða jeg þetta aðalbrtt. og tel mikla nauðsyn á, að hún komist í lög. Hún fer líka í nokkuð svipaða átt og lög þau, sem samþykt voru á síðasta þingi um breytingu á aðflutningsbannslögunum, þar sem hert var á ýmsum ákvæðum um lækna o. fl. Jeg tel ekki minni nauðsyn á að setja ströng ákvæði um veitingamenn. Fel jeg svo þessar brtt. velvilja deildarmanna og vona, að þær verði samþyktar.

Frsm. (Árni Jónsson): Allshn. hefir ekki getað orðið sammála um þessar brtt Þær hafa því ekki verið teknar til umr., og get jeg því ekkert sagt um þær frá nefndarinnar hálfu. Fyrir mitt leyti get jeg felt mig við fyrri brtt. á þskj. 327, og þar af leiðandi við fyrri brtt. á þskj. 345. Þm. úr Ed. óskaði eftir, að þessar till. væru fluttar, og fanst mjer ekkert á móti því, þar sem billiardstofur geta verið arðsamur atvinnuvegur. Aftur er jeg algerlega á móti hinum brtt.

Hv. flm. (JBald) lagði aðalhersluna á síðari brtt. á þskj. 327, þar sem hert eru ákvæðin gagnvart þeim, sem gerst hafa sekir um brot á bannlögunum. Jeg skal ekki fara mikið út í þetta hjer, en jeg lít svo á, að ekki þurfi að gilda harðari ákvæði um þessi brot en önnur.

Einna fáránlegust finst mjer sú till., sem vill banna unglingum innan 18 ára aðgang að „billiard"-stofum. Jeg lít svo á þennan leik, að hann sje eitt af því, sem telja má ungs manns gaman, og það eru víst helst unglingar á þessum aldri, sem sækjast eftir þessari skemtun. Jeg er þessu að vísu ekki mikið kunnugur, en jeg veit ekki annað en hjer sje um saklausan leik að ræða, sem ekki sje nein ástæða til að telja skaðlegan fyrir unglinga á þessum aldri, þó að þeir hafi hann sjer til dægrastyttingar. Hjer skýtur bara upp einum anga af þessari alkunnu banngræðgi, sem þjáir suma menn. Þeir eru aldrei ánægðari en ef þeir geta komið inn einhverjum bannákvæðum. Það er eins og þeir hafi sjerstaka ánægju af að heyra brakið og brestina í þeim lögum, sem þeir láta frá sjer fara.

Jeg vona, að deildin felli þessar tillögur, því að af þeim mundi ekkert gott leiða.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hafði gert mjer von um, að frv. þetta gengi

breytingalaust fram. Mjer brá því í brún, þegar jeg sá hóp af brtt., og einkum þar sem sömu nöfnin voru við þær allar. Mjer þykir skrítið, að þær skyldu ekki allar fluttar á sama þskj., en það er nú aukaatriði.

Jeg tel enga þessara brtt. nauðsynlega. Jeg sje ekki ástæðu til, að tekinn sje skattur af billiardstofum sjerstaklega. Með því væri farið út fyrir þann ramma, sem miðað er við, því að með frv. er verið að skatta atvinnurekstur, en ekki skemtanir. Jeg held, að fyrir flm. till. vaki það, að þeir haldi, að venjulega sjeu reknar veitingar í sambandi við billiardstofur. Þar sem svo er, falla þær undir þessi lög. En ef billiardstofur eru reknar án veitinga, finst mjer ekki ástæða til að leggja á þær skatt. Jeg tel ekki þennan leik saknæmari en hverja aðra skemtun.

Síðari hluta brtt. á þskj. 327 get jeg ekki heldur fallist á. Hjer er farið lengra en annarsstaðar, ef 1. brot skal varða atvinnumissi. Mjer skildist hv. 2. þm. Reykv. (JBald) líta svo á, að 3 ný brot þyrfti til þess að fyrirgera leyfi samkv. 6. gr. frv. Jeg lít svo á, að taka megi eldri brot til greina, þannig, að sá, sem tvisvar hefir brotið áður en leyfi var veitt samkv. þessum lögum, missi rjett sinn við 1. brot. Samanborið við önnur lög tel jeg of hart, að sá, sem ekki hefir orðið brotlegur áður en leyfi var veitt, missi rjett sinn við 1. brot.

Að banna unglingum yngri en 18 ára að sækja jafnsaklausa skemtun og „billiard" finst mjer ástæðulaust. Jeg er viss um, að sá leikur er yfirleitt minna spillandi en t. d. bíó. Það mundi líka erfitt að framkvæma slík ákvæði, og það er altaf varhugavert að setja í lög það, sem enginn nauður rekur til.

Jeg sje ekki, að 15. gr. frv. sje bætt með því að setja inn í frv. orðin „eða annað". Jeg vil spyrja háttv. flm., hvað er þetta „annað", sem um er að ræða? Ef með þessu er átt við billiard, hví á þá ekki að taka það fram? Því að ella má heimfæra þessi orð upp á margt fleira, t. d. meðalasölu o. fl., sem leyfisbrjef þarf til að selja. *(PO:* Það er átt við eftir þessum lögum). Ef svo er, þá getur það aðeins átt við billiard, og hví á þá ekki að taka það fram berum orðum? Þetta er mjög óviðkunnanlegt orðalag á brtt. Jeg verð því að leggja á móti þessu, eins og öllum breytingartillögunum yfir höfuð, og jeg vænti þess, að háttv. deild samþykki frv. óbreytt, svo að það geti orðið afgreitt í dag sem lög frá Alþingi.

Jón Baldvinsson: Mjer þykir vera orðinn allmikill úlfaþytur út af þessum brtt. mínum og háttv. þm. Borgf. (PO); svo harðlega hafa menn ráðist á þær.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) og hæstv. atvrh. (MG) vaða fram á vígvöllinn og geta vart fundið nógu sterk orð til þess að mála fjandann á vegginn, er þeir lýsa brtt. okkar.

Hæstv. atvrh. (MG) er jafnan viðkvæmur, ef honum finst eitthvað hróflað við frv. hans, en menn kippa sjer nú ekki upp við það; menn eru orðnir því svo vanir, að hann þoli ekki að einu einasta orði sje haggað hjá sjer. En hann verður samt að una við þetta, og hann má þakka fyrir, að ekki er hreyft við aðalatriðum frv., því það er þó viðurkenning þess, að hann hafi þar eitthvað til síns máls, eða að málið sjálft sje einhvers virði. Hann ræddi um brtt. 327 og 345 og spurði, hvers vegna þetta atriði var sjerstaklega tekið fyrir. Jeg skal upplýsa hann um það, að

þetta er samkv. tilmælum, sem einum alþm. í hv. Ed. hafa borist úr kjördæmi sínu. Með leyfi hæstv. forseta skal jeg lesa hjer upp kafla úr brjefinu, sem er orsök til þess, að brtt. eru fram komnar. Brjefkaflinn er svo hljóðandi:

„Hjer er mentastofnun ein, sem nefnist „billiard", og kemur að gagni hina mörgu landhelgisdaga, sem verið hafa í vetur. Hitt sýnist minni þörf, að draga þangað smádrengi með þá fáu aura, sem þeir hafa, hvernig sem fengnir eru. Að þessu komst jeg í dag áþreifanlega. Fann bæjarfógeta að máli í dag, og kvað hann vanta alveg ákvæði í lög til að banna þessa veiðiaðferð."

Þetta er ástæðan til brtt., og þeir eru fleiri en þessi maður, sem vita, að ballskákstofur eru einskonar „letigarður" fyrir unglinga þá, sem þangað venja komur sínar. Það vita margir um það, að þar eru að venju allófögur læti í þessum skákstofum, og það er til lítillar „uppbyggingar" fyrir unglinga að dvelja þar.

Hæstv. atvrh. fann að orðalagi brtt. 345. Það er auðvitað, að brtt. á við frv., er bætt hefir verið inn í það ákvæðum um ballskákir, og hæstv. ráðherra veit vel, að þetta tekur ekki til annara laga. Í raun og veru voru aðfinslur hæstv. atvrh. ekkert annað en útúrsnúningur, og nenni jeg ekki að eltast við það.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) komst í æsing, er hann fór að minnast á þessa „bann"-tillögu okkar háttv. þm. Borgf. (PO), og hann kallaði okkur banngráðuga og bannæsingamenn. Það mætti alveg svara hv. þm. (ÁJ) í sama tón og segja, að hann vildi helst hafa alt stjórnlaust, þ. e. a. s. vildi hvergi láta setja neinar takmarkanir í löggjöfinni um það, hvernig menn mega hegða sjer. Ef hann skipar mjer og háttv. þm. Borgf. (PO) í flokk hinna stjórnlyndu, þá sje jeg ekki betur en að hv. þm. verði, eftir kenningu fjrh., að teljast í flokki stjórnleysingja.

Það er annars undarlegt með suma menn, að það er eins og þeir sleppi sjer alveg, ef bornar eru fram tillögur til að bæta eftirlitið með bannlögunum, eða tillögur, sem reyna að hefta ólöglega vínsölu. Ekki þykjast þeir þó vera andbanningar, og ávalt eru þingmenn annaðhvort „hlyntir" bannlögunum eða stækir bannmenn, þegar komið er til kjósendanna í landinu og kosningar standa fyrir dyrum. Miklu drengilegra væri að koma hreint fram, segjast vilja afnema öll vínbannslög og allar takmarkanir um sölu áfengis. Í því væri meira samræmi heldur en að vera bannfjandi á þingi, en bannvinur og augnaþjónn kjósenda utan þings.

Frsm. (Árni Jónsson): Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) kvartaði yfir því, að jeg hefði viðhaft stór orð og komist í hita, er jeg talaði um brtt. hans áðan. Þetta er rjett, jeg get vel komist í hita, þegar um slík mál og þessi er að ræða, því að þetta á sjer djúpar rætur í eðli mínu og lífsskoðun. Jeg get vel gert þessum háttv. þm. það til geðs, að lýsa því yfir fyrir hann, að þó jeg sje ekki stjórnleysingi, er langt frá því að jeg sje stjórnlyndur, og jeg tel mjer sóma að því. Hv. þm. (JBald) talaði um þá þm., sem væru bannmenn aðeins er þeir töluðu við kjósendur. Þetta snertir mig ekki; því jeg hefi aldrei talið mig bannmann. En um það er heldur ekki að ræða hjer, og hjer er ekki afnám á bannlögum til umræðu. Þvert á móti er það einhver banngræðgi og bannofstæki, sem hefir gagntekið hugi manna, og þessar brtt. hjer eru aðeins tilraunir til að

ganga enn nær persónufrelsi manna en þó hefir verið gert áður, og var þó síst á bætandi. Þetta bann gegn saklausri skemtun, sem unglingar leggja stund á, nær ekki nokkurri átt.

Mjer þykir það annars undarlegt, að hv. 2. þm. Reykv., sem ár eftir ár og þing eftir þing hefir barist fyrir því, að unglingar um tvítugsaldur fái kosningarrjett og þátttöku í opinberum málefnum, að hann, þessi sami þm., nú vill telja 18 ára unglinga svo óþroskaða, að þeir geti ekki sjer að skaðlausu lagt stund á jafnmeinlausa íþrótt og billiard er. Hann berst fyrir því, að allir tvítugir unglingar fái kosningarrjett, en þó telur hann þá vera óþroskuð börn 18 ára. Það er ekki svo lítil framför til þroska, sem þessi hv. þm. gerir ráð fyrir, að eigi sjer stað á 2—3 árum, ef unglingarnir þá eru orðnir færir um að dæma um vandamál þjóðarinnar.

Hv. þm. (JBald) talaði um, að þetta væri óviðeigandi veiðiaðferð til að plokka fje af unglingum, sem sækja billiardstofur, en hann hefir ekkert við það að athuga, þó fjölskyldumenn eyði kaupi sínu, máske hverjum eyri, til þessa. Ef hann væri í raun og veru hræddur um, að hjer væri um fjárglæfra að ræða, væri honum miklu nær að koma fram með till. um að banna billiard með öllu hjer á landi.

Jón Baldvinsson: Jeg skil ekki, hvers vegna hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) dregur frv. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða inn í þessar umræður. Af því jeg vil veita 21 árs gömlu fólki kosningarrjett, þá ályktar hann af því, að ósamræmi sje milli þeirrar tillögu minnar og þessarar, um að banna unglingum innan 18 ára aldurs aðgang að billiardstofum. Eftir þessu að dæma lítur hv. þm. (ÁJ) svo á, að þessar stofur sjeu uppeldisstofnanir, sem þroski menn og geri þá betur hæfa til að fara með kosningarrjett sinn. En jeg er þarna alveg á gagnstæðri skoðun við hv. þm. (ÁJ). Jeg álít það ekkert þroskavænlegt fyrir unglinga að hafast við á þessum billiardstofum. Að bægja þeim þaðan er síður en svo í ósamræmi við kosningarrjettartillögur mínar.

Út af hinni brtt. vil jeg benda hv. þm. (ÁJ) á það, að það er hart ef veitingamenn og gistihúsaeigendur eru undir vægari ákvæðum að því er snertir brot á bannlögunum heldur en læknar, og það er þetta, sem tillaga okkar fer fram á að leiðrjetta í frv.

Frsm. (Árni Jónsson): Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) undraðist yfir því, að bannlagabrjótar sættu of vægri meðferð. En jeg vil benda hv. þm. á það, að til eru miklu svívirðilegri afbrot en bannlagabrot, afbrot, sem einmitt getur komið fyrir, að framin sjeu á gistihúsum. Jeg skal t. d. benda á eitt slíkt mál, sem kom upp hjer í bæ fyrir nokkrum árum. Þar var um hvíta þrælasölu að ræða. En frv. þetta, sem hjer er um að ræða, tel jeg vera nægilega yfirgripsmikið.

Háttv. þm. læst ekki skilja, hvað það komi málinu við, sem jeg tók fram um skoðun hans á 18 ára unglingum og tvítugum unglingum. Háttv. þm. mun varla geta talið nokkrum þm. trú um, að unglingar, sem eru svo óþroskaðir 18 ára að aldri, að ekki megi treysta þeim til að koma inn í billiardstofu án þess þeir líði tjón á sálu sinni, sjeu orðnir svo þroskaðir 21 árs, að þeim sje vel treystandi til að fara með kosningarrjett og vera í ráðum um öll helstu vandamál þjóðarinnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. frá þm. Str. (TrÞ) (verður þskj. 349) leyfð og samþ. með 15 shlj atkv.

Brtt. 346 feld með 15:4 atkv.

— 349 samþ. með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BSt, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MJ, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSv.

nei: ÁÁ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, ÓTh, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 327,1, svo breytt, feld með 15:11 atkv.

— 327,2 feld með 15:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HK, IngB, JBald, JörB,

nei: KlJ, MG, MJ, ÓTh, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, BL, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 345,1—2 sjálffallnar.

Frv. samþ. með 15:9 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 350).

11. Bryggjugerð í Borgarnesi

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um bryggjugerð í Borgarnesi o. fl. (stjfrv. A. 10).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það frv., sem hjer liggur fyrir, er talsvert einstakt í sinni röð. Aðalefni þess er að heimila landsstjórninni að láta gera allmiklar hafnarbætur í Borgarnesi, með framlagi úr ríkissjóði, er nemur talsvert meiru hlutfallslega en venjulegt er um hafnarbætur. Ástæðan til þess, að stjórnin stingur upp á þessu, er hin sjerstaka afstaða Borgarness sem áfangastaður fjölda ferðamanna.

Í ástæðunum fyrir frv. er nánar vikið að, hvað fyrir stjórninni vakir í þessu efni, og get jeg að mestu vísað til þess. En hjer vil jeg bæta því við, að stjórnin væntir þess, að hún hafi að baki sjer stuðning þingsins um það að gera það, sem unt er með kleifum kostnaði, til þess að flýta fyrir ferðum þeirra manna, sem fara nauðsynja sinna hingað af öllu því stóra svæði, sem í ferðatilliti má kalla uppland Borgarness.

Eftir því, sem nú er komið, er það ekki lítill fjöldi manna, sem árlega fer á skipi um Borgarnes til eða frá Reykjavík, og allar líkur eru á, að slíkt aukist fremur en minki. Það eru margar sýslur, sem nota þessa leið, eins og kunnugt er. Það eru ekki einungis Mýramenn og Borgfirðingar, heldur einnig Snæfellingar og Hnappdælir, Dalamenn, Strandamenn, Húnvetningar, Skagfirðingar, Eyfirðingar og jafnvel Þingeyingar. Og síðast má nefna Reykvíkinga.

Það þarf nú ekki að leiða getum að því, hversu mikils virði það er öllum þessum ferðamönnum, að greidd sje gata þeirra eftir föngum. Sú nauðsyn liggur í augum uppi, og vissulega er það mikils virði að geta stytt þann tíma, sem til ferðarinnar fer. Tíminn er peningar fyrir ferðamennina eins og aðra, og það er mikill tímaþjófur að þurfa 3, 4 eða 5 daga til að komast hjeðan norður í land. Ef bifreiðarvegur kemur alla leið úr Borgarnesi norður í land, er að sjálfsögðu mikið úr þessu bætt, en alls ekki til hlítar fyr

en sjeð er fyrir, eftir því sem við verður komið, að ekki verði töf í Borgarnesi.

Stjórnin vill því líta á þetta mál þannig, að það sje allmikill samgöngubótaþáttur, og með tilliti til þess eru ákvæði frv. sniðin, en út í það atriði fer jeg ekki nánar við þessa 1. umr.

Jeg get hjer getið þess, að mjer hefir ósjaldan dottið það í hug, þegar jeg á ferðum mínum milli Norður- og Suðurlands hefi komið að Hvalfirði, að mikil samgöngubót og mikill ferðarflýtir væri að því að hafa eimferju af Hvalfjarðarströndinni yfir í Kjós eða á Kjalarnes og bifreiðaveg til beggja handa. Slík ferja þyrfti að vera þannig útbúin, að hægt væri að aka út á hana bifreiðum og teyma út á hana hesta. Að svo komnu máli geri jeg þetta ekki að tillögu minni, en ekki þætti mjer ólíklegt, að þetta kæmist í framkvæmd áður en mjög langir tímar líða, og hafnarbætur í Borgarnesi eru nauðsynlegar hvað sem þessu líður.

Að lokinni þessari umr. leyfi jeg mjer að óska, að frv. verði vísað til 2. umr. og til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til samgmn. með 16 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Nd., miðvikudaginn 31. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 10, n. 161).

Frsm. (Klemens Jónsson): Hæstv. stjórn hefir borið fram frumvarp þetta um bryggjugerð í Borgarnesi. Var því vísað til samgmn., og hefir hún athugað það á nokkrum fundum, lagt fram nál. á þskj. 161 og leggur til, að það verði samþykt með þeirri breytingu, að nefndin leggur til að takmarka upphæð þá, sem lögð yrði fram til þessa fyrirtækis. Þetta mál var rannsakað af verkfræðingnum N. P. Kirk árið 1917. Gerði hann það að tilhlutun sýslumannsins í Borgarnesi og hefir gefið honum skýrslu um kostnaðinn. Jeg hefi nú þessa skýrslu í höndunum, dags. 11. apríl 1917. Er kostnaðurinn samkvæmt henni áætlaður á þennan hátt:

4 metra breiður vegur frá slátturhúsinu að Brákarsundi....	kr.	6988
Garður yfir Brákarsund	—	22875
Vegur á Stóru-Brákarey til bryggjunnar	—	6500
Trjebryggja, 40 metra löng, 4. m. breið, með tjóðurhælum	—	15500
Uppfylling bak við bryggjuna	—	3000
Dýpkun á stokk, 350 m. löngum. 3 m. djúpum og 20 m. breiðum, ásamt „Svajebassin“ við bryggjuna 50 m.	—	60000
Eftirlit með verkinu	—	5137
Samtals kr.		120000

Þess er getið í brjefi þessu, að þetta sje „kalkulatoriskt Overslag“, eða bráðabirgðahandahófsáætlun, og þar sem hún er gerð 1917, miðar hún við þáverandi prísa, svo að ætla má, að nú yrði verkið eitthvað ódýrara, enda er þess getið í athugasemdum stjórnarinnar við frv., að það yrði eitthvað yfir 100 þús. kr. Verkfræðingurinn segir, að þetta sje bráðabirgðaáætlun hjá sjer, og fleira bendir á, að hjer hafi verið lauslega að farið. T. d. er gert ráð fyrir að byggja garð milli meginlandsins og Stóru-Brákareyjar, en það kemur varla til mála, því að mikill straumur er í firðinum, og liggur hann gegnum þetta sund, og er straumfallið svo mikið í sundinu milli eyjar og lands, að þegar

„spekulants"-skip fóru hjer á árunum upp á Brákarpoll og lágu í sundinu, þá varð að símbinda þau þar í sundinu að framan og aftan. En það er hægt að búa þarna til steinboga. Þetta hefi jeg tekið fram til að sýna, að undirbúningur málsins er ekki mikill, en það er líka tekið skýrt fram í frv. og aths. við það, að ekki verði ráðist í framkvæmd verksins nema nákvæm rannsókn fari fram áður. Í 1. gr. frv. stendur, að það skuli gert að undangenginni rannsókn. Og í aths. við frv. er sagt, að enn sje órannsakað, hvort byrgja megi Brákarsund með garði, og eins hvort dýpkunin sje miklum erfiðleikum bundin, og að það verði vandlega rannsakað, áður en í verkið verður ráðist.

Eins og öll þau gögn, er að máli þessu lúta, bera með sjer, er málið nálega alveg óundirbúið, og hefði því legið beinast við að vísa því frá, en nefndin sá samt ekki ástæðu til að mæla á móti því, að það nái fram að ganga, því að hún viðurkennir það, sem stendur í aths. stjórnarinnar við frv., að nauðsynlegt sje að flýta sem mest akvegi milli Norður- og Suðurlands, og þar eð Borgarnes er miðstöð fyrir alla, sem fara milli þessara landshluta, þá vill nefndin veita stjórninni þessa heimild, með því skilyrði, að málið verði rannsakað nánar. Nefndinni þótti ennfremur ástæða til að binda þessa heimild því skilyrði, að ekki yrði farið fram úr 150 þús. kr. Geri jeg þó ráð fyrir, að ekki verði komist af með þessa upphæð, en þar sem verkið verður ekki unnið á stuttum tíma og stjórnin getur altaf fylgst með því, sem með þarf, þá geri jeg ráð fyrir því, að hún geti altaf farið til þingsins til að fá fje til að fullgera verkið.

Jeg fer svo ekki frekar inn á þetta, en legg til, fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþykt með þeirri brtt., að framlagið fari ekki fram úr 150 þús. kr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get verið þakklátur háttv. samgmn. fyrir afgreiðslu þessa máls og hefi ekkert að athuga við brtt., en mjer skilst, að með þessum 150 þús. kr. sje átt við framlagið úr ríkissjóði.

Jeg skal játa, að málið er lítið undirbúið, en með flutningi málsins vildi stjórnin slá því föstu, að þarna þyrfti framkvæmda við, til þess að flýta fyrir samgöngum til Norðurlandsins. Hinsvegar getur stjórnin lofað því, að ekki skuli neitt gert fyr en ný rannsókn, sem þykir trygg, hefir farið fram af verkfræðingum eða öðrum fulltrúum stjórnarinnar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi aðeins skjóta fram einni aths. Þetta frv. er einn liður í því að bæta og tryggja samgöngur milli Norðurlands og Suðurlands, og er jeg því algerlega samþykkur. En svo vil jeg leyfa mjer að vekja athygli á, hvort ekki væri nauðsynlegt að gera meira en þetta. Jeg hygg, að sjálf leiðin um fjörðinn valdi oft mestum erfiðleikum. Hann er svo grunnur og þröngur, að ef verulega er að veðri og dimmviðri, má teljast ómögulegt að fara um hann. *(PO*: Þetta er misskilningur). Jeg vil skjóta því til hæstv. stjórnar, hvort ekki væri rjett að athuga, hvort ekki mætti bæta siglingaleiðina að einhverju leyti, t. d. með sprengingum. Jeg heyri, að hv. þm. Borgf. mótmælir því, sem jeg segi. En jeg er kunnugur þarna, því að jeg hefi mjög oft farið þar um, og vil þess vegna segja það, að jeg hefi aldrei tafist vegna lendingarinnar, en aftur á móti oft orðið að bíða

vegna hins, hve erfitt og ilt var að komast um fjörðinn.

Pjetur Þórðarson: Jeg vil gera athugasemd við ræðu hv. þm. Str. (TrÞ), og er jeg á þeirri skoðun, að það sje misskilningur, að erfiðleikar þeir, sem hjer er um að ræða, stafi af því, hve erfitt sje að komast á milli hafna hjer í Reykjavík og við Borgarfjörðinn, heldur stafa þeir af því, að það er oft svo erfitt vegna grynninga við land, straums, og þá sjerstaklega í landsynningsveðrum, að komast úr og í land með fólk og flutning; en þetta má alt bæta með því að byggja góða bryggju. En ferðirnar tefjast ekki, eins og áður er sagt, vegna þess, að erfitt sje að komast á milli, heldur vegna þess, hve erfitt er að komast út í skipin. Þess vegna væri bryggjan nauðsynleg, auk þess sem hún myndi bæta til fullnustu úr erfiðleikum þeim, sem eru samfara uppskipunum, eins og nú hagar til þar efra.

Fyrst jeg er á annað borð staðinn upp, vil jeg láta álit mitt í ljós um það, sem hv. frsm. (KlJ) kom inn á, hvort betra væri að byrgja sundið með garði eða byggja brú yfir það. Jeg er nákunnugur á þessum slóðum og hefi heyrt menn láta í ljós álit sitt um þetta. Jeg er fyrir mitt leyti á þeirri skoðun, að ef sundið yrði brúað, myndi það vitanlega ekki breyta höfninni eða straumunum; en hinsvegar tel jeg líklegt, að miklu ódýrara og líka tryggara væri að gera garð yfir sundið, enda hið fyrsta, sem þarna ætti að gera. Að því búnu væri það þá spurningin, hvort straumurinn færði ekki meira af sandinum en nú er inn fyrir bryggju, sem við eyjuna á að koma. Jeg held, að þetta myndi ekki valda neinu verulegu tjóni, því að þarna er svæðið fyrir innan alt þurt um lágsjávað, og sundið með garðinum sunnan og austan við svæðið verður straumlaust, því að sandurinn hleðst upp austanmegin og straumurinn kemur ekki inn í höfnina fyr en við háflæði. En það gæti verið hætta að gera brú þarna, þó góð væri, því að vjelalausir bátar væru ver staddir, ef straumurinn bæri þá undir brúna um hásjávað. Auk þess yrði brúin dýrari. En jeg vil ennþá taka það fram, að það getur ekki komið til nokkurra mála, að leiðin milli hafna í Reykjavík og Borgarfirði sje svo örðug, að það valdi töfum á ferðunum. Það er hafnleysið, sem er orsök þeirra og sem gerir þetta mál nauðsynlegt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 161 samþ. með 17 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

4.—9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 267).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 44. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 267).

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. er komið hingað frá hv. Nd. Það var þar nokkuð lengi, en ekki var því um að kenna, að samgmn. þar væri á móti því, heldur vegna þess, að annríki var mikið í nefndinni og hún sá sjer ekki fært að afgreiða það fyr en á eftir öðrum málum, sem hún hafði til meðferðar.

Þetta frv. er einn liður í þeirri áætlun stjórnarinnar að koma á greiðum samgöngum milli Norður- og Suðurlands. Það er meiningin, að bílfær vegur frá Borgarnesi að Vatnsskarði verði fullgerður fyrir árið 1934. En um leið og samgöngurnar eru bættar á landi er líka sjálfsagt að hugsa fyrir því, að ferðamenn þurfi ekki að bíða lengi í Borgarnesi vegna vondrar hafnar. Hv. þm. er kunnugt um það, að það er oft ekki hægt að afgreiða skip þar, þótt ekki sje mjög mikið að veðri. Meiningin er nú að bæta úr þessu á þann veg, annaðhvort að brúa Brákarsund eða hlaða garð yfir það og gera svo bryggju við Brákarey, þannig, að milliferðaskip geti lagst við hana. Jeg skal geta þess hjer, að enn er ekki rannsökuð að fullu kostnaðarhlið þessa máls, en það verður ekki byrjað á verkinu fyr en ítarleg kostnaðaráætlun hefir verið gerð. Það lítur út fyrir, að það þurfi að dýpka út frá bryggjunni, og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að fá leiguskip í sumar til þess að dýpka hjer og víðar, t. d. í Vestmannaeyjum, Akureyri og Siglufirði. En þessu verður ekki slegið föstu fyr en útsjeð er um forlög þessa frv. Jeg vænti, að það verði ekki málinu til falls, þó að rannsóknin sje eftir, og vona, að hv. deild trúi stjórninni til þess að láta fara fram nauðsynlega rannsókn. Í Nd. var gerð sú breyting, að framlag ríkissjóðs má ekki fara fram úr 150 þús. kr. En tilætlun stjórnarinnar var, að ekki yrði lagt í verkið, ef til þess þyrfti fjárhæð, sem var töluvert minni en þetta. Jeg er ánægður með þessa takmörkun á heimildinni. Jeg hygg, að varla þurfi svona mikið fje, þegar tillit er tekið til þess, að töluvert fje fæst annarsstaðar að. Þetta mál var í samgmn. í Nd., og legg jeg til, að því verði vísað til sömu nefndar hjer, að lokinni umr.

Sigurður Eggerz: Jeg stend upp aðeins til þess að láta í ljós ánægju mína yfir þessu frv. Jeg tel lendingarbót þessa mjög nauðsynlega og vænti, að hv. deild greiði fyrir þessu, og mun jeg veita málinu minn stuðning.

Jónas Jónsson: Út af ræðu hæstv. atvrh. (MG) vil jeg taka það fram, að hjer er um óvenjulegt form að ræða, að veita mikið fje til verklegra framkvæmda áður en þess að rannsókn hafi farið fram áður. Undir venjulegum kringumstæðum mundi jeg, og margir fleiri, vera ófúsir á að stuðla að slíku. En af því að jeg tel mál þetta mjög nauðsynlegt, geri jeg ráð fyrir því, að jeg muni frekar flýta fyrir þessu máli en tefja hjer í deildinni. Þetta verður að gerast á næstu árum, hvort sem það verður samþykt nú eða ekki, vegna hins mikla vegar, sem leggja á frá Borgarnesi til Norðurlands. En jeg vildi gjarnan fá að vita nú, hversu fljótar framkvæmdir stjórnin hugsar sjer að hafa á þessu, ef þetta verður samþykt hjer nú. Það sjest ekki af skjölum þeim, sem fyrir liggja.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg þakka þeim hv. þm., sem hafa lagt frv. þessu liðsyrði. Út af fyrirspurn frá háttv. 3. landsk. (JJ), þá skal jeg taka það fram,

að ekki hefir verið tekin ákvörðun um, hvenær byrjað skuli á verkinu. Stjórnin hefir ekki mörgum á að skipa til rannsóknar, og þeir eru störfum hlaðnir. En á rannsókninni verður byrjað svo fljótt sem hægt er. Þar er eitt atriði erfiðast, og það er að fá vissu um, hvort hægt er að hafa garð yfir Brákarsund, eða hvort brúa verður sundið. Garðurinn er miklu ódýrari, en spurningin er, hvort stöðva má strauminn í sundinu vegna framburðarins úr Hvítá. Jeg skal geta þess, vegna þess að jeg gleymdi því áðan, að myndast hefir í Borgarnesi álitlegur hafnarsjóður. Hann var stofnaður með gjöf „privat"-manns og hefir aukist mjög síðan og er nú um 50 þús. kr. Hann verður að sjálfsögðu notaður til fyrirtækisins, og auk þess er búist við, að hjeraðsbúar leggi eitthvað meira fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Ed., föstudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 267, n. 333).

Frsm. (Sigurður Eggerz): Jeg hefi álitið ástæðulaust að fara mörgum orðum um þetta frv., þar sem allir virðast sammála um það, að um mjög nauðsynlega hafnarbót sje að ræða, og leyfi jeg mjer þess vegna með tilvísun til nál., sem málinu fylgir, að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt, og ennfremur að mælast til, að hæstv. stjórn haldi áfram á sömu braut í þessu efni og hún hefir byrjað á, og hraði framkvæmdum þess svo sem föng eru á.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg finn ástæðu til að þakka hv. samgmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu máli, og skal jeg geta þess, að stjórnin mun láta fram fara rannsókn þá, sem nauðsynleg er, eins fljótt og hægt er, og svo sjá um framkvæmd verksins eins fljótt og því verður við komið.

Jóhann Jósefsson: Eins og hv. frsm. (SE) tók fram, var samgmn. mjög sammála um að ljá þessu máli fylgi sitt, þar sem hún skildi vel nauðsyn þess, að það er fram komið. Við 1. umr. þessa máls mintist hæstv. atvrh. (MG) á ráðstafanir, sem stjórnin hefði gert til þess að útvega í sumar skip til þess að dýpka ýmsar hafnir á landinu, og mintist hæstv. ráðh. í þessu sambandi á Vestmannaeyjar. Nú er það ljóst, að í Vestmannaeyjum, og sjálfsagt víðar, sem hæstv. atvrh. mintist á, er þess mikil þörf, að hafnir sjeu dýpkaðar. Jeg hafði áður heyrt eitthvað um þetta, að talað var um, að stjórnin leigði skip, sem er líklega með þesshátta tækjum, sem kallaðar eru sogdælur. En jeg vissi ekki, að málinu væri svo langt komið, að ráðstafanir væru gerðar til þessara framkvæmda þegar á þessu sumri, og það gladdi mig að heyra, að stjórnin hefði þegar hafist handa um þetta fyrirtæki, og vildi jeg mælast til, að hæstv. atvrh. ljeti nú uppi við þessa umr. málsins, hvaða hafnir væri hugsað um að dýpka þegar á þessu sumri.

Jeg býst við, að á öllum stöðunum þurfi einhver rannsókn fram að fara á undan verkinu, og að því er Vestmannaeyjar snertir, þá tel jeg nauðsynlegt, að nokkur rannsókn sje gerð, og væri svo, þá gæti komið til mála, að manni þætti æskilegt, að unnið væri að dýpkun hafnarinnar þar í sumar; en þá er nauðsynlegt, að rann-

sókn á höfninni væri látin fara fram í vor. Jeg vildi aðeins geta þessa í sambandi við þetta frv., þar eð jeg skildi hæstv. atvrh. svo við 1. umr. þessa máls, að stjórnin ætlaði að láta gera þessa rannsókn á komandi sumri bæði fyrir Vestmannaeyjar og Borgarnes.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal geta þess, að vitamálastjóra hefir verið falið að leitast fyrir um leigu þessa skips, og að hann hefir fengið tilboð um það og spurst fyrir á þeim stöðum, þar sem hugsað er til að dýpkað verði, hvort þeir vildu það. Svörin eru ekki komin enn, en jeg býst við, að þau komi bráðlega. Og færi svo, að ekki nema einn eða tveir staðir vildu sinna þessu, þá er mjög hæpið, að hægt verði að eiga við að leigja skipið, því að það er svo dýrt; en til þess að það kosti ekki nema hæfilega, verður það að hafa nokkuð langa vinnu hjer uppi, að minsta kosti tveggja mánaða tíma. En fari svo, að fleiri staðir neiti að þessi uppgröftur fari fram, þá býst jeg ekki við, að neitt geti orðið af því, að skipið verði tekið á leigu; en eftir því, sem vitamálastjóri segir, er ekki líklegt, að þessu verði neitað, því að leigukjörin eru góð, en aðferðin verður líklega sú, að ríkissjóður stendur í ábyrgð fyrir öllu, því að útgerð skipsins vill aðeins semja við einn aðilja, en svo stendur hver, sem unnið verður hjá, í ábyrgð gagnvart ríkissjóði fyrir sínum hluta. Jeg hygg, að þetta muni fara vel, nema ef 2—3 staðir neita að láta vinna, eða að þetta firma, sem tilboðið hefir gert, gangi frá því aftur, en því geri jeg þó ekki ráð fyrir, ef svörin koma bráðlega. Þeir staðir, sem hjer er átt við sjerstaklega, eru Vestmannaeyjar, Borgarnes, Ísafjörður, Siglufjörður og Akureyri.

Jóhann Jósefsson: Jeg vil þakka hæstv. atvrh. fyrir þessar upplýsingar. Jeg skal ekki segja neitt um aðra staði en Vestmannaeyjar, en jeg þykist viss um, svo fremi sem þeir kostir, sem stjórnin býður Vestmannaeyjum, sjeu þeim ekki ofvaxnir, að þeim verði tekið fegins hendi, og það heldur fyr en síðar, því að það er öllum kunnugt, hver bagi er að því, hvað höfnin þar er grunn.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—9. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 381).

---

12. Bankavaxtabrjef.

Á 12. fundi í Ed., þriðjudaginn 23. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út ný bankavaxtabrjef (stjfrv., A. 20).

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 26. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Eins og getið er um í aths. þessa frv., er 4. flokkur veð-

deildarbrjefa Landsbanka Íslands þrotinn og þegar fyrir nokkru ekki hægt að veita lán úr honum. Þess vegna er óhjákvæmilegt þegar á þessu þingi að setja einhverja löggjöf um framhald á veðbankastarfsemi hans. Það mál hefir legið fyrir milliþinganefnd í bankamálum, og ávöxturinn af starfi hennar í því er frv. það, sem hjer liggur fyrir. Hefir stjórnin aðeins gert lítilfjörlegar breytingar á því. Mjer hefði þótt betra, að nefndin hefði sjeð sjer fært að gera endanlegar till. um skipun þessa máls, en það hefir hún ekki sjeð sjer fært og fært ástæður fyrir því, sem að miklu leyti verður að taka gildar. Það er líka sjerstaklega erfitt að gera endanlega skipun á þessu máli á meðan peningagildið er á hreyfingu, eins og nú er.

Þetta frv. fer fram á, að haldið sje áfram veðdeildarstarfsemi bankans í framhaldi af 4. flokki veðdeildarinnar, og hefir mjer því þótt rjettast að gera ekki aðrar breytingar en þær, sem reynslan í hinum fyrri flokkum hefir sýnt, að beinlínis væru æskilegar. Jeg læt ekki frv. fylgja fleiri ummæli að þessu sinni, og vil leyfa mjer að leggja til, að því verði, að þessari umr. lokinni, vísað til fjhn., og vil um leið biðja háttv. nefnd að gefa mjer tækifæri til að ræða við hana um einstök atriði, sem mjer sýnist, að gæti komið til mála að hafa öðruvísi en hjer er haft.

Sigurður Eggerz: Það má vera, að það hafi verið nauðsynlegt að gera bráðabirgðaráðstafanir í þá átt, sem hjer er farið fram á, en þær hefðu átt að vera aðeins bráðabirgðaráðstafanir. Hæstv. stjórn tók nú að vísu fram, að binda þyrfti bráðan enda á fyrirkomulagið á fasteignaveðlánum í framtíðinni. Þessi ummæli ber síst að lasta, en mjer finst aftur á móti, að þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, bendi í þá átt, að hjer sje í rauninni um meira en bráðabirgðaráðstafanir að ræða. Átta miljónir, sem milliþinganefndin leggur til, að bankavaxtabrjef verði gefin út fyrir, benda í þá átt, að hjer sje um nokkuð meira en bráðabirgðalög að ræða, og hæstv. stjórn hefir hækkað þessa upphæð úr átta miljónum upp í tíu miljónir; og loks þykir mjer það undarlegt, að í málgagni stjórnarinnar, Morgunblaðinu, er talað um, að í frv. því, sem hjer liggur fyrir, sem er aðeins enn stofnun nýrrar veðdeildar, sje um verulega rjettarbót að ræða. Hæstv. fjrh. (JÞ) tók það líka fram, að hjer væri verið að bæta við 5. veðdeildarflokki og að engar verulegar breytingar væru á ferðinni; það má að vísu lána nokkuð hærra, en það er alveg lagt á vald bankastjórnarinnar. Jeg held þess vegna í raun og veru, að þetta lof í stjórnarblaðinu kunni að verka fremur villandi á ýmsa, að þeir kunni að halda, að einhver ný bjargráð sjeu fundin, og bendir þetta ekki alt á það, að við þetta fyrirkomulag eigi að una? Þó að jeg sje ekki vanur að koma fram sem vandlætari, verð jeg að segja, að mjer finst, að það hefði átt miklu betur við, fremur en að vera að ausa lofi á stjórnina fyrir þetta frv., að finna að því, að á síðasta þingi voru ekki gerðar ráðstafanir um nýja veðdeild, þar sem gamla veðdeildin þraut fyrir nýár. Jeg þarf ekki að lýsa því, að það er litið svo á hjer í bænum — og jeg hefi nú síðast átt tal um það við borgarstjóra, og sagði hann þá hið sama um það og aðrir —, að það væri „örðugasti hjallinn“ fyrir þennan bæ, hvað fasteignaveðlán væru örðug, og mestan þátt ætti það í dýrtíðinni hjer, að ekki væri hægt að fá lán til þess að byggja fyrir og koma húsaleigunni niður. *(BK*: Það er ekki veðdeild-

inni að kenna). Hv. 1. þm. G-K. (BK), sem vanalegast er mjög tillagnagóður um bankamál, segir, að þetta sje ekki að kenna veðdeildinni; en það er þó af því, að það hefir ekki tekist að útvega markað fyrir veðdeildarbrjefin. Jeg skal víkja að því aftur, að það er fleira en jeg drap á áðan, sem bendir á, að enn eigi að líða langur tími þangað til að leitast er við að koma þessu máli í nýtt og betra horf. Þannig telur meiri hl. milliþinganefndarinnar nú vera óheppilegan tíma til þess að fastákveða slíkt endanlegt fasteignalánafyrirkomulag, og auk þess getur hann þess, að ræktunarsjóðurinn sje nýtekinn til starfa og enn engin reynsla fengin fyrir honum. Og ennfremur segir hv. 3. landsk. (JJ) nokkuð líkt, en þó nokkuð ákveðnara, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn er ósjeð, hversu Ræktunarsjóður bætir úr lánsþörf bænda, og óvíst, hver reynslan verður, ef selja skal erlendis vaxtabrjef tveggja eða fleiri íslenskra veðlánsstofnana.“

Svo stendur ennfremur, og þar verð jeg að líta svo á, að það bendi mjög ákveðið á frestun, eins og málinu er nú komið, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir nokkurra ára reynslu og athugun verður síðan að taka málið fyrir að nýju og leitast við að finna varanlegt, fast skipulag, sem Íslendingar geta búið að til frambúðar og fullnægir þörfum þjóðarinnar.“

Hvað er það, sem á að fara að útvega reynslu um? Hjer er því slegið föstu af hv. 3. landsk. (JJ), og það virðist vera í samræmi við meiri hl. milliþinganefndarinnar í bankamálum, að það þurfi að fá meiri reynslu til þess að geta ákveðið fyrirkomulag þessa máls, sem einmitt má fullyrða, að þjóðin gerir mestar kröfur til, að fljótt verði leyst af hendi. Að því er snertir veðdeildina sýnist ekki þurfa meiri reynslu, því að hún hefir þegar starfað lengi. Að því er snertir ræktunarsjóðinn, þá verður líka að líta svo á, að það sje fyrirfram gefið, að sú lánsstofnun muni alls ekki geta fullnægt bændum þessa lands, og ætti því heldur ekki að þurfa að leita reynslu í því máli, því að sá sjóður er svo takmarkaður á alla vegu, að hann getur á engan hátt stutt að stórstígum framförum í landbúnaði í landinu. Þar sem háttv. 3. landsk. vill una við þetta ófullnægjandi fyrirkomulag í mörg ár, þá virðist mjer hann allkröfuljettur fyrir hönd landbúnaðarins. En ef bændurnir sjálfir vilja ekki gera frekari kröfur — en því trúi jeg nú ekki, — þá verðum vjer hinir að gera kröfurnar fyrir þá.

Ef litið er á lög og reglugerð ræktunarsjóðsins, þá sjáum við, að í hverju lánsspori, sem bændur þurfa að stíga, eru ótal takmarkanir, t. d. í 9. gr. reglugerðarinnar er talað um, að veita megi lán til jarðræktar og húsagerðar á býlum í sveit, og talið upp í 8 liðum það, er sjerstaklega verði veitt til; en svo stendur í reglugerðinni, að til hinna tveggja síðastnefndu má ekki veita lánið nema verkinu sje að fullu lokið og reynsla fengin fyrir, að það komi að fullum notum. Með öðrum orðum, menn eru látnir framkvæma verkið að mestu í von um að fá lán út á það, en ef það svo mistekst eitthvað, þá fæst ekkert fje til að ljúka við það, — og hvaða hjálp er það? *(Atvrh. MG*: Það gerir Landsbankinn til bráðabirgða). Þetta voru aðeins tvö dæmi, sem jeg nefndi, en yfirleitt er það reglan um þessi lán, að þau eru aðeins veitt eftir að verkið er framkvæmt; en ef lán er veitt á meðan á verkinu stendur, verður auðvitað að setja tryggingar. Jeg hefi áður vikið að því, hve sala brjefanna væri þýðingarmikil fyrir sjóðinn, en í framhaldi af því, hvað sjóðurinn er takmarkaður, vil

jeg benda á, að þó maður eigi fje fyrir jörð og geti keypt hana, þá getur hann ekki fengið lán til að kaupa bústofn á jörðina. Þá eru þarfir bæjanna fyrir lánsstofnun afarmiklar. Ef á annað borð á að reyna að minka eitthvað dýrtíðina í landinu, þá verður að sjá um betra fyrirkomulag á fasteignalánsstofnunum. Háttv. 3. landsk. (JJ) hefir nú að vísu viljað benda á það, að með þeim till., sem gerðar væru af meiri hl. nefndarinnar, væri að ýmsu leyti greidd gata að því að fá betri fasteignaveðslán, og meðal þeirra atriða, sem hv. þm. bendir á, er það, að það stendur í frv. meiri hl. nefndarinnar, að Landsbankinn komi á fót sölu á verðbrjefum og kaupi sjálfur. Það má vel vera, að það geti gert nokkuð fyrir sölu verðbrjefa, en það fer líka nokkuð eftir því, hvernig Landsbankinn kynni að meta þau. Sjálft matið mun nú geta tekið allmikinn tíma, því að fleiri en bankastjórnin eiga að fjalla um það.

Jeg ætla ekki í þetta sinn að ræða till. bankanefndarinnar um seðlafyrirkomulagið, en aðeins benda á, að það lítur svo út, sem meiri hl. nefndarinnar hafi litið svo á, að hann gæti leyst nokkuð af þeim flóknu málefnum, sem hjer eru á ferðinni, með því að búa til svona afskaplega stórt höfuð á Landsbankann. Hver myndi trúa því, að svo lítill banki hefði yfir sjer þriggja manna bankastjórn, svo 5 manna bankaráð, svo 15 manna nefnd, sem er nokkurskonar yfirbankaráð, og loks fjármálaráðherra?

Þá er eitt atriði, sem hv. 3. landsk. (JJ) segir, að muni verða til þess að tryggja fasteignalánsstofnun betri lífsskilyrði, að bankinn hafi ⅓ af sparisjóðsfje sínu í innlendum verðbrjefum. Þetta skilst mjer, að ekki komi frá bankanefndinni, heldur frá landsstjórninni, en það skiftir reyndar engu máli. En í þessu sambandi mætti benda á, að ef svona mikið fje væri lagt til fasteignalánanna, sem í sjálfu sjer væri gott, þá má vera, að ekki lagaðist til á öðrum sviðum, því eitthvert fje þyrfti að koma í skarðið fyrir þetta sparisjóðsfje, sem dregið er frá hinum almennu lánum. Svo segir hv. 3. landsk. (JJ) á bls. 36, að hann bendi á nýja og áður óþekta leið til þess að efla fasteignaveðlán á Íslandi. En sú leið segir hann að felist í því, að bankaráðið ákveði nú vextina. Þetta er nú skrítið. Hjer er engin ný leið. Mismunurinn aðeins sá, að nú ákveður bankastjórnin sjálf vextina, en með þessu fyrirkomulagi í samráði við bankaráð. Í framkvæmd mundu þó bankastjórarnir vitanlega ráða, hvernig vextir yrðu settir. Jeg sje því ekki, að það sje með nokkru móti verjandi að hallast að stefnu meiri hluta bankanefndarinnar, að halda áfram að bíða í svo og svo mörg ár enn. Jeg veit, að hv. meiri hluti, og sjerstaklega hv. 3. landsk. (JJ), heldur því fram, að tímarnir nú sjeu sjerstaklega örðugir og gengið hvikult, og því muni örðugt að fá fast samband milli væntanlegrar fasteignastofnunar og erlends markaðs. En til þess að verulegt líf og fjör komi í viðskiftin, verður að útvega brjefunum erlendan markað og veita þannig nýju fje inn í landið. Það er auðvitað hægt að segja, að tímarnir sjeu örðugir, en þeir eru það ekki fremur á þessu sviði en öðrum. Hvað myndi sagt um ráðstafanir stjórnarinnar, ef hún vildi fresta öllum verklegum framkvæmdum þar til þær yrðu ódýrari? Hæstv. stjórn skilst það, sem raunar ætti að vera ljóst öllum mönnum, að ófært er að skapa hjer slíka kyrstöðu, þó að örlög krónunnar verði ekki sjeð fyrir. Að því er Danmörk snertir eru nú líkur til, að krónan sje að fara upp í gullgildi þar,

og þarf þá ekki að óttast örðugleika við þær sveiflur. Jafnframt þessum athugasemdum verð jeg að leggja áherslu á það, að undinn verði bráður bugur að því að koma skipulagi á þessi mál. Ríkisveðbankinn á að taka til starfa, og skal vandlega athugað, hvernig best má takast að fá markað fyrir brjefin erlendis. Hv. 3. landsk. var mjer áreiðanlega sammála um þetta efni áður. Jeg man ekki betur en að hann væri mjer þakklátur fyrir afskifti mín af þessu máli, þegar jeg barðist fast fyrir því, að þessi bankastofnun kæmist á fót. Jeg hefi litið svo á, að happadrýgst væri, að þessi lánsstofnun væri bæði bundin við landbúnað og fasteignalán í bæjum. Að því er snertir ræktunarsjóðinn, þá er það vitanlega góður maður, sem veitir honum forstöðu, en þetta er þó aðeins aukastarf, þar sem maðurinn rekur málafærslu að aðalstarfi. Það liggur í hlutarins eðli, að ef hin leiðin væri farin og ríkisveðbanka komið á fót, yrðu settir fyrir hann hinir færustu menn, og þeir mundu gera alt, sem í þeirra valdi stæði, bankanum til styrktar. Væru þá góðar horfur á, að hægt yrði að útvega hagfeld lán landbúnaðinum til handa.

Jeg vildi óska, að hv. 3. landsk. færi nú að endurskoða sína gömlu og góðu stefnuskrá í þessu máli, því að hún var verulega góð. Jeg teldi rjett stefnt, ef hann vildi nú hallast á þá sveif að vinna að því í samráði við landsstjórnina að koma málinu inn á þessa gömlu og góðu braut.

Jeg læt nægja þessar stuttu athugasemdir. Jeg veit, að það hefir ekki mikil áhrif hjer, hvað jeg segi, þar sem jeg hefi annarsvegar á móti mjer 8 íhaldsmenn og hinsvegar 5 framsóknarmenn. Jeg hefi auðvitað engin áhrif á þessa stóru flokka í þinginu. En jeg skoða þ. ð skyldu mína meðan jeg á sæti hjer á hinu háa Alþingi að halda fram í hverju máli því, sem jeg álít rjettast og þjóðinni hollast. Ef litið er á reynslu fyrri ára, má sjá, að jeg hefi oft verið í minni hluta í málum, sem síðar hafa sigrað. Jeg þarf því ekkert að óttast, þó ..ð jeg fái hjer ekki atkvæði með mjer, til þess að halda fram rjettum málstað. Jeg get t. d. minst á baráttuna um verslunarfrelsið, þegar verið var að útrýma einokunardraugnum. Jafnvel sumir þeirra, er þátt áttu í að innleiða þann draug, voru með í að kveða hann niður. Afl röksemdanna sneri þeim frá villu síns veg.r. Ef fast er haldið á góðum málstað, sigrar hann jafnan að lokum. Jeg skal játa það hreinskilnislega, að jeg treysti hvorki þessum 8 nje þessum 5 til þess að taka athugasemdir mínar til greina. En utan þings veit jeg, að margir eru sömu skoðunar og jeg í þessu máli og fleirum, og þar á meðal eru ýmsir af vitrustu mönnum þjóðarinnar, sem jeg vona, að næstu kosningar eigi eftir að draga inn í þennan þingsal.

Annars hafði jeg vænst þess af íhaldsstjórninni, sem var með í því að vísa verslunareinokuninni á dyr, að hún mundi ekki vinna að því að koma á einokun í bankamálum. En ef til vill hefir einokunarbakterían verið búin að bíta sig svo fasta í íhaldskroppinn, að fleirum hætti til að sækja í sama farið. — Jeg sagði íhaldskroppinn. Á sálina minnist jeg ekki. Fæst orð hafa minsta ábyrgð.

Jónas Jónsson: Samband mitt við hæstv. stjórn er ekki enn sem komið er svo náið, að jeg þurfi að taka alla ræðu háttv. 1. landsk. (SE) til athugunar. Jeg geri ráð fyrir, að stjórnin og íhaldið muni taka að sjer bróðurpartinn af ræðu hans. Hv. 1. landsk. hefir tekið öll bankamálin til meðferðar. *(SE*: Jeg hefi aðeins drepið á

þau.) og er raunar ekkert á móti því að líta á þau í heild.

Það, sem hjer liggur fyrst fyrir, er þá veðdeildarfrumvarpið og samband þess við annað skipulag. Hv. 1. landsk. hefir það út á milliþinganefndina og hæstv. fjrh. (JÞ) að setja, að lagt er til að framlengja veðdeildina enn um stund og ekki komið fullkomnu skipulagi á þessi mál. Jeg býst við, að hv. 1. landsk. hafi tekið eftir því, að nefndin hafði gert ráð fyrir lægri höfuðstól í hinni nýju veðdeild en stjórnin og með því sýnt, að hún skoðar þetta bráðabirgðafyrirkomulag. En háttv. þm. (SE) mun kunnugt um, að veðdeildin er nú mjög eftirspurð og að mikið gengur út af brjefum hennar. Það er alls ekki ómögulegt, að á þremur árum þyrfti nokkrar miljónir, jafnvel með þeim kjörum, sem nú er um að ræða. Gert er ráð fyrir, að í þessari veðdeild verði gefnir út fleiri flokkar og seldir til þrautar. Og ef hv. 1. landsk. kemur með mjög stóran þingmannaher eftir næstu kosningar, sem koma vill á nýju skipulagi, þá verður ekki annað bundið en sá flokkur, sem búið verður að hefja. Jeg vil ekki spá illa fyrir sigrum þessa hv. þm. í framtíðinni, og það gleður mig að geta gefið honum von um, að þetta frv. verði engin gaddavírsgirðing fyrir frelsisherinn, sem hjer á að halda innreið sína eftir næstu kosningar. Annars er jeg hv. þm. (SE) sammála um mjög vitlausa grein í stjórnarblaðinu — sem raunar er bannvara í þessari háttv. deild. — Blaðið skilur auðsjáanlega ennþá minna í þessu máli en hv. þm. (SE) og heldur, að hjer sje um einhverja nýjung að ræða. En svo er alls ekki, heldur aðeins bráðabirgðaframlenging, og var stjórnarblaðinu vorkunnarlaust að skilja þetta.

Hv. 1. landsk. heldur því fram, að jeg hafi vilst í þessu máli og skift um skoðun, og byggir það á ummælum mínum um ræktunarsjóðsfrumvarpið, að það hafi verið vel undirbúið. En í þessu er engin mótsögn, þó jeg með því játi mistök síðasta þings, sem gerði óhugsandi að stofna ríkisveðbankann nema með lagabreytingu.

Þegar litið er á það, að hæstv. fjrh. hefir altaf beitt sjer á móti ríkisveðbankahugmyndinni og lagði á móti því í fyrra að sameina veðlán til bæja og sveita, er ekki undarlegt, þó að hv. 1. landsk. sje vondaufur um framkvæmd ríkisveðbankafrumvarpsins frá 1921, meðan þessi stjórn fer með völdin.

Þá er hitt atriðið, sem háttv. 1. landsk. fann að, að jeg og ef til vill fleiri úr meiri hluta nefndarinnar teldum þurfa nokkurra ára reynslu til þess að prófa núverandi skipulag áður en því yrði breytt aftur. Jeg vil benda hv. þm. (SE) á, eins og hann raunar sjálfur hefir játað, að varasamt er að gera ráð fyrir miklum framkvæmdum í þessu efni meðan óvíst er um gengi krónunnar, hvort hún verður lækkuð í verði eða hækkuð upp í gullgildi. Hvernig fer fyrir lántakendum, sem ráðast í fyrirtæki, er verða að byggjast á föstu gengi, þegar krónan stígur mjög mikið? Jeg vona, að hv. 1. landsk. sjái, að það er töluvert annað, þó Íslandsbanki láni peninga til að framleiða fisk, sem gert er ráð fyrir að seljist sama ár. Þar getur orðið um sveiflu að ræða, en það hefir aldrei eins mikið að segja og um lán til margra ára.

Á meðan óvíst er um gildi peninganna, verður öll fasteignalánsstarfsemi miklum örðugleikum bundin, og það er svo í hverju einasta landi. Í sumar hitti jeg í Finnlandi prófessor einn, sem mikið hefir að gera með fasteignaveðlán þar í landi. — Hann sagði mjer, að þegar Finnlendingar hefðu verið búnir að festa gengið og breyta

myntlögunum, þá fyrst hefðu þeir getað selt vaxtabrjef veðlánsstofnana með góðum kjörum á útlendum markaði, þá fyrst hefðu vextir lækkað o. s. frv. Á meðan gjaldmiðill Finnlands var á sífeldu reiki, var ekki hægt að koma neinu skipulagi á fasteignamálin. Hvernig er svo ástandið hjer? Hver er sekastur um fall íslensku krónunnar? Það er Íslandsbanki. *(SE*: Ósannindi). Það er hann, sem á mesta sök á gengishruninu vegna óstjórnar á krepputárunum. Og svo er það hann, sem nú kemur hjer með kröfur sínar og heimtar hlunnindi í seðlamálinu, vill vegna eigin hagsmuna fá ranga lausn á seðlamálið. Mjer þykir nú skörin vera farin að færast upp í bekkinn, þegar sá maður, sem var sjálfur æðsti maður Íslandsbanka þegar verst gekk, þegar myndaðist það ófremdarástand, sem nú er, — maður, sem hefir verið með í því að bjarga þeim bankastjóra, sem þá stýrði bankanum út í ófæruna, og veita honum heiðurslaun í tilbót, — þegar hann kemur fram og fer að kenna þjóðinni, hvernig eigi að ráða fram úr þessum hlutum, þar sem einmitt stofnun hans er búin að gera þjóðlíkamann sjúkan, búin að gera peninga okkar hvikandi og á helst sök á því, að við verðum því miður að fresta því að finna framtíðarskipulag í bankamálunum.

Jeg álít það mjög heppilegt, að mjer gefist tækifæri að benda á þann dæmalausa gorgeir, sem kemur fram í því, að þeir, sem að þessari stofnun standa, skuli leyfa sjer að halda því fram, að landið eigi ekki að leggja seðla sína í þá stofnun, sem það sjálft á, þar sem þeir altaf áttu að vera.

Þá talaði háttv. 1. landsk. um það, að það hefði komið fram í till. minni, að sætta sig við ræktunarsjóðinn og veðdeildina, og jeg ljeti mjer lítið umhugað um hag bænda. Jeg vil minna hv. þm. á það, að það er ekki lengra síðan en í hitteðfyrra, að jeg gerði tillögu um það, að söfnunarsjóðurinn gengi í lán handa bændum til ræktunar, og þá var það hv. 1. landsk., sem var einn í þeim meiri hluta, sem feldi það hjer í deildinni.

Þegar jeg kom í fyrra fram með frv. um það að tryggja þann möguleika, sem aðrar siðaðar þjóðir hafa til þess að stofna nýbýli í landinu, þá varð jeg lítils stuðnings aðnjótandi frá hv. 1. landsk. Sama skilningsleysis á nýræktunarmálinu hefir orðið vart hjá honum á þeim fundum, þar sem við höfum verið saman úti um landið. Hann skilur ekki, að heimilafjölgunin í sveitinni er þungamiðjan í okkar ræktunarmáli, eins og hann gæti sjeð, ef hann vildi kynna sjer, hvað það er, sem hefir stutt að fjölgun býla í Danmörku, Noregi og Finnlandi, og hvað það er, sem mesti stjórnmálamaður Englands ætlar nú að gera í þessu efni í sínu landi. *(SE*: Hann er ekki búinn að því). Nei, en það er varla ástæða fyrir hv. 1. landsk. að gera lítið úr Lloyd George, hann hefir gert ýmislegt, sem erfiðara er en að stofna nokkur nýbýli í Englandi.

Jeg tel ekki, að þessi hv. þm. hafi neina ástæðu til að gera sig svo gildan í þessu máli sem hann nú hefir gert. Hann hefir stundum verið deigari, þegar mest hefir riðið á að rjetta hluta fólksins við, en verið einn af varðmönnum þess fjesýslusjúkdóms, sem haldið hefir verið við, sjálfsagt til hagsmuna fyrir hluthafa Íslandsbanka.

Það mun hafa verið skrítla í blaði stúdenta, þar sem reikningskennari sá 11 á töflunni, en lærisveininn hafði skrifað 1. Jeg er hræddur um, að bankamálavitið hafi stigið hv. 1. landsk. til höfuðs, og

þess vegna fjölgi til muna í bankanefndinni.

Þar sem hann talaði um stórt höfuð á svo lítilli stofnun, þá finst mjer það nokkuð áþekt því risavaxna stjórnarhöfði, sem verið hefir á okkar litlu þjóð, og ætti ekki að sóma sjer mikið ver á bankanum.

Þá skildist mjer hv. þm. vera óánægður yfir því, að gert er ráð fyrir ríkissjóðsábyrgð á Landsbankanum áfram. Vil jeg aðeins benda á það í þessu sambandi, að þannig hefir það staðið fyrir hugum fólksins síðan 1885. Það hefir aldrei reynt á það með dómi, hvort þjóðin sje í ábyrgð fyrir bankanum, en það hafa allir gengið út frá því. Jeg býst við, að sá, sem segir, að óeðlilegt sje, að landið beri ábyrgð á sínum eigin banka, sje ekki hv. 1. landsk., heldur einhver bankastjóri Íslandsbanka, sem heldur að landssjóðsábyrgð muni draga úr innlögum í hans eiginn banka.

Þá er það sjálfsagt af sama toga spunnið, þegar hv. þm. heldur það tómar fjarstæður, sem jeg segi á síðustu blaðsíðu í skýrslu milliþinganefndarinnar um húsbóndavald á fjármálaheimili, eftir að komið væri á það skipulag, sem milliþinganefndin gerir ráð fyrir um Landsbankann. Hver hefir húsbóndavaldið á fjármálaheimili Íslands? Er það Íslandsbanki, sem mest hefir af seðlunum? Nei. Telur hann sjer skylt að gegna ríkisbankaskyldum? Nei. Hefir hann talið sjer skylt að kaupa gjaldmiðil undanfarin ár? Nei, hann hefir ekki gert það. Hefir Landsbankinn húsbóndavaldið? Nei, hann hefir ekki seðlana að lögum, nema þessa nýju seðla með óhagstæðum kjörum, sem ekki eru miðuð við áhættuna, sem þjóðbankar hafa af seðlum. Er það sparisjóðurinn á Eyrarbakka? *(SE:* Það er nú búið að eyðileggja hann). Jeg held, að hv. þm. ætti að geta áttað sig á þessu og sjeð, að nú sem stendur er enginn húsbóndi á heimilinu. Þess vegna er það, að þeir erlendu fjármálamenn, sem fyr og síðar hafa verið spurðir um það, hvað þeir álitu skynsamlegast að gera í þessu seðlamáli, hafa komist að sömu niðurstöðu, sem hjer um bil allir hugsandi menn hjer á landi og gert hefir verið ráð fyrir fram á síðustu mánuði, nefnilega að Landsbankinn ætti að hafa seðlaútgáfuna; með því væri eina tryggingin fyrir því, að húsbóndi væri á fjármálaheimilinu.

Jeg skal skýra dálítið betur, hvað fyrir mjer vakir. Jeg nefndi sparisjóðinn á Eyrarbakka. Hv. 1. landsk. er sjálfsagt kunnugt um, að það var stór sparisjóður, sem naut tiltrúar í góðri sveit. En hann fór á hausinn af því, að honum var glæfralega stjórnað. Eitt af því, sem sparisjóður þessi gerði, þegar hann var orðinn sjúkur og þurfti að verjast falli í brekkunni, var að setja upp innlánsvexti, upp úr öllum öðrum lánsstofnunum hjer á landi. Svo vann hann það upp á útlánsvöxtum, og þeir, sem þurftu að fara til okrara, fóru til hans. Á þennan hátt dró hann að sjer mikið fje. Ef þessi stofnun hefði spurt þingið að því, hvort við vildum láta hana hafa seðlana, þá býst jeg við, að við hefðum verið nógu skynsamir til að segja: við viljum ekki skifta við stofnun, sem rekin er á svo óheppilegum grundvelli.

Jeg vona, að hæstv. forseti afsaki það, þótt jeg víki að sumu, sem ekki er beint til umræðu nú, nefnilega úrræði háttv. 1. landsk. Seðlastofnun hans hefir það sjereinkenni, að hún er ekki neinn húsbóndi á fjármálaheimilinu. Íslandsbanki vill vera yfir þeirri stofnun, og þess vegna berst hann fyrir þessu af öllum kröftum. Hann vill ekki vera háður nokkru eftirliti vegna þjóðarhagsmuna. Hann heimtar að fá að vera ríki í ríkinu. Það liggja ekki neinar aðrar ástæður fyrir andstöðu og andhælis-

hætti leiðandi manna þess banka í seðlamálinu nema þetta.

Jeg mun seinna fá tækifæri til að tala um þessa hlið málsins, veikleika slíkrar seðlastofnunar til að halda niðri vöxtum í landinu og vera sá húsbóndi, sem nokkurt tillit er tekið til, og þá sálarlegu strauma, sem liggja til þess, að svo margir merkir menn álíta, að íslensk fjármál þurfi að fá þennan húsbónda.

Þegar það er athugað, að sama stofnunin, sem með sinni óheppilegu fjárstjórn hefir mest áhrif haft til þess að fella íslenska krónu, hindrar nú það, að við getum fengið þolanlega úrlausn á okkar seðlamáli, — og það bætist við, að þetta er útlend stofnun, — þá er skörin farin að færast upp í bekkinn.

Sigurður Eggerz: Það hefði verið ákaflega skemtilegt, hefði hv. 3. landsk. haldið sjer svolítið betur við efnið en hann hefir gert. Enda hefir afstaða hans til Íslandsbanka komið í ljós fyr, og óþarfi að undirstrika hana.

Jeg skal geta þess, að jeg mótmælti því ekki, að stjórnin kæmi með veðdeildarfrv. Það er misskilningur. Jeg sagði, að jeg gerði ráð fyrir, að þótt ákvæðið hefði verið, að ríkisveðbankinn kæmist á fót, þá hefði orðið að koma með veðdeildina nú sem hreint bráðabirgðafyrirkomulag. Jeg mintist einnig á það, að þessi upphæð, 8 milj., sem stjórnin hækkaði upp í 10 milj., benti í þá átt, að þetta ætti að vera meira en bráðabirgðafyrirkomulag.

Hv. þm. kvað stjórnina hafa eyðilagt það, að ríkisveðbankinn væri settur á stofn, með því að ræktunarsjóðurinn nýi var stofnaður á síðasta þingi. En ef jeg man rjett, þá barðist þessi hv. þm. einmitt fyrir ræktunarsjóðnum. *(JJ:* Hvar var hv. 1. landsk.?). Jeg var á móti honum, skoðaði hann sem hvert annað „humbug".

Þessi hv. þm. mintist á fundi úti um landið. Jeg man eftir, að jeg var á fundi með hv. 3. landsk. í Borgarnesi. Hann stráði sínum púðursykri óspart yfir bændur. Hann var svo sem ekki að tala við þá um málin. En mikið talaði hann um það, hvað hann sjálfur hefði gert fyrir bændastjettina. Þegar jeg gerðist svo einfaldur að minnast á það við kjósendur, að gallar væru á ræktunarsjóðnum, þá komst jeg ekki upp fyrir moðreyk. Það var ekki verið að deila um það, hvort ræktunarsjóðurinn væri góður, heldur hitt, hver hefði komið honum í gegn. Þar var sem sje gengið út frá því, að bændur væru glaðir yfir að fá þennan banka, sem hv. þm. sjálfsagt í hjarta sínu telur gallagrip. Og þó vildi hv. þm. umfram alt þakka sjer sjóðinn og sínum flokki, en íhaldið vildi þakka sjer. Og var það nokkur von, þar sem stjórnin kom með frv. Svona er nú hreinskilnin við kjósendur. Það var ekki að tala um gagn ræktunarsjóðsins; hitt var aðalatriðið, að nota hann fyrir kjósendabeitu. Hv. þm. snerist í þessu máli á síðasta þingi, af því að hann var hræddur um, að stjórnin kæmi ræktunarsjóðnum í gegn. Jeg þekki þessa karla og veit, hvað liggur á bak við, og þjóðin mun á sínum tíma skilja. *(JJ:* Hún skildi það nú illa í Borgarnesi). Mikið má vera, hafi hún ekki skilið betur það, sem jeg sagði, heldur en það, sem hv. 3. landsk. sagði. Heyrst hafa raddir um það, að hann og hans flokkur hafi ekki stækkað á þeim fundi.

Þá var hv. þm. í speki sinni að tala um það, að ekki væri hægt að koma ríkisveð-

banka á stofn, vegna þess, að krónan er ekki orðin föst ennþá. En hv. þm. verður vel að gæta að því, að alt, sem gert er á þessu landi, verður að reikna með tilliti til þessa.

Það er auðvitað, að sá maður, sem tekur lán og byggir hús og á að borga eftir svo og svo mörg ár, veit það, að hann tapar vegna gengisbreytinga. Af hverju byggir hann? Af því að hann er tilneyddur. Lífið heimtar stöðugt starf, og þjóðin getur ekki stöðvað sig í framkvæmdum.

Það er auðvitað ekki gott að selja of mikið af brjefum í einu. En jeg tel, að vel mætti miða það eftir þörfum.

Hv. þm. var að vitna í útlendan mann um þessi mál. Hv. þm. hefir altaf mikla tröllatrú á vissum mönnum, og vildi jeg vara hann við því; en annars er jeg hræddur um, að hann hafi ekki skilið, hvað þessi maður var að fara. Jeg er hræddur um, að þeir erlendu menn, sem hv. þm. talaði við, haldi, að við getum bygt á úreltu fyrirkomulagi, af því að við hefðum ekki ráð á öðru.

Svo fór háttv. þm. að tala um Íslandsbanka, þó að það kæmi ekkert þessu máli við. Það mætti reyndar athuga rækilega alla þá erfiðleika, sem sá banki mætti og aðrir bankar í heiminum á sama tíma. En jeg skil ekki í því, að jeg beri neina ábyrgð á því, hvernig Íslandsbanka var stjórnað í fortíðinni. Að vísu var það rjett, að jeg vann á móti því, þegar hv. þm. vildi koma honum fyrir kattarnef. Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að bera kinnroða fyrir það, því að jeg er sannfærður um það, að ef tekist hefði að kippa fótum undan öðrum aðalbanka þjóðarinnar, þá hefðu þau góðu árin, sem nú hafa komið yfir land vort, skilið það eftir öðruvísi en raun er á. Þetta hefði verið einhver mesta ógæfa, sem hægt hefði verið að leiða yfir þjóðina. Við sjáum, að bankahrun grípa ákaflega djúpt um sig, og myndi slíkt verða mjög örlagaþrungið fyrir fátæka þjóð. Hvað hefði orðið, ef tekist hefði með árás á annan höfuðbanka landsins að eyðileggja hann? Hvaða áhrif hefði það haft á íslenskt þjóðlíf? Og Landsbankann? Það er mjög líklegt, að það hefði dregið hann niður líka. Þessi háttv. þm. ætti altaf, þegar hann nefnir Íslandsbanka, að roðna, því að framkoma hans var alveg ósæmileg; hann hefir látið hatrið blinda sig algerlega. *(Forseti* (hringir): Má jeg biðja hv. þm. að haga orðum sínum þinglega). Jeg tek ekkert aftur af því, sem jeg hefi sagt, hæstv. forseti. Annars finst mjer það koma úr hörðustu átt, þegar þessi hv. þm. (JJ) er nú að beina því að þessum banka, að hann hafi orðið til þess, að minsta kosti nú í seinni tíð, að standa á móti sæmilegu gengi krónunnar. Jeg veit ekki betur en að aðstaða Íslandsbanka sje sú, að fara gætilega í hækkun krónunnar, sökum þess, að það sje hollast fyrir báða aðalatvinnuvegina. En þótt hv. þm. viti þetta vel, þá er óvildin svo mikil til Íslandsbanka, að honum dettur ekki í hug að minnast á, að hann hafi þessa aðstöðu. Honum dettur aldrei í hug annað en að afsaka Landsbankann, en kenna Íslandsbanka um. Þó að hv. þm. kalli Íslandsbanka danskan banka, þá veit hann, að í stjórn hans eru aðeins íslenskir menn. En í stjórn Landsbankans er danskur maður, en hv. þm. segir ekki eitt orð um það.

Þá talaði hv. þm. um gorgeir í mjer. Úr því að jeg er þingmaður, verð jeg að halda fram mínum skoðunum, hvort sem jeg er bankastjóri eða ekki. Jeg gæti skilið, að hv. 3. landsk. væri stórorður, ef jeg væri að berjast fyrir því að fela Íslandsbanka seðlaútgáfuna. En það er ekki til-

fellið. Jeg veit, að allir bankastjórar Íslandsbanka mundu rísa á móti því, ef um slíkt væri að ræða. Jeg skil það vel, að þessi hv. þm. álítur það skyldu sína að gera alt, sem Landsbankinn vill gera láta og leggur áherslu á að gert sje. Hann hefir blinda ást á bankanum. Jeg vona, að hæstv. forseti taki ekki illa upp fyrir mjer, þó jeg tali um blinda ást. Jeg veit, að í krafti þessarar blindu ástar vill hann fá Landsbankanum í hendur seðlaútgáfuna. En jeg álít það hina mestu bölvun fyrir bankann, ef slíkt kæmi fyrir, hið mesta óhapp fyrir hann að taka við seðlaútgáfunni. Jeg þykist vera Landsbankanum eins velviljaður og þessi hv. þm. og jeg vil, að vegur hans vaxi, ekki vegna neinna sjerstakra manna, heldur vegna þess, að jeg veit, hve mikla þýðingu þessi stofnun hefir fyrir þjóðina. En með þessu álít jeg, að sje sköpuð hætta fyrir bankann, hætta, sem gæti orðið honum örðug.

Þá sagði hv. þm., að jeg hefði farið rangt með áðan, er jeg talaði um höfuð bankans, alls 24 menn, sagði, að þeir væru ekki nema 19. Það má vel vera, að það sje rjett, að þeir sjeu ekki fleiri, en óneitanlega finst mjer það stórt höfuð á ekki stærri stofnun.

Ekki fjekk jeg sjeð, að hv. þm. tækist að sanna, að þótt þetta nýja fyrirkomulag yrði samþykt, yrði betur sjeð fyrir vöxtum í landinu. Landsbankinn hefir ekki vald til þess að ákveða vexti fyrir sparisjóðina, svo að því er snertir vaxtakjörin, hygg jeg, að ekki yrði breyting frá því, sem nú er. Alt það, sem þessi hv. þm. var að tala um húsbóndann á heimilinu, var tóm illkvitni, eins og vænta mátti. Það er leiðinlegt, að þótt reynt sje að ræða mál með rökum, þá þarf þessi hv. þm. altaf að leita að einhverjum eigingjörnum hvötum, er hann heldur að ráði gerðum manns.

Jeg sagði í fjhn., að ef jeg ætti Íslandsbanka og ef ætti að stjórna honum með eiginhagsmuni fyrir augum, þá væri sjálfsagður hlutur að lána ekki nema tryggum og öruggum fyrirtækjum. Ef bankinn hugsaði aðeins um sinn eiginn hag, þá ætti hann að fara þannig að. En bankinn hefir skilið þá ábyrgð, sem á honum hvílir, af því að hann hefir verið styrktur af ríkissjóði, og því hefir hann teygt sig langt sjer í óhag. Fyrir það hafa atvinnuvegirnir blómgast, en bankinn beðið stærri töp en hann hefði ella þurft. Jeg fæ ekki sjeð, að Íslandsbanki hafi gætt annara hagsmuna meira en hagsmuna atvinnuveganna. Jeg er hræddur um, að hv. 3. landsk. taki ekki tillit til þess, að hann er hjer á Alþingi, en það heilræði vil jeg gefa hv. þm., að gleyma því aldrei. Þjóðin gerir vissar kröfur til fulltrúa sinna, sem ekki er ráðlegt að gleyma.

Forseti (HSteins): Jeg skal taka það fram, að hv. þm. hafa í umræðunum um þetta mál farið langt út fyrir efnið. Umræðurnar hafa aðallega snúist um bankana og seðlaútgáfuna. Þetta er mjög óviðeigandi, og mun jeg ekki leyfa slíkt framvegis, en skora á hv. þm. að halda sjer við efnið.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki vera langorður. Jeg vil taka í sama streng og hæstv. forseti, að umræðurnar hjer í dag hafa snúist um annað meir en það, sem fyrir liggur. Hjer er um að ræða nýjan flokk bankavaxtabrjefa, en um alt annað hefir verið rætt. Ástæðan til þess, að jeg kvaddi mjer hljóðs, er sú, að hv. 1. landsk. (SE) var að gera lítið úr ræktunarsjóðnum og fanst hann hafa litlu fje yfir að ráða. En hv. þm. hefir ekki athugað það, að ef hann hefir úti a[illegible]

það fje, sem hann má, þá hefir hann um 16 miljónir króna. Jeg heyrði, að honum uxu í augum 8 miljónir áðan, og finst mjer vera í þessu lítið samræmi. Þá mintist hann á, að vextir væru háir í ræktunarsjóðnum. Vextir eru þó ekki nema 6%, og mundi almenningi þykja gott, ef hv. 1. landsk. lánaði fje úr banka þeim, er hann stjórnar, fyrir þá vöxtu.

Þá sagði hann, að sjer litist svo á, sem stjórnin væri að reyna að eyðileggja Íslandsbanka. Með því á hann víst við annað frv., sem nú liggur fyrir þinginu, og skil jeg ekki í, hvað það kemur þessu máli við. Annars verð jeg að segja það, að mjer finst það sitja illa á honum sem bankastjóra að vera að breiða það út, að stjórnin sje að reyna að eyðileggja bankann, þó aldrei nema það væri nú satt og rjett, hvað þá þegar það er eintómur misskilningur eða annað verra.

Þá hjelt þessi hv. þm. (SE) því fram, að sama lánsstofnunin ætti að vera fyrir landbúnaðinn og bæina. En reynslan hefir sýnt, að það er ekki hagkvæmt; með því verður landbúnaðurinn ávalt útundan. Því var það, að í fyrra var samþykt að koma á fót sjerstakri lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, sem betur fer, og iðrast jeg þess ekki, þótt með því væri ríkisveðbankinn eyðilagður í bili, eins og hv. 3. landsk. (JJ) tók rjettilega fram. Ræktunarsjóðurinn hefir hingað til getað fullnægt öllum eftirspurnum um lán og hefir enn ekki þurft að krefjast þeirrar heimildar, að Landsbankinn kaupi af honum vaxtabrjef, og öll brjef hans hafa selst affallalaust.

Þá fór hv. 1. landsk. að tala um einokunarbakteríu í íhaldskroppnum. Vildi hann víst með þessu sýna, að hann vissi, að bakteríur færu ekki í sálina. Ennfremur barmaði hann sjer yfir því að vera í minni hluta nú. *(SE*: Nei, nei!). Jeg skal fúslega viðurkenna, að hann má muna tvenna tímana. Sú var tíðin, að hann var í blómlegum meiri hluta, en flokkurinn kringum hann hefir sí og æ farið minkandi, og vissulega eru nú fáir eftir. En sú er þó bót í máli, að hann er hugsjónamaður og hugmyndaflugs og huggar sig nú við þá von, að fylgismennirnir streymi að honum við næstu kosningar. En vera má, að draumsýn þessi rætist ekki og að hv. 1. landsk. fái að vera dálítið meira en baktería í íhaldskroppnum.

Jónas Jónsson: Jeg get nú verið stuttorður. Það er hart, að jeg skuli þurfa að standa oft upp til þess að verja stjfrv. En hv. 1. landsk. (SE) hefir nú að mestu dregið sig inn fyrir víggarðana. Hann talaði hjer um bankamálin líkt og hann talaði á fundinum í Borgarnesi í haust, þar sem viðstaddir voru um 400 manns. Jeg get vitnað það, að hv. 1. landsk. hafði þar enga samúð, og hygg jeg, að hann hafi getað sjeð þar, að annaðhvort eru bændur þar villuráfandi sálir, eða þá að honum hefir brugðist bogalistin. Hv. þm. er kunnugt um átökin í fyrra milli íhaldsins og Framsóknarflokksins um það, hvort ræktunarsjóðurinn gæti runnið inn í ríkisveðbankann eða ekki. Íhaldið varð þar sterkara og því slegið föstu, að stofnanirnar skyldu vera aðskildar. Þar er jeg ósammála hæstv. atvrh. (MG). Jeg áleit heppilegra í framtíðinni að hafa stofnunina ekki nema eina, en það er ekki hægt að sameina þær, nema með sjerstökum lögum. Það kom fram í umræðunum, að Svíar hefðu tvær sjerstakar stofnanir, en við erum smærri en Svíar, og má ekki líkja blint eftir fordæmi þeirra.

Jeg býst við því, að hæstv. forseti leyfi mjer að segja nokkur orð út af árásum hv. 1. landsk. Það kom greinilega í ljós

hjá hv. 1. landsk., að það var bankastjórinn, en ekki þingmaðurinn, sem talaði, og að hann rjeðist sem slíkur á stjórnina fyrir það, að hún væri að setja hengingaról að hálsi bankans. Út frá þessari lífsstöðu sinni ásakaði hann mig einnig fyrir það, að jeg væri að reyna að kippa fótum undan bankanum. Jeg benti bara á það, eins og svo oft áður, að jeg veit engin dæmi til þess í allri Skandinavíu, að banki, sem var eins illa staddur og Íslandsbanki og var veitt eins mikil hjálp og hjer var gert, gæti skotið sjer undan því að láta athuga plögg sín. Hv. 1. landsk. heimtar með frekju hins vanþakkláta, sem hvergi á sinn líka, að þegar sá seki hefir spilað út peningunum á skammarlegan hátt, þá skuli sökudólgurinn undanþeginn því, að lánardrottinn athugi ástand hans. Hann játar, að ef það hefði verið gert og upp hefði komist um ástand sjúklingsins, þá hefði hann tafarlaust dáið. *(SE*: Nú er það Tíminn, — Tíminn, Jónas!). Nei, jeg er aðeins að segja hv. þm. til syndanna. Jeg skora á hann að koma með í blaði stjórnarinnar, — hann fengi vafalaust rúm fyrir það þar, — með lýsingu á einhverjum banka á Norðurlöndum, öðrum en Íslandsbanka, sem var eins illa staddur og Íslandsbanki og hefir leyft sjer þá ósvífni að nota sjer þingstyrk til þess að hindra sjálfsagða athugun, um leið og hjálpin var veitt. Ef hann getur ekki gert þetta, falla allar hans ásakanir á hann sjálfan. Hv. þm. segir, að Íslandsbanki vildi ekki seðlaútgáfuna, þótt honum væri boðin hún. Hvílík dæmalaus breyting! Hvernig hefir það gengið hingað til? Hvernig var það á öllum stríðsárunum? Hvernig var það 1919, er Íslandsbanki vildi selja hindrunarrjettinn fyrir ærið fje? Nei, bankinn vildi feginn hafa seðlaútgáfuna áfram.

Skoðun mín er bygð á því, að jeg álít heppilegast, að Landsbankinn fari með seðlaútgáfuna, en það vill nú svo vel til, að það *eru fleiri en jeg*, sem vilja þetta, svo sem tveir fjármálaráðherrar, sem lagt hafa fram stjfrv. um þetta, hv. þm. Vestm. (JJós) í fyrra og loks Jón Krabbe skrifstofustjóri. Eru þá allir þessir menn í óleyfilegum ástum við Landsbanka Íslands, eða gengur þeim til blint hatur á Íslandsbanka? Á eftir kemur það svo í ljós hjá hv. þm. (SE), að hann elskar Landsbankann. Er það þá svo, að hjarta hv. þm. sje svo stórt, að hann geti bæði elskað sína stofnun og svo líka aðra stofnun, þá, sem hann er að áfella aðra fyrir óleyfilegar ástir við? Jeg býst annars við, að þetta komi til af því, að hjarta hv. þm. er að sínu leyti eins stórt og maðurinn er í sjálfu sjer vörpulegur.

Viðvíkjandi þeirri þýðingu, sem það mundi hafa fyrir veðdeildina að starfa eins og hjer er gert ráð fyrir og með umræddum breytingum á Landsbankanum, vildi jeg segja það, að þar sem Landsbankinn nú hefir stærstan sparisjóð, sem til er á öllu landinu, og þar sem svo er gert ráð fyrir í frv., að hann kaupi vaxtabrjef fyrir *⅓ hluta af sparisjóðsfje sínu*, þyrfti ekki að líða langur tími þar til yrði markaður fyrir tíu miljónir af fjenu, — og er þetta nú ekki mikils virði fyrir hv. þm. (SE), sem elskar alla, sem þurfa fjárins með? Þetta ætti hv. þm. að athuga. En það, hvort þjóðbankinn, eins og hann yrði útbúinn, kæmi til að ráða miklu um vexti og annað fleira, segist hv. þm. ekki vita, en jeg og mínir skoðanabræður álítum, að bankarnir verði að dansa eftir pípu þjóðbankans, og það er atriði, sem ekki aðeins hefir gildi út á við, heldur líka inn á við, að hafa húsbónda á heimilinu, sem getur tekið í taumana, ef með þarf. Jeg tók eft-

ir, að hv. þm. gekk framhjá því, sem jeg sagði um sparisjóðinn á Eyrarbakka, hvort ekki hefði verið hægt að laga hann með því, ef hann hefði orðið að taka tillit til annarar stofnunar, sem hefði verið nógu sterk og getað ráðið fram úr vaxtamálinu.

Sigurður Eggerz: Jeg veit að ræktunarsjóðurinn getur selt brjef fyrir alt að 16 miljónum. Jeg veit, að sú upphæð er ekki lítil. En aðalatriðið er, hvernig er hægt að selja þessi brjef; það er hægt að gefa út heimild fyrir svo og svo mikilli brjefasölu. Og ef það væri allur vandinn, þá væri vandinn lítill. En vandinn er að búa brjefin þannig út, að þau sjeu seljanleg og að þeir peningar, sem koma inn fyrir þau, verði ekki of dýrir. Annars get jeg vísað til þess, sem jeg sagði áður og oft hefi sagt um alla annmarkana á ræktunarsjóðnum. Um dýrleika veðdeildarlánanna get jeg vísað til útreiknings dr. Ólafs Daníelssonar.

Hvað stóru flokkana snertir, sem hæstv. atvrh. (MG) var að tala um, og litla flokkinn, sem jeg er í, þá skal jeg fullvissa hæstv. atvrh. um það, að oft getur verið gott í litlum flokki og vont í stórum. Enda hygg jeg líka, að hæstv. atvrh. hafi stundum fundið til sárleika flokksagans.

Þá kem jeg að hv. 3. landsk. Hann er nú hálfgerður vandræðamaður, því honum hættir svo við að slá því föstu, að maður hafi sagt hitt og þetta, sem maður aldrei hefir sagt, og ræðst svo á mann fyrir það. En þetta er hálfgerð vandræðabardagaaðferð. Jeg sje nú ekki betur en alt staðfestist, sem jeg sagði um aðstöðu háttv. þm. og milliþinganefndarinnar. Það er beinlínis gert ráð fyrir því, að nokkur reynsluár eigi að líða áður en farið er að koma málinu á þann eina rjetta grundvöll, sem jeg hefi bent á. En þessum drætti vil jeg mótmæla í nafni landbúnaðarins og í nafni bæjanna. Þessi tilhneiging háttv. þm. og háttv. meiri hl. milliþinganefndarinnar til þess að stinga þessu stórmáli svefnþorn með nýrri veðdeild er áreiðanlega ein af stóru syndunum. Veðdeildin mátti aðeins vera hrein bráðabirgðaráðstöfun, en syndin liggur í því að byggja hana upp eins og endanlega lausn málsins. Geipiorð háttv. þm. um Íslandsbanka eru ekki svara verð. Langt var frá því, að jeg vildi hindra, að bankinn yrði rannsakaður. Þvert á móti; jeg kom í gegnum þingið bankaeftirlitsmanninum, til þess að stöðug rannsókn á bönkunum gæti átt sjer stað, sem framkvæmd væri af manni með sjerþekkingu. En sú 14 daga rannsókn, sem háttv. þm. vildi láta framkvæma, var pólitísk heimska og hættuleg að því leyti, að hún var svo óvenjuleg og gat skapað óróa um bankann, sem fyrir ári síðan var rannsakaður af þingnefnd.

Háttv. 3. landsk. (JJ) spurði mig um, hvort nokkur banki í heiminum mundi hafa fengið eins mikla hjálp og Íslandsbanki. Já, t. d. Landsbankinn. Jeg studdi t. d. að því 1923, að hann fjekk 200 þús. punda lán, eða h. u. b. 6 milj. kr., og þótti öllum sjálfsagt og skynsamlegt. Hvernig er hv. þm. (JJ) svo óskammfeilinn hjer í þessari háu samkomu að segja, að Íslandsbanki ráði því, sem gert er hjer? *(JJ*: Voru það þá aðeins hluthafarnir?). Jeg treysti þessu háa þingi svo vel, að háttv. þingmenn haldi aðeins því fram, sem þeir telja rjett. Þessi hluthafaásökun á þingið er móðgun, sem hv. þm. ætti að roðna yfir að bera fram. Annars er það hart, þegar rædd eru alvarleg mál við þennan háttv. þm. (JJ), að þá skuli maður þurfa að nota mikið af tímanum til þess að hirta hann.

Jónas Jónsson: Svo ríkt er hv. 1. landsk. (SE) það í hug, að keppinautabankinn sje undir uppsiglingu með seðlana, að hann hefir hvað eftir annað kallað millibinganefndina Landsbankanefnd. Jeg tel það vitnisburð um það, að undirmeðvitund hv. þm. hafi komið upp um yfirmeðvitund hans, hvað mikla óbeit hann hefir á því, að sú stofnun, sem nú er keppinauturinn, fái það, sem hans stofnun vill hafa. Íslandsbanki hefir altaf staðið eins og hundur á roði á rjettinum til seðlaútgáfunnar, þangað til hv. þm. nú segir, að hann sem sjerstakur vinur Landsbankans vilji frábiðja honum þá hættu að fá seðlaútgáfuna, einmitt þá hættu, sem hans banki hefir sóst eftir frá síðustu aldamótum að halda sem fastast í fangi sjer. Jeg býst við, að *jeg* geri ekki hv. þm. (SE) rangt til, þó að jeg segi honum það, að hann hafi ekki áttað sig á þeirri bölvun hins hvikula gengis, sem við eigum nú við að stríða, og að því verði ekki kipt í lag á fáeinum vikum. Jeg vil benda hv. þm. á það, að ef hann vonast eftir, að krónan hækki upp í gullgengi og verði síðan haldið þar fastri, þá fara í þá baráttu mörg ár.

Það er nú auðsætt hvað veðdeildarlánin snertir, að við verðum að notast við þetta bráðabirgðaástand á meðan við getum ekki fengið fastan markað fyrir vaxtabrjef okkar, en af því að jeg sje, að hv. þm. (SE) hefir eitthvað lesið mína grein um fyrirkomulagið, þá vildi jeg biðja hv. þm. að athuga, hvað hann hjeldi, að Danmörk myndi hafa selt mikið af verðbrjefum í stóru löndunum fyrir sunnan sig og vestan, hvort það mundi hafa orðið svo, að skifti hundruðum miljóna, ef danska krónan hefði altaf verið svífandi. En Danir hafa ekki yfirleitt reynt að selja vaxtabrjef utanlands síðan króna þeirra fjell. Öll þessi „kritik" hv. þm. er sprottin af því, að honum hefir ekki skilist það, hvað einum sjúkum lim hefir sjerstaklega tekist að skapa mikið allsherjarböl hjer á landi, og hv. þm. (SE) hefir ekki getað bent á eitt einasta erlent dæmi, þar sem lánardrottnum hefir verið neitað um það að láta trúnaðarmenn sína koma til þess að rannsaka hag skuldunautanna, og enginn gekk þó betur fram í að varna þess árið 1923 heldur en hv. þm. (SE) sjálfur.

Ef *bera mætti saman mikinn mann og* mikið sögulegt atvik við litla andstæðu, vildi jeg bera saman dauða Móse við baráttu hv. 1. landsk. á þingi 1923 gegn því, að Íslandsbanki yrði rannsakaður. Móse horfði með dauðann í hjarta sjer af Nebósfjalli inn yfir hið fyrirheitna land. Hv. 1. landsk. var veturinn 1923, með þann pólitíska dauða í hjarta sjer, farinn að horfa inn í sitt fyrirheitna land — opinn Íslandsbanka.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 3. landsk. (JJ) tók það fram, að það, sem okkur bæri á milli, væri það, að hann teldi það heppilegra, að einn banki væri fyrir öllum útlánum til sveita og bæja, og jeg skal ekki neita því, að okkur beri þetta á milli; *en jeg* verð þá að segja hv. þm. (JJ) það aftur, að jeg sje ekki, hvað landbúnaðurinn hefir gott af því að vera í þeirri samsteypu. *(JJ:* Væri það ekki hugsanlegt, að skipulagið væri tvískift inn á við, þó að það væri ekki nema einskift út á við?). Víst svo, en sú hugmynd hefir naumast komið fram. Jú, jeg hygg, að þetta hafi komið til umræðu á þinginu 1921, en þá var það felt. En þetta er í mínum augum eitt meginatriði landbúnaðarins, að hafa sjerstaka lánsstofnun út af fyrir sig.

Jeg hefi litlu að svara hv. 1. landsk. (SE), því að við höfum ekki deilt mikið í þessu máli. En jeg vil minna á það, að Íslandsbanki hefir afsalað sjer seðlaútgáfurjettinum, svo að það er ekki rjett að brigsla honum um það, að hann vilji fá hann aftur. *(JJ:* Jeg hefi ekki sagt það). Hv. þm. (JJ) gerði hv. 1. landsk. (SE) þær getsakir, að hann vildi fá seðlaútgáfurjettinn aftur; og það, sem hv. þm. (JJ) sagði, að stjórnin hefði verið á móti því að hagur bankans væri rannsakaður, þá var það heldur ekki rjett, því að hjer sat fimm manna nefnd í eitthvað hálft ár, og það var einmitt þingið, sem skipaði hana, og á þinginu 1922—23 kom fram áskorun um að láta rannsaka hag bankans aftur, sem þó gat ekki orðið öðruvísi en ófullkomið, þar sem nákvæm rannsókn hafði farið fram áður.

Þá vildi jeg svara því, er hv. 1. landsk. sagði um vextina hjá ræktunarsjóði. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að vextir eru lægri hjá honum heldur en hjá bönkunum, og þó að menn kunni að geta tekið lán hjá bönkunum, þá hygg jeg, að það verði miklu hægra að taka lán hjá ræktunarsjóði, sem jeg vona, að geti fullnægt þeim kröfum, sem til hans má gera. Og jeg hygg líka, að veðdeildarlánin hljóti að verða ódýrari en venjuleg bankalán, og jeg skil ekki í því, að lán, sem tekið er til 35—40 ára, verði ekki ódýrara heldur en lán, sem tekið er með 7—8% vöxtum, þó að tekið sje tillit til affallanna. Þessum flokki, sem frv. ræðir um, er ætlað að vera þangað til 10 miljónir hafa verið lánaðar. En hvað lengi það verður, veit enginn, en það sannar heldur ekkert um það, að ræktunarsjóðurinn sje of lítill, því að það er svo miklu meira af lánsfjenu, sem fer til kaupstaðanna.

Um stóra og litla stjórnmálaflokka skal jeg ekkert segja. Það má hv. 1. landsk. (SE) best þekkja til að dæma um, en ef það er rjett, sem hann segir um ókostina við stóru flokkana, þá skil jeg það ekki, hvernig hv. þm. (SE) getur horft með gleði í móti væntanlegum straumi af nýjum flokksmönnum hjer inn í þingið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 23. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 20, n. 97).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. hefir verið athugað í fjhn. þessarar háttv. deildar, og hefir hún nú lagt fram álit sitt og till. um það.

Eins og hv. þdm. er kunnugt frá síðasta þingi, þegar skipuð var milliþinganefnd í bankamálum, þá var vitanlega bráðnauðsynlegt, að komið yrði annaðhvort nýju skipulagi á fasteignaveðlán eða að öðrum kosti yrði stjórn Landsbankans veitt heimild til þess að gefa út ný veðdeildarbrjef. Nefndin samdi svo frumvarp það til laga um ný bankavaxtabrjef, sem hjer liggur nú fyrir — að nokkru breytt af stjórninni.

Fjhn. hefir ekki sjeð ástæðu til að gera margar brtt. við frv. En þó er einkum ein brtt. allþýðingarmikil, sem nefndin leggur til, að gerð verði við 1. gr. frv. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa talað við hæstv. fjrh., að það gæti verið hentugt að hafa tvo flokka af veðdeildarbrjefum starfandi í senn, þannig að sá, sem um lán beiddi, gæti valið um, hvort hann vildi t. d. fá lánið með minni afföllum og þá aftur hærri vöxtum. Þetta

fyrirkomulag vildi nefndin að væri heimilað í lögunum. En þá var að skifta þessu fje, sem annars átti að vera í einum flokki, 5 miljónir kr. að upphæð. Höfum við lagt til, að því yrði skift jafnt í þessa tvo flokka, eða 2½ miljón kr. í hvorn. Það er vitanlegt, að hið lága gangverð á veðdeildarbrjefum hefir verið mjög bagalegt, og því líklegt, að margir vildu jafnvel vinna það til að greiða hærri vexti, ef þeir fengju með því móti meira út á veð sín.

Þá er brtt. nefndarinnar við 14. gr. Er sú brtt. sjálfsögð. Úr því nafnverð brjefanna er lægst 100 kr., þá verða aukaafborganir þær, sem hjer er um að ræða, að standa á rjettu hundraði, til þess að hægt sje með þeim að innleysa bankavaxtabrjef, er nemur sömu upphæð og þetta innborgaða fje. Lög um 4. flokk veðdeildar frá 1913 kveða að vísu eins á um þetta og frv., en reglugerðin fyrir 4. flokk, frá 7. maí 1914, orðar þetta eins og nefndin leggur nú til. Virðist rjett að samræma þetta hjer.

Um brtt. nefndarinnar við 15. gr. er það að segja, að lögin um 4. flokk veðdeildarbrjefa hafa engin slík ákvæði, sem nefndin leggur hjer til, að tekin verði upp í þetta frv. En hinsvegar standa samskonar ákvæði í reglugerð þeirri um 4. flokk, sem jeg nefndi áður. Það eru ákvæði um dráttarvexti og hve miklir þeir skuli vera. Hinsvegar áleit nefndin, að ef taka ætti upp þetta ákvæði reglugerðarinnar, þá væri óhjákvæmilegt að taka upp ákvæði úr tveim næstu gr. reglugerðarinnar á undan, og er það að nokkru leyti gert í frumvarpinu. Nefndin áleit nauðsynlegt, úr því að það er talið nauðsynlegt að heimta dráttarvexti, þá yrði sett heimild fyrir því í lögin sjálf, og hefir hún því gert þessa till. um að heimila dráttarvexti, án þess þó að tilgreina, hve háir þeir skuli vera. Upprunalega lagði bankanefndin til í frv., að þessir vextir skyldu vera 5% á mánuði. Stjórnin lækkaði þetta um helming, en það þykir nefndinni fullhátt. En þó sumum nefndarmönnum þyki till. stjórnarinnar fullhá og vildu helst láta sitja við þá dráttarvexti, sem verið hafa, þá hefir nefndin ekki gert brtt. um það.

Þá er síðasta brtt. nefndarinnar við fyrirsögn frv. Okkur þótti viðkunnanlegra að segja: heimild til að gefa út nýja veðdeildarflokka, heldur en: ný bankavaxtabrjef.

Þá eru brtt. ekki fleiri, og tel jeg mig svo ekki þurfa að fjölyrða frekar um málið í heild. Nefndinni er ljóst, að þetta frumvarp er ekki annað en áframhald af þeirri veðdeildarstarfsemi, sem verið hefir áður, og hjer með er ekki lagt út á neina nýja braut til þess að bæta úr þörfinni fyrir veðlánsstofnun í landinu. En meðan ekki er fundin ný leið eða farin, þá er nauðsynlegt að halda veðdeildarstarfseminni áfram. Það hefir verið mjög mikið kvartað yfir því að undanförnu, hvað gangverð brjefanna hefir í seinni tíð verig lágt. Það er nú von mín, að þessi nýja tilhögun með tvo veðdeildarflokka, sem starfa í senn, muni eitthvað geta ráðið bót á þessu lága gangverði. Því að það er eðlilegt, að hvað fari eftir öðru: vextir og gangverð brjefanna.

Hvað það snertir að auglýsa bankavaxtabrjefin og sölu þeirra innanlands, þá er það að vísu rjett, að allur almenningur hjer hefir litla þekkingu á sölu verðbrjefa og lítið með bankavaxtabrjef eða önnur verðbrjef yfirleitt að gera, og getur vel verið, að í þeim ókunnugleika liggi það, hvað bankavaxtabrjef og ríkisskuldabrjef eiga

örðugt uppdráttar um útbreiðslu meðal almennings, og væri vel farið, ef eitthvað væri hægt að gera til þess að bæta úr því. Slíkt mundi verða vel þegið, ef það mætti verða til þess að lækka þau afföll, sem á brjefunum eru nú.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil þakka nefndinni fyrir góða afgreiðslu á þessu frv. Jeg hefi ekkert að athuga við 2. og 3. brtt. En viðvíkjandi 1. brtt., um að hafa tvo flokka með mismunandi vöxtum starfandi í senn, vil jeg segja það, að jeg álít, að hún sje til bóta. En jeg hefi ekki orðið var við það, að fram sjeu komnar ástæður fyrir því, að það þurfi að einskorða upphæð hvors flokks við 2½ milj. kr. Jeg er hræddur um, að það ákvæði sje að minsta kosti óeðlilegt og geti valdið erfiðleikum í framkvæmd. Ef maður hugsar sjer t. d., að byrjað yrði með 5% vaxtaupphæð, en svo gæti komið til mála að lækka vextina niður í 4½%. Nú veit enginn, hve lengi sá rentufótur getur staðið, nje heldur hvernig gangi að selja bankavaxtabrjef úr þessum nýju flokkum. Þó tilgangurinn sje sá, að útvega betri lánskjör, þá gæti farið svo, að sala á bankavaxtabrjefum af lægri flokknum hætti áður en hann væri útseldur, en svo yrði að loka hærri flokknum þegar seld væri 2½ milj. kr., enda þótt nóg eftirspurn yrði eftir brjefum úr þeim flokki. Jeg held því, að þetta ákvæði sje óeðlilegt og jeg hefi enga gilda ástæðu fundið fyrir því. Hinsvegar getur verið ástæða til þess að ákveða, hve lengi megi halda flokknum opnum, því það tímatakmark hefir áhrif á það, hvenær menn geta vænst þess, að þeir fái peninga sína losaða aftur. Það er því venjulegt í slíkum tilfellum, að það sje takmarkað, hve lengi einn og sami flokkur skuli haldast opinn. Það getur verið gott, enda þótt ástæða þyki til að opna alveg samskonar flokk aftur, vegna þess að þar með er endir bundinn á þá spurningu, hvenær búið verði að skila öllu því fje, sem lagt hefir verið í brjef þess flokks. Jeg vildi gjarnan tala um þetta atriði við nefndina, og mætti ef til vill lagfæra þetta með brtt. við 3. umr. Menn verða að gæta þess, þegar verið er að tala um að skifta þessum 5 milj., að þó að það sje stærsti veðdeildarflokkur, sem hingað til hefir verið stofnaður, þá hafa miljónirnar minkað frá því, sem áður var. Og þó krónan nái gullgengi, þá verður kaupmagn hennar ekki nema helmingur eða rúmlega það frá því, sem var fyrir styrjöldina miklu.

Um 4. brtt. er það að segja, að jeg er ekki sem best ánægður með hana. Mjer finst fyrirsögn frv. ekki verða sem lögulegust, þegar búið er að gera á henni þá breytingu, sem hjer ræðir um. Mjer virðist það ekki venjulegt mál að tala um að gefa út veðdeildarflokk. Nær væri að segja: setja á stofn veðdeildarflokk. Jeg vildi óska þess, að nefndin tæki þessa till. aftur til nánari athugunar til 3. umr.

Út af því, sem hjer hefir verið talað um sölu brjefanna, þá er það málefni, sem full ástæða er að taka til sjerstakrar athugunar. Það er efalaust, að það má með auglýsingum og þess háttar gera dálítið fyrir sölu brjefanna. En jeg hygg þó, að á meðan sparisjóðirnir gera ekki nema lítið að því að kaupa slík brjef, þá muni salan innanlands ekki aukast mikið frá því, sem nú er. Það eru einkum sjóðir og fáir einstaklingar, sem leggja fje sitt í svona brjef. En annarsstaðar eru sparisjóðirnir aðalkaupendur að slíkum brjefum. Þetta stafar af sparisjóðslöggjöfinni hjer og þeirri sjerstöku þróun sparisjóðs-

starfseminnar, sem hjer hefir orðið, og sem vitanlega stafar af sjerstakri þörf, að sparisjóðirnir yrðu slíkir sem þeir eru. Því held jeg það, að ekki sje mikils árangurs að vænta af auglýsingum í sambandi við sölu veðdeildarbrjefanna innanlands. Þess má og vænta, að þegar þessir flokkar verða opnaðir, þá berist að svo miklar umsóknir um lán, sumpart af þeirri stöðvun, sem orðið hefir á veðdeildarlánum, og hinsvegar af því, að margir leggja nú hug á byggingar, svo það muni reynast erfitt fyrst í stað að selja eins mikið af veðbrjefum og þarf til þess að fullnægja eftirspurninni. Má því búast við því, að verð brjefanna verði í fyrstu fremur óhagstætt. Það er að vísu til leið, sem hefir áður verið farin til þess að ráða bót á þessu.

Jeg vildi gjarnan skjóta því til háttv. nefndar, að hún tæki til athugunar, hvort ekki þarf að gera sjerstakar ráðstafanir til þess að selja brjefin eða útvega markað fyrir þau, einkum í byrjun.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir nú talað um brtt. nefndarinnar, og skal jeg ekki fara langt út í athugasemdir hans við sumar þeirra, en jeg vil geta þess, að það var með ráðnum huga, að nefndin lagði til, að hvor flokkur yrði 2½ miljón. Nefndin leit svo á, að þeir tveir til samans þyrftu ekki að lokast fyr en einn flokkur lokaðist áður. 4. flokkur er búinn að vera 11 ár á leiðinni. Hinsvegar er rjett, að nefndin athugi þetta í samráði við hæstv. fjrh. til 3. umr.

Við aðrar brtt. hafði hæstv. fjrh. ekki neitt sjerstakt að athuga, nema við fyrirsögn frv. Frv. heitir frv. til laga um heimild fyrir Landsbanka-Íslands, en ekki veðdeild Landsbanka Íslands. *(Fjrh. JÞ*: Það er þá prentvilla í frv.). Það er alveg rjett hjá hæstv. fjrh. Það á að vera frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands. En hvað sem því líður, er þó hjer um fleiri en einn veðdeildarflokk að ræða, og er ætlast til, að heimildin gildi fyrir fleiri flokka en einn, og fanst okkur því rjettara að kalla frv. heimild til útgáfu nýrra flokka veðdeildarbrjefa.

Nefndin talaði um sölu veðdeildarbrjefa í líka átt og jeg sagði fyr, en hún komst ekki svo langt, að hún treysti sjer til að gera till. um sölu brjefanna nú. En vel má vera, að hún reyni það síðar, og þá í samráði við hæstv. stjórn. Jeg held það sje einna ríkasta ástæðan fyrir því, að nefndin vildi ekki fara lengra, hvað peningamál okkar eru nú ótrygg. En mjer þætti líklegt, að það tilefni, sem hæstv. fjrh. gaf með sinni ræðu, yrði til þess, að mál þetta yrði tekið til athugunar til 3. umr., og er gott til þess að vita, að þá má eiga von á góðri samvinnu við hæstv. fjrh.

Sigurður Eggerz: Þetta er aðeins stutt athugasemd. Jeg ætla ekki að fara út í brtt. hv. nefndar, en 1. brtt. tel jeg vera til bóta. Jeg ætla heldur ekki að tala um ágreininginn milli hæstv. fjrh. og nefndarinnar. Það býst jeg við, að muni lagast við frekari samvinnu. En jeg vil taka það fram, að jeg mun geyma mjer til 3. umr. almennar athugasemdir við þetta mál, og vil jeg þá sjerstaklega leggja áherslu á, að þetta má ekki skoðast nema sem bráðabirgðafyrirkomulag. Það væri ástæða fyrir mig að gera brtt. um að lækka 10 milj. kr. upphæðina, því að ef hún yrði lækkuð, mundi það benda í þá átt, að þetta væri aðeins hugsað sem bráðabirgðafyrirkomulag. En jeg ber ekki neina brtt. fram, því að jeg býst ekki við, að hún nái fram að ganga.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vildi aðeins geta þess um 4. brtt. hv. nefndar, að jeg sje nú, hvernig á misskilningnum stendur. Nefndin hefir nefnilega ekki tekið upphaflega titil frv. upp í nál. og svo gengið út frá honum eins og hann er prentaður þar. Jeg læt mig það litlu skifta, hvort till. kemur til atkvæða nú, en þó vildi jeg heldur, að hún yrði tekin aftur til 3. umr. Jeg get gengið inn á, að það er eðlilegra að tala um nýja veðdeildarflokka en bankavaxtabrjef.

Björn Kristjánsson: Þetta er aðeins stutt athugasemd út af ræðu hæstv. fjrh. (JÞ), af því að jeg átti skuldina fyrir að hafa upphæðina 2½ miljón. Að vísu er mjer sama um, hvort upphæðin er ætluð 2½ eða 3 miljónir. Niðurstaðan varð 2½, og hugsunin hjá mjer og öðrum, sem hafa átt við veðdeildatilbúning, er sú, að láta stærð flokksins takmarka, hvenær hann endar. Áður hefir ekki verið talað um að loka flokknum, heldur láta það ráðast, að flokkurinn lokaðist af sjálfu sjer. Eins og hæstv. fjrh. sagði, er 4. flokkur stærsti flokkur, sem búinn hefir verið til. 1. fl. er 2 milj., 2. fl. 2½ milj., 3. fl. 3 milj. og 4. fl. 5 milj. Það þótti nokkuð mikið að hafa hann 5 milj., því að það mundi taka svo langan tíma að draga hann inn. Í það hafa farið 11 ár, en til 40 ára eru lengstu lán veitt. Flokkurinn verður því um 52 ár á ferðinni. Þetta gerir brjefin tregseljanlegri, en það vakti fyrir okkur, að svo yrði ekki. Jeg held ekki, að neitt sje athugavert við það, enda er það alveg samkvæmt venju. Jeg man það, að sjera Eiríkur Briem gætti að því, að flokkarnir væru ekki of stórir, til þess að þeir væru ekki of lengi á ferðinni. Jeg skal gjarnan ganga inn á að hafa flokkinn 3 miljónir.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er gott að tala um þetta mál á milli umræðna, en það er rjett, að sama hugsun vakir fyrir mjer og hv. nefnd, nefnilega sú, að heppilegt sje, að í sama flokkinn fari ekki of mikill tími. Jeg áleit eðlilegra að gera það með því að tiltaka, að flokkurinn megi ekki vera opinn lengur en tiltekið árabil. Það er varla byggjandi á reynslu undanfarinna ára. Jeg held, að ef 2½ milj. kr. flokkurinn væri opnaður núna, mundi hann ekki endast lengur en 2 ár með þolanlegri brjefasölu.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg vildi aðeins geta þess, að 4. brtt. var til orðin áður en nál. var samið, og það var jeg, sem leit skakt á titil frv., þegar jeg samdi nál., en ekki nefndin. Nefndin hafði auðvitað samþykt að koma fram með brtt. áður en nál. var samið. Hinsvegar erum við fúsir til þess að verða við ósk hæstv. fjrh. og taka brtt. aftur til 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 97,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—13. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 97,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 97,3 (ný 15. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

16.—25. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 97,4 tekin aftur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., fimtudaginn 11. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Ed., laugardaginn 13. mars, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 115, 133).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Síðan frv. þetta var til 2. umr. hjer í hv. deild, hefir fjhn. á ný athugað sumar af þeim brtt., er þá lágu fyrir, og sömuleiðis þá brtt., sem tekin var aftur við 2. umr. Nefndin getur fallist á að breyta 1. gr. frv. þannig, að ef tveir sjeu flokkar veðdeildarbrjefa, þá megi hvor vera að upphæð 3 milj. kr., í stað 2½ milj. kr. Og vegna þess, að nefndin vildi ekki, að það gæti orðið ágreiningsatriði, hvor upphæðin væri ákveðin, hefir hún nú tekið upp þessa breytingu og ber hana fram á þskj. 133, en lengra vill hún ekki fara í þessu efni.

Í staðinn fyrir brtt. þá, er tekin var aftur við 2. umr. um fyrirsögn frv., hefir fjhn. leyfa sjer að koma með nýja brtt. á þskj. 133, og er það heiti á flokkunum, sem þar er nefnt, í samræmi við eldri löggjöf um sama efni, þannig, að í staðinn fyrir „bankavaxtabrjef“ komi: „nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa“.

Vænti jeg svo þess, að hv. deild geti fallist á brtt. og samþykki frv. með þeim.

Sigurður Eggerz: Við 1. umræðu þessa máls benti jeg á, að nefndarálit meiri hl. í bankamálanefndinni gerði ráð fyrir því, að fyrst um sinn yrði ekki frekara gert til þess að koma föstu skipulagi á fasteignalánin, annað en það, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Jeg vísaði þessu til sönnunar í ummæli meiri hl. í nefndarálitinu og til hinna ótvíræðu ummæla háttv. 3. landsk (JJ), er sjerstaklega hefir rannsakað þessi mál. Virðist niðurstaða meiri hlutans sú, að áður en lengra sje haldið út í rannsókn þessa máls, þurfi að fá frekari reynslu á fasteignalánafyrirkomulagi því, sem nú er, á ræktunarsjóðnum nýja og svo á veðdeildinni, ef hún verður samþykt. Þessi ummæli virðast auk þess eiga nokkra stoð í því frv., sem hjer liggur fyrir, þar sem gert er ráð fyrir, að gefa megi út bankavaxtabrjef fyrir alt að 10 miljónum. Í frv. eins og það kom frá nefndinni var gert ráð fyrir 8 miljónum, en þessar upphæðir virðast gera ráð fyrir, að hjer sje um meira en bráðabirgðaástand að ræða. Þessi ummæli og niðurstaða meiri hlutans í bankamálanefndinni virðast mjer benda á, að meiri hlutinn hafi ekki haft nægilega næman skilning á nauðsyninni á nýju og betra fasteignalánafyrirkomulagi. Jeg geri að vísu ráð fyrir, að nauðsynlegt hafi verið að koma með nýja veðdeild sem hreina bráðabirgðaráðstöfun, og æskilegt hefði auðvitað verið, að sú ráðstöfun hefði verið gerð á síðasta þingi, þar sem gamla veðdeildin mun hafa þrotið fyrir jól, svo um nokkurt skeið var ekki einu sinni hægt að fá veðdeildarlán, en eins og kunnugt er, lána bankarnir alls ekki til húsabygginga. En svo vikið sje nú að áliti meiri hlutans í bankamálanefndinni, þá spyr jeg nú, hvaða reynslu þarf að bíða eftir áður en ákvörðun er gerð um endanlega skipun fasteignalánanna. Veðdeildin er nú búin að standa svo lengi og svo mikil reynsla fengin fyrir henni, að varla er nú ástæða til að biðja um meiri reynslu að því er hana snertir. Jeg tel víst, að sú reynsla, sem fengin er, telji þetta fyrirkomulag með öllu ófullnægjandi. Mjer þykir nú rjett að vekja athygli hv. deildar á því, hvað óhagstæð veðdeildarlánin eru. Og þó standa brjefin í sjálfu sjer óvenju vel nú; jeg tel víst að selja megi þau á kr. 80,00. Jeg geng út frá þessu verði á brjefunum og hefi á þeim grundvelli beðið dr. Ólaf Dan. Daníelsson að reikna út fyrir mig hvað hinir „effektivu“ vextir

væru; eða þeir vextir, sem komi fram þegar afföllunum af lánunum er jafnað niður á öll árin og lögð við hina eiginlegu vexti.

Niðurstaðan verður þá þessi:

„Effektiv renta“ verður:

Af	20	ára lánum	7,80
—	25	— —	7,35
—	30	— —	7,09
—	35	— —	6.90
—	40	— —	6,75

Getur nú nokkrum vilst sýn um það, að hjer er að ræða um óviðunandi fasteignalánakjör? Og þarf frekari reynslu en fengin er fyrir þessum lánum?

Þá er að athuga ræktunarsjóðinn nýja. Það er að vísu rjett, að lítil reynsla er fengin fyrir honum. Og lánskjörin hafa verið miklu aðgengilegri en þau, sem hjer er um að ræða, eða um 6%. En sannleikurinn er sá, að mjög lítið mun selt af brjefum sjóðsins, og sala, sem fram hefir farið, mun af sjerstökum ástæðum hafa tekist vel. En hinsvegar er engin reynsla fengin um það, hvort takast muni að selja brjef í stærri stíl, og er hætt við, að þar komi fram allir sömu annmarkarnir og á sölu veðdeildarbrjefanna. En þó ekki sje nú farið frekara inn á þetta, þá má öllum vera það ljóst, að ræktunarsjóðurinn nýi er þannig úr garði gerður, að hann getur ekki á neinn hátt fullnægt hinum miklu kröfum, sem gerðar eru til vaxtarins í landbúnaðinum. Nægir að vísa til þess, hvað verksvið sjóðsins er takmarkað og miklar og óeðlilegar hömlur á lánum úr honum. Maður, sem t. d. hefir safnað fje til þess að kaupa jörð, hann getur ekki fengið lán úr ræktunarsjóðnum nýja til þess að kaupa áhöfn á jörðina. Lánin eru að mestu veitt eftir á. En hvar á hlutaðeigandi að fá lán til bráðabirgða? Sum lán, t. d. til raflýsinga og vatnsveitu, eru ekki aðeins veitt eftir á, heldur er það ennfremur gert að skyldu, að verkið hafi reynst vel. Lánið fæst því ekki fyr en vissa er fengin fyrir þessu. En hvernig fer nú fyrir bóndanum, ef verkið mishepnast? Þá verður örðugt fyrir hann um úrræðin.

Það ættu nú allir að skilja, hvað þýðingarmikið það er, að fasteignalánastarfseminni sje komið fyrir á rjettan hátt. Við ótal tækifæri hefir verið sýnt fram á það, hvað þörfin er knýjandi fyrir hagstæð lán til landbúnaðarins, svo hann geti færst í snið, sem samrýmanlegt sje kröfum nútímans. Þá er og þörfin mjög knýjandi fyrir hagstæð lán til húsabygginga í kaupstöðum. Húsaleigan, hin afarháa húsaleiga, er örðugasti þátturinn í dýrtíðinni í bæjunum. En hún færist varla í betra horf fyr en kleift verður að byggja ódýrari hús, en aðalþátturinn í því máli er að fá góð og löng lán. Nú veita bankarnir engin lán til húsabygginga. Þeir, sem byggja, verða því að fara í veðdeildina eða leita til „privat“-manna, er munu lána með mun hærri vöxtum heldur en bankarnir. En þetta sýnist ekki mega lengur við svo búið standa. En hvernig á þá að sjá fyrir nægu fjármagni bæði til landbúnaðarins, þar með einnig til húsabygginga í sveitum, og til fasteignalána í bæjunum? Og hvernig á að sjá fyrir því, að þessi lán verði ekki of dýr?

Fyrsta boðorðið í þessu máli mun vera það, að fasteignalánastarfseminni sje veitt *örugg forstaða*. Stjórn Landsbankans, sem hefir haft veðdeildina undir sinni stjórn, hefir verið svo önnum kafin við ýmisleg margþætt bankastörf, að varla verður gert ráð fyrir, að hún hafi getað lagt eins mikla rækt við hana eins og skyldi. Það er

að vísu góður maður, sem veitir hinum nýja ræktunarsjóði forstöðu, en forstaða sjóðsins er *aðeins* hjáverk. Aðalstarf hans er annað, margþætt og mikil málafærslustarfsemi. Fyrsta boðorðið er því margbrotið. *Fasteignalánastarfsemin hefir aðeins verið hjáverk.* Eina viturlega ráðið er að sameina fasteignalánastarfsemina í einum banka. Með því er unt að sjá fyrir því, að forstaðan verði örugg. Þetta er sú leið, sem minni hluti bankamálanefndarinnar leggur til. Hann vill, að ríkisveðbankalögin komi í framkvæmd. Og fyrir hann vill hann setja örugga stjórn. Stjórnin rannsakar svo, hvernig brjefin skuli útbúin, svo sölumöguleikar þeirra verði sem bestir erlendis. Og í gegnum sölu brjefanna á svo, eins og annarsstaðar, að draga erlent fjármagn til fasteignalána inn í landið. En mikið starf, mikinn áhuga, mikla árvekni þarf til þess að koma þessu máli í rjett horf. Og óhugsandi er að hafa þetta starf í hjáverkum. Í umræðum, sem fóru hjer fram við 1. umr. þessa máls, var því haldið fram, að þar sem ræktunarsjóðurinn nýi væri nú tekinn að starfa, væri ekki hægt að sameina hann við ríkisveðbankann. En þetta er hin mesta fjarstæða. Á síðasta þingi var og samþykt í Nd., er málið kom þaðan fyrst í þessa hv. deild, að ræktunarsjóðurinn nýi skyldi sameinast ríkisveðbankanum, er hann væri settur á fót. En svo var þessu breytt hjer í þessari háttv. deild gegn mótmælum mínum. Það er nú ljóst, að ekkert væri til fyrirstöðu að gera ræktunarsjóðinn nýja að sjerstakri deild í ríkisveðbankanum, en auk þess væri mjög auðvelt að innleysa ræktunarsjóðsbrjefin með ríkisveðbankabrjefum. Þó ræktunarsjóðurinn hafi þannig byrjað að starfa, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að nú megi koma allri skipun fasteignalánanna undir einn hatt. Og sjerstaklega verður þetta alt á allan hátt öruggara, ef tillögur hv. minni hl. í bankamálanefndinni verða samþyktar á hinu háa Alþingi, því að þá yrði fasteignastofnunin eða ríkisbankinn einnig seðlastofnun. Jeg mun ekki fara inn á þessa hlið málsins, en vil aðeins leggja áherslu á, að með þessu væri 2 stórmálum þjóðarinnar ráðið til lykta á ákjósanlegan hátt, fyrirkomulagi fasteignalánanna og seðlaútgáfunni.

Svo jeg víki nú aftur að fasteignalánafyrirkomulaginu, þá sjá allir, hvílík trygging það væri fyrir landbúnaðinn og fyrir fasteignalánin yfirleitt í kaupstöðunum, ef forstjórar seðlabankans hefðu þessi mál með höndum. Með því væri fasteignamálunum skipað það öndvegissæti, sem þau eiga skilið.

Það má fullyrða, að þjóðin bíði með óþreyju eftir því, hvernig ráðið verði fram úr þessum málum. Flest frv. þau, sem lögð hafa nú verið fyrir Alþingi, eru smávægileg og fremur ómerkileg. Engin þeirra marka neinar línur í þjóðmálum vorum, en ef takast mætti að leggja hjer grundvöllinn að heppilegu fyrirkomulagi fasteignalánanna, þá mætti með sanni segja, að stórt spor væri stigið. Jeg segi það með öllu áreitnislaust, jeg býst ekki við því, þó að meiri hluti bankamálanefndarinnar hjeldi áfram með frekari undirbúning fasteignamálanna, þá held jeg ekki, að það mundi bera neinn sjerstakan árangur. Jeg tek undir með háttv. 3. landsk. (JJ), að undirbúningur Böðvars Jónssonar undir ríkisveðbankann var mjög mikils virði. Ritgerð hans um það mál var óvenju ljós og skýr. Sá grundvöllur, sem þá var lagður, var góður. Mjer voru það mikil vonbrigði, að háttv. 3. landsk. skyldi yfirgefa þann grundvöll svo fljótt. — Mjög mikilsmetinn

þingmaður sagði, er jeg spurði hann um, hvort hann væri með sjerstökum seðlabanka í sambandi við ríkisveðbankann: Í mínu kjördæmi var samþykt tillaga um að styðja Landsbankann. Jeg sagði við hann, að jeg hefði getað samþykt þessa tillögu með mikilli ánægju, því sannarlega er það skylda vor allra að styðja þá stofnun. En auðvitað er það skylda vor að styðja yfirleitt peningastofnanirnar í landinu; svo samtvinnaðir eru báðir bankarnir atvinnuvegunum, að það er höfuðstuðningur fyrir hvorn bankann um sig, að hinn standi vel. Háttv. 3. landsk. hjelt, að það væri hræsni, er jeg mælti svo um, að ef Íslandsbanka væri boðin seðlaútgáfan, þá mundi jeg segja nei við því, en þetta mælti jeg af heilum hug, og af sama hug mælti jeg það, að jeg tel óhapp fyrir Landsbankann að fá seðlaútgáfuna. Og því tel jeg, að þeir, einmitt þeir, sem vilja styðja Landsbankann, eigi að vinna á móti því, að honum verði afhent seðlaútgáfan. En að þessu mun jeg víkja nánar við annað tækifæri.

Jeg hefi reynt á alla vegu að setja mig inn í bankamálin og sannfærst meira og meira um það, að það er hrein og bein nauðsyn að vinna að því, að fasteignalánafyrirkomulag okkar komist í sem best horf. Jeg sannfærist meira og meira um það, að ríkisveðbankinn er sá rjetti grundvöllur í því máli. Jeg mundi telja það skifta miklu máli, að hæstv. landsstjórn sæi sjer fært að fallast á tillögu minni hlutans. Það mundi auka stjórninni mikinn innri styrk, ef hún skæri *nú* á Gordionshnútinn í þessu mikla máli og leiddi það til lykta á þann hátt, sem háttv. minni hluti bankamálanefndarinnar leggur til. Það eru sum mál, sem eru svo sterk í eðli sínu, að það er óvarlegt að standa á móti þeim. Jeg er viss um, að þetta er eitt af þeim málum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg sje ekki ástæðu til að fara mikið út í það, sem hv. 1. landsk. (SE) sagði um ræktunarsjóðinn, því að það liggur alveg utan við þetta mál. En út af því, sem hann sagði, að ræktunarsjóðurinn reyndist ekki fullnægjandi fyrir landbúnaðinn, skal jeg láta þess getið, að eftir framkominni reynslu má fyllilega gera sjer von um, að honum takist að fullnægja því takmarkaða verkefni, sem honum er sett með lögum, sem sje að veita lán gegn fasteignaveði til ræktunar landsins, og húsbygginga í sveitum eftir kringumstæðum.

Jeg held því líka fram, að þessum sjóði hafi verið fengin fullforsvaranleg forstaða, og að sá maður leggi þá stund á forstöðuna, er vera þarf. Jeg veit, að hann hefir ástæður til að stunda þetta starf og að hann gerir það.

En launin fyrir þetta starf eru í lögunum ákveðin svo, að gert var ráð fyrir, að hæfur maður, sem til þess fengist, yrði að hafa önnur störf jafnframt til framfærslu sjer.

Um veðdeildarlöggjöfina get jeg tekið undir með hv. 1. landsk., að æskilegt hefði verið að fá fyrir þetta þing tillögur um frambúðarskipulag. En jeg verð að viðurkenna ástæður meiri hl. bankanefndarinnar, að ekki sje tiltækilegt að koma fram með fullnaðartillögur eins og á stendur. Jeg tek því ekki þátt í ásökunum út af þessu, þó að jeg hinsvegar játi, að því fyr, sem fullnaðarskipulag kemst á í þessum málum, því betra.

Það hefir verið mikið látið af, hve óhentug tilhögun væri á þessu sviði. Jeg held samt, að hv. 1. landsk. hafi gert fullmikið úr því, hve háir væru vextir af veðdeildarlánum. Jeg tók svo eftir, að hann segði, að þeir væru hærri en útlánsvextir

Landsbankans; en jeg held, að það fari eitthvað á milli mála. *(SE:* Jú, miklu hærri). Jeg ætla nú samt að halda hinu fram, þar til jeg hefi endurskoðað þá útreikninga. Hvað vextir eru háir, stafar auðvitað af því, hve vextir hafa verið háir yfirleitt undanfarin ár. Það þarf ekki að stafa neitt af tilhögun stofnunarinnar. — Jeg held, að ekki verði bætt úr á sviði fasteignalánanna með breyting á fyrirkomulaginu, meðan bygt er á innlendum peningamarkaði. Það mundi víst ekki seljast mikið meira innanlands, þó að önnur tilhögun væri tekin upp. Ef gera á breytingu, verður að stíga það spor, að lánsstofnunin geti dregið að sjer erlent fje. Jeg játa, að núverandi tilhögun er ekki vel fallin til þess.

Jeg skal geta þess, að jeg bað fjhn. að athuga milli 2. og 3. umr., hvort hún gæti sjeð nokkurt ráð til þess að afla útlends markaðs. En á því munu vera miklir örðugleikar, einkum vegna óvissunnar um gengi peninganna. Það varð því ofan á, að fjhn. sá sjer ekki fært að gera neinar ráðstafanir til þess að koma brjefunum á útlendan markað. Það er auðvitað, að ef brjefin væru boðin út nú, yrði talsverð áhætta fyrir annaðhvort lánveitanda eða lántakanda, eftir því í hvaða átt gengið breytist, og það gæti valdið talsverðum erfiðleikum. — Það er viðurkent af öllum, að sú ráðstöfun, sem hjer er stofnað til, er aðeins til bráðabirgða. Það er á valdi þings og stjórnar, hve lengi verður unað við það bráðabirgðafyrirkomulag. Lögin kveða svo á, að hægt sje að loka þessum veðdeildarflokkum þegar henta þykir.

Jónas Jónsson: Það eru aðeins fáein orð út af ræðu hv. 1. landsk. (SE). Við höfum nú tekið fram ýmislegt viðkomandi þessu máli við 1. umr., en þó eru ýms smáatriði, sem hv. þm. (SE) virðist ekki hafa skilið þá. Það voru víst mismæli hjá hv. þm., en bentu þó í ákveðna átt, þegar hann kallaði bankanefndina Landsbankanefnd. Það bendir á, hve hv. þm. er rík í huga niðurstaða sú, sem nefndin komst að. En aðalaðfinslur þær, sem hann beinir til okkar út af veðdeildarfrumvarpinu, eru af því, að við tökum fram, að óhjákvæmilega verði að líða nokkur ár þar til hægt verði að koma á viðunandi framtíðarskipulagi um veðlán. Af því, sem jeg skrifaði í nál., getur hv. þm. (SE) sjeð, hvað fyrir mjer vakir í þessu máli. Jeg lít svo á, að við eigum eftir að finna okkur fyrirkomulag og getum ekki í þessu efni haft sömu tilhögun og aðrar þjóðir. Jeg er alveg samdóma hv. 1. landsk., að hvorki ræktunarsjóðurinn nje fyrirkomulag veðdeildarinnar geti verið frambúðarskipulag. En það er margbúið að taka fram, að vegna óvissu um gengi ísl. krónunnar er ekki hægt að gera fast skipulag að svo komnu. Til þess að það sje hægt, verðum við að fá ósvikna peninga, þ. e. peninga, sem eru innleysanlegir með gulli og ekki breyta verðgildi sínu frá degi til dags.

Jeg bygði mitt álit í nál. á því, að nokkur ár sje sá minsti reynslutími, sem við getum komist af með. Það er út frá þessari óhjákvæmilegu staðreynd, að jeg sje ekki til neins að berja höfðinu í steininn. Peningar okkar eru sviknir. Það er ekki neisti af von um það, að hægt sje að selja á erlendum markaði íslensk vaxtabrjef nema því aðeins, að þau sjeu miðuð við útlenda mynt. En það hefir aftur svo mikla ágalla, eins og hv. 1. landsk. hlýtur að sjá, að jeg held, að enginn geti hallast að því, einmitt vegna óvissunnar um íslenska krónu.

Ef hv. 1. landsk. tekst — og það getur honum tekist talsvert, bæði sem þingmanni en ekki síst sem bankastjóra, — að vinna að því, að við fáum aftur verðfasta peninga, þá hefir hann leyst vandasamasta hnútinn. Og þegar það er búið, þá mun ekki standa á mjer, verði jeg fulltrúi á Alþingi, að vilja finna framtíðarskipulag á fasteignalánum, sem miðað væri við okkar þarfir.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi í raun og veru ekki mjög miklu að svara. Hæstv. fjrh. sagði lítið um ræktunarsjóðinn, en ummæli hans undirstrikuðu skýrlega staðhæfingar mínar um, að verksvið hans væri takmarkað. Sú yfirlýsing er nægileg fyrir landbúnaðinn. Sjóðurinn fullnægir honum ekki.

Jeg vil aðeins víkja enn að því, að til þess að forstaðan fyrir fasteignalánsstofnun geti verið örugg, þarf að sameina fasteignalánastarfsemina sem mest, svo að ráð verði á því að greiða kostnað við stjórn stofnunarinnar. Jeg get skilið, að þegar um jafnlitla peningastofnun og ræktunarsjóðinn er að ræða, hafi fjrh. vaxið það í augum að setja bankastjóra við hann, sem hefði stjórn stofnunarinnar sem aðalstarf. Jeg veit, að forstjóri ræktunarsjóðsins er góður og ábyggilegur maður, og eftir minni þekkingu mun óhætt að trúa honum fyrir starfi sínu. En það er í rauninni ósamrýmanlegt, að sameina margþætta málfærslustarfsemi við forstöðu fasteignalánastofnunar.

Jeg vil leyfa mjer að vekja eftirtekt hv. deildar á því, að jafnvel hæstv. fjrh. (JÞ) varð alveg hissa, þegar jeg sagði honum, hvernig lánin væru úr veðdeildinni, sem sje, að ef maður tekur lán til 20 ára, þá er sú „effektiva“ renta af því 7.80, sú renta, sem kemur fram, þegar maður jafnar afföllum niður á vextina allan tímann. En útlánsvextir Landsbankans eru 7%. Fasteignalán til 20 ára eru með hærri „effektivum“ vöxtum en víxillán í Landsbankanum. Í þessum tölum liggur sá þungi áfellisdómur yfir þessu fyrirkomulagi á fasteignalánunum.

Hæstv. fjrh. kvaðst leyfa sjer að efast um, að útreikningar þessir væru rjettir. En þeir eru gerðir af færasta manni, sem hægt er að fá á þessu landi, dr. Ólafi Dan, og hann mun standa við sína útreikninga.

Jeg geri ráð fyrir, að jeg, með því að leggja fram þessar tölur, hafi sýnt fram á með rökum, að það þolir enga bið, að þessum málum verði komið í annað horf. Óneitanlega eru fasteignalánin venjulega ódýrari en önnur lán. Er því alveg óskiljanlegt, að þau þurfi að vera dýrari hjer á landi en stutt lán.

Það, sem jeg átaldi meiri hluta bankamálanefndarinnar fyrir, var það, að hann sem hlýtur að þekkja þörfina í sveitunum fyrir ódýr lán, og einnig í bæjum á hentugum lánum til húsa, hann skyldi með köldu blóði leggja það til, að bíða með úrlausn þessa máls um ófyrirsjáanlegan tíma. Og mig furðar, þegar jeg heyri hæstv. fjrh. fallast á þetta. Því að jeg sá ekki annað en að hann bæri fullkomlega blak af nefndinni. Jeg skal samt ekki trúa, að hæstv. forsrh. (JM) líti svo á þetta mál. Hann er búinn að vera hjer búsettur það lengi, að hann hlýtur að skilja, hvað lánsþörfin er mikil og lítið til að bæta úr henni.

Það getur vel verið, að hæstv. stjórn brosi meðan jeg er að skýra frá þessu hjer í hv. deild, en það eru menn hjer fyrir utan þingsali, sem þurfa að byggja, sem ekki brosa að þessum hlutum.

Þar sem hv. 3. landsk. (JJ) var að tala um, að ekki væri hægt að útvega erlendan markað fyrir þessi brjef vegna gengisins, þá vil jeg víkja enn að því, sem jeg sagði við 1. umræðu, að það er ómögulegt að segja um það, hvenær þau mál komast í rjett horf. En það er líka ómögulegt að stöðva starfsemina í landinu þangað til fullkomið jafnvægi fæst. Hvað sem er gert, bygð bryggja í Borgarnesi, lagður vegarspotti, — alstaðar grípur gengisspursmálið inn í. Lífið þolir ekki kyrstöðu; það verður að ganga sinn gang. Menn verða að útvega markaðinn þrátt fyrir gengisbreytingu.

Hv. 3. landsk. spurði, hvort jeg byggist við, að okkar króna yrði búin að ná gullgengi eftir þrjú ár. Nei, sannarlega býst jeg ekki við því. En annars er ekki á neins færi að svara spursmálum eins og þessu, því úrlausn þeirra er bundin við svo mörg atriði, sem enginn ræður yfir.

Jeg vil enn víkja að því, sem jeg tók fram við 1. umræðu, að þau mál, sem lögð hafa verið fyrir þetta þing, eru yfirleitt mjög ómerkileg, þau ómerkilegustu, sem jeg hefi sjeð, og þess vegna væri það mjög hamingjudrjúgt, ef þessu þingi tækist nú að ráða fram úr bankamálunum, svo þingið markaði eitt ærlegt spor. En það er sagt, að í stjórnarflokknum sje hver höndin upp á móti annari, bæði í þessu og öðrum stórmálum. Það er vissulega mjög hörmulegt, að sá flokkur, sem á að bera ábyrgð á landinu, skuli hafa slíka aðstöðu í stórmálunum. Jeg vil mjög gjarnan auka friðinn á þessu þingi og bendi nú þeim tilmælum til hæstv. forsrh., sem jeg treysti best af stjórninni, að hann beini nú landsstjórninni inn á rjetta braut í þessu máli. Og ef þetta er gert, þá mun hæstv. stjórn standa fastari fótum en nú. En jeg hygg þeir fari nú brátt að bila, ef hún reynir ekki að gera eitthvað af viti í stórmálunum.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get ekki vel viðurkent, að það sje sjerstök ástæða til að fara út í stórpólitík út af þessu veðdeildarfrv. Það sýnist mjer dálítið óskylt málinu. Það var búið að ræða eitthvað svipað við 1. umræðu, og þetta því sennilega að miklu leyti endurtekningar.

Jeg var ekki inni, þegar hv. 1. landsk. (SE) var að tala um þessa háu vexti af veðdeildarbrjefunum og að ríkisveðbankinn væri sá rjetti grundvöllur undir fasteignalánum. Hvað snertir háa vexti af veðdeildarbrjefunum vil jeg segja það, að þeir hafa verið svipaðir frá því snemma á árinu 1922 þangað til snemma 1924. Og þá voru til lög um ríkisveðbanka, og þurfti ekki annað en að skipa mann og koma honum af stað. Ef það því er tómlæti af þessari stjórn að koma ekki ríkisveðbanka á fót, þá var það tómlæti af þeirri stjórn, sem þá fór með mál landsins, að koma honum ekki á á þeim tíma. Nei, mjer finst ekki full ástæða fyrir hv. 1. landsk. að álasa stjórninni fjarska mikið fyrir að hafa ekki tekið þá aðstöðu að stofna ríkisveðbanka.

Að öðru leyti er jeg ekki vanur að ræða mikið um þau mál, sem sjerstaklega heyra undir aðra ráðherra. Við hv. 1. landsk. höfum líka dálítið aðra skoðun um það, hver afskifti forsætisráðherra, sem líka er fagráðherra, eigi að hafa af störfum hinna fagráðherranna.

Annars held jeg, að hæstv. fjrh. hafi svarað öllu nægilega. Hv. 1. landsk. hefir heldur ekki heimtingu á neinum svörum um þessi mál undir þessum umræðum.

Það er engin ástæða til að draga seðlabankann inn í þetta mál. En mjer þykir skiljanlegt, að hv. 1. landsk. vilji sýna

sína fjármálavisku í tíma og ótíma. Jeg verð að segja, að hún er varla svo mikil hjá mjer, að jeg þori að fara inn á hans lærðu kenningar.

Jónas Jónsson: Jeg tók af ásettu ráði ekki nema eitt atriði úr ræðu hv. 1. landsk. (SE) til skýringar, af því hinu hafði verið meira og minna svarað við 1. umr. Jeg vjek þá meðal annars að aðstöðu Íslandsbanka. Jeg hverf ekki frá því, að það hafi fyr og síðar sýnt sig, að þeir, sem voru vinir Íslandsbanka, hafi haft miklar mætur á seðlaútgáfunni fyrir þann banka eins lengi og þess var kostur. Og sú geðbreyting, sem hv. 1. landsk. komst í við 1. umr., stóð óneitanlega í sambandi við þetta atriði, missi seðlaútgáfunnar.

Hv. þm. hefir nú svarað mjer hreint og ljóst út af því, sem er aðalatriðið, en það er gengismálið. Hann játaði, að ekki væri líkur til, að við verðum búnir að fá innleysanlega krónu eftir 3 ár. En þá um leið er hv. þm. búinn að fá fullkomið svar við því, hvers vegna við í bankanefndinni gátum ekki annað en gert ráð fyrir millibilsástandi.

Jeg er þakklátur hv. þm. fyrir, að hann hefir látið okkar ágæta reikningsmann reikna út ókjörin á veðdeildarbrjefunum. Jeg vil, að það sje öllum lýðum ljóst, hvað við eigum erfiða aðstöðu. Mig langar sannarlega ekki að verða til þess, viljandi eða óviljandi, að þetta ástand verði lengur en hægt er að komast hjá. En lausnin liggur ekki í seðlamálinu nje í veðdeildarmálinu, heldur í gengismálinu. Og einmitt hv. 1. landsk., bæði sem þingmaður og bankastjóri, getur haft mikil áhrif á það, ef honum er það áhugamál að koma peningamálunum í fast horf.

Hv. þm. hefir játað það, — eins og allir skynsamir menn hljóta að játa, — að ef við treystum útlendum markaði með okkar fasteignalán, þá er ekki til neins annað en viðurkenna, hvaða áhrif okkar sviknu peningar hafa í því efni. Þeir eru sú sterka ástæða fyrir því, að við getum ekki í bili komið þessum málum í fast horf.

Jeg held jeg verði að benda á það aftur, sem jeg mintist á við 1. umræðu, að í löndum, sem hafa gengið gegnum hörmungar svikinna peninga, eins og Finnland, var myntlögunum breytt og komið á fót gullinnlausn. Peningunum hefir verið haldið föstum þar í 3 ár, áður en byrjað var á innlausn. Þá breyttist þetta eins og af töfrakrafti. Mjer var sagt í Finnlandi, að þeir hefðu aðeins beðið eftir breytingu á myntlögunum og gullinnlausn, áður en þeir færu að selja vaxtabrjef sín á markaði stóru landanna. Meðan sviknir peningar voru í Finnlandi, voru vextir 12—14%.

Mjer finst undarlegt, að svo skýr maður sem hv. 1. landsk. er skuli ekki sjá, að lausn þessa máls liggur í öðru máli, sem er á ferð í þinginu. Hann getur ekki með nokkrum rjetti áfelt okkur í milliþinganefndinni, þótt við tækjum tillit til þess, að okkar peningar væru í ólagi. Við höfum peninga, sem ekki eru peningar, og hv. þm. játaði, að það myndi taka mörg ár að fá rjettgilda peninga.

Við getum búið til eins mörg lög og vera skal um ríkisveðbanka, veðdeildir og ræktunarsjóði, eða hvað sem er, en meðan við höfum svikna peninga, þá getum við ekki selt neitt sem heitir af þessum vaxtabrjefum á erlendan markað. Þess vegna verðum við allir að sameinast um það að fá peninga, sem eru peningar, og taka það mál rjettum tökum.

Sigurður Eggerz: Seinasti liðurinn hjá hv. 3. landsk. (JJ) var ekki annað en

endurtekning á umr. við 1. umr. Það er því ekki mörgu að svara.

Það er ómögulegt að stöðva framkvæmdir til þess að bíða eftir því, að peningamarkaðurinn lagist fullkomlega. Hv. þm. getur alls ekki neitað því, að ef byggja ætti bryggju í Borgarnesi t. d., og krónan kemst svo í gullgildi einu ári seinna, þá var langtum betra að bíða. Svona er þetta á öllum sviðum. Eins er auðvitað, að þessi aðstaða krónunnar hefir einnig áhrif á fasteignalánin, en þar fyrir má til að hugsa um að bæta þau. Hæstv. fjrh. rak í rogastans þegar hann heyrði um þá „effektivu" vexti af fasteignalánunum. Hvað mundi þá ekki almenningurinn segja, ef hann gerði sjer grein fyrir þessu?

Það er auðvitað, að jafnvel þó að meiri hl. milliþinganefndarinnar hefði athugað þetta í sambandi við gengið, þá var hægt að hugsa sjer fyrirkomulagið á fasteignalánunum, þótt ekki væri það sett í framkvæmd strax.

Jeg sje ekki, að þýði að svara hv. 3. landsk. meira en þetta.

Þó er eitt atriði, sem sje, að jeg óski að Íslandsbanki fengi alla seðlaútgáfuna. Jeg teldi það einmitt mikið óhapp fyrir bankann. Jeg tel reynsluna hafa sýnt, að það var honum óhapp, en ekkert happ.

Þar sem hæstv. forsrh. (JM) var að segja, að jeg blandaði hjer óskyldum málum saman, þá leyfi jeg mjer að mótmæla því. Þetta mál var komið frá milliþinganefnd í bankamálum. Þessi nefnd, sem kemur með frv., var sett til þess að rannsaka fasteignalánafyrirkomulag og bankafyrirkomulag. Og þá er ómögulegt að ámæla þingmanni fyrir það, þótt hann komi inn á bankamálin. En jeg fór þó sjerstaklega lítið inn á sjálft fyrirkomulag á seðlaskipuninni. Ef jeg hefði ætlað að fara inn á þau mál, þá hefði jeg þurft að tala meira en hálftíma og klukkutíma. Mig furðar, að hæstv. forsrh. skuli víta mig fyrir þetta. Jeg sje ekki, að hann hafi neina ástæðu til að gera mjer getsakir um, að jeg hafi viljað koma að einhverri kunnáttu í bankamálum. Jeg get ekki litið öðruvísi á en að jeg hafi skyldu til að koma með þær litlu upplýsingar í þinginu, sem jeg hafði ráð á, hvort svo sem jeg er bankastjóri eða ekki. Jeg skil ekki, að hæstv. forsrh. þurfi að taka í strenginn með hv. 3. landsk. En aðstaða hæstv. stjórnar er orðin að aðstöðu hv. 3. landsk. í bankamálunum. Það er auðsjeð, að háttv. 3. landsk. er blátt áfram að soga landsstjórnina niður í vasa sinn í bankamálunum.

Jeg þarf ekki að bera neinn kinnroða eða sæta neinum ásökunum af hæstv. forsrh. fyrir það, að jeg tala um bankamálin, ekki meira en jeg fór inn á þau í sambandi við þetta mál, sjerstaklega þegar hæstv. stjórn veit ekkert, hvað sú „effektiva" renta er af fasteignalánum í landinu. Það er sannarlega ekki úr vegi, þótt jeg láti þessa þekkingu mína koma fram, sem jeg hefi útvegað með því að láta fagmann reikna út.

Hæstv. forsrh. sagðist ekki vera skyldugur til að láta sína meiningu í ljós um bankamálin undir þessum umræðum. Vitanlega er hæstv. forsrh. ekki skyldugur til þess. En jeg hjelt, að jeg hefði gert honum greiða með því að gefa honum tilefni til að láta sínar skoðanir í ljós, ef þær kynnu að vera sæmilega heilbrigðar. En nú sje jeg, að hann hefði ekki grætt á því, hæstv. forsrh., þótt hann færi að láta þær skína.

Þá var hæstv. forsrh. að ámæla mjer fyrir að hafa ekki sett ríkisveðbankann á stofn. Það getur verið, að hæstv. forsrh. hafi rjett fyrir sjer í því, að jeg hefði átt

að ganga betur fram í því máli. En jeg færi mjer það til afbötunar, að þegar fjármálaráðherrann, sem þá var, spurði mig um það, hvort jeg vildi gjalda því jákvæði, að ríkisveðbankinn yrði stofnaður, sagði jeg hvað eftir annað, að jeg samþykti það. Jeg skal játa, að ef jeg hefði þá verið búinn að setja mig inn í bankamálin eins og jeg hefi gert í seinni tíð, þá hefði jeg verið ennþá harðari og ákveðnari að heimta, að þetta yrði gert.

Jeg sje, að hæstv. forseti (HSteins) gefur mjer bendingu um, að aths. sje orðin nokkuð löng, svo máli mínu verður að vera lokið að þessu sinni. Aðeins vil jeg benda á, að það var engin áreitni í því fólgin í garð hæstv. stjórnar, þótt jeg segði við 1. umr., að hæstv. stjórn ætti að leitast við að komast inn á rjetta braut í þessu máli, þá braut, sem lögð er í áliti minni hluta bankamálanefndarinnar. Ef stjórnin fylgdi þessu heilræði mínu, þá mundi henni áreiðanlega ljettara um vik.

Forsætisráðherra (JM): Var það ekki satt, sem jeg sagði, að hv. 1. landsk. (SE) hafi lært betur bankamál síðan 1922? Og hví skyldi hann þá ekki láta nú ljós sitt skína?

Eftir því, sem honum fórust orð um ráðin í stjórninni á þeim tíma, sem hann var forsætisráðherra, þá er svo að heyra, að fjármálaráðherrann hafi haft nokkuð mikið að segja. Að minsta kosti er svo að skilja, að hv. 1. landsk. hafi ekki ráðið því vegna fjármálaráðherra síns að stofna ríkisveðbankann.

Annars vil jeg segja honum það, að þetta út af fyrir sig er ekkert einsdæmi. Því síðan á stríðsárunum hefir það verið svo í öllum löndum, að fjármálaráðherrann hefir verið sá, er einna mest hefir þótt vera undir komið. Og hefir þetta verið oft sagt annarsstaðar. Nú hefir það viljað svo vel til, að síðustu tvö árin höfum við Íslendingar átt því láni að fagna að eiga þann mann í fjármálaráðherrasætinu, sem hægt er að treysta, og þjóðin líka treystir. Hann hefir því ráðið miklu, og það eðlilega, um viðreisn fjárhagsins. Það hefir farið svo í þessum síðustu tveimur ráðuneytum, að fjármálaráðherrarnir hafa ráðið miklu, eins og vera ber. *(SE:* Ekki í minni stjórnartíð). Ja, hv. 1. landsk. hefir nýlega sagt, hvers vegna ríkisveðbankinn hafi ekki verið stofnaður, og jeg tel ekki nema rjett af þáverandi forsrh. (SE) að beygja sig fyrir fjármálaráðherranum þá.

Annars veit jeg ekki, hvers vegna hv. 1. landsk. fór að ávarpa mig. Jú, jeg brosti, en það var ekki af því, sem hann sagði, heldur af alt öðru. Jeg hefi ekki sagt, að hv. 3. landsk. sje stjórnarhneigður, enda mun hv. 1. landsk. það kunnugt, að stjórnin muni eiga þar lítils trausts að vænta.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Umr. hafa nú að mestu leyti snúist um annað en brtt. þær, sem liggja fyrir. (*SE*: Þær eru heldur ekki svo merkilegar). Það getur nú verið, en um þær var þó deilt við 2. umr., svo gera hefði mátt ráð fyrir því, að eitthvað yrði á þær minst nú við þessa umr. Af því að hv. 1. landsk. (SE) er dauður, vil jeg ekki fara að rifja upp sum atriði í ræðu hans; jeg leiði því hjá mjer að svara honum að þessu sinni.

Það er ekki nema fallegt að skora á þing og stjórn að koma fasteignalánastofnunum betur fyrir en nú á sjer stað. Þetta kom berlega í ljós á þinginu 1921, er lögin um stofnun ríkisveðbanka voru sett. Þó sögðu þá ýmsir þeir, er best vit hafa á þessum málum, að lítil von mundi þess, að sá banki, nýr og óþektur, ætti hægri

aðstöðu um að selja sín vaxtabrjef heldur en veðdeildin, sem bjó að eldri reynslu.

Þetta hefir líka komið fram undir umr. nú á milli hv. 1. landsk. (SE) og hv. 3. landsk. (JJ), að ekki sje auðvelt að selja brjefin. En þeir eru ekki sammála um ástæðuna fyrir því, að brjefin sjeu ekki í hærra verði.

Það er vitanlegt, að það er ekki auðhlaupið að því að ráða bót á fyrirkomulaginu um sölu brjefanna, en þó er það engin ástæða gegn því að samþykkja frv., enda hefir ekkert það komið fram, sem mælir móti því, að frv. nái fram að ganga. Með ríkisbankalögunum var svo ákveðið, að veðdeildin gengi inn í bankann jafnskjótt og hann tæki til starfa. Sama mundi og verða upp á teningnum nú, ef ríkisveðbankinn yrði stofnaður, að veðdeildin yrði látin hverfa inn í hann.

Fjárhagsnefnd hefir hvergi sagt, að með þessu frumvarpi væri komið endanlegu skipulagi á fasteignalánafyrirkomulag okkar. Aðeins er nú haldið áfram í sama horfi og verið hefir, á meðan ekki er komið á öðru eða betra skipulagi. Það virðist líka bráðnauðsynlegt, að veðdeildin starfi áfram á meðan ekki er í annað hús að venda. Það er kunnugt, að veðdeildarlán hafa ekki fengist mánuðum saman og að fjöldi manna bíður nú eftir lánum og hefir pantað þau, þegar þessi nýi flokkur kemur til framkvæmda, sem nú er verið að setja lög um.

Það er því augljóst, að þótt frv. þetta nái fram að ganga, er engu spilað úr höndum okkar að því er bætt fyrirkomulag á fasteignalánum snertir.

ATKVGR.

Brtt. 133,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 133,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seríur) bankavaxtabrjefa.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 15. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 150).

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 18. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta frv. er borið fram af stjórninni og var að mestu leyti samhljóða frv. um sama efni, sem milliþinganefndin í bankamálum bar fram. Það er nú komið frá hv. Ed., og þykir mjer því ekki ástæða til að fjölyrða um það frekar að þessi sinni, en vona, að það fái að ganga til 2. umr., og geri þá að till. minni, að því verði að þessari umr. lokinni vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., fimtudaginn 15. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 150, n. 274).

Frsm. (Jón Auðunn Jónsson): Það þarf ekki langa framsögu um þetta mál. Frv. er að mestu leyti sniðið eftir lögunum frá 1913 um 4. flokk veðdeildarinnar. En sú

breyting er þó hjer frá lögum um hina fyrri flokka veðdeildar, að eftir frv. er Landsbankanum leyfilegt að stofna fleiri flokka (seríur), og það jafnvel samtímis, með alt að 10 milj. kr. Þá er því eins varið með þá flokka, sem hjer eftir verða stofnaðir, og 4. flokk, að lántakendur ábyrgjast hver með öðrum (in solidum) með alt að 10% af láninu eins og það er á hverjum tíma, að veðdeildin standi í skilum með greiðslu vaxtabrjefanna og vaxta af þeim.

Eins og menn vita, þá er hjer venjulega talsverður skortur á veltufje handa atvinnuvegunum, og þá einkum nú, þegar að kreppir að öðru leyti. Hjer er nú komin talsverð kreppa, og er ekki líklegt, að henni ljetti mjög bráðlega. Sökum þessa má búast við, að vextir verði hærri og því minni hvöt fyrir menn að festa fje sitt í skuldabrjefum. En það er eingöngu á þann hátt, sem veðdeildin útvegar sjer veltufje, að hún selur bankavaxtabrjef fyrir sömu upphæð og lán eru veitt. Það er því mjög mikil þörf á því að útvega á einhvern hátt fje til veðlána öðruvísi en selja veðdeildarbrjef hjer innanlands.

Nefndin hefir nú í samráði við hæstv. fjrh. stungið upp á þeirri leið, að stjórninni skuli heimilað að taka alt að 3 milj. kr. lán til þess að kaupa brjef af veðdeildinni. Þetta er sama leið og farin var 1903, er veðdeildin var stofnuð. Jeg skal geta þess, að frá mínu sjónarmiði álít jeg ekki rjett að taka slíkt lán, nema því aðeins, að sæmileg vaxtakjör fáist. Jeg tel líka heppilegra, að lánin verði til stutts tíma, og þá með minni afföllum, heldur en þau sjeu veitt til langs tíma, en afföllin mikil. Því þótt þessir flokkar veðdeildar, sem teiknaðir hafa verið með það fyrir augum, að ríkissjóður útvegaði fje til þess að kaupa brjefin, sjeu til stutts tíma, þá gerir það ekki mikið til, þar sem gert er ráð fyrir því, að 2 flokkar megi starfa samtímis með mismunandi vaxtakjörum.

Sumir óska að fá lánin til sem lengst tíma, þ. e. með sem minstum afborgunum, og vilja þá heldur borga hærri vexti. Þetta á einkum við um jarðakaupalán. Aðrir vilja fá lánin með sem lægstum vöxtum, en borga þau á styttri tíma, einkum húsabyggingalán.

Væri því best að geta orðið við óskum beggja.

Það er vitanlega mjög mikil þörf á lánsfje til veðlána, og ef það tækist að fá sæmileg vaxtakjör, þá væri stórt skref stigið í þá átt að lækka dýrtíðina í landinu. Því það er álit margra skynbærra manna, að dýrtíðin muni ekki lækka eins verulega og allir óska, nema húsaleiga í Reykjavík geti lækkað. En húsaleiga í Reykjavík getur ekki lækkað nema menn geti fengið lán til húsabygginga með sæmilegum kjörum.

Jeg skal geta þess, að ef horfið verður að því ráði að stofna Ríkisbanka Íslands, eins og frv., sem hjer liggur fyrir deildinni, fer fram á, þá virðist sjálfsagt, að veðdeildin falli til þess banka. Og ef ekki er áður búið að taka lán til þess að útvega fje handa veðdeildinni, þá megi alveg eins taka lánið til þess að kaupa vaxtabrjef af ríkisbankanum.

Jakob Möller: Það er aðeins vegna þess, að jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara, að jeg segi hjer örfá orð, sem jeg að vísu geri ekki ráð fyrir, að þurfi að lengja umr. mikið. Jeg vildi aðeins láta þess getið, að jeg skoða þessa ráðstöfun aðeins til bráðabirgða. Því að jeg tel ekki fasteignalánum komið í það horf, sem þarf, fyr en komin er á fót sjerstök stofnun, er hafi þau með höndum, eða þau eru a. m. k. rekin af sjerstakri bankastjórn. Annars

get jeg fallist á, að það sje rjett að gefa Landsbankanum til bráðabirgða leyfi til þess að gefa út nýjan flokk veðdeildar, til þess að bæta úr þeirri þörf, sem nú er fyrir hendi um veðlán. Því að ef frv. um Ríkisbanka verður ekki samþykt, þá er ekki hægt að ætlast til þess, að veðbankinn verði bráðlega stofnaður.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil þakka háttv. fjhn. fyrir undirtektir hennar og afgreiðslu að því er kemur til þessa máls. Og jeg vil fastlega mæla með því, að till. á þskj. 274 verði samþykt. Það hefir orðið niðurstaðan eftir mjög ítarlega yfirvegun, að sú leið, sem þar er orðuð til þess að tryggja sölu brjefa næstu veðdeildarflokka, eftir því sem þarf fyrst um sinn til þess að fullnægja nokkurnveginn eftirspurninni, sje eina færa leiðin eins og nú stendur, og jeg býst við því, að ekki verði haft neitt á móti þessu af fjárhagsástæðum, því þetta er aðeins endurtekning á því, sem gert var áður á þeim tíma, þegar allir viðurkenna, að fjármálastjórn landsins hafi verið hin gætilegasta, þegar keypt voru brjef 3. flokks veðdeildar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

11.—20. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

21.—24. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 274 (ný gr., verður 25. gr.) samþ. með 18:1 atkv.

25. gr. (verður 26. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 355).

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. apríl, var frv. tekið til einnar umr. (A. 355, n. 378).

Frsm. (Jóhann Jósefsson:) Fjhn. þessarar deildar hefir athugað þann viðauka, er gerður var við frv. þetta í hv. Nd., og fellst á hann að öllu leyti. Þessi viðauki er í raun rjettri áframhald þess, sem til orða kom í þessari deild, að fela stjórninni að stuðla að sölu þeirra bankavaxtabrjefa, sem væntanlega verða gefin út samkv. þessum lögum. Með því eru brjefin gerð verðmeiri og lánskjör jafnframt aðgengilegri.

Nefndin fellst á frv. með þessum viðauka og leggur til, að deildin samþykki það.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 399).

Á 56. fundi í Nd., laugardaginn 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 355).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Ed.

13. Veiting ríkisborgararjettar.

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 12. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um veiting ríkisborgararjettar (stjfrv., A. 137).

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Eins og getið er um í greinargerðinni fyrir frv., hafa 2 menn af þeim, sem sóttu um íslenskan borgararjett í fyrra, endurnýjað umsókn sína til ráðuneytisins.

Jeg skal ekki tala neitt um rök þau, sem til þess liggja, að rjett er, að menn þessir öðlist borgararjett, því að hv. deild eru þau kunn frá því í fyrra. Aðeins vil jeg mælast til þess, að hv. allshn., sem hafði málið til meðferðar í fyrra, taki nú vinsamlegar í erindin en þá. Jeg var satt að segja hissa á því, sjerstaklega um þessa tvo menn, að þeir skyldu ekki fá áheyrn. Vona jeg, að þeir fái betri undirtektir nú, og frv. sæmilega meðferð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 137, n. 204).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Allshn. hefir athugað þetta frv., og leggur hún til við þessa háttv. deild, að það verði samþykt. Nefndin hefir við nána athugun málsins ekki fundið neitt athugavert við að veita þessum mönnum íslenskan ríkisborgararjett.

Hæstv. forsrh. (JM) var í framsöguræðu sinni, er hann lagði þetta frv. fram fyrir þessa deild, allóbilgjarn í garð allsherjarnefndar síðasta þings og brá henni um ósanngirni og óviðeigandi meðferð á þessu máli, þegar nefndin hafði það til meðferðar á síðasta þingi. En sannleikurinn í þessu er sá, að þegar nefndin hafði rannsakað málið, sá hún, að þar var fyrst og fremst um einn íslenskan mann að ræða, sjera Friðrik Hallgrímsson, og þótti því sjálfsagt að taka hann út úr og flytja um hann sjerstakt frv. Jeg þarf ekki að endurtaka nú þær rökfærslur, sem þá voru færðar fyrir þessu, en jeg vísa algerlega á bug öllum aðdróttunum hæstv. forsrh. viðvíkjandi starfi nefndarinnar á síðasta þingi.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get verið þakklátur háttv. allshn. *þessa* þings fyrir meðferð hennar á þessu máli nú; en jeg tek ekkert aftur af því, sem jeg sagði um allshn. þá, sem var á síðastliðnu þingi, því henni er jeg gramur. En það var önnur nefnd en sú, sem nú situr, og því kemur það, sem jeg sagði, þessari allshn. ekkert við. Allshn. í fyrra efndi ekki einu sinni loforð, sem gefið var um frekari athugun á umsóknum þeirra manna, sem hjer um ræðir. Og það vítti jeg við 1. umræðu þessa máls.

Árni Jónsson: Það er gott til þess að vita, að hæstv. forsrh. hefir þó ekki nema gott eitt um þessa árs allshn. að segja. En þó eru nú þrír menn í þessa árs allshn., sem áttu sæti í henni í fyrra. Það er rjett, að því var heitið að bera fram nýtt frv., en jeg man ekki betur en að það

kæmi út og því væri útbýtt hjer í deildinni, en af hvaða ástæðum það var aldrei tekið á dagskrá, er mjer ókunnugt um.

Um þessa menn, sem sóttu um íslenskan ríkisborgararjett og ekki voru íslenskir, er það að segja, að við athugun málsins varð ekki nóg upplýst um, hversu langa dvöl þeir voru búnir að eiga hjer á landi o. fl.

Forsætisráðherra (JM): Það er rjett, að óákveðið er í lögunum um árafjölda dvalar hjer á landi sem skilyrði fyrir ísl. ríkisborgararjetti. Jeg man ekki eftir því, að nokkuð væri tekið fram í fyrra um vöntun skilyrða fyrir þessa menn; jeg man heldur ekki, hvort frv. kom nokkurntíma fram í fyrra, en gerð nefndarinnar er söm í því efni, þó svo hafi verið, því það hefir þá komið svo seint fram, að engin von hefir verið um, að það kæmist í gegnum þingið.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Jeg get upplýst hæstv. forsrh. um það, að frv. kom fram í fyrra; því var útbýtt hjer í deildinni 7. apríl og var þskj. 313. Jeg er viss um, að það var ekki um þessa menn, sem hjer ræðir um, heldur voru það alt aðrir, sem nefndin flutti frv. um samkvæmt umtali við hæstv. forsrh. (JM). Þegar hæstv. forsrh. ásakar allshn. þá, sem sat í fyrra, þá ásakar hann einnig þessa árs nefnd, því í henni eru nú 3 menn hinir sömu, sem þá áttu þar sæti. Það er alls ekki rjettmætt að ásaka nefndina og tala um ósæmilega meðferð hennar á þessu máli; nefndin rökstuddi aðferð sína þá, og hæstv. forsrh. hefir heldur ekki í þetta sinn komið með frv. um þessa sömu menn. Þeir hafa heldur ekki sótt um þetta aftur; hafa líklega ekki treyst til þess. Hæstv. forsrh. hefir engin ný skjöl lagt fram í máli þessu, en þar sem þessir menn, sem nú ræðir um, hafa verið einu ári lengur í landinu, þá er dálítið meiri ástæða til að veita þeim þennan rjett nú.

Forsætisráðherra (JM): Það er langt frá því, að jeg ásaki núverandi allshn., jafnvel þó að þar sjeu enn nokkrir hinir sömu menn og voru þar í fyrra. Jeg tel þeim sóma að því að hafa nú bætt ráð sitt, og get ekki annað en glaðst yfir því.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 137, 242).

Bernharð Stefánsson: Jeg á brtt. við þetta frv. á þskj. 242. Hún fer fram á það, að þriðja manninum sje veittur ríkisborgararjettur, Laurits Kristiansen í Krossanesi. Þessi maður sendi umsókn um ríkisborgararjett til dómsmálaráðherrans í hittéðfyrra, en jeg varð ekki var við, að þessi málaleitun kæmi þá fyrir þingið. En í fyrra var hann einn af þeim, sem hæstv. stjórn lagði með, að fengju ríkisborgararjett, og hafði allshn. skjölin til athugunar. En hann fjekk aldrei svar, því mál hans var ekki borið undir þingið. Jeg ber þessa till. fram nú til þess að maðurinn fái svar, hvernig sem það verður. Því fremur geri jeg það, sem jeg sje enga ástæðu á móti því, að honum verði veittur ríkisborgararjettur. Hann hefir verið búsettur hjer síðan 1912 og er kvæntur íslenskri konu, og jeg skal geta þess, að henni er mikið áhugamál, að honum sje veittur íslenskur ríkisborgararjettur. Hann

er mjög vinsæll í sinni sveit, sem sjá má af því, að hlutaðeigandi hreppsnefnd — hreppsnefndin í Glæsibæjarhreppi — hefir mælt með þessu og sömuleiðis hlutaðeigandi yfirvald, sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu. Um kunnáttu hans í íslenskri tungu liggur ekkert vottorð fyrir, en jeg hefi talað við hann og get vottað það, að hann skilur íslensku til hlítar, en á erfitt með að tala hana svo vel sje, en jeg hygg, að svo sje einnig um marga aðra útlendinga, sem fengið hafa ríkisborgararjett, að þeir tali ekki sem best íslensku. Allshn. hefir nú haft skjöl þessa máls til athugunar, og jeg vænti nú að fá að heyra álit hennar. Jeg sendi henni málið og baðst þess, að hún tæki afstöðu til þess, en hún hefir ekki gert það og sagðist ekki gera það fyr en bein tillaga lægi fyrir. Jeg býst nú við, að nefndin hafi átt kost á að kynna sjer brtt. mína og hafi því nú tekið afstöðu, og væri þá gott að fá að heyra hana. Sömuleiðis vildi jeg gjarnan fá að heyra, hvort hæstv. dómsmálaráðherra hefir nokkuð við þetta að athuga.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Það er ekki nákvæmlega rjett hjá háttv. 2. þm. Eyf. (BSt), er hann segir, að þessi maður hafi ekki fengið svar frá allshn. í fyrra. Hann fjekk það svar, sem venja er að gefa, þegar ekki er fallist á málaumleitanir; það var lagt til, að þetta yrði ekki samþykt. Þessi maður hefir nú ekki farið sömu leið og sumir þeir, sem synjað var í fyrra, að leita til stjórnarinnar, en það er rjettasta leiðin í málum sem þessum. Jeg vil nú segja hv. 2. þm. Eyf. það, að ástæður, sem kunna að vera með því eða móti að veita ríkisborgararjett, eru þess eðlis, að það er viðkunnanlegra, að þær sjeu ræddar í nefndum. Það getur verið óviðkunnanlegt fyrir hlutaðeigandi menn, að þær sjeu dregnar inn í umræður í þinginu. Jeg skal taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefir óbundnar hendur með það, hvað gera skuli viðvíkjandi þessum manni. Hinsvegar var hv. 2. þm. Eyf. í allshn. í fyrra og vissi þá um afstöðu nefndarinnar, og meiri hlutinn er hinn sami og var í fyrra, og jeg býst við því, að afstaða nefndarinnar sje lík og hún var þá.

Forsætisráðherra (JM): Eins og háttv. flm. brtt. á þskj. 242 (BSt) tók fram, hefir ekki í ár komið nein umsókn til stjórnarinnar frá þeim manni, er þar ræðir um, en hann var tekinn í frv. stjórnarinnar í fyrra. Jeg hygg, að jeg fari rjett með það, að hann hefir dvalið hjer mörg ár, er giftur íslenskri konu og talar sæmilega íslensku. Jeg er ekki alveg samdóma hv. frsm. allshn. (JBald) um það, að hann hafi fengið svar frá allshn. í fyrra. Það var heldur tregt um greið svör þaðan. En hvað um það; jeg sje ekki ástæðu til þess að leggja nokkuð sjerstaklega til um þennan mann núna, úr því að hann hefir ekki snúið sjer til stjórnarinnar. Það er ekki heldur eins mikil ástæða til þess að veita honum ríkisborgararjett nú sem í fyrra. Það er harðast gagnvart konu og börnum, ef erlendur maður, sem er giftur íslenskri konu, getur ekki öðlast ríkisborgararjett. En ef frv. það um breytingu á lögunum um ríkisborgararjett, sem nú er í hv. Ed., gengur fram, þá er sú ástæða að miklu burtu numin. Þar er gert ráð fyrir því, að kona missi ekki ríkisborgararjett í föðurlandi sínu meðan hún dvelst þar, þótt hún sje gift erlendum ríkisborgara. En jeg geri ráð fyrir, að það frv. nái fram að ganga. En annars vil jeg segja það, að alment tekið er ekki ástæða til þess að

halda mjög aftur af í þessu efni. Það eru ekki svo margir, sem sækja um að fá íslenskan ríkisborgararjett, að ekki sje óhætt að veita hann flestum, sem um hann sækja, ef þeir tala íslensku og hafa átt hjer heima nokkuð mörg ár.

Magnús Torfason: Við 1. umr. þessa máls mátti skilja það á hæstv. forsrh. (J-M), að honum líkaði ekki framkoma allshn. í þessu máli í fyrra. Mjer er sagt, að hann hafi kveðið enn fastara að orði við 2. umræðu, en þá var jeg ekki viðstaddur. Þá hafði hann þakkað núverandi nefnd fyrir till. hennar, en um leið ekki getað annað en hnýtt í nefndina frá í fyrra fyrir afskifti hennar af málinu. Jeg bjóst ekki við því að þurfa að taka til máls. Jeg er samþykkur þessu frv., en úr því að hæstv. forsrh. fór að fetta fingur út í gerðir nefndarinnar í fyrra, vil jeg skýra frá því, hvað olli drættinum í nefndinni. Meðal annars var hann af því, að upplýsingar ýmsar, sem nefndin vildi fá, komu ekki fyr en seint og síðar meir, og þegar þær komu, voru þær þess eðlis, að nefndin gat ekki lagt til að samþykkja veiting ríkisborgararjettarins. Hvað þann mann snertir, er brtt. hv. 2. þm. Eyf. (BSt) á við, þá var það sárt mál í fyrra, og jeg býst við því, að svo geti verið enn, ef farið væri út í það. Þannig leit nefndin á það, og jeg held, að stjórnin og flokksmenn hennar ættu að vera henni sammála um, að það sje ekki rjett að fara að deila um slíkt hjer á þinginu. Eins og hv. frsm. allshn. (JBald) tók fram, álít jeg, að slík mál eigi að afgera í nefndum, en ekki að draga þau inn í þingið, og er það gert af hlífð við hlutaðeigandi menn. Ennfremur verð jeg að telja það rjett, að slík mál sem þessi komi frá stjórninni, en ekki einstökum þm. Jeg vil því styðja hæstv. forsrh. með því að láta hans frv. ganga fram óbreytt.

Jeg held, að jeg hafi nú gert grein fyrir því, að það er síður en svo ástæða fyrir hæstv. forsrh. að áfellast allshn. í fyrra fyrir afskifti hennar af málinu. Miklu fremur ætti hann að vera nefndinni þakklátur fyrir, hvernig hún fór með það.

Forsætisráðherra (JM): Jeg veit nú ekki, hvort jeg get verið hv. 1. þm. Árn. (MT) þakklátur fyrir afskifti hans af frv. stjórnarinnar í fyrra um veiting ríkisborgararjettar, og efast um hollustu hans þar. Jeg hefi ekki heyrt, að hinum umrædda manni hafi verið borið neitt ósæmilegt á brýn, svo að þess vegna held jeg, að ekki þurfi að neita honum um ríkisborgararjett hjer. Annars læt jeg algerlega liggja milli hluta, hvernig hv. deild fer með þetta atriði; jeg hefi aðeins álitið rjett að benda á það, sem jeg sagði um dálítið breyttar kringumstæður, en hitt get jeg ekki tekið undir með hv. 1. þm. Árn., að það sje í þessu tilfelli neitt á móti því, að einstakir þm. beri svona brtt. fram, úr því að maðurinn var tekinn upp í stjórnarfrumvarp í fyrra.

Björn Lindal: Jeg vil leyfa mjer að mæla eindregið með því, að þessi brtt. á þskj. 242 verði samþ. Jeg þekki manninn persónulega, og aðeins að góðu, og veit ekki til, að hann hafi hjá nokkrum manni áunnið sjer annað en gott álit. Hann er mjög vinsæll maður í sinni sveit. Upplýsingar um hann í stjfrv. í fyrra eru á þá leið, að hann sje fæddur í Noregi 20. sept. 1882. Hann hefir nú dvalið hjer á landi í 12 ár og er giftur íslenskri konu. Hann talar að vísu ekki lýtalausa íslensku, enda mun það ekki svo títt um menn, sem ekki hafa dvalið hjer lengur. En hann

skilur þó íslensku fullkomlega, og hver maður, sem ekki kann annað en íslensku, skilur hann vel. En mjer er ekki grunlaust um, að ástæðan til þess, að honum var synjað um ríkisborgararjett í fyrra, hafi verið sú, að hann átti heima í Krossanesi og er í þjónustu verksmiðjunnar þar. En það var algerlega rangt að láta hann gjalda þess, að þarna kom upp ágreiningur út af mælingu síldar. Hann hefir þar alt annað starf með höndum en mælingu á nýrri síld. Hann hefir þar einkum á hendi umsjón með síldarmjöli og sölu á því hjer innanlands, og hefi jeg engan heyrt kvarta undan þeim viðskiftum. — Hæstv. forsrh. gat þess, að það kynni að vera minni ástæða til þess nú en áður að veita honum íslenskan ríkisborgararjett, þar sem hann væri giftur íslenskri konu, og þar sem fyrir þinginu lægi nú frv. um það, að kona glataði ekki ríkisborgararjetti sínum, þótt hún giftist útlendingi, ef hún dveldist eftirleiðis í landinu. Þetta er að vísu mikil bót, en því aðeins kemur slík löggjöf að fullu gagni, að hún sje í samræmi við löggjöf annara þjóða, og þá sjerstaklega þeirra, sem næstar okkur eru og við höfum mestar samgöngur við og viðskifti. Ósamræmi í löggjöf nágrannalanda í þessum efnum getur haft ýmiskonar alvarleg óþægindi í för með sjer. Af því getur meðal annars leitt, að sami maður hafi samtímis ríkisborgararjett í tveim löndum, og er það litlu betra stundum og undir vissum kringumstæðum en að eiga hvergi þennan rjett, og getum við búist við, að óþægindi geti leitt af, ef hvortveggja löggjöfin er ekki í neinu samræmi. Jeg vil eindregið mæla með því, að þessi brtt. verði samþykt, og jeg þori óhikað að fullyrða, að við það verður íslenska þjóðin einum góðum borgara ríkari en áður.

Bernharð Stefánsson: Það er aðeins örlítið, sem jeg þarf að segja, því að mjer hefir aldrei dottið í hug að gera þessa brtt. að beinu kappsmáli. Hv. frsm. nefndarinnar (JBald) hjelt því fram, að maðurinn hefði fengið svar í fyrra, þar sem nefndin hefði ekki viljað taka hann upp og leggja til, að hann fengi ríkisborgararjett. Þetta kom í raun og veru hvergi fram, því að það stóð ekkert um það í neinu nál. eða nein neitun um það frá nefndinni að bera málið fram, nje heldur neinar ástæður fyrir því, að það var ekki gert, heldur þagði nefndin um málið. Hv. frsm. sagði, að hann áliti það rjett, að svona mál væru afgreidd í nefndum; það væri verra að vera að ræða þau fram og aftur í þingsölunum. Jeg get verið hv. frsm. sammála um þetta, en vil geta þess, að það hefir ekki fengist, að háttv. nefnd tæki ákvörðun um málið. Jeg sneri mjer til hennar með málið, með tilmælum um, að hún tæki afstöðu til þess, og hefði nefndin tilkynt mjer það, að hún hefði beinlínis á móti því, að þessum manni væri veittur ríkisborgararjettur, þá hefði jeg látið þar staðar numið. En þegar jeg kom á fund nefndarinnar til að ræða þetta við hana, þá var það svar hennar, að nefndin tæki ekki ákvörðun um þetta fyr en bein till. kæmi um það. Jeg gat því ekki sjeð, að hægt væri að fá svar með öðru móti en því að bera fram slíka brtt. Hv. frsm. gat þess, að jeg hefði átt sæti í nefndinni í fyrra, og er það rjett; en nefndin stakk þá undir stól frv. stjórnarinnar um veiting ríkisborgararjettar, en flutti í þess stað frv. um að veita aðeins einum manni ríkisborgararjett. Og þótt jeg gerði ekki ágreining, þá býst jeg við, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) muni það, að jeg var ekki allskostar ánægður með þessa aðferð. Út af því, sem háttv. 1. þm. Árn. (MT)

sagði, að það væri eðlilegast, að slík mál sem þessi kæmu frá stjórninni sjálfri, þá hefir hæstv. forsrh. vikið að því, að stjórnin hefir áður flutt tillögu um að veita þessum manni ríkisborgararjett. Í þessu sambandi skal jeg einnig geta þess, að áður en jeg flutti þessa brtt., spurði jeg hæstv. dómsmálaráðherra að því, hvort hann hefði nokkuð á móti því, að þessi till. kæmi fram, og kvað hann það ekki vera. En hvað það snertir, sem hæstv. forsrh. mintist á, að maðurinn hefði ekki nú snúið sjer til stjórnarinnar, og hún þess vegna ekki borið fram málið, þá mun orsökin vera sú, að hann áleit, að beiðnin lægi enn fyrir, þar sem hann hefir ekki fengið svar við þessari málaleitun sinni, því eins og eðlilegt er, er hann ekki svo kunnugur því, hvernig svona mál eru rekin hjer.

Jeg ætla ekki að lengja mál mitt frekar; hv. þm. verða að eiga það við sjálfa sig, hvort þeir vilja líta sanngjarnlega á málefni þessa manns eða ekki.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Við erum að deila um það, hv. 2. þm. Eyf. (BSt) og jeg, hvort þessi maður í Krossanesi hafi fengið svar hjá allshn. við umsókn sinni um ríkisborgararjett eða ekki. Hv. þm. (BSt) verður að kannast við það, að nefndin sagði, að hún vildi ekki flytja þessa brtt. Það er svar hennar, og þar að auki mun háttv. þm. (BSt) fullkomlega hafa orðið var við óvilja nefndarinnar til að sinna þessu máli. Jeg verð að líta svo á, að það hafi verið fullkomið svar í fyrra, þegar nefndin vildi ekki leggja til, að þessum manni yrði veittur ríkisborgararjettur, og enginn þm. vildi taka það upp. Verð jeg að telja það alveg fullkomið svar frá nefndinni. *(BSt*: Hví leggur nefndin þá til að veita manni, sem hún ekki vildi taka upp í fyrra?). Jeg gat þess, að nefndin hefði nú athugað málið, og svo er þess að gæta, að heilt ár er liðið síðan, og getur verið meiri ástæða til að veita þennan rjett nú en áður. Annars er, eins og jeg gat um áðan, leiðinlegt að vera að tala fyrir svona málum, því að það eru engin takmörk fyrir því, hvað menn geta hafið umsækjendur til skýjanna, en andmælendum, sem kunna að vita eitthvað misjafnt um mennina, þykir illa við eiga að kasta því fram. Hv. þm. Ak. (BL) og hv. 2. þm. Eyf. (BSt) hafa lofað þennan mann mjög, en að svo komnu er þó kannske ekki ástæða til að veita honum þennan rjett. Hæstv. forsrh. sagði, að hann hefði ekki heyrt þessum manni borið neitt ósæmilegt á brýn, og það hefi jeg heldur ekki heyrt, en það er alveg ástæðulaust fyrir hæstv. ráðherra að vera að blanda því, sem enginn hefir sagt, inn í umr., og er auðheyrt, að hæstv. ráðh. er ennþá sár við nefndina síðan í fyrra, og er það undarlegt, að við allar umr. skuli hæstv. ráðherra rísa upp til þess að kvarta yfir aðferð nefndarinnar, sem þessi mál hafði til meðferðar í fyrra. Hefir hann þó stundum ekki verið svo fastur á að halda málunum til streitu, sem hann virðist nú um veitingu ríkisborgararjettar til þessa Krossanesmanns. Hæstv. ráðh. (JM) sagði, að það væru treg svör hjá nefndinni, en mjer finst, að hann hafi fengið nógu skýrt svar frá nefndinni í fyrra, þegar hún lýsti því yfir, að hún vildi ekki flytja nema einn mann af þeim fimm, sem sóttu um ríkisborgararjett þá, og svo í þinglokin lýsti nefndin því yfir, að hún vildi mæla með öðrum manni til. Hugsa jeg, að margir mæli svo, að frekar þurfi að toga orð úr hálsi hæstv. forsrh. í þeim málum, sem

hann á að svara fyrir, heldur en að það þurfi að toga svör úr allshn. í þeim málum, sem hún hefir til meðferðar.

ATKVGR.
Brtt. 242 samþ. með 14:7 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 30. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 252).

Á 43. fundi í Ed., þriðjudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 252, n. 417).

Frsm. (Eggert Pálsson): Eins og nál. ber með sjer, leggur allshn. til, að frv. verði samþykt eins og það kom frá háttv. Nd. Þegar frv. kom fyrir háttv. Nd., þá var ekki um að ræða nema tvo menn, sem lagt var til að veita ríkisborgararjettindi. En síðan var bætt við einum manni enn. En að stjórnin upphaflega tók ekki þennan þriðja mann upp í frv., mun hafa stafað af því, að umsókn hans, sem er dagsett 2. jan. 1924, var að áliti stjórnarinnar ekki í fullu lagi, þar sem vantaði bæði meðmæli frá viðkomandi lögreglustjóra og hreppsnefnd. Nú hefir verið bætt úr þessu hvorutveggja. Hefir bæjarfógetinn á Akureyri sent símskeyti, þar sem eindregið er mælt með þessu, og samskonar símskeyti hefir borist frá hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps, undirritað af 5 hreppsnefndarmönnum. Samkvæmt þessu flutti hv. 2. þm. Eyf. (BSt) till. í hv. Nd. um að taka þennan mann, Laurits Parelius Kristiansen í Krossanesi, upp í frv. Háttv. Nd. samþykti þessa till. og allshn. sjer ekki ástæðu til þess að gera röskun á samþykt hv. Nd. í þessu máli.

ATKVGR.
1. liður samþ. með 11 shlj. atkv.
2. liður samþ. með 11 shlj. atkv.
3. liður samþ. með 10:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Jeg vildi mælast til þess, að þetta mál væri tekið af dagskrá til næsta fundar, vegna þess, að jeg hefi heyrt, að það gæti verið dálítið vafamál með 3. liðinn, hvort rjett væri að samþykkja hann; en þar sem þessu hefir, mjer vitanlega, ekki verið hreyft fyr en nú, hefi jeg ekki átt kost á að koma með athugasemd um það.

Forseti (HSteins): Jeg vil beina því til hv. nefndar, sem hefir haft þetta mál til meðferðar, hvort hún fyrir sitt leyti sjái ástæðu til þess að taka málið af dagskrá.

Jóhannes Jóhannesson: Nefndin hefir athugað þetta mál allvandlega og skrifað nefndarálit um það. Ennfremur hefir málið verið rætt við tvær umr., svo að það

er hv. þm. sjálfum að kenna, ef þeir hafa ekki tekið eftir því, sem þar fór fram.

Sigurður Eggerz: Jeg greiddi atkvæði á móti þessum 3. lið síðast. Mjer finst tilmæli hv. þm. Vestm. (JJós), um að málið verði tekið af dagskrá, sanngjörn og vildi mælast til þess við hæstv. forseta, að þau yrðu tekin til greina. Að því er snertir 1. og 2. liðinn, þá hefir hæstv. stjórn athugað þá, og treysti jeg þeirri athugun til þess að greiða atkvæði með þeim. Aftur á móti hefir hún ekki athugað 3. liðinn, og er því meiri ástæða til að taka beiðni hv. þm. (JJós) til greina, einkum þar sem það er ákaflega þýðingarmikið atriði, að veita útlendingum ríkisborgararjett, og verður að athugast vandlega.

Jónas Jónsson: Jeg hefi ástæðu til að halda, að það væri ekki óviðeigandi að verða við ósk háttv. þm. Vestm. (JJós) í þessu máli, sjerstaklega þar sem fyrir þinginu liggja ráðstafanir í þá átt að gera útlendingum ekki eins auðvelt og verið hefir að reka hjer atvinnu. Mjer er persónulega kunnugt um það, að menn, sem kunnugir eru þar nyrðra, álíta, að það geti stafað nokkur hætta af því, ef þessi liður verður samþyktur óbreyttur, því að þar sje verið að vinna á móti þeirri hugsun, sem vakir fyrir Alþingi, að Íslendingar fái sem mest að njóta gæða landsins.

Frsm. (Eggert Pálsson): Mjer þykja allundarleg mótmæli þau, er nú koma fram gegn frv., og þykir mjer þau koma nokkuð eftir dúk og disk. Málið hefir verið hjer tvisvar til umræðu, og gefið eftir hætti allgreinilegt nál. um það, og einmitt í nál. gerð grein fyrir því, hvers vegna þriðji liðurinn kom fyrst inn við meðferð málsins í hv. Nd. Við framsögu hjer skýrði jeg frá því, að eftir því, sem fyrir lægi í skjölunum, væri ekki annað að sjá en að stjórnin hefði haft það eitt til afsökunar því eða ástæðu, að 3. liðurinn var ekki tekinn strax í byrjun með, að það vantaði vottorð frá sveitarstjórn og lögreglustjóra. En áður en málið fór úr hv. Nd. lágu þessi vottorð fyrir, og var þá lokið því, sem hæstv. stjórn þótti á vanta, til þess að ríkisborgararjett mætti veita þessum umrædda manni. Hv. Nd. hefir látið þetta nægja og samþykt, að þessum manni væri bætt við. Skil jeg því ekki, hvers vegna þessi alda rís nú upp við 3. umr. málsins, þegar öll skjöl liggja fyrir. Það er eins og menn hafi ekkert tekið eftir, hvað var verið að gera við 2. umr.

Sigurður Eggerz: Jeg greiddi atkvæði á móti þessum lið, þegar málið var hjer til umræðu síðast; en þar sem jeg er sannfærður um það, að hv. þm. Vestm. (JJós) muni ekki hafa beðið um þennan frest, nema því aðeins að vera viss um, að hjer væri eitthvað athugavert, finst mjer, að hv. deild geti ekki neitað að verða við þessum tilmælum, og satt að segja á jeg erfitt með að skilja það kapp, sem lagt er á það, að málið verði ekki tekið út af dagskrá.

Jóhann Jósefsson: Jeg get svarað háttv. frsm. allshn. (EP) því við hans ræðu, að málið getur haldið áfram að upplýsast á meðan það er óafgreitt, og jafnvel á milli 2. og 3. umr., og það er einmitt svo um þetta atriði, að mjer var bent á það af skilríkum manni, að það kynnu að vera talsverðir annmarkar á þessari veitingu; og það er í því skyni að komast að því

sanna, að jeg hefi beðið um, að málið yrði tekið út af dagskrá í dag.

Jóhannes Jóhannesson: Nefndin er í sjálfu sjer ekkert á móti því, að málið verði tekið út af dagskrá að þessu sinni, því að það er enn nægur tími til að afgreiða það. Það eitt er athugavert, þegar svo mjög er liðið á þingtímann, að vera að tefja tímann með frestun á afgreiðslu mála, sem svo kann að reynast alveg ónauðsynleg.

Forseti (HSteins): Þar sem jeg býst við, að hv. þm. Vestm. (JJós) hugsi sjer að koma með brtt., ef málið verður tekið af dagskrá í dag, þykir mjer rjett að meina hv. þm. það ekki, heldur verða við ósk hans. En jeg skal geta þess, að málið verður aftur tekið á dagskrá nú fyrri hluta næstu viku.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Þegar þetta mál átti að vera hjer til 3. umræðu fyrir nokkrum dögum, bað jeg um, að það yrði tekið út af dagskrá vegna lítilsháttar aths., sem mjer hafði borist viðvíkjandi 3. lið frv. Vildi jeg út af þessari athugasemd gera tilraun til að ganga úr skugga um, hvort veruleg ástæða væri til þess að gera brtt. við þennan lið við 3. umr. Jeg hefi nú komist að þeirri niðurstöðu, að til þess sje ekki fullnægjandi ástæða, þar sem umsækjandi sá, er um er að ræða, hefir öll skjöl í lagi, sem þurfa þykir til þess að öðlast þennan rjett, sem um er að ræða. Það, sem fært hefir verið fram til mótmæla því, að hann fengi þennan rjett, er það, að sumarið 1924 er hann skráður eigandi skips, sem komst undir rannsókn sumarið á undan vegna vöntunar á þjóðernisskírteini. Jeg skal taka það fram, að þegar skipið var sett fast, var ekki hægt að sjá, að þessi maður væri neitt við það riðinn. Hann kemur fyrst til sögunnar í sambandi við þetta skip árið eftir. Um skip þetta liggja fyrir þessar upplýsingar: Það heitir „Rolf" og var fært til Siglufjarðar sumarið 1923 af því að ekki var hægt að sjá, að það væri íslenskt skip. Meðferð málsins sýnist hafa verið næsta kynleg. Það er ekki til lykta leitt þar á staðnum, heldur eru öll skjöl þess send til Akureyrar. Núverandi forseti Fiskifjelagsins segir mjer, að hann viti ekki til þess, að meira hafi verið gert í málinu. Jeg leyfi mjer að beina því til stjórnarinnar, að hún hafi betra eftirlit með því, hvernig lögunum er framfylgt í þessu efni.

Viðvíkjandi þessum umsækjanda er það að segja, eins og jeg hefi tekið fram, að þó hugsast geti, að hann sje skrásettur fyrir skipi, sem hann ekki á, þá eru ekki svo miklu meiri líkur til þess um hann en suma aðra, að ástæða sje til þess að neita umsókn hans, þar sem öll skjöl hans viðvíkjandi þessari rjettarveitingu eru í lagi. Jeg sje því ekki ástæðu til að koma fram með brtt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 483).

14. Ríkisborgararjettur.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 25. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um ríkisborgararjett, hversu menn fá hann og missa (stjfrv., A. 215).

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Þetta mál hefir verið til umr. áður í þessari hv. deild, svo að óþarft er að tala um það nú. Hv. 4. landsk. (IHB) bar fram þáltill., eins og menn muna, um það, að þannig lagað frv. yrði lagt fyrir Alþingi. Var sú till. samþ., og er þetta frv., sem hjer er lagt fram, þess vegna fullnæging þeirrar till. Hygg jeg frv. í öllum verulegum atriðum vera eins og hv. flm. till. ætlaðist til. Vona jeg, að hv. deild geti áttað sig á málinu, og er það því hægara sem samskonar lög eru komin á um öll Norðurlönd. Er það heppilegt, að samskonar lög gildi hjá þjóðum, sem eru skyldar og eiga mikið saman að sælda.

Jeg fer ekki út í einstakar greinar frv. Markið er að gera konur í þessu efni jafnrjettháar sem karla, svo langt sem mögulegt er með því þjóðskipulagi, sem við búum við.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg get verið þakklát hæstv. stjórn fyrir fljóta og góða afgreiðslu á þáltill. þeirri á þskj. 82, sem jeg flutti fyrir skömmu hjer í hv. deild og sem hv. deildarmenn samþyktu þá með 10 shlj. atkv. Jeg vona því, að hv. þdm. sýni frv. því, sem hæstv. stjórn leggur nú fyrir deildina, sama velvilja, svo að efni till. verði sem fyrst að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., fimtudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 215, n. 326).

Eggert Pálsson: Eins og hæstv. forseti tók fram er form. og frsm. allshn. (JóhJóh) fjarverandi. En hann fór þess á leit við mig, að jeg fylgdi frv. úr hlaði með fáeinum orðum. Býst jeg við, að það verði vandalítið, enda mun enginn ágreiningur vera um þetta mál.

Eins og tekið er fram í nál., álítur nefndin frv. þannig vaxið, að sjálfsagt sje að samþykkja það. Tilgangurinn með því er að samræma löggjöf vora löggjöf þeirri, er gildir á Norðurlöndum um þessi efni, og haga henni eftir breyttum kringumstæðum að því er snertir konurnar. Því að nú hafa þær jafnrjetti við karlmenn, og þykir rjett, að það komi fram í lögunum.

Nefndin hefir gert nokkrar breytingar á frv., en það eru ekki efnisbreytingar, heldur aðeins orðabreytingar.

Í 1. gr., upphafi 2. málsgr., fanst okkur óviðfeldið að tala um, ef barn fyndist, eins og einhver hlutur hafi týnst, en vildum leggja til, að það yrði orðað eins og í brtt. Er það líka í samræmi við lögin, því að 8. gr. byrjar á sömu orðum.

2. brtt. þarf engrar skýringar við. Í 4. gr. 2. málsgr. stendur: samkvæmt 1. málsgr. En það bendir til, að um fleiri málsgreinar sje að ræða. Þótti nefndinni

því viðfeldnara að hafa í staðinn: undanfarandi málsgr.

Hvað snertir 3. brtt., við 6. gr., þá er það aðeins orðabreyting, eins og allir sjá. Þar stóð áður: „sem fæddur er", en verði: „sem fædd er", — og lagi sig þannig hvað eftir öðru.

Hygg jeg svo, að ekki þurfi hjer meira að segja, en eins og jeg tók fram áðan, leggur nefndin til, að frv. verði samþ.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hefi ekki annað að segja en að þakka háttv. nefnd fyrir afgreiðslu þessa máls.

Brtt. á þskj. 326 eru allar orðabreytingar, og er ekkert sjerlegt við þær að athuga. Verð jeg að játa, að líklega þykir alment málið liðlegra með því orðalagi, sem nefndin vill hafa. Aðeins skal jeg taka það fram, að jeg er ekki viss um, að 2. brtt. sje til bóta, að í stað orðanna: „1. málsgr." komi: undanfarandi málsgr. Ekki skal jeg þó hafa á móti því. Heldur hefði þar samt átt að standa „fyrri málsgr.", þar sem þær eru ekki nema tvær. Annars er þetta orð „undanfarandi" óíslenskulegt orð. Og ef farið er út í klassiskt mál, hefði átt að standa þar „undanfarinni".

Jeg finn að öðru leyti enga ástæðu til þess að ræða frekar hjer um.

Eggert Pálsson: Jeg skal aðeins geta þess, að þetta orðalag, fyrsti, fyrri og undanfarandi, kom alt til tals í nefndinni. En okkur fanst fara best að hafa orðalagið undanfarandi. En vitanlega er slíkt aðallega álitamál.

ATKVGR.

Brtt. 326,1 samþ. án atkvgr.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3 gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 326,2 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 326,3 samþ. án atkvgr.

6. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

7.— 9. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 53. fundi í Ed., laugardaginn 17. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 348).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 56. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 58. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 23. apríl, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Frv. þetta er fram komið eftir áskorun í þáltill. frá hv. efri deild. Slík lagasetning sem þessi er afleiðing af auknum rjettindum kvenna. Hjer er með löggjöf verið að veita þeim sjálfstæðari ríkisborgararjett en þær hafa haft hin síðustu ár. Það virðist sem sje ekki nema eðlilegt, þegar konur hafa yfirleitt fengið sömu rjettindi og karlmenn, að giftar konur íslenskar sjeu ekki lengur eins háðar erlendum mönnum sínum hvað þetta snertir eins og verið hefir.

Frv. þetta er sniðið eftir lögum ná-

grannaþjóðanna um þessi efni, og virðist það ekki nema heppilegt, að ríkisborgaralög vor, sem yfirleitt eru almenns eðlis, sjeu í samræmi við lög þessara þjóða hvað þetta snertir.

Vænti jeg þess, að hv. deildarmenn geti fallist á frv. óbreytt, en þó tel jeg rjettara að vísa því til nefndar, og geri þá að till. minni, að því verði vísað til hv. allshn., að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Nd., föstudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 348, n. 438).

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg stend aðeins upp til að lýsa því yfir fyrir hönd allshn., sem hefir haft mál þetta til meðferðar, að hún hefir ekkert fundið við það að athuga, og leggur því til, að það fái greiðan gang gegnum deildina. Frv. þetta er komið frá stjórninni og fylgir því ítarleg greinargerð, sem jeg býst við, að allir hv. deildarmenn hafi kynt sjer, og nægir því að vísa til hennar.

Aðalefni þess er að samræma lögin um ríkisborgararjett við samskonar löggjöf á Norðurlöndum.

Nefndin hefir flutt eina brtt. við frv., og er það aðeins orðabreyting. Efri deild hafði og gert svipaða brtt. við 6. gr., og hefir því líklega skotist yfir þetta.

Legg jeg svo til, að frv. verði samþykt.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get verið þakklátur hv. nefnd fyrir skjóta og góða afgreiðslu þessa máls, því jeg hefi ekkert sjerstaklega á móti brtt. nefndarinnar, þó jeg hinsvegar telji hana óþarfa, eins og orðabreytingu þá, sem gerð var á frumvarpinu í Ed. Sje jeg því ekki ástæðu til að senda frumvarpið milli deilda vegna þessarar brtt. Væri heppilegast, að hún yrði ekki samþykt.

Frsm. (Jón Kjartansson): Nefndin gerði þessa brtt. til samræmis við breytingu þá, sem efri deild gerði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 438 samþ. með 14:2 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

3.—9. gr., samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., mánudaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 459).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Ed.

Á 65. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg skal aðeins geta þess, að frv. þetta kemur nú frá hv. Nd., og hefir hún gert á því lítilfjörlega orðabreytingu, í samræmi við breytingu, sem áður hafði verið gerð

hjer í hv. deild. — Leyfir allshn. sjer að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 501).

---

15. Fjáraukalög 1924.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1924 (stjfrv., A. 2).

Á 3. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjhn. með 24 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 2, n. 367).

Frsm. (Jakob Möller): Það eru aðeins nokkrar upphæðir á þskj. 367, sem nefndin leggur til, að bætt sje við. Tvær fyrstu brtt. eru um gjöld til póstafgreiðslumanna utan Reykjavíkur. Þau eru ákveðin í fjárlögunum aðeins sem áætlunarupphæð. Upphæðin getur farið eftir því, hvernig á er haldið. Það hefir verið siður að taka þessar upphæðir upp í fjáraukalög; það kom aðeins ekki til þess á síðustu þingum, því að engar umframgreiðslur hafa átt sjer stað síðan 1921.

Fjárveiting fyrir hinum 2 liðunum er í fjáraukalögum fyrir 1923, en hefir ekki komið til greiðslu fyr en 1924, svo heimildin var formlega úr gildi gengin. Því þótti nefndinni rjett að taka þetta upp.

Að öðru leyti er ekki mikið um frv. að segja. Að vísu hefði mátt fella burt 2 upphæðir. Í 3. gr. B-lið brunaábyrgðar- og sótaragjöld. Þetta eru lögboðin gjöld, sem strangt tekið er ekki ástæða til að taka upp í fjáraukalög.

Þá vil jeg vekja athygli á kostnaðinum við sambandslaganefndina. Nefndinni þótti sá kostnaður nokkuð mikill; fundur sambandslaganefndarinnar var haldinn heima og þessi upphæð er umfram föstu launin. Þá er 2. liður sömu greinar, 2000 kr. kostnaður við ríkisráð. Nefndin vildi gjarnan fá upplýsingar um þetta.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er altaf álitamál, hvað upp skuli taka í fjáraukalög og hvað ekki. Jeg hefi ekkert að athuga við breytingar þær, sem hv. fjhn. hefir gert. Jeg hefi tilhneigingu til þess að fara heldur lengra en skemra í því að taka fjárgreiðslur upp í fjáraukalög. Jeg er nú ekki með öllu viðbúinn að svara því, sem hv. frsm. fjhn. (JakM) mintist á. Viðvíkjandi sambandslaganefndinni, þá skildist mjer það ekki vera bein fyrirspurn, heldur nokkurskonar áminning um að greiða ekki meira en nauðsyn krefði til hennar. Jeg held, að þeir nefndarmenn, sem búsettir eru hjer, komist ekki hjá nokkrum aukaútgjöldum vegna veru dönsku nefndarmannanna hjer, þegar fundir eru haldnir hjer heima, til þess að halda uppi samræmi á framkomu nefndarhlutanna hjer og í Danmörku. Þá er ríkisráðskostnaðurinn, 2000 kr. Það er sama veiting og tekin var upp í fjárlögin 1925. Þá var þessi kostnaður hækkaður um 2000 kr. Allar sömu ástæður fyrir hækkuninni

voru til staðar 1924. Því þótti stjórninni rjett að greiða þessa upphæð.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg hefi ekki umboð frá fjhn. til þess að áfellast hæstv. stjórn fyrir þessar greiðslur. Jeg greiddi sjálfur atkvæði með hækkuninni á ríkisráðskostnaðinum í fjárlögunum 1925. Það er rjett til getið hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að það var ekki meining fjhn. að finna að eða áfellast stjórnina fyrir greiðsluna til sambandslaganefndarinnar. En henni fanst upphæðin samt nokkuð há, þótt gert væri ráð fyrir risnu af hálfu íslensku nefndarmannanna.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 367,1.a—b samþ. með 18 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 367,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 367,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

8.—9. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 384).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 24. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 384, n. 477).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Jeg þarf ekki mikið að segja viðvíkjandi þessu frv. Nefndin hefir athugað það og borið saman við landsreikningana. Einnig hefir hún athugað breytingar þær, sem fram komu í hv. Nd., og telur þær rjettar vera. Viðvíkjandi þessum 8400 kr., sem fjáraukalögin voru hækkuð við þá breytingu, sá nefndin ekki annað en að sú upphæð væri á fullum rökum bygð. Hefi jeg svo ekki meira að segja, en geri ráð fyrir, að óhætt sje að samþykkja frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 8. maí, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 551).

---

16. Landsreikningur 1924.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um samþykt á landsreikningnum 1924 (stjfrv., A. 4).

Á 3. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 368).

Frsm. (Jakob Möller): Það stóð svo á í fyrra, þegar frv. til laga um samþykt landsreikningsins kom til 2. umr., að jeg var ekki viðstaddur og gat því ekki tekið til máls. Nú skal jeg því votta það, að fjhn. kann vel þeirri breytingu á reikningnum, sem tekin hefir verið upp hin síðari ár. Hún gerir reikninginn gleggri yfirlits. Annars hefi jeg ekki mikið um frv. að segja, eins og nál. ber með sjer. Nefndin hefir aðeins óskað eftir upplýsingum um nokkra liði, sem nefndir eru á þskj. 368. Þeir eru sumpart þess eðlis, að nefndinni finst þeir ekki eiga heima þar, sem þeir eru settir, og sumpart veit nefndin ekki, hvernig þeir eru tilkomnir. T. d. greiðsla samkv. þál. 15. sept. 1917, um skipun fossanefndar. Sú nefnd hefir lokið störfum sínum fyrir löngu, en þó er greiðsla til hennar kr. 1751,42. Þetta kemur nefndinni nokkuð undarlega fyrir sjónir. Þá er veitingin til alþýðuskólans á Eiðum, 625 kr. Það er ólíklegt, að hún standi í sambandi við stofnun skólans. Hún ætti því að standa í sama lið í fjárlögunum og aðrar veitingar til skólans. Hjer virðist vera um misfærslu að ræða.

Af því, sem ekki er tekið upp í þetta þskj., mætti náttúrlega benda á útgjöld til Flóaáveitunnar, þó að þar sje reyndar sjerstaklega ástatt, því að ætla má, að þau útgjöld væntanlega hverfi algerlega með tímanum. Ennfremur útgjöld, er snerta skipulag kauptúna og sjávarþorpa, er nú hafa verið tekin upp í fjárlög, og jarðræktarlögin sömuleiðis. En hitt virðist ekki skifta máli, ef hæstv. stjórn er eitthvað vant við látin að gefa upplýsingar um þessar greiðslur, sem tilfærðar eru í nál., og jeg leyfi mjer þá að vænta þeirra við 3. umr. málsins.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hafði ekki gætt þess að grenslast nægilega eftir því hjá ríkisbókhaldinu, til hvers þetta hefði gengið, og vildi jeg því heldur láta bíða til 3. umr. að svara fyrirspurn hv. nefndar, til þess að vera viss um að fara öldungis rjett með. Aðeins skal jeg nefna það, sem talað var um viðvíkjandi fossanefndinni og fært hefir verið þannig í mörg ár. Þetta er kostnaður við árlegar vatnsrenslismælingar. Það er mæling á vatnsrensli í nokkrum vatnsföllum á landinu, sem byrjað var á eftir tillögum fossanefndar á sínum tíma og er stöðugt framkvæmd undir stjórn vegamálastjóra. Að bendla fossanefndina við það kemur ekki til af neinu öðru en því, að byrjað var á

því á sínum tíma eftir tillögum frá þessari nefnd.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Í nál. hv. fjhn. á þskj. 368 er óskað eftir því, að gerð sje grein fyrir því, hvernig standi á nokkrum greiðslum, sem færðar eru til útgjalda í 24. gr. fjárlaganna, samkvæmt lögum og þingsályktunum.

Fyrsta greiðslan, 5 þús. kr., er færð samkvæmt lögum um kaup á skipum frá 1917. Það eru eftirstöðvar af kostnaði við viðgerð á e/s „Borg", sem landið átti, og greitt til skipasmíðastöðvar í Kaupmannahöfn.

Því næst eru 625 kr., sem greiddar hafa verið samkvæmt lögum frá 1917, um stofnun alþýðuskóla á Eiðum. Eru það vextir og afborgun af láni, er á eigninni hvíldi, er ríkið tók skólann að sjer til rekstrar, og það hefir verið síður fram að þessu að færa þetta í þessa grein fjárlaganna, þótt það raunar ætti betur heima í 7. gr. ásamt öðrum slíkum greiðslum.

Þá er greiðsla til kornforðabúrs, 102 kr., sem er styrkur til Fellahrepps 1923—24, fyrir þá sök, að þessi hreppur hefir fullnægt þeim skilyrðum, sem lögum samkvæmt gefa þennan rjett.

Enn eru 11 þús. kr., sem greiddar hafa verið samkvæmt lögum um húsagerð ríkissjóðs, frá 1919. Þessu fje var varið til undirbúnings viðbótarbyggingar spítalans á Kleppi veturinn 1923—24, áður en sú stjórn tók við, er nú situr.

Loks eru 1750 kr., sem greiddar hafa verið í sambandi við þál. frá 1917, um skipun fossanefndar. Er það kostnaður við vatnsrenslismælingar, sem framkvæmdar hafa verið á ýmsum stöðum nú í nokkur ár.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg þakka hæstv. fjrh. fyrir góð og gild svör. Í sjálfu sjer er ekkert að athuga við þessar færslur annað en það, sem hæstv. fjrh. tók fram um greiðsluna til Eiðaskólans, að hana bæri að færa með öðrum lánum. Greiðslan fyrir „Borg" er auðvitað heldur ekki beinlínis eftir lögunum um kaup á skipum frá 1917. En úr því að búið er að selja „Borg", þá má þetta svo vera.

Að öðru leyti væntir nefndin þess, að haldið verði áfram framvegis að koma sem flestum færslum af þessari grein og í aðrar greinar, þar sem þær eiga betur heima, svo sem reynt hefir verið undanfarin ár.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 56. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 58. fundi í Ed., laugardaginn 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 6. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 478).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Viðvíkjandi samþykt landsreikninganna hefi jeg ekki annað að segja en það, sem í nál. stendur, og legg því til, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.
Tekjubálkurinn samþ. með 13 shlj. atkv.
Gjaldabálkurinn samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 8. maí, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 552).

---

17. Fræðsla barna.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um fræðslu barna (stjfrv., A. 7).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Frv. þetta er hv. deild talsvert kunnugt, og að vísu hefir það átt nokkuð misjöfnum viðtökum að mæta. En jeg vona samt, að það verði nú látið ganga fram. Jeg held, að alls vegna væri heppilegast að reyna að koma sjer saman um þetta. Hjer er ekki um neinn verulegan kostnaðarauka að ræða, en reynt að gera haganlegri og skýrari ákvæði um ýms atriði. Frv. hefir yfirleitt lítið verið breytt frá því, sem það var frá hendi mentamálanefndarinnar, sem upphaflega samdi það.

Mjer þykir ekki þörf á að tala frekar um þetta nú. Jeg skal aðeins geta þess, að mjer datt fyrst í hug að láta fylgja þessu frv. annað frv. frá sömu nefnd, um stjórn skólanna. Jeg hvarf þó frá því aftur, af því að mjer fanst þau ákvæði, sem það frv. hafði inni að halda, að ýmsu leyti ófullnægjandi. Jeg hygg, að hjer þyrfti sterkari yfirstjórn, helst sjerstakan mann, sem hefði yfirumsjón allra skóla landsins.

Jeg skal geta þess, að eftir að jeg hafði ákveðið að hætta við að leggja frv. fram, átti jeg tal um þetta atriði við yfirkennara Jón Ófeigsson, og var hann mjer sammála í þessu efni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til mentmn. með 17 shlj. atkv.

Á 38. og 41. fundi í Nd., dagana 23. og 26. mars, var frv. tekið til 2. umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 6. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 7, n. 146, 237).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil hefja mál mitt á því að þakka hæstv. stjórn fyrir það að hafa borið fram frumvarp þetta.

Fræðslulögin frá 1907 sýndu það ljóst fram að ófriðnum mikla, að þau voru vel við hæfi landsmanna og fullnægðu þeim

kröfum, sem til þeirra bar að gera. Hagskýrslur um barnafræðslu sýna það, að hjer tók það skemmri tíma en meðal annara þjóða að koma slíkri breyting í framkvæmd. Svo kom stríðið og þá kom afturkippur í þetta. Þá var hætt að reisa skóla og jafnframt dregið úr kenslunni. Á þeim tímum gerðu þeir einir till. um fræðslumálin á Alþingi, er vildu hopa frá því, er áður hafði gert verið. En þetta frv., sem hjer liggur fyrir, er fyrsti votturinn um stefnubreytingu í þessu máli og ber vott um, að þingið vilji nú reyna að bæta þá höfuðgalla, er verið hafa á fræðslulöggjöfinni að undanförnu.

Að svo mæltu skal jeg minnast á nokkur helstu atriði í frv. sjálfu og áliti mentamálanefndar.

Árið 1922 var með lögum samþykt undanþága frá farskólaskyldunni og þar með geigað stórlega frá þeirri meginreglu, sem lögin 1907 voru bygð á, að hvert barn í landinu skyldi eiga kost á þeirri fræðslu, sem því væri nauðsynleg.

Það er nú að vísu svo, að kensla getur farið vel úr hendi, enda þótt ekki sjeu fastir kennarar, og jeg þekki að minsta kosti tvo hreppa, sem jeg treysti vel til slíks. Nefndin hefir því ekki viljað fella burtu undanþáguna, því að hún vill, að lögin hafi hann teygjanleik, sem nauðsynlegur er, og að þau sjeu löguð eftir þörfum landsmanna. Þau eiga að vera þannig, að þau kreppi að á sumum stöðum, en geti gefið eftir á öðrum.

Breytingartill. nefndarinnar 2. B. miðar að því að veita sjerstakt aðhald þeim skólahjeruðum, er undanþáguna vilja nota. En hjer er eins og annarsstaðar í frv. lagt mikið vald í hendur fræðslumálastjórnarinnar, þar sem henni er falið að ákveða, hvar skólaskylda skuli vera. Nefndin er þeirrar skoðunar, að þetta vald verði að leggja í hendur fræðslumálastjórnarinnar, því að það verður að gera ráð fyrir, að henni sje best treystandi til þess að sjá um góða framkvæmd fræðslulaganna.

Þá er brtt. nefndarinnar um kristindómsfræðsluna. Hygg jeg, að ef frv. verður samþykt með þeirri breytingu, þá sje það komið í það horf, sem því ber. Það eru margir kostir því samfara að hafa glögga verkaskiftingu milli presta og kennara um kristindómsfræðsluna. Og verkaskiftingin er þessi, að kennarar eiga að hafa með höndum hina sögulegu kristindómsfræðslu, en prestarnir trúfræðiskenslsluna. Býst jeg við, að hv. þdm. geti orðið sammála um að gera þessa breytingu, sem margir ágætir menn hafa lagt til, að gerð verði, enda væru þá lagafyrirmæli um þá kenslu komin í gott horf. Þessari breytingu ætti þó að sjálfsögðu að fylgja hitt, að kirkjunnar menn sjái sig knúða til að bæta um undirbúninginn undir fermingarnar að því er kenslubækurnar snertir. Á kirkjan að vera einráð um það, því að jeg hygg, að það sje ekki vert, að hið háa Alþingi fari að skifta sjer af því, hverjar kröfur kirkjan vill gera til fermingarbarna. Þess vegna hefir nefndin ekki komið fram með neina brtt. í þá átt, en henni er ljóst, að víkja verður frá nokkrum þeim kenslubókum, sem nú eru notaðar, og semja nýjar. Treystir hún kirkjumálastjórninni vel til þess að sjá um það.

Þá kem jeg að því ákvæði frv., að ríkissjóður leggi fram ⅓ kostnaðar við byggingu skólahúsa utan kaupstaða. Þetta hefir verið svo áður í fjárlögum, en nefndin er öll sammála um, að þessu sje breytt þannig, að ríkissjóði sje jafnan skylt að greiða ⅓ hluta kostnaðar við byggingu skólahúsa, án tillits til þeirrar upphæðar í fjárlögum, sem til þess er ætluð. Þetta mundi valda nokkurri breytingu frá því, sem nú er, en

hún hefir þó engan beinan útgjaldaauka í för með sjer. Niðurstaðan yrði sú, að sum árin yrði ríkissjóður að leggja fram meira fje en ætlað er í fjárlögum, en það jafnast þannig, að sum árin verður upphæðin minni en ætlað er. Og það er einmitt sjerstök ástæða til þess nú að veita öllum þeim hjeruðum, er þess óska, ⅓ kostnaðar við skólabyggingar, þar sem skólahúsbyggingar hafa nú legið niðri í 10 ár, svo að segja. Fræðslumálastjóri hefir skýrt frá því, að nú liggi fyrir 14 umsóknir í þessa átt, en öll fjárhæðin, sem fram á er farið, er þó ekki meira en 30 þúsund kr., og þegar það er borið saman við hitt, að hv. fjvn. vill verja 27 þús. kr. til nýbygginga á prestssetrum, þá er sú upphæð ekki gífurleg. Og þegar þess er ennfremur gætt, að ríkið hefir lagt fræðsluskyldu á herðar hjeraðanna, með sjerstökum skilyrðum um kenslustofur og læknisskoðun, þá ætti ekki að standa á ríkinu að hjálpa hjeruðunum til þess að uppfylla þær kröfur, sem til þeirra eru gerðar. Og þar sem hjeruðin eiga sjálf að leggja fram ⅔ kostnaðar, er þeim það nægilegt aðhald til þess að flana ekki út í byggingar að óþörfu nje láta kostnað við þær fara fram úr hófi.

Þá er brtt. nefndarinnar 6. c. um kostnað við eftirlit og próf í skólunum, að hann verði greiddur af ríkissjóði, en ekki sveitarsjóði. Virðist það rangt að leggja það á hjeruðin, að þau hafi eftirlit með sjálfum sjer, enda hefir þessi kostnaður áður verið greiddur úr ríkissjóði.

Um skólanefndir hafa verið gerðar nokkrar breytingar. Telur nefndin nægilegt, að 5 menn sjeu í skólanefnd í kauptúnum og 3 í sveitum. Nefndin getur fallist á þá breytingu stjfrv., að fræðslumálastjóri skipi formann nefndanna, því að það mundi skapa aðhald um það, að fræðsluskyldunni væri vel sint, og er þess ekki vanþörf sumstaðar.

Nefndin er þakklát hæstv. stjórn fyrir það, að frv. þetta á að tryggja það, að fræðslulágmarkinu sje alstaðar náð, og að fræðslumálastjóra sje gefið vald til að sjá um, að svo verði. Ratar frv. í þessu efni meðalveginn milli þeirra tveggja stefna, sem uppi hafa verið í skólamálunum, svo vel, að allir mega vel við una.

Nú sem stendur nær heimafræðslan til barna frá 8—10 ára, og á að hafa eftirlit með því, að hún sje framkvæmd. En skólaskylda nær til 10—14 ára barna, en þó á heimakensla altaf að vera við hlið hennar. Vil jeg hjer taka það fram, að það er fjarri sanni, er sumir halda fram, að heimafræðslan sje gefin upp. Það er sennilegt, að hvergi í Evrópu sjeu gerðar eins miklar kröfur til heimafræðslu eins og hjer á landi, og eins mundi verða, þótt þetta frv. yrði samþykt.

Það er aðalkostur þessa frv., að það skapar það aðhald, er nægja mætti til þess að lögin nái tilgangi sínum. Öll börn eiga heimtingu á fræðslu, og þann rjett verður að vernda. Misrjettið verður nóg síðar í lífinu, þótt það bitni ekki á mönnum á barnsaldri.

Jeg hygg, að enginn geti verið á móti þessu frv. nema þeir, sem vilja gera sig bera að því að vilja draga úr fræðslukröfunum, en jeg veit ekki til þess, að neinn vilji láta það um sig spyrjast.

Að lokum vil jeg geta þess, að nefndinni virðist svo, að verði frv. þetta samþykt, þá vanti lagabálk um skyldur og störf fræðslumálastjóra. Jeg býst við, að það sje eitt af því helsta, sem löggjafarvaldið gæti unnið barnafræðslunni til gagns, ef það setti lög um starfsvið og skyldur fræðslumálastjóra. Nú þegar eru til drög til slíkra laga í frv., sem milli-

þinganefnd um mentamál samdi. Vildi jeg bæði fyrir eigin hönd og mentmn. óska þess, að hæstv. stjórn legði slíkt frv. fyrir næsta þing. Jeg álít, að það eigi að vera stjórnin, sem ber fram slíkt frv., meðfram sakir þess, að jeg vil, að löggjöfin komist sem mest í það horf, að stjórnin beri fram frv., en ekki einstakir þm.

Þar sem þetta frv. er stjfrv. og fáar brtt. hafa fram komið við það frá einstökum þm., tel jeg það vitni um, að nú eigi að hefja nýja framsókn í kenslustarfseminni, til þess að það fje, sem veitt er til þeirra hluta, verði að sem bestum notum.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil votta háttv. mentmn. þakklæti mitt fyrir meðferðina á þessu frv. Við brtt. hennar hefi jeg ekkert sjerstakt að athuga; þær raska ekki aðalatriði frv. í neinu, en nauðsynlegar eru þær víst ekki.

Brtt. um að ríkissjóður skuli greiða ⅓ kostnaðar við barnaskólabygging, án tillits til þess, hvort fje sje til veitt í fjárlögum, hygg jeg varhugaverða. Jeg geri ekki ráð fyrir, að fjrh. muni telja sig skyldan til að borga meira en veitt er í fjárlögum.

Að öðru leyti þykir mjer ekki ástæða til að orðlengja um brtt. þessar.

Þórarinn Jónsson: Það er aðeins örstutt aths. Jeg vildi aðeins geta þess, að jeg er ekki samdóma hv. nefnd um eina brtt., nr. 5 á þskj. 146. Brtt. er um það, að fella niður það ákvæði frv., að fara skuli eftir fjárveitingu fjárlaganna um tillag til byggingar skólahúsa, heldur veita úr ríkissjóði eins og um væri beðið til þessara bygginga, án íhlutunar þingsins, að ⅓ hluta. Það er alveg rjett, sem hv. frsm. (ÁÁ) tók fram, að um nokkurra ára bil hafa legið niðri byggingar skólahúsa, svo að þörfin er orðin nokkuð brýn, en það verða menn að athuga, að búast má við, að kröfurnar verði líka miklar. Það eru sjálfsagt 6—7 af hverjum 10 hreppum á landinu, sem ekki hafa bygt sjer skólahús, svo að búast mætti við, að fram gætu komið kröfur um 100 þús kr. eða meira til skólabygginga á næstunni árlega. Það er líka rjett hjá hv. frsm., að ríkissjóður á ekki að greiða nema nokkurn hluta af þessum kostnaði, en það hlýtur að valda ósamræmi við aðrar fjárveitingar, sem geta verið eins þarfar, ef þetta þarf ekki að vera komið undir vilja þingsins á hverjum tíma. Heimilin hafa nú að undanförnu verið notuð til þessarar fræðslu, og þótt það sje ekki allskostar gott og fullnægi ekki þeim kröfum, sem gera má, held jeg, að ekki saki, þótt það dragist í 3—4 ár að bæta úr því.

Menn hafa talið það töluverða ástæðu fyrir því, að hreppar ráðist ekki í skólahúsbyggingu nema vel ári, að þeir eigi sjálfir að greiða ⅔ af kostnaðinum. En nú er það að athuga, að margir hreppar eiga óuppkomin samkomuhús, sem hafa mætti í sömu byggingu og skólahúsin, og mundi það ýta undir marga þeirra að ráðast sem fyrst í bygginguna, einkum þegar þeir vissu, að þeir ættu von á þessari hjálp frá ríkissjóði hvenær sem þeir óskuðu. Jeg hygg því varhugavert að taka þessi mál undan meðferð þingsins, og álít betra að halda þeim í sama horfi og áður.

Hv. frsm. sagði, að 14 hjeruð hefðu sótt um styrk á þessu ári til byggingar skólahúsa og að fræðslumálastjóri hafi sagt, að 30 þús. kr. mundu vera nægilegt fje. Í þessu liggur auðvitað þannig, að hann álítur ekki farandi lengra á þessu ári en að veita 30 þús.

Jeg er hv. nefnd sammála að öðru leyti,

en vil leggjast eindregið á móti þessari brtt. hennar.

Jón Sigurðsson: Jeg á eina litla brtt. við 7. gr., á þskj. 237, þar sem farið er fram á það, að ekki þurfi að sækja um leyfi fræðslumálastjóra til að hafa 8 vikna kenslu, þar sem staðhættir eru slíkir, að ekki verður hjá því komist að þrískifta kenslunni. Hv. nefnd vill einnig heimila þetta, en aðeins láta sækja um það til fræðslumálastjóra í hvert einstakt skifti. Jeg tel það algerðan óþarfa að viðhafa slíka skriffinsku, þar sem fræðslumálastjóri mun aldrei neita um slíka undanþágu, sje hún á viti bygð, og örðugt að ná saman nefndunum á tveim stöðum, nema með stórkostnaði. Vona jeg, að þessi litla brtt. finni náð fyrir augum hv. þd., og ræði ekki frekar um hana.

Þótt jeg hafi ekki borið fram nema þessa einu brtt., er jeg engan veginn allskostar ánægður með frv.; jeg er því ósamþykkur í ýmsum grundvallaratriðum, þótt jeg fari ekki út í það að sinni. — Jeg álít, að margar brtt. hv. mentmn. sjeu til bóta, og sumar til allverulegra bóta. En jeg verð að taka undir óánægjuna með þá brtt., að eigi þurfi heimild í fjárlögunum til þess að leggja megi úr ríkissjóði til byggingar skólahúsa. Jeg álít, að þingið eigi ekki að ganga inn á þá braut að afsala sjer rjettinum til að sníða fjárveitingar eftir ástæðum ríkissjóðs á hverjum tíma. Það hefir þegar verið gengið alt of langt inn á þá braut, og ættu hv. þm. að hugsa sig um, áður en þeir slá þetta vald úr hendi sjer frekar en orðið er.

Jeg vil ekki gera mikið úr því, þótt áætlað hafi verið, að 30 þús. kr. færu til skólabygginga. Við þekkjum líklega allir þessar áætlanir og hvernig þær hafa reynst; reikningum og bakreikningum stundum rignt að upp á marga tugi þúsunda. Nei, jeg held, að það sje ekki mikið leggjandi upp úr áætlunum byggingameistaranna, sem lagðar hafa verið fyrir þingið. — Hv. frsm. gat þess til samanburðar, að veita ætti 27 þús. kr. til byggingar á prestssetrum. En þetta fje er aðeins lánað og greiddir af því vextir.

Loks langar mig til að spyrja hv. frsm., hve því eigi að vera háttað, þegar talað er um, að fræðslumálastjórnin eigi að skipa formann skólanefnda. Á þessi formaður þá að vera búsettur í hjeraðinu, þar sem skólinn er, eða á það ekki að vera skylda? Þar sem þetta er ekki greinilega orðað, vil jeg skjóta því til hv. nefndar, hvernig hún lítur á þetta. Hefi jeg svo ekki meira að segja að sinni.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg vil fyrst svara síðustu spurningu hv. 2. þm. Skagf. (JS). Það er auðvitað, að form. skólanefndar skal vera búsettur í skólahjeraðinu. Þetta er að vísu ekki skýrt tekið fram í brtt. mentmn., en jeg held, að það sje svo sjálfsagt, að ekki þurfi nema þessa athugasemd fyrir nefndarinnar hönd til að binda það fastmælum.

Um brtt. hv. 2. þm. Skagf. vil jeg geta þess, að nefndin heldur fast við sína tilhögun. Þetta er að vísu engan veginn stórt atriði, og alveg rjett, að skólanefndir hafa alveg eins góða aðstöðu til að vita þarfir hjeraðsins, hvort það þarf að hafa 2 eða 3 skólastaði. En það hefir viljað brenna við hjá einstaka hreppi, að meira hefir verið hugsað um, hvað væri ódýrast, heldur en það, hvað best væri fyrir barnafræðsluna. Mentmn. ætlast til þess, að fræðslumálastjóri geri sjer sem mest far um að athuga, hvort ekki sje mögulegt að

tvískifta aðeins kenslunni, og að hann verði skólanefndunum til aðhalds í þeim efnum. — 8 vikna kensla er nokkuð lítið, enda er víðast kent 12 vikur, og stjfrv. gerði ráð fyrir að hafa hana altaf 12 vikur. Nefndin tekur undir það, að ástandið verði aðeins lakara, ef gerðar verða mjög einstrengingslegar kröfur í þessum efnum, og hefir því viljað leyfa undanþágu, þegar sjerstaklega stendur á.

Hið eina, sem mönnum virðist vera sjerstaklega illa við í brtt. nefndarinnar, er það, að framvegis verði fjeð, sem veitt er í fjárlögum til skólabygginga, aðeins áætlunarupphæð, en þingið ráði því ekki, í hve miklar framkvæmdir verði ráðist.

Hæstv. forsrh. (JM) sagði, að það væri ekki víst, að þessi brtt. yrði til bóta, því að fjrh. myndi ekki greiða meira en í fjárlögum stæði. En jeg vil halda því fram um þessar áætlunarupphæðir eins og aðrar, að það verði borgað, sem eyðist, eins og t. d. þegar áætlað er um eyðslu á kolum og þess háttar. Jeg hygg, að um þessi framlög mætti einnig gera sæmilegar áætlanir, og ef brtt. mentmn. væri samþ., myndi fjrh. borga, ef ríkissjóði væri það ekki algerlega ofvaxið. Enda er varla hætta á, að mikið eyddist í þetta í slæmu árferði, heldur færi saman mestar kröfur og gott árferði, því að í hallæri gætu sveitirnar ekkert lagt fram sjálfar. Jeg held, að það væri einmitt þægilegt að gera fjárframlögin til þessara bygginga ójafnari en verið hefir. Hitt er náttúrlega ómögulegt að segja með neinni vissu, hve háar kröfurnar gætu orðið. Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) hjelt því fram, að þær gætu orðið mjög háar, en jeg held, að þær verði það nú varla. Því að stærstu styrkirnir hlytu að verða til þorpa og kauptúna, en þau voru flest búin að koma sjer upp sæmilegum húsum fyrir 1914, og ættu þau að geta dugað enn um hríð. Umsóknirnar, sem koma á næstu árum, verða því sennilega allflestar frá þeim sveitum, sem hingað til hafa orðið að notast við stofur á bæjunum, en vilja nú byggja sjerstök hús, því að fólki er illa við að lána híbýli sín til barnakenslu.

Hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) gat þess, að 6 af hverjum 10 sveitum hefðu þegar komið sjer upp skólahúsum. Jeg geri ráð fyrir, að nálægt ¼ hluti muni aldrei koma sjer upp skólahúsum, svo að munurinn verður ekki svo mikill fyrir ríkissjóð, hvort það eru 6 eða 8 af hverjum 10 hjeruðum, sem hafa bygt.

Hv. 2. þm. Skagf. varaði menn alvarlega við byggingameisturunum og lagði áherslu á, hve lítið væri að marka áætlanir þeirra. Jeg vil nú ekki rengja hann neitt sjerstaklega í þessu, en vil aðeins segja það, að hjer er um svo smáar fjárhæðir að ræða, að það getur aldrei munað miklu. Mörg eða flest skólahúsin kosta þetta 3—5 þús. kr., og þegar framlag ríkissjóðs er aðeins ⅓ hluti, verða það ekki nema 1—2 þús. úr ríkissjóði. Það er annað mál, þótt menn sjeu deigir við járnbrautir og önnur miljónafyrirtæki og sjeu þar hræddari við áætlanirnar.

Forsætisráðherra (JM): Jeg gleymdi áðan að svara einu atriði hjá hv. frsm. (ÁÁ), þar sem hann talaði um, að þörf væri á nánari ákvæðum í lögum um yfirstjórn fræðslumálanna. Jeg sagði það við 1. umr. þessa máls, að mjer hefði komið til hugar að leggja fyrir þingið frv. líks efnis sem það, er milliþinganefndin hafði samið, en hætt þó við það. Það er alveg rjett athugað hjá hv. frsm., að hjer vant-

ar nokkuð í löggjöfina, sem verður að lagfæra áður en langt um líður.

Um brtt. hv. 2. þm. Skagf. get jeg verið fáorður; jeg sje ekki, að hún sje til neinna bóta, en er þó tiltölulega meinlaus.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af ummælunum um 5. brtt. hv. nefndar, sem fer fram á að fella úr 14. gr. orðin: „af því fje, sem veitt er í fjárlögum ár hvert", vil jeg leyfa mjer að segja, að þessi brtt. er ákaflega ómerkileg og þýðingarlítil. Því að þessi lög geta á engan hátt breytt ákvæðum 37. gr. stjórnarskrárinnar, um það, að ekki megi gjalda annað fje úr ríkissjóði en heimilað sje í fjárlögum eða fjáraukalögum ár hvert. Það eina, sem mætti segja, er, að ef þessi brtt. væri samþ., hefði þingið veikari aðstöðu til að finna að við ráðherra, þótt hann færi út fyrir fjárlögin. En jeg lít svo á, að ef fjárveitingin er nú tekin upp í fjárlögin, hvort sem hún er há eða lág, hafi stjórnin sömu skyldur til að halda sjer við þá upphæð, alveg án tillits til þessarar brtt., og megi ekki taka upp þá reglu að greiða alt, sem farið er fram á, án þess að þingið fái að leggja þar orð í belg. — Þó að jeg gæti nú ekki haft á móti slíku auknu valdsviði fyrir núverandi stjórn, þá vil jeg þó enganveginn mæla með till. þessari.

Jón Sigurðsson: Jeg vil aðeins benda hv. frsm. (ÁÁ) á það, að eftir stjfrv. á fræðslumálastjóri að hafa fulltrúa í skólanefndinni. En það má undarlegt heita, ef fræðslumálastjórinn, sem búsettur er hjer suður í Reykjavík, er færari að dæma um, hvað okkur hentar best norður á landi eða austur á Langanesi, þar sem hann hefir kannske aldrei stigið fæti sínum, heldur en skólanefndin, sem starfar þar á staðnum, og þar á meðal trúnaðarmaður fræðslumálastjóra. Háttv. þm. drap á aðhaldið, en jeg fæ ekki betur sjeð en að nægilega sje sjeð fyrir því.

En með frv. þessu er fræðslumálastjóra frekar fengið of mikið vald en of lítið, en það fer auðvitað alt eftir þeim manni, hvernig hann fer með vald sitt.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er að vísu rjett hjá hv. 2. þm. Skagf. (JS), að brtt. hans verður minni, þar sem fræðslumálastjóri á fulltrúa í skólanefndum. En hitt er ekki rjett, að það, sem mentmn. heldur fram, verði ekki það hentasta í þessum sökum.

Því skal ekki neitað, að skólanefndirnar munu oft hafa næga staðarþekkingu til að bera. En þær vilja bara ekki altaf hið besta, heldur hið billegasta. Og hefir þetta oft legið hjer í landi. Þess vegna virðist rjettast, að úrskurðarvaldið sje hjá fræðslumálastjóra. Skal jeg svo láta útrætt um þetta.

Að vísu er það rjett hjá hæstv. fjrh. (JÞ), að þetta eru aðeins einföld lög. En það gerir þó ekki það að verkum, að brtt. 5 á þskj. 146 kunni að verða þýðingarlaus eða áhrifalaus með öllu. Því að ef tillagan verður samþykt, þá er það víst, að stjórnin mun setja í fjárlögin áætlunarupphæð eftir tillögur fræðslumálastjóra og samkvæmt aðfengnum skýrslum. Og aðalbreytingin yrði þannig, að meira tillit yrði tekið til fræðslumálastjóra og álits hans en áður hefir verið. Í ár hafa t. d. óskir fræðslumálastjóra ekki verið teknar til greina nema að litlu leyti. En með samþykt tillögu nefndarinnar eru miklar líkur til, að þetta breytist til batnaðar, og þá er tillagan alls ekki þýðingarlaus.

Það er ekkert á móti því, að ýmsar fjárupphæðir sjeu lögbundnar með almennum lögum. Auðvitað er hægt að neita þessum

lögum um rjett sinn. En það er bara ekki gert. Jeg skal aðeins nefna kostnaðinn af jarðræktarlögunum. Hann mun vera áætluð upphæð. En skyldi stjórnin ekki sinna þeim kröfum, er þar koma fram, og borga út eftir gjaldþoli ríkissjóðs? Jeg býst við því.

Annars skal jeg ekki þrátta meira um þetta, og er því útrætt um það af minni hálfu og nefndarinnar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg held, að ómögulegt sje að fá það út úr 14. gr. frv. með brtt. nefndarinnar, að ríkisstjórnin sje bundin til að fara eftir till. fræðslumálastjóra um framlög á þessum lið fjarlaganna. Það væri þá fremur hægt að hugsa sjer það, eins og háttv. frsm. (ÁÁ) sagði síðast, að tillagan þýði það, að umræddur liður í fjárlögunum verði skoðaður sem áætlunarliður. (*ÁÁ*: Hvorttveggja). Nei, alls ekki hvorttveggja. Stjórnin hefir óbundnar hendur gagnvart tillögum þeim og skýrslum, er hún útvegar sjer við samning fjárlagafrv., hvort sem þær eru frá fræðslumálastjóra eða öðrum. Nema þá að sjerstaklega sje ákveðið með lögum, að hendur hennar skuli vera bundnar. En því er ekki hjer til að dreifa. Er þetta því nokkuð hæpin skýring hjá nefndinni eða háttv. frsm. (ÁÁ).

Greinin gerir ekki annað en að ákveða hlutfallið á milli þess, sem ríkissjóður á að greiða annarsvegar, en sveitarsjóður hinsvegar. En það er aldrei vant að skoða slíkar fjárveitingar sem áætlunarupphæðir. Það er eðlilegt, að fjárveitingar til þeirra mannvirkja, sem ætlast er til, að lokið sje við fyrir fjárveitinguna, sjeu skoðaðar sem áætlunarupphæðir. En jeg veit ekki, hvort unt er að skoða slíkar fjárveitingar, til að byggja fyrirfram ákveðna tölu barnaskólahúsa, sem áætlunarupphæðir.

Jeg held, að það færi illa á því, ef stjórnin teldi sig hafa óbundnar hendur um þennan lið. Ef kæmi t. d. fram í þinginu tillaga um hækkun á liðnum, sökum mikillar eftirspurnar, en væri feld af fjárhagsástæðum, þá hefði stjórnin alveg eins slæma aðstöðu til þess að verða við beiðnunum, þó að þessi brtt. yrði samþykt.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg ætlaði mjer ekki að tala aftur, en verð þó að gera það út af ummælum hæstv. fjrh. (JÞ). Það nær vitanlega engri átt hjá honum, að stjórnin sje ekki skyldug að taka tillit til álits fræðslumálastjóra. En það er auðvitað „teoretiskt" rjett, að stjórnin er ekki bundin, hvorki í þessu máli nje öðru. En í framkvæmdinni er það aldrei svo. Stjórnin hlýtur að taka tillit til laganna og til skýrslna og tillagna embættismanna ríkisins. Og hún gerir það altaf.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er alger misskilningur hjá háttv. þm. (ÁÁ), að stjórnin sje bundin af slíku lagaákvæði sem brtt. fer fram á. Hún áætlar aðeins eftir bestu vitund og skoðun sinni á gjaldþoli ríkissjóðs. Og einmitt þar sem fjárupphæðin er ekki bundin af lögum, hefir stjórnin frjálsar hendur við samning fjárlagafrv. og þingið við afgreiðslu þess. En það verður naumast hægt að segja, að þingið hafi frjálsar hendur um fjárhæðir, sem bundnar eru af löggjöfinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 146,1.a samþ. með 12:8 atkv.

— 146,1.b samþ. með 14:1 atkv.

— 146,1.c samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 146,1.d samþ. með 13 shlj. atkv.
— 146,1.e samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IngB, JakM, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁÁ, BSt.
nei: BL, HStef, HK, JAJ, JBald, JK, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÁJ, BSv.
Þrír þm. (BJ, JörB, MT) fjarstaddir.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
3.—6. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 237 samþ. með 13:11 atkv.
— 146,2.a, svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
— 146,2.b samþ. með 17 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 146,3 samþ. án atkvgr.
9. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 146,4 samþ. án atkvgr.
10. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
11.—13. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 146,5 feld með 14:9 atkv.
14. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
15.—17. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 146,6.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 146,6.b samþ. með 15 shlj. atkv.
— 146,6.c samþ. með 15 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 146,7 samþ. með 17 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
21.—23. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 146,8.a samþ. með 17 shlj. atkv.
— 146,8.b samþ. með 13 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 146,9 samþ. með 13 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.
26.—28. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 146,10.a samþ. án atkvgr.
— 146,10 b samþ. með 13 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
30.—32. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 285).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16:4 atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 285).

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 10. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Þó að þetta frv. eða annað líkt hafi — eftir því sem jeg hygg — ekki verið fyrir þessari hv. deild, þá veit jeg, að háttv. deildarmönnum er málið mjög kunnugt. Það er aðallega komið frá utanþingsnefnd, sem til þess var skipuð að rannsaka fræðslumálin. Breytingar, sem gerðar voru í hv. Nd. á frv. stjórnarinnar, eru smávægilegar og snerta engin aðalatriði. Jeg má þess vegna segja, að engin deila hafi orðið um málið í hv. Nd., og jeg vona, að þessi hv. deild geti fallist á að láta það sæta svipaðri meðferð. Það hefir verið margtekið fram,

— eins og væntanleg nefnd mun sjá, — að kostnaðurinn við framkvæmd frv. verður enginn — eða sama sem enginn meiri en nú er — vegna breytinganna. Það mun alveg óhætt að segja það. Aðalatriði frv. er þetta, að gera fræðslukröfurnar skýrari en þær voru áður. Sömuleiðis að gera stjórn þessara mála nokkru hægra fyrir og gera hana um leið tryggari og sterkari.

Það var að vísu ætlast til þess af nefndinni, sem jeg áður mintist á, að samfara þessu frv. væri borið fram frv. um yfirstjórn skólamálanna. Jeg hefi ekki treyst mjer til að leggja slíkt frv. fyrir nú, með því að jeg er ekki að öllu leyti ánægður með till. nefndarinnar. En jeg ætla ekki að fara neitt út í það mál hjer. Býst við, að það líði ekki á löngu áður en það verður nauðsynlegt að taka það mál upp, og það á öðrum grundvelli en hingað til hefir verið ætlast til. Það má vel vera, að það væri ekki óhugsandi að setja stjórn fræðslumálanna undir einn hatt.

Jeg hygg jeg þurfi ekkert frekar um þetta frv. að segja, en óska, að því verði vísað til hv. mentmn. að lokinni þessari umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til mentmn. með 11 shlj. atkv.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 285, n. 466).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jónas Jónsson): Mentamálanefnd Ed. hefir tekið þetta frv. til ítarlegrar meðferðar og gert við það nokkrar brtt., en þær eru allar þess eðlis, að þær snerta ekki aðalkjarna frv., heldur minni háttar atriði. Stjórnin hefir borið þetta frv. fram, og í Nd. hefir því verið breytt til bóta að ýmsu leyti. Mentamálanefnd þessarar deildar er öll á sama máli um það, að talsverður ávinningur sje að fá frv. samþykt, og hefir því flýtt málinu eftir föngum. Hún ætlar ekki að gera till. sínar að verulegu ágreiningsmáli og vill, að frv. gangi fram, hvað sem smábreytingum líður. Jeg hefi raunar að nokkru leyti sjerstöðu í þessu máli. Jeg álít, að þörf sje á nýju og ítarlegu skipulagi um þetta fræðslukerfi og ýmsum töluvert djúptækum breytingum, svo sem fækkun kennara, betri húsakynnum, fullkomnari kenslutækjum o. s. frv. En þetta þarf nokkurn tíma til að vinna fylgi. Jeg vildi aðeins taka það fram, að þó jeg álíti þetta frv. til bóta, ætlast jeg ekki til, að það standi til lengdar óbreytt, þó að það nái samþykki.

Það kom til orða í nefndinni að bera fram brtt. um, að fræðsluskylda gæti byrjað þegar börn væru 7 ára, en hún hætti við að bera þá brtt. fram, af því að henni hefði fylgt aukinn kostnaður og hún ef til vill tafið frv. um of í deildinni. Þetta hefði vitanlega aðeins komið til framkvæmda í kaupstöðum, því þar mun þörfin vera brýn á nýju fyrirkomulagi í þessu efni. Skólastjóri barnaskólans hjer í Reykjavík lítur svo á, að rekja megi alla galla á námsárangri barnanna til þess, að þau koma ólæs í skólann, og sum haldi áfram að vera þar ólæs. Nefndin fjell frá að gera tillögu um þetta, enda eru í stjfrv. ákvæði, sem gera mögulegt, að kensluskylda byrji við 8 ára aldur, og býst nefndin við, að sú breyting verði til verulegs gagns. Ein þýðingarmikil breyting frá fyrri ákvæðum er í stjfrv. og hefir verið gerð gleggri

í háttv. Nd. Hún er um kristindómsfræðsluna. Kverið hættir að vera hin lögboðna bók. Í stað þess koma valdir kaflar úr biblíunni. Nú er það líf og kenning Krists, sem leggja skal áherslu á, í stað flókinnar miðaldaguðfræði, sem kverið hafði að bjóða.

Við höfum gert nokkrar smábrtt., aðallega við 2. gr. Þær miða allar í þá átt að gera kröfurnar til fermingarbarna einfaldar og óbrotnar og meira við hæfi barna. Brtt. við 1. tölul. 2. gr. fer í þá átt, að barnið skuli geta sagt frá aðalatburðunum í þrem helstu Íslendingasögum. Með þessu er ætlast til, að ekkert sæmilega skynsamt barn sje fermt án þess að hafa lesið Njálu, Egilssögu eða einhverjar aðrar af hinum stærri Íslendingasögum. Það er ekki ætlast til, að bækurnar sjeu lesnar í skólanum, heldur heima undir umsjón kennarans, þannig að barnið geti sagt frá aðalatburðum sögunnar. Sá, sem t. d. kannast ekki við Njálsbrennu eða víg Gunnars á Hlíðarenda, þekkir ekki aðalatburði í Njálu. Jeg veit, að mörg kaupstaðabörn hafa ekki smekk fyrir svona hluti, en það er nú einu sinni svo, að skólinn er ekki eintómt meðlæti, og það má ekki fyr en í síðustu lög gefa upp þá von, að allir sæmilega skynsamir menn hafi einhver kynni af gullaldarbókmentum okkar. Það væri hlægilegt, ef líf þjóðarinnar væri talið byggjast mest á frægð fornbókmentanna, og svo vissi helmingur þjóðarinnar ekkert um þessar bókmentir. Nefndin ætlar ekki að gera þessa brtt. að kappsmáli, en þykir betur, ef deildin fellst á hana.

Við tölul. 4 gerum við þá brtt. að fella niður ákvæði um skyldu fermingarbarna til að kunna almenn brot, að öðru leyti en því að breyta almennum brotum í tugabrot. Almenn brot eru lítið notuð í daglegu lífi og eru ekki nauðsynleg frá því sjónarmiði. Þau eru hugræns eðlis og því fjarri skilningi barna. Flest börn læra þau án þess að skilja þau, og hjálpa þau því ekki til að efla skilninginn. Annars er hjer að ræða um lágmark þess, sem kent skuli, og er ekkert til fyrirstöðu því, að fleira sje kent, þar sem henta þykir.

Þá er brtt. við 5. lið. Í frv. stendur, að börnin skuli vita nokkuð um merkustu menn þjóðarinnar að fornu og nýju og þau tímabil, er þeir lifðu á. Við viljum fella þetta niður og setja í staðinn, að þau viti nokkuð um æfiatriði merkustu manna þjóðarinnar og þektustu menn veraldarsögunnar. Það er gert ráð fyrir, að börnin viti t. d., að Napóleon var ekki stórkaupmaður í venjulegum skilningi. Það er ekki hægt að segja, að það sje lífsnauðsynlegt fyrir nokkurn Íslending að kynnast þeirri tegund veraldarsögunnar, sem hjer um ræðir. En það er þó dálítið óþægilegt, ef almenningur verður án þessarar byrjunarþekkingar, sem álitið er, að heyri til borgaralegri mentun. Í staðinn fyrir þetta höfum við felt niður tímabil sögunnar. Það er áreiðanlega rjett spor. Því að tímabilin eru eins og brotin, hugræn þekking og börnum framandi, þar sem þeim þykir aftur á móti mjög skemtilegt að læra æfisögur.

Í greinina um landafræðiþekkingu hefir verið bætt við, að barnið þyrfti að vera leikið í að nota jarðlíkan. Jeg skal taka það fram, að þar er dálítil prentvilla, á að vera komma á eftir „jarðlíkan“; því að annars mætti ætla, að „tellurium“ og jarðlíkan væri nákvæmlega sami hlutur. Hjer vantar íslenskt orð, og ljetum við því útlenda orðið standa. Verði þessi brtt. samþykt, má laga þetta í endurprentun. Þar sem góður hnöttur kostar ekki nema 50 kr., þá er engin ofætlun fyrir hvaða skóla sem er að eiga einn slíkan hlut. En

það gerir kensluna miklu ljósari. Stundum hefir verið siður að kenna landafræði þannig, að taka aðeins Ísland og Evrópu, eða part af Evrópu. Maður sjer, að sú hugmynd um heiminn, sem börn fá af því, verður altaf mjög ófullkomin. Þess vegna er betra og heppilegra, að börnin læri snemma, hvernig jörðin lítur út að lögun, og fái þannig gleggri mynd af heiminum.

Þar sem í frv. er talað um helstu lönd Evrópu, þá höfum við bætt við Norður-Ameríku. Það leiðir af því, að lönd Norður-Ameríku heyra fullkomlega til Evrópuríkjunum að því er snertir áhrif þeirra á heimslífið nú á dögum.

Á eftir 7. lið höfum við bætt inn í, eftir ósk skólastjóra barnaskólans hjer, ákvæði, sem jeg held, að enginn geti haft á móti, að börnum sje í heilsufræðitímum kent um áhrif vínanda og tóbaks. Það er ákaflega ískyggilegt, að tóbaksnautn er að verða miklu algengari; meðal annars er það fjöldi af ungum stúlkum, sem neytir tóbaks, sem ekki þektist áður. Þetta ákvæði á að lúta að því, að skólar fari að gera eitthvað verulegt til að vinna á móti þessum nautnameðulum.

Niðurlagið höfum við orðað þannig, að ljetta dálítið kröfur. Í frv. er hægt að skilja það þannig, að börn ættu að hafa lært um innri byggingu dýra og jurta. Það er ákaflega flókið og ekki við barna hæfi. Í stað þess höfum við sett, að barnið skuli þekkja nokkrar helstu íslenskar plöntur og vita um lifnaðarhætti þektustu dýra.

Þá höfum við gert breytingu við 20. gr. Jeg held hún sje til bóta, þótt hún sje ekki yfirgripsmikil. Það er, að niðurlag greinarinnar taki það skýrt fram, að af börnum á skólaaldri, sem að dómi kennara og læknis eru ófær til hins lögboðna náms sakir andlegs eða líkamlegs vanþroska, sje ekki heimtað meira en nokkur kunnátta í lestri og skrift. Það er öllum ljóst, sem þekkja til barnaskólans hjer t. d., að þar er mjög mikið af börnum, sem í raun og veru hafa aldrei neitt hvað þekkingu áhrærir upp úr skólaverunni, af því að þau eru treggáfuð, eða máske ekki með alveg fullum þroska. Hingað til hefir ekki verið hugsað nægilega um að greina þessi börn frá hinum. Þessir vesalingar hafa verið í skólanum sjer til kvalar og tafar fyrir hin börnin, sem betur eru gefin. Með því að orða þetta svona skýrt, þá vita allir kennarar og prófdómarar það, að ef á vegi þeirra verður barn, sem er bersýnilega svo langt á eftir, sem hjer er talað um, þá á ekki að hafa það með í venjulegum tímum. Seinna kemur að því, t. d. í Reykjavík, að hægt verður að gera eitthvað fyrir þessi börn, kenna þeim verklega o. s. frv. En við höfum ekki þorað að fara út í það, en látið okkur nægja að gera þessa aðgreiningu, þannig að vanþroska börnin sjeu ekki kvalin með skólagöngu, sem þau hafa ekkert upp úr, og hinum börnunum sje ekki misboðið með því að þurfa að tefjast af þeim.

Jeg held, að eitt lítið atriði viðvíkjandi teikningu á skólahúsum hafi fallið burt, annaðhvort af óhöppum hjá nefndinni eða í prentun. En þá lagfæringu getur nefndin komið með til 3. umræðu.

Forsætisráðherra (JM): Það má vel vera, að það sjeu ekki gerðar neinar breytingar á aðalatriðum frv. hjá nefndinni. Það var heldur ekki í hv. Nd., aðeins aukaatriðum breytt. Jeg skal ekki segja, að jeg hafi verulega mikið á móti þessum breytingum í sjálfu sjer. En eins og menn vita, er sennilega nokkuð liðið á þingtímann, og væri því æskilegt, að þær breyting-

ar, sem ekki eru alveg nauðsynlegar, verði ekki gerðar, til þess að ekki þurfi að senda málið oft milli deilda. Jeg hefði gjarnan viljað óska þess að vita, hvort nefndin í Nd. myndi vera samþykk þessum brtt. Jeg þóttist verða var við, að það væri tilgangurinn að bera sig saman við hana. Mjer er reyndar kunnugt um, að nokkrar brtt. eru býsna mikill þyrnir í augum sumra nefndarmanna í hv. Nd. Jeg hygg það megi fullyrða, að nefndinni þar þyki ekki ástæða til, að 1. brtt. nái framgangi. Sama hygg jeg eigi sjer stað um 2. brtt., að hún álíti, að ákvæðin eigi að vera nokkru fyllri en hjer er ætlast til.

Það, sem jeg sjerstaklega legg áherslu á, er þetta, að það hefðu ekki þurft að koma inn þær breytingar, sem gera örðugleika á, að þetta mál fái framgang. Annars held jeg sje óhætt að segja, að þessar breytingar sjeu ekki það miklar, að það sje að öðru leyti ástæða til að mæla á móti þeim.

Fyrir utan það, að mjer er kunnugt um, að nefndin í Nd. álítur 1. brtt. óþarfa, vil jeg geta þess, að það er líklega töluvert efasamt, að það verði svo auðvelt að fá börn, t. d. í kaupstöðum, til þess að lesa þannig þrjár helstu Íslendingasögurnar, að þau geti sagt frá efni þeirra í aðaldráttum. Og svona lestur utan skólans finst mjer ætti ekki að heimta í barnaskólum. Það getur líka verið mjög örðugt um tíma og tækifæri til þess á heimilunum að lesa þrjár Íslendingasögur. Þar að auki er þetta það atriði, sem sennilega væri þá fremur fræðslustjórna hlutverk að gefa ákvæði um. Að minsta kosti álítur svo einn af fróðustu mönnum í mentmn. Nd.

Jeg skal svo aðeins láta þess getið um síðustu brtt., að það tel jeg ekki víst, að börn eins og þar er lýst geti einu sinni lært lestur og skrift. Þau geta verið svo óhæf til náms, að þau geti ekki lært svo mikið sem lestur og skrift.

Einar Árnason: Jeg skal ekki tala langt mál um þetta. Yfir höfuð tel jeg, að þetta frv. sje til mikilla bóta við þau fræðslulög, sem nú gilda. Og jeg teldi það skaða, ef frv. næði ekki framgangi á þessu þingi. En það hafa komið hjer fram nokkrar breytingartill. frá hv. mentmn., sem gera það að verkum, ef samþ. verða, að frv. verður aftur að fara til Nd. Þar sem komið er nú að þinglokum, er hugsanlegt, að málið kunni að daga uppi, ef það þarf að hrekjast milli deilda.

Þessar brtt. eru yfir höfuð ekki stórvægilegar að efni til. Þær ganga flestar í þá átt að taka skýrar fram og sjerstaklega að bæta við þær kröfur, sem gerðar eru um það, hvað börnin eiga að læra í skólunum. Jeg held satt að segja, að það myndi ekki skifta miklu máli, hvort kröfurnar eru gerðar víðtækari en þær eru í frv. eða ekki. Ef of langt er gengið í því efni, þá verður þetta vitanlega brotið að meira eða minna leyti. Jeg tel hætt við, að undir sumum kringumstæðum sje frekar gengið of langt en of skamt í að heimta þekkingu hjá börnum í margvíslegum atriðum. En hvað börn læra í skóla, er fyrst og fremst undir þeim sjálfum komið og í öðru lagi undir kennurum, en ekki undir þeim reglum, sem settar eru um skólana.

Það er margt, sem ber til þess, að það er töluvert örðugt að gera börnin fróð um ýmsa hluti. Og það er svo um alla skóla, og þá alls ekki síður kaupstaðarbarnaskóla en sveitaskóla, að það virðist svo, að fræðslan fari oft og tíðum fyrir ofan garð og neðan hjá börnunum. Það

var t. d. hjer í barnaskóla Reykjavíkur prófspurning í landafræðitíma um það, hvar París væri. Jú, mörg börnin svöruðu, að París væri á Laugaveginum, og sum gátu sagt, hvort hún var innarlega eða neðarlega á Laugaveginum. Fyrir stuttu átti einn maður tal við nokkur börn hjer uppi við Skólavörðu; spurði hann þau meðal annars að því, hvort þau gætu sagt sjer, hvar Esja væri. Nei, þau vissu ekkert um Esjuna. Svo spurði hann um fleiri einstaka hluti, sem þau gátu ekki svarað. Þá fór hann að leitast fyrir um það, á hvaða sviði þeirra skilningur og hugsun væri, því að börnin voru alls ekki ógreind. Og það, sem þau gátu skýrt frá, var mjög nákvæmlega um alla bílana í Reykjavík og hvar bíóin væru.

Þetta sýnir, að það er ekki undir reglugerð skólans komið, hvað börnin læra og hvað þau ekki læra.

Annars myndi jeg ekki telja, að þessar brtt. spiltu frv. neitt, þótt samþyktar yrðu. En mjer finst vafasamt, að það sje rjettara að senda málið aftur til hv. Nd. þeirra vegna.

Frsm. (Jónas Jónsson): Út af ræðu hæstv. forsrh. (JM) vildi jeg taka það fram, — sem jeg þó hefi áður gert, — að við í mentmn. höfum flýtt okkur með frv. eins og frekast er hægt að búast við með stórt mál. Jeg verð að segja, að mjer finst það dálítið hart, þegar Nd. skilar frv. eins og þessu, sem lagt var fyrir hana í þingbyrjun, ekki fyr en undir þinglok, ef ekki á að athuga málið af viti í Ed., en ganga að frv. eins og það er, af því að hv. Nd. vill svo vera láta. Er þetta eitt með öðru sterk sönnun fyrir því, að þingið ætti ekki að vera nema ein deild. En svo framarlega sem gagn er að því að hafa þingið skift, þá er það skylda hvorrar deildar að athuga málin. Við höfum ekki farið fram á annað en það, sem er frambærilegt, og hv. Nd. hefði gott af að athuga það. Þetta er hreint og beint ofríki frá Nd., sem jeg get ekki sætt mig við.

Hæstv. ráðh. (JM) sagði, að till. væru ekki alveg nauðsynlegar. Jeg get þó ímyndað mjer, að margt í 1. brtt. sje eins nauðsynlegt og hverjar aðrar línur í öllu frv. En af því, sem hæstv. forsrh. sagði, get jeg helst sætt mig við, til samkomulags við háttv. Nd., að halda ekki fram til streitu breytingum við 4. lið. Þó er enginn vafi, að við höfum á rjettara að standa. En það er búið að misbjóða börnum svo lengi í skólum með þessu, að það gerir kannske ekki til, þótt það eigi sjer stað einu ári lengur.

Ekki hefi jeg getað sannfærst af því, sem hæstv. ráðh. hefir haft á móti Íslendingasögunum. En jeg get skilið, að þar sem hans störf hafa legið svo langt frá því að fást við börn á þessum aldri, þá geti hann komist að þeirri niðurstöðu, sem hann komst. En hún er áreiðanlega röng. Hann sagði, að ekki væri heppilegt að láta börn lesa mikið utan skóla. Í þessu einmitt liggur munurinn oft og tíðum á börnum, að sum eru þvinguð til að lesa í skólanum, en önnur lesa líka utan skóla ýmsar bækur. Gamla uppeldið hafði þetta til síns ágætis, en nýja uppeldið býður bíó og þröngar lexíur. Börnin þurfa að læra að nota bækur sjálfstætt. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að 12 ára gamalt barn lesi Laxdælu og Egilssögu. Þetta er ljett krafa til barna, sem hafa sæmilega greind, að komast yfir að þekkja helstu söguleg atriði þeirra. Náttúrlega ef ætti að krefjast til prófs að vita allar ættartölurnar, væri þetta alveg óhæft. En þessi

tillaga, þótt hún verði feld, er áreiðanlega byrjun á mótspyrnu gegn þessari skoðun, að börn eigi ekkert að vita nema um kenslubækurnar.

Jeg held það sje ekki rjett hjá hæstv. ráðherra, að hægt væri að ákveða með úrskurði fræðslumálastjórnarinnar samkv. gildandi lögum um að bæta Íslendingasögum við. Fræðslumálastjórnin hefir heldur aldrei stigið nokkurt spor í þá átt, svo að mjer sje kunnugt um. Get jeg því ekki búist við, að hún fari til þess nú. Þar að auki væri það ekkert betra fyrir börnin, þótt það væri valdboð fræðslumálastjórnarinnar en þótt tiltekið sje í lögunum.

Um vangefnu börnin er það náttúrlega rjett hjá hæstv. ráðh., að mörg af þessum börnum geta hvorki lært að lesa eða skrifa. Einmitt af því orðum við þetta eins og við gerum. Þarna er kennurum gefið undir fótinn. Minna getur það ekki verið en nokkur þekking, ef einhver er. Blærinn á þessari grein er þannig, að kennarar og prófdómarar sjá, að ekki er ætlast til að ofbjóða börnunum; og ef þau eru hreint og beint fábjánar, þá fer enginn kennari að þreyta sig á að kenna þeim.

En það, sem jeg held, að hæstv. ráðh. hafi ekki athugað, er það, að mörg börn eru, sem geta orðið læs og skrifandi, en ekki væri neitt vit í að kenna brot t. d., eins og hv. Nd. vill heimta. Að því leyti er áreiðanlega bót að þessari viðbót við 20. gr.

Við í nefndinni höfum gert okkar skyldu í því að taka þetta mál alvarlega til íhugunar. Við höfum einnig gert ráðstafanir til þess, að þetta mál yrði tekið sem fyrst á dagskrá. Þannig er það ekki okkar sök, þótt málið nái ekki fram að ganga, þar sem þó eru eftir 9—10 dagar af þinginu.

Forsætisráðherra (JM): Jeg held, að háttv. frsm. (JJ) hafi misskilið mig. Jeg hefi síður en svo á móti því, að reynt sje í skólunum að fræða börn um Íslendingasögur. En jeg er ekki viss um, hve heppilegt mundi reynast að heimta til prófs þekkingu í því, sem ekki er kent í skólunum, sjerstaklega í kaupstöðum. Unglingar á lægsta fræðslustigi eiga ekki að skila öðru til prófs en því, sem kennararnir hafa kent þeim, eða sjeð um að þeir hafi lært.

Þeir kennarar, sem jeg hefi talað við, álíta, að það sje til býsna mikils ætlast með 1. till. mentamálanefndar. Jeg veit nú ekki fyrir víst, hve lengi háttv. frsm. hefir kent börnum. *(JJ*: Mörg ár). Það geta ekki verið mjög mörg ár. Hann hefir kent eitthvað í kennaraskólanum, en þar eru alt valin börn, og verð jeg því að efast um, að hann beri betra skynbragð á þetta atriði heldur en þeir kennarar, sem jeg hefi átt tal við um þetta.

Þá er brtt. um það, að ekki skuli kenna börnum almenn brot. Ja, jeg held nú, að börnum sje ekki neitt misboðið með því, þótt þau lærðu eitthvað í brotum, t. d. þau börn, sem eiga að kunna Laxdælu, Grettissögu og Njálssögu og geta sagt frá aðalefni þeirra. *(JJ*: Aðalatburðum). Jæja, það er nú nokkuð hið sama. Jeg ímynda mjer og, að af góðri Íslandssögu fái börn að vita um þessa atburði, og þess vegna sje ekki svo miklu slept, þótt brtt. nái ekki fram að ganga.

Þá held jeg og, að háttv. frsm. hafi misskilið það, sem jeg sagði um seinustu brtt. Jeg hafði aðeins á móti orðalagi hennar, vegna þess að það er ekki hægt að fyrirskipa, að öll börn læri að lesa og skrifa. En það gerir lítið til, þótt ekkert sje fram

tekið um þetta í lögum, því að hver góður kennari mun telja það skyldu sína að kenna börnum bæði lestur og skrift, ef þau geta lært það. Jeg hygg því, að þessi brtt. sje óþörf.

Ingibjörg H. Bjarnason: Þegar þetta stóra frv. kom til deildarinnar og var vísað til mentamálanefndar, var okkur ljóst, að svo var áliðið þingtímans, að flýta yrði málinu sem mest, ef það ætti að verða að lögum á þessu þingi. En það er hjegómi einn að vísa málinu svo seint til einhverrar nefndar, að álit hennar geti ekki orðið *nema nafnið tómt*.

Nefndin hefir átt tal við fræðslumálastjóra, skólastjóra barnaskólans og ýmsa fleiri, er skyn bera á þetta mál, og í samráði við þá hefir nefndin stilt svo í hóf brtt. sínum, sem unt var, til þess að setja ekki fót fyrir frv. Till. okkar eru til bóta á frv., án þess þó að raska grundvelli þess. Við áttum og fund með mönnum úr mentmn. hv. Nd., og höfðu þeir ekkert sjerlegt við brtt. okkar að athuga, en óskuðu að frv. yrði ekki tafið nje gerðar á því þær breytingar, er deilum gætu valdið.

Það, sem virðist nú aðallega vera þyrnir í augum hæstv. forsrh. og annara hv. deildarmanna, er, að haldið sje að börnum að lesa eitthvað annað en þessar þurru lexíur, sem oft eru misjafnlega framreiddar. Við vildum með brtt. okkar reyna að bæta úr því, sem því miður er ekki svo fátítt, að unglingar á fermingaraldri hafa ekki litið í Íslendingasögur og þekkja varla nöfn á þeim. Okkur fanst fara vel á því, að kennarar hefðu þetta á bak við eyrað, að börnin ættu og mættu lesa fleira en lexíurnar. Jeg er því viss um, að þessi brtt. okkar er til bóta og að hún er framkvæmanleg.

Að gefnu tilefni tel jeg æskilegt, að frv. hefði fylgt frá hv. Nd. ummæli eða úrskurður um það, að engu mætti hagga í því. Mundi það hafa sparað fundarhöld, heilabrot og erfiði.

Um brtt. við 20. gr., þá er það vitanlegt, að ekki er hvert barn fábjáni, þótt því sje ekki ætlandi að læra meira en lestur og skrift. Jeg vildi helst, að það hefði verið bætt við þá grein, að slíkum börnum væri kent eitthvert handverk. En það, sem hamlaði því, að við bættum þessu við greinina, er, að ekki er enn ráðið fram úr, hvað á að gera við þessi vanmeta börn, þótt það mál þarfnist skjótrar úrlausnar, því að mörg eru þau börn á öllu landinu, sem svo er ástatt um.

Hvað dæmi það snertir, er hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) tók í ræðu sinni, þá er það leiðinleg ljósmynd af kunnáttu sumra barna hjer í höfuðstaðnum eftir 4—5 ára nám. Ef nokkuð sannar átakanlega, að það þurfi að leggja meiri rækt við kenslu barna, þá er það þetta dæmi. Það þarf að gera meira en að telja upp, hvaða námsgreinir skuli kendar. Það þarf aðhald handa kennurum, til þess að þeir láti börnin hnýsast í fleiri bækur en kenslubækurnar einar.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg hefi skrifað undir brtt. nefndarinnar án fyrirvara, en jeg vil þó því aðeins, að þær verði samþyktar, að það verði ekki málinu að falli. Allir þeir, sem jeg hefi talað við um þetta efni og hafa vit á kenslumálum, telja frv. stórum betra en núgildandi lög.

Við höfðum tal af 3 mönnum úr mentmn. hv. Nd. En nú hefir öll nefndin haldið fund í morgun og tekið brtt. okkar til athugunar, og tveir þeirra, að minsta kosti, eru eindregið á móti brtt. 1, a. og b. Og

þegar svo stór minni hluti nefndarinnar legst á móti brtt., sýnist mjer málinu stofnað í hættu, ef brtt. yrði samþ. hjer í deildinni. En jeg vil ekki stuðla að því, og mun þess vegna greiða atkv. á móti þessari brtt. En hinar brtt. eru ekki svo, að nefndin í hv. Nd. sje á móti þeim, enda þótt hún telji þær lítilsvirði.

Eggert Pálsson: Þetta er vitanlega mjög merkilegt mál, og það er því eðlilegt, að mönnum sýnist sitt hvað um það. Jeg vil ekki leggja stein í götu frv., en jeg fæ ekki skilið, að það verði því að falli í Nd., þótt breytingar sjeu gerðar á því hjer. Um sumar brtt. nefndarinnar er það að segja, að jeg felli mig miklu betur við þær en það, sem í frv. stendur.

1. brtt. finst mjer hafa mikið til síns máls. Það er leiðinlegt, að allur almenningur skuli ekki hafa meiri þekkingu á fornsögunum en raun er á. Hún var meiri áður en unglingafræðslan byrjaði. En þó lít jeg svo á, að það sje varhugavert að krefjast þess af börnum, að þau kunni efnið úr þremur Íslendingasögum, enda yrði það foreldrum ærinn kostnaðarauki í bókakaupum. *(JJ*: Menn geta haft lestrarfjelög). Það dugir ekki. Það leiðir að sjálfsögðu af þessari brtt., að kennarar verða að heimta það af foreldrum, að þeir kaupi þær bækur, sem börnin eiga að lesa. Þetta væri þó sök sjer, ef heimili kæmist af með að eiga einhverjar þrjár Íslendingasögur; en það nægir ekki, því að alt of víða mun það við brenna, að kennarar eru helst til ónærgætnir í því efni að heimta skifti á bókum. Þegar nýr kennari kemur, þykist hann ekki vilja eða geta notað samskonar bækur og kennarinn á undan hafði, og heimtar af foreldrunum, að keyptar sjeu nýjar eða aðrar námsbækur handa barninu. Og svo mundi fara með þessar Íslendingasögur, er hjer ræðir um. Nýr kennari heimtaði máske þekkingu á öðrum en þeim, sem kennarinn næsti á undan vildi hafa. Þetta er það, sem jeg hefi á móti brtt., enda þótt jeg telji til bóta, að æskulýðurinn fengi meiri fræðslu í þessu efni en nú á sjer stað. Að lestrarfjelögin geti bætt úr í þessu efni, tel jeg vafamál. Þótt þau hafi óneitanlega nokkra kosti og gefi fleirum færi á að kynnast bókum en áður var, þá hafa þau jafnframt eyðilagt bókamarkaðinn, dregið stórkostlega úr bókakaupum einstaklinga, þannig, að á nýrri myndarheimilum sjer maður varla bók. En þar sem bækur hafa fallið í arf, eru enn til góðir bókaskápar, og í þá mun að jafnaði bætt einhverju árlega.

Um 2. brtt. tek jeg undir það með hv. frsm. (JJ), að það væri mjög til bóta að fella niður kenslu í almennum brotum. Jeg lít á það eins og hann, að þótt börn geti með tímanum reiknað þau dæmi, sem eru í bókinni, þá skorti þau allan skilning á að reikna þau dæmi, sem ekki eru þar. Og jeg hefi fyrir satt, að hinn ágæti stærðfræðingur prófessor Eiríkur Briem vilji ekki láta kenna börnum meira fram að fermingaraldri en einfalda samlagningu, frádrátt og margföldun — ekki deilingu. Hún komi alveg af sjálfu sjer, þegar leikni er fengin í margföldueninni.

Með c-lið þykir mjer nokkuð langt gengið og heimtuð of víðtæk þekking í því efni. *(JJ*: Það er ekki víðtæk þekking). Þar koma enn bókakaup til greina, sem flestum eru ofviða, og svo er ekkert handhægt kenslukver til um þetta.

Um d-lið er það að segja, að jeg kann ekki eins vel við hann og orðalag frv. sjálfs. Jeg held, að það sje rjett hugsað að láta börn athuga sem best alt í kringum sig, því að á þann hátt geta þau smátt

og smátt víkkað sjóndeildarhring sinn. Börn í sveitum eru nú miklu athugulli en börn í kaupstöðum. Er það sennilegt, að það stafi meðal annars af því, að í sveitunum er færra, sem glepur hugann, og þau þess vegna taki betur eftir því, sem þau sjá og heyra. Og viðvíkjandi kunnáttu barna í kaupstöðum, þá hefi jeg sömu söguna að segja og hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), að það er sorglegt að bera saman þekkingu barna, sem þó eru talin í efri bekkjum barnaskólans hjer, og þekking sveitabarnanna, sem ekki njóta nema 8 vikna tilsagnar á vetri.

Þá er e-liður, og tel jeg hann til stórbóta, þar sem svo er ákveðið, að börn fái þekkingu á skaðsemi áfengis og tóbaks. Það er nauðsynlegt, að þetta komist sem fyrst inn hjá unglingunum, því að „smekkurinn sá, er kemst í ker, keiminn lengi eftir ber.“

Þá er líklega seinni málsgreinin, um plöntur og dýr, einnig til bóta og að mínu áliti miklu skynsamlegri en það, sem í frv. stendur, að börnum sje kend líffræði jurta. Þetta getur nú stafað af því, að jeg hefi aldrei grasafræðingur verið, en mjer hefir jafnan fundist, sem erfitt mundi fyrir börn að komast inn í lifnaðarháttu jurta.

Það er líka eðlilegt, að svo sje, því að jurtirnar eru fíngerðari og margbrotnari en dýrin, og því erfiðara fyrir börnin að átta sig á þeim.

Viðvíkjandi 3. brtt., við 20. gr., get jeg tekið það fram, að mjer stendur nokkuð á sama um hana. Því að ef barnið er fábjáni, getur ekki komið til greina að heimta af því neina kunnáttu í lestri og skrift.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta, en skal geta þess, að jeg geri ráð fyrir, að svo mikið sje eftir af þingsetutímanum, að þessar breytingar ættu ekki að hindra framgang þessa máls nú, enda eru þær ekki stórvægilegar.

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg held, að ræða hv. 1. þm. Rang. (EP) skýri vel eðli þessa máls, enda hefir hann mikla reynslu í þessu efni samfara sínu aðalstarfi. Mjer líkar betur sú aðferð að breyta frv. eftir því, sem þurfa þykir, heldur en láta það falla niður af ótta við, að einhverjir hv. þm. í Nd. muni ekki fallast á þær breytingar. Jeg held líka, að hæstv. stjórn þurfi ekki að vera neitt hrædd um afdrif þessa frv., eða að það dagi uppi, því að það mun vera sameiginlegur áhugi allra flokka í þinginu að ljúka þessu máli nú á þessu þingi. Að því leyti, sem hv. þm. (EP) mintist á Íslendingasögur, er hann alveg á sama máli og jeg um nauðsyn þess, að börnum sje haldið að að lesa þær, en hvað snertir bækurnar álít jeg, að sjálfsagt sje að ákveða með reglugerð, hvaða bækur skuli lesa. Og jeg held, að þar sem lestrarfjelög eru, muni bækur þeirra nægja. Við það að heyra hv. 1. þm. Rang. tala styrktist jeg í trúnni á það, að rjett væri að fella niður almennu brotin. Það munu flestir sammála um það, að sú kensla komi alment ekki að tilætluðum notum. Það er venjan í barnaskólum, þegar lokið er við einskonartölur, að byrja á brotum strax, og svo áfram, og mun sú kensla víða koma að litlum notum. Á einum stað vissi jeg til þess, að kennari, sem álitinn var mjög vel fær í sinni grein, ljet barn á 11. ári læra brot, og barnið hafði auðvitað engan skilning á þeim. Þessi kennari var talinn ágætur, en hann drýgði þó þessa höfuðsynd, að láta börnin halda viðstöðulaust áfram og fara yfir sem mest án þess að hirða um hitt, hvort þau höfðu nokkurn

skilning á því. Líklega ættu brot helst að lærast á unglingsaldrinum. Við það, sem hv. 1. þm. Rang. hafði eftir Eiríki Briem, get jeg bætt því, sem hinn ágæti stærðfræðingur dr. Ólafur Daníelsson sagði við mig, sem sje að daglega lífið útheimti ekki kunnáttu í öðrum reikningi en einskonartölum. Svona leit nú þessi mikli stærðfræðingur á málið. Hvað snertir till. nefndarinnar um lítilsháttar kenslu í veraldarsögu, í stað þess að læra um tímabil í okkar sögu, skal jeg geta þess, að það er til ein bók, jeg held mjög viðunandi kenslubók, í mannkynssögu eftir Þorleif H. Bjarnason. Sú bók er ætluð unglingum, er einföld og óbrotin, en með nýtískubrag. Jeg álít samt, að æfisögur sjeu heppilegri og betur við hæfi barna en menningarsöguágrip. Til er líka sögubók, sem Björn heitinn Jónsson þýddi og er ágæt, það sem hún nær.

Háttv. þm. (EP) mintist á, að börnin þyrfti fyrst að fræða um það, sem næst þeim væri, átthaga sína o. s. frv., og víkka svo hringinn smám saman. Þetta er að mörgu leyti rjett, en jeg vil þó benda á eitt atriði í sambandi við þetta. T. d. er nú í nýrri útgáfu af landafræði ágætur kafli um Ísland eftir einhvern besta landafræðing hjerlendan, Ögmund Sigurðsson skólastjóra. Þessi kafli er mjög vel skrifaður og ágætar lýsingar á einstökum hjeruðum, en hætt er við, að ljelegur kennari þreyti nemendur með slíkri minniskenslu. Nöfnin verða of mörg, svo sem Lón, Mýrar, Suðursveit o. s. frv., og slík kensla kemur ekki að tilætluðum notum fyrir börn.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að skoðun hv. þm. (EP) á því, hvað geri muninn á uppeldi barna í sveitum og í kaupstöðum. Okkur ber saman að niðurstöðunni til, en um hitt, hver ástæðan sje til þessa, virðist vera nokkur meiningamunur. Háttv. þm. leit svo á, að yfirburðir sveitanna stöfuðu aðallega af því, að þar væri færra um að vera. Jeg álít, að aðalmunurinn sje sá, að í sveitunum er það miklu fleira og fjölbreyttara, sem er við hæfi barna, heldur en í kaupstöðum, sem sje náttúran sjálf; hún hefir altaf verið stærsti og besti skólinn fyrir okkar þjóð. Í bæjunum er þetta alt öðruvísi, Barn, sem t. d. er fætt og uppalið á Grettisgötu og kemst sjaldan út úr bænum, sjer lítið af þeirri fjölbreytni náttúrunnar, sem sveitirnar hafa að bjóða og er svo vel fallin til þess að laða að sjer athygli barna. — Annars er þetta utan við efnið.

Jeg get tekið undir það, sem hv. 4. landsk. (IHB) sagði um það, að ekki væri ástæða til að vera hræddur við að gera þær breytingar á þessu frv. hjer í þessari hv. deild, sem miða til bóta, og mjer þykir leitt, ef frv., sem hefir tíma til að vera 11 vikur í hv. Nd., hefir ekki tíma til að vera 1 viku hjer, þó að síðar þurfi að athuga það við eina umr. í Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 466,1.a feld með 8:5 atkv.

— 466,1.b feld með 7:7 atkv.

— 466,1.c feld með 7:7 atkv.

— 466,1.d feld með 8:5 atkv.

— 466,1.e. samþ. með 9:1 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

5.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 466,2 samþ. með 9:2 atkv.

11. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

12.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

18.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 466,3 samþ. með 12 shlj. atkv.

20. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

21.—23. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

24.—30. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

31.—32. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og einstakra kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 487, 494, 510).

Frsm. (Jónas Jónsson): Það er aðeins örlítil brtt. frá mjer og hv. 4. landsk. (IHB), sem fallið hafði úr við 2. umr. Lýtur hún að því, að skólarnir fái teikningar ókeypis frá landsstjórninni, sem sagt, að húsagerðarmeistari ríkisins teikni húsin fyrir þá, skólunum að kostnaðarlausu. Ástæðan fyrir þessari brtt. er sú, að húsagerðarmeistari ríkisins hefir haft svo mikið að gera, að hann hefir ekki getað annað öllum teikningum skólahúsa. Nú þarf t. d. að byggja skólahús í Hafnarfirði, og mun teikningin af því kosta um 10 þús. kr. Eru og fleiri kaupstaðir, sem þurfa að byggja. En til þess að skólarnir geti fengið teikningarnar ódýrari, þyrfti að auka skrifstofuhald húsagerðarmeistara, svo að ekki þyrfti að kaupa þær sjer í lagi. En þá mundi einnig vera trygt, að skólanefndirnar leituðu ekki til miður hæfra manna. Því að það getur hefnt sín síðar meir, ef viðvaningar eru látnir gera teikningarnar. Jeg hygg, að þessar tvær ástæður sjeu nægilegar. Einnig veit jeg, að að minsta kosti sumir í mentmn. Nd. eru þess fýsandi, að till. þessi komi fram.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg á viðaukatill. á þskj. 510. En þar sem jeg náði ekki tali af meðnefndarmönnum mínum, greip jeg til þeirra úrræða að láta till. koma fram frá minni hl. mentmn. Það stendur nú svo á, að í nokkrum lögum, hliðstæðum frv. þessu, standa undanþáguákvæði, er heimila konum að skorast undan kosningu í opinberar trúnaðarstöður og nefndir. Undanþáguákvæði þau, er snerta konur sjerstaklega í lögum hliðstæðum frv. því, sem hjer liggur fyrir, standa þar í óþökk flestra kvenna, og enda þótt konur aðeins hjer í Reykjavík hafi opinberlega látið óánægju sína í ljós með áskorunum þeim, er Alþingi hafa borist á þessu þingi frá 6 fjölmennum kvenfjelögum hjer í borginni, þá hika jeg ekki við að lýsa því yfir, að langflestar hugsandi og þroskaðar konur skoða það sem móðgun og vantraust á konum yfirleitt að láta þessi undanþáguákvæði haldast í lögum. Jeg skal svo, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp áskoranir þær, sem Alþingi hafa borist nú og snerta áðurnefndar undanþágur frá skyldum að því er snertir konur sjerstaklega.

Það er þá fyrst: „Stjórn og fulltrúaráð Bandalags kvenna skorar á Alþingi að nema úr öllum þeim lögum, er snerta kosningar í opinberar trúnaðarstöður, ákvæði um, að konum beri, frekar en körlum, rjettur til að skorast undan að taka við kosningu.“

2. „Fjelagið Hvítabandið skorar á Alþingi að nema burt úr öllum þeim lögum, er snerta kosningar í opinberar trúnaðarstöður, ákvæði um, að konum beri, frekar en körlum, rjettur til að skorast undan kosningu.“

3. „Áskorun til Alþingis frá Yngri deild Hvítabandsins um að nema úr lögum, er snerta kosningar í opinberar trúnaðarstöður, öll þau ákvæði, er gefa konum rjett til að skorast undan kosningu.“

4. „Stjórn verkakvennafjelagsins Framsóknar skorar á Alþingi að nema úr lögum öll ákvæði, er heimila konum — fremur en körlum — að skorast undan að taka við kosningu í opinberar trúnaðarstöður.“

5. „Kvenrjettindafjelag Íslands skorar á Alþingi að fella úr öllum þeim lögum, er snerta kosningar í opinberar trúnaðarstöður eða nefndir, þau ákvæði, að konum beri, fremur en körlum, rjettur til að skorast undan að taka við kosningu.“

6. „Stjórn Thorvaldsensfjelagsins skorar á Alþingi að nema burt úr öllum þeim lögum, er snerta kosningar í opinberar trúnaðarstöður, ákvæði um, að konum beri, fremur en körlum, rjettur til að skorast undan kosningu.“

Meðlimir þessara fjelaga, sem eru lauslega talið um 2250 að tölu og hafa sent Alþingi áskoranir þessar, eru þess albúnir að taka afleiðingunum.

Jeg vil ekki vera að hafa yfir aftur það, sem jeg sagði hjer við 3. umr. í öðru máli, frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Þá bar jeg fram till., sem fór í líka átt og áskoranir þær, er jeg las upp áðan, enda er það, eins og jeg þegar hefi tekið fram, í vanþökk kvenna, að undanþága þessi skuli enn vera í lögunum. Jeg vil undirstrika þetta enn betur í sambandi við frv. þetta, og því er það, að jeg ber fram þessa viðaukatill. á þskj. 510. Jeg vil, að deildin felli úrskurð um þetta atriði, sem till. hljóðar um:

„Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í skólanefnd.“

Jeg álít, að þetta mál þurfi ekki skýringar við. En það fer illa á því, að sama samkundan, sem fyrir nokkrum árum veitti konum fullkomið jafnrjetti við karlmenn, skuli finna ástæðu til þess að halda í lögum dularklæddri vantraustsyfirlýsingu á kvenþjóðinni. Nei, kvenfólkið er þess albúið að taka á sig skyldurnar. Því að til hvers er rjetturinn, ef ekki fylgja neinar skyldur? Jeg skal taka það fram, að jeg hefi það mikið traust á karlmönnunum, að eins og þeir í öllum atriðum hafa verið fúsir til að veita konum rjett, þá muni þeir ekki vilja þröngva konunum frekar en körlum til þess að taka á sig slík störf sem þessi. Jeg tel það ómaklega aðdróttun í garð karlmanna, og trúi því ekki fyr en jeg tek á. En jeg skal taka það fram, að undanþágubeiðni getur alveg eins komið frá körlum eins og konum. Og ef frambærilegar ástæður koma fyrir henni, þá á vissulega að taka hana gilda.

Það er því í öruggu trausti á skilningi manna á þessu og með vissu um, að konurnar eru sjer þess meðvitandi, að á þeim hvíla skyldur, sem að vísu geta verið erfiðar á stundum, að jeg ber þessa till. fram. Því að enginn veit, hvað hann getur, fyr en á reynir.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, því að málið skýrir sig sjálft. Konur í Reykjavík hafa nú sent Alþingi áskoranir um að veita þeim þennan rjett, eða aukning rjettar, og jeg vona því, að hv. þdm. sýni skilning sinn á þessu máli og samþykki till. á þskj. 510.

Forsætisráðherra] (JM): Úr því að breytingar eru komnar á þessu frv. á annað borð, verð jeg að segja, að jeg hefi ekkert á móti því, að þessar brtt., sem nú eru fyrir hendi, verði samþ. Jeg get ekki hugsað mjer, að brtt. hv. 4. landsk.

(IHB) geri það að verkum, að frv. fyrir því mæti verulegri mótspyrnu í hv. Nd.

Jeg hefi ekkert á móti því, að húsagerðarmeistari láti skólum í tje teikningar. Eins og hv. frsm. veit, hefir það altaf verið gert, nema nú í þetta eina skifti, og stafaði það af annríki. En það safnast varla aftur fyrir svo mikið verk í einu, að bæta þurfi við manni í skrifstofuna. Nú stendur fyrir dyrum, að tveir kaupstaðir láti byggja skólahús, og ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu, að þeir gætu fengið teikningar hjá húsameistara.

Sigurður Eggerz: Jeg vil aðeins lýsa ánægju minni yfir því, að áskoranir eru komnar frá kvenfjelögunum, eins og hv. 4. landsk. (IHB) tók fram. Það var rangt að henda gaman að þessu máli og sjá ofsjónum yfir þeim tíma, sem eytt var í það. Jeg minnist þess, að við 1. umr. talaði jeg þrisvar sinnum, en þó tóku þær ræður ekki nema 10 mínútur alls, svo að óþarft er að vera að fárast yfir tímaeyðslunni. Það sjest, að hv. kvenkjósendur á þessu landi hafa skilið, hvað í því liggur að leggja ekki þessa skyldu á kvenkjósendur. Hv. 4. landsk. sagði, að það væri greinilegt vantraust á hv. kvenkjósendur að undanskilja þær skyldunni, og er jeg þessu sammála.

Einar Arnason: Þessi brtt. er svo ný, að jeg hefi ekki getað áttað mig á henni nje haft tóm til þess að bera hana saman við frv. En í fljótu bragði sje jeg ekki þörf á till., því að jeg hefi ekki fundið hjer nein ákvæði í frv., sem gefi konum rjett til þess að skorast undan kosningu í fræðslunefnd. Þó skal jeg ekki fullyrða, að það kunni ekki að standa í einhverjum öðrum lögum, sem þetta efni snerta. Þætti mjer vænt um, ef hæstv. forsrh. (JM) vildi skýra það fyrir hv. deild, hvort nokkuð slíkt felst í þessu frv.

Forsætisráðherra (JM): Það er rjett, að það finst engin undanþáguheimild í þessu frv. að þessu leyti, svo það mætti vel segja, að till. væri óþörf. En þar sem tilraun hefir verið gerð til þess að koma þessari undanþáguheimild að í öðrum lögum, þá er ekki óeðlilegt, þó þessi till. komi fram hjer, því hugsast gæti, að komið yrði síðar fram með þá lögskýring, að þar sem konum væri svo víða heimilað að skorast undan kosningu í svipuðum tilfellum, þá mætti skoða svo, að það gilti einnig hjer. En eins og frv. nú liggur fyrir, þá mun varla hætt við slíku.

Einar Árnason: Jeg held, að ef ganga á svo frá þeim lögum, sem þessi atriði snerta, að það verði tekið sjerstaklega fram, hvenær konur megi skorast undan kosningu til opinberra starfa, svo sem gert var í lögum um kynbætur hrossa og í lögum um kosningar í sveitar- og bæjarmálum, þá hlýtur svo að vera, að þegar ekkert er tekið fram um þetta beinlínis, þá sje það óheimilt. Það er ekki þannig að skilja, að jeg sje á móti því, að konur noti sinn kjörgengisrjett. Það er langt frá því, að jeg hafi á móti því, að þær sitji t. d. í fræðslunefnd. En mjer virðist till. algerlega óþörf, sökum þess að í frv. stendur ekkert um það, að konur geti skorast undan kosningu. Það er því engin ástæða til að samþykkja þessa tillögu.

Guðmundur Ólafsson: Út af ummælum hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) vil jeg taka það fram, að jeg veit ekki betur en að samkvæmt þeim sveitarstjórnarlögum, sem nú

gilda, þá geti konur skorast undan kosningu. Og jeg veit ekki betur en að lögin um fræðslu barna sjeu líka skilin svo hvað þetta snertir, enda er rjett, að um slíkt fari eftir aðallögunum um kosningar í sveitarmálefnum. Jeg veit til þess í Húnavatnssýslu, að konur hafa skorast undan slíkri kosningu, og hefir verið litið svo á, að þeim væri það rjett. Mjer finst því, eins og þetta frv. liggur fyrir, þá sje það rjett hjá hv. 4. landsk. (IHB) að taka ákvæði um þetta inn í frv. Jeg held, að skilningur hv. 1. þm. Eyf. í þessum efnum hafi ruglast síðan frv. um hrossakynbætur var hjer á ferðinni. Því að það var ekkert meiri ástæða fyrir hann að koma þar með sjerstakar till. vegna kosningar í kynbótanefnd, með sjerstöku tilliti til kosningar kvenna í þá nefnd, eins og hv. þm. gerði þá, heldur en nú, þegar hann áfellist hv. 4. landsk. fyrir sína till. hjer.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg vildi aðeins undirstrika það, að enda þótt í þessu frv. standi ekki neitt í þá átt að útiloka konur frá kosningu í fræðslunefnd með því að veita þeim rjett til að skorast undan kosningu, þá virðist mjer rjettara að taka það skýrt fram í sjálfum lögunum, að þær skuli ekki hafa þessa heimild. Ekki veldur sá, er varar. Það er leitt að eyða þingtímanum ár eftir ár í umræður um það, hvort konum sje rjett og leyfilegt að skorast undan kosningum. Það má því skoða þessa brtt. við 24. gr. frv., um að konum skuli skylt að taka við kosningu í skólanefnd, sem einskonar varnagla. Hjer er ekki að ræða um neina hlífð, heldur beina skyldu samfara auknum rjettindum.

ATKVGR.

Brtt. 494 samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 510 samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÓ, GunnÓ, IHB, IP, JóhJóh, JM, JJ, SE, HSteins.

nei: BK, EP, EÁ, JJós, ÁH.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 519).

Á 74. fundi í Nd., laugardaginn 8. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg skal lýsa því yfir fyrir hönd mentmn., að hún mælir með, að breytingar Ed. verði samþyktar. Auk þess vildi jeg geta þess, að fallið mun hafa burt af vangá úr 32. gr., að með þessum lögum sjeu úr gildi numin lög nr. 36, 19. júní 1922, um breyting á lögum um fræðslu barna, frá 22. nóv. 1907. Þykir ekki taka því að leiðrjetta þessa smávillu, enda veldur hún engum erfiðleikum í framkvæmdinni, því að yngri lög fella úr gildi í eldri lögum þau ákvæði, er koma í bága við þau.

Jón Baldvinsson: Jeg hefði viljað koma með brtt. við þetta frv. Sú breyting er með þessu gerð á núverandi lögum, að ætlast er til, að fræðslumálastjórn skipi form. skólanefnda, en nú eru það fræðsluhjeruðin sjálf, sem skipa alla menn. En þessi breyting er ástæðulaus, og vildi jeg, að hæstv. forseti tæki málið af dagskrá.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þessi breyting um að fræðslumálastjórn skipi form. nefnda er í góðum tilgangi gerð, eins og

áður hefir verið gerð grein fyrir. Við frv. hafa enn ekki komið fram brtt. við þetta ákvæði, og hefir það þó gengið gegnum 3 umr. í báðum deildum. Það er því í meira lagi einkennilegt, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vill nú á elleftu stundu láta taka frv. út af dagskrá til þess að flækja því enn einu sinni milli deilda. Og þar sem jeg álít ákvæði þetta til bóta, andmæli jeg því, að málið verði tafið af þessari ástæðu.

Pjetur Ottesen: Jeg vil benda á, að breyting hefir verið gerð í Ed. við 24. grein frv. Þar er bætt inn í svo hljóðandi setningu: „Skylt er bæði konum og körlum, sjálfum sjer ráðandi, yngri en 60 ára og heilum og hraustum, að taka við kjöri í skólanefnd.“ Eins og kunnugt er, hefir verið stríð um það milli efri deildar og neðri deildar, hvort konur ættu að halda heimild þeirri, er þær nú hafa, til að skorast undan að taka sæti í opinberum nefndum, og sú skoðun hefir ríkt hjer í deildinni, að slík heimild ætti að vera í lögum áfram. Jeg geri ráð fyrir, að ekki hafi verið athugað nógu snemma að koma fram með brtt. um að fella þetta niður, því það væri í samræmi við skoðun deildarinnar.

Mun jeg því hverfa að því ráði að koma með skriflega brtt. um þetta atriði.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það er rjett hermt, að staðið hefir karp milli beggja deilda um skyldur kvenna til að gegna opinberum störfum. En mentamálanefnd lítur svo á, að þó að konur hafi undanþágurjett frá að gegna öðrum störfum, megi þær gjarnan vera skyldar til að taka sæti í skólanefndum. Mundu slík störf kvenna ekki verða til að spilla neinu heimili. Nefndin æskir því, að breytingar Ed. verði samþyktar og væntir þess, að frv. þurfi ekki að hrekjast milli deilda. — Þá vil jeg og benda á það, að hv. þm. Borgf. (PO) er annar þeirra tveggja manna, sem greiddu atkvæði móti frv., er það var afgreitt frá þessari deild. Finst mjer, að þessar athugasemdir hans sjeu það skyldar fjandskap hans við frv. í heild sinni, að jeg vænti þess, að hv. deildarmenn, sem eru honum ósammála, láti hann ekki hafa forystu að tefja það frekar.

Pjetur Ottesen: Örstutt athugasemd út af ummælum hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Það er ekki í sambandi við afstöðu mína til þessa máls, að jeg hefi hreyft andmælum gegn þessari breytingu Ed., heldur í samræmi við margyfirlýstan meiri hluta þessarar hv. deildar, og vísa jeg hjer með öllum aðdróttunum hv. þm. í minn garð heim til föðurhúsanna. Finst mjer ekki ástæða fyrir deildina að veikja afstöðu sína til þessa atriðis með því að samþykkja þetta nú, en hinsvegar er það á hennar valdi, hvað gert verður, og afhendi jeg hjer með hæstv. forseta brtt. mína.

Jón Baldvinsson: Vill ekki hæstv. forseti taka málið út af dagskrá, svo að hægt sje að afgreiða þessa brtt. og aðrar, er fram kunna að koma, á löglegan hátt? Mælist jeg þó ekki til þessa af umhyggju fyrir brtt. hv. þm. Borgf. (PO), því að jeg er henni andvígur.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist svo hljóðandi skrifleg brtt. frá hv. þm. Borgf. (PO): „Við 24. gr. Síðasti málsl. 1. málsgr. (Skylt er ..... í skólanefnd) falli niður.“

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 549) leyfð af stjórninni, en feld af deildinni með 8:16 atkv.

Jón Baldvinsson: Hv. frsm. mentmn. (ÁÁ) mælti eitthvað á þá leið, að ekki væru takandi til greina brtt., sem fram kæmu á síðustu stundu. En það getur vel komið fyrir, að mönnum sjáist yfir ýmsar misfellur á öllum þessum frumvarpasæg, en óefað betra að lagfæra þær seint en aldrei.

Síðan íhaldið færðist í aukana, hefir sú stefna komið fram, að draga völdin úr höndum bæjar- og sveitarfjelaga. Áður var álitið, að þau ættu að hafa sem mest ráð. Finst mjer hjer stigið spor aftur á bak. Jeg tel vafasamt, að það sje til bóta, að stjórnin skipi menn í skólanefndir, og hygg jeg rjettara, að hún geri það ekki.

Mjer finst fullkomin ástæða til að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki mál út af dagskrá, þegar maður kemur auga á einhverja galla á málum þeim, er til umræðu eru. Mundi það eigi valda því um þetta mál, að það yrði ekki útrætt. Það er þegar komið svo langt, að það hlýtur að komast í gegnum þingið. En það er hætta á, að fylgismenn frv. stofni því í voða með einstrengingshætti sínum.

Jeg sje ekki, að jeg geti komið fram með skriflega brtt. — býst við, að um hana færi á sömu leið og um brtt. hv. þm. Borgf. (PO). Mjer finst jeg þurfi ekki að afsaka, þó jeg komi seint með athugasemdir mínar, en mjer skilst, að hæstv. forseti vilji ekki taka málið út af dagskrá.

Forseti (BSv): Jeg mundi ekki hafa haft neitt á móti því að taka málið út af dagskrá, ef það hefði ekki sætt andmælum bæði frá hæstv. stjórn og háttv. mentmn. Nú er orðið allmjög áliðið þingtímans og viðsjárvert að tefja mál að nauðsynjalausu, og þar sem hjer er aðeins um smáatriði að ræða, get jeg ekki orðið við ósk háttv. þm.

Halldór Stefánsson: Það hefir nýlega verið neitað afbrigða um, að brtt. kæmist að um mikilsvert atriði í þessu máli, hvort konur skuli skyldaðar til þess að taka við kosningu til opinberra starfa eða ekki. Það hefir verið ágreiningur á milli deildanna um þetta atriði. Hv. Ed. hefir viljað gera það, sem kallað hefir verið kúgun kvenna, að skyldu, en mikill meiri hl. þessarar háttv. deildar hefir ekki viljað gera þeim það að skyldu, hversu óþægilegt sem það væri fyrir þær. Háttv. Nd. hefir viljað gefa þeim það, sem kalla mætti yfirrjett í þessum efnum. Það má segja, að hv. Ed. sýni talsverða lægni, ef henni tekst að koma sínum vilja að með því að smeygja þessu ákvæði inn í þetta frv. og reyna með því að fá Nd. til þess að láta af sínum vilja um þetta deiluatriði. Jeg verð að álíta, að þetta sje svo mikilsvert atriði, að ekki megi láta hv. Ed. smeygja því þannig inn. Jeg efast mjög um, að meiri hluti kvenna óski eftir þessu „jafnrjetti", sem sumir kalla, að þeim sje ekki gert lægra undir höfði en karlmönnum. Jeg heyrði nýlega eina frúna orða það svo, að það væru „brönurnar" á meðal kvenna, sem óskuðu eftir þessu. Það mun hafa átt að skiljast svo, að það væru þær framgjörnustu, þær, sem færu geystast fram og af rasandi ráði — en að fjöldi kvenna myndi gjarnan þiggja undanþágurjettinn. Vitanlega geta þær tekið kosningu, þegar þær vilja. Jeg held, að best fari á því, að þær hafi sjálfar ákvörðunarrjettinn um það. Brtt. fór í þá átt að fá þetta leiðrjett. Nefndin hjelt fast við sína fyrri af-

stöðu í málinu, og þar sem synjað hefir verið afbrigða, svo að brtt. gæti komist að, álít jeg, að það eigi að verða þess valdandi, að frv. verði felt.

Magnús Jónsson: Það er aðeins af því, að hv. frsm. nefndarinnar hefir talað þrisvar, að jeg vildi benda hv. 2. þm. Reykv. (JBald) á það, að það er óafsakanlegt að hafa ekki tekið eftir þessu atriði, því að þessi breyting, að fræðslumálastjórn skipaði einn mann í fræðslunefndir, var gerð hjer í Nd., en eftir frv. átti yfirstjórn fræðslumála að hafa meiri íhlutunarrjett. *(JBald*: Jeg var ekki viðstaddur). Jeg hygg þó, að hv. þm. hafi verið viðstaddur. Þetta hlaut að vekja beinlínis athygli á þessu atriði. Auk þess er þetta ekki neitt höfuðatriði, síst fyrir Reykjavík. En úti um land er þetta ákvæði fremur til bóta. Jeg held, að því fari fjarri, að í þessu sje nokkur íhalds-„tendens". Nefndin var öll sammála um þetta, og það eru víst fæstir svo gáfaðir, að þeir sjái stefnur í landsmálum speglast í svona smáatriðum.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstv. forseti (BSv) hefir þegar kveðið upp úrskurð um það, að málið skuli ekki tekið af dagskrá. Hv. þm. hljóta að finna, að í þinglok hafa þeir ekki sama rjett til að heimta mál tekin af dagskrá og fyr á þinginu, þegar tíminn er nægur.

Um þá kúgun kvenna, sem hv. 1. þm. N.-M. talaði um, þar sem um það er að ræða að „kúga" þær til þess að hafa afskifti af uppeldi barna sinna, vil jeg segja það, að jeg vorkenni þeim ekki „kúgunina". Jeg vil „kúga" þær í þessu tilliti. Hinsvegar geri jeg ráð fyrir því, að ekki þurfi að kúga þær, því að það er í fullu samræmi við hið insta eðli kvenna að hafa afskifti af börnum og uppeldi þeirra. Það er orðhengilsháttur að láta þessa kvennrjettindadeilu ráða úrslitum slíks frv. sem þessa. En ef málið verður nú látið ganga til atkvæða, þá vil jeg segja það, að ef slíkt smáatriði sem þetta á að ráða úrslitum um jafnstóran lagabálk sem þennan, þá hafa þeir menn, sem því valda, slíkt hugarfar, að af þeim er einskis góðs að vænta í þessu máli, þó dregin verði afgreiðslan. Og ef meiri hl. deildarinnar hefir slíkt hugarfar, er ekki vert að afgreiða þetta frv. sem lög á þessu þingi. Jeg sætti mig þá við það. Það eru altaf einhver atriði í svona stórum lagabálki, sem einhverjir eru óánægðir með, sem þó fylgja lagabálknum í heild sinni, ef þeir eru á annað borð velviljaðir og áhugasamir um fræðslumál. Hinir, sem á móti standa, eða eru a. m. k. áhugalausir, þurfa ekki að reyna til að telja neinum trú um, að andstaða þeirra stafi frá neinum smáatriðum, heldur er það hið almenna hugarfar þeirra, sem veldur.

Tryggvi Þórhallsson: Það hefir blandast hjer inn í umr. deilumál milli deildanna um konurnar. Það hefir orðið breyting á frv. í hv. Ed., vegna þess að einn hv. þm., sem var á móti „kúgun kvenna" þar, hefir nú látið hafa áhrif á atkvæði sitt.

Álít jeg því, að frv. megi ekki við því að sæta aftur breytingu hjer í deildinni, og þar sem jeg álít eins og hv. frsm. (ÁÁ), að afskifti kvenna af þessum málum sjeu mjög æskileg, þá vil jeg sem einn úr þeim hópi skora á hv. þm. að láta þetta frv. ekki gjalda þessa ákvæðis, sem hv. Ed. hefir sett inn í það.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla ekki að fara að halda uppi deilu um þetta. Jeg vil

aðeins benda á það, að það, sem þessir 2 hv. þm., sem síðast töluðu, telja nú svo merkilegt mál, hafa þeir áður haldið fram að væri ekki nema smávægileg breyting, enda eigum við ekki við neitt lagaleysi að búa, þótt frv. gangi ekki fram nú. Gagnvart því, að eðlilegt sje, að konur taki þátt í uppeldismálum, þá neita jeg því ekki, en vil benda á það, að þótt þeim sje ekki gert það að skyldu, þá hafa þær óskertan rjett til þess, ef þær óska eftir því.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:4 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 553).

18. Skipströnd og vogrek.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um skipströnd og vogrek (stjfrv., A. 8).

Á 3. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Eins og tekið er fram í aths. við frv. þetta, samþykti Nd. í fyrra ályktun um að skora á ríkisstjórnina að endurskoða gildandi lagafyrirmæli um skipströnd og leggja fyrir Alþingi frv. um þetta efni, og er því þetta frv. fram komið. Frv. þetta felur í sjer gagngerða endurskoðun á þessum lögum, og um leið voru tekin upp ákvæði um vogrek, vegna þess að lög þau, sem hingað til hafa gilt um það efni, hafa verið óljós í ýmsum atriðum og óákveðin. Jeg vonast til, að tekist hafi í þessu frv. að fá þau atriði skýrari en áður, og jeg vænti þess, að sú hv. nefnd, sem fær frv. þetta til athugunar, athugi það vel og gefi því góðan gaum. Öll lög um þessi efni, sem snúa að nokkru út á við, eru mjög athugunarverð, en sjerstaklega þó þau, er skipströnd varða, því þau hafa sjerstaka þýðingu út á við, gagnvart erlendum þjóðum. Það sjest á aths. við frv., hverjar þær breytingar eru, sem frv. gerir á núgildandi lögum, og býst jeg við, að væntanleg nefnd kynni sjer þær. Jeg vil geta þess, að upptökin til þessarar endurskoðunar á lögunum um skipströnd átti sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu, Gísli Sveinsson, enda er hann sá af lögreglustjórum landsins, sem mesta reynsluna hefir fengið í þessum málum. Er í frv. farið mjög mikið eftir tillögum hans, og verður hv. nefnd gefinn kostur á að athuga þær allar.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. þetta að þessu sinni, en vænti þess aðeins af væntanlegri nefnd, sem ætti að vera hv. allshn., að hún athugi þetta mál eins vel og vert er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 8, n. 191).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Þó að þetta mál sje einkar þýðingarmikið, mun jeg ekki verða langorður. Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, eru strandlög þau, sem nú gilda, frá 14. janúar 1876, og því orðin 50 ára gömul. Eins og nærri má geta, eru þau orðin úrelt nú, þar sem þau eru sett á þeim tíma, þegar samgöngur

voru mjög ófullkomnar og enginn símiinn. Í Nd. var í fyrra samin þingsályktun þess efnis, að skorað var á hæstv. stjórn að taka strandlöggjöfina til athugunar. Hæstv. stjórn hefir orðið við þessu, og hún hefir gert meira. Hún hefir líka tekið lagaákvæðin um vogrek til athugunar, og fjallar síðari partur frv. um þau. Þarna var þörfin enn brýnni, því að lagafyrirmæli um vogrek eru ennþá eldri en hin. Ákvæðin um vogrek í frv. koma í stað opins brjefs frá 4. maí 1778, 1.—4. gr., kansbr. frá 26. ágúst 1809 og opins brjefs frá 2. apríl 1853. Auk þess eru gömlu ákvæðin um vogrek óskýr og ruglingsleg. Jeg tel því vel farið, að í sambandi við strandlöggjöfina hafi farið fram endurskoðun á ákvæðunum um vogrek.

Allshn. getur ekki annað en lokið lofsorði á samningu frv. og leggur eindregið til, að það verði samþykt með fáeinum breytingum og leiðrjettingum, sem nefndin hefir gert.

Brtt. eru á þskj. 191, og er sú fyrsta við 2. málsgr. 5. gr. Þar er svo ákveðið, að hjeraðsdómari skuli láta skipstjóra staðfesta áður nefnda skýrslu sína fyrir dómi, svo og að halda sjóferðapróf yfir skipbrotsmönnum með þeim hætti o. s. frv. Nefndinni þykir nú ekki ástæða til að einskorða þetta ákvæði við skipbrotsmenn. Þeir menn geta verið á landi, sem eins mikið gætu borið um strandið og skipbrotsmenn sjálfir. Nefndin leggur því til að orðin „yfir skipbrotsmönnum“ falli burtu, þar sem hún lítur svo á, að ef frv. er orðað svona eins og það er nú, verði það skilið þannig, að prófið eigi bara að ná til skipbrotsmanna. Þá er brtt. b við sömu gr. Í frv. stendur: „Sjóferðapróf þarf þó ekki að halda, ef fyrirsvarsmaður þess ríkis, sem skip er frá, telur þess ekki þörf, nema manntjón hafi orðið eða slys á mönnum“ Nefndinni virðist, að þetta eigi einnig að gilda um staðfestingu áður nefndrar skýrslu, og vill því bæta inn í greinina orðunum: „og staðfesting skýrslu“, á milli orðanna „sjóferðapróf“ og „þarf.“

Næsta brtt. er við 12. gr. 3. málsgr. Þar stendur: „Hverju sinni er bókun er lokið, ritar hreppstjóri nafn sitt undir hana, ásamt skipstjóra eða þeim, er í stað hans kemur, og 2 öðrum valinkunnum mönnum, eftir að bókun hefir verið lesin upp fyrir þeim. Túlk skal hafa, ef hans er kostur og þörf.“ Nefndin sjer ekki ástæðu til að láta þessi fyrirmæli standa óbreytt og ætla menn skrifa undir bókunina, ef þeir vita alls ekki, hvað í henni felst, þar sem oft getur komið fyrir, að ekki sje hægt að ná í túlk. Á eftir orðunum „er í hans stað kemur“ vill nefndin því setja orðin: ef hægt er að gera honum bókunina skiljanlega.

3. brtt., við 18. gr., er orðabreyting. Í frv. stendur „.... þar á meðal kostnaður af farningu skipbrotsmanna ....“ Þetta orð „farning“ er mjög óvenjulegt. Jeg hefi flett því upp í orðabók dr. Sigfúsar Blöndals, og þar segir, að orðið sje úrelt, en þýði eiginlega flutningur á sjó. Nefndin leggur því til, að í þess stað komi orðið „flutningur.“

4. brtt., við 19. gr., er einnig orðabreyting. Í frv. stendur: „Þá daga, er hreppstjóri heldur uppboð á strandgóssi, fær hann þó aðeins ferðakostnað og lögmælt sölulaun.“ Ástæðan til þessa orðalags var sú, að áður í sömu grein er kveðið svo á, að uppboðshaldari skuli hafa ferðakostnað eftir reikningi og líka uppboðsdaga. Meining frv. er, að þá dagana, sem uppboðið stendur, eigi þetta að koma í stað dagpeninga. Vill nefndin því, að í stað orðanna: „fær hann þó aðeins ferðakostnað

og lögmælt sölulaun", komi: „fær hann lögmælt sölulaun í stað fæðispeninga."

5. brtt. er við 21. gr., um að í stað „1., 3., 6., 9. og 11. gr." komi: 1., 3., 6., 9., 10. og 11. gr. Meðal þeirra ákvæða, sem nefndin telur rjett, að taki til stranda, eru ákvæði 10. gr., og held jeg, að mjer sje óhætt að segja, að svo hafi upphaflega staðið í frv., en verið felt niður, og efast jeg um, að það hafi verið að nægilega yfirhuguðu ráði.

6. brtt. er við 22. gr. Þar hefir auðsjáanlega fallið úr orðið „mannlaust", og er því hjer líklega aðeins um leiðrjettingu að ræða. En sje orðalag frv. látið haldast, mundu öll skipströnd falla undir vogrek.

Þá kann nefndin ekki við orðið „neyslumaður" í byrjun 23. gr., en leggur til, að í stað þess komi: „notandi". Svo er brtt. b. við 23. gr., síðast í greininni, sem er raunar bara leiðrjetting. Á undan orðunum „glöggva lýsingu" hafa fallið burt orðin „í tje."

8. brtt. er við 24. gr. Í frv. stendur: „enda sendir dómsmálaráðuneytið eitt eintak af auglýsingunni hverjum fyrirsvarsmanni annara ríkja hjer á landi." Nefndinni þykir þetta óþarflega víðtækt.

Hjer í bænum er t. d. einn norskur aðalræðismaður, og úti um landið fjöldi óæðri ræðismanna. Væri það því aðeins aukinn kostnaður og fyrirhöfn að vera að senda þeim öllum slíka auglýsingu, og kæmi að fullum notum að senda hana aðeins til aðalræðismannsins. Leggur nefndin til, að breyting sje gerð í þá átt á orðalagi greinarinnar.

Þá er 9. brtt. nefndarinnar við 25. gr. Þar stendur í 3. málsgr.: „ólöglega hafi með málið farið", og þykir nefndinni auðsætt, að orðið „verið" hafi fallið niður. Er þetta því aðeins leiðrjetting.

Í 28. gr. er það ákveðið, að skip eða flak þurfi að hafa legið óhirt í fjöru 4 ár eða lengur, og þá fyrst geti lögreglustjóri auglýst, að það verði fengið þeim til eignar, er í greininni getur. — Þetta virðist nefndinni óþarflega langur frestur, og það því fremur, sem í 17. gr. frv. er ákveðinn aðeins tveggja ára frestur. Virðist óþarfi að hafa hann lengri hjer. Þó vill nefndin hafa það ákvæði, að frestur sje talinn frá því, er eigandi hefir leitt sig að vogrekinu, ef svo á stendur. Nefndin fær ekki sjeð, að neinum verði óleikur ger með þessu, því að eigandi ætti að hafa nægan tíma til að gefa sig fram og gera sínar ráðstafanir á þeim 9 mán., sem líða skulu frá birtingu auglýsingarinnar þar til skipið fellur til ríkissjóðs eða fjörueiganda.

Næsta brtt. nefndarinnar er við 33. gr. Nefndin kann ekki við það orðalag, að málin „fari að hætti" einhverra mála, því að vitanlega „fara" málin ekkert án þess, að yfirvöld eða aðrir „fari með" þau.

Að öðru leyti vil jeg aðeins vísa til aths. við frv. stjórnarinnar, og leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með þeim breytingum, er hún hefir fram borið.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil tjá hv. allshn. þakkir mínar fyrir meðferð hennar á þessu máli, og vil bæta því við, að hún hefir afgreitt það mjög fljótt, þar sem málið er bæði vandasamt og umfangsmikið.

Brtt. hv. nefndar eru flestar smávægilegar, margar aðeins orðabreytingar og sumar lítið meira. Hefi jeg ekkert verulegt við þær að athuga.

Fyrstu 4. brtt. eru aðeins orðabreytingar, að þeirri fyrstu e. t. v. undantekinni. Jeg býst við, að þar hafi vakað fyrir þeim, sem samdi frv., það sem venjulegast er. En það spillir náttúrlega engu, þótt

greininni sje breytt svo, sem hv. allshn. leggur til.

Jeg get ekki verið alveg sammála hv. allshn. um það að bæta inn í 21. gr. tilvitnun til 10. gr. Því að jeg er engan veginn viss um það, að ekki standi öðruvísi á um útlendinga en innlenda menn. Þessi skylda, sem ríkissjóði er lögð á herðar, ef till. hv. nefndar nær fram að ganga, getur haft í för með sjer þó nokkur fjárútlát, og er ekki víst, hvað af því verður endurgoldið, þegar um innlenda menn er að ræða. Annars hefir ríkissjóður erlend ríki að halda sjer að með greiðsluna. Vil jeg samt ekki beita mjer á móti till.

6. brtt. hv. allshn. er ekkert við að athuga, og er hún aðeins leiðrjetting.

Þá er næsta brtt., að í stað „neyslumaður" komi „notandi". Jeg er nú ekki viss um, að það sje neitt betra orð, þótt jeg vilji ekki gera það að kappsmáli.

Um brtt. við 24. gr. ætla jeg ekki að deila.

Brtt. hv. nefndar við 25. gr. álít jeg að sje til bóta.

Þá hefi jeg ekkert að athuga við brtt. við 28. gr., að stytta frestinn úr 4 í 2 ár.

Þar á móti verð jeg að segja, að brtt. hv. nefndar við 33. gr. er síst til bóta. Sú grein er þvert á móti miklu betur orðuð í frv., þó að jeg verði að játa það, að orðalag hv. nefndar er betur í samræmi við venju í ýmsum lögum. Það er þetta „sem" — „sem með almenn lögreglumál" —, sem jeg kann svo illa við. Það er náttúrlega komið hingað úr latínu, og fer illa í íslensku.

Annars ber mjög lítið á milli mín og hv. allshn., og vil jeg enda mál mitt með því að þakka hv. nefnd að nýju fyrir meðferð sína á málinu.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg tók það ekki fram áðan, að skyldur þær, sem um getur í sambandi við 10. gr., eru auðvitað bundnar því skilyrði, að lögreglustjóri eða hreppstjóri telji menn á að gera það, sem þar er um talað. — Jeg fæ ekki betur sjeð en að skylda hvíli á mönnum að hlýða lögreglustjóra eða hreppstjóra, hvort sem um innlent eða útlent skip er að ræða. — Hjer er alls ekki um það að ræða, hvort menn sjeu skyldir til að bjarga mannslífum — til þess eru allir skyldir, og varðar við hegningarlögin, ef út af er brugðið, — heldur aðeins um björgun muna, og á jeg bágt með að trúa því, að ríkissjóður geti ekki fengið sinn kostnað endurgreiddan hjá eigendum munanna. *(SE*: Hvernig er þetta í erlendum strandlögum?).

Út af síðustu aths. hæstv. forsrh. skal jeg geta þess, að ef til vill hefði mátt orða þetta betur, t. d. segja „mál þessi skulu sæta meðferð opinberra mála", en nefndin kaus hitt orðalagið sakir þess, að það er hið venjulegasta.

Forsætisráðherra (JM): Fyrirspurn hv. 1. landsk. (SE) vil jeg svara þannig, að jeg hygg, að í erlendum strandlögum sje aðeins hugsað um útlend skip. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða um málið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2.—4. gr. samþ. í e. hlj.

Brtt. 191,1.a samþ. með 12 shlj. atkv.

— 191,1.b samþ. með 13 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

6.—11. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 191,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
13.—17. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 191,3 samþ. án atkvgr.
18. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 191,4 samþ. án atkvgr.
19. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
20. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 191,5 samþ. með 11:2 atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 191,6 samþ. í e. hlj.
22. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 191,7.a—b samþ. án atkvgr.
23. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj atkv.
Brtt. 191,8 samþ. með 13 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj atkv.
Brtt. 191,9 samþ. án atkvgr.
25. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
26.—27. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 191,10 samþ. með 12 shlj. atkv.
28. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 191,11 samþ. með 10 shlj. atkv.
33. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
34.—35. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 42. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 221).
Á 44. fundi í Nd., þriðjudaginn 30. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 221, n. 472).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Þetta er merkilegt mál og þess vert, að vel sje frá því gengið. Skipströnd hjer við land eru miklu tíðari en á sjer stað víða erlendis, og eru til þess þær orsakir, að landið okkar er eyland og auðug og fjölsótt fiskimið alt umhverfis það. Nú er það algengt orðið, að skip kosta frá 100 þús. kr. alt að einni miljón króna, og farmur og annað verðmæti innanborðs getur oft kostað eins mikið. Af þessu er augljóst, að hjer er ekki um smámuni að ræða oft og tíðum. Skipströnd eru svo algeng hjer við land, að það ber oft við hvert árið eftir annað, að stórir skipskaðar verða. Það er því ekki aðeins um að ræða björgun margra mannslífa, heldur eru einnig miklir og verðmætir farmar oft í húfi. Það getur því verið, að það verðmæti skifti miljónum króna, sem um er að ræða að glatist að meira eða minna leyti. Þess vegna er mikil nauð-

syn á, að til sjeu góð lög og glögg fyrirmæli um alt það, sem að björgun lýtur. Fyrirmæli, sem skipi nákvæmlega fyrir um, hvaða íhlutun einstakir menn, allur almenningur og hið opinbera á að eiga um björgunarstarfsemina. Þess vegna er, eins og jeg sagði áðan, afarnauðsynlegt, að til sjeu góð lög um þetta efni, og það hefir líka þessi háttv. deild viðurkent með því að samþykkja þál. um þessa hluti á síðasta þingi. Árangurinn af þeirri samþykt er frv. það, sem hjer er til umræðu.

Nefndin telur rjett að lýsa því yfir, að hún álítur frv. þetta mjög vel úr garði gert og að í það vanti ekki nein ákvæði, sem máli skifta, og leggur því til við þessa háttv. deild, að frv. verði samþykt með smávægilegum breytingum, sem nefndin ber fram brtt. um.

Annars ætla jeg ekki að fara í neinar málalengingar um þetta mál, þó að það sje mjög mikilsvarðandi, enda er það ekki venja mín, því í nál. hefir verið tekið flest alt fram, sem segja þarf af nefndarinnar hálfu um þetta mál. Jeg vænti og, að hv. deildarmenn hafi kynt sjer þetta nál. á þskj. 472 og gert sjer grein fyrir því, sem þar er sagt.

Eins og venja er til við 2. umr., skal jeg stuttlega hlaupa yfir helstu atriði í hinum einstöku greinum frv.

Í 1. gr. eru ákvæði um, hvað gera skuli, ef einhversstaðar verður vart við, að skip sje í hættu statt eða hefir strandað. Aðalákvæðin eru um skyldu manna til að bregða fljótt við til björgunar og hverjum beri fyrst að tilkynna skipreika. Þá eru ákvæði um, hverjir skuli hafa á hendi forystu björgunarathafna o. s. frv. Þessi ákvæði eru að mestu leyti í samræmi við gildandi lagaákvæði erlendis, þar sem þessum málum þykir vel skipað. Lög okkar um þessi efni voru orðin úrelt og áttu ekki lengur við. Nefndin hefir talið rjett að bera fram brtt. við þessa grein, um það, að tilkynna beri eigendum skips og farms, ef kostur er, eða fyrirsvarsmönnum þeirra skipreika, og sömuleiðis þeim, sem trygt hafa skip eða farm, eða hvorttveggja. Þetta verður að telja nauðsynlegt, svo að aðiljar þessir geti gert sínar ráðstafanir viðvíkjandi því, sem í húfi er.

Í 2. gr. eru aðalatriðin þau, að skera úr svo fljótt sem unt er, hvort skip skuli talið strandað eða ekki, og til úrskurðar um þessi efni verður að vanda svo vel, sem kostur er. Vegna þess að björgun verður að framkvæma svo fljótt sem unt er, en skip og farmur er í hættu statt, verður úrskurður um þessa hluti að falla eins fljótt og frekast er kostur, til þess að greiða sem mest fyrir þeim ráðstöfunum, sem á eftir verða að koma og nauðsynlegar eru. Eins og sjá má af nál. á þskj. 472, leggur nefndin til, að breytt verði dálítið 2. gr. frv. Ástæðurnar fyrir þeirri breytingu má sjá í nál.

Ákvæði 3. gr. eru almennar reglur fyrir þann mann, sem fyrstur kemur á vettvang.

Fjórða grein er aðallega um það, hvers beri að gæta, ef skipstjóri eða annar viðstaddur fyrirsvarsmaður skips, vill ekki samþykkja íhlutun af hálfu hins opinbera. Sama er að segja um 5. gr. Hún ákveður, að dómsmálaráðuneytið skuli láta gera eyðublöð á ýmsum tungumálum, með spurningum um ferð skips og skipstjóra, og hvaða ráðstafana sje óskað af hálfu stjórnarvalda um björgun og meðferð skipsmanna. Á skipstjóri svo að skrá svör við spurningunum, en verði misbrestur á því, skal líta svo á, að hann óski ekki eftir aðstoð íslenskra stjórnarvalda.

Í 6. gr. eru aðeins ákvæði um, að lögreglustjóri skuli skipa fyrir um björgun og meðferð skipbrotsmanna eins fljótt og kostur er á.

Efni 7. gr. gengur aðallega út á að tryggja rjett þeirra, sem hlut eiga að máli með skipið, vátryggjanda eða umboðsmanns hans. Greinin kveður því skýrt á um, að sá, sem mestra hagsmuna á að gæta þegar svona stendur á, hafi fullan rjett til að taka í sínar hendur alla forustu við björgunina, ekki aðeins þegar í stað, heldur hvenær sem hann getur komið því við. Geta þeir því ráðið, hvaða aðferð notuð er við björgunina, og jafnframt, hve miklu fje er varið til björgunarinnar.

8. gr. hljóðar um, hvernig fara skuli að, ef vátryggjendur taka ekki björgunina í sínar hendur. Og 9. gr. sömuleiðis.

10. gr. hljóðar um skyldur almennings við slík tækifæri.

11. gr. hljóðar um, hvers beri að gæta um hjálp og aðstoð við skipbrotsmenn. En ef ræðismaður þess ríkis, sem skipið er frá, vill sjálfur sjá um það, þá koma íslensk stjórnarvöld þar ekki til.

12. gr. hljóðar um skyldur hreppstjóra, sem oft er aðili í þessum málum.

13. gr. hljóðar um, hvernig fara skal með þá menn, sem eru óviðriðnir strandið, og jafnframt þá, sem gera sig óhæfa til að vinna við björgun, sökum óreglu og óeirða.

14. gr. hljóðar um, hvernig fara skuli með þau matvæli, sem skemst hafa við strandið og orðin eru skaðvæn heilsu manna.

15. gr. kveður á um, hvers gæta beri um sóttvarnir.

16. gr. hljóðar um, hvernig fara skuli með bannvörur og tollvörur, sem bjargað kunni að verða.

17. gr. er löng og hefir inni að halda mörg ákvæði. Sjerstaklega fjallar hún um, hvernig fara skuli með skip og farm. Þá eru og ýmsar reglur um, hvers lögreglustjóra beri að gæta í þessum tilfellum. Sömuleiðis eru ákvæði um frest þann, sem kaupanda skal settur til þess að vera búinn að koma skipi eða skipsleifum burtu úr fjöru eða flæðarmáli.

18. gr. hljóðar um kostnaðarreikninga.

19. gr. talar aðeins um þóknun til lögreglustjóra og hreppstjóra fyrir störf þeirra

Þá er 20. gr. Hún kveður svo á, að skip og farmur skuli vera sem trygging fyrir öllum kostnaði við björgunina, og þá fyrst og fremst að því er snertir björgun mannanna. Sömuleiðis kveður hún á um, að ef andvirði þessara muna hrökkva ekki fyrir kostnaðinum, þá skuli það, sem á vantar, greiðast úr ríkissjóði, gegn endurgjaldi frá rjettum aðilja.

Þá er vert að taka eftir því, að 21. gr. frv., sem er síðasta greinin í þessum kafla, kveður á um það, að ákvæði frv. hjer að framan nái ekki til íslenskra skipa, nema fyrirmæli 1., 3., 6., 9., 10. og 11. gr. um björgun á mönnum og góssi og tilkynningar til hreppstjóra og lögreglustjóra, og 14., 15. og 16. gr., svo og 20. gr., að því leyti, sem ráðstafanir íslenskra stjórnarvalda vegna strandsins hafa haft kostnað í för með sjer.

Þá er 2. kafli frv. þessa, um vogrek. Lögin um vogrek eru nú orðin mjög óljós og eru á víð og dreif. Elstu ákvæðin munu vera orðin hart nær 150 ára gömul, eftir því sem stendur í síðustu grein frv. þessa.

22. gr. frv., sem er fyrsta grein þessa kafla, kveður á um, hvað teljast skuli vog-

rek. Og þó hún sje stutt, þá hygg jeg, að hún nái samt yfir það, sem ætla má, að þar til heyri.

23. gr. hljóðar um björgun og tilkynningar um vogrek.

24. gr. hljóðar um eignarheimildir fyrir vogrekum. Er fyrst ákvæði um, að eigandi geti fengið það strax í hendur, ef hann sannar ótvírætt eignarrjett sinn. Annars eru aðallega ákvæði um, með hverjum hætti menn geti leitt sig að vogrekum. Og það er eftir auglýsingum, sem gefnar eru út um vogrekið. En fyrirvarinn er 6 mánuðir.

25. gr. hljóðar um það, hverjir verða þá eigendur að vogreki, þegar alls hefir verið gætt.

Það má segja, að það sje nýtt ákvæði í lögunum, hvernig vogrek verður að lokum eign ríkissjóðs, ef rjettur eigandi gefur sig ekki fram.

Þá er og í þessari grein ákvæði um, að tilkallsmaður geti borið kröfu sína undir dómstólana, ef lögreglustjóri vill ekki að öllu leyti taka hana til greina. Sömuleiðis er í þessari grein ákvæði um, með hvaða hætti maður geti fengið kröfu sinni fullnægt eftir að hinn lögmælti frestur er liðinn.

Þá er 23. gr. Í henni eru ákvæði um, að vogrekið eða andvirði þess skuli vera veð fyrir þeim kostnaði, sem leiðir af auglýsingu og björgun á því.

Ákvæði 27. gr. eru um, hvað setja skuli í uppboðsskilmála o. fl.

Þá er III. kafli þessa frv. Það eru almenn ákvæði.

Fyrsta grein þess kafla er 28. gr. frv. Hún kveður á um, hvernig fara skuli að, þegar skip liggur óhirt í fjöru eftir að eigandi hefir leitt sig að því. Er tiltekið, að selja megi slíkt skip eða vogrek, þegar liðin eru tvö ár frá því að eigandi leiddi sig að því, og það hefir legið óhirt þann tíma.

Eins og sjá má í nál., kom til tals í nefndinni að stytta þennan frest. Ástæðan fyrir því var sú, að því lengur sem slíkir hlutir liggja óhirtir, því minna verðmæti verða þeir. Það er því tjón fyrir þjóðfjelagið öll sú rýrnun, sem á þeim verður. Er því rjett að láta sölu slíkra hluta fara fram sem fyrst, ef þeir eru ekki hirtir, því að það er betra að einhver njóti þeirra heldur en enginn. En eins og sjá má í nál., hefir það orðið að samkomulagi í nefndinni að bera ekki fram brtt. um, að fresturinn væri styttur. Þessi grein og sú næsta hafa inni að halda ákvæði um það, hve lengi skip megi liggja á fjöru, svo að eigandi missi ekki rjett sinn, og hvenær ríkissjóður og fjörueigandi fái rjett yfir skipinu. — Ákvæði 30. gr. eru nokkuð sjerstök, um það, hve fara skuli með strandað skip eða flak, ef ætla má, að það verði til hættu eða tálma.

31. gr. segir, að fyrirmæli laga þessara haggi ekki reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna.

32. gr. er um hegningarákvæði og sektir út af brotum á lögum þessum.

33. segir, að sektir samkvæmt lögum þessum renni í ríkissjóð, og hver sje meðferð mála þeirra, sem rísi út af þessum lögum.

34. gr. gefur fyrirmæli um þýðingar á lögunum á erlend mál og sjerprentun.

35. gr. er síðasta greinin. Þar eru upp talin þau lög, sem úr gildi falla samkvæmt þessum. Það er fyrst opið brjef 4. maí 1778, 1.—4. gr., sem fjallar um vogrek. Opið brjef 2. apríl 1853 fjallar einnig að mestu um vogrek. Lög nr. 1, 14. jan. 1876, eru núgildandi strandlög. Innan um þau

eru einnig ákvæði um vogrek. Öll eru þessi ákvæði orðin gömul og úrelt í ýmsum greinum, og því mikil nauðsyn, að þeim sje breytt. Þá er 6. gr. laga nr. 2, 2. febr. 1894, sem er um borgun fyrir dómkvaðningu. Þá eru nýleg lög, nr. 18, 2. nóv. 1914, sem eru aðeins viðauki við lögin frá 1876. Víða í þessu frv. eru teknir orðrjettir kaflar úr þessum lögum, svo sem 28. og 29. gr. Þá er ákveðið að fella úr gildi 10. kapítula siglingalaganna, nr. 56, 30. nóv. 1914, að því leyti, sem tekur til skipstranda, og loks öll önnur lagafyrirmæli, sem koma í bága við lög þessi.

Jeg skal þá ekki orðlengja þetta frekar, enda vænti jeg þess, að hv. þdm. hafi nú gert sjer nokkra grein fyrir, hve máli þessu er farið. Vona jeg, að þeir láti málið hafa sem greiðastan gang gegnum deildina, því að allshn. er mikið áhugamál, að það geti nú orðið að lögum.

Jón Auðunn Jónsson: Það er næsta auðsjeð, að þetta frv. er gert með hag sjerstakra landshluta fyrir brjósti. Einkum er það þægilegt fyrir suðausturströndina, og ef til vill Mýrarnar líka. Það var því sjer í lagi vel fallið, að það skyldi lenda hjá nefnd, þar sem sæti áttu hv. þm. V.-Sk. (JK) og hv. þm. Mýr. (PÞ). Verður víst ekki annað sagt en það hafi fallið í hinn besta jarðveg í hv. nefnd.

En þótt fyrirmæli frv. sjeu góð á þessum stöðum, þar sem skjótra ráðstafana þarf við, þá fer því fjarri, að þau sjeu nýtileg annarsstaðar. Enda hafa nefndinni borist mótmæli gegn frv. frá umboðsmönnum allra vátryggingarfjelaga hjer í bæ, erlendra og innlendra. Álitu þeir, að í frv. fælist slík takmörkun á rjetti þeim og venjum, sem gilt hafa um skipströnd, að ekki yrði við hlítt.

Jeg skal fúslega játa, að oft þarf skjótan úrskurð um, hvað gera á við strönduð skip; á það einkum við á söndunum austur með landi, og að nokkru leyti á Mýrum við Borgarfjörð. En því verður vart neitað, að hart sje að beita neyðarreglum alstaðar annarsstaðar, þar sem skip geta staðið á strandstað tímunum saman án þess að skemmast til muna.

Það er sýnilegt, að þetta frv. er fyrst og fremst miðað við hag þeirra, sem bjarga úr strandi. Fyrir því er sjeð, að þeir fái undir öllum kringumstæðum alt sitt. Það er t. d. sagt, að björgunarsamningar sjeu ekki gildir, nema lögreglustjóri samþykki þá. Segjum t. d., að jeg væri umboðsmaður fyrir erlent vátryggingarfjelag og gerði samning við „Geir“ um að bjarga skipi úr strandi. Hvaða vit er þá í því, að sá samningur væri ógildur, ef lögreglustjóri hefði ekki ritað samþykki sitt á hann? Auk þessa eru í frumvarpinu mjög eindregin ákvæði um það, að skip og góss sje að veði fyrir þá, sem vinna að björgun. Jafnvel er gengið svo langt að heimila veð í þessum hlutum fyrir kostnaði við *heimsending* strandmanna. Jeg veit ekki annað en að venja sje að gera það á kostnað viðkomandi ríkis. Setjum t. d. svo, að nokkuð bjargist af vörum úr skipi, en ekki skipið sjálft. Þá gætu allar vörurnar farið í björgunarkostnað, og vátryggingarfjelagið, sem trygði þær, mætti sitja uppi með allan skaðann. Ríkið verður að borga allan kostnað við heimsending strandmanna, svo sem verið hefir, ef ekki á að gera okkur að skrælingjum í augum allra siðaðra þjóða.

Eina ákvæðið, sem jeg hefi sjeð í frv., að miði til þess að tryggja rjett eiganda strandaðs skips eða góss úr því, er í 10. gr. og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„— — Ef strandmunir hverfa eða fara

forgörðum af mannavöldum, skal hreppstjóri eða sá annar, er með umboð lögreglustjóra fer, skýra honum tafarlaust frá því, enda skal lögreglustjóri rannsaka málið jafnskjótt sem unt er.“

Ef hlutum er beinlínis stolið af hinu strandaða góssi, þá á að rannsaka málið jafnskjótt sem unt er! Þetta held jeg, að sje eina ákvæðið, sem miðar til þess að tryggja rjett þeirra, sem verða fyrir því óláni, að eignir þeirra lendi í strandi.

Jón Kjartansson: Mjer þykir rjett að svara örfáum orðum aðfinslum hv. þm. N.-Ísf. (JAJ). Svipuð mótmæli hafa borist til nefndarinnar, en þau hafa reynst á litlum rökum bygð. — Hv. þm. (JAJ) taldi frv. vel samið fyrir V.-Skaftafellssýslu og Mýrasýslu. Ef hv. þm. hefir kynt sjer gildandi strandlög og borið þau saman við frv., fer varla hjá því, að hann hefir sjeð, að þau eru þrædd í flestum atriðum, aðeins gerð fyllri og lagfærð þau ákvæði, sem úrelt eru orðin. M. a. er svo um ákvæðin um björgun. Þau eru samhljóða ákvæðum siglingalaganna. Hv. þm. hafði mikið út á það að setja, að skip og góss væri að veði fyrir strandkostnaði; einkum fann hann að því, að kostnaður við heimsending skipsmanna væri talinn þar með. Þetta var ein umkvörtunin, sem kom frá vátryggingarfjelögunum. Nefndin gerði fyrirspurn um þetta til stjórnarráðsins, og sagði það, að það væri föst regla nú, og hefði altaf verið, að skip og góss væri að veði fyrir öllum slíkum kostnaði, og mundi svo alstaðar vera, a. m. k. á Norðurlöndum. Ef hv. þm. N.-Ísf. rengir þetta, getur hann kallað á hæstv. forsrh. (JM) innan úr Ed. og spurt hann. Tal hv. þm. um það, að í frv. sje hugsað um að ná sem mestu til björgunarmanna, tel jeg vera fjarstæðu, sem ekki er svara verð. Háttv. þm. virðist ekki hafa tekið eftir þeim skyldum, sem lagðar eru á menn í frv. til þess að aðstoða við björgun. Frv. gengur út á það, að öllu verði bjargað, mönnum og góssi, þegar unt er.

Þau andmæli, sem virtust vera á mestum rökum bygð, að ilt væri að láta skipstjóra ákveða, hvenær skip skyldi talið strandað, hefir nefndin fyrir sitt leyti tekið til greina með brtt. sinni við 2. gr. Er þar gert ráð fyrir að fela hreppstjóra eða lögreglustjóra ásamt tveim valinkunnum mönnum að skera úr þessu. — Það er mikill misskilningur, sem fram hefir komið, bæði hjá hv. þm. N.-Ísf. og fleirum, að halda, að frv. þetta segi nokkuð fyrir um rjettarsambandið milli eiganda skips og farms annarsvegar og vátryggjanda hinsvegar, eða m. ö. o. hvenær skip skuli teljast á vegum vátryggjenda. Frv. segir aðeins fyrir um það, hvenær skip skuli talið strandað að ísl. lögum og með það farið samkv. þeim lögum. Annað felst ekki í frv. Jeg álít nóg að vitna í 7. gr. frv. til að sanna, að á engan hátt er gripið fram fyrir hendurnar á eigendum eða vátryggjendum með frv. — Sje jeg ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð; hv. frsm. (PÞ) hefir gengið svo vel í gegnum frv. í framsöguræðu sinni, að allir, sem hlýtt hafa á eða lesið hafa frv., vita, að mótbárurnar gegn því eru ekki á rökum bygðar.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Út af því, sem hv. þm. N.-Ísf. sagði, vil jeg segja nokkur orð, í viðbót við það, sem hv. þm. V.-Sk. sagði. Vil jeg í allri vinsemd beina því til hv. þm. N.-Ísf., að hann getur slegið striki yfir öll sín ummæli um, að hjer sje verið að beita eigendur skipa misrjetti, ef hann vill gera svo vel að lesa 7. gr. vandlega og viðbót allshn. við 1. gr.

Þessi viðbót er um það, að tilkynna skuli eigendum og vátryggjendum skips og farms, ef vitað er, hverjir eru, svo fljótt sem auðið er, hvar komið sje með skipið. Þegar þeir hafa fengið tilkynningu, eiga þeir kost á að koma sjálfir á strandstaðinn, eða senda sinn umboðsmann, og ráða þeir þá alveg sjálfir, hve með er farið. Jeg veit satt að segja ekki, hvernig hægt er að tryggja rjett þeirra betur. Það, sem menn verða að skilja, er, að aðalefni þessa frv. er að segja fyrir um, hve með skuli farið, *ef* eigendur taka ekki sjálfir að sjer björgunina. Má jeg nú spyrja, — hvað meinar þeim góðu mönnum að taka að sjer björgunina? Jeg fæ ekki sjeð, hvað það getur verið. Ef ekki næst til þeirra, verða íslensk stjórnarvöld að taka málið í sínar hendur. Jeg get ekki skilið, að mönnum þurfi að blandast hugur um það, að meiru verður bjargað, ef björgunarlaunin eru sæmileg.

Get jeg ekki heldur sjeð neitt ósamræmi í ákvæðum frv., nje að neitt hærra sje hossað þeim kjördæmum, sem við hv. þm. V.-Sk. erum fulltrúar fyrir, en hverjum öðrum landshlutum. Hvað eigingjarnir og ásælnir sem við hefðum verið, held jeg, að ómögulegt hefði verið fyrir okkur að þjóna lund okkar í þessu máli. — Ef hv. þm. vill gæta betur að, hlýtur hann líka að sjá, að þetta er hrein og bein fjarstæða. Eitt, sem sýnir, hve lítt yfirveguð þessi orð hv. þm. hafa verið, er, að hann segir, að bæði innlend og útlend skip verði fyrir ýmislegum halla, sem hann nefndi, af ákvæðum frv., ef að lögum verða. Til þess að hrekja þetta er nóg að benda hv. þm. (JAJ) á að lesa 21. gr. frv. Þar er skýrt tekið fram, að mikið af ákvæðunum nær ekki til íslenskra skipa. — Jeg held, að jeg hafi tekið það fram áðan, að til nefndarinnar kom forstjóri Samábyrgðarinnar, og varð hann að viðurkenna, að óánægja hans með þau ákvæði, sem hann hafði mest á móti, væri þegar fallin burtu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg stend aðeins upp út af því, sem hv. frsm. (PÞ) sagði síðast. Jeg nefndi aldrei innlend *skip*, heldur innlenda *vátryggjendur*. Því að það getur oft komið fyrir, og hefir oft komið fyrir, að íslensk fjelög vátryggja erlend skip og vörur í þeim. — Hv. frsm. þótti mikil trygging í því, að eigendur eða vátryggjendur skipanna mættu koma á strandstaðinn. Hjelt hann að það væri ekki margt, sem bagaði þá í að koma austur á Sanda og sjá um björgunina. En það er nú alls ekki hlaupið að því.

Jeg væni ekki lögreglustjóra og hreppstjóra um að vilja beita þá ofríki, sem nauðulega eru staddir, en það er athugaleysi að gera lögin þannig úr garði, að það sje hægt að misbeita þeim herfilega. Hv. þm. V.-Sk. sagði, að breytingin á niðurlagi 2. gr. væri í samræmi við það, sem vátryggingarfjelögin óskuðu, að fela hreppstjórum og lögreglustjórum að úrskurða, hvort skip sjeu strönduð eða ekki. En jeg sje ekki, að þeim sje með þessu falið neitt úrskurðarvald í því efni. Þeir eiga aðeins að tilnefna tvo valinkunna menn. En jeg sje ekki, að nokkur trygging sje fyrir því, að slíkir menn hafi vit á því, sem þeir eiga að dæma um. Það er ekki víst, að þeir menn verði tilnefndir, sem hafa lengi verið á fjörunum, heldur getur slík útnefning fallið í hlut sveitamanna, sem ekki hafa komið nærri sjó í 20—30 ár. Hv. frsm. sagði, að það væri meiri von til þess, að miklu yrði bjargað, ef björgunarlaunin væru ákveðin há. En hjer eru björgunarlaunin ákveðin hærri en

þekkist nokkursstaðar. Jeg efast um, að björgunarfjelög, sem hafa atvinnu af því að fást við slíkt, taki svona há björgunarlaun. Það er vafalaust mikil hætta að fást við björgun þarna suður frá, en hættan er ekki jöfn alstaðar; sumstaðar er engin hætta og lítil vinna. Jeg held, að það væri rjettara að hafa sjerstök ákvæði fyrir slík svæði, sem eins stendur á og þar, en almenn ákvæði um aðra landshluta. Jeg heyri, að nefndin heldur því fram, að það sje venjulegt að taka af andvirði þess, sem bjargast, til þess að annast heimsendingu erlendra skipbrotsmanna. Mjer þætti fróðlegt að heyra, hvort þetta er rjett, því að jeg er því ekki svo kunnugur.

Þorleifur Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að fara neitt út í aðfinslur hv. þm. N.-Ísf. (JAJ); þeim hefir líka verið svarað af háttv. þm. V.-Sk. (JK) og háttv. frsm. (PÞ). Mjer þótti bara undarlegt að heyra, að hann skyldi bera Skaftfellingum á brýn, að þeir bæru ekki skyn á, hvort skip væri strandað eða ekki. Jeg held, að það sje mál, sem þeir hafa vel vit á. Og ekki man jeg til, að það hafi nokkurntíma hepnast að ná skipi út þar eystra, þótt fræknir menn hafi verið til þess fengnir. Jeg veit til þess, að nú fyrir fám missirum var verkfróður maður í tvö ár að reyna við eitt strand, en af því varð enginn árangur, nema kostnaðurinn.

En það var annað, sem jeg vildi skjóta til nefndarinnar. Jeg sje, að það er svo ákveðið í 25. gr. frv., ef vogrek eða skip liggur á fjöru í tvö ár, þá verður það eign ríkissjóðs, ef það er meira en 500 króna virði, en ella eign fjörueiganda. Þetta er breyting frá því, sem er í strandlögunum nr. 18, frá 2. nóv. 1914. Þar er svo um mælt í 3. og 4. gr., að eftir 2 ár verði slíkt eign fjörueiganda. Með þessu ákvæði frv. eru fjörueigendur sviftir þeim rjetti, sem þeir hafa haft samkv. eldri lögum. Jeg álít nú, að það sje eðlilegra, að fjaran helgi slíkt góss eftir ákveðinn tíma, fjörueigandinn fái það, eins og áður hefir verið, en ekki ríkissjóður. Jeg vildi því skjóta því til nefndarinnar, hvort henni fyndist ekki rjett að láta ákvæði strandlaganna frá 1914 haldast, og væri jeg fús til þess að bera mig saman við hana til 3. umræðu um breytingu í þessa átt.

ATKVGR.

Brtt. 472,1 samþ. með 20 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18:4 atkv.

Brtt. 472,2.a samþ. með 17 shlj. atkv.

— 472,2.b samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.

3.—8. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 472,3 samþ. með 17 shlj. atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

10.—21. gr. samþ. með 17:2 atkv.

22.—27. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

28.—35. gr. samþ. með 18:2 atkv.

Fyrirsögn frv., fyrirsagnir kafla þess og kaflaskifting samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16:4 atkv.

Till. um að vísa frv. til sjútvn. feld með 16:9 atkv.

Á 72. fundi í Nd., fimtudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 489, 512).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Brtt. á þskj. 512, sem nefndin flytur, er til að ráða bót á því, sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) fann að og benti á við 2. umr., að þyrfti að breyta, til þess að eigendur skipa mistu ekki þann rjett, sem þeir eiga nú að lög-

um, þótt skip lægi í fjöru. Jeg vænti þess, að hv. deild geti sjeð, að brtt. þessi er nauðsynleg, þar sem hún ræður bót á misrjetti frv. gagnvart eigendum skipa. Jeg vænti því, að hv. deild geti fallist á þessa brtt. og að ekki þurfi að viðhafa fleiri orð þess vegna.

ATKVGR.

Brtt. 512 samþ. með 14:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv. og endursent Ed.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 7. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ við 3. umr. í Nd. (A. 525).

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 525, n. 541).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og framhaldsnál. ber með sjer, hefir allshn. athugað þetta frv. með breytingum Nd., sem eru mjög smávægilegar, og leyfir hún sjer að leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur nú fyrir. Nefndin er samþykk þeirri breytingu, sem hv. Nd. hefir gert á 1. gr., að lögreglustjóri tilkynni dómsmálaráðherra, svo og eigendum og vátryggjendum skips og farms, frá skipströndum.

Í 2. gr. hefir verið breytt dálítið ákvæði, sem lýtur að því, hverjir skuli kveða á um, hvort skip skuli telja strandað. Eftir frv. eins og það er nú á hreppstjóri eða lögreglustjóri að tilnefna tvo valinkunna menn til að kveða á um þetta með honum. Við 9. gr. hefir Nd. skotið því inn, að við björgun skuli þess gætt, að merki og auðkenni á góssi skemmist sem minst. Nefndin telur þessar smábreytingar yfirleitt til bóta og leggur til, að frv. verði samþykt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 565).

---

19. Kosningar í sveitarmálum og kaupstaða.

Á 1. fundi í Ed., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða (stjfrv., A. 16).

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 11. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Á þinginu í fyrra var vísað til stjórnarinnar till. til þál., sem fram kom, um að endurskoða sveitarstjórnarlögin og fátækralögin. Var fyrst í ráði að skipa milliþinganefnd í þessi mál, og væntanlegri nefnd var gert að skyldu að koma á þessu þingi fram með frv. um útsvör og kosningar í málefnum sveitar- og bæjarfjelaga. En hjer í hv. deild varð það ofan á að skipa ekki milliþinganefnd, heldur vísa málinu til stjórnarinnar.

Þetta er ástæðan til, að frv. þetta kemur hjer fram, en frv. til laga um útsvör hefir þegar verið lagt fyrir hv. Nd.

Jeg get ekki sagt, að mikið sje af nýjum ákvæðum í frv. þessu. Það, sem aðallega ávinst með frv. þessu, ef það verður að lögum, er það, að allra ákvæða um kosningar í málefnum sveitarfjelaga og bæjarfjelaga er þá að leita á einum stað. Það er þó alls ekki svo að skilja, að engin ný ákvæði sjeu í frv. þessu, því að vitaskuld varð að samræma hjer að lútandi ákvæði, sem voru dreifð í fjölda laga, 15

alls, og í ýmsum atriðum hefir verið breytt, t. d. lögunum frá 1915, um leynilegar kosningar í sveitum, og um borgarstjórakosningu í Reykjavík o. fl.

Jeg vona því, að þótt frv. sje talsvert umfangsmikið, þurfi það ekki að taka mjög langan tíma í háttv. deild og að það geti orðið afgreitt á þessu þingi.

Jeg legg til, að málinu verði vísað til allshn.

Ingvar Pálmason: Það eru aðeins örfá orð, sem jeg vildi segja nú við 1. umr. þessa máls, til athugunar fyrir þá háttv. nefnd, sem væntanlega fær mál þetta til meðferðar.

Hæstv. atvrh. (MG) gat þess, að í frv. þetta væri saman safnað í eitt öllum lagaákvæðum, sem sett hefðu verið og enn giltu um þessi efni, og er það mikill kostur. En eins og menn muna, þá var settur einn lagabálkur 1905, er tók yfir alla sveitarstjórnarlöggjöf, og var það einn aðalkostur laganna, að þar var saman safnað í eina heild allri löggjöf um stjórn sveitarmálefnanna. Nú virðist mjer, að þessi tvö til þrjú frv. um málefni sveita, sem nú liggja fyrir þinginu, bendi fremur í þá átt, að lagabálkarnir um þessi efni verði heldur fleiri en færri, í stað þess sem áður var. Auðvitað mun mega færa alla þessa lagabálka í eina heild, þegar endurskoðuninni er lokið í öllum atriðum. Jeg vildi gjarnan fá skýringu á þessu, því jeg tel það ákaflega mikilsvert fyrir allan almenning, og einkum sveitarstjórnir, að þessi lög sjeu tiltækileg og greið aðgöngu. Eins og menn vita, þá er sveitarstjórn oft falin mönnum, sem eru önnum kafnir við önnur störf, og því tæplega hægt að gera miklar kröfur til þeirra. Því ætti að mega vænta þess, að löggjafarnir geri sitt til þess að ljetta þeim starf sitt.

Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en þó eru enn tvö atriði, sem jeg vil minna á nú við þessa umr.

Það er þá fyrst tala hreppsnefndarmanna. Í frv. þessu er ákveðið, að þeir skuli vera þrír eða fimm, og má fjölga úr þremur í fimm. En eftir núgildandi lögum má hækka töluna í báðum tilfellum, líka úr 5 upp í 7, og þekki jeg ýms dæmi þess, að það hefir verið gert. Með þessu frv. er því tekinn rjettur af mönnum, og vildi jeg benda á þetta, svo hv. nefnd athugaði það sjerstaklega.

Annað atriði í þessu máli, sem jeg vildi minna á, er ákvæðið um leynilegar kosningar í hreppsnefnd. Það ákvæði mun vera tekið upp úr lögunum frá 1915, en þó breytt, og vonandi til batnaðar. En þó þessi ákvæði sjeu tekin úr eldri lögum, þá verð jeg að telja þau töluvert varhugaverð. Viðvíkjandi minni reynslu af leynilegum kosningum í sveitarstjórn, þá hefir mjer reynst það til lítilla bóta. Og jeg veit, að það hefir víða verið viðhaft og reynst illa. Jeg hefði því helst kosið, að ákvæði þetta eða heimild fjelli burtu og látið yrði nægja ákvæði 29. gr. um, að atvinnumálaráðherra geti ákveðið um hlutfallskosningu í hreppsnefndir, ef óskað er. Fyrirkomulag þetta er líka allflókið og hætt við því, að kjósendur flaski á því við kosningar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi enga ástæðu til þess að vera óánægður með undirtektir hv. 2. þm. S.-M. (IP). Og þó hann gerði ofurlitlar athugasemdir við frv., þá þarf jeg ekki að svara því mörgum orðum. Jeg vil benda hv. þm.

(IP) á það, að aldrei fyr, mjer vitanlega, hefir verið safnað í eitt öllum reglum um kosningar í málefnum sveitar- og bæjarfjelaga, því að í lögunum frá 1905 voru aðeins ákvæði um kosningar í sveitum, og þau giltu heldur ekki lengi, því 1909 voru sett ný lög um þetta efni.

Aths. hv. þm. (IP) um tölu hreppsnefndarmanna mun vera rjett, og vona jeg, að hv. allshn. athugi það.

En um leynilegar kosningar get jeg sagt það, að jeg veit líka til þess, að þær hafa verið viðhafðar og þótt rjettlátar, og tel jeg því varhugavert að nema þær burtu, ef hreppsnefndir vilja nota þær. En annars þykir mjer vænt um, að hv. þm. (IP) telur breytinguna á því atriði samkvæmt frv. til bóta, því jeg álít, að það sje óheppilegt, að menn geti látið jafnmörg atkvæði falla á einn mann við kosningu og mennirnir eru samtals, sem kjósa á. Gæti slíkt jafnvel orðið til þess, að aðeins einn maður yrði fyrir kjöri. *(GuðmÓ:* Gaman að láta ákvæðið standa þangað til slíkt kæmi fyrir). Það væri kannske gaman fyrir hv. þm. (GuðmÓ), en enga ánægju hefði jeg af því. — Þarf jeg svo ekki að segja fleira viðvíkjandi aths. hv. 2. þm. S.-M. (IP), annað en það, að þingið í fyrra óskaði eftir frv. um þetta efni, og því er órjettmætt að hafa á móti frv. nú af því að í því felist ekki öll löggjöf, er snertir sveitarstjórnir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., föstudaginn 26. febr., var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 16, n. 48).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Í áliti nefndarinnar á þskj. 48 er flest tekið fram, sem segja þarf alment um þetta mál. Það er fremur auðvelt að samræma í einum lagabálki öll fyrirmæli um kosningar í bæjar- og sveitarmálum, því þar geta sömu ákvæði átt við, og að áliti nefndarinnar hefir þetta tekist hjer allvel í þessu fyrsta frv., er liggur fyrir hv. deild um endurskoðaða sveitarstjórnarlöggjöf. En vænta má, að erfiðlegar gangi að samræma ýms vandasöm ákvæði laganna, sem verða seinna tekin til meðferðar, enda þarf mikils við, eins og sjest á því, að núgildandi ákvæði um þau efni finnast nú í ekki færri en 16 lögum. — Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndin gert ýmsar till. til breytinga á frv., er hún leggur til, að verði samþ. Og þegar hún hafði rjett lokið við að gera þessar till. og undirskrifa nál., barst henni brjef frá bæjarstjórn Reykjavíkur með ýmsum till. viðvíkjandi þessu máli. Gat nefndin ekki sint þeim að sinni, af því þær komu svo seint til hennar. En að sjálfsögðu athugar hún brtt. þessar fyrir 3. umr. málsins.

1. brtt. nefndarinnar er við 3. gr. frv. Nefndin vill, að ógiftum konum a. m. k. sje jafnskylt og karlmönnum að taka við kosningu í sveitarstjórn og bæjarstjórn, og telur ástæðulaust, að þær geti skorast undan því. Hafa oft heyrst raddir um það frá konum, að þær þykjast nú afskiftar um völd og áhrif í opinberum málum. Og jeg er fyrir mitt leyti svo frjálslyndur, að jeg vil ekki, að þær hafi nokkra átyllu til slíkra kvartana, enda er það víst, að konur eiga oft eins hægt með að sinna opinberum málum eins og karlmenn, og er

því óþarft að gefa þeim með lögum rjett til þess að víkja sjer undan því.

2. brtt. er við 4. gr. Það liggur í augum uppi, að ef sýslunefnd á að úrskurða um kjörgengi manna til hreppsnefndar, þá getur slíkt dregist of lengi eða valdið óþarfa fyrirhöfn. Nefndin leggur því til, að í stað „sýslunefndar" í niðurlagi 1. málsgr. komi: sýslunefndaroddvita.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að hver hreppsnefnd sje skipuð 3—5 mönnum. Nú er það kunnugt, að í ýmsum stórum hreppum eru 7 menn í hreppsnefnd, og munu menn ekki vilja breyta því. Leggur nefndin því til, að tala hreppsnefndarmanna sje 3—7, eins og verið hefir, og að leyft sje að hækka tölu hreppsnefndarmanna úr 3 í 5 og 5 upp í 7. Þá vill nefndin, að það, sem stendur milli sviga í 6. gr. frv., falli í burt, því að ætla má, að allir sjái sjálfir, hver er meiri hluti af 3, 5 eða 7.

Viðvíkjandi 7. gr. leggur nefndin til, að í stað „hreppskilaþingi á vori" komi vorhreppaskilaþingi. Þykir henni hitt helst til fornt orðalag.

Brtt. nefndarinnar við 8. gr. frv. er gerð til þess að það sje ljóst, að ætlast sje til þess, að kjörskrár til sveitarstjórnarkosninga o. s. frv. sjeu gerðar á hverju ári. Ennfremur leggur hún til viðvíkjandi kærum út af misfellum á kjörskrá, að þær skuli sendast sveitar- eða bæjarstjórn, í stað kjörstjórnar, sem frv. gerir ráð fyrir, því það er reynsla fengin fyrir því, að kjörstjórnir eru ekki kosnar nema þau ár, sem kosningar eiga að fara fram.

Við 11. gr. frv. leggur nefndin til, að orðin „nafns af" á síðari staðnum í 3. málsgr. falli burt.

Þá þótti nefndinni 12. gr. frv. ekki nógu skýr, þar sem talað er um kjörmiða. Eftir frv. má gera ráð fyrir því, að menn með sama nafni standi á lista án þess að það sjáist, við hvern sje átt í hvert sinn. Úr þessu vill nefndin bæta með því að orða síðustu málsgrein þannig: Eigi má annað á seðil letra en nú var mælt, nema nauðsyn sje til aðgreiningar samnefndum mönnum.

Þá vill nefndin breyta þar, sem stendur „kosningargerðir" í 14. og „kosningargerð" í 16. gr. frv., og setja í þess stað: „kosningarathafnir" og „kosningarathöfn". Kann hún betur við það orðalag, enda virðist „kosningargerð" eiga betur við það, sem bókað er um athöfnina, heldur en að það standi sem heiti á henni.

Þá þykir nefndinni ekki nógu skýr forsögn 15. gr. um það, hversu kosning skuli fara fram þegar kosið er eftir seðlum. Leggur hún því til, að bætt sje við á eftir 3. málsgrein: og gæti þess að láta engan sjá, hvað á seðlinum stendur, og að ekki megi láta seðilinn í kassann, ef þess er ekki gætt.

Ennfremur vill nefndin orða upp 19. gr. frv.

Í 20. gr. frv. er ekki gert ráð fyrir því, að kosning standi yfir nema eina klukkustund, sje kosningin munnleg. En nefndin vill leggja til, að hún skuli samt standa a. m. k. 2 stundir, í samræmi við skriflega eða leynilega kosningu.

Við 24. gr. gerir nefndin samskonar brtt. og í 15. gr., til að tryggja það, að kjósandi láti engan sjá, hvað á seðli stendur eftir það að hann hefir kosið.

Í upphafi 29. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að atvrh. skuli ákveða um, hvort fram megi fara hlutbundnar kosningar í hreppsnefnd. Það þótti nefndinni óþarft, að hver hreppsnefnd á landinu, sem vildi nota slíka kosningaraðferð, þyrfti að fara með

slíkt í stjórnarráðið, svo hún leggur til, að í stað „atvinnumálaráðherra“ komi: sýslunefndaroddviti.

Í 30. gr. frv. er talað um, að semja skuli sjerstakar kjörskrár við kosningar borgarstjóra eða bæjarstjóra. En nefndin lítur svo á, að við slíkar kosningar beri að nota sömu kjörskrár og við bæjarstjórnarkosningar, og telur þetta því óþarft.

Við 31. gr. frv. vill nefndin, að í stað „sýslunefndar“ komi: oddvita sýslunefndar.

Lengsta brtt. nefndarinnar er við 32. gr. frv. Þar vill nefndin leggja það til, að seinni málsgreinin falli niður, en inn verði sett brtt. nefndarinnar, því hún telur ekki rjett í svona lögum að vísa í önnur lög, sem kunna að breytast er minst varir, heldur beri að taka slík ákvæði beint upp í lögin.

Í 34. gr. er gert ráð fyrir því, að minni hluti sýslunefndar gangi fyr úr, en meiri hluti síðar. En nefndin kann betur við, að þessu sje breytt þannig, að meiri hlutinn gangi fyr úr, svo sem gert er ráð fyrir í hreppsnefndum og bæjarstjórnum.

Jeg tel svo óþarft að hafa framsögu þessa lengri. Nefndin hefir átt tal við hæstv. atvrh. (MG), og býst jeg við því, að hann geti fallist á þær brtt., sem hún leggur hjer með fyrir hv. deild.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg leyfi mjer að þakka hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu þessa máls. Og þar sem búið er að gera grein fyrir till. hv. nefndar, og jeg hefi líka átt tal um þær við hana áður, þá sje jeg ekki ástæðu til þess að ræða um þær frekar, enda hefi jeg gengið inn á þær flestar við hv. nefnd. Þó vil jeg minnast hjer á tvær till. hennar, ekki af því, að jeg sje þeim sjerstaklega mótfallinn, heldur til skýringar. Það er þá fyrst 2. brtt. nefndarinnar, að í stað „sýslunefndar“ komi: oddvita sýslunefndar. Í frv. var raunar gengið út frá því, að sýslumaður úrskurðaði sjálfur til bráðabirgða, en fengi samþykki sýslunefndar á eftir. Jeg get því felt mig við þá breytingu.

Hitt atriðið er þetta, að konum skuli vera óheimilt að skorast undan kosningu í sveitar- og bæjarstjórn. Mjer finst rjett að lofa konum að hafa þessi rjettindi áfram, að mega skorast undan slíku. Þó tel jeg til bóta, að giftum konum skuli vera heimilt áfram að nota þennan rjett. Annars eiga konur fulltrúa hjer í deildinni, og skal jeg í þessu atriði beygja mig fyrir því, sem hann leggur til, þó jeg teldi rjettast að lofa konum að halda þessum rjettindum áfram. Það er alls ekki nauðsynlegt, að rjettindi og skyldur fylgist að í þessu atriði.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg lít svo á, að þótt það kunni að hafa komið fyrir, að konur hafi skorast undan kosningu í bæjar- og sveitarstjórnir, þá sje engin nauðsyn að ákveða þann rjett með lögum. Jeg hefi heyrt margar konur tala um það sem óþarfa hlífni, enda finst mjer sanngjarnt, að sömu rjettindum fylgi sömu skyldur. Og þó það geti komið fyrir, að konur skorist undan slíkum kosningum af heimilisástæðum, þá eru slíkt lögmæt forföll, og þarf ekki að styðja þau með sjerstökum lagaákvæðum.

Ingvar Pálmason: Það var eiginlega aðeins örstutt athugasemd, sem jeg vildi beina til hv. nefndar.

Í upphafi 7. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að kosning í hreppsnefnd fari fram á vorhreppaskilaþingi.

Í frv. því um útsvör, sem lagt er fyrir

þetta þing, er meðal annars lagt til, að reikningsári sveitarfjelaganna sje breytt þannig, að það verði almanaksár, í stað þess, að það hefir verið fardagaár. Verði nú till. þessar samþyktar, þá ætti hreppsnefnd, ef svo fjelli, að fara frá á miðju reikningsári sveitarinnar. Slíkt er auðvitað ófært. En kannske á að skilja svo þetta fyrirmæli um kosninguna, að þó kosið sje svona snemma, þá eigi ekki að skifta um fyr en við nýár. Mjer þykir samt rjett að benda hv. nefnd og hv. þd. á þetta.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Hæstv. atvrh. (MG) álítur 2. brtt. óþarfa. Það held jeg að sje ekki rjett, því að, eins og jeg hefi tekið fram, yrði óþægilega löng bið eftir gildandi úrskurði. Stundum er líka talsverður hiti í þessum málum, og yrði þá síst öruggara að láta sýslunefnd úrskurða um kjörgengið, enda er það ekki svo mikið vald, sem sýslumanni er gefið með þessu, að talist geti nokkuð varhugavert.

Það gladdi mig að heyra orð hv. 4. landsk. (IHB). Jeg skyldi ræðu þm. svo, að hann væri ekki linari í kröfunum gagnvart konum en jeg. Öllum rjettindum eiga að fylgja skyldur, og vilji konur hafa þessi rjettindi, á þeim ekki að vera heimilt að skorast undan kosningu.

Spurningunum frá hv. 2. þm. S.-M. (IP) mun jeg ekki svara nú, því að hann ætlast til, að nefndin öll geri það. En jeg verð að segja það, að jeg er ekki hnuggginn, þó að það komi hjer strax í ljós, að hann, sem hefir fylgt því fast fram, að reikningsár sveitarsjóða væri almanaksárið, skuli fyrstur manna benda á agnúa við það. Ef kjósa þarf hreppsnefnd á öðrum tíma vegna breytingar á reikningsárinu, þá væri það helst í janúar. Annars er ekki þörf fyrir nefndina að athuga þetta. En ef á að breyta til með reikningsár sveitarsjóða, þá er það þeim skyldara, sem bera fram frv. um það eða eru breytingunni hlyntir.

Einar Árnason: Jeg get fallist á, að flestar brtt. hv. nefndar sjeu til bóta. Að vísu eru sumar þeirra fremur lítilsverðar og breyta svo sem engu. Jeg mun nú samt fylgja þeim öllum, nema þeirri fyrstu. Í frv. er konum gefinn rjettur til að skorast undan kosningu, en brtt. fer fram á, að aðeins giftar konur öðlist þann rjett. Jeg lít svo á, að aðstaða kvenna til þess að taka þátt í opinberum störfum sje svo miklu erfiðari og verri en aðstaða karlmanna, að ekki sje nema sjálfsagt, að þær hafi þessi rjettindi. Það er fjarri sanni, að hjer sje nokkur rjettur tekinn frá konunum, því að hver kona, sem vill, getur komist að, ef hún á annað borð hefir til þess traust kjósenda sinna. En nú getur vel komið fyrir, þegar kosið er í hreppsnefnd í sveit, að fyrir kosningu verði kona, og ef brtt. er samþykt, ógift kona. Nú er sú sama kona ekki þar viðstödd, og getur því ekki neytt þessa rjettar. Verður hún þá að sætta sig við kosninguna, hversu andstætt sem það er vilja hennar. Sem sagt, jeg vil kvenþjóðinni svo vel, að jeg get ekki verið með þessari brtt. hv. nefndar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get ekki sjeð, að það fari neitt í bága hvað við annað, þó að reikningsár sveitarsjóða sje almanaksár og að kosin sje hreppsnefnd á hreppaskilaþingi á vori. Mjer þætti fróðlegt að heyra, hvað liggur til grundvallar fyrir ágreiningi út af þessu, því að þetta tvent þarf alls ekki að reka sig á. Jeg vildi því gjarnan heyra, hvaða

ástæðu hv. 2. þm. S.-M. (IP) hefir fram að færa máli sínu til stuðnings.

Ingvar Pálmason: Jeg skal verða við tilmælum hæstv. atvrh. (MG). Jeg hjelt raunar, að hann skildi, að það hlýtur altaf að valda óþægindum, að hreppsnefndaskifti verði á miðju reikningsári, en svo myndi verða, ef ákvæði 7. gr. þessa frv. stendur óbreytt og frv. það um útsvarsskyldu, sem liggur fyrir þinginu, nær að ganga fram eins og það nú liggur fyrir, þ. e., að reikningsár hreppa verði almanaksárið.

Það getur verið, að það sje tilætlunin, að þó að hreppsnefndarkosning fari fram á vorhreppaskilum, taki hin nýkosna hreppsnefnd ekki sæti fyr en um næstu áramót. Þetta ber þó frv. alls ekki með sjer. *(Atvrh. MG:* Hreppsnefndaskifti verða strax og kosið er). Jeg hefi líka einmitt skilið frv. þannig. Jeg held, að hreppsnefndir myndu yfirleitt una því illa, að hreppsnefndaskifti færu fram á miðju reikningsári og að fljótt kæmu fram óskir um breytingu á því. Hitt er annað mál, að ef engin breyting verður á um reikningsár hreppanna, á þetta ákvæði 7. gr. frv. vel við. En með það fyrir augum, að bæði þessi frv. gangi fram eins og þau komu frá hæstv. stjórn, finst mjer þau í þessu atriði ekki vera í samræmi hvort við annað.

Jeg sje því ekki annað en að athugasemd mín sje á fullum rökum bygð.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi ekki getað sannfærst af ræðu hv. 2. þm. S.-M. Jeg sje ekkert á móti því að skifta um hluta af nefndinni á miðju ári, og þó að oddvitinn fari frá, getur hann skilað af sjer eins fyrir því. Það er mjög algengt þar, sem um miklu stærri störf er að ræða en hjer á sjer stað, að reikningshaldari fari frá á miðju ári. Sýslumenn t. d. skila af sjer hvenær sem er. Sje jeg því enga ástæðu til að breyta þessu.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg ætla aðeins að segja fáein orð út af athugasemdum hv. 1. þm. Eyf. (EÁ). 1. brtt. okkar hneykslaði hann. Hann sagði, að vel gæti farið svo, þegar kosið væri í hreppsnefnd, að kona yrði fyrir kosningu. Nú væri hún ekki viðstödd og gæti því ekki neytt rjettar síns. Hvað meinar hv. þm.? Getur þetta sama ekki líka komið fyrir karlmenn? Annars er jeg í engum vafa um það, að ef hreppsbúum er kunnugt um, að einhver kona eigi sjerstaklega erfitt með að taka við kosningu, er sú hin sama að líkum ekki kosin. Sje kona þó kosin, sem ekki gæti sint starfinu, getur hún fengið sig leysta frá því á sama hátt og karlmaður, sem eins stendur á með, og yrði þá kosið í staðinn fyrir hana aftur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 48,1 samþ. með 8:3 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 48,2 samþ. með 12:1 atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn I. kafla samþ. án atkvgr.

5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 48,3.a samþ. með 12 shlj. atkv.

— 48,3.b.—d. samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 48,4 samþ. án atkvgr.

7. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 48,5.a samþ. með 13 shlj. atkv.
— 48,5.b samþ. með 13 shlj. atkv.
— 48,5.c samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn II. kafla samþ. án atkvgr.
10 gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 48,6 samþ. í e. hlj.
11. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 48,7 samþ. með 13 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 48,8 samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 48,9 samþ. með 13 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 48,10 samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
17.—18. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 48,11 (ný 19. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 48,12 samþ. með 13 shlj. atkv.
20 gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
21.—23. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 48,13 samþ. með 12 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 48,14 samþ. með 12 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 48,15 samþ. með 13 shlj. atkv.
30. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 48,16 samþ. með 12:1 atkv.
31. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
Brtt. 48,17 samþ. með 13 shlj. atkv.
32. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
33. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 48,18 samþ. án atkvgr.
34. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
35.—36. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn III. kafla samþ. án atkvgr.
Brtt. 48,19 samþ. með 12 shlj. atkv.
37. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn IV. kafla samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 17. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 67, 68, 76, 78).

Halldór Steinsson: Jeg á hjer eina brtt. við 3. gr. frv. Tilefni hennar var, að þessi grein var mjög gölluð í frumvarpi stjórnarinnar. Þar stendur, að hverjum karlmanni sje skylt að taka við kosningu, en konur eru ekki nefndar í því sambandi. Til þess nú að ráða bót á þessum galla greinarinnar, flutti jeg brtt. þess efnis, að öllum konum væri jafnskylt sem körlum að taka við kosningu. En nú hefir hv. 4. landsk. (IHB) komið fram með brtt. við áður nefnda grein, alveg sama efnis. Út af því vil jeg taka það fram, að það var fjarri mjer að vilja fara í kapphlaup við fulltrúa kvenna í þessu efni, sem sjest best á því, að mín tillaga er á þskj. 68, en hennar á þskj. 76. Og því til frekari sönnunar tek jeg till. mína hjer með aftur, þó að hún eftir þingsköpum ætti að berast fyrri upp.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Allshn. hefir athugað þetta frv. síðan við 2. umr., einkum þó í sambandi við brjef borgarstjóra. Að þörf hafi verið á að athuga frv. nánar en gert var fyrir 2. umr., sjest best á brtt. þeim, sem fram hafa komið við 3. gr. þess, því að ekki hefir minna dugað en að tveir þm. kæmu með sína brtt. hvor um sama efni, og jafnframt nefndin, alt við þessa sömu grein. Er því vonandi, að hún lagist við þessa umræðu.

Þá hefir nefndin komið með brtt. við 4. gr., um að úrskurður sýslunefndaroddvita og atvinnumálaráðherra eftir þeirri grein verði ekki fullnaðarúrskurður, heldur að skjóta megi þeim úrskurði til dómstólanna, ef hlutaðeigandi vill.

Þá tók nefndin eftir því, að hvergi var tekið fram í lögunum, hver væri oddviti kjörstjórnar. Fyrir þá sök hefir nefndin orðað upp fyrri málsgrein 9. gr. frv., til þess að ráða bót á þessu.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. En út af brtt. háttv. 4. landsk. (IHB) vil jeg taka það fram, að við síðustu umræðu þessa máls hjer í deildinni gat jeg þess, að mjer fyndist rjettast, að allar konur væru skyldar að taka við kosningu, þó að jeg til samkomulags við hina nefndarmennina gengi inn á að undanþiggja giftar konur. Mun jeg því nú greiða atkvæði með till. háttv. 4. landsk.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg skal strax taka það fram, að mjer kom aldrei til hugar, að hæstv. forseti (HSteins) ætlaði að fara í kapphlaup við mig í þessu máli, enda þótt hann kæmi fram með till. svipaða að efni minni. Og jeg vona, að hann skoði það ekki sem kapphlaup af minni hálfu, þó að í brtt. okkar felist það sama. Annars er jeg þakklát fyrir að fá tækifæri til að gera grein fyrir afstöðu minni í þessu máli, sem um leið er skoðun margra kvenna.

Jeg er ekki lögfróð og veit því ekki fyrir víst, hvort lög þau, sem hjer er verið að breyta, eru frá árinu 1909 eða eldri. En jeg býst við, að þegar þau gengu í gildi, þá hafi þetta þótt of stórt stökk frá fyrri lögum. Og má vel vera, að það hafi verið rjett að setja þessa undanþágu meðan lögin voru óreynd, en nú er fengin reynsla fyrir því, að þessi undanþáguheimild er með öllu óþörf. Og þó að engin hliðstæð undanþáguákvæði sjeu til um karlmenn, þá munu heldur fá dæmi þess, að þeim hafi verið þröngvað til að taka við kosningu. Það sýnir sig því, að engin ástæða er til að hafa þetta ákvæði að því er konur snertir, því að sjaldan mun hafa verið sóst mikið eftir þeim í bæjar- eða sveitarstjórnir.

Jeg vil því leyfa mjer að undirstrika það, að þó ákvæði þetta hafi verið sett í góðu skyni á sínum tíma, þá var það þó gert að konum fornspurðum, og margar þeirra líta svo á, að það sje gagnslaust, og jafnvel skaðlegt, og að í því felist frekar vantraust en vorkunnsemi.

Rýmkun á kosningarrjetti og kjörgengi kvenna í málefnum sveita og kaupstaða var mikil rjettarbót, og má segja, að hún hafi verið fyrirboði þess, sem varð 19. júní 1915, þegar konur fengu jafnrjetti við karlmenn. Við þeirri rjettarbót tókum vjer konur þakksamlega og töldumst í engu undan þeim skyldum, sem henni fylgdu. Þetta umrædda ákvæði hefir því engan stuðning í áliti kvenna, og þær hafa frá fyrstu talið það galla á lögunum og hafa vænst, að það yrði felt úr við endurskoðun þeirra.

Það gæti hugsast, að þetta ákvæði hefði haft þann aukatilgang að koma í veg fyr-

ir, að konur yrðu of fjölmennar við þessi störf, en reynslan hefir nú sýnt hið gagnstæða. Er því sá varnagli með öllu óþarfur nú.

Að þessu athuguðu fáum við konur ekki sjeð, að þetta sje nein rjettarbót, heldur þvert á móti. Vil jeg því leyfa mjer að óska þess, að háttv. deild samþykki till. á þskj. 76, og virði þannig ummæli mín, sem jeg hygg, að borin sjeu fram með samþykki margra kvenna, giftra og ógiftra.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki að gera margar athugasemdir við ræðu háttv. 4. landsk. (IHB), því að við erum sammála um aðalatriðin. En það var ekki rjett hjá þessum hv. þm., að mönnum væri aldrei þröngvað í þennan starfa. Reynslan hefði sýnt það. Jeg hygg, að reynslan hafi sýnt hið gagnstæða. Það hefir vitanlega ekki komið til með konur, því að þær hafa ekki verið skyldar að taka við kosningu. En jeg veit nokkur dæmi þess, að karlmönnum hefir verið þröngvað í hreppsnefnd, sem ekkert er undarlegt, því að víða er svo háttað í sveitum, að tiltölulega fáir eru vel færir um þann starfa. Þetta á vitanlega síður að koma fyrir hjer eftir, þegar konurnar eru komnar í viðbót og þeim fjölgar þannig, sem um er að velja.

Einar Árnason: Jeg gerði örfáar athugasemdir við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni, aðallega þó við eina brtt. nefndarinnar. Fanst mjer þá á tóninum í hv. frsm. (GuðmÓ), að hann væri móðgaður af ummælum mínum, af því að jeg hefði ekki farið nógu virðingarverðum orðum um brtt. nefndarinnar. Undrar þetta mig stórlega, því að ummæli mín voru mjög hógvær, og jeg get fullvissað háttv. frsm. um það, að jeg hafði enga tilhneigingu til þess að móðga nefndina. Aðeins þetta, að jeg hafði aðra skoðun á einu atriði en nefndin sjálf og meiri hluti þessarar deildar, sem sje um rjett kvenna til þess að skorast undan kosningu til bæjar- og sveitarstjórna. En jeg veit, að tilgangslaust er að tala um þetta hjer, því að þessi skoðun mín mun eiga formælendur fá hjer í deildinni. Það virðist vera kapphlaup um það í deildinni að búa sem ramlegast um skyldur kvenna að taka við kosningu í þessum málum, því að ekki hafa komið fram minna en þrjár brtt. sama efnis. En rökin, sem færð hafa verið með þeim, finst mjer ærið veigalítil; þau hafa mest verið upphrópanir: „skyldur“ og „rjettindi“! og aftur „rjettindi“ og „skyldur“!

Háttv. 4. landsk. fullyrti, að aldrei hefði komið fyrir, að karlmönnum hefði verið þröngvað í hreppsnefndir eða til annara opinberra starfa. Þetta er ekki rjett. Og það sýnir jafnframt, hversu nauðalítið sumir menn þekkja til þessara mála í sveitunum. Jeg gæti nefnt mörg dæmi. Og hvað sjálfan mig snertir, þá var mjer í fyrstu þröngvað inn í hreppsnefnd, algerlega móti mínum vilja, því lagalega gat jeg ekki undan skorast. Ástæðurnar fyrir því, að margir menn vilja ekki taka við opinberum störfum í sveitum, eru margar. Má þar til nefna, að þau eru erfið og jafnframt illa launuð; oftast ekkert annað að hafa fyrir þau en vanþakklæti.

Það er fjarri öllum sanni að bera þessi mál saman í sveitum og kaupstöðum. Í kaupstöðum þarf ekki annað en ganga stuttan spöl milli húsa, eða tala í síma við samnefndarmennina, eins og t. d. hjer í Reykjavík. Er það alt annað en að fara langar og erfiðar ferðir, oft í misjöfnu

veðri og færi, eins og vill eiga sjer stað á útkjálkum þessa lands. Getur og vel komið fyrir, að fara þurfi alt að 30 km. í ófærð og illviðri til þess að komast á hreppsnefndarfund. Undir slíkum kringumstæðum er því óhugsandi, að kvenfólk gæti sótt fundi. Má því búast við, að fyrir geti komið, að nefndin verði ekki fullskipuð á fundum, ef konur fara alment að eiga sæti í hreppsnefndum.

Jeg geri ráð fyrir, að það sje tilætlunin hjá háttv. 4. landsk. og öðrum, sem sækja fastast, að konur skuli skyldugar til að taka þátt í öllum opinberum störfum í þágu sveitarinnar, að það taki ekki aðeins til hreppsnefndarstarfa, heldur allra opinberra starfa, sem inna þarf af hendi. Undir þetta telst þá að sjálfsögðu starf forðagæslumanna, en það er alls ekki svo lítið. Forðagæslumaðuri n verður að ferðast bæ frá bæ tvisvar á vetri. Hann verður að koma í hverí útihús og skoða hverja skepnu. Hann verður að koma í hverja heytóft og oft að troðast í gegnum þröngar geilar. Jeg verð að segja, að jeg tel þetta tæplega kvennaverk. Jeg vil líka skjóta því til háttv. landbn. að athuga þetta atriði í sambandi við kynbótafrv. það, sem nú er hjer til meðferðar. Jeg er þeirrar skoðunar að konur eigi að hafa þau fríðindi fram yfir karlmenn að vera lausar við svona störf. Jeg býst við, að þetta hafi ekki byr hjer, en það breytir í engu minni skoðun.

Að því er snertir brtt. á þskj. 76, þá mun jeg greiða atkvæði með öðrum lið hennar, en móti hinum. Teldi jeg greinina þann veg komast í sitt upprunalega horf, sem vel mátti við una.

Jóhannes Jóhannesson: Það er ekki af hlífð við konurnar, að jeg sje mig nauðbeygðan til að greiða atkvæði með því, að giftar konur megi skorast undan opinberum bæjar- og sveitarstörfum. Ekki er það heldur af því, að jeg vantreysti þeim til þessara starfa, því að jeg býst ekki við, að þær trani sjer fram til þess, sem þær eru ekki færar um að leysa sómasamlega af hendi.

Mjer gengur hreint og beint til umhyggja fyrir hag heimilanna. Það er hart, en því miður nauðsynlegt, að hægt skuli að skylda einyrkja bónda til þessara starfa. En það er hreint og beint ótækt, að hægt sje að skylda húsmóðurina til þess að vera burtu frá heimilinu og kannske barnahóp svo dögum skiftir, og alt kemst af í framtíðinni eins og hingað til, þótt það verði ekki lögleitt.

Vona jeg, að háttv. deild geti fallist á þetta.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg ætla fyrst að þakka háttv. frsm. fyrir, hve vel hann hefir skilið andmæli mín. Hvað það snertir, sem upplýst er, að körlum sje stundum þröngvað til þessara starfa, þá má vera, að til þess sjeu dæmi, en jeg hygg þó óhætt að ganga út frá því, að körlum sje vægt í þessu efni, ef lögleg forföll eru fyrir hendi. Út frá því sama má ganga um konur, og því fremur, sem vænta má, að riddaraskapur karlmannanna gagnvart konum skipi jafnan öndvegið og ekki verði gengið nær getu þeirra en þeim er ljúft og mögulegt.

Háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) sagði meðal annars, — jeg veit ekki hvort það hefir verið af því að jeg átti í hlut — að rökin hefðu verið tómar upphrópanir. Mjer þykir hart, þegar jeg tala um málefni, en ekki menn, að það sje kallaðar tómar upphrópanir. Þá sagði háttv. þm. (EÁ) í öðru lagi, að jeg vissi ekki, hve nærri væri gengið getu kvenna með þessu frv,

Jeg þykist með ummælum mínum áður hafa fært full rök fyrir mínu máli, og hvorki með fullyrðingum nje upphrópunum.

I þriðja lagi sagði háttv. þm. (EÁ), að þeir, sem að þessum störfum ynnu, fengju vanþakklæti að launum. Jeg efa ekki, að slíkt geti komið fyrir, en ef meta ætti þörf störf eftir því, hvort þau eru þakklát eða vanþakklát, yrðu margir að draga sig í hlje. En því fer betur, að svona hugsa ekki allir. Hv. þm. sagði, að óhugsandi væri, að konur gætu tekið að sjer sum þessi störf. Jeg get kannast við, að sumum störfum af þessu tægi kunni að fylgja talsverðir örðugleikar. En jeg kem að því aftur, sem jeg sagði áðan, að jeg er viss um, að konum verður ekki þröngvað til slíkra starfa, ef lögmæt forföll eru fyrir hendi, þegar körlum er til að dreifa, sem vilja og geta tekið störfin að sjer. (*JóhJóh*: Vart að treysta því). Jú, reynsla liðinna alda sannar það.

Þá talaði hv. þm. (EÁ) um skyldur, sem við værum að kalla yfir höfuð okkar. Honum hefir ef til vill þótt nokkuð digurt það, sem jeg sagði um daginn, að konur yrðu að gera sjer ljóst, að sömu rjettindum fylgdu sömu skyldur. Getur verið, að okkur skorti þrótt, en aflið vex, ef á er reynt. Jeg geri ráð fyrir, að það sje bæði af þekkingu talað og góðsemi í garð kvenna, að hv. þm. (EÁ) telur ófært, að konur geti ekki fengið undanþágu frá þessum störfum. Jeg skal fúslega játa, að þetta muni af góðum rótum runnið. En þótt tillögur mínar verði samþyktar, er ekki verra aðhafst en svo, að því má breyta aftur, ef þörf þykir á.

Að því er snertir ummæli hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), að hann ljeti ekki hlífð við konurnar ráða atkvæði sínu, þá finst jeg ekki við það. Það er auðvitað gott að láta hlífa sjer, en það er betra að láta treysta sjer.

Hv. þm. kvað umhyggjuna fyrir heimilunum ráða atkv. sínu. Það gæti auðvitað hugsast, ef lögunum væri framfylgt með óbilgirni, að kona, sem ekki ætti heimangengt, yrði að sinna ferðalögum. En jeg tel enga hættu á, að nokkurri konu yrði þröngvað til þeirra hluta. Slíkt væri ómannúðlegt, og varla mun til það hreppsfjelag, sem mundi beita sjer svo ómannúðlega. Það var þetta, sem jeg hafði að athuga við ræðu hv. þm. Seyðf. Jeg veit, að þetta er ekki vantraust frá hans hálfu til kvenna, heldur líklega hlífð. En umhyggjunni er ekki alstaðar hægt að koma að, og því verður að reikna með því, að konum verði sýnd sanngirni jafnt og körlum og lögleg forföll tekin til greina.

Einar Árnason: Það eru aðeins örfá orð. Þar sem jeg talaði áðan um, að rökin, sem fram voru færð, hefðu að mestu verið upphrópanir, þá átti jeg engu síður við frsm. nefndarinnar (GuðmÓ) heldur en hv. 4. landsk. (IHB).

Hv. 4. landsk. (IHB) er þeirrar trúar, að konum muni ekki verða þröngvað til starfa, sem þær geta ekki leyst af hendi. Jeg skal ekkert fullyrða um, hvað fyrir gæti komið. Sennilega yrði það ekki gert. En af hverju ekki? Af vorkunnsemi, — eða, ef orða mætti það öðruvísi: af riddaraskap. Jeg vildi koma í veg fyrir, að sýna þyrfti þessa vorkunnsemi. Jeg kaus heldur, að konurnar hefðu sjálfar rjett til þess að neita. Mjer fanst það í alla staði skemtilegra fyrir þær.

Mjer dettur ekki í hug að mæla móti því, að hv. 4. landsk. (IHB) hafi á bak

við sig skoðanir einhverra kvenna á þessu máli. En það breytir ekki minni skoðun.

Jeg tel betra, að konurnar njóti rjettinda heldur en vorkunnsemi.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki að segja mörg orð, og jeg vona, að þau verði ekki í þeim tón, sem hneykslar hv. 1. þm. Eyf. (EÁ).

Hann vildi færa rök að því, að lítið mundi verða úr konum að sækja fund alt að 30 km. leið í stórhríð og ófærð. En jeg verð nú að segja það, að jeg þekki karlmenn, sem ekki mundu heldur sækja fund 30 km. leið í stórhríð og ófærð. En hvað segir hv. þm. um ljósmæðurnar. Jeg er hissa á, að þeir, sem eru svo riddaralegir í orðum um konur, skuli hafa þolað, að konur hafa gegnt þessari erfiðu stöðu í háa tíð. Jeg segi fyrir mig, að mjer mundi þykja miklu verra, ef kona í barnsnauð gæti ekki fengið hjálp heldur en þó að hreppsnefndarfundur færist fyrir. Jeg held, að rök þessa hv. þm. (EÁ) hafi ekki verið vitund betri en hjá mjer. Jeg er oft búinn að taka fram, að ef kona hefir lögmæt forföll, getur hún fengið undanþágu. Jeg treysti sýslunefndaroddvitum vel til þess að veita slíka undanþágu, ef um lögleg forföll er að ræða.

Jeg þekki ekki það dæmi, sem hv. þm. Seyðf. (JóhJóh) mintist á. Þar sem jeg þekki til, er hlíft við að taka einyrkja, sem afskektir búa, til þess að gegna sveitarstörfum. *(JóhJóh*: Þeir gerast margir nú á dögum, einyrkjarnir). Þeim fjölgar að minsta kosti ekki við þessi lög. Jeg gæti líka hugsað mjer, að svo gæti staðið á, að kona einyrkjans hefði betri tíma til þess að fara að heiman að vetrarlagi en bóndi hennar. Yfirleitt finst mjer rök andmælenda ekki vera fullkomnari en hjá okkur.

Einar Arnason: Það var leiðinlegt, að hv. frsm. skyldi ekki taka til máls áður en jeg var „dauður". En jeg skal verða stuttorður.

Hv. frsm. virðist ekki kannast við, að stórhríð geti brostið á meðan fundur stendur yfir, svo erfitt geti orðið að komast heim. En það þarf ekki stórhríð til. Ófærðin ein getur hamlað því, að konur komist á fund eða af fundi. — Hv. frsm. talaði um, að oddviti mundi geta losað konur við þessi störf, ef forföll væru fyrir hendi. Jeg veit ekki hvaða vald hann hefir til þess. — Hv. frsm. fanst víst, að hann ná sjer niðri, þegar hann mintist á ljósmæðurnar. Jeg veit ekki, hvort hv. frsm. veit, hvernig farið er að, þegar sótt er yfirsetukona í ófærð. Stundum fer það fram þannig, að 6 til 8 menn á skíðum aka yfirsetukonunni á sleða þangað, sem ferðinni er heitið. (Hlátur í salnum). Þetta er ekkert hlægilegt. Hver maður er fús á að leggja fram lið sitt, þegar svona stendur á. En hitt væri broslegt, að sjá 6 til 8 karlmenn aka konu á hreppsnefndarfund. Mjer þykir nú óvíst, að margir karlmenn vildu gefa sig í það starf. Það væri þá líklega vissara að taka það fram í lögunum, að menn væru skyldir til að aka konum á fundi, ef með þyrfti.

ATKVGR.

Brtt. 68,1—2 teknar aftur.

— 76,1 samþ. með 8:6 atkv.

— 76,2 samþ. með 13:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EÁ, GuðmÓ, GunnÓ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JM, JJ, SE, ÁH, BK, H-Steins.

nei: EP.

Brtt. 78,1 sjálffallin.

— 78,2 samþ. með 13 shlj. atkv.

— 78,3 samþ. með 13 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 83).

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta mál hefir gengið í gegnum þrjár umr. í hv. Ed. og verið þar í allshn. Vænti jeg því, að málinu verði gerð sömu skil hjer í hv. deild, og geri því að till. minni, að frv. verði, að þessari umr. lokinni, vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., föstudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A 83, n. 185 og 323, 246).

Frsm. meiri hl. (Jón Kjartansson): Eins og hv. þdm. muna, var í ráði á síðasta þingi að skipa milliþinganefnd til þess að endurskoða sveitarstjórnarlögin og fátækralögin. En hv. Ed. fól stjórninni þessa endurskoðun. Með þessu frv. getur að líta einn flokk þessara mála, þar sem dregið er saman í eitt alt viðvíkjandi kosningum og kjörgengi í málefnum sveita og kaupstaða. Að það hafi verið full þörf endurskoðunar, sjest best, ef athuguð er 37. gr. frv., en þar eru 16 lög numin úr gildi. Áður var erfitt að átta sig á því, hvað voru lög í þessu efni, en nú hefir stjórnin dregið það saman í eitt í þessu frv.

Þetta frv. hefir nú gengið í gegnum Ed. og tekið þar nokkrum breytingum. Allshn. getur nú fallist á þær flestar, en þó ekki allar. Einn nefndarmaður, hv. 2. þm. Reykv. (JBald), vill ganga nokkuð lengra.

Jeg skal nú víkja nokkrum orðum að brtt. meiri hluta allshn. 1. brtt. er við 3. gr. 1 frv. stjórnarinnar er svo ákveðið, að konur geti skorast undan að sæta kjöri í hreppsnefndir og bæjarstjórnir. Hv. Ed. feldi þessi rjettindi kvenna burtu, svo konum er nú ætlað að hafa sömu skyldur og karlar í þessu efni. Meiri hluti allshn. fellst nú ekki á það, að rjett sje að svifta konur þessum rjetti. Það hefir nú um langt skeið verið fullkomið jafnrjetti milli karla og kvenna að því er snertir kosningarrjett og kjörgengi, rjett til embætta o. fl. En skyldurnar eru ekki að öllu leyti þær sömu. Þær hvíla meira á karlmönnum. Meiri hluti nefndarinnar lítur nú svo á, að rjett sje, að konur fái að halda þessum auknu rjettindum, sem þær hafa haft. Það er síður en svo, að hann vantreysti konum til þess að gegna þessum störfum; en hann lítur svo á, að starf kvennanna í þjóðfjelaginu sje að ýmsu leyti mikilsverðara en karlmanna, og því sanngjarnt og rjettmætt, að þær hafi aukin rjettindi fram yfir karlmenn. Jeg fjölyrði svo ekki frekar um þetta. Jeg geri ráð fyrir, að hv. deild verði í samræmi við sjálfa sig og samþykki þetta, því að hún hefir nýlega samþykt, að konur skuli hafa leyfi til þess að skorast undan kosningu í niðurjöfnunarnefnd.

Næsta brtt. meiri hluta nefndarinnar er við 11. gr. Þar er svo ákveðið, að skrá með nöfnum fulltrúanna, sem stungið er

upp á, skuli afhendast oddvita kjörstjórnarinnar 2 sólarhringum fyrir kosningu. Nefndin hefir nú orðið sammála um að lengja frestinn upp í 14 daga. Fresturinn verður að vera lengri en tveir sólarhringar, ef það er vilji Alþingis að gefa kjósendum utan kjörstaðar rjett til þess að neyta kosningarrjettar síns, svo sem ræðir um í 36. gr. frv. Hv. deild ætti því að fallast á þessa brtt.

3. brtt. er við 17. gr. Þar eru talin upp þau einkenni á kjörseðli, sem ónýti hann. Í stjfrv. er orðalagið þannig, að það valdi ógildingu kjörseðils, ef einkenni sjeu á honum, sem geti gert hann þekkjanlegan. Meiri hluti nefndarinnar vill samræma þessi ákvæði við önnur nýrri kosningalög, þannig, að seðillinn verði ógildur, ef ætla megi, að auðkennin sjeu gerð viljandi. Jeg vænti þess, að hv. deild geti fallist á þessa breytingu.

4. brtt. allshn. er aðeins orðabreyting, og þarf jeg ekki að fjölyrða um hana.

5. brtt. er í samræmi við 3. brtt., og þarf jeg því ekki að fara frekar inn á hana.

Aðrar brtt. hefir meiri hluti allshn. ekki flutt, en minni hlutinn, hv. 2. þm. Reykv. (JBald), hefir flutt nokkrar víðtækari brtt., sem jeg vil víkja að nokkrum orðum.

1. brtt. hans er við 1. gr., um að rýmka kosningarrjettarskilyrðin. Hann vill færa aldurstakmarkið úr 25 árum niður í 21 og fella niður 6. skilyrðið, að sá skuli ekki hafa kosningarrjett, sem stendur í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. Þessi kosningarrjettarskilyrði eru hin sömu og skilyrði fyrir kosningarrjetti til Alþingis, og jeg geri ráð fyrir, að menn sjeu sammála um það, að ekki sje síður þörf á að hafa tryggan útbúnað við kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Þegar krafist er 25 ára aldursskilyrðis, þá er það álitin trygging fyrir því, að kosnir sjeu færari menn, því að svo er talið, að því rosknari sem menn eru, því ráðsettari verði þeir og velji fulltrúa sína með því meiri gætni. Ef það er skoðun hv. deildar, að þetta ákvæði feli í sjer öryggi á þessu sviði, þa er sjálfsagt að halda því.

Það gæti verið meiri sanngirni í því að fella niður 6. skilyrðið. Það gæti verið rangt að svifta menn skilyrðislaust kosningarrjetti sakir þess, að þeir standa í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk. En svo er þó um marga, að það er eingöngu vegna ómensku, leti eða óreglu, að þeir fara á sveitina, og er sjálfsagt að svifta slíka menn rjettinum. En eins og jeg gat um áður, þá getur þetta komið ranglátlega niður á suma. En jeg tel þó rjettara, að þetta yrði lagfært með fátækralagabreytingu þeirri, sem væntanlega verður gerð á næsta þingi. Því að þau lög liggja nú undir endurskoðun hjá hæstv. stjórn. Vænti jeg þess því, að hv. deild samþykki ekki þessa brtt. að þessu sinni.

Þá kem jeg að 2. brtt. hv. minni hl., um að 4. gr. falli burt. Í 4. gr. frv. er sagt, að kjörstjórnir skuli úrskurða um kjörgengi til bæjarstjórnar, borgarstjóra og hreppsnefnda. Mjer virðist það vera rjett að fela kjörstjórn það vald að úrskurða um kjörgengi. Því sje það ekki gert, þá getur það valdið mikilli truflun, ef úrskurðurinn kemur ekki fyr en kosning er um garð gengin, og verður þá ef til vill að kjósa af nýju. Það getur komið fyrir, að maður sje á lista, sem alveg er ugglaust ókjörgengur, og þá er það óneitanlega hart að leyfa ekki, að kjörstjórn úrskurði þann mann ókjörgengan þegar í upphafi. Jeg þykist þess fullviss, að hv. deild fallist á það að láta 4. gr. standa

óhaggaða, því að það kemur í veg fyrir margskonar truflanir og aukinn kostnað, sem af því leiddi, ef kjósa þyrfti upp aftur.

3. brtt. minni hl. er við 5. gr. frv., þess efnis, að í stað þess, sem frv. gerir ráð fyrir, að tiltekinn hluti manna úr bæjarstjórn gangi úr á hverjum tveim árum, þannig, að allir hafi gengið úr eftir 6 ár, þá vill hv. minni hl., að á þriggja ára fresti fari helmingurinn frá. Jeg er nú satt að segja hálfundrandi yfir því, að það skuli vera hv. 2. þm. Reykv., sem flytur slíka till. Mjer hefir virst, að jafnaðarmenn vildu einmitt sem oftast leita úrskurðar kjósenda, en þessi brtt. fer fram á að skjóta því á lengri frest en frv. ætlast til, að kjósendum gefist færi á að segja sitt álit um málin með kosningu. Þykist jeg vita, að þetta sje vel meint hjá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), m. a. sje það af sparnaðarástæðu, að hann flytur þessa brtt., því vitanlegt er, að kosning nú á dögum kostar æðimikið fje, einkum í Reykjavík. Jeg legg nú ekki mikið upp úr þessari till. og læt hv. deild um það, hvort hún vill samþykkja hana eða fella.

4. brtt. hv. 2. þm. Reykv. er einungis orðabreyting, sem óþarfi er að fjölyrða um. En 5. brtt. er rjettmæt að mínum dómi, því svo er það að minsta kosti hjer í Reykjavík, að þess hefir ekki verið krafist um umboðsmenn lista, að þeir væru meðmælendur, heldur hafa aðrir haft þessi umboð.

Þá eru till. hv. minni hl. ekki fleiri. En þeir hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) og háttv. þm. Borgf. (PO) flytja hjer till. á þskj. 246, um að fella niður 29. gr. Þetta kom til orða í allshn., en meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallist á það að taka burtu heimildina til hlutfallskosninga í hreppsnefndir. Það getur verið full ástæða til þess að tryggja rjett minni hlutans í sveitum eigi síður en í kaupstöðum, og því fullkomlega rjettmætt að setja þessa grein í lögin.

Jeg mun svo ekki fara um málið frekari orðum að sinni, en vænti þess, að hv. deild samþykki till. meiri hl. Till. minni hl. eru lítils virði að mínum dómi, nema sú 1., við 1. gr. En jeg vona, að hv. deild verði sjálfri sjer samkvæm og felli þá till.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson) Það, sem mig hefir greint á við hv. meiri hl. allshn., er, eins og tekið er fram í nál. mínu á þskj. 323, aðallega aldurstakmarkið eins og það er í 1. gr. frv., og olli það mestu um það, að leiðir okkar skildu. Jeg hefi aldrei heyrt neinar skiljanlegar eða skynsamlegar ástæður til þess að synja mönnum um kosningarrjett, er þeir hafa náð 21 árs aldri. Jeg hefi aldrei getað fundið ástæðu til þess, að slíkum mönnum væri síður trúandi til þess að velja sjer sæmilega fulltrúa í bæjar- eða hreppsnefnd en þeim, sem eru 4 árum eldri. Og þegar litið er á það, hvern rjett löggjöfin veitir þeim mönnum, sem náð hafa 21 árs aldri, þá sje jeg ekki, að það sje minna um vert heldur en hitt, að þeim sje leyft að kjósa fulltrúa í sveitarstjórn. Þannig er t. d. kennara, sem er 21 árs, leyft að taka börn og unglinga til kenslu, og ekkert á móti því, að hann geti verið stjórnandi stærsta barnaskóla landsins. Og þegar slíkum manni eru veitt svo mikil rjettindi, — hví skyldi þá ekki mega trúa honum til þess að velja fulltrúa í sveitarstjórn? Þá er mönnum 21 árs gömlum leyft að stofna hjúskap, sem ekki er talið þýðingarlítið. Einnig eru menn fjárráðir á þessum aldri og geta tekið að sjer

hverskonar atvinnurekstur. Það er ekkert því til fyrirstöðu, að 21 árs maður hefði með höndum yfirstjórn á öllum togaraflota landsins, og er það þó nokkru meira um vert en svari þessum rjettindum, að ráða yfir atvinnutækjum, sem mörg þúsund manna vinna við bæði á sjó og landi. Jeg hefi gripið þessi dæmi af handahófi. En það er kunnugt, að menn á þessum aldri hafa yfirleitt öll þau rjettindi, sem þjóðfjelagið hefir að bjóða, nema kosningarrjett til þings og í sveitar- og bæjarmálefnum, og ef til vill stöku embætta. Þessi rjettur hefir verið veittur í ýmsum löndum, sem lengra eru komin í menningu en við.

Hv. frsm. meiri hl. (JK) talaði um till. mínar í ræðu sinni áðan, og hefði þó vel getað beðið með það þangað til jeg hafði mælt fram með þeim. En úr því hann fór þannig að, þá mun jeg svara honum jafnframt og jeg tala um till. að öðru leyti. Hv. frsm. taldi meira öryggi í því, að menn fengju ekki kosningarrjett fyr en þeir væru 25 ára. Jeg hygg aftur, að menn á aldrinum frá 21—25 ára fari meir að málavöxtum og minna eftir hagsmunaástæðum og persónulegum áhrifum en hinir, sem eldri eru og hættir frekar við að hugsa um sjálfa sig og hagsmuni sína í sambandi við kosningarnar. Og af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú talið, álít jeg það alveg sjálfsagt, að þessum mönnum sje veittur kosningarrjettur. Það er bæði, að menn á þessum aldri eru áhugasamari um almenn mál en síðar, enda hafa þeir þá yfirleitt fengið þá almennu mentun, sem menn annars fá undir lífsstarf sitt, og ættu þeir því að vera fullkomlega færir um það að dæma um, hvaða fulltrúa þeir eigi að velja og hvar þeir eigi að skipa sjer í flokk. Þegar almenn fræðsla er komin á það stig, sem hjer gerist, þá ætti það að vera alveg sjálfsagt að veita mönnum 21 árs rjett til þess að kjósa fulltrúa í sveitarstjórn. Þeir ættu líka að hafa kosningarrjett til Alþingis. Öll rök hníga í þá átt, að þetta sje rjett, og ef atkvæði falla um þetta atriði eftir rökum, þá verður till. mín samþykt.

2. brtt. mín, við 1. gr., er um það, að 6. liður 1. gr. falli burt. Eins og lög okkar eru nú, þá sviftir sveitarskuld menn kosningarrjetti. Hv. frsm. (JK) játaði, að þetta væri rangt í ýmsum tilfellum, en sagði þó, að þar sem svo væri komið fyrir mönnum, þá stafaði það oft af leti og ómensku. Jeg hygg nú, að þetta sje mjög hæpið, ef farið væri í skýrslur um fátækraframfærslu, að margir væru styrkþegar sökum leti og ómensku. Jeg þykist þess fullviss, að slíkt sjeu undantekningar heldur en hitt, og hafi hv. þm. (JK) sagt þetta í gáleysi, en ekki af því, að hann festi trúnað á það. Það er ákaflega auðvelt að slá slíku fram, en kannske dálítið örðugt að finna því stað. Það mun mjög lítill hluti af þeim mönnum, sem styrk þurfa að þiggja, gera það af þeim ástæðum, sem hv. þm. nefndi. Það má að vísu vera, að eitthvað sje af mönnum, sem sveitarstyrk þiggja vegna þess, að þeir hafa eyðilagt sig á margskonar óreglu, svo að þeir geti ekki sjeð fyrir heimilum sínum. Slíkt má vitanlega kalla ómensku, en hinsvegar ætti það ekki að verða þess valdandi að svifta alla rjettindum, sem af sveit hafa þegið. Þetta hafa menn líka viðurkent með því að telja þann styrk ekki til rjettindamissis, er menn verða að þiggja vegna sjúkrahúsvistar; eins má nefna berklavarnalögin o. fl. En svo eru fjöldamörg önnur atriði þessu lík, sem verða þess valdandi, að menn verða að þiggja sveitarstyrk, svo sem ýmiskonar heilsuleysi, atvinnubrestur, ómegð, en ekki

síst elli. Það er mikill fjöldi til af gömlum mönnum, sem aldrei hafa efnast neitt, og svo þegar þeir gerast ófærir til að vinna fyrir sjer, þá verða þeir að fá styrk til að geta lifað. Það er fjöldi manna hjer í Reykjavík, sem þiggur styrk af þessum ástæðum. Hinir munu sárafáir, sem styrk þiggja vegna leti og ómensku, eins og hv. þm. komst að orði. Og þó til sje einstaka maður þannig, þá mætti ef til vill láta slíkt varða rjettindamissi, enda ofurauðvelt, þó till. mín yrði samþ. Ekki þarf annað en að svifta þessa menn fjárræði. Ef það er gert, þá skilst mjer, að þeir hafi ekki kosningarrjett samkvæmt 2. lið 1. gr. frv., svo þarna er hægt að ná til þessara manna, en láta hina halda sínum rjetti. (*IIK*: Þetta er torveld leið). Hún er einmitt auðveld. Ekki er annað en að fá lögreglustjóra til þess að úrskurða um þetta. Jeg geri heldur ekki ráð fyrir, að sveitarstjórnir færu að fara af stað með slíkt nema þær hefðu sterkar sannanir í höndunum. Hv. frsm. (JK) játaði, að þetta væri ranglátt, en hann vildi ekki láta laga það á þessu þingi, heldur á næsta þingi. Það er ekkert óvenjulegt að heyra slíkt. Í síðastl. 5 ár hafa hv. þdm. haft tækifæri til þess að greiða atkvæði um ýmsar breytingar á fátækralöggjöfinni, og altaf hefir viðkvæðið verið þetta, að þeir vildu ekki greiða því atkvæði nú, heldur seinna. Þegar svo næsta tækifæri kemur, þá fá menn sjer til þá ástæðu að bíða eftir því, að hinn eða þessi lagabálkur verði endurskoðaður. Ef hv. frsm. og hv. þdm. álíta þetta ranglátt, þá eiga þeir að samþ. brtt. mínar nú þegar, en sæfa ekki lengur samviskuna með því að skjóta því enn á frest.

Jeg hefi nú rætt um brtt. mínar, sem snerta 1. gr.

Næst er svo till. mín að fella niður 4. gr. frv. Eins og hv. frsm. meiri hl. allshn. tók fram, þá eiga kjörstjórnir eftir frv. að úrskurða um kjörgengi. Þetta álít jeg mjög varhugavert. Þeim, sem börðust fyrir almennum kosningarrjetti, er kunnugt, að þáverandi íhaldsmenn, sem lengst reyndu að spyrna á móti broddunum, reyndu allskonar brellur til þess að halda mönnum frá því að njóta kjörgengis. Þeim var varpað í fangelsi fyrir tyllisakir, mál höfðuð gegn þeim af pólitískum andstæðingum, svo það kom fyrir, að menn voru kosnir aftur og aftur þótt þeir sætu í fangelsi af þessum sökum. Þetta endaði svo þannig, að það var tekið úr lögum að láta kjörstjórnir dæma um kjörgengi. Eftir kosningalögum Alþingis heyrir það undir þingið að skera úr því, hvort maður skuli kjörgengur eða ekki. Hv. þm. (JK) sagði, að það kæmi ekki fyrir, að reynt yrði að hindra mann ranglega frá kjörgengi. En það hefir komið fyrir og getur komið fyrir. Hv. frsm. talaði um óþægindin, sem stöfuðu af nýjum kosningum, og gerði ráð fyrir, að í slíkum tilfellum, er vafi væri á kjörgengi, þá væri þægilegra að hafa það eins og í frv. stendur. Menn bjóða ekki fram einhvern til bæjar- eða sveitarstjórnar, sem þeir eru vissir um, að hlýtur að verða dæmdur ókjörgengur. Það er svo ólíklegt, að flokkur, sem vill koma manni að, fari að „stilla upp" manni, sem hann þykist viss um eða veit fyrirfram að muni verða synjað um sæti. En það er þá girt fyrir hitt, sem jeg hefi áður talað um, að óhlutvandir menn geti fundið upp einhverjar ástæður til þess að hindra það, að andstæðingur þeirra geti komist að. Þetta ákvæði hefir verið tekið inn í lög um alþingiskosningar, og þá er næsta skrefið, að það sje líka tekið inn í lög um bæjar- og sveitarstjórnarkosning-

ar. En það vita hv. þm., að hefir ekki verið gert ennþá.

Þá á jeg eftir að ræða um þrjár brtt. mínar, og er þá fyrsta brtt. að láta kjósa á þriggja ára fresti, í stað þess að í frv. er ákveðið að láta kjósa ⅓ fulltrúanna á tveggja ára fresti. Hv. frsm. meiri hl. var að bera mig fyrir brjósti fyrir það, að jeg kæmist í ósamræmi við jafnaðarmannaflokkinn, af því að þeir vilja hafa kosningar sem oftast. En það er algerlega óþarft fyrir hv. frsm. að bera mig fyrir brjósti; jeg mun annast þau viðskifti mín sjálfur. Mjer finst það heppilegra fyrirkomulag, að kosið sje þriðja hvert ár og að helmingur bæjarstjórnar sje kosinn í einu; það kemur þá greinilega fram, hver flokkur er sterkastur í bæjarfjelaginu. Mönnum finst kannske, að það komi í sama stað niður, hvort er haft hjer, þar sem skift er um alla bæjarstjórnina á 6 árum, og kosið á tveggja ára fresti eftir frv., en á þriggja ára fresti eftir minni till. En það er líka rjett, að þegar einn flokkur er orðinn ríkjandi, þá taki hann við völdunum; en kannske líka háttv. frsm. meiri hl. vildi láta skifta um, þannig að helmingurinn væri kosinn á tveggja ára fresti, svo að skift yrði til fulls á fjórum árum? Það teldi jeg allra rjettast. En jeg hefi nú samt ekki borið fram till. um þetta, en jeg býst ef til vill við að gera það.

Þá er það eitt atriði, sem jeg hefi vikið að í nál., en ekki borið fram till. um, það er að hafa varamenn til bæjarstjórnar. Það er ákaflega mikilsvert fyrir bæjarfjelagið, þegar bæjarfulltrúi flytur burt úr bænum eða fellur frá, að þá þurfi ekki að setja alt þetta mikla kosningar-„apparat“ í gang, því að það kostar mikið fje og umstang; jeg álít því sjálfsagt, að flokkarnir fengju varamenn við kosningarnar, og tækju þeir þá sæti jafnóðum og þeir menn falla frá, sem kosnir voru af þeim sama lista, og þá þarf aldrei annað við burtför eða fráfall en að tilkynna það varamanni, og taki hann þá sæti hins; jeg mundi telja það mikinn kost á frv., ef samþykt yrði að hafa varamenn til bæjarstjórnar.

Þá er 4. brtt. mín, við 11. gr., í samræmi við 4. gr., sem jeg hefi lagt til, að falli niður. Jeg hefi dregið úr greininni, af því að jeg vil ekki láta kjörstjórn dæma um kjörgengi manna, en hitt er annað mál, að kjörstjórn verður að vita, við hvern er átt, verður að vita, hvort maðurinn sje til eða ekki, og svo greinilega nafn hans, að ekki leiki vafi á, hver hann sje. Það er sjálfsagt, enda hlýtur að vera hvöt hjá hverjum, sem ber fram lista til kosningar, að gera hann svo úr garði, að ekki geti orðið ágreiningur um það, við hverja sje átt.

Þá er síðasta brtt. mín, við 15. gr., að í staðinn fyrir „meðmælendur“ komi „umboðsmenn“, og er það af ástæðum, sem komið hafa fyrir í Reykjavík og öðrum kaupstöðum landsins. Það er nefnilega ekki altaf hentugt, að þeir sjeu umboðsmenn í kjörstofunum, sem eru meðmælendur á lista, enda hefir það ekki verið gert í Reykjavík; það hefir verið haft svo, að það væru flokksmenn þeirra, en ekki endilega af þeim 15 mönnum, sem hafa áritað skjalið, enda er það heldur ekki nauðsynlegt, að það sje kjósandi; hentugast er, að það sje lipur skrifari, sem ekki þarf endilega að hafa náð kosningaaldri til þess að inna það verk af hendi svo að í lagi sje. Jeg vænti þess, af því að hv. meiri hl. nefndarinnar hefir ekkert haft við þessa brtt. að athuga, að hún verði samþykt ágreiningslaust.

Jeg hefi þá lokið að tala um brtt. mínar. Vil jeg þá aðeins víkja að því, að það kann að vera, að 1. brtt. mín sje ónákvæmlega orðuð, þar sem sett er 21 ár í stað 25 ára, en ef hún verður samþ., þá vænti jeg, að það megi telja sjálfsagða leiðrjettingu að breyta megi „a“ í „s“ í orðinu „ára“. En hafi einhver eitthvað við það að athuga, þá gæti jeg líka komið með brtt., er sjálfsagt gæti verið prentuð áður en umr. um málið verður lokið.

Magnús Torfason: Jeg stend upp til að mótmæla 1. brtt. hv. meiri hl. nefndarinnar á þskj. 185, þar sem nefndin vill breyta ákvæðinu um rjett kvenna og skyldu til þess að taka við kosningu.

Eins og við vitum, hefir kvenfólkið og fulltrúi þess haldið því fram, að það ætti að hafa sömu rjettindi og skyldur í þessum efnum. Þær hafa ekki óskað að hafa nein sjerrjettindi í þessum efnum, eða rjettara sagt, þær hafa ekki óskað þess, að skyldur þeirra yrðu takmarkaðri en karlmanna. Það er með öðrum orðum kvenfólkið sem heild, sem óskar eftir því að verða ekki laust við þessar skyldur, og fyrst svo er, þá verð jeg að segja það, að mjer finst sjálfsagt að verða við þessum tilmælum, og ef við leyfum því ekki að ráða sínum tillögum í þessum efnum, þá virðist mjer, sem þar kenni nokkurrar harðstjórnar frá karlmannanna hálfu. Jeg get ekki betur sjeð en að karlmenn sjeu hjer að taka ráðin af kvenfólkinu, sjeu að gera sig nokkurskonar lögráðamenn fyrir það að þessu leyti, og að karlmenn þykist þarna þurfa að hafa vit fyrir kvenfólkinu. En jeg get ekki sjeð, að það sje nein ástæða til þess. Nú veit jeg vel, að þetta er fóðrað með því, að það eigi að fyrirbyggja það, að konur verði kúgaðar til þessara verka, og að það þurfi ákvæði í lögin til þess; en við því er ekkert að segja annað en það, að kvenfólkið vill það. Það er þá það, sem ræður því. Nú getur verið hjer um tvenskonar kúgun að ræða. Það gæti hugsast, að kvenmenn vildu kúga konur til þess að taka við kjöri, og þá er það nokkurskonar innanríkisdeila hjá þeim, sem þær verða að útkljá með sjálfum sjer og sem okkur karlmönnunum kemur ekki við. Við getum t. d. hugsað okkur, að til sjeu kvenfjelög, sem vilji koma einhverjum sjerstökum kvenmanni að, jafnvel þótt hún vilji kannske síður vera í kjöri, og verður þá kvenfjelagið að ráða því sjálft, hvort það vill kjósa hana samt.

Svo getur það líka hugsast, að karlmenn vilji kúga kvenfólk til þess að vera í einhverjum af þessum stöðum, en fyrst og fremst er nú það, að síðan kvenfólkið varð kjörgengt, mun ekki vera eitt einasta dæmi til þess, að karlmenn hafi reynt að kúga kvenfólk til þess að taka að sjer slíkar stöður. Það eru allmargir oddvitar hjer á þinginu, og veit jeg, að enginn þeirra getur komið með eitt einasta dæmi þess, að karlmenn hafi reynt að kúga kvenfólk til þess að taka sæti í hreppsnefnd eða öðrum slíkum nefndum. Slíkt undantekningarákvæði er því alveg óþarft. Og meira að segja, það liggja á bak við brtt. allshn. hreint og beint ósæmilegar getsakir og illkvitni í garð karlmanna. Jeg veit ekki betur en að það sje hreint og beint óskrifað lögmál, að karlmenn eigi aldrei að kúga konur, eins og það er líka óskrifað lögmál, að karlmenn megi aldrei blaka konur, og jeg er alveg viss um það, að það vill enginn sannur karlmaður vita slíkt á sig; þvert á móti er það óskrifað lögmál, að hlífa beri konum á allan hátt. Karlmenn skoða sig skylda til að verja konur, og þykir ódrengskapur að gera það ekki, og

það gengur jafnvel svo langt, að þegar um lífið er að tefla, þykir sjálfsagt að láta konur ganga fyrir um björgun, og eru mörg dæmi þessu til sönnunar. Þykir mjer því afskaplegt að gera ráð fyrir því, að karlmenn fari að níðast á kvenfólki í þessu tilfelli, og er þetta ákvæði þess vegna ekki aðeins algerlega óþarft, heldur líka þinginu hreint og beint til vansa og leiðinda. Nú hefir farið svo, að hv. Ed. hefir viljað fara eftir því, sem konur hafa lagt til og viljað vera láta í þessu efni, og þá vænti jeg þess, að þessi hv. deild vilji ekki, að hægt sje að segja það, að henni hafi farist óriddaralegar gagnvart konunum heldur en hv. Ed., og það því fremur, sem jeg verð að játa það, mjer til mikilla leiðinda, að í hv. Ed. hefir maður ekki komist hjá því að verða var við, að þar hefir kent nokkurs kulda gagnvart þessum eina og fyrsta fulltrúa kvenfólksins á Alþingi; mjer hefir fundist þar kenna meiri kulda heldur en sennilegt væri og jafnvel sæmilegt. En hinsvegar veit jeg það, að þessi hv. deild hefir ekki látið neitt slíkt í ljós, og þess vegna vænti jeg þess, að deildin haldi nú áfram á sömu braut og sýni það með atkvgr. sinni, að hún ætlar ekki að gera neitt, sem hægt er að meta svo, að hún hafi ekki fulla virðingu fyrir kvenþjóðinni og kunni að meta hana rjettilega; yfir höfuð að tala, að þessi hv. deild hagi sjer eins og hver sæmilegur karlmaður á að gera gagnvart kvenfólkinu.

Árni Jónsson: Það skal verða stutt, sem jeg segi. Jeg á brtt. á þskj. 246, ásamt hv. þm. Borgf. Það er um að fella niður 29. greinina í frv. því, sem hjer er til umr., en greinin er um það, að hlutbundnar kosningar skuli teknar upp í sveitum undir sjerstökum kringumstæðum, eða þegar þess er æskt af svo mörgum mönnum innan hreppsins, sem hefði þurft til þess að geta komið að einum manni í hreppsnefnd. Við höfum ekki sjeð ástæðu til þess að fara að innleiða þetta ákvæði í sveitunum; við lítum svo á, og jeg þykist hafa sannanir fyrir því, að þar, sem hlutbundnar kosningar eru hafðar, sje kosningin orðin pólitísk. En við lítum svo á, að hreppsmál út af fyrir sig sjeu ekki pólitísk, og því rjettara, að þau fari eftir persónulegum kunnugleik manna heldur en pólitík. Eins og nú er, er það svo, að það er víst mjög óvíða, að kosning er pólitísk í sveitum. Það er farið eftir persónulegum kunnugleik á mönnum, og jeg held, að það hafi gefist sæmilega vel. Einstaklingarnir geta gefið atkvæði sitt hverjum, sem þeir vilja, án tillits til pólitískra hluta, en með hlutbundnum kosningum mundi færast á þann veg, að það yrðu einstakir menn í hreppnum, sem undirbyggju lista, sem flokksmenn þeirra yrðu svo að fylgja, hvort sem þeim svo geðjaðist að mönnunum eða ekki. Af þessu myndu svo skapast í sveitunum flokkadrættir og kur, meira en á sjer stað, og okkur hefir ekki fundist rjett að gera mikið til þess að bæta á úlfúðina manna á meðal. Að vísu er hjer aðeins um heimild að ræða, en með þessari heimild álítum við, að verið sje að gefa í skyn, að þetta geti verið heppilegt fyrirkomulag.

Jeg skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta. Hv. deildarmenn eru svo kunnugir í sveitum, að þeir geta gert það upp með sjer, hvort þeir telji þetta heppilegt kosningarlag í sveitum, að gera kosningarnar pólitískar, því að í raun og veru er það sama að okkar áliti, og eftir því fer þá atkvæði þeirra um þessa litlu brtt. okkar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. nefnd fyrir með-

ferð hennar á þessu máli, og þá sjerstaklega meiri hl. hennar, því að hans brtt. eru mjög litlar að efni til. Þær eru eiginlega ekki efnisbreytingar nema 1. og 2. brtt., og jeg álít, að 2. brtt. sje til bóta, og það er beinlínis af óaðgæslu í frv., hversu fresturinn er stuttur, og get jeg þess vegna með ánægju greitt atkv. með þessari brtt. hv. nefndar. Sama er að segja um 3., 4. og 5. brtt. hennar. Um 1. brtt. er það að segja, að hún er líka efnisbreyting, og þar er lagt til, að fært sje í það horf, sem var í stjfrv., að rjett sje konum að skorast undan kosningu. Þetta atriði var felt burt í hv. Ed., eins og kunnugt er, og jeg þykist nú sjá, að það geti orðið talsverð togstreita milli deildanna út af þessu atriði, þó að jeg fyrir mitt leyti geti ekki sjeð, að það sje neitt verulegt atriði. Jeg mun þess vegna ekki að sinni taka neinn þátt í þessari togstreitu, en vel má vera, að frv. verði áð fara í Sþ., ef hvorug deildin vill beygja sig. En ástæðan fyrir því, að þetta var tekið upp í stjfrv., var sú, að það er svo fyrirmælt í núgildandi lögum, að konur geti skorast undan kosningu.

Um brtt. hv. minni hl. er talsvert öðru máli að gegna: jeg get ekki gengið að neinni þeirra. Fyrst og fremst er þar brtt. um að færa niður aldur til kosningarrjettar, og verð jeg að segja það, að hv. frsm. minni hl. (JBald) sannfærði mig ekki um nauðsyn þess að færa niður aldurstakmarkið, því að þótt hv. þm. nefndi það, að menn, sem ekki eru nema 21 árs, gegni oft vandasömum stöðum, þá sannar það ekkert, því að það gera svo margir, t. d. giftar konur, þótt yngri sjeu, og það er heldur ekki það, sem um er að ræða, heldur það, hvort hlutaðeigendur hafi haft vilja til að átta sig á þessum málum, svo að þeir sjeu færir um að leggja dóm á þau.

Þá vill minni hl. fella niður, að það sje skilyrði fyrir kosningarrjetti, að menn sjeu ekki í sveitarskuld; en þetta er sama deilumálið og áður hefir verið hjer, og hefir meðal annars leitt til þess, að farið verður að endurskoða fátækralöggjöfina. Um þetta hlýt jeg að segja það, að það er að minsta kosti ósanngjarnt, að allir, sem hafa þegið sveitarstyrk, hafi kosningarrjett, þar sem því verður ekki neitað, að einstaka menn verði sveitarburfar vegna leti og ómensku. Og um það munu flestir sammála, að þeir eigi ekki að hafa kosningarrjett. Sá á ekki að stjórna annara málefnum, sem ekki getur stjórnað sínum eigin. En það, sem gæti komið til mála, er að þrengja þann flokk manna, sem talinn er þiggja sveitarstyrk, þó að hann geti ekki sjeð fyrir sjer sjálfur. Annars lái jeg ekki hv. flm. (JBald), þó að hann haldi þessu fram. Það er fullkomlega í samræmi við það, sem hann hefir haldið fram áður, þótt ekki sje það rjett.

2. brtt. hv. þm. (JBald) er við 4. gr., og er um að fella þá grein niður. Hv. þm. vill ekki, að kjörstjórn úrskurði um kjörgengi til bæjarstjórnar, borgarstjóra og hreppsnefnda. Byggir hann þetta á því, að kjörstjórn sje svo hlutdræg og óríettlát, að hún úrskurði þann mann óhæfan, sem er hæfur. Til dæmis nefndi hann það, að kjörstjórn gæti látið setja manninn í fangelsi, til þess að hann missi kjörgengi. Fyrst er það, að engin kjörstjórn getur sett nokkurn mann í fangelsi. Til þess hefir hún enga heimild. Annað er það, að þó að maðurinn væri settur í fangelsi, mundi hann fyrir því ekki missa kjörgengi, heldur þá fyrst er áfellisdómur er genginn. Þetta er því aðeins að búa til grýlu, sem enginn fótur er fyrir. Hv. þm. (JBald) vildi fóðra brtt. með því að segja, að þetta hefði komið fyrir. Jeg veit

ekki til þess, og þætti mjer æskilegt, ef hv. þm. vildi nefna dæmi. Mjer finst eðlilegast, að kjörstjórn úrskurði um kjörgengi, því að annars getur svo farið, að af ásettu ráði sje boðinn fram ókjörgengur maður, til þess að gera kosninguna ónýta.

Þá kem jeg að 3. brtt. hv. þm., um að kosið sje í bæjarstjórn þriðja hvert ár. Með því fyrirkomulagi, sem hann vill hafa, skilst mjer, að oftar yrði skift um menn í bæjarstjórn en ella, en það ríður auðvitað mikið á því, að mennirnir fái fullkominn kunnugleika á þeim málum, sem þeir eiga að fást við, en þurfi ekki að fara frá, þegar þeir eru um það bil að komast inn í störfin.

4. brtt. er í sambandi við 2. brtt., og þarf jeg ekki að ræða hana sjerstaklega.

Þá kem jeg að brtt. á þskj. 246, frá þeim hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) og hv. þm. Borgf. (PO), um að 29. grein falli niður. 29. gr. heimilar hlutfallskosningu, ef skrifleg krafa kemur um það frá svo mörgum kjósendum, sem þarf til þess að koma að einum manni. Jeg lít svo á, að þetta sje vernd fyrir minni hlutann, sem kann að vera beittur órjetti, og því rjettara að láta greinina standa. Annars snertir þessi brtt. ekki meginkjarna frv., svo að mjer er þetta ekkert kappsmál.

Pjetur Þórðarson: Jeg hefi skrifað undir nál. á þskj. 185 með fyrirvara. Um eitt stórt atriði var jeg ekki sammála öðrum nefndarmönnum meiri hl., en að jeg tel mig með þessu nál., er af því, að jeg er ekki að öðru leyti en þessu sammála minni hlutanum. Þetta atriði, sem fyrirvarinn er um, er ákvæði 1. gr. um lágmark aldurs manna til kosningarrjettar og kjörgengis. Um þetta atriði er jeg sammála minni hlutanum. Jeg hefi við ítarlega yfirvegun komist að þeirri niðurstöðu, að 21 árs gamall maður nú sje búinn að ná eins miklum siðferðislegum og andlegum þroska og 25 ára gamall maður fyrir 10—15 árum. Það er vitanlega síaukin menning og fræðsla, sem gerir þetta að verkum, að 21 árs gamlir menn eru eins þroskaðir og sjálfstæðir nú og 25 ára gamlir menn voru fyrir nokkrum árum. Auk þessa kemur þetta aldurstakmark alveg heim við önnur rjettindi, sem menn eru búnir að fá 21 árs.

Hæstv. atvrh. (MG) hafði sig mjög í frammi til að andmæla þessu og komst, eins og oft vill verða fyrir þeim, sem hafa rangt fyrir sjer, út í andstæðar öfgar. Um aldurstakmarkið sagði hann, að hví mætti þá ekki alveg eins miða við einhvern lægri aldur en 21 árs. En nú er það vitanlegt, að menn eru ekki alment sjálfráðir athafna sinna eða fullráða fyr en þeir eru 21 árs, enda verður að hafa eitthvert vist takmark, og er því eðlilegast að láta þessi rjettindi fylgjast með öðrum borgaralegum rjettindum. Hinsvegar er jeg viss um, að ungir menn til sveita eru mjög óánægðir með að hafa ekki kosningarrjett fyr en þeir eru 25 ára. Þeir eru farnir að standa fyrir búi og taka þátt í fjelagsmálum og eru sjálfstæðir menn að öllu öðru leyti en þessu. Mjer finst því sjálfsagt og eðlilegt, að nú sje stigið það spor, sem vantar á það, að þessum mönnum sjeu veitt fullkomin borgaraleg rjettindi í þjóðfjelaginu, þegar þeir eru 21 árs. Ef á það er litið, hvað mannsæfin er stutt, er síst of snemt fyrir menn að fara að bera ábyrgð á slíkum almennum fjelagsmálum, þegar þeir hafa náð þessum aldri. Mjer finst ólíklegt, að háttv. deildarmenn geti ekki felt sig við að færa þetta aldurstakmark í frv. niður. Jeg sje ekki, hvað

getur verið því til fyrirstöðu að veita mönnum þessi rjettindi um leið og þeir fá önnur borgaraleg rjettindi.

Í sambandi við þetta vil jeg minna á, að jeg gat ekki orðið samferða hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um breyting á 6. atriði 1. greinar frv. sem skilyrði fyrir kosningarrjetti. Mjer finst mjög óeðlilegt að veita mönnum kosningarrjett og kjörgengi jafnhliða því, sem þeir eru að þiggja sveitarstyrk, ekki vegna þess, að það geti ekki oft staðið svo á, að það sje sanngjarnt að veita mönnum kosningarrjett, þó að þeir hafi orðið að þiggja af sveit og standi í skuld fyrir. Jeg gæti vel felt mig við, að sett væru einhver skilyrði fyrir því, til dæmis það, að menn stæðu ekki í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk síðustu 10 árin. Verði menn að þiggja af sveit fyrir elli sakir, er það, að minsta kosti til sveita, fólk, sem ekki gæti hagnýtt sjer þessi rjettindi og hefði enga löngun til þess.

Jeg ætla ekki að lengja umr. með því að tala um önnur atriði frv., enda þótt jeg sje ekki að öllu leyti ánægður með það. Jeg vænti þess, að menn geti litið með sanngirni á það atriði 1. gr., að mönnum sje veittur kosningarrjettur, þegar þeir eru 21 árs. Það eru, eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefir þegar gert grein fyrir, svo margar og sjálfstæðar ástæður, sem mæla með því. Jeg fyrir mitt leyti legg svo mikla áherslu á þetta atriði, að jeg efast um, hvort nokkurs sje um vert að samþykkja 1. gr. frv., ef það er felt í burtu.

Frsm. meiri hl. (Jón Kjartansson): Það dettur engum í hug að neita því, að til eru fjölda margir 21 árs gamlir menn, sem færir eru um að kjósa í hreppsnefnd og bæjarstjórn og gegna kjöri þar, en hinu neitar heldur enginn, að sá ungi maður er þroskaðri, þegar hann er orðinn 25 ára, og finnur til meiri ábyrgðar. Það má lengi um það deila, hvort flestir eða allir 21 árs gamlir menn sjeu færir um þetta, en hitt dylst engum, að öryggið er meira, þegar maðurinn er orðinn 25 ára. Vitanlega er það hart að gengið gagnvart sumum mönnum að setja aldurstakmarkið svona hátt, en vegna hagsmuna þjóðarheildarinnar verður það best að hafa aldurstakmarkið þarna. Það er líka hart, að fulltrúar, sem eiga sæti á Alþingi, hafi ekki rjett til að kjósa í landskjörinu. En svona er það; sömu lög verða að ganga yfir þá og aðra, og lögin eru miðuð við það, hvað þjóðarheildinni er fyrir bestu. Jeg mundi finna ástæðu til að hafa takmarkið lægra við alþingiskosningarnar en sveitarstjórnarkosningarnar, af því að við alþingiskosningarnar er krafist framboðs af hálfu þess manns, sem fer með umboðið, en svo er ekki við sveitarstjórnarkosningarnar. Það er meira öryggi fyrir því, að fær maður fáist, þegar krafist er framboðs.

Hv. frsm. minni hl. (JBald) vildi halda því fram, að það væri í gáleysi mælt hjá mjer, að það mundu vera margir, sem þægju sveitarstyrk af leti og ómensku. En svo var ekki. Þegar jeg var fulltrúi hjá lögreglustjóra, voru margir, sem þrjóskuðust við að greiða meðlag með barni sínu, þó að þeir væru ungir og fullvinnandi. En þeir nentu ekki að vinna; þáðu ekki vinnu, þótt boðin væri, o. s. frv. Þessir menn ættu ekki að fá aukin rjettindi. En þar er jeg sammála hv. frsm. minni hl., að það er hart að láta það sama ganga út yfir alla, sem þiggja af sveit, og þetta þarf að athuga í sambandi við fátækralögin, sem nú er verið að endurskoða.

Jeg ætla ekki að ræða um fleiri brtt. hv. 2. þm. Reykv. og heldur ekki ætla jeg að fara mörgum orðum um hina riddaralegu ræðu hv. 1. þm. Árn. (MT) í garð kvenfólksins. Jeg hugsa, að hjer í háttv. deild sjeu fleiri en hann, sem vilja koma riddaralega fram gagnvart kvenfólkinu, og við erum enn riddaralegri, sem ekki viljum svifta þær þeim rjettindum, sem þær hafa haft að lögum. Og ekki kalla jeg það riddaralega framkomu að vilja kúga kvenfólkið, eins og háttv. þm. vill gera. Það var óviðeigandi hjá hv. 1. þm. Árn., er hann sagði, að hv. Ed. hefði í ýmsu komið kuldalega fram við þann eina fulltrúa kvenfólksins, sem þar á sæti. Þetta er ómakleg árás á háttv. þm. efri deildar. Og hafi einhver einstakur viljað koma þannig fram, þá hygg jeg, að margir í hv. Ed. hafi haft þrek til að taka í lurginn á honum. En viðvíkjandi brtt. meiri hlutans um að heimila konum að hafa áfram sinn rjett til að skorast undan kosningu, vil jeg minna háttv. deildarmenn á það ástand, sem nú er ríkjandi í sveitum landsins. Fá heimili hafa meiri vinnukraft en hjónin. Það er hart, þegar einyrkja húsbóndinn er kvaddur burtu af heimilinu til þess að vinna í þágu almennings, en enn harðara væri það, ef húsmæðurnar þyrftu þess. Jeg þykist vita, að hv. Ed. hiki ekki við að halda sínu fram nú eins og fyrir nokkrum dögum, þegar útsvarslöggjöfin var til umræðu. Jeg mæli fast með því, að hv. deild samþykki brtt. okkar meiri hl. og láti ekki undan að svo stöddu.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) taldi, að brtt. sú, sem hann flytur ásamt hv. þm. Borgf. (PO), væri til þess að koma í veg fyrir pólitískar kosningar í sveit. Það er náttúrlega ekki nema gott, að það sje gert, en jeg hygg, að ekki sje hægt að koma í veg fyrir þetta með því að fyrirmuna hlutfallskosningu, en ef pólitík annars er komin í þessar kosningar, þá er mesta fjarstæða að vilja útiloka minni hl., því það myndi einungis koma illu til leiðar.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta, en vænti þess, að brtt. meiri hlutans verði samþyktar.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Hæstv. atvrh. mælti í gegn öllum brtt. mínum, og hann hjelt því fram, að enda þótt ungir menn gætu gegnt vandasömum störfum, þá hefðu þeir ekki glöggvað sig á hinum opinberu málum. Jeg hygg nú satt að segja, að menn um tvítugt taki þátt í margskonar fjelagsskap, þar sem þeir kynnast einmitt opinberum málum. Og eins og jeg hefi sagt áður og ekki verður mótmælt, eru einmitt ungir menn mjög áhugasamir um opinber mál og láta sig þau miklu skifta, og meira en margir hinna eldri.

Þá sagði hæstv. atvrh., að ákvæðið um, að sveitlægir menn hefðu kosningarrjett ætti fremur heima í fátækralögunum. Jeg fæ ekki sjeð, að nein ástæða sje til þess, að það ákvæði eigi fremur heima þar en í kosningalögum. Og jeg fæ ekki sjeð, hvers vegna á að gera þeim svo rangt til, er biggja sveitarstyrk af óviðráðanlegum ástæðum, að þeir sieu sviftir atkvæðisrjetti og látnir gjalda þeirra fáu, sem lenda á sveit af sjálfskaparvítum.

Hæstv. atvrh. sagði, að brtt. mín við 5. gr. væri til þess að gera málið flóknara og framkvæmd erfiðari. Eins og jeg benti á áður, er kjörtímabilið hið sama, eða sex ár.

Þá var hæstv. ráðherra mjög á móti því að fella niður ákvæðin um það, að kjörstjórnir geti úrskurðað menn frá kosningu. Hjelt hann því fram, að þessu hefði

ekki verið beitt, en væri nauðsynlegt. En þótt þessu hafi ef til vill ekki verið beitt hjer á landi, hefir því verið beitt í öðrum löndum, og eru því ummæli hæstv. ráðherra aðeins yfirskinsástæður.

Þá mintist hæstv. ráðherra á brtt. við 15. gr. og mælti á móti henni, en það mun vera af ókunnugleika. Jeg vil segja hæstv. ráðh., að hjer í Reykjavík eru 15—16 kjördeildir. Meðmælendur eru 15, en í hverri kjördeild eru 2 frá hverjum, eða 30 alls, og er það helmingi fleira en annars mætti vera, ef aðeins ætti að nota „meðmælendur". Starf þessara manna er ekki annað en það að skrifa nöfn þeirra, er kjósa. Það er óhjákvæmilegt að fá þessu breytt, því að það er afaróheppilegt, að menn, sem eru meðmælendur á einhverjum lista, sjeu umboðsmenn í kjördeildum. Og það getur ekki verið nein metnaðarsök fyrir hæstv. ráðh. að vilja fella þessa brtt., því hún fer ekki fram á neina höfuðbreytingu á frv.

Það, sem hv. frsm. mesta hluta allshn. (JK) talaði um þroska kjósenda, þá skil jeg ekki, að menn bæti miklu við sig frá 21—25 ára aldurs. Og það er heimskulegt ákvæði og rangindi í lögum, að alþingismenn skuli ekki hafa kosningarrjett til landskosninga, vegna þess, að þeir hafa ekki náð þeim aldri. Jeg sje engan mun á landskjöri og kjördæmakosningum að því leyti.

Hv. frsm. meiri hl. (JK) mintist á brtt. mína við 1. gr. frv. Hann benti til þess, að þá er hann hefði verið fulltrúi hjá lögreglustjóra Reykjavíkur, þá hefði það þráfaldlega komið fyrir, að menn hefðu þrjóskast við að greiða meðlag með börnum, þótt þeir hefðu getað, og vildi láta svifta þá kosningarrjetti. Jeg hafði og þessa menn í huga, er jeg talaði um menn, er svifta mætti fjárforræði, en vildi ekki, að allur fjöldinn liði þeirra vegna.

Jeg skal svo láta útrætt um málið að sinni. En jeg læt þá von í ljós, að ekki nái fram að ganga brtt. á þskj. 246, um að fella niður 29. gr., um hlutfallskosningar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki vera jafnfjölorður eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem altaf lengir umræður fram úr hófi.

Það er ekki rjett, að jeg hafi verið á móti brtt. hv. þm. (JBald) við 15. gr., en jeg taldi hana ekki nauðsynlega. Þessi hv. þm. er mótfallinn því, að kjörstjórn úrskurði um kjörgengi, en jeg tel það nauðsynlegt og enga ástæðu til þess að taka um þessar kosningar upp þá reglu, sem fylgt er við alþingiskosningar, enda ættu þá hreppsnefndir, bæjarstjórnir og sýslunefndir að fella fullnaðarúrskurð um kjörgengið, en það tel jeg ekki tryggilegra.

Háttv. þm. Mýr. (PÞ) mælti fastlega með því að lækka aldurstakmarkið fyrir kosningarrjetti og kjörgengi niður í 21 ár og færði það sem aðalástæðu, að ýmsir menn til sveita mundu vilja fá kosningarrjett á þeim aldri. Vel má það vera, en óska þeir þá líka að vera kjörgengir? Það efast jeg meira um og tel ekki heldur rjett að fela svo ungum mönnum slík störf. Kosningarrjetturinn er nú orðinn svo almennur, að tæpast er þörf á honum víðtækari.

Tryggvi Þórhallsson: Það vill til, að jeg hefi ekki margt til málanna að leggja, enda mundi erfitt að sannfæra þá mörgu auðu stóla, sem hjer eru í hv. deild. En þó er það eitt atriði, sem jeg vil drepa á.

Háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) og hv. þm.

Borgf. (PO) bera fram brtt. um það, að fella niður 29. gr. frv.

Jeg verð að líta svo á, að greinin í stjfrv. sje eins og hún á að vera og nauðsynleg. Það er rjett hugsað, að ef svo margir menn, sem nægja mundu til þess að koma manni að, óska eftir hlutfallskosningu, að hún sje þá viðhöfð. Annars er ekki rjett að hafa hlutfallskosningar. Jeg tek undir það með hæstv. atvrh. (M-G), að það þarf engin pólitík að vera í því, þótt menn óski hlutfallskosninga. Það koma upp mörg mál, sem menn skiftast greinilega um, og þá er rjett og farsælla, að minni hlutinn fái einnig hlutdeild í sveitarstjórn. Það mundi draga úr ófriði innan hreppa.

Jeg er því alveg á móti því, að brtt. á þskj. 246 sje samþykt.

ATKVGR.

Brtt. 323,1.a feld með 16:6 atkv.
— 323,1.b feld með 17:6 atkv.
1. gr. samþ. með 19:1 atkv.
2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 185,1 (ný 3. gr.) samþ. með 16:8 atkv.
— 323,2 feld með 14:3 atkv.
4. gr. samþ. með 16:1 atkv.
Brtt. 323,3 samþ. með 14:10 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
9. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
10. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Brtt. 185,2 samþ. með 17:3 atkv.
— 323,4 feld með 15:2 atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Brtt. 323,5 samþ. með 17 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
16. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Brtt. 185,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
17. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
18.—21. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 185,4 samþ. með 20 shlj. atkv.
22. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
23.—24. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 185,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
26.—28. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 246 feld með 15:7 atkv.
29. gr. samþ. með 16:1 atkv.
30.—37. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 391).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:1 atkv. og endursent Ed.

Á 57. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 391).

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 391, n. 474).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og háttv. þdm. er kunnugt, þá var þetta frv. lagt fyrst fram hjer og afgreitt hjeðan til

hv. Nd., en er nú komið þaðan aftur með nokkrum breytingum. Eins og tekið er fram í nál. á þskj. 474, þá eru flestar þessar breytingar smávægilegar og gera frv. hvorki til nje frá. Skal jeg nú benda háttv. deild á, hverjar helstu breytingarnar eru. Þannig er bætt aftan við 4. gr., að úrskurði sýslunefndaroddvita og bæjarstjórnar skuli mega skjóta til stjórnarráðsins. Mun mega telja þetta frekar til bóta. Sama má segja um breytingu á 5. gr. Eftir henni er ætlast til þess, að helmingur bæjarstjórnar gangi úr á þriggja ára fresti, í stað ⅓ á tveggja ára fresti. Í 11. gr. var ákveðið, að kjörlistar til hlutbundinna kosninga skyldu komnir í hendur kjörstjórnar tveim sólarhringum fyrir kjördag. Nú er svo ákveðið, að þeir skuli fengnir í hendur kjörstjórn 14 dögum áður en kosning fari fram. Þetta eru aðalbreytingarnar, að undanskildri þeirri breytingu, sem vikið er að í nál. og borin fram brtt. við. Þegar frv. fór frá þessari háttv. deild, þá var svo frá því gengið, að konur væru jafnt skyldar og karlar til þess að taka við kosningu í bæjarstjórn og hreppsnefnd. Háttv. Nd. hefir nú felt þetta niður, svo það er nú eins og upphaflega stóð í frv. stjórnarinnar. Hvað þetta snertir, þá hefir meiri hluti þessarar háttv. deildar komist að þeirri niðurstöðu, að konur skuli vera skyldar að taka við kosningu í hreppsnefnd og einnig í fræðslunefnd, og sje jeg ekki ástæðu til að rökræða það frekar, því það yrði aðeins endurtekning á þeim umr., sem hjer hafa áður orðið um þetta mál. En jeg vænti þess, fyrst hv. meiri hl. þdm. var þessarar skoðunar fyrir fáum vikum, þá muni hann ekki hafa skift um skoðun síðan, og til þess bendir líka sú atkvgr., sem hjer fór fram áðan um till. hv. 4. landsk. um breyting á 24. gr. fræðslulaganna, um það, að konum skyldi ekki heimilt að skorast undan kosningu í skólanefnd. Annars virðist mjer stjórnin ekki hafa verið nægilega athugul hvað snertir þetta atriði í þeim lögum, er hún hefir lagt fyrir þingið og varða kosningar, er snerta málefni sveita og kaupstaða. Hún leggur t. d. til, að konur hafi þennan undanþágurjett í frv. um kosningar í sveitar- og bæjarmálefnum og í frv. um útsvör. Aftur er ekkert getið um slíkt í frv. til laga um fræðslu barna nje í frv. um hrossakynbótanefndir. Mjer virðist nú, ef það á ekki að nægja að skipa fyrir um þetta í aðallögunum um þessar kosningar yfirleitt, þá verði að taka það fram í öllum lögum, þar sem slíkt getur komið til greina, hvort konur skuli mega skorast undan kosningu eða ekki. Nú hefir deildin fallist á það, að konum skuli ekki rjett að skorast undan kosningu í skólanefnd.

Jeg mun svo ekki þreyta háttv. deild með lengri ræðu. Jeg hefi satt að segja ekki mikla trú á mannkærleika manna yfirleitt, sem mæla á móti þessu, fram yfir okkur hina, og að hann ráði þeirra gerðum. En það er mín skoðun óbreytt, að sömu rjettindum eigi að fylgja sömu skyldur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg var að vona satt að segja, að þetta frv. mundi ná að verða að lögum í dag, en það er líklega vafamál, að það geti orðið. En jeg verð að segja það, að mjer virðist það dálítið hart að hrekja málið milli deilda fyrir svo lítilfjörlegt atriði sem það, er hjer er um deilt. Um heimild kvenna til þess að skorast undan kosningu í málefnum sveita og bæja vil jeg benda á, að þetta ákvæði er í gildandi lögum, sem kunnugt er, og hefir það ekki sætt mótmælum fyr en á þessu þingi. Jeg get því

ekki viðurkent það, að stjórnin sje ámælisverð, þótt hún hafi tekið upp gömul ákvæði í frv. sín, úr því þau hafa aldrei sætt mótmælum. Jeg býst við því, að jeg verði að sætta mig við það, sem hv. deild sýnist að gera í málinu. En það er samt óneitanlega lítil hagsýni í því að hrekja málin milli deilda síðustu daga þingsins. Er hætt við, að eitthvað verði óafgreitt af málum með því lagi, nema þingið verði lengt eitthvað frá því, sem nú er hugsað.

Einar Árnason: Mjer er nærri óskiljanlegur þrái hv. þdm. að koma nú enn með þetta ákvæði. Eins og öllum er kunnugt, þá er nú ekki langt orðið eftir þingtímans. Og nú vil jeg spyrja: Hvað ætlast hv. allshn. fyrir með þessu? Það er fyrirsjáanlegt, að ef till. er samþykt, verður frv. að fara í sameinað þing, og til þess að geta náð samþykki þar þarf ⅔ atkv. Er það þá meiningin, ef þeir fá ekki þetta ákvæði inn í lögin, að þeir ætli þá að greiða atkvæði á móti málinu og fella það? — Hv. 4. landsk. (IHB) sagði áðan í ræðu sinni, að allar konur á landinu heimtuðu þetta. Þessu verð jeg að mótmæla. Jeg get hugsað, að þær sjeu nokkuð margar hjer í Reykjavík, sem heimta þetta, enda hefir það komið skýrt fram, að einhver kvenfjelög hafa sent áskoranir um þetta. En það sýnir ekki annað en það, að hægt er að láta talsverðan vind rísa út af hjegóma. Hitt veit jeg, að hjer eru til fjelög, sem eru þessu mótfallin.

Jeg mun svo ekki fjölyrða meira um þetta, en mjer virðist, að ekki sitji vel á háttv. þdm. að stefna þessu máli í tvísýnu með óþörfu kappi.

Ingibjörg H. Bjarnason: Hæstv. atvrh. (MG) ljet þess getið, að það væri hart að láta ákvæði eins og þetta valda því, að málið yrði hrakið milli deilda, og tefja þannig þingstörfin og tefla frv. í hættu. Jeg verð að mótmæla því, að þetta sje hjegómamál. Hafa konur fengið kosningarrjett eða ekki? Ef þessari spurningu er svarað hreinskilnislega, þá verða þeir, sem vilja gera þetta að hjegómamáli, að játa það, að svo sje ekki. Jeg hika því ekki við að tefja fyrir þinginu vegna þessa máls, ef svo vill verkast, því jeg veit, að fjöldi kvenna utan Reykjavíkur er því fylgjandi, enda þótt þinginu hafi ekki, sökum staðhátta hjer, borist áskoranir frá þeim eins og konum hjer í Reykjavík, sem hafa nú látið vilja sinn ótvírætt í ljós. Jeg vil láta það sjást, að kvenkjósendum sje ætlað að sýna það í verki, að þeir sjeu albúnir að taka á sig þær skyldur, sem rjettinum fylgja, því rjettindin eru lítils virði, ef aldrei reynir á skyldurnar. Jeg hika því ekki við það að halda þessu fram, þó það tefji eitthvað þingið, og jafnvel þótt málið fari þá í sameinað þing.

Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) sagði, að áskoranir um þetta mál hefðu eingöngu komið úr Reykjavík. Við því er það að segja, að jeg hefi ekki gert neitt til þess að leita álits kvenna yfirleitt um þetta mál, nema hvers jeg hefi orðið vísari af samtali við konur hjer, sem hafa spurt mig, hvernig stæði á þessari óþörfu hlífð Alþingis í garð kvenna. En ef jeg hefði notað þingmannsrjettindi mín til þess að tala við kjósendur úti um land, þá mundi liggja hjer fyrir fjöldi áskorana frá ýmsum kvenfjelögum víðsvegar að.

Jeg vænti því, að hv. þdm. sjeu enn á sömu skoðun og áður um þetta rjettindamál kvenna og geri sjer ljóst, að kröfur þeirra í þessu efni eru annað og meira en aðeins goluþytur. Jeg ætla í því trausti að leggja þetta mál fyrir skilning og velvilja hv. deildarmanna og vænti þess,

að þeir verði við þessari kröfu kvenþjóðarinnar á þeim sama grundvelli, sem þeir hafa áður ótilknúðir veitt konum rjettindin.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 1. landsk. (SE) var búinn að biðja um orðið. Mjer hefði þótt vænna um, ef hann hefði talað fyrst, því að hann hefði án efa komið mjer í „stemningu" með „poetiskri" ræðu.

Jeg vildi aðeins með fyrri ræðu minni vekja athygli hv. deildar á afleiðingum þessarar brtt., ef hún yrði samþykt. Jeg taldi mig hafa fullan rjett til þess, engu síður en hv. 4. landsk. (IHB), sem segist ekki munu hika við að tefja fyrir málinu út af þessu smáatriði.

Að alt kvenfólk sje brtt. samdóma, vil jeg leyfa mjer að efast um. Jeg hefi talað við margt kvenfólk, og það er svo langt frá því, að það sje alt samdóma um þetta atriði. Hjer er ekki verið að taka neinn rjett af kvenfólkinu, þótt það sje látið í veðri vaka, að verið sje að taka af því einhver rjettindi. Ef þær vilja sjálfar taka við kosningu og aðrir vilja kjósa þær, er gefinn hlutur, að þær komast að, en sá er munurinn, að ekki er hægt að þvinga þær til starfs, sem þær vilja ekki gegna.

Sigurður Eggerz: Út af því, sem hæstv. atvrh. (MG) sagði um að þetta væri smáatriði, vil jeg spyrja hæstv. atvrh.: Af hverju er hann þá að standa á móti því, að þetta smáatriði komist inn í löggjöfina? Hví er hann að halda í þetta smáatriði, sem getur orðið frv. að falli? Stjórnin er heldur ekki sammála um þetta. Hæstv. forsrh. er á móti hæstv. atvrh.

Áskoranir þær, sem Alþingi hafa borist, ættu að vera næg sönnun fyrir því, að kvenkjósendur hjer fylgja þessu máli með áhuga. En um hvað talar hæstv. ráðherra (MG) við kvenfólk? Talar hann um mál eins og þetta? Hvernig halda hv. deildarmenn, að því yrði tekið, ef jeg kæmi fram með brtt. um, að karlmenn mættu skorast undan kosningu? Það yrði skoðuð hreinasta fjarstæða og jeg gerður að athlægi. Nei, það er gamla erfðakenningin um að maðurinn sje höfuð konunnar, sem hjerna stingur upp kollinum. Þetta er dularklædd vantraustsyfirlýsing, eins og hv. 4. landsk. rjettilega orðaði það. Hæstv. atvrh. sagði, að svona væri þetta í gildandi lögum, en til þess að gömlu erfðakenningarnar falli úr sögunni, þurfa ákvæði eins og þetta að ganga úr gildi. Við, sem erum frjálslyndir, viljum, að borgarar í þessu landi hafi engan rjettarlegan mismun og að allir gegni þeim skyldum, sem rjettindunum eru samfara. Þetta er framtíðarinnar stefna. Hjer er um stórt stefnuatriði að ræða, sem varðar meira en helming allra Íslendinga.

Atvinnumálaráðherra (MG): Því miður komst jeg ekki í „stemningu" yfir ræðu háttv. 1. landsk. En annars er honum því að svara, að jeg vil halda í þetta smáatriði af því, að ef frv. tekur breytingu í þessu efni nú, er jeg hræddur um, að frv. muni daga uppi og ekki komast gegnum þingið. Og jeg vil vissulega ekki leggja alt frv. í hættu fyrir þetta smáatriði, sem um er deilt. Þessi er ástæðan til þess, að jeg legg á móti, að frv. sje breytt nú, en alls ekki sú, að jeg geti ekki sætt mig við, að gildandi lögum sje breytt. Þetta datt mjer í hug, að væri leyfilegt að segja hjer. Jeg get ekki sjeð eftir atkvæðagreiðslunni í hv. Nd., að mjer hafi verið mjög mislagðar hendur, því að enn er ósjeð, hvar meiri hlutinn liggur. Það er deila á milli deildanna, og jeg veit ekki,

hvernig atkvgr. fer í Sþ., en mjer er sárara um frv. í heild sinni en þetta eina atriði.

Hv. 1. landsk. spurði, um hvað jeg talaði við konur, en jeg harðneita að gefa honum nokkrar upplýsingar um það og finst það vera mjög nærgöngult af hv. þm. að spyrja um slíkt. En jeg hefi talað við konur um þetta umdeilda atriði, og þar eru þær alls ekki samdóma.

Hv. 1. landsk. sagði, að ef hann kæmi fram með brtt. um, að karlmenn mættu skorast undan kosningu, mundi hann ekki vera skoðaður með fullu viti. Rjett mun það, en sá mun ekki heldur talinn með rjettu ráði, sem ætlar kvenfólki öll sömu störf eða verk og karlmönnum. Hv. þm. vill vera með kvenfólkinu í þessu, af því að það kostar ekkert. En þegar kemur að kvennaskólunum, versnar vinskapurinn. Ef hv. þm. (SE) vill vera sjálfum sjer samkvæmur, hlýtur hann að koma með till. um að leggja niður sjerskóla ríkisins handa karlmönnum, fyrst hann er á móti slíkum skólum handa kvenfólki, en kveðst vilja halda dauðahaldi í samræmi í skyldum og rjettindum.

Eggert Pálsson: Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndarmenn greint á um þetta atriði. Eins og kunnugt er, stóð í frv., þegar það var upphaflega lagt fyrir af hæstv. stjórn, að konur hefðu rjett til að skorast undan kosningu, en allshn. breytti þessu á þá leið, að giftar konur hefðu þennan rjett. Og hv. þm. A.-Húnv. skrifaði undir nál. með þessari breytingu fyrirvaralaust, enda þótt vitanlegt væri, að hann hallaðist helst að því, að engar konur, hvorki giftar eða ógiftar, skyldu hafa þennan rjett frekar en karlmenn. En við litum svo á, hinir nefndarmennirnir, að þetta, að láta aðeins giftar konur hafa þennan rjett, væri nokkurskonar miðlunarvegur á milli okkar og hv. þm. A.-Húnv.

Mjer fyrir mitt leyti var og er það ljóst, að víða er svo ástatt, að ekkert heimilisfólk er nema hjónin og börnin, og er þá hart, ef á að taka konuna frá börnunum og láta hana vinna að opinberum málum, því að karlmenn eru alment ekki færir um að taka að sjer kvenmannsverkin. Þess vegna er það mikilsvert fyrir giftar konur að geta skorast undan kosningu.

Hv. 4. landsk. (IHB) vildi gera ráð fyrir þeirri sannsýni, að konum yrði ekki þröngvað til að taka við kosningu. Þetta finst mjer vera nokkuð bjart á litið, ef byggja á trygginguna eingöngu á því, þar sem allir vilja helst losna við að vera í hreppsnefnd, og þegar konur hafa með slíku kappi óskað eftir þessu, væri ósköp eðlilegt, að í sumum tilfellum mundu kjósendur ekki hika við að kjósa konur til þessa starfa, þótt þeim væri það nauðugt. Ímynda jeg mjer, að það gæti leitt til þess, að margar konur yrðu nauðugar reknar í hreppsnefnd. Jeg get ómögulega skilið, að í þessu felist neitt vantraust til kvenna. Ef þær hafa ástæður til að taka við kosningu og vilja það sjálfar, mundu þær kosnar, enda þótt þær hjeldu áfram þessum rjetti.

Hv. 1. landsk. (SE) gat þess, að þetta væri algerlega einsdæmi um karlmenn. En jeg rek mig hjer strax, einmitt í þessari sömu grein, á það, að sextugur maður getur skorast undan kosningu. Af hverju er honum gefinn kostur á því? Af því að þá er heilsan og kraftarnir farnir að bila, og hjer er einmitt „analógía“ við það, að gert er ráð fyrir, að konur eigi stundum erfitt með að taka við kosningu. Það er ekki hægt að þvinga þær frekar en slíkan mann.

Það, sem aðallega vakti fyrir okkur nú

fyrir því að samþykkja frv. óbreytt, var það, að við vildum ekki stofna því í voða sakir þessa atriðis, því að með því að senda það svo til hv. Nd. er verið að stofna því í voða, þar sem breytingin í frv. á þessu atriði var samþykt með helmingi fleiri atkvæðum en voru á móti. Það er því viðbúið, ef það fer til Nd., komi það í Sþ. Hvernig fara mundi í Sþ., skal ósagt látið. Annaðhvort verður að vera, að undanþágan stendur eða fellur þar. Yrði það ofan á, að breytingin yrði samþykt í Sþ., undanþágurjettur kvenna feldur, er svo komið, að sameinað Alþingi er búið að leggja þessa skyldu á konur. Og þá er jeg sannfærður um, að afleiðingin getur orðið sú, að konum verður fyrir þetta ofurkapp þeirra frekar en ella þrýst inn í hreppsnefndirnar.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg skal ekki lengja umr. Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) þótti koma fram þrái í mjer, að vera að halda þessu fram. Hann er jafnþrár á sinni skoðun. Hæstv. atvrh. sagði, að þetta smáatriði væri í gildandi lögum. Hv. 1. landsk. er búinn að tala um, hversu mikið smáatriði þetta er. Það varðar meira en helming þjóðarinnar. Hæstv. atvrh. hefir að mínu áliti breytt sumu í þessu frv., sem hefði ekki átt að vera lausara fyrir en þetta. Þá sagði hæstv. atvrh., og hv. 1. þm. Rang. (EP) tók í sama streng, að það væri athugavert fyrir deildina að tefja svona fyrir málinu. En svo koma skilaboð úr Nd., að við eigum ekki að vera að hugsa um þetta. Hvað vill Ed. vera að skifta sjer af þessu, ef Nd. er á móti? Það þreyta mig svona skilaboð. *(Atvrh. MG:* Hver kom með þau skilaboð?). Hv. deildarmenn kannast við þetta. Það er heimska að halda því fram, að meira en helmingur þjóðarinnar þurfi ekki að hafa skyldur samfara rjettindunum, með öðrum forsendum en þeim, að hann sje ekki fær um að starfa.

Mig varðar hreint ekkert um, hvað hæstv. atvrh. hefir talað við konur um þetta, nje hvað þær hafa sagt. Hæstv. atvrh. fer líklega klókindalega að, þegar hann talar við konur. En mig varðar ekkert um, hvað konur yfirleitt segja. Þær hafa rjettinn, og þá eiga þær að hafa skyldurnar líka.

Hv. 1. þm. Rang. var að finna að því, að jeg hefði ekki skrifað undir nál. með fyrirvara. Það er rjett, en jeg fór ekki á bak við meðnefndarmenn mína með það, að jeg mundi ganga lengra, ef svo bæri undir, þegar til deildarinnar kæmi.

Það var svo sem auðheyrt, að sá hv. þm. (EP) var kominn í stólinn, þegar hann var að tala um, að konur væru teknar frá börnunum og þau skilin eftir forsvarslaus. Hann talaði svo, sem hreppsnefndarstarfið yrði aðalstarf kvennanna. En mjer þótti það vanta á hjá prófastinum, að hann vorkendi ekki karlmönnunum. Þeir eru þó feður þeirra forsvarslausu. Ræðumaður (EP) fór um það hjartnæmum orðum, að konur yrðu reknar nauðugar í hreppsnefnd. Auðvitað kæmi það fyrir, að kona, sem vildi síður fara, yrði að gera það. Reynslan hefir orðið sú, að af því að konur hafa ekki verið skyldugar, hafa þær ekki viljað gefa kost á sjer, þótt þeim væri það annars ekkert nauðugt, af því að þeim hefir fundist það óviðkunnanlegt, og jafnvel sýna framhleypni. Það má geta nærri, hvort hæstv. atvrh. og hv. 1. þm. Rang. gæfu þeim ekki hornauga og hvort þeir myndu tala mikið við þær einslega, ef þær tækju það

upp hjá sjer upp úr þurru að fara að gefa kost á sjer.

Jeg tek það ekki nærri mjer og hefi enga samvisku út af því, hve langur tími hefir farið í þetta mál, og hika ekki við að fylgja brtt., hvernig svo sem með málið fer. Væri þó slæmt, ef það gæti ekki orðið að lögum nú, þó ósjeð sje um, hve mikið því liggur á, meðan frv. um útsvörin er ekki lengra komið.

Sigurður Eggerz: Jeg hefi ekki miklu að svara. Hv. þm. reynast rakalitlir í baráttunni gegn jafnrjetti kvenna og karla. Hæstv. atvrh. vjek að því, að jeg hefði ekki viljað láta kvenþjóðina hafa sína sjerskóla. Jeg veit ekki betur en að hún hafi kvennaskólann. Jeg mótmæli því orðum hæstv. atvrh. *(Atvrh. MG:* Jeg sagði, að hv. 1. landsk. vildi ekki hafa kvennaskólann kostaðan af ríkinu). Konur hafa sjerskóla; það var aðeins deilt um það „princip", hvort skólinn ætti að vera einkaskóli eða ríkisskóli. Jeg vil ekki fara hjer út í þær umr. En jeg vil taka það fram, að enginn hefir gefið hv. 4. landsk. (IHB) betri traustsyfirlýsingu en jeg, enginn viðurkent betur en jeg starf hennar við einkaskólann, kvennaskólann í Reykjavík, og talið hann hafa verið prýðilega rekinn. *(Atvrh. MG:* Ætli hann yrði ver rekinn sem ríkisskóli?). Það getur vel verið, að hann yrði ver rekinn sem ríkisskóli. Það eru til dæmi um það, að fyrirtæki hafa verið rekin ódýrar sem einkafyrirtæki en sem ríkisfyrirtæki. En í þessu máli ætlar hæstv. ráðh. sjer að vera einkar hollur kvenþjóðinni. Þetta eru svona smádúsur, sem hann stingur upp í hana, en ekki er víst, hvernig henni bragðast af þeim.

Hv. 1. þm. Rang. (EP) færði sem dæmi sextuga karlmenn, sem mættu skorast undan kosningu. Af hverju? Af því að kraftarnir eru farnir að bila. Það getur vel verið. En ef í þessu er fólgin einhver „analogi", þá telur hv. þm. kvenþjóðina svo lítilfjörlega, að hann lítur svo á, sem hún sje biluð að kröftum. Þarna kemur misrjettið átakanlegast fram.

Ef það er rjett, sem hæstv. atvrh. heldur fram, að þetta sje smáatriði, þá fer svo í hv. Nd., að hún lítur á frv. sem rjettarbót og sleppir aukaatriðunum.

Það kom fram eitt atriði í ræðu hv. þm. A.-Húnv., sem jeg vil leggja áherslu á. Var það skarplega og viturlega athugað af honum, að ef konur hafi rjett til að skorast undan kosningu, þá verði afleiðingin sú, að þær vilji ekki taka við kosningu. Þetta er einkar kænlegt til þess að koma í veg fyrir, að þær taki að sjer opinberar stöður.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg var ekki viðstödd, þegar hv. 1. þm. Rang. (EP) byrjaði ræðu sína. En jeg heyrði, að aðalatriðið, sem hann dvaldi lengst við, var þetta: Hve illa það kæmi sjer fyrir eiginmann, heimili og börn, þegar einyrkja kona þyrfti að vera fjarverandi frá heimili sínu til þess að mæta sem fulltrúi í einhverri þeirra nefnda, sem hjer um ræðir. Jeg skal játa, að þetta er mannúðlega mælt, og það er rjett, að slíkt gæti komið fyrir. En það eru fleiri atriði, sem þessu eru hliðstæð og sem draga þyrfti fram í dagsljósið. Það mætti draga upp ýmsar myndir úr lífi kvenþjóðarinnar í þessu sambandi. Jeg vil benda á það, að sama hættan vofir yfir einyrkjaheimili, þegar eiginmaðurinn þarf að vera fjarstaddur vegna fundarhalda og annarar opinberrar starfsemi, því að þá þarf konan að gegna hans verkum, t. d. skepnuhirðingu o. s. frv. Þarf hún þá að bæta á sig allerfiðum störfum, en þetta hlið-

stæða dæmi, sem mun vera mjög algengt, láðist hv. þm. alveg að vorkenna einyrkjakonunni.

Jeg er ekki með þessu að lýsa yfir því, að jeg vilji beinlínis hlífa karlmönnunum. En jeg vil gæta jafnrjettis.

Þá kem jeg að öðru atriðinu, sem hv. þdm. hefir greint mjög á um, að með þessu ákvæði sje verið að þröngva konum í þessar nefndir. Það hefir nú verið tekið fram, að það kemur sjaldan fyrir, að karlmönnum sje þröngvað í þær, og því síður yrði það gert við konur, þar eð reynsla undanfarinna ára virðist frekar benda til þess, að karlmenn vilji sem mest útiloka konur frá opinberum störfum. Þá skildi hv. þm. ekki, hvaða vantraust felst í því fyrir konur að vera undanþegnar þessum skyldum. Hann getur hvorki nje vill skilja það, að það felast aukin rjettindi í hinu, að vera ekki undanþegnar þessum skyldum. Það, sem sjerstaklega virðist vaka fyrir hv. þm., er þetta: að hann vill ekki, að heimilisfaðirinn missi neitt af umhyggju þeirri og góðu atlæti, sem konur veita mönnum sínum og heimilisfólki.

Þá sagði hv. 1. þm. Rang., að rjettmætt væri, að sextugir karlar væru undanþegnir opinberum störfum í þágu sveita og kaupstaða og að það væri vel sambærilegt, að konur, sem stæði illa á fyrir, væru líka undanþegnar þessari skyldukvöð. Mjer skilst nú, að þessi 60 ára undanþága nái eftir sem áður bæði til karla og kvenna, og sje því ekki heppilegt að taka það til samanburðar.

Þessi „gríma", sem hjer hefir verið sett upp, hefir nú verið tekin ofan með því að gefa í skyn, að konur yngri en sextugar sjeu og geti verið óhæfar. Jeg hefði þurft að undirstrika það enn betur, hvílíkt vantraust konum er sýnt með þessari undanþágu.

Jeg vil taka undir það með hv. þm. A.-Húnv., að mjer finst það óviðfeldið að fá það ítrekað hjer í þessari hv. deild, að vegna þess að þetta mál sje komið aftur frá hv. Nd. og hún sje ófús til breytinga á frv., þá megi engu breyta nú við þessa umr. hjer í deildinni. Jeg hefi áður þurft að mótmæla þessu athæfi hv. Nd. í svipuðu tilfelli sem þessu, og vil leyfa mjer að mótmæla því enn. Jeg veit ekki, til hvers verið er að hafa tvær deildir, ef Ed. á svo ekki að hafa neinn íhlutunarrjett um málin. Þetta frv. getur orðið að lögum, þótt það taki þeim breytingum, sem farið er fram á, og fari þar af leiðandi til hv. Nd. Jeg sje ekki eftir þeim tíma, sem til þess hefir gengið, og þótt það hafi tafist hjer nokkuð, getur það enn vel náð samþykki Nd.

Þá sagði hv. þm., að konur hefðu lagt ofurkapp á þetta mál. Jeg get vel tekið á mig ábyrgð á þessu ofurkappi og er þess albúin að taka við ámælum fyrir það.

Jeg vil taka í sama streng og hv. þm. A.-Húnv. og segja það, að megi konur samkvæmt lögum skorast undan skyldustörfum þeim, sem hjer um ræðir, myndi það verða til þess, að einmitt hæfustu konurnar, sem best gætu orðið að liði, kynokuðu sjer við að bjóða fram starf sitt. En hefðu þær skyldur, myndu þær ekki gera það. Og það er ósjeð, hvort starf þeirra gæti ekki orðið alveg sambærilegt við störf karlmannanna, sem hafa tekið við þessum störfum af því, að þeim bar skylda til þess.

Það hefir verið sagt, að þetta ákvæði, sem brtt. mín fer fram á að fella niður, sje í gildandi lögum. Það er rjett. Væri það ekki þar, væri ástæðulaust að standa

hjer og vilja fella þetta ákvæði niður. — Ætla jeg svo ekki að fjölyrða meira um þetta.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. þm. A.-Húnv. talaði um skyldur og rjettindi og sagði, að það væri nauðsynlegt, að það hvorttveggja fylgdist að. En þetta er ekki rjett, og til þess að sýna þetta þarf ekki annað en að minna á t. d. heiðursfjelaga, heiðursborgara o. s. frv. Þeir hafa rjettindin, en ekki skyldurnar. Enginn mun nú halda því fram, að heiðursborgarar sjeu minna virtir en aðrir borgarar. *(GuðmÓ:* Það vantar þá ákvæði í frv., um að þær skuli vera heiðursborgarar).

Annars er hv. þm. (GuðmÓ) ekki sem sterkastur á svellinu; hann hefir sjálfur komið með brtt. um, að giftar konur megi skorast undan kosningu. Og eftir því, sem honum nú farast orð, þá hefir hann framið ranglæti gagnvart öllum giftum konum landsins. Verður þá ekki mikill munur á því, sem hann hefir gengið inn á, og því, sem stendur í frv.

Jeg sagði, að hv. 1. landsk. vildi ekki, að kvennaskólinn væri ríkisskóli, en jeg sagði ekkert um það, að hann vildi ekki, að kvenþjóðin hefði sína skóla. *(SE:* Þetta er sósíalistapólitík). Nei, langt frá.

Jeg get þakkað hv. 4. landsk. (IHB) fyrir það, að hún áleit, að frv. gæti orðið að lögum á þessu þingi, því að jeg skil það svo, að hún ætli að beygja sig fyrir atkvgr. þeirri, sem að lokum væntanlega fer fram um málið í Sþ., og greiða þá atkvæði með frv.

ATKVGR.

Brtt. 474 samþ. með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÓ, GunnÓ, IHB, IP, JM, JJ, SE, HSteins.

nei: BK, EP, EÁ, JJós, JóhJóh, ÁH.

Frv., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 72. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 520).

Á 74. fundi í Nd., laugardaginn 8. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., mánudaginn 10. maí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 520, n. 521, 559).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 559. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Jón Kjartansson): Eins og hv. deild er kunnugt, hefir staðið deila um það milli Ed. og Nd., hvort konur eigi að halda áfram þeim rjetti, er þær hafa haft og hafa nú til þess að skorast undan kosningu í málefnum sveita og bæja. Hv. Ed. heldur því fram, að þeim beri skylda til þess að taka við kosningu, en Nd. vill láta þær halda sama rjetti og þær hafa.

Meiri hl. allshn. hefir því komið fram með brtt. um það, að konur haldi þessum rjetti, því að það kom fram við atkvgr. hjer í hv. deild síðast, að mikill meiri hluti þm. var með þessu. Nú hefi jeg heyrt, að frv. sje hætta búin, ef meiri hl. allshn. heldur fast við brtt. sína. Jeg hefi átt tal um þetta við meðnefndarmenn mína, og þeir vilja halda fast við kröfuna, og sama býst jeg við að hv. deild geri. Það var svo mikill meiri hl. hv. þdm. með þessu um daginn, að hann á ekki að beygja sig fyrir nær jöfnum atkv. í hv. Ed.

Jeg skal ekki fjölyrða um þetta frekar, en læt hv. deild skera úr málinu.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. meiri hl. (JK) vjek nú að, býst jeg við, að sami verði ágreiningurinn og áður milli meiri og minni hl. allshn.

Hvers vegna skyldi það vera í löggjöf nú, að karlmenn eru skyldaðir til að taka þátt í sveitarstjórn? Það er auðvitað gert vegna þess, að ekki missist mikilhæfustu mennirnir, sem mörgum öðrum störfum hafa að gegna og vilja því gjarnan vera lausir við þessi störf. Um konur er alveg sama máli að gegna; þær eiga og að hafa sömu skyldur og karlmenn, þar sem þær hafa sömu rjettindi.

Jeg skil ekki það ofurkapp, sem hlaupið er í menn út af þessu. Það virðist helst vera svo, sem einhver afturkippur sje kominn í jafnrjettið milli karla og kvenna um þátttöku í opinberum málum. Jeg hefi hlustað á margar ræður um þetta, og það, sem helst er fært á móti, eru aðeins yfirskinsástæður, t. d. að konur muni tefjast mikið frá heimilum vegna þessara starfa. En hví skyldi ekki mega nota krafta þeirra til þess að sinna þessum störfum? Mjer finst, að þær, alveg eins og karlmenn, geti tekið á sig þessar skyldur og sje ekkert á móti því, þótt þær þurfi að leggja á sig nokkurt starf.

Það er því enginn vegur, að minni hl. allshn. vilji fallast á brtt., og jeg vona, að hún verði feld, sjerstaklega þegar þess er gætt, að málinu er að öðrum kosti stefnt í voða.

Jeg á hjer brtt. á þskj. 559, sem eiga bæði við þskj. 67 og 520. Þegar málið var hjer til 2. umr., kom jeg fram með nokkrar brtt. við frv., og var aðalbrtt. við 1. gr. um aldurstakmarkið, að í stað „25 ára" skyldi koma: 21 árs. Sú brtt. var feld hjer með nokkrum atkvæðamun. Nú kem jeg fram með brtt. um það, að aldurstakmarkið sje 22 ár, eða til vara 23 ár. Fyrir þessari brtt. eru hinar sömu ástæður og jeg bar fram við 2. umr. En að jeg hefi fært aldurstakmarkið upp, er gert til að vita, hvort menn vilji heldur á það fallast, því aðalástæðan gegn fyrri brtt. minni var sú, að 21 árs menn væru of ungir til að fá kosningarrjett.

Þá eru brtt. við 5. gr. frv. á þskj. 520. Þar kom jeg einnig fram með brtt. við 2. umr., er flestar voru samþyktar, en jeg fór ekki fram á neina breytingu á kjörtímabili. Nú ber jeg fram brtt. þess efnis, að kjörtímabilið sje 4 ár og kosið á 2 ára fresti. Álít jeg sanngjarnt, að kjörtímabil í bæjarstjórn sje hið sama og á Alþingi og vænti þess, að hv. þdm. muni eins og jeg vilja hafa samræmi í þessu. Það hefði og kannske verið rjettast að koma fram með till. um það, að kosnir sjeu varamenn við hverjar kosningar, svo að ekki þurfi að fara fram ný kosning, þótt einhver fatlist á kjörtímabilinu. Með því móti yrði komið í veg fyrir, að hlutfall milli flokka raskaðist. En það er sýnt, að fatlist maður úr minni hluta og fari kosning fram, þá kemur meiri hlutinn þar að manni í staðinn.

Jeg vona, að brtt. fái fylgi hjá háttv. þdm., því þær eru til bóta.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af brtt. meiri hluta allshn. á þskj. 521 vildi jeg mælast til þess við hv. deild, að hún samþykki frv. óbreytt eins og það nú liggur fyrir, því að annars er jeg hræddur um, að það dagi uppi eða verði felt. Og frá mínu sjónarmiði er sú breyting ekki svo mikils verð, að rjett sje að hrekja frv. milli deilda hennar vegna.

Þegar jeg setti þetta ákvæði inn í frv. í fyrstu, var það aðeins vegna þess, að þetta hafa verið og eru gildandi reglur,

að konur megi skorast undan að taka þátt í sveitarstjórn. Jeg hjelt, að kvenfólkið vildi halda þessum rjettindum, en nú er komið í ljós, að það er því á móti skapi. Og jeg verð að meta frv. sjálft meira virði en aðeins þetta eina ákvæði.

Út af ummælum háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) um það, að með frv. væri gengið á rjett kvenna, þá er það ekki rjett. Jeg hafði engar raddir heyrt um þessar kröfur, sem nú er verið að gera, þegar jeg lagði frv. fyrir þingið. Nú eru þær komnar fram, en jeg álít ekki rjett að fella frv. fyrir þetta atriði. Um frv. sjálft er lítill ágreiningur, nema um þetta.

Fyrri brtt. hv. 2. þm. Reykv. er gamall kunningi hjer á Alþingi, enda þótt aldurstakmarkið sje nú annað en verið hefir. Um þetta atriði get jeg vísað til þess, sem jeg hefi áður um það sagt. Seinni brtt. hv. þm. hefir ekki komið fram áður og engar raddir um það að stytta kjörtímabilið. Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. hefir þarna nokkra menn að baki sjer, eða nokkuð annað en sína eigin skoðun. B.-liður till. leiðir af hinum og er sjálffallinn, ef hinn er feldur.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta, en óska þess eindregið, að hv. deild samþ. frv. óbreytt.

Árni Jónsson: Jeg hefi ekki fyr talað um það atriði, sem hjer er deilt um, en jeg hefi altaf greitt atkvæði með því, að kvenfólk fengi að skorast undan kosningum til opinberra starfa. Það liggja nú fyrir þinginu, eða hafa legið, ýms frv., þar sem þetta hefir verið tekið til greina. Svo er til dæmis í frv. um kynbætur hesta, sem nú er orðið að lögum, að eftir því mega konur skorast undan því að vera í kynbótanefndum. Aftur á móti var í frv., sem afgreitt var hjer fyrir fáum dögum, um fræðslu barna, ákvæði um það, að konur mættu ekki skorast undan kosningum í fræðslunefndir og skólanefndir. Þriðja frv., um útsvör, sem farið er hjeðan til Ed. og er enn óútrætt þar, mælti svo fyrir, að konur mættu skorast undan kosningum í niðurjöfnunarnefndir. Á þessu er því mikill glundroði í þinginu og lagasmíð þess.

Mjer virðist hv. Ed. hafa sýnt mikla þrákelkni í þessu máli, þvert á móti vilja mikils meiri hluta þm. í þessari hv. deild. Jeg skal geta þess í sambandi við frv. um hrossakynbætur, að mig minnir, að það væri samþykt hjer með 22 atkvæðum, að konur mættu skorast undan kosningu í kynbótanefndir, og í útsvarsmálinu var samþykt með 16 atkv. að láta þær hafa samskonar rjett.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) var að tala um það, hvers vegna ætti að veita konum þessa undanþágu, þar sem karlmenn mættu ekki skorast undan kosningum, og gat þess, sem rjett er, að slík skylda væri þeim á herðar lögð til þess, að hægt væri að ná hæfustu mönnunum í opinber störf. Og svo sagði hann, að þetta sama ætti við um konur. En við, sem hinu höldum fram, lítum þannig á, að aðalhlutverk konunnar sje innan heimilanna, og því mikilhæfari, sem konurnar eru, því verra sje fyrir heimilin að missa þær út í opinbert vafstur. Og það verður hver maður að viðurkenna, að það stendur alt öðruvísi á um konur en karla að þessu leyti. Það má þó vera, að í kaupstöðum sje munurinn ekki geysimikill, en í sveitunum horfir alt öðruvísi við. Og það er himinhrópandi ranglæti að krefjast þess af konum, sem eiga stóran barnahóp, að þær sjeu skyldugar til þess að vera á burtu frá heimilum sínum svo og svo lengi.

Að þetta sje afturkippur í kvenfrelsis-

málinu, að veita konum þessi rjettindi, eru fullkomin öfugmæli. Við viljum láta konur njóta fulls jafnrjettis við karlmenn, og við viljum meira. Við viljum, að þær hafi þessi rjettindi fram yfir okkur. Við erum því hinir sönnu kvenrjettindamenn, en hinir eiga alt annað nafn skilið. Meiri hluta kvenna er stórlega misboðið með því að taka þau rjettindi af þeim, sem þær nú hafa að lögum. Og það er algerlega fjarstætt því insta og besta í kveneðlinu, að þær sjeu að vasast í nefndum. En við viljum unna þeim alls þess rjettar, er þær hafa haft.

Út af umr. um þetta mál dettur mjer í hug samtal, sem jeg átti einu sinni við varpeiganda. Jeg spurði hann að því, hvort ekki væri erfitt að verja varpið, og kvað hann svo vera. Jeg kvaðst trúa því, þar sem svo mikið væri af skörfum og svartbökum þar í nágrenninu. Hann sagði, að þeir væru ekki verstir. Verstur væri geldfuglinn, því að hann æddi yfir varpið og hrekti kollurnar úr hreiðrunum.

Jeg vil nú segja það, að fylgismenn þessa ákvæðis hafa tekið að sjer hlutverk geldfuglsins. Þeir vilja ólmir hrekja konurnar úr hreiðrunum — heimilum þeirra. Og fyrir það eru þeir verri en nokkrir ránfuglar.

Fyrir nokkrum árum var í „Lögrjettu" sagt frá fundi, sem haldinn hafði verið hjer í Reykjavík. Á þeim fundi hafði dr. Guðmundur Finnbogason haldið ræðu og komist vel að orði, eins og svo oft endranær. Hann talaði um hugsjónir og sagði, að þær væru eins góðar fyrir því, þótt þeim yrði ekki náð. Og því til skýringar sagði hann, að pólstjarnan væri eins góð til að stýra eftir, þótt enginn bátur hefði rekið stefni sitt á hana. En jeg er hræddur um, að háttv. þm., sem eru á móti okkur í þessu máli, hafi rekið bát sinn svo hastarlega á ímyndaða hugsjón, að það hafi komið að honum allalvarlegur leki. Og ef hv. deild slakar nú til við þá, er það aðeins gert eftir þeirri gömlu setningu, að sá verður að vægja, sem vitið hefir meira, og það er þá vegna þess, að menn vilja ekki stofna frv. sjálfu í tvísýnu. En jeg skal berjast fyrir því með oddi og egg á næstu þingum, ef jeg á þar þá sæti, að ákvæðin um undanþágu kvenna verði tekin upp í önnur frumvörp sambærileg. Og jeg held, að konur hjer í Reykjavík, sem hafa verið að berjast fyrir rjettindamissi kvenna, fái lítið þakklæti kynsystra sinna úti um land fyrir það.

ATKVGR.

Brtt. 559,1 (aðaltill.) feld með 18:5 atkv.

— 559,1 (varatill.) feld með 16:6 atkv.

— 521 feld með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JörB, PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, BSv.

nei: JAJ, JBald, JÞ, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, HK, JakM.

JK, ÁJ, BL greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (MT, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 559,2.a—b feld með 16:3 atkv.

Frv. samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, MG, MJ, ÓTh, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, JÞ.

nei: PO, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, IngB, JBald, JS, JörB, BSv.

Tveir þm. (MT, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 570).

20. Verðtollur.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 27. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um verðtoll á nokkrum vörum (stjfrv., A. 66).

Á 18. fundi í Nd., þriðjudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þess var getið í athugasemdunum við fjárlagafrv. fyrir 1927, að stjórnin mundi leggja fyrir Alþingi frv. í þá átt, sem hjer liggur fyrir. Jeg finn í rauninni enga ástæðu til að segja mikið um þetta frv. nú við 1. umr. Það mun lítið hægt að segja alment um málið annað en það, sem áður er getið, að ástæðurnar fyrir því, að frv. er fram borið, eru tekjuþörf ríkissjóðs, þar sem núgildandi lög um þetta efni falla úr gildi í lok yfirstandandi árs. Tekjur af verðtolli eru í stjfrv. til fjárl. fyrir árið 1927 áætlaðar 850 þús. kr.; og eftir þeim útreikningum, sem hjer liggja fyrir í greinargerð þessa frv., mun þó vera fremur hæpið að treysta því, að sú upphæð náist, svo að standi heima við frv. eins og það nú er. Að svona er frá því gengið, kemur til af því, að stjórnin hefir með engu móti viljað stinga upp á hærri verðtolli eða á fleiri vörum heldur en sýnist alveg óhjákvæmilegt til þess að ná sem næst þeirri upphæð, sem tekin er upp í fjárlagafrv.

Að öðru leyti er það svo um slíka löggjöf, að það, sem skoðanirnar verða mest skiftar um, eru hin einstöku atriði. En það liggur ekki fyrir að ræða þau hjer við 1. umr., og þess vegna leiði jeg það hjá mjer, en leyfi mjer að leggja til, að frv. verði vísað til fjhn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til fjhn. með 20 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., mánudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 66, n. 408).

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg þarf svo sem engu við það að bæta, sem sagt er í nál. á þskj. 408 frá fjhn. Nefndin er óklofin í málinu, en gerir aðeins 2 breytingar, sem jeg verð að vekja athygli á, og standa þær í sambandi hvor við aðra. Önnur breytingin fer fram á lækkun tollsins úr 12½% niður í 10%, en hin fer í þá átt að bæta ríkissjóði þann halla, sem hann bíður við það, með því að hætta að undanskilja þær vefnaðarvörur, sem hingað til hafa verið undanskildar verðtolli. Nefndinni þykir betra að koma tollinum niður í 10% en að hafa þessar tegundir undanskildar, enda munu altaf vera nokkrir örðugleikar á því í framkvæmdinni að hafa þessar tegundir undanskildar. Ef lag ætti að vera á eftirlitinu með því, yrði að opna alla kassa, sem vefnaðarvörur eru sendar í, ef tegund er ekki gefin upp, og má nærri geta, að erfitt muni að framkvæma þetta svo, að ekki sigli fleira í skjóli þessara ódýru tegunda, og slíkt vill nefndin ekki vernda. Hinsvegar má segja, að nú, þegar tollurinn er kominn niður í 10%, sje hann ekki tilfinnanlegur. Alt annað var, þó undanþágan væri veitt meðan almenni tollurinn var 20%.

Þá hefir nefndin lagt til að taka upp undir staflið B. viðhafnarlausan skófatnað úr skinni og gúmmí, en hann hafði af

vangá fallið niður úr stjfrv., eftir upplýsingum, sem nefndin hefir fengið hjá hæstv. stjórn. Hinar undanþágurnar, sem nefndin hefir bætt við, eru: Myndamót, nauðsynjar við listmálningu og skólanauðsynjar. Hvað myndamótin snertir, er það í samræmi við annað, sem að bókaútgáfu lýtur og áður var undanþegið verðtolli. Um nauðsynjar við listmálningu er það að segja, að það er nokkuð stór liður fyrir málara, ljereftakaupin. Þeir mála oft hverja myndina ofan á aðra vegna þess, hve ljereftið er dýrt. Það eru heldur ekki neinir efnamenn, sem hjer eiga hlut að máli, og ekki arðberandi atvinna, sem þeir stunda. Þriðja undantekningin er skólanauðsynjar, svo sem skólatöskur, og virðist það alveg auðsætt, að slíkt eigi ekki að tolla.

Jeg hefi svo ekki meira að segja af hálfu nefndarinnar, en vænti þess, að frv. þetta fái greiða afgreiðslu hjá hv. deild.

Halldór Stefánsson: Af því að jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, þykir mjer rjett að láta þess getið, í hverju hann er fólginn. Jeg met þetta mjög í sambandi við fjárhagsástæður ríkissjóðs og fjárþörf og hinsvegar við það, hverja afgreiðslu vörutollsfrv. fær, sem er næst á dagskránni, og snertir fyrirvari minn einkum till. nefndarinnar um að taka undir toll þær vefnaðarvörutegundir, sem áður hafa verið undanskildar verðtolli, og lækka þá um leið tollprósentuna. Jeg get skilið, að töluverðir annmarkar geti verið á því að hafa þessa undanþágu.

Jeg hefi hugsað mjer að bera fram brtt. við næsta málið á dagskránni, um að undanþiggja kornvörur vörutolli, og ef fallist verður á það, þá get jeg því frekar fallist á að taka þessar vefnaðarvörutegundir undir toll. Af þessu leiðir, að það er nokkuð undir því komið, hvernig fer um þessa till. mína, hvort jeg mun telja mig bundinn við till. nefndarinnar framvegis. Ef svo færi, að kornvörur gengju undan tolli, mundi jeg geta fallist á að taka undir verðtoll hinar ódýrari vefnaðarvörur, vegna þeirra annmarka, sem á því eru að hafa sumar vefnaðarvörur tollaðar, en aðrar ekki. Annars mun jeg gera frekari grein fyrir þessu við umr. um næsta mál á dagskránni, vörutollinn.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta mál hefir nú verið nokkuð lengi í höndum háttv. nefndar, en þegar það nú loks kemur frá henni, get jeg ekki annað sagt en að jeg sje ánægður með meðferð hennar á því. Sú aðalbreyting, sem hv. frsm. (MJ) lýsti, að lækka tollinn alment niður í 10%, en taka aftur upp þær vefnaðarvörutegundir, sem tollfrjálsar hafa verið, er til mikilla bóta að því er snertir möguleikana fyrir rjettlátri framkvæmd laganna.

Að þessu er líka vikið nokkuð í aths. fyrir stjfrv., og hv. nefnd gat því fyrirfram vitað, að jeg mundi geta fallist á þetta. Það skiftir miklu, að löggjöfin sje svo úr garði gerð, að hún sje vel framkvæmanleg. Það hefir verið viðurkent frá því fyrsta, þegar talað hefir verið um þungatoll og verðtoll, að höfuðannmarkar verðtollsins liggja í erfiðleikum á framkvæmd hans, en hjer af leiðir, að í löggjöfinni verður að reyna að sneiða hjá mestu annmörkunum. Jeg held, að brtt. nefndarinnar muni, ef samþ. verða, samfara þeirri reynslu, sem fengin er, stuðla að því að koma meiri festu á framkvæmd laganna, og að þegar alt kemur til alls, muni þessi lög með þessum breytingum verða vinsælli en ella. Það hafa margir komið auga á annmarkana á því að aðgreina verðtollskylda og

tollfrjálsa vefnaðarvöru. Þessir erfiðleikar liggja einkum í því, að nöfnin á vörunni eru svo ákaflega margvísleg og breytileg á hinum ýmsu erlendu málum. Það má næstum heita svo, að hver verksmiðja hafi sitt sjerstaka heiti yfir hverja einstaka vefnaðarvörutegund. Til þess að geta áttað sig fullkomlega á þessu, þyrfti helst að hafa sjerfróðan mann í þessu efni. Af þessu leiðir, að ekki er hægt að byggja á því eingöngu að skoða reikningana, þó að þeir sjeu alveg rjettir. Jeg vil þess vegna mæla hið besta með því, að brtt. nefndarinnar A. og C. á þskj. 408, sem heyra saman, verði samþyktar.

Hvað snertir B-liðinn skiftir það í raun og veru mjög litlu máli í mínum augum, nema leiðrjettingin um skófatnaðinn, sem er sjálfsögð. Jeg vil aðeins segja það, að nauðsynjar við listmálningu og skólanauðsynjar eru í rauninni mjög óákveðin hugtök og gætu valdið örðugleikum í framkvæmdinni. En af því að hjer er um smávægilegt atriði að ræða, geri jeg það ekki að kappsmáli, með því að mjer líka till. nefndarinnar yfir höfuð vel.

Hvað snertir sjerstöðu hv. 1. þm. N.-M. (HStef) skil jeg það vel, og það er eðlilegt, að þegar verðtollurinn er gerður að áframhaldandi skattstofni, komi fram óskir um það, að ljett sje tolli af öðrum vörum, svo sem nauðsynjavörum.

Hvað snertir kornvörutollinn hefi jeg ekki athugað það neitt. Jeg hefi ekki orðið þess var, að brtt. væru fram komnar um það. Jeg læt það bíða að segja nokkuð um þetta atriði, en það mun heldur fátítt, að tollur sje lagður á slíkar óhjákvæmilegar lífsnauðsynjar, og það er ekki nema eðlilegt, að talað sje um að afnema þennan toll, ef farið er að gera einhverja leiðrjettingu á tolllöggjöf vorri.

Jón Baldvinsson: Menn munu ekki hafa ætlað það, eftir þeim sterku orðum, sem fjellu á þinginu 1924, um að þessi tollur ætti aðeins að vera til bráðabirgða, til þess að hægt væri að borga lausu skuldirnar, að hann yrði að 2 árum liðnum gerður að föstum skattstofni. Hið sama átti að gilda um gengisviðaukann, en nú er búið að festa hann í löggjöfinni og gera hann að föstum tekjustofni, og nú á að fara eins að með verðtollinn. Hv. nefnd hefir gengið inn á það að sleppa öllum tímaákvæðum um gildi laganna, og alt útlit virðist vera á því, að hv. deild ætli sjer að samþykkja þetta og gera verðtollinn að föstum tekjustofni líka. Og það á heldur ekki að nægja að halda tollinum við á þeim vörutegundum, sem tollaðar hafa verið, heldur á nú líka að leggja verðtoll, 10%, á þær ódýru vefnaðarvörutegundir, sem hingað til hafa ekki verið tollaðar, einmitt þær tegundir, sem fátækt fólk notar mest til fata. Það er talað um það, að það sje erfitt að gæta laganna, og miklu erfiðara, ef um undantekningar sje að ræða. Það er vitanlegt, að það þarf altaf nokkuð til að hafa tollgæsluna í góðu lagi, og ef hún er það ekki, álít jeg, að úr því eigi að bæta með því að auka eftirlitið; og jeg hygg, að það muni borga sig. Ef gæslan er í góðu lagi, gerir ekkert til, þó að varan sje flokkuð, því að þá er hægt að sjá um, að tollskyldar vörur fljóti ekki inn í skjóli hinna, með því að skoða alt. Nú þegar kominn er bæði þungatollur, verðtollur og gengisviðauki, er tolllöggjöfin orðin svo margþætt, að mjer finst, að ástæða væri til að athuga, hvort ekki væri rjett, áður en lengra er gengið, að setja milliþinganefnd til þess að athuga þetta mál í heild og gera till. um tollmálið í heild. Það virðist vera fyllsta ástæða til

að endurskoða alla tolllöggjöf landsins, en það er svo mikið verk, að til þess hefir þingnefnd engan tíma. Að samþykkja nú áframhaldandi verðtoll og gengisviðauka álít jeg, að sje brigð gagnvart þjóðinni af hálfu þeirra hv. þm., sem beinlínis lofuðu því á þinginu 1924, að þessar álögur ættu aðeins að gilda um stundarsakir, meðan verið væri að rjetta við fjárhag ríkissjóðs. Jeg býst nú samt ekki við því, að mótmæli dugi mikið, en ætla að greiða atkvæði á móti frv. og þeirri breytingu að taka undir toll þessar vefnaðarvörutegundir, sem tollfrjálsar hafa verið. Með þeirri breytingu er ekki lítill skattur lagður á einmitt þá, sem síst mega við meiri álögum en áður eru fyrir; þær eru þegar ærið þung byrði.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það getur verið, að þessi umrædda breyting hafi í för með sjer einhverja verðhækkun á þessum ódýrari vefnaðarvörutegundum, en jeg býst þó við, að hún verði lítil eða jafnvel engin. Það er nefnilega þess að gæta, að um leið og lög þessi ganga í gildi lækkar tollurinn yfirleitt, og jeg held, að það sje nokkurnveginn algild regla hjá vefnaðarvörukaupmönnum nú að jafna þeim tolli, sem þeir greiða hlutfallslega jafnt niður á tollskyldar og ótollskyldar vörur. Með því móti skilst mjer, að þessi breyting muni frekar hafa í för með sjer verðlækkun en hækkun, því að tollprósentan lækkar. Það hefir aldrei verið kvartað yfir því, að eftirlitið með greiðslu vörutollsins væri ekki í lagi; það er misskilningur hjá hv. þm., að hægt sje að flytja inn vörur án þess að greiða af þeim toll. Þess er gætt bæði af lögreglustjórum og með endurskoðun, sem fer fram í stjórnarráðinu, að tollur sje greiddur af öllum vörum, sem eru á farmskrám skipanna. Það væri þá helst í farþegaflutningi, að brögð gætu verið að því, en það er svo lítið, sem þannig er hægt að flytja inn, í samanburði við það, sem flyst í lestarúmum skipanna, að þess hlýtur að gæta lítið. Það er einnig þetta, að framkvæmd vörutollslaganna er í tiltölulega góðu lagi, sem gerir það að verkum, að það er leiðinlegt, ef misbrestur verður á hliðstæðri framkvæmd verðtollslaganna, vegna þess að sundurgreining laganna á tollskyldum og ótollskyldum vörum er óljós. Það getur verið satt, að tollalöggjöfin sje flókin og sje ekki hægt fyrir aðra að átta sig á henni en þá, sem hafa haft tækifæri til þess að fást við slíkt. En úr þessu er hægt að bæta, og jeg hefi hugsað mjer að gera það, en jeg hefi ekki viljað byrja á því fyr en útsjeð er um forlög þessarar löggjafar núna á þessu þingi. Jeg hefi hugsað mjer að láta gera vöruskrá til afnota fyrir lögreglustjóra og innflytjendur, þar sem tilgreint er við hverja vörutegund, undir hvaða tollflokk hún heyrir. Þó að þetta geti ekki orðið tæmandi, sjerstaklega að því er snertir 7. flokk, ætti það þó að geta verið mjög viðunandi leiðbeining. Jeg hefi ekki trú á því, að þessi löggjöf verði bætt nokkuð að ráði að svo stöddu með skipun milliþinganefndar. Þá get jeg ekki kannast við það, að það sje brigðmælgi gagnvart þjóðinni að lögleiða þennan verðtoll. 20% verðtollurinn, sem settur var á þinginu 1924, var að vísu bráðabirgðaráðstöfun, en það þing gat ekki bundið hendur komandi þinga um skattalöggjöfina. En menn hafa yfirleitt verið ánægðir með verðtollinn, sem vel er skiljanlegt, því að hann er mest lagður á vörur, sem ekki er óeðlilegt að tolla hærra en gert var með vörutollslögunum.

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg skal nú ekki lengja mikið umræðurnar. En mjer láðist að geta þess áðan, að fjhn. var ekki á einu máli um það, hve hátt skyldi setja tollinn á kaffibætisefni, sem talið er undir staflið A. Nokkrir nefndarmenn vildu setja það undir hinn venjulega tollflokk, og býst jeg við brtt. frá þeim um þetta efni við 3. umr. Jeg get þessa vegna þess, að þeir hafa þrátt fyrir þetta skrifað undir nál. fyrirvaralaust. Þetta kaffibætisefni var sett undir þennan tollflokk vegna þess, að innlendi kaffibætirinn er laus við að bera öll slík gjöld og því fær um að bera 20% toll af hráefnum þeim, sem í hann fara, og getur þó staðist samkepni við innfluttan kaffibæti. Það gæti og rýrt innflutningstoll af kaffibæti, ef innlendi kaffibætirinn stæði óþarflega vel að vígi.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) gerði grein fyrir sínum fyrirvara, en mjer finst, að ummæli hans um að ljetta af tolli á kornvöru frekar eiga heima undir umr. um næsta mál á dagskránni, vörutollinn. Það er rjett, að það hefði verið gott að geta beðið eftir því að sjá meðferð fjárlaganna, en það hefði bara orðið til þess, að ekki hefði verið hægt að afgreiða málið. Það er kunnugt, að ekki sjest fyrir endann á fjárlögunum fyr en síðustu daga þingsins.

Það er rjett, sem hæstv. fjrh. gat um, að hugmyndin að færa tollprósentuna niður í 10% og taka með þessar ódýrari vefnaðarvörur er tekin beint upp úr stjfrv. Nefndin tók þetta til athugunar og fjellst á það. Annars hefir hæstv. ráðh. mælt svo fyrir þessu, að óþarfi er fyrir mig að fara nánar út í það. Það er rjett hjá hæstv. ráðherra, að skólanauðsynjar er nokkuð óákveðið hugtak. Í því felst ýmislegt smávegis, svo sem skólatöskur o. fl. þ. h., sem auðsýnilegt er, að ekki ber að tolla.

Þá fór hv. 2. þm. Reykv. (JBald) að ræða málið alment eins og við 1. umr. væri. Hann kvartaði undan því, að þessi tollur væri ósanngjarn, en annars hafði hann lítið að athuga við einstakar greinar. Hann áleit það til hins verra að taka einstakar vefnaðarvörutegundir undir tollinn. En það kom nú skýrt fram í ræðu hæstv. fjrh., að þetta kemur ekki fram á verði þessara vörutegunda. Jeg hefi spurt menn, sem kunnugir eru, hvort þeir hafi orðið varir við, að þessar vörutegundir hafi verið nokkuð óeðlilega ódýrar vegna undanþágunnar frá tollinum, en þeir kveðast ekki hafa orðið varir við það. Ástæðan fyrir þessu er sú, að tollinum er dreift niður á allar vörutegundirnar. Það er í rauninni ómögulegt fyrir verslanir að fara öðruvísi að. Hæstv. fjrh. hefir svarað því, að þetta væri brigðmælgi af þingsins hálfu gagnvart þjóðinni. Það mætti víst æðioft tala um brigðmælgi af þingsins hálfu, ef það ætti að vera þannig bundið. Hvernig væri það með útflutningsgjaldið og fleiri tolla og gjöld, sem sett eru til bráðabirgða, en þegar það sjest, að þau eru hentugri en margt annað, þá er þeim haldið. Þar sem sama nefndin mælir með því að halda verðtollinum, en fella niður tolla á öðrum vörutegundum, þá sýnir það, að hún telur verðtollinn sanngjarnari en suma aðra tolla. Það er alveg óhugsandi, að fyrra þing geti bundið hendur síðari þinga í þessu efni. Jeg er ekkert hissa á því, þótt hv. 2. þm. Reykv. (JBald) mæli á móti tollum yfirleitt af „principiellum“ ástæðum, en jeg er hissa á því, að hann skuli mæla á móti þessum tolli sjerstaklega, því að verðtollurinn hlýtur þó að

vera næst hans grundvallarreglum. Hann kemur að nokkru leyti fram sem tekjuskattur. Þeir, sem kaupa dýrustu vöruna, borga þyngstan tollinn. Jeg held því, að úr því að háttv. 2. þm. Reykv. lifir undir þessu spilta þjóðfjelagsskipulagi, sem hefir tolla, þá ætti hann helst að mæla með verðtollinum.

Jón Baldvinsson: Mjer finst það næsta undarleg kenning hjá hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. frsm. fjhn. (MJ), að vara hækki ekki í verði, þó á hana sje lagður 10% verðtollur. Þeir forsvara þessa kenningu sína með því, að kaupmenn hafi dreift tollinum á allar vörutegundirnar. Jeg hefi nú grun um það, að kaupmenn leggi sjerstaklega á hverja vöru. Það væri undarlegt, ef þeir rugluðu öllu saman. Um þessar ódýrari vörur hygg jeg, að sje mikil samkepni að koma þeim út, og er því eðlilegt, að kaupmenn leggi á það verð, sem þeir þurfa að gefa fyrir þær, en bæti ekki á það tolli af öðrum vörutegundum. Jeg held, að það sje öfug röksemdafærsla, að vörurnar hækki ekki í verði við þennan toll.

Það, sem hæstv. fjrh. sagði alment um tolla, skal jeg ekki tala um. En jeg álít, að það væri betra, að það yrðu einhverjir aðrir en hæstv. stjórn, sem gæfu sig í það að semja nýja skattalöggjöf. Jeg átti ekki einungis við það, að það þyrfti að samræma skattalöggjöfina, heldur athuga, hvernig skattamálunum yrði yfirleitt komið í betra horf en nú er. Það er enginn vandi að taka lögin og samræma þau, en hitt þarf vel að athuga, hvernig hægt er að ná tekjum í ríkissjóðinn á rjettlátan hátt. Hæstv. fjrh. sagði, að það væri fullkomið eftirlit með vörutollslögunum. Það kann að vera um þær vörur, sem flytjast hingað með millilandaskipunum. En úti um land, þar sem flutningaskipin koma og enginn lögreglustjóri eða embættismaður er til, hugsa jeg, að eftirlitið sje ekki mikið. Jeg er sannfærður um það, og hygg, að hæstv. fjrh. muni kannast við það, að það er ekki lítið af vörum, sem fer fram hjá tolleftirlitinu inn í landið.

Hv. frsm. fjhn. vítti mig fyrir það að tala hjer um málið alment. En jeg hygg, að það sje leyfilegt að ræða nál., en það er það, sem jeg hefi gert. Það er ekki óeðlilegt, að minst sje á það, sem stendur í nál., við 2. umr., um leið og minst er á einstök atriði frv.

Hv. frsm. fjhn. vildi sannfæra mig um, að jeg ætti að vera með verðtolli, því að hann kæmi svo rjettlátlega niður. En það er nú svo, að það eru margir nauðsynlegir hlutir, sem verðtollur er lagður á, og nefndin leggur til, að þeim verði fjölgað. Undir verðtollinn falla ýmsir hlutir, sem enginn getur án verið. Það kynni að vera rjettlátt að taka þennan verðtoll af hinum allra fínustu og dýrustu tegundum, því það kæmi niður á þeim, er þær dýrari vörur kaupa; en hjer eru bæði hinar dýrari og hinar ódýrari vefnaðarvörur tollaðar. Jeg álít ekki rjett að taka skatt af óhjákvæmilegum lífsnauðsynjum, svo sem fatnaði. Jeg er því hjer í fullu samræmi við það, sem jeg hefi ávalt haldið fram, og hv. frsm. veit það vel, þótt hann segi nú annað.

ATKVGR.

Brtt. 408,1 samþ. með 19:1 atkv.
— 408,2 samþ. með 13:4 atkv.
— 408,3 samþ. með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorlJ, BL, HStef, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, PÞ.

nei: SigurjJ, TrÞ, BSt, HK, JBald, MT, BSv.

Sex þm. (ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BJ, IngB, JörB) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 18:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:2 atkv.

Á 64. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 433, 442, 444).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 442 og 444. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi flutt brtt. við frv. til laga um verðtoll á nokkrum vörum, sem fer í þá átt, að þetta verði ekki algerlega gert að föstum skatti, þannig að það komi þó að minsta kosti til athugunar á næsta þingi, hvort rjett sje að framlengja lögin eða ekki. Að vísu er það svo, að hægt er að taka upp til breytinga hver þau lög, sem gilda í landinu, á hvaða þingi sem er, en það er þó heldur gert hægra, ef það liggur beinlínis fyrir á þann hátt, að það verði að gera það, og það mundi verða, ef brtt. mín um að lögin gildi til 1. maí 1927 verður samþykt; það er að segja, ef þá er ekki álitið rjett að halda verðtollinum. Hinsvegar falla lögin úr gildi af sjálfu sjer, ef þá er ekki hreyft við þeim; en jeg vil ekki samþykkja, að því sje slegið endanlega föstu, að þessi verðtollur eigi að standa um aldur og æfi, af því að því var lofað á þinginu upphaflega, þegar lögin voru samþykt, að þau skyldu aðeins standa ákveðinn tíma, meðan verið var að ná sjerstökum tilgangi með þeim. Jeg hjelt, að þetta mundi nú ekki ganga svo vel, og vildi þess vegna gera nokkra tilraun til, að því yrði ekki slegið föstu, eða að minsta kosti, ef á að halda lögunum áfram, þá að það verði tekið til athugunar á næsta þingi aftur. Það getur verið, að þeir menn, sem þykir ríkissjóður ekki mega missa þessar tekjur, telji, að þessi brtt. mín eigi að falla. En ef menn vilja halda lögunum áfram, þá er hægur nærri að samþykkja lögin á næsta þingi og framlengja þau um eitthvert árabil. Jeg hefi sett tímatakmarkið til 1. maí 1927, til þess að það væri örugt, að þetta mál yrði til meðferðar á næsta þingi. Jeg hafði fyrst hugsað mjer 1. mars eða 1. apríl, en hvarf frá því, ef það kynni að þykja of þröngt. Jeg þykist nú vita, að hæstv. fjrh. muni kannske mótmæla þessari brtt., því að það mun vera hans hugmynd að gera þetta að föstum skatti, og þykist ekki geta samið fjárlagafrumvarp sitt á næsta hausti, nema hann hafi þetta og annað fast til að byggja á; en það álít jeg, að hæstv. ráðh. (JÞ) geti gert, því að það verður hann að gera út í bláinn með alla tekjustofna ríkisins, því að vel getur verið, að næsta þing breyti þeim meira eða minna.

Jeg vona, að hv. þm. geti fallist á slíka till. sem þessa, því að það er í rauninni ekki að breyta verðtollinum neitt, heldur aðeins til þess að koma í veg fyrir, að tollur þessi verði gerður að föstum tekjustofni og eigi að gilda til frambúðar.

Frsm. (Magnús Jónsson): Það er náttúrlega svo, að fjhn. hefir ekki borið sig saman um þær brtt., sem útbýtt hefir verið hjer á fundinum. En um þá brtt., sem hjer hefir verið talað fyrir, held jeg, að mjer sje óhætt að segja, að fjhn. sje á móti henni, því að hún hefir „positivt“ afgreitt málið á annan hátt, og meira að segja sýnt með því að bera fram breyting-

ar á vörutollslögunum, að hún vill ljetta sköttum annarsstaðar en hjer.

Það var eitt atriði, sem jeg var mintur á, að komið hefði til umræðu í nefndinni, en sem jeg ekki hefði minst á við 2. umr. Það var sem sje verið að tala um það í nefndinni, að það væri óþarft að greiða innheimtulaun fyrir það stimpilgjald, er stafar frá verðtollslögunum, þeim innheimtumönnum, sem annars fá skrifstofukostnað sinn greiddan eftir reikningi, og vildi jeg því beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh. (JÞ), hvort ekki væri hægt að komast hjá því að greiða þeim innheimtumönnum, sem jeg nú hefi nefnt, innheimtulaun fyrir innheimtu verðtolls, því að það sýnist í raun og veru ákaflega mikil fjarstæða að borga fyrst úr ríkissjóði þeim mönnum, sem þarf að hafa í skrifstofu til að framkvæma þessa innheimtu, og svo prósentugjald fyrir innheimtuna, og tel jeg, að það geti í vissu falli skoðast sem yfirsjón, að ekki hefir verið neitt sjeð við þessu fyr. Jeg vil þá beina þessari fyrirspurn til hæstv. ráðh. (JÞ), en um brtt. hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald) skal jeg ekkert frekar segja. Það er ein af þeim undantekningum, sem háttv. deildarmenn verða að skera úr með atkv. sínu, því að jeg get engu skilað frá nefndinni um það.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er ekki á valdi stjórnarinnar að gera breytingar á þóknun þeirri, sem greidd er fyrir innheimtu verðtollsins. Innheimtumenn fá 2% í innheimtulaun; það er af því að það er lögákveðið. Í lögunum um stimpilgjald frá 27. júní 1921 er svo ákveðið, að þeir, sem trúað er fyrir þessum stimpilmerkjum, skuli bera ábyrgð á þeim og svara til þeirra merkja, sem þeir taka við, en fá 2% af upphæðinni í innheimtu- eða ómakslaun, eða hvað menn vilja kalla það. Og þegar nú svo er ákveðið í verðtollslögunum, að stimpla skuli reikninga með þessum merkjum, þá er það ekki efamál, að um þau merki, sem notuð eru á reikningana, verða að gilda sömu reglur og um önnur stimpilmerki. Það kann nú að vera svo, að þessi þóknun hafi orðið óþarflega há hjer í Reykjavík, þar sem mest af tollinum hefir verið innheimt, en þó verð jeg að segja það, að jeg held, að það fylgi þessari stimpilmerkjanotkun allmikil áhætta fyrir notandann, því að þegar þarf að líma mörg merki á sama reikning, þá er hætt við, að menn geti mistalið og látið of mörg merki á reikninginn, samanborið við þá peninga, sem tekið er við fyrir þau. Nú lækkar þessi tollur mjög mikið, svo að jeg er ekki viss um, að ástæða sje til að fara að gera sjerstakar ráðstafanir út af því, en jeg skal ekkert segja um hitt, hvort hægt er að fara þá leið að leggja nokkuð af skrifstofukostnaðinum á embættismanninn, af því að hann hefir þetta gjald að lögum, en eins og þetta frv. er úr garði gert, þá verður ekki hjá því komist, að reikningshaldaranum ber að halda eftir 2% af upphæð stimpilgjaldsins, sem hann tekur við.

Þá vil jeg aðeins minnast á brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), á þskj. 444, sem fer fram á tímatakmörkun á gildi þessara laga, þannig, að þau falli úr gildi 1. maí 1927. Jeg get ekki fallist á þetta, af því að með frv. er verið að sjá ríkissjóði fyrir tekjustofni fyrir árið 1927. Og jeg verð að telja það skyldu þessa þings, sem á að sjá um afgreiðslu fjárlaganna fyrir árið 1927, að búa svo um hnútana, að hægt sje að innheimta þessar tekjur samkv. landslögum alt árið 1927. Þessu er ekki hægt að skjóta til næsta þings, af þeirri einföldu ástæðu, að það þing á ekki að sjá

um fjárlögin fyrir árið 1927. Stjórnin hefir reynt að ganga svo frá þessum tekjustofni, að hann sje ekki lengur bráðabirgðaráðstöfun, heldur í fullu samræmi við aðra skattalöggjöf, er fella þurfi þá niður eins og önnur lög, þegar tími þykir til þess kominn.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg þurfti aðeins að segja fáein orð, vegna þess að hv. frsm. nefndarinnar tók hart á brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Vegna þessara ummæla hv. frsm. vil jeg láta þess getið fyrir mitt leyti, að jeg er því ekki fylgjandi, að verðtollurinn verði nú framlengdur til frambúðar. Og þó að jeg beygi mig nú fyrir tekjuhalla fjárlaganna og greiði atkv. með frv., þá er þar í fólgin engin ánægja með verðtollinn, heldur er það vegna útlitsins um fjárhagsafkomu ríkissjóðs árið 1927.

Eins og hæstv. fjrh. (JÞ) tók fram, er það meiningarlaust að framlengja verðtollslögin vegna fjárlaganna fyrir 1927, en ætlast þó til að endurskoða lögin þegar á næsta þingi, eða í byrjun þess fjárhagsárs, sem fjárlögin eiga að gilda fyrir. Framlengingin ætti því að ná til 1928, og mun jeg greiða slíkri till. atkv.

Mitt erindi að þessu sinni var það að láta í ljós þá skoðun, að verðtollurinn hefir verið bráðabirgðatollur til þessa, og á að vera það, þó fjárhagurinn heimti að þessu sinni framlengingu.

Jakob Möller: Það er út af þessari litlu brtt. á þskj. 442, um að undanskilja þvottaefni hærri tollinum. Jeg skal játa, að þetta skiftir í sjálfu sjer ekki miklu máli, en þessi vara er komin niður í 5% toll, og virðist nú óþarft að setja hana aftur upp í 10%. En eins og jeg sagði, skiftir þetta fjarska litlu til eða frá, og mun jeg því ekki orðlengja frekar um brtt.

Frsm. (Magnús Jónsson): Það var náttúrlega mjög fjarri, að jeg væri að skila því frá fjhn., að hún amaðist við endurskoðun þessara laga svo fljótt, sem verða vildi. Hinsvegar þóttist jeg geta ráðið af því, að nefndin hefir einhuga lagt til að samþykkja stjfrv., að jeg hefði óbeinlínis umboð frá henni til þess að lýsa því yfir, að hún væri á móti brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), enda skildist mjer, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) væri henni mótfallinn.

Hafði jeg litið svo á, að hv. þm. V.-Ísf. ætti við hitt frv., því þar eru nefndarmenn ekki sammála að öllu, þótt þeir hinsvegar álitu rjett að bera fram frv. um lækkun á nokkrum vörutegundum. Nefndin leit svo á, að ef lækka ætti tolla á annað borð, þá yrði að bera annarsstaðar niður. En hvaða hugsun hreyfi sjer í brjósti ýmsra nefndarmanna, um það ætla jeg ekki að skila neinu nje gera það að umtalsefni.

Jeg býst við, að það sje rjett hjá hæstv. fjrh., að eins og lögin eru orðuð, þá sje ekki hægt að komast hjá að greiða þetta hundraðsgjald fyrir innheimtu tollsins. En hitt verður aldrei út skafið, að í þessu er ekkert jafnrjetti milli lögreglustjórans í Reykjavík og annara tollheimtumanna ríkisins. Þetta innheimtugjald er tvennskonar eða í tveimur liðum. Í fyrsta lagi má skoða það sem mistalningarfje, því áhætta og ábyrgð fylgir því að sjá um stimpilmerkin, en fyrst og fremst er það þó til þess að bæta upp kostnaðinn við innheimtuna, því hann er ekkert smáræði, þegar alt er reiknað með. Lögreglustjóra eru settar aðrar reglur en öðrum embættismönnum landsins. Hann hefir þá

sjerstöðu, að hann fær skrifstofukostnað sinn greiddan eftir reikningi. Jeg er að vísu ekki kunnugur því, hvernig þessum framkvæmdum er háttað annarsstaðar, þar sem sýslumönnum er ætlað skrifstofufje. En oft hefi jeg heyrt umkvartanir frá sýslumönnum út af þessum skrifstofukostnaði, sem þeim er ákveðinn. Og að þetta eru vitanlega mikil fríðindi, má sjá af því, að lögreglustjórinn kaus ekki að ganga undir launalögin, heldur er hann undir gömlu lögunum, sem voru sett þegar bæjarfógetaembættinu var skift, og nýtur því engrar dýrtíðaruppbótar. Það getur verið, að það sje besta leiðin að láta gjaldið halda sjer fyrir innheimtuna; en þá væri fróðlegt að vita, hvað mikið hann ber úr býtum fyrir innheimtuna, og mætti svo draga frá kostnaðinn af auknu mannahaldi vegna þessarar innheimtu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil segja út af brtt. hv. 3. þm. Reykv. (JakM) á þskj. 442, að það skiftir ekki miklu máli, hvort hún verður samþ. eða ekki, en eftir atvikum verð jeg þó að telja rjettara, að hún nái ekki fram að ganga. Hún er óákveðið eða óljóst orðuð, sem valdið gæti ruglingi, ef til þess kæmi að úrskurða um þetta „þvottaefni". Jeg geri þó ráð fyrir, að með þessu sje átt við þvottaduft, sem er notað af sumum húsmæðrum og er hliðstætt við stangasápu, sem aðrar húsmæður nota; en stangasápa fellur undir verðtoll. Sumar húsmæður nota líka blautsápu, sem er undanskilin tolli. Mjer finst ekki samræmi í því að undanþiggja það þvottaefnið, sem sumar húsmæður nota, en ekki aðrar, en jeg skal játa, að þetta skiftir ekki miklu máli.

Út af því, sem hv. frsm. (MJ) sagði um lögreglustjórann í Reykjavík, þá er það rjett, að hann hefir sjerstöðu og hefir ekki gengið undir launalögin. Embættið er stofnað með sjerstökum lögum, en honum gafst þó kostur á að ganga undir launalögin frá 1919, en hann vildi það ekki og hefir tekið síðan laun sín án dýrtíðaruppbótar. Þetta hefir að vísu breyst, því eftir lögunum frá í fyrra gæti hann átt kröfu til dýrtíðaruppbótar, þótt jeg hinsvegar þori ekki neitt um það að segja, hvort hann ætli að nota sjer það eða ekki.

En hitt er misskilningur, að um lagalegt misrjetti sje að ræða milli hans og sýslumanna. Skrifstofukostnaður sýslumanna er ákveðinn samkvæmt lögum, eftir tilkostnaði hvers þeirra, en með þeirri ákvörðun er ekkert tillit tekið til þeirra tekna, sem þeir kunna að hafa af stimpilgjöldunum. En um raunverulegt misrjetti getur maður sagt, að sje að ræða, af því að embættið hjer er svo stórt og umfangsmikið, að tekjurnar af þessari innheimtu hljóta að verða langsamlega hæstar hjer.

Forseti (BSv): Hjer er komin fram skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald), en hún er varatill. við brtt. sama hv. þm. á þskj. 444. En til þess að hún megi komast að, þarf afbrigði frá þingsköpum. Því spyr jeg hæstv. stjórn, hvort hún fyrir sitt leyti leyfi, að brtt. þessi megi komast að.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil fyrir mitt leyti leggja til, að atkvgr. sje frestað til næsta dags, svo hv. flm. (JBald) geti komið með brtt. sína prentaða. Vona jeg, að hv. flm. sje ekkert á móti því.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi vitanlega ekkert á móti þessari beiðni hæstv. fjrh. (JÞ). En þetta hefir svo oft tíðkast áður,

að leyft sje að greiða atkv. um skriflega brtt., auk þess sem þetta atriði er svo ljóst, að allir ættu að geta áttað sig á brtt.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., næsta dag, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 433, 442, 444, 445).

Jón Baldvinsson: Þetta mál var tekið út af dagskrá í gær vegna skriflegrar brtt., sem kom fram frá mjer undir umr. og er á þskj. 445. Hæstv. fjrh. óskaði eftir því, að umr. yrði frestað þar til hann hefði haft tækifæri til þess að kynna sjer till. og láta álit sitt í ljós um hana. Þessi till. er varatill. við brtt. mína á þskj. 444, og fer jeg fram á það, að falli það ákvæði, að lögin skuli aðeins gilda til 1. maí 1927, skuli varatill. koma til atkv., að lögin falli úr gildi 1. maí 1928.

Jeg bar fram þessa till. í gær af því, að einn maður úr hv. fjhn. ljet í ljós, að hann hefði getað aðhyllst brtt. mína, ef jeg hefði sett 1928 í staðinn fyrir 1927. Þótt jeg geri það ekki með glöðu geði að framlengja þetta svona lengi, þá er það þó betra en að slá því algert föstu, að það sje ætlun Alþingis að láta þennan toll standa um aldur og æfi. Tel jeg þetta því betra en ekki neitt. Og þótt seinni till. verði samþ., verður næsta þing eða þingið 1928 að taka þetta mál til meðferðar, og má vera, að það finni þá ástæðu til þess að fella burt að einhverju leyti tolla og skatta, eða a. m. k. að draga eitthvað úr þeim, þar sem þeir liggja á nauðsynjum.

Jeg þykist vita, að varatill. verði samþykt, því að jeg geri ekki ráð fyrir því, að hv. þm. sjeu svo einráðnir í því að láta þennan toll verða að föstum tekjustofni fyrir ríkissjóð, og svo var til hans stofnað, að ólíklegt er, að þingið vilji festa hann.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg held, að engin ástæða sje til þess að samþykkja varatill. hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 445, af því að jeg held, að hv. deild verði að gera sjer það ljóst, að í þessum tollmálum er komið inn á þá braut, með breytingum þeim, sem gerðar voru á vörutollslögunum við 2. umr. nýlega, að óhugsandi er, að verðtollurinn megi falla niður 1. maí 1928. Svo að það er aðeins til þess að gera þingstörfin erfiðari og auka vafstur við endurnýjun verðtollslaganna að vera að koma með þetta ákvæði.

Þegar vörutollurinn var lækkaður, áleit jeg, að þingið hefði í raun og veru valið á milli hans og verðtollsins, og þar sem það var framkvæmt í gær að lækka vörutollinn, þá álít jeg, að hv. þm. verði að taka fult tillit til þess við afgreiðslu verðtollsins hjer í þessari hv. deild.

Jakob Möller: Jeg hefi í raun og veru ekkert um þetta atriði að segja af hálfu nefndarinnar. Jeg er hvorki frsm. nefndarinnar nje hún enn tekið afstöðu til þessarar brtt., því að hún hefir ekki komið saman síðan þessi brtt. kom fram.

Mjer finst það ekki skifta miklu máli, hvort brtt. á þskj. 445, frá hv. samþ. mínum, 2. þm. Reykv. (JBald), verður samþykt eða ekki. Í henni er svo ákveðið, að lögin skuli gilda til 1. maí 1928, en á tímabilinu þangað til koma ný þing saman, og geta þau þá tekið afstöðu til þessa atriðis.

En þar sem hv. samþm. minn talaði um það, að það væru svik við þjóðina að fella ekki þennan toll niður, þá vil jeg geta þess, að það kom fram í umr. 1924, að hvað sem þessum tolli liði, myndi í fram-

tíðinni verða tekinn upp verðtollur á einhverjum vörum, og þótt þetta tímatakmark hafi verið sett, þá verður þó aldrei horfið frá verðtolli í einhverri mynd. Enda hafa lengi verið uppi raddir um það, að verðtollurinn sje miklu sanngjarnari en þungatollurinn; en það hefir fælt menn langmest frá verðtollinum, hve erfitt var álitið að framkvæma hann. En nú hefir hann verið reyndur og nú hygg jeg, að það fæli enga frá, hve hann sje erfiður í meðförum.

Ef til vill væri rjett að fara hjer einhverja sanngjarnari leið, hafa báða þessa tolla jöfnum höndum og miða bæði við þunga og verð.

Út af brtt. minni á þskj. 442, þar sem jeg legg til, að aftan við 1. gr. B. bætist „þvottaefni", vil jeg taka það fram, þar sem hæstv. fjrh. lagði á móti henni, að mjer er hún ekkert mikið kappsmál. Þvottaefni er komið niður í 5%, og eftir því sem það var flokkað í fyrra, þá er sanngjarnt, að það fjelli alveg niður núna. Það var sett í 10% flokk þá, þó að eftir væru aðrar hreinlætisvörur í hærri flokknum, svo sem handsápa. Hvað nafnið á þessu þvottaefni snertir, þá skal jeg játa, að það er óákveðið, en það er þó hið sama og í fyrra.

Jón Baldvinsson: Þess var að vænta, að hæstv. fjrh. legði á móti till. minni. Og þar sem hann lætur þess getið í aths. sínum við stjfrv., að hann vilji festa þennan toll til frambúðar, þá er það ekkert undarlegt, þótt hann mæli á móti þessari till. minni. Allir verða að játa, að það er komin mikil ringulreið á þessa tolllöggjöf. Það var settur gengisviðauki og verðtollur 1924. Nú er búið að búta þetta alt og dreifa því af handahófi á ýmsar vörutegundir. Svo er altaf verið að krukka í vörutollinn. Þess vegna er full ástæða til þess að koma þessum tollum í fast kerfi, sem eiga að standa til frambúðar, og sú uppástunga, sem jeg kom fram með í gær, að skipa milliþinganefnd í þessi mál, er ekkert óheppileg til lausnar á þeim.

Það hafa farið fram handahófsbreytingar á þessum lögum. Annars ætla jeg ekki að fara að ræða hjer um vörutollinn. Jeg býst við að taka til máls um hann, þegar hann kemur til umr.

Út af því, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að það væri ekkert aðalatriði í þessu máli, hvort lögin fjellu úr gildi 1. maí 1927 eða '28, þá vil jeg taka það fram, að ef aðaltill. mín finnur ekki náð fyrir augum hv. deildar, þá kemur varatill. til greina. En jeg kom með hana af því að einn maður úr fjhn. óskaði eftir því. Vænti jeg þess, að hún verði samþykt, því að jeg tel óhjákvæmilegt að taka málið til meðferðar á næsta þingi, ef nokkurt samræmi á að verða í þessari löggjöf.

Hv. þm. sagði, að það væru ekki svik við þjóðina að halda áfram með þennan verðtoll. Hann fann þeim orðum engan stað, en sagði, að það mætti finna í umr. á þingi 1924, að ætlunin væri, að verðtollur ætti að haldast framvegis. Það þarf nú ekki annað en að vitna í nafnið, „bráðabirgðaverðtollur", til þess að sýna, að hann átti ekki að vera til frambúðar. Jeg álít það eitt nægilegt. Hinsvegar gátu einhver loðin ummæli hafa fallið um þetta, en það stendur samt óhrakið, að tollurinn var aðeins settur til bráðabirgða.

Verkefnið með þessari skattlagningu var fyrst og fremst það, að rjetta við tekjuhallann á fjárlögunum og í öðru lagi að greiða lausu skuldirnar. Þessu hvorutveggja hefir nú verið náð. Síðastliðið ár var

meiri tekjuafgangur á fjárl. en nokkru sinni áður, og líklega meiri en nokkurt land í heimi hefir nokkru sinni haft í hlutfalli við fólksfjölda. Þetta kemur til af því, að þessir skattar hafa verið lagðir á, og svo hefir góðærið hjálpað til. En nú syrtir að, og þá er spurningin sú, hvort ríkið á ekki að láta niður falla þessa skatta, sem halda við dýrtíð í landinu og lama atvinnuvegina. En verði þeir ekki feldir niður, má ekki minna vera en að öll þessi löggjöf verði tekin til athugunar. Jeg álít, að næsta þing ætti að taka hana til gagngerðrar yfirvegunar. Samviska hv. þm. verður væntanlega betur vakandi þá en nú, því að það er næsta þing fyrir nýjar kosningar. Ef varatill. yrði samþykt, kæmi þessi löggjöf til athugunar 1928 og yrði til umræðu í kosningahríðinni.

Hefi jeg svo ekki meira að segja um þetta að sinni, en mælist til þess, að varatill. verði samþ., ef hin fellur.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg var fyr í umr. búinn að færa ástæður fyrir því, hvers vegna jeg væri á móti aðaltill. hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 444, og þarf jeg því ekki að endurtaka það. En viðvíkjandi hinni till. vil jeg bæta því við, að jeg hygg, að það sje misskilningur hjá hv. 2. og 3. þm. Reykv. (JBald og JakM), að ef þessi till. verði samþykt, þurfi ekki að taka upp þetta mál fyr en 1928. Því eftir varatill. verður að taka málið upp þegar á næsta þingi, þar sem þá á að setja fjárlögin fyrir árið 1928, og er alls ekki hægt að ganga frá því með alveg óvissa tekjustofna. Jeg álít, að engin ástæða sje til að fara að neyða næsta þing til þess að taka upp umr. um tollstofna þessa. En það er öldungis víst, að án þeirra má ekki vera. Þó ekki liggi nú fyrir það, sem hv. þm. sagði um að skipuð yrði milliþinganefnd til þess að rannsaka og undirbúa nýja tolllöggjöf fyrir næsta þing, þá verð jeg að segja, að ef slík uppástunga kæmi nú fram, væri hún algerlega ótímabær. Því að meðan gildi peninganna er á reiki, er ekki hægt að festa tolllöggjöfina. Má búast við, að altaf þurfi að gera meiri og minni breytingar á henni, eftir því, hvernig fjárhagsástæður eru. Er það þá aðeins fyrir gíg, þó að milliþinganefnd sæti á rökstólum um tollalöggjöf. Það verður því að byggja á breytilegri útgjaldaþörf ríkissjóðs, meðan ekki er hægt að vita um verð krónunnar, sem útgjöldin eiga að greiðast í.

ATKVGR.

Brtt. 442 samþ. með 13:8 atkv.
— 444 feld með 18:2 atkv.
— 445 feld með 13:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 30. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 450).

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 450, n. 539, 560).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og nál. ber með sjer, er fjhn. því yfirleitt mótfallin, að verðtollur verði gerður að föstum tekjustofni fyrir ríkissjóð. Álítur fjhn. hann að mörgu leyti óheppilegan, ekki af því, að ekki megi hafa tekjur af honum, heldur er hann miklu erfiðari í framkvæmd en aðrir tollar. Enda var frá upphafi svo til ætlast, að þetta yrði aðeins bráðabirgðatollur. Fjhn. vill þó ekki alveg yfirgefa þennan grundvöll, með hliðsjón af fjárhagnum.

Það er þegar búið að samþykkja tekjulið í fjárlagafrv., sem er í sambandi við þetta frv. og byggist á því. Nefndin hefir því ekki sjeð sjer fært að hamla framgangi þess í bili, en ber fram brtt. við frv., á þskj. 539. Er sú fyrri um það, að 1. gr. B. nái einnig til víðboðstækja. En hin tilskilur, að lögin gildi aðeins til 1. mars 1928. Einn nefndarmanna, hv. 3. landsk. (JJ), hefir áskilið sjer óbundið atkv.

Annars leggur nefndin til, að frv. nái fram að ganga og væntir þess, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja það.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get ekki sagt, að jeg sje óánægður með till. nefndarinnar í þessu máli. Jeg hefi þó ekki trú á, að álitið verði rjett á næstu þingum að afnema verðtoll.

Verðtollslögin hafa reynst vel; þó annmarkar sjeu að sumu leyti meiri á þeim en vörutollslögum, hafa þau þann mikla kost, að verðtollur kemur rjettlátar niður á vörutegundirnar. Ógerningur að ná sömu upphæð með þyngdartolli, eigi hann að koma rjettlátlega niður.

Verðtollurinn er í sjálfu sjer hærri á dýrari vörum, en þyngdartollurinn kemur of hart niður á verðminni vörum.

Þó mun jeg ekki gera að ágreiningsatriði, þó lögin skuli vera tímabundin. En að því rekur fyr eða síðar, að Alþingi verður að ganga svo frá tolllöggjöfinni, að ekki sje hún tímabundin, heldur gildi til frambúðar.

Jeg hefi afhent brtt. við 2. brtt. nefndarinnar, en hún er því miður ekki komin til útbýtingar enn, en jeg vona, að svo verði áður en til atkvgr. kemur. Fer hún fram á, að lögin gildi til 1. jan. 1929. Er hún miðuð við það, að ekki þurfi að taka málið til meðferðar á næsta þingi. Þá á að setja fjárlög fyrir árið 1928. En jeg býst við, að þá muni þykja nauðsynlegt að ná tekjum með verðtolli; verður þá ekki hjá því komist að hafa hann í lögum fyrir það fjárhagsár.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hæstv. fjrh. (JÞ) gat þess, að hann væri ekki nema að sumu leyti ánægður með gerðir fjhn. Jeg skal nú ekki segja um það, hvað nefndin gerir, en jeg býst við því, að flestir nefndarmenn telji sig hafa óbundnar hendur um till. hæstv. fjrh. En jeg skal geta þess, að nefndin setti þetta tímatakmark af því, að hún vildi ekki festa verðtollinn til frambúðar í því formi, sem hann nú hefir sem fastur tekjustofn fyrir ríkið. Og ef verðtollurinn verður festur, þá verður að semja þau lög að nýju með aðstoð sjerfróðra manna, og helst á milli þinga. Því að það er ekki góð aðstaða til þess að semja slík lög hjer á þingi, svo að viðunandi sje til frambúðar. Að vísu hefir verðtollurinn þann kost, að hann er hæstur af dýrum vörum. En hann hefir líka ýmsa ókosti, sem þyngdartollur hefir ekki, einkum vegna þess, að erfitt er að gæta þess, að ekki beri út af með það, að honum sje framfylgt, þar sem svo erfitt er um tollgæslu alla eins og hjer gerist.

Jónas Jónsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, sem í fyrsta lagi lýtur að því, sem búið er að taka fram af hv. frsm. (JJós), að tollur þessi var í upphafi hugsaður sem bráðabirgðatollur meðan verið væri að grynna á skuldum ríkisins. En þar sem brtt. hæstv. fjrh. ganga í þá átt að gera þennan toll varanlegan, þá virðist mjer vera ástæða til að spyrja, hvort rjett sje að gera slíka breytingu án þess að bera málið undir þjóðina, eins og fleiri skattalög. En það, sem kemur mjer til þess að greiða atkvæði móti frv., er afgreiðsla annars tollafrv., sem gengur út á það að gefa eftir stóran tekjustofn, sem ríkissjóð munar mikið um. Og ef hæstv. fjrh. getur sætt sig við það að gefa eftir mörg hundruð þús. kr. á öðrum lið, þá er minni ástæða til þess að ganga inn á till. hans í þessu máli. Það er þá bersýnilegt, að stjórnin kærir sig ekkert um peninga, sem hún á þó að rjettu lagi að fá og getur haldið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil leiða athygli hv. þdm. að því, að nú er þingið búið að afgreiða fjárlög fyrir árið 1927 og þar er gengið út frá 850 þús. kr. tekjuum af verðtolli, svo að jeg tel sjálfsagt, að það sama þing, sem afgreiddi fjárlögin með þessum lið, muni einnig samþykkja þetta frv.

Jónas Jónsson: Jeg vil aðeins taka það fram, að hvað snertir afgreiðslu fjárlaganna, þá skiftir það engu máli, hvort gengið er út frá hærri vörutolli og tilsvarandi lægri verðtolli, eða öðru viðlíka hlutfalli milli tekjustofnanna. Annars býst jeg við því að tala meira um það atriði, þegar vörutollsfrv. kemur hjer til umr.

ATKVGR.

Brtt. 539,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 560 samþ. með 9:3 atkv.

— 539,2 þar með fallin.

3. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 72. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 567).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 567).

Á 77. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. maí, var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi. (A. 588).

21. Hlunnindi handa nýjum banka.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita ýms hlunnindi fyrirhuguðum nýjum banka í Reykjavík (stjfrv., A. 172).

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Hjer hafa nú farið fram langar umræður um bankamál og skiftar skoðanir komið í ljós. Jeg vona þó, að ekki þurfi langa framsöguræðu í þessu máli, því að allir geta víst orðið sammála um þetta frv. Báðir hlutar millipinganefndarinnar í bankamálum hafa látið í ljós það álit, að æskilegt væri, að nýr einkabanki kæmist hjer á laggirnar. Ástæðurnar eru öllum ljósar. Í atvinnurekstrinn við sjóinn hefir hlaupið slíkur vöxtur, að þessir tveir bankar, sem fyrir eru, geta ekki lagt fram nægilegt rekstrarfje. Þetta frv. er tilraun í þá átt að bæta úr þessu, þó að því miður sje óvíst um árangur. Frv. er gamall kunningi deildarinnar, því að það er að mestu óbreytt eftir frv., sem hjer var til meðferðar fyrir tveimur árum og var þá afgreitt og náði staðfestingu, en komst ekki til framkvæmda.

Jeg leyfi mjer að óska, að frv. verði vísað til fjhn.

Ásgeir Ásgeirsson: Vegna ummæla hæstv. fjrh. vildi jeg vekja athygli á, hvað meiri hl. bankanefndarinnar hefir lagt til um stofnun nýs einkabanka. Hann segir:

„Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að sem allra fyrst þurfi að setja bankalög, sem geri mögulegt, að hjer komist á fót bráðlega einn eða fleiri nýir einkabankar.“

Skömmu áður í sama brjefi nefndarinnar til hæstv. fjrh. stendur:

„Meiri hl. telur æskilegt, að gefin verði sem fyrst almenn bankalög, eins og til eru í flestum löndum Norðurálfunnar, en að sjálfsögðu sniðin eftir þeim sjerstöku ástæðum, sem hjer á landi eru um bankamál.“

Jeg vildi vekja athygli á þessu, að meiri hl. bankanefndarinnar hefir lagt áherslu á, að þeir bankar, sem stofnaðir kynnu að verða hjer eftir, væru gefnir undir almenna bankalöggjöf.

Jeg segi ekkert að svo stöddu um þetta frv. Aðeins skal jeg benda á, að það, sem bankanefndin hefir sagt um þetta efni, felur ekki í sjer stuðning við frv. um sjerstök hlunnindi handa nýjum einkabanka, sem hjer kynni að verða settur á stofn.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af ummælum hv. þm. V.-Ísf. skal jeg geta þess, að jeg þóttist finna út úr ummælum bankanefndarinnar, að meiri hl. hennar teldi æskilegt, að hjer kæmist á stofn einkabanki sem fyrst. Það getur orðið nokkuð langt að bíða þess, að almenn bankalöggjöf komist hjer á. Því er farið fram á að veita nýjum banka svipuð rjettindi og Íslandsbanki hefir nú þann tíma, sem eftir er af leyfistíma Íslandsbanka.

Meðan Íslandsbanki heldur þeim sjerrjettindum, er hann hefir nú, munu engir treysta sjer til þess að leggja fje í nýjan banka, nema hann fái að njóta sömu rjettinda og Íslandsbanki, að undanskildri seðlaútgáfunni. Að loknum leyfistíma hans

verða væntanlega öllum gerð sömu kjör og kostir.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg skal játa, að jeg varð ekki lítið hissa, þegar jeg sá þetta frv., og mjer hefir heyrst á mörgum þingmönnum, að það koma þeim á óvart. Mjer finst, að jeg og margir aðrir hafi ástæðu til að spyrja hæstv. fjrh., hvort hjer sje ekki eitthvað á bak við.

Það kom skýrt fram í ræðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að meiri hl. bankanefndarinnar ætlaðist ekki til þess, að farið væri að tala um stofnun nýs einkabanka fyr en búið væri að samþykkja væntanlega bankalöggjöf. Tilefnið getur því ekki verið ummæli bankanefndarinnar.

Jeg vil leyfa mjer að spyrja hæstv. fjrh., hvort hjer sje ekki á bak við eitthvert sjerstakt tilefni, einhver sjerstök von um útlent fjármagn. Mjer finst óviðfeldið, ef fara á að veifa út í loftið sjerrjettindum til útlendra manna, öðrum eins og þessum. Saga Alþingis í þessu efni er ekki þannig, að æskilegt sje, að hún endurtaki sig.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg skal geta þess, vegna ummæla hæstv. fjrh., að bankanefndin gerði ráð fyrir, að ekki þyrfti að bíða nema eitt ár eftir nýrri bankalöggjöf, og það lá á bak við yfirlýsingu hennar um nýja banka, sem starfi undir verndarvæng almennrar bankalöggjafar. En ef málið kynni að lenda í deilum og drætti, væri ekki fjarri að láta bankaþörfina reka á eftir, að slíkt frv. um almenna bankalöggjöf kæmist fram á næsta þingi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg verð því miður að svara hv. þm. Str. (TrÞ) á þá leið, að hjer liggur ekkert á bak við af því tægi, sem hann átti við. Jeg hefi engin tilboð fengið um erlent fjármagn nje nokkur haft á orði við mig að leggja fje í slíkt bankafyrirtæki.

En það er þó ekki alveg tilefnislaust, að frv. er komið fram. Jeg hefi áður lýst fjármagnsþörf atvinnuveganna, sem bankar okkar geta ekki fullnægt, af því að þeir eru veiklaðir af töpum undangenginna ára. Þetta er nóg tilefni. Hjer er fetað í þau spor, sem löggjafarvaldið taldi rjett að ganga fyrir tveimur árum. Hitt á jeg bágt með að skilja, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) sagði, að bak við ummæli bankanefndarinnar lægi vilji hennar eða fyrirmæli um, að ekki liði nema eitt ár þar til sett yrði ný bankalöggjöf.

Þegar talað er um þörf á banka, þá eru það þarfir atvinnulífsins, sem verið er að reyna að fullnægja. En þær þarfir fara ekkert eftir því, hvort lengri eða skemri tími líður þar til ný bankalöggjöf kemur. Jeg þykist því fara rjett með, þegar jeg vísa í álit meiri hl. bankanefndarinnar að því er snertir þörf á nýjum einkabanka.

Ásgeir Ásgeirsson: Með ummælum mínum átti jeg við það, að bak við yfirlýsingu bankanefndarinnar um þörf á nýjum banka lægi sú von, að ekki þyrfti að bíða nema eitt ár eftir nýrri bankalöggjöf. Jeg sagði ekki, að þörfin stafaði frá þessari löggjöf. Í brjefi nefndarinnar er hvorttveggja nefnt í senn: þörfin á nýjum banka og þörf á nýrri bankalöggjöf. Með ummælum mínum vildi jeg aðeins benda á, að nefndin telur æskilegt, að undinn verði bráður bugur að nýrri bankalöggjöf. Það mátti vitna til bankanefndarinnar um þörf á nýjum banka. En að því er þetta frv. snertir er ekki hægt að skjóta sjer undir ummæli hennar. Nefndin hefir látið það álit sitt í ljós, að hún telur rjett að skapa möguleika fyrir nýjum bönkum, sem

hún játar, að þörf sje á, með því að setja hið bráðasta almenna bankalöggjöf.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv. og til fjhn. með 25 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 23. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 172, n. 276 og 281, 330, 380).

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Að svo stöddu hefi jeg lítið um frv. þetta að segja umfram það, sem stendur í nál.

Mál þetta er ekki nýtt hjer á þingi, því að það mun í þriðja skiftið á mjög stuttum tíma, sem það kemur fram. Frv. það, sem hjer er til umræðu, er nær samhljóða frv., sem borið var fram á þinginu 1923 og varð þá að lögum. En eins og kunnugt er, hafa þau lög ekki komið til framkvæmda.

Það er skoðun fjhn., að enn sje þörf á að fá fje frá útlöndum til þess að starfrækja atvinnuvegina. Síðan þetta kom fram fyrst hefir engin breyting orðið á þessu, nema að því leyti, sem þörfin hefir aukist, sem meðal annars hefir sýnt sig í því, að bankarnir hafa orðið að taka stór erlend lán, til þess að geta annast hlutverk sitt, að sjá atvinnuvegunum fyrir rekstrarfje.

Þessi lán hafa verið miður hagstæð, og liggur því í augum uppi, að miklu hentugra hefði verið að fá slíkt erlent fjármagn sem hlutafje í banka. Örðugleikar undanfarinna ára hafa líka reynst bönkunum þungbærir, og reynslan hefir sýnt, að betra hefði verið, að áhættan við rekstur atvinnuveganna, sem á bönkunum hefir hvílt, hefði dreifst á fleiri staði.

Um hlunnindi þau, sem um er að ræða í frv. fyrir fyrirhugaðan banka, er það að segja, að þau eru útlátalítil fyrir ríkið. Og samskonar hlunnindi hafa þegar verið veitt Íslandsbanka. Og meðan hann sem einkabanki nýtur slíkra hlunninda, hlýtur hver annar einkabanki, sem hjer er stofnaður, að verða að fá þau líka. Því að annars er óhugsandi, að nokkur slíkur banki geti risið hjer upp.

Um tap fyrir ríkissjóð, þó að hlunnindi þessi verði veitt, getur ekki verið að ræða, því að hann hefir þar engu að tapa.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. En fyrir hönd meiri hluta fjhn. vil jeg taka það fram, að hann fær ekki sjeð, að afstaða minni hlutans sje á rökum bygð, að vilja fresta málinu sökum þess, að ekki sje til almenn bankalöggjöf. Þetta virðist engin ástæða, því að banki þessi getur ekki starfað, nema að fá sömu hlunnindi eins og Íslandsbanki hefir nú. En hinsvegar verður hann, þegar leyfistíminn er á enda, að hlíta þeirri bankalöggjöf, er þá kann að hafa verið sett.

Hvað snertir brtt. á þskj. 330, þá sjer meiri hluti nefndarinnar ekki ástæðu til að breyta ákvæðunum um árgjaldið. Það er í frv. þessu alveg eins og það var sett í lögin 1923 og eins og fjhn. 1920 hafði ráðgert, að það væri í frv. því, sem þá var fyrir þinginu. Hitt getur meiri hluti nefndarinnar fallist á að sje sanngjarnt, að miða árgjaldið við hlutafjármagn annarsvegar, en ágóða hinsvegar. En meiri hl. virðist gjald það, sem farið er fram á með brtt. 330, svo hátt, að ekki sjeu líkindi til, að hægt verði að fá samkomulag um það.

Þá á jeg að skila frá nefndinni, að hún geti fallist á brtt. á þskj. 380.

Skal jeg svo ekki fjölyrða frekar um þetta nú og bíða þangað til flm. hafa gert grein fyrir till. sínum.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg hefi orðið einn um það í fjhn. að leggja til, að heimildarlög þessi verði feld. Mjer finst rjettara að bíða þangað til almenn bankalöggjöf verður sett. Jafnframt finst mjer hjer vera um svo stutt sjerleyfi að ræða, að ekki sje von til, að nokkur gíni við því án þess að vita eitthvað um framtíð sína að öðru leyti, því að það varðar mestu fyrir þá, sem ætla að reka hjer bankastarfsemi til langframa.

Þá get jeg ekki fallist á þá ástæðu háttv. meiri hluta, að rjettindi þeirra banka, sem hjer starfa, þurfi að miða við rjettindi Íslandsbanka, sem býr nú að erfiðleikum og óáran undanfarinna ára, og má gera ráð fyrir, að hlunnindi hans geri ekki meira en að koma á móti töpum síðustu ára. Fáist ekki fje til nýs banka án þess að veita sömu kjör og þeim bönkum, sem fyrir eru, væri nær að miða þau við Landsbankann heldur en Íslandsbanka, því ef samkepni er að óttast, er meira að óttast af hálfu Landsbankans, sem ríkið stendur á bak við. Auk þess, sem mjer virðist hentugra að bíða með þetta mál eftir hinni nýju bankalöggjöf, þá eru tímarnir ekki heppilegir til þess að fá mikið erlent fje inn í landið í því skyni að efla atvinnuvegina, þar sem gengispólitíkinni hefir nú um skeið verið svo háttað, að atvinnuvegir landsins eru nú reknir með tapi. Hækkandi gengi þýðir verðlækkun, og verðlækkunartímar eru óheppilegir til útfærslu á atvinnuvegunum. Því að yfirstandandi tímar eru verðlækkunartímar og óhagstæðir, þar sem skapa þarf verðlækkun, sem leiðir af gengishækkuninni, meðal annars með því að draga saman seglin og neita um lánsfje.

Ef á að skapa verðlækkun í áframhaldi af þeirri gengispólitík, sem rekin hefir verið nú um nokkurt skeið, þá er lítill vinningur í því að fá nýtt fjármagn inn í landið á meðan sá „process" stendur yfir. Hið núverandi ástand er svo bágborið, að ekki yrði gagn af því „kapitali", sem flyst inn í landið meðan svo búið stendur.

Það er að vísu ekki óhagræði fyrir þann, sem hefir „kapitalið", að flytja það inn í landið meðan krónan er 80% af gullverði og taka það út þegar krónan er komin í „pari". Það er, a. m. k. á yfirborðinu, kostur fyrir þann, sem á fje, sem hægt sje að flytja hingað, en það er ekki kostur fyrir þjóðina sjálfa, því að þetta fje er lán, sem hún verður að útborga með hærri krónum. Mjer virðist ekki óttalaust, að hækkunarmennirnir fái vilja sínum framgengt á þessu þingi, þótt ekki sje hægt að segja neitt með vissu um það, en verði þeir ofan á, er alveg ljóst, að það er enginn hagnaður að því að ráðast í nýjar framkvæmdir meðan gengisörðugleikarnir standa yfir.

En verði tekin sú stefna að festa gjaldeyrinn, þá er mikið gagn að því að fá nýtt fjármagn inn í landið. Yrði sú stefna tekin, er óskandi, að sem fyrst fengist nýtt fjármagn. En jeg hygg, að slíkt kæmi þó ekki svo fljótt til framkvæmda, að það gerði neitt til, þótt afgreiðsla þessa máls drægist til næsta þings og biði eftir almennri bankalöggjöf. Mín till. er því sú, að frv. verði felt, ekki vegna þess, að jeg telji ekki líklegt, að sá tími komi, að fjármagn þurfi að flytja inn í landið, heldur vegna þess, að öll þessi bankamál verða til

úrslitaumr. á næsta þingi, og af því að jeg tel tæpast hættu á töf á stofnun nýs banka, þótt þetta mál dragist til næsta þings.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get verið þakklátur háttv. meiri hl. fjhn. fyrir góðar undirtektir undir þetta mál. Hann hefir, eftir því sem hv. frsm. (JakM) sagði, sýnt fullan skilning á þeirri miklu nauðsyn, sem er á því að útvega meira fjármagn til atvinnuveganna en verið hefir hingað til. Jeg þarf í raun og veru ekki að færa nein rök fyrir þeirri skoðun, sem hv. meiri hl. hefir fallist á, og eru aðalatriðin tekin fram í nál. hans á þskj. 276, sem er það tvent, að vöxtur atvinnuvega landsins útheimti meiri aukningu rekstrarfjár en áður hefir verið komist af með, og að þessi aukning, sjerstaklega frá stríðslokum, sje svo stórkostleg, ef skoðuð er í heild, að engin von sje til þess, að tveir bankar geti annað henni nema fjárhagur þeirra hefði eflst til mikilla muna. En nú hefir einmitt hið gagnstæða átt sjer stað; þeir hafa báðir tapað; geta þeirra hefir minkað, en ekki vaxið. Jeg verð að segja, að þetta sje svona, án tillits til hins, hversu ráðið verður fram úr seðlaútgáfunni, en þó er því ekki að neita, að verði einhver bönd lögð á útlán úr Landsbankanum með því að fela honum seðlaútgáfuna, þá er enn ein ástæðan fyrir hendi til þess að útvega meira rekstrarfje.

Jeg gat því miður ekki heyrt alla ræðu hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), sem er í minni hluta um þetta mál. En jeg heyrði hann færa fram tvær ástæður sjerstaklega móti þessu máli.

Önnur er sú, að fyrst þyrfti að ljúka undirbúningi undir almenna bankalöggjöf, áður en þessi banki yrði stofnaður. Jeg veit ekki, við hvað hann á, en get þess til og hugsa mjer það, að hann eigi við það, að milliþinganefndin í bankamálum eigi eftir að ljúka þeim störfum. En jeg lít svo á, að nefndin hafi lokið störfum sínum, nema þetta þing vilji vekja hana upp aftur. Jeg tók það fram á síðasta þingi, að jeg hefði enga ástæðu til þess að vera á móti nefndarskipuninni, ef hún væri gerð með því fororði, að undirbúa lög um seðlaútgáfuna og koma fram með till. um fyrirkomulag veðlánastarfseminnar í landinu til næsta þings, en svo væri óbundið, hvort hún hjeldi áfram störfum eftir að þetta þing væri úti, og fjellust allir, þegar til kom, á þennan skilning, að því er jeg best veit. Og jeg verð að segja það, sem jeg sagði þá, að jeg fæ ekki sjeð, að þörf sje fyrir slíka löggjöf í bráð, meðan leyfistíma Íslandsbanka er ekki lokið.

Það má ekki ætla, að það henti að útbúa slíka löggjöf löngu áður en hún á að verka, því að hún yrði orðin úrelt, þegar til framkvæmdanna kæmi. Get jeg þess vegna ekki fallist á þessa mótbáru hv. þm.

Hin mótbára hv. þm. er sú, að meðan óráðið sje um framtíð íslensku krónunnar, sje ekki rjett að veita erlendu fjármagni í atvinnufyrirtæki þessa lands. Jeg held nú, að fáir verði hv. þm. sammála um þetta. Jeg held, að allir verði að vera sammála um það, að hvað sem verður um gildi peninganna í framtíðinni, þá sje það langæskilegast, að atvinnuvegirnir stöðvist ekki vegna skorts á rekstrarfje. Við höfum nú einmitt sjeð framan í þann möguleika nú í vetur, að jeg get ekki skilið, að mönnum yfirleitt, hvort sem þeir eru hækkunarmenn eða stýfingarmenn, þyki það nokkur búhnykkur fyrir okkur.

Jeg held, að hv. þm. hafi blandað þessu saman við hitt, að það er ekki ráðlegt fyrir einstaka menn, þegar gengisóvissa er

framundan, að taka lán til að festa um lengri tíma í fyrirtækjum, sem tvísýnt er um, hvort beri mikinn og fljótan arð. En hitt er annað, að vilja koma í veg fyrir, að kostur sje á rekstrarfje til atvinnufyrirtækja, sem skila aftur á sama ári fje því, er þau hafa tekið að láni. Jeg verð að álíta, að það sje a. m. k. bein skylda löggjafarvaldsins að stuðla að því, að atvinnuvegirnir geti haft aðgang að nauðsynlegu rekstrarfje.

Jeg ætla svo, þótt hv. tillögumenn, sem komið hafa hjer fram með brtt., hafi ekki talað fyrir þeim, að lýsa strax afstöðu minni til þeirra.

Þrír menn úr fjhn. bera fram 3 brtt. á þskj. 330, sem eru í raun og veru aðeins 2 að efni til. Þessar brtt. eru um skilmála þá, sem fjalla um þá kosti og kvaðir, sem á að vera heimilt að bjóða þeim mönnum, sem kunna að leita fyrir sjer um fjárframlög til stofnunar bankans. Um a.-liðinn er það að segja, að það er alveg eins gott að fella frv. eins og að samþykkja þessa till., því að jeg tel enga von um það, að nokkur vilji leggja fram fje í bankann, ef till. verður samþykt. Háttv. flm. virðast hafa litið á það eitt, að ekki sje allskostar eðlilegur sá stigi, sem frv. fer fram á að lögleiddur verði. Þeir líta á það, að afgjaldskvöðin eftir frv. er heldur þyngri á stórum banka en litlum og afgjaldið verður að tiltölu við hlutafje hærra í stórum en í litlum banka. Háttv. flm. geta að vísu vísað til þeirrar grundvallarreglu, sem fylgt er í tekjuskattslöggjöfinni, þar sem afgjaldið er miðað við hundraðshluta, hærri á háum tekjum, en lægri á lágum. En þessi stigi hefir einmitt gefist illa, hann leiðir til þess, að litlum fyrirtækjum hefir verið sýnd harðdrægni. En reglan, sem tekin hefir verið upp í stjfrv., fer meðalveg í þessu,

Ef mikið hlutafje fæst, ber það vott um, að mönnum þyki fyrirtækið ekki óálitlegt og þyki gott að leggja fje í það, og væri þá ekkert óeðlilegt, þótt gerðar væru harðari kröfur um framlag í ríkissjóð, þegar hlutafjeð er mikið. — Hinsvegar verður rekstrarkostnaður fyrirtækisins tiltölulega minni, ef það er stórt, og vegur það á móti.

Jeg hefði nú ekkert á móti því að víkja við grundvallarreglunni, ef ekki væri munurinn eins mikill frá því, sem stjfrv. fer fram á. Ef t. d. verður byrjað með 2 milj., sem er langsennilegast — og getur gengið erfiðlega að útvega það — þá fer það svo, að till. gerir meira en að þrefalda árgjaldið. Ef afkoman væri svo ljeleg, að ríkissjóður ætti ekki að fá nema 5 þús. kr. árgjald eftir stjfrv., fengi hann 14 þús. samkv. till.; ætti hann að fá 15 þús. eftir stjfrv., fengi hann 50 þús. Og svo langt er gengið, að þegar arðurinn er orðinn yfir 13% af hlutafjenu, er heimtað 50% af honum í ríkissjóð. Þetta má nú alls ekki skoða sem neina ívilnun, heldur eru þetta miklu harðari kostir en nokkurntíma er beitt í skattlagningu hlutafjelaga samkvæmt tekjuskattslögunum, og eru þeir þó afarharðir.

Væri þetta símað erlendum fjármálamönnum, myndu þeir skoða þetta sem vott um andstæðan hugsunarhátt hinna íslensku löggjafa og alveg hætta við að leggja eyrisvirði í fyrirtækið. Annars liggur næst að bera þetta saman við kjör þau, sem Íslandsbanki fjekk, eða við skattalöggjöfina. Í henni er það svo, að af því, sem er næst fyrir ofan 13%, á að greiða 20% í ríkissjóð, en hjer er farið fram á 50%. og þótt nokkuð sje ætlað fyrir útsvörum o. fl. þess háttar, þá er alls ekki um neina ívilnun að ræða, móts við önnur hlutafjelög. Í Íslandsbanka er það svo,

að af því, sem er yfir 4% af arði, fær ríkissjóður 10%, svo að þau kjör, sem farið er fram á í stjfrv. til handa nýjum banka, eru að mun óhagstæðari en kjör þau, sem Íslandsbanki hefir. Væri í raun og veru eðlilegast að fara fram á sömu afgjaldsskilmála og þá, er sá banki hefir.

Jeg er alveg viss um það, að þessi till. er ekki til þess, að ríkissjóður fái meira fje af þessu fyrirtæki, heldur til þess, að það komist alls ekki á fót, og það er meira að segja engin vissa fyrir því, að þetta fyrirtæki komist á stofn eftir þeim uppástungum um væntanleg kjör þess, sem gerðar hafa verið í stjfrv.

Aftur á móti eru b.- og c.-liðirnir til bóta. Í þeim felst trygging fyrir þá menn, sem leggja fje í fyrirtækið, að þeir að leyfistíma Íslandsbanka loknum njóti hinna bestu kjara, sem veitt kunna að verða einkabanka. Verður þá væntanlega sett almenn bankalöggjöf, sem Íslandsbanki og aðrir bankar koma undir. En hitt má skoða sem tryggingu fyrir því, að ekki verði of mikið lagt á þetta fyrirtæki.

Þá eru hjer till. frá hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. þm. S.-Þ. (IngB) á þskj. 380. Við þær hefi jeg ekkert að athuga, og fyrri till., að eftirlitsmaður með bönkum og sparisjóðum skuli samþykkja afskriftirnar, fælir ekki frá.

Hin till., að Alþingi kjósi tvo af þrem endurskoðendum bankans, er meinlaus í mínum augum. En jeg held, að hún sje ekki annað en útvegun á tveim bitlingum til handa alþingismönnum, og það gæti verið til sú stjórn, sem nota kynni þetta á svipaðan hátt. En jeg geri engan ágreining út af þessari till., því að jeg held, að hún muni varla koma til að spilla fyrir frv. Aðalatriðið er, að málið fái framgang, ekki aðeins á Alþingi, heldur og í reyndinni.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla í fjarveru hv. aðalflm. till. á þskj. 330 að segja nokkur orð um þær. Í nál. fjhn. er getið um ágreining þann, sem varð um d.-lið 1. gr. frv. af hálfu tveggja nefndarmanna. En svo hefir þriðji maðurinn bæst við, fallist á till. okkar og er nú meðflm. okkar að henni.

Það er þá fyrst a.-liðurinn, sem jeg ætla að víkja að, enda hefir mest verið um hann talað. Það eru aðallega tvær ástæður, sem liggja til grundvallar fyrir þessum brtt. okkar. Það er þá fyrst, að eins og ákveðið er í frv., að misrjetti getur átt sjer stað gagnvart þeim, sem leggja fje í þetta fyrirtæki, eftir því, hvort um er að ræða mikið hlutafje og lítinn gróða eða lítið hlutafje og mikinn gróða. Þannig verður að greiða jafnmikið af jafnmiklum gróða, hvort sem hlutafjeð er mikið eða lítið, hvort sem það er 2 miljónir eða 6 miljónir. Þetta fanst okkur ekki rjettlátur mælikvarði fyrir arðgreiðslu í ríkissjóð, og var þetta önnur ástæðan til þeirra breytinga, sem við komum fram með. Ef gróðinn væri t. d. ekki nema 100 þús. kr., mætti telja það fremur lítinn gróða af 2 miljónum, og enn minni af 6 miljónum, og á bankinn þá að greiða samt jafnmikið eftir stjfrv. Hitt atriðið, sem liggur til grundvallar fyrir brtt. okkar, er það, að okkur þótti ríkissjóði ætlað of lítið af gróða bankans. Með gjaldstiga okkar tel jeg bankanum ekkert ofþyngt, því að þegar að því kemur, að ríkissjóður fer að fá nokkuð í arð af gróða bankans, þá er bankinn orðinn vel trygður. Búið að draga frá af óskiftum arði hæfilega fjárhæð til afskriftar af húsi og munum, beint áfallið tap, 10% til varasjóðs og 5% af hlutafjenu til hluthafaarðs. Jeg skal setja fram dæmi, þessu til skýringar. Gerum ráð fyrir, að hlutafjeð sje 3 milj. og hreinn gróði 300 þús. Eftir frv. á ríkis-

sjóður þá að fá 60 þús., en bankinn 240 þús., eða rjett 8%. Eftir brtt. okkar á ríkissjóður að fá 75 þús., en bankinn 225 þús. Þessar 225 þús. kr. væri, að mjer skilst, alt að 7½%, svo að hlutafjeð fengi samt nær 12½%, þó gengið væri að okkar till.

Gerum svo ráð fyrir, að hlutafjeð sje 3 milj., en gróðinn þrefalt minni, eða 100 þús. kr. Eftir brtt. okkar ætti ríkissjóður þá að fá 12 þús., en hlutafjeð 88 þús. kr. Jeg get engan veginn sjeð, að með þessu sje nærri gengið hlutafjenu.

Jeg hefi þá með þessu svarað hæstv. fjrh. Hann lagði svo mikið upp úr þessu, að hann taldi sama, hvort frv. væri felt eða gengið að brtt. okkar. Jeg veit ekki, hvað erlent hlutafje getur gert sig ánægt með í viðskiftum við okkur, ef þetta þykir of nærri því gengið. Jeg sem meðrihlutamaður í nefndinni hefi gengið inn á, að þörf væri fyrir aukið starfsfje í landinu. En mjer dettur í hug, ef gera á svo mikið úr þessu atriði, hvort greitt er lítilsháttar meira eða minna, en þó ekki nema auðvirðilegur hluti af gróða bankans, að rjett væri að átta sig á því sem fyrst, hvað langt er farandi í því að leggja þjóðina undir okur erlends fjármagns. Um b.- og c.-liðinn þarf jeg ekki að tala. Jeg býst við, að þær brtt. valdi ekki ágreiningi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla, að jeg væri eini þingmaðurinn, sem hreyfði andmælum gegn frv. þessu strax við 1. umr. Jeg hefi ekki breytt um skoðun síðan. Jeg álít algerlega óviðeigandi og þjóðinni ósamboðið að veifa framan í útlendinga slíkum sjerrjettindum sem þessum, alveg að tilefnislausu. Hæstv. fjrh. hefir lýst því yfir enn á ný, að engin vitneskja og því síður vissa væri um það, að fje yrði í boði. Jeg lít svo á, að það sje blettur á Alþingi, að á þrem sviðum eru nú boðin fram sjerstök hlunnindi handa útlendingum, ef þeir vilja koma og leggja fram eitthvað af peningum. Jeg get ekki tekið þátt í þessu.

Meiri hl. fjhn. og hæstv. fjrh. hafa lagt áherslu á það, að þörf væri fyrir útlent rekstrarfje til þess að styðja atvinnuvegina. Hæstv. fjrh. sagði, að aldrei hefði verið meiri þörf á þessu en nú. Jeg fer ekkert út í það. En sje svo, og jeg lít svo á, að svo sje, að atvinnuvegirnir eigi við meiri örðugleika að etja en nokkru sinni áður, þá er það fyrst og fremst að kenna stefnu og framkvæmdum hæstv. fjrh. í gengismálinu. En ef ástæða er til að fá erlent lánsfje, þá væri miklu eðlilegra, að bankarnir, sem hjer eru fyrir, tækju lán og miðluðu til atvinnuveganna. Jeg býst við, að bankastjórunum við þá banka væri ekki síður trúandi fyrir því fje en ókunnum mönnum, sem auk þess ættu að ráða yfir einhverjum verulegum hluta af sparifje landsmanna. Það á nú kannske að heita svo, að bankinn hafi ekki sparifje, en það var líka tilætlunin með Íslandsbanka, og tekur hann þó við því.

Jeg lít svo á, að ekki ætti að samþykkja þetta frv. Jeg þykist þó sjá, að það muni ná samþykki, þar sem 6 af 7 fjárhagsnefndarmönnum leggja með því. Ber jeg því fram tvær brtt., því að jeg lít svo á, að betri sje hálfur skaði en allur. En jeg skal taka það fram, að jeg greiði atkv. á móti frv., þó að báðar þessar brtt. verði samþyktar.

Till. fara í þá átt að tryggja betur afstöðu ríkissjóðs.

Bankinn á samkv. 1. gr. staflið d. að mega verja nokkru af ársarðinum til af-

skrifta. Til frekari tryggingar því, að þessi heimild sje ekki misnotuð, vil jeg, að til komi samþykki eftirlitsmanns banka og sparisjóða. Hin breytingin er á þá leið, að Alþingi, en ekki stjórnin, skipi tvo af þrem endurskoðendum bankans. Hugsunin er sú, að meiri trygging sje fyrir óhlutdrægu eftirliti, ef endurskoðendur eru skipaðir bæði af stjórnarflokknum og andstöðuflokknum, og meiri líkur til, að það verði að gagni.

Jeg get tekið undir með hv. frsm. minni hl. (ÁÁ), að þetta er stjfrv., en kemur þó í eðli sínu á móti stefnu stjórnarinnar í gengismálinu. Ef koma ætti í framkvæmd stefnu stjórnarinnar, yrði að takmarka allar lánveitingar og setja fjölmarga af atvinnurekendum á höfuðið. Þetta frv. verkar í öfuga átt, því að hjer er verið að leggja drögur fyrir nýtt starfsfje. Jeg skal benda á annað. Hver myndi útkoman verða, ef þessi banki kæmist á stofn og stjórninni tækist jafnframt að hækka krónuna upp í gullgildi? Gerum ráð fyrir, að stofnfje bankans væri 5 milj. í íslenskum krónum. Nú er ísl. krónan um 20% undir gullverði. Ef stjórninni tekst að hækka hana á tveimur árum upp í gullgildi, þá verður landið að borga eigendum bankans 1 miljón króna fyrir lánið á þessum 5 miljónum, vegna gengishækkunarinnar. Þetta kalla jeg dýrt. Yfirleitt virðist mjer þetta frv. bera greinilega vott um hið mesta „planleysi“ hjá stjórninni og flokki hennar í bankamálunum og gengismálinu. Sífeld styrjöld innan stjórnarflokksins um öll stærstu málin veldur því, að útlit er fyrir, að þetta þing verði eitt hið lengsta, en um leið ómerkilegasta, sem haldið hefir verið. Mjer finst hlálegt, ef þetta verður eina frv. af bankamálunum, sem samþykt verður, frv. um að veifa hlunnindum framan í útlendinga. Jeg öfunda ekki hæstv. stjórn af þessari einu fjöður.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg held, að þessir hv. nefndarmenn, sem bera fram brtt. á þskj. 330, hefðu átt að áskilja það, að bankinn greiddi venjulegan tekjuskatt. Það er eins og hæstv. fjrh. sagði, að það, sem þeir leggja til, er ekki ívilnun, heldur íþynging. Um það má sannfærast með því að taka tekjuskattslögin til samanburðar.

Það er ekki hægt að skilja till. öðruvísi en verið sje að slá hendinni á móti þessu frv. Um b.- og c.-liði till. lít jeg svo á, að þar sje aðeins um skýringar að ræða á efni, sem felst í frv., og er jeg ekki á móti því, að þeir sjeu samþyktir. Hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) gerði grein fyrir afstöðu sinni. Bygði hann hana á svipuðum grundvelli og hann drepur á í nál., en líka því, að ástæðulaust væri fyrir þá, sem stofna vildu nýjan banka, að setja fyrir sig rjettindi Íslandsbanka, sem lamaður væri af erfiðleikum undanfarinna ára. Það er mikið til í því, að nýr banki stæði betur að vígi, eða svo mætti virðast. En sjón er sögu ríkari. Enginn hefir viljað stofna hjer banka fríðindalaust. Það hafa tvívegis komið fram frv. um sjerleyfi til bankastofnunar og bæði farið fram á að fá hlunnindi Íslandsbanka. Það er auðsætt, að banki verður ekki stofnaður án þeirra. Hv. minni hl. (ÁÁ) benti á, að miklu meir væri að óttast samkepni við Landsbankann en Íslandsbanka. En engum dettur í hug, að einkabanki geti fengið sömu rjettindi og Landsbankinn, sem er þjóðareign. — Það er misskilningur hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að hjer sje verið að veifa rjettindum framan í útlendinga. Það eru engir útlendingar að falast eftir þessu,

Það er verið að gera þetta fyrir landsmenn sjálfa og atvinnuvegi þeirra. Annars sje jeg ekki mikinn mun á því að veifa þessu eða biðja um lánsfje. Hv. þm. vill láta bankana fá lán, til þess að þurfa ekki að stofna nýjan banka. En það verður aðeins til þess að firra útlendingana þeirri áhættu, sem því er samfara að stofna banka. — Bæði hv. minni hl. (ÁÁ) og hv. þm. Str. (TrÞ) töluðu um, hvernig þetta kæmi heim við gengishækkunarpólitíkina. Þeir bentu á, að ef bankinn yrði stofnaður, yrði um leið stofnað til skulda, sem ættu eftir að hækka, ef krónan færi upp í gullgildi. Þetta er rjett. En útkoman yrði sú sama, þótt tekið væri lán til að halda atvinnuvegunum uppi. Jeg mintist á það, að á þinginu 1923 var því ekki neitað, að nauðsynlegt væri að fá meira rekstrarfje. En þá var því haldið fram, að mjög miklar líkur væru til, að stofnaður yrði samvinnubanki. Úr því hefir ekkert orðið. Það er skiljanlegt, að hefði verið að því komið að stofna slíkan banka, þá hefði verið minni þörf fyrir þennan fyrirhugaða banka. Nú sje jeg ekki betur en að allir sjeu horfnir frá þessu, og því hafi ekki verið aflað fjárins. Og það sýnir, hvað kreppan hefir aukist síðan; því að það mun hafa verið fyrirhugað, að samvinnufjelögin af eigin ramleik stofnuðu bankann, en nú treysta þau sjer ekki til þess. Þetta sýnir aftur, að þörfin á banka hefir ennþá aukist að miklum mun síðan 1923.

Hv. þm. Str. (TrÞ) veifaði því allmjög, að það væri hættulegt að veita útlendingum leyfi til þess að starfrækja hjer slík fyrirtæki sem banka. En það er líklega sú tegund fyrirtækja, sem hjer þarf einna minst að óttast, þótt útlendingar leggi fje í. Það er alls ekki meiningin hjer að fá útlendingum algerlega frjálsar hendur um stjórn slíks fyrirtækis, þannig, að þeir sjeu ekki á neinn hátt háðir lögum landsins. En það, sem er allra besta tryggingin gegn allri áhættu, er það, að þeir hljóta að eiga algerlega sinn hag sameiginlegan við atvinnuvegi landsins, þannig að bankinn geti aldrei starfað með góðum árangri fyrir sína hluthafa, ef hann starfar ekki jafnframt fyrir atvinnuvegina, sem þeir reka.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstv. fjrh. þurfti ekki að verða eins hissa og hann virtist verða á nál. mínu, því að í þeirri þáltill., sem milliþinganefndin í bankamálum hefir starfað samkvæmt, stendur, að hún eigi einnig að öðru leyti að endurskoða bankalöggjöf landsins. Það er að vísu rjett, að hæstv. fjrh., sem vildi yfirleitt á síðasta þingi draga úr þessari nefndarskipun, taldi svo sem ekki væri vert að athuga fleira en seðlamálið og veðdeildina. En í hv. Ed. mætti þessi skilningur hans mótmælum skýrum og greinilegum. En þegar engin brtt. kom fram, hvorki í Ed. eða Nd., sem gerði það ótvírætt, að vilji hæstv. ráðh. væri einnig vilji þingsins, þá lít jeg svo á, sem milliþinganefndin hafi haft rjett fyrir sjer, þegar hún skrifaði hæstv. ráðherra hið síðasta brjef sitt, dags. 10. febrúar í ár. En í því brjefi er skýrt og greinilega sagt frá því, að nefndin hafi ekki getað lokið við að gera tillögur um endurskoðun á bankalöggjöfinni. Undir þetta brjef rituðu tveir nefndarmenn úr Íhaldsflokknum og tveir skipaðir af Framsóknarflokknum. Jeg hefi ekki orðið var við ennþá, að nefndin hafi fengið tilkynningu um, að þetta væri misskilningur. Við 1. umræðu þessa mál gat jeg þess einnig, að nefndin ætlaði sjer að vinna að hinni almennu bankalöggjöf, og fjekk þá ekki heldur neina leiðrjetting á þeim „misskilningi“.

Svo að það ætti að vera fyllilega afsakanlegt, þótt jeg gengi út frá, að milliþinganefndinni væri falið að undirbúa almenna bankalöggjöf. Hæstv. ráðherra hefir hvað eftir annað fengið tækifæri til að leiðrjetta það áður, sje það misskilningur. En þar sem hann hefir ekki gert það fyr en nú, þarf hann ekki að verða hissa á, að jeg ber þetta fram sem ástæðu.

Um hitt er jeg hæstv. ráðh. algerlega ósammála, að það eigi að draga að setja almenna bankalöggjöf þangað til á síðustu stundu, þegar einkarjettur Íslandsbanka er útrunninn. Almenn bankalöggjöf er yfirleitt þannig, að hún er ekki sniðin með tilliti til eins árs, heldur langs tíma. Og jeg teldi það mjög óheppilegt að fara að hrúga upp sjerleyfisbönkum, en bíða fram á síðustu stund með almenna bankalöggjöf, og fái svo þrýstingurinn frá þessum sjerleyfisstofnunum að hafa mikil áhrif á þá löggjöf. Jeg tel nauðsynlegt að ljúka þessari almennu bankalöggjöf hið allra fyrsta. Þetta var mín fyrsta ástæða.

Önnur ástæðan var sú gengispólitík, er hæstv. ráðherra rekur. En nú segir hann, að nauðsynin á auknu fjármagni hafi aldrei verið eins mikil og einmitt nú. Jeg hjelt, að hæstv. fjrh. væri það fyllilega ljóst, að ef rekin er gengispólitík hans, þá hlýtur það að skapa kreppu. Og það á að skapa kreppu, því að einungis með henni er hægt að þrýsta verðlaginu niður. Hækkunarmenn verða að vera sjálfum sjer samkvæmir og víla ekki fyrir sjer, þótt þetta kosti þrautir og þjáningar. Þeir verða að gera ljóst sjer og sínum fylgismönnum, að þeirra pólitík heimtar þetta og að það eru engin meðul til, sem geta látið atvinnuvegina blómgast um leið og verið er að hækka. Yfirleitt veit hæstv. fjrh. þetta alt saman, svo að það ætti ekki að þurfa að segja honum það þess vegna. *(Fjrh. JÞ*: Hann veit líka fleira). Hann veit líka fleira, því vit hans á þessum efnum er yfirleitt betra en stefna hans. *(TrÞ*: Heyr!).

Hæstv. fjrh. lagði einnig áherslu á það, að ef þetta frv. yrði ekki samþykt, þá væri ekki útlit fyrir annað en atvinnuvegir landsmanna þyrftu að stöðvast að svo og svo miklu leyti. Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. ráðh. geri hjerna fullmikið úr nauðsyn þessarar nýju stofnunar. Við skulum hugsa okkur, að það mishepnaðist að fá þennan nýja banka. Hæstv. fjrh. hefir lýst yfir, að engin vissa væri fyrir, að það tækist, og jeg veit, að meiri hl. fjhn. telur mjög lítil líkindi til, að þetta takist fyrir næsta þing. Þá er ilt í efni fyrir okkar atvinnuvegum. Jeg hefi verið þeirrar skoðunar, að sú atvinna, sem nú er rekin í landinu, muni geta gengið á næstu árum án þess að stofna nýjan banka, — muni geta það með þeim lánum, sem landið getur fengið erlendis og hæstv. fjrh. mun vera fús að ganga í ábyrgð fyrir. Jeg gerði mig ekki í minni röksemdaleiðslu sekan um það, sem hæstv. fjrh. hjelt fram, að jeg hefði gert, sje að rugla saman því, sem framkvæmt er til langs tíma, og því, sem gert er til stutts tíma. Jeg skal fúslega játa, að það eru mestar líkur til, að svona banki mundi starfa að því að lána þeim atvinnuvegum, sem gætu borgað á 6—12 mánaða fresti. En við höfum sjeð á síðustu árum, hvaða áhrif gengishækkanir geta líka haft á slíka atvinnuvegi. Það hafa orðið stórtöp hjá atvinnurekendum, sem hafa svo stundum lent á bönkunum.

Mjer hefir skilist, að hæstv. ráðh. liti svo á, að hægfara hækkun sje eiginlega óhugsandi og eigi ekki að gera ráð fyrir henni. *(Fjrh. JÞ*: Jeg hefi aldrei sagt neitt

um það). Við 2. umr. um gengismálið hefir hæstv. ráðh. sagt það skýrt og greinilega, að hjer væri annaðhvort um að ræða að hækka fljótt og vel eða þá festingu. Því að hægfara hækkunin, sem menn hafa talað um undanfarið, sje lítt framkvæmanleg og óheppilegri en sú snögga. *(Fjrh. JÞ*: Nei, það er ekki rjett). Mjer hefir skilist, að þetta sje stefna hæstv. ráðherra í gengismálinu. Og þó hann kannske ekki játi, að þetta sje sín framtíðarstefna, þá er það sannanlegt, að sú var stefna hans á síðasta ári. Það þarf hvorki að játa því eða neita, raunin sýnir það. Svo jafnvel þó lán sjeu ekki tekin til lengri tíma en 6—12 mánaða, geta þau sannarlega orðið háskaleg bæði fyrir þá, sem taka, og þá, sem veita. Þetta mál á sannarlega skylt við gengismálið. Ef á að hækka — kannske á þremur árum — upp í fyrra gengi, þá er það fyrirsjáanlegt, að atvinnurekstur landsmanna muni ekki geta borið sig. Og fyrst svo er, þá er enginn ávinningur að því að auka atvinnuvegina, fjölga togurum, byggja hús o. s. frv. Þannig getur svo verið ástatt, að það sje enginn kostur að fá nýtt fjármagn inn í landið. Hvort það sje heppilegt, er undir því komið, hvernig skilyrðin eru fyrir notkun þess á hverjum tíma. Og verði festingarstefnan ekki ofan á, þá eru skilyrðin slæm.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að tvívegis hefði komið til mála að fá sömu rjettindi til bankastofnunar og Íslandsbanki hefir. Jeg get vel trúað þessu. En þetta sannar ekkert um það, að hjer sje ekki hægt að stofna banka með öðrum kjörum. Þetta er eðlileg afleiðing af því, að hjer er enginn almenn bankalöggjöf. Því ef hjer væri einhver almenn bankalöggjöf, þá myndu lysthafendur hafa miðað við hana. Jeg geri ráð fyrir, að hún verði ekki strangari en það, þegar hún verður sett, að arðvænlegt verði talið að leggja fje í bankastarfsemi. Og til þess vil jeg fá almenna bankalöggjöf sem fyrst, að hver sem er geti starfað að því hvenær sem er að koma af stað banka, aðeins ef fullnægt er þessum föstu skilyrðum, án þess að þurfa að leita til þings eða stjórnar frekar en þar væri ákveðið. Þá vita allir út frá hverju á að ganga. Bankalöggjöfin á að koma til þess að hægt sje að komast hjá þessu stöðuga kvabbi um heimild um bankastarfsemi, sem hefir komið þing eftir þing og hingað til engan árangur borið.

Hv. frsm. meiri hl. gaf í skyn, að við, sem talað höfum á móti frv., hefðum ekki hug til þess að snúast beint á móti því. Jeg skal játa, að það þarf nokkurn kjark til að gefa slíkt í skyn eftir okkar ræður. Við höfum haldið því fram, sem er beint gegn frumvarpinu, að það eigi að gera alt, sem unt er, til þess að bæta úr ástandinu, sem er. Við höfum haldið því fram og skulum styðja að því, að Landsbankinn verði gerður að seðlabanka þegar á þessu þingi, — að krónan verði fest í sínu sanngildi og að almenn bankalöggjöf verði sett þegar á næsta þingi.

Jeg er sannfærður um, að þetta er það eina varanlega, sem hægt er að gera fyrir fjárhag þessa lands nú á þessu þingi. Og ef það sæi fyrir þessu öllu, þá mun það hljóta góðan orðstír, þó að þingsetan sje orðin nokkuð löng.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. frsm. meiri hl. (JakM) hefir að æðimiklu leyti tekið af mjer ómakið, svo að jeg skal reyna að vera stuttorður.

Gagnvart hv. 1. þm. N.-M. vil jeg minna á það, að það má ekki líta svo á, að hjer sje verið að setja einhver ákvæði í skattalöggjöfina, sem löggjafarvald landsins sje

alveg einhlítt um að ákveða. Hjer er verið að gera uppástungu um samningsgrundvöll. Og ef mönnum tekst ekki að gera hann þannig úr garði, að hann þyki aðgengilegur, þá verður ekkert úr neinu.

Það gæti vel verið, að erlendum hlutafjelögum þætti það ekki nein hafnarðrægni, þótt heimtaður væri helmingur arðs á eftir 13%. En tillaga háttv. flm. fer ekki fram á þetta, því að sannarlega er búið að taka skatt af þessum 13% áður, en hluthafar fá ekki prósentur áður en helmingur arðs er reiknaður frá. Og þar við bætist, að þegar menn fara að athuga, hvort þeir eigi að leggja fje í þetta, þá er þess að gæta, hvort bankareksturinn hafi reynst arðvænlegur eða ekki. Þegar teknir eru bankareikningar hjer fram á þennan dag, þá verður maður því miður að viðurkenna, að niðurstaðan hingað til hefir verið sú, að slík fyrirtæki eru ekki álitleg. Stundum hefir ágóðinn unnið sig upp. Þetta er eðlileg afleiðing af því, að atvinnulíf okkar er miklu meiri sveiflum háð en atvinnulíf nágrannaþjóðanna. Og þessir menn verða að gera það upp við sjálfa sig, hvort þeir vilja leggja fje í bankann með því móti, að hlutafjeð verði ekki meira en 2 milj. Þótt hægt sje að fá meira fje, eru kjörin sniðin eftir þessu. Og þau eru svo óskaplega óhagstæð, að um enga ívilnun getur verið að tala. Ekki heldur um okur, því að við vitum, að hlutafjeð ber ekki arð í þessum banka, nema því aðeins, að atvinnuvegirnir sjái sjer hag í því að greiða hann.

Hv. þm. Str. (TrÞ) talaði um að veifa rjettindum tilefnislaust. Hv. frsm. (JakM) hefir svarað því svo vel, að jeg þarf engu við að bæta.

Svo er annað, nefnilega ef atvinnuvegir landsins væru í lánsþörf, þá væri það mjer að kenna. Jeg vil segja hv. þm. það, að það er dálítið varasamt fyrir hann stundum að bera last á andstæðinga sína, því að það getur orðið úr því óþarflega mikið oflof. Jeg mintist aðeins á vöxt atvinnuveganna eftir stríðslokin; því að það er hann, sem skapað hefir mikla þörf fyrir lán. Við fiskum á ári hverju yfir 300 þús. skippund; en í stríðslokin þótti það gott, ef við hjengum í 200 þús. Það þarf að vera til lánsfje, svo að þeir menn, sem reka þessa framleiðslu og kaupa þurfa mikið af bæði salti, kolum, olíu o. fl., geti haft nóg til sinnar lífsframfærslu þangað til markaðsvaran er seld, sem oft er árlangt. Ef menn því hafa þörf á meiri lánum en áður, þá getur það ekki skýrst á annan hátt en þann, að nú fiskast 100 þús. skippund meira en áður. Hv. þm. Str. hefir sýnt fremur lítinn skilning með ummælum sínum.

Þá sagði hv. þm. út af gengispólitíkinni, að fyrsta skilyrðið fyrir að hækkun krónunnar hepnaðist væri, að meiri hluti atvinnurekenda færi á hausinn. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) tók af sinni þekkingu á gengismálinu alveg í sama strenginn og sagði, að ef ætti að hækka í 3 ár, væri það fyrirsjáanlegt, að atvinnuvegirnir gætu ekki borið sig. Margt fleira sagði þessi hv. þm. í sömu átt. Jeg verð að segja, að það er ákaflega leiðinlegt, að það skuli vera til svo bókhneigðir og bóktrúaðir menn, að þeir fyrir lestur bókar, jafnvel þótt um merkilegt mál sje, eins og gengismálið, skuli gleyma alveg að líta á það, sem gerist í kringum þá sjálfa á sama tíma. En hvað hefir gerst? Á árunum 1924—'25 hefir íslensk króna hækkað úr 47 gullaurum upp í 81½. Hvað fór á hausinn á þessu tímabili? Það getur vel verið, að þessir hv. þm. hafi fundið í bókum sín-

um, að svona hækkun geti ekki átt sjer stað án þess að alt fari á hausinn; en þeir hafa bara alveg gleymt að líta út um gluggann. Þeir segja: Það er ekki hægt að hækka krónuna nema með því að setja alt á hausinn; jeg sný málinu við og segi: Krónan hækkar ekki, nema velgengni atvinnuveganna lyfti henni upp. Og jeg vitna í reynsluna. Þeir geta svo vitnað í bækurnar alveg eins mikið og þá lystir. En það er nú svona, að þessir hv. þm. sýna ekki trú sína af verkum sínum. Þeir vilja ekki, að krónan hækki, og þeir ættu þess vegna ekki að vilja, að atvinnuvegirnir færu á hausinn fyrir fjárskort. Þeir ættu sannarlega að vilja, að útvegað væri nauðsynlegt fjármagn fyrir atvinnuvegina til að greiða fyrir starfsemi þeirra, þótt þeir hafi þá trú, að gengispólitík stjórnarinnar mishepnist með þessu móti. En þeir verða ekki neinn hæstirjettur um það, hvort gengispólitík stjórnarinnar mishepnast eða ekki. Það sýnir sagan og framtíðin. En jeg ætla að segja þeim það, að stjórnin byggir sína hækkunarpólitík á velgengni atvinnuveganna, en ekki á neinu niðurdrepi þeirra. Og hún er þeirrar skoðunar, að sjerhvað það, sem styður velgengni atvinnuveganna, muni líka styðja hækkunarpólitíkina, ef alt fær að ganga sinn eðlilega gang. Og jeg er sannfærður um, að þegar þessir hv. þm. setja sig á móti jafnsjálfsagðri viðleitni atvinnuvegunum til stuðnings, þá sje það af því, að þeir inst í sinni samvisku halda, að þessi skoðun stjórnarinnar sje rjett, að efling atvinnuveganna muni stuðla að hækkun krónunnar, sem er einn höfuðþyrnir í þeirra augum.

Hv. þm. V.-Ísf. hafði það eftir mjer, að útlit væri fyrir stöðvun atvinnuveganna, ef þetta frv. yrði ekki samþ. Þetta er ekki rjett. Jeg mintist á það, að við hefðum á þessum vetri orðið að horfa á þann möguleika. Hitt hefi jeg aldrei sagt og aldrei dottið í hug að segja, að ekki finnist úrræði til þess að halda atvinnuvegunum uppi, ef þetta frv. verður ekki samþ. Og jeg vona, að svo illa fari ekki, að atvinnuvegirnir stöðvist.

Sami hv. þm. hafði það og rangt eftir mjer, að hægfara hækkun krónunnar væri ómöguleg. Jeg hafði aðeins sagt, að hraðfara hækkun gæti orðið drepandi fyrir atvinnuvegina.

Út af ummælum hv. þm. V.-Ísf. um bankanefndina, þá hefi jeg skilið form. hennar svo, að nefndin sje hætt störfum. En það er á valdi þingsins að veita henni líf aftur. Hitt er misskilningur hjá honum, að jeg hafi viljað á síðasta þingi draga úr verkefni nefndarinnar. En jeg lít svo á, að hún hefði mátt undirbúa bankalöggjöf og gera það á þeim tíma, sem henni var ætlaður til starfa. En þótt hún hafi ekki gert þetta, lít jeg svo á, sem starfi hennar sje lokið, nema þingið vilji framlengja umboð hennar.

Jeg vil að síðustu segja það, að menn þurfa ekki að sjá eftir að bjóða þolanleg kjör fyrir það að fá svona stofnun. Það er auðsjeð, að bankastarfsemi er hjer áhættusöm. Og það er jafnvel svo, sem hv. þm. V.-Ísf. tók fram, að stutt lán geta verið hættuleg, nema vel sje um hnútana búið. Sú hætta gefur þó ekki löggjafarvaldinu tilefni til þess að setja atvinnuvegina í svelti.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins fáeinar athugasemdir út af ræðum hv. frsm. meiri hl. fjhn. og ræðu hæstv. fjrh.

Það er rjett túlkað hjá hv. frsm., að jeg benti á, að bankarnir hjer ættu heldur að

taka ný lán en að stofnaður væri nýr banki. En nú á að taka valdið af þeim, að nokkru a. m. k. Jeg vil heldur fá það vald í hendur Íslendingum, sem lengi hafa haft þetta verk á hendi, heldur en einhverjum nýjum mönnum, sennilega útlendingum, eða þeim, sem fyrst og fremst ynnu fyrir hagsmuni útlendinga.

Jeg vil skjóta því til hv. frsm. og spyrja hann að því, hvort hann þekki dæmi til þess hjá nágrannaþjóðunum á síðustu árum, að slík lög sem þessi hafi verið gefin þar. Það hefir áreiðanlega ekki komið fyrir. Engin nágrannaþjóðin hefir fitjað upp á slíku. Það hefir engum einu sinni dottið það í hug.

Jeg ætla að leiðrjetta eitt atriði í ræðu hv. frsm. Hann gat þess, að á þingi 1923, er norski bankinn var á ferðinni, hefði verið talað um að koma upp samvinnubanka. En svo sagði hann, að aðstaða samvinnufjelaganna hefði breyst svo mikið síðan, að þau stæðu sig ekki við það. Því vil jeg mótmæla, enda þótt jeg vilji ekkert um það tala, hvort þau eru að hugsa um að koma upp banka. En Sambandið stendur nú svo föstum fótum, að fjendur þess geta ekki rifið það niður. Það stendur nú fastari fótum en nokkru sinni áður.

Hæstv. fjrh. vísaði í hv. frsm. meiri hl. (JakM) um það, að hjer væri verið að veita sjerrjettindi, — en vill hann þá verja öll þau fríðindi, sem nú er verið að bjóða útlendingum, happdrætti og virkjun Dynjandisár? Jeg er sjálfum mjer samkvæmur um að standa á verði gegn öllu þessu, en hæstv. fjrh. og hv. 3. þm. Reykv. eru þar ekki sjálfum sjer samkvæmir.

Afleiðingin af gengispólitík hæstv. fjrh. er sú, að atvinnurekendur í landinu hafa tapað hundruðum þúsunda og miljónum króna, sem þeir hefðu nú getað haft í höndum sínum, ef rekin hefði verið skynsamleg gengispólitík, og þyrftu þá ekki á neinu útlendu fjármagni að halda.

Hæstv. fjrh. sagði, að þessi nýi banki kæmi ekki með meira en 2 miljónir króna, en jeg býst við, að atvinnurekendur hafi borgað meira í skatt vegna gengishækkunarinnar. *(Atvrh. MG*: Hver hefir fengið þann skatt?). Jeg var ekki að tala við hæstv. atvrh., heldur hæstv. fjrh. *(Fjrh. JÞ*: Fjármálaráðherra hefir ekki fengið þennan skatt). Jeg hefi aldrei haldið því fram.

Hæstv. fjrh. er kominn langt frá lærifeður sínum. Hann hefir bent á, að við hv. þm. V.-Ísf. vitnuðum mikið í bækur, en hann vitnar þó enn meira í aðra og er fyrsti maður hjer á landi, sem hefir skrifað bók um gengismálið. En það eru svo sem ekki einsdæmi, þótt hann hafi nú skift skoðun á þessu máli.

Hæstv. fjrh. var að tala um veltiár, og sem fjrh. ætti hann að hafa best vit á því. Jú, síðastl. ár hefði getað orðið veltiár, ef ekki hefði svo illa tekist til, að hjer sat sá maður á fjármálaráðherrastóli, sem gerði veltiárið að þrengingaári með gengispólitík sinni. Hann sagði, hæstv. fjrh., að hann bygði gengispólitík sína á velgengni atvinnuveganna. Jú, það vita allir nú, hvað þeir standa höllum fæti, og þá er um leið sýnt, hvað gengispólitík hans stendur höllum fæti. Til þess að hækka peningana enn vill hann veita þessu fje inn í landið. Með því er hann að bjóða útlendingum að fjefletta okkur. Ef við fengjum 5 miljónir og krónan væri að ári komin í „pari", þá hefir hæstv. fjrh. þar með gefið útlendingum *eina miljón króna*, eða 20% af hverri krónu. Jeg vil ekki vera með í því, og við eigum að láta aukið fje í hendur bankanna, sem hjer eru fyrir, ef þarf, en ekki gefa útlendingum kost á að fjefletta okkur.

Jeg tek undir það með hv. þm. V.-Ísf., að andstæðingar stjórnarinnar hafa sýnt skýra afstöðu í banka- og gengismálunum, en stjórnarflokkurinn er svo klofinn, að hann getur engu stórmáli komið fram.

Halldór Stefánsson: Það, sem ber á milli við hv. frsm. meiri hl. (JakM) og hæstv. fjrh. (JÞ), er skiftingin á gróða bankans; munurinn er þó ekki stórvægilegur, þegar krufið er til mergjar. En á hinn bóginn er gert mikið úr því, að ekki muni fást það fje, er menn telja þurfa, ef gengið er að till. okkar hv. þm. Ak. um ágóðaskiftinguna á milli bankans og ríkisins. Jeg álít, að hægt sje að vinna of mikið til að biðja um slíkt fje eða veita því inn í landið.

Jeg fæ ekki skilið, hvernig hægt er að setja brtt. okkar á þskj. 330 í samband við tekjuskattslögin. Hæstv. fjrh. sagði áður, að þetta frv. ætti að vera samningsgrundvöllur, og það er rjett. Og það er alveg eins samningsgrundvöllur, þótt brtt. okkar nái fram að ganga. Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. (JakM) talaði um, að hjer væri um verri kjör að ræða en samkvæmt tekjuskattslögunum, þá er það að vísu rjett, ef miðað er við þetta eingöngu. En banki þessi á að vera undanþeginn öllum opinberum sköttum og gjöldum og einnig útsvarsfrjáls, en svo er ekki um innlend atvinnufyrirtæki, því að þau eru hlaðin sköttum, bæði beint og óbeint.

Jeg skal viðurkenna, að það er rjett, sem hæstv. fjrh. sagði, að bankinn fengi ekki óskert þessi fyrstu 13%. Af þeim á ríkið að fá 1½%, en bankinn 11½%; en það gerir ekki stóran mun og skiftir ekki verulegu máli.

Því hefir verið haldið fram, að ekki sje álitlegt að leggja fje í banka hjer, vegna þess hvað atvinnuvegirnir sjeu áhættusamir. Það er að vísu rjett, að atvinnuvegirnir eru áhættusamir, en atvinnuvegirnir geta þó hinsvegar verið svo blómlegir, sem raun hefir borið vitni um nú nýlega, og vegur það nokkuð á móti, og svo ber þess að gæta, að bankinn á ekki að greiða ríkissjóði neitt fyr en hann er sæmilega tryggður og hefir fengið lágmarkságóða af hlutafjenu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg sje ekki ástæðu til þess nú að fara að halda uppi gengisdeilum við hv. þm. Str. (TrÞ). Jeg vona, að sá óburður, er kom frá honum í byrjun þings, týnist ekki hjá hv. fjhn., og verður því tími til þess að tala um hann seinna.

Þar sem hv. þm. Str. (TrÞ) talaði um, að jeg væri ekki sjálfum mjer samkvæmur, þá er það misskilningur. Jeg vísa þar um til ummæla hv. frsm. meiri hl. (JakM), að við þurfum að fá fje inn í landið. *(TrÞ*: Ætla útlendingar að stofna banka fyrir okkur?). Já, og þeir gera það landinu til hagsbóta. *(TrÞ*: Þá er lotteríið líka af umhyggju fyrir okkur). Þetta er óskylt. Hjer er verið að bjóða boð, og við fáum nokkuð á móti, en lotteríið er ekki borið fram vegna landsmanna alment. Ef bankinn er stofnaður, þá verður það okkur til mikilla hagsmuna, en lotteríið er fjefletting, eins og lotterí eru altaf.

Jeg hefi áður svarað þeim fjarstæðum hv. þm. Str., að atvinnurekendur borgi margar miljónir í skatt út af gengishækkuninni. Það er bara tal út í loftið. Þjóðin græðir aftur á lækkaðri krónutölu í kaupum frá útlöndum, og tilfærsla innan þjóðfjelagsins getur fylgt þessu.

Jeg hefi áður sagt það, að jeg aðhyllist ekki kenningar Cassels um hvort menn eigi að leggja kapp á að hækka gjaldeyri sinn, en jeg hefi, eins og Svíar gerðu, vilj-

að nota þá þekkingu, er Cassel hefir bent á. Þeir notuðu hana til þess að hækka gjaldeyri sinn á undan öðrum, þvert á móti tillögum hans um það, hvort það skyldi gert. Í minni bók finnur hv. þm. Str. engan staf um það, að jeg sje samþykkur kenningum próf. Cassels um þetta, hvort rjettara sje að hækka eða stýfa. *(TrÞ*: Jú, í formálanum er blátt áfram traustsyfirlýsing á hann). Þá er það að minsta kosti ekki í niðurlaginu, og vil jeg ráða hv. þm. Str. til að lesa það. En jeg hefi orðið þess var, að það eru til menn, sem eru svona nærsýnir. Hv. þm. (TrÞ) sagði, að árið 1925 hefði átt að verða veltiár, en jeg hefði gert það að ógæfuári. En dómurinn um þetta ár mun síðar verða sá, að það hafi verið veltiár þangað til fiskverðið lækkaði. En það kom ekkert því við, hvað við skiftum sterlingspundinu í margar krónur. Það voru atvik suður í Miðjarðarhafslöndum, sem við gátum ekki ráðið við, sem ollu því, að árið varð ekki veltiár til enda. Jeg sagði, að jeg áliti, að löggjafarnir ættu að gera sitt til, að ekki sje skortur á veltufje í landinu. Hinsvegar sagði jeg ekki, að þessi banki ætti að hjálpa til þess að hækka gengið, og það er þess vegna ekki rjett, að jeg álíti, að það eigi að „spekulera" krónuna upp, heldur álít jeg, að menn eigi að auka gildi hennar með eðlilegri þróun atvinnuveganna og aukinni framleiðslu. Þetta fjármagn á að hjálpa til þess að auka velmegun atvinnuveganna, en aukin velmegun atvinnuveganna hjálpar til að hækka gengið.

Þá talaði hv. þm. (TrÞ) um þann klofning, sem væri að verða í stjórnarflokknum út af gengismálinu. *(TrÞ*: Og bankamálinu). Ætli það sjeu ekki veilur í fleiri flokkum? Annars ætti það að vera gleðilegt fyrir hv. þm., ef þessi klofningur á sjer stað, því að ef hans flokkur er samstæður, getur þá hv. þm. ef til vill gert sjer vonir um, að frv. hans í gengismálinu nái fram að ganga. En við skulum nú sjá, hvað setur um það, og svo getum við talast við um klofninginn á eftir.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) þarf jeg ekki að svara, nema einu atriði, viðvíkjandi því, að bankinn greiði ríkissjóði ekki neitt fyr en hluthafar hafa fengið 5%. Til þess að meta þetta rjett verður að líta á það, að komið getur fyrir, ef reynslan sýnir það um nokkur ár, að bankinn geti ekki greitt hluthöfum neinn arð; sem sagt, þeim eru ekki trygð þessi 5%. Þetta ákvæði er sett til þess að ekki sje hægt að segja við bankann fremur en annan atvinnurekstur: „Þegar þú tapar, höfum við ekkert við þig að tala, en ef þú græðir, þá hirðum við gróðann." Með slíku fyrirkomulagi er ekki hægt að vænta þess, að peningamenn leggi fje í þetta fyrirtæki.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Jeg þarf að svara nokkrum atriðum, sem komu fram í fyrri ræðu hæstv. fjrh. Hæstv. fjrh. sagði, að bankanefndin væri nú hætt störfum, en jeg hefi ekki skilið formann nefndarinnar svo, að hann líti þannig á. *(Fjrh. JÞ*: Formaður bankanefndarinnar var hjer áðan og jeg spurði hann að því). Jeg hefi spurt formann nefndarinnar um, hvernig haga ætti störfum nefndarinnar á næstunni, og skildist mjer, að það væri meiningin að vinna að hinni almennu bankalöggjöf, sem svo oft hefir verið talað um.

Hæstv. ráðh. (JÞ) sagði, að okkur væri skyldast að sjá atvinnuvegunum fyrir fje. Jeg er enn á sömu skoðun og þegar bankanefndin skrifaði hæstv. fjrh. síðasta brjef sitt, að það sje meiri þörf að setja almenn bankalög en að koma á fót einkabanka, og var nefndin því þess vegna mótfallin að

setja heimildarlög um þetta. Jeg er enn á sömu skoðun og vil bæta þeirri röksemd við, að innfluttur gjaldeyrir kemur ekki að gagni nema atvinnuvegirnir sjeu í góðu lagi og gengið sæmilega stöðugt. Jeg held, að menn megi fara að efast um, að þeir skilji sjálfa sig rjett, þegar formaður bankanefndarinnar er skilinn á svona marga vegu. — Hæstv. ráðh. sagði, að gengið hefði á 2 árum hækkað ur 48 aur. upp í 82 aura. Jeg lít nú svo á, að þessi mikla hækkun sje aðeins á pappírnum; hún hefir í rauninni orðið miklu minni. Að atvinnuvegirnir þoldu þessa öru hækkun, er mest að þakka góðærinu 1924, og þá, á því ári, hefði sjálfsagt mátt knýja fram meiri hækkun, en því var hæstv. fjrh. á móti. Hinsvegar hefir hann nú framkvæmt mjög skaðlega hækkun á síðasta ári. Ef það hefir verið mögulegt að hækka krónuna meira, þá held jeg, að sá möguleiki sje nú um garð genginn. Og þá trú mína byggi jeg meðal annars á þeim spádómi, sem hæstv. fjrh. flutti hjer í deildinni um hallæri í sambandi við fjárl. og þrengingar á næstu árum. Jeg hefi það úr bókum, að það sje varla hægt án tjóns að hækka gengið um meira en 10%. Jeg held, að það geti verið rjett, þó að það standi í bókum. Ef það er rjett, verður það ekki vitlaust, þó að það sje prentað. Það er nú svo um okkur marga, að við verðum að hafa vitið úr bókum á þeim málum, sem við höfum ekki sjerþekkingu á. Þegar um ný viðfangsefni er að ræða, verða menn að reyna að setja sig inn í þau, en það verður vitanlega stundum vanþakklátara en að gera alls ekki tilraun til þess.

Hæstv. ráðh. sagði, að jeg hefði haft rangt eftir sjer. Hann sagðist hafa sagt, að það vofi yfir atvinnuvegunum hætta, vegna skorts á veltufje.

Hæstv. ráðh. leggur mikla áherslu á þá þrenging, sem atvinnuvegirnir eigi við að búa. En af hverja stafar þessi þrenging? Auðvitað af því, að reksturinn ber sig ekki, og úr því er ekki hægt að bæta með nýju lánsfje. Hjer ruglar hæstv. ráðh. saman tvennu, sem ekki er rjett að rugla saman, heldur á að greina í sundur. Hækkunarmenn í öðrum löndum hika ekki við að viðurkenna, að það er ekki hægt að framkvæma gengishækkun og hafa blómlega atvinnuvegi um leið. Við festingarmenn höldum því fram, að verðfesting krónunnar styðji að velgengni atvinnuveganna. Hæstv. ráðh. segir, að efling atvinnuveganna styðji að hækkun krónunnar. Það er þá bara sá munur, að hæstv. fjrh. álítur, að atvinnuvegirnir sjeu til vegna krónunnar, en við álítum, að krónan sje til vegna atvinnuveganna.

Halldór Stefánsson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið, en ætla aðeins að segja nokkur orð út af ummælum hæstv. fjrh. um brtt. okkar á þskj. 330. Jeg kunni ekki við þann blæ, sem var á lýsingu hæstv. fjrh. á því, hvað við vildum ganga nærri gróða bankans. Hann vildi gefa því þann blæ, að við vildum taka hann allan. Að þetta sje okkar meining, eða nokkuð nærri veruleikanum, er alveg fráleitt, eins og jeg hefi sýnt fram á áður, og læt jeg nægja að vísa til þess.

Frsm. meiri hl. (Jakob Möller): Jeg hefi litlu að bæta við þær umræður, sem orðið hafa. Þær hafa upp á síðkastið snúist meira um annað mál en það, sem hjer er til umræðu.

Hv. þm. Str. (TrÞ) sagðist ekki vilja gefa útlendingum vald yfir bankastarfsemi hjer á landi. Hjer er um ekkert slíkt að ræða; það er aðeins verið að fara fram

á heimild fyrir stjórnina til þess að veita hlutafjelagi, sem stofna vildi banka í Reykjavík, ýms hlunnindi. En til þess að fá þau hlunnindi, þarf fjelagið að uppfylla öll þau skilyrði, sem sett eru hlutafjelögum. Hjer er því alls ekki um að ræða að stofna erlendan banka, heldur innlendan banka, með útlendu fje að einhverju leyti. Munurinn á því að stofna banka þannig, til þess að fullnægja rekstrarfjárþörf atvinnuveganna, og á því, að bankar þeir, sem fyrir eru, verði að taka dýr erlend lán til þess, verður óumflýjanlega sá, að halda útlánsvöxtunum uppi. Og það ætti öllum háttv. deildarmönnum að vera ljóst, því að altaf þegar talað er um, að lækka þurfi vextina, þá er því aðallega borið við, að bankarnir starfi að nokkru leyti með lánsfje, sem þeir þurfi að greiða háa vexti af.

Það, sem fyrst og fremst er því að athuga við þessa lántöku bankanna, er það, að útlánsvextirnir hækka, og ennfremur hvað forsvaranlegt sje að ganga langt í að láta bankana taka lán. Nú er svo komið, að það virðist allhæpið að ganga lengra á þeirri braut, því að lán bankanna eru nú orðin allhá, í hlutfalli við þeirra eigið fje.

Hv. þm. Str. spurði mig, hvort jeg vissi dæmi til, að í nálægum löndum hefðu verið sett slík lög sem þessi. Þessu get jeg svarað neitandi. En hjer stendur alt öðruvísi á, því að hjer geta aðeins þeir bankar starfað, sem hafa sjerstök hlunnindi. Og í útlöndum hafa menn litla tilhneigingu til að leggja fje í svona banka, og hinsvegar eru bankarnir í nágrannalöndunum svo margir og stofnfje þeirra svo mikið, að það er ekkert sambærilegt við ástandið hjer. Annars get jeg búist við, að það reynist örðugt að fá fje í þennan banka hjer, þó að þessum hlunnindum sje veifað framan í útlendingana.

Þá var þessi hv. þm. mjög ánægður við sjálfan sig yfir því, hvað hann væri altaf sjálfum sjer samkvæmur. Hann vildi ekki vera að veifa hlunnindum framan í útlendinga, og spurði mig jafnframt, hvort jeg vildi styðja að því að veita útlendingum önnur hlunnindi. Þessu þarf jeg ekki að svara. Jeg tel mig að minsta kosti eins samkvæman sjálfum mjer eins og þessi hv. þm. (TrÞ) er samkvæmur sjálfum sjer. Að minsta kosti tel jeg mjer ekki skylt að vera með að veita útlendingum hlunnindi til lotterís, sem ekki er til annars en niðurdreps fyrir þjóðina, þó að jeg vilji veita hlunnindi, sem geti orðið lyftistöng fyrir atvinnuvegina.

Annars er hv. þm. Str. ekki eins samkvæmur sjálfum sjer í þessum hlutum eins og hann heldur, því hann gerði ekki svo lítið að því að veifa hlunnindum framan í útlendinga, þegar deilan stóð um norska kjöttollinn; þó hann gerði það raunar meira í blaði sínu en á þingi, var hans gerð hin sama. Og af hverju gerði hann svo þetta? Vitanlega ekki af öðru en til þess að ná í meiri hlunnindi fyrir minni, að hans áliti. Alveg er eins ástatt fyrir mjer. Jeg vil láta stofna þennan banka, af því jeg álít, að landsmenn hafi aðalgróðann af því.

Hvað snertir samvinnubankann, þá stendur óhrakið, að það var eitt sinn afráðið að stofna hann. En samvinnufjelögin hafa ekki getað látið verða af því enn. Af hvaða ástæðum, skal jeg ekkert um segja. Má vel vera, að sambönd þau, sem bygt hefir verið á, hafi bilað.

Jeg get alls ekki um þetta til þess að gefa í skyn, að samvinnufjelögin standi illa, heldur til þess að sanna, að það er

álit fleiri manna en þeirra, sem fylgja frv. þessu, að þörf sje á fleiri bönkum en nú eru í landinu.

Hv. 1. þm. N.-M. viðurkendi, að því færi fjarri, að hjer væri um að ræða ívilnanir frá tekjuskattslögunum. Enda er það ljóst, að sá skattur, sem bankanum er ætlað að greiða eftir tillögunum, er töluvert hærri en eftir tekjuskattslögunum. Annars er venjulegt, að meginhluti af gróða bankanna sje lagður við varasjóð. Er því alveg augljóst, að ef till. hv. 1. þm. N.-M. verða samþyktar, þá verða þær aðeins til að íþyngja bankanum umfram það, sem tekjuskattslögin ákveða. Og jeg er sannfærður um, verði þær samþyktar, þá kemur ekki til mála, að neitt verði úr stofnun nýs banka hjer. Má því eins greiða atkvæði á móti sjálfu frv. eins og samþykkja þær, því að jeg býst við, að fullerfitt verði að fá peninga í þennan banka, þó ekki sje beinlínis verið að sparka á móti því í heimildinni sjálfri.

Tryggvi Þórhallsson: Háttv. frsm. meiri hl. (JakM) þarf jeg að svara nokkrum orðum. Hann vildi ekki viðurkenna sem rjetta mótbáru hjá mjer, að hjer væri verið að veita útlendu fyrirtæki sjerstök hlunnindi. Jeg verð að segja: „Mikil er trú þín,“ ef hann heldur, að menn þeir, sem fje leggja fram í þetta fyrirtæki, ætli að afsala sjer öllu valdi yfir peningunum. Jeg hygg nefnilega, að hann segi ekki allan hug sinn, þegar hann segir, að þessir peningar verði fullkomlega á valdi innlendra manna.

Þá sagði þessi háttv. þm., að jeg væri ekki altaf sjálfum mjer samkvæmur, og nefndi sem dæmi, að jeg hefði óspart veifað hlunnindum framan í Norðmenn, þegar kjöttollsmálið var á döfinni. Látum það þá vera svo, en sá var þó munurinn, að það var ekki verið að veifa þeim út í loftið; það kom eitthvað á móti þar. Og þar var um mikið að ræða, að mínu áliti. Og í slíkum samningum verður sá, sem eitthvað vill vinna, að fórna einhverju á móti.

Þá þarf jeg að svara hæstv. fjrh. nokkrum orðum. Hann vildi ekki viðurkenna, að hann væri í mótsögn við sjálfan sig með því að fylgja þessu frumvarpi, en vera á móti „lotteríi“, og rökstuddi það með því, að „lotteríinu“ væri verið að veita fríðindi vegna útlendinga.

En hjer er alveg um sama að ræða. Jeg trúi nefnilega ekki, *að nokkur útlendingur flytji inn peninga til Íslands fyrir Íslendinga*. Hann gerir það áreiðanlega fyrir sjálfan sig, í von um að fá meiri arð af þeim.

Þá gekk hæstv. fjrh. svo langt, að hann afneitaði sínum gamla og góða læriföður Cassel og sagði, að Svíar hefðu ekkert farið eftir tillögum hans. Hæstv. fjrh. virðist eftir því hafa yfirgefið þennan læriföður sinn, af því að einhverjir aðrir hafa gert það.

Þá hjelt hann því fram, að hægt væri að hækka krónuna án þess að nokkur færi á hausinn eða af því hlytust verulegir örðugleikar. Um það atriði þarf jeg að fara nokkrum orðum.

Nú eru fyrst að koma fyllilega í ljós afleiðingar gengishækkunarinnar 1924 og 1925, og jeg vil leyfa mjer að fullyrða, að ástandið nú beri fullkomlega vitni um erfiðleika þá, sem stafa af gengishækkuninni. Jeg vona, að ekki fari margir á hausinn, en hæstv. fjrh. hlýtur að vita, að atvinnuvegirnir standa alveg á heljarþröminni. Af hverju stafa nú þessir örðugleikar fyrst og fremst: breyttu fiskverði, eins og hæstv. ráðh. heldur fram, eða gengishækkuninni? Jeg er nú að vísu ekki kunnugur fiskverslun, en jeg veit hitt, að merkir menn í flokki hæstv. ráðherra líta öðruvísi á þetta en

hann. Og sá maður, sem er allra manna kunnugastur þessu, maður, sem hæstv. ráðh. ber mikla virðingu fyrir, hefir sagt við mig, að ráðh. hafi haldið fram röngu máli með því að segja, að breytt fiskverð hafi valdið mestu örðugleikunum. Hann heldur því fram, að aðalatriðið, sem valdi örðugleikunum, sje gengishækkunin. Því miður er þessi maður ekki viðstaddur nú, en hann mun áreiðanlega bera mjer vitni um það, að þetta sje rjett, sem jeg hefi haft eftir honum. Mjer hefir ennfremur nýlega borist plagg í hendur í þessu máli, sem tekur af öll tvímæli um þetta. Er það skýrsla utanríkisráðuneytisins norska, dagsett 26. mars þ. á., þar sem konsúllinn í Bergen gefur skýrslu um fiskverðið þar, og ætla jeg, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp úr henni:

„Den nye Klipfisk kom paa Markedet til jævne Priser, og disse havde sandsynligvis kunnet være gennemført, til Trods for den store Produktion i andre Lande, hvis ikke den pludselige Kronestigning saa at sige havde ödelagt enhver Kalkulation."

Aðstaðan í Noregi og á Íslandi er svipuð í þessu efni, og nú segir þessi maður, sem vitanlega hefir sjerþekkingu á þessu, að það, sem aðallega hafi eyðilagt fiskverslunina, hafi verið hin snögga hækkun krónunnar.

Það eru aðeins örfá orð enn til hæstv. ráðh. Seinast í ræðu sinni beindist hann að mjer og vildi, að mig sviði undan. Hann vildi neita því, að nokkur klofningur væri í Íhaldsflokknum í gengismálinu; hann sagði, að það myndi sýna sig, þegar frv. mitt kæmi til umr., hvort um nokkurn slíkan klofning væri að ræða. Hann er nú eflaust kunnari ástandinu í flokknum en jeg, en hann var beinlínis að hælast um yfir þessu. En jeg vil beina því að honum, að hann þarf ekki að hælast um yfir mjer út af þessu. Hann getur hælst um út af öðru og yfir öðrum en mjer. Því að sje ekki orðinn klofningur í flokknum í þessu máli, þá hefir hæstv. ráðherra brotið á bak aftur sannfæringu flokksmanna sinna, því að í Íhaldsflokknum eru menn, sem vita, hvílík bölvun hækkun krónunnar er, og vilja hindra ráðh. í því að hækka hana. Hafi hæstv. ráðh. því brotið á bak aftur sannfæringu sinna manna, þá þarf hann ekki að hælast um yfir mjer, heldur yfir sjálfum flokksbræðrum sínum, sem hann hefir kúgað svo herfilega. Nú vil jeg spyrja hæstv. ráðh., hvort hann vilji ekki hælast um út af einhverju fleira, t. d. að hann hafi fengið flokksmenn sína til þess að beygja sig líka í bankamálinu. Það mál kom fram í fyrra og hæstv. ráðh. lagði þá mikla áherslu á, að það gengi fram, en það tókst ekki. Nú ber hann það fram aftur, og jeg fullyrði, að flokkur hans sje klofinn. Getur hann hælst um, að hann hafi einnig kúgað flokksmenn sína í því. Jeg vænti þess, að hann lýsi þessu yfir, ef hann getur, og hælist um út af því. Annars finst mjer það koma úr hörðustu átt, að hæstv. ráðh. skuli vera að hælast um út af gengismálinu, þar sem allir vita, hvernig aðstaðan er í hans eigin flokki í því máli.

Jeg ætla svo ekki að segja meira um þetta, en í framhaldi af því, sem jeg hefi sagt um það, hvernig rjettast væri að greiða fram úr þessu máli, álít jeg langbest, að bankarnir útvegi það fjármagn, sem á vantar, sem lánsfje, og að þeir menn, sem kunnugastir eru atvinnuvegunum, ráði yfir þessu fjármagni. Vil jeg því leyfa mjer að bera upp svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

»Þar sem deildin lítur svo á, sem eðlilegra sje, ef afla á útlends fjármagns til

styrktar atvinnuvegunum, að bankar landsins, sem nú eru, afli þess fjármagns með lántökum, fremur en veita sjerstök hlunnindi nýjum banka — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.«

Forseti (BSv): Mjer hefir verið afhent rökstudd dagskrá frá hv. þm. Str. (TrÞ), og hafa hv. þm. heyrt hana, svo að jeg þarf ekki að lesa hana upp. Kemur hún til atkvæða og er nú þegar til umræðu.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg ætla ekki að gefa tilefni til þess, að umræður lengist meir en orðið er, en jeg verð þó að leiðrjetta það hjá háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), er hann sagði, að sá skortur rekstrarfjár handa atvinnuvegunum, sjerstaklega sjávarútveginum, sem var til meðferðar hjer á þinginu í vetur, hafi ekki stafað af því, að fje vantaði, heldur af gengisóvissunni eða gengishækkuninni. Jeg er alveg hissa að heyra þetta frá háttv. þm. Það vantaði einmitt fje í þann bankann, sem hafði sjerstaklega lagt þessum atvinnuvegi til rekstrarfje, og varð að fá það frá útlöndum. Það er nú fengið, og hefir það greitt úr kreppunni. Að gengispólitík blandaðist inn í þetta, stafaði af því, að þetta fje var ekki hægt að fá innanlands, heldur kom það sem erlendur gjaldeyrir.

Það er alger misskilningur hjá hv. þm., að jeg hafi blandað saman gengishækkun og skorti á rekstrarfje. Jeg sagði, að ekki mætti koma skortur á rekstrarfje ofan á gengishækkunina. En ef háttv. þm. hefir heyrst jeg blanda þessu saman, þá stafar það af því, að jeg hefi ekki hagað orðum mínum nógu vel, eða af því að hann hefir sjálfur tekið illa eftir því, sem jeg hefi sagt, því að þetta tvent, er hjer um ræðir, eru alveg óskyld mál.

Þá segir hv. þm., að okkur skorti ekki rekstrarfje. Jeg er nú á annari skoðun, en hann getur ef til vill haft einhverjar ástæður, ef þetta er virkilega skoðun hans. Jeg ætla ekki að fara út í neitt karp um bankanefndina og starf hennar. Formaður hennar hefir þegar skilað af sjer fullnaðarreikningi hennar í mínar hendur, og jeg lít svo á, að hún hafi þegar hætt störfum. Þetta hefir líka komið fram í brjefi frá henni, og vil jeg leyfa mjer að lesa upp 2 seinni kafla þess:

„Nefndinni hefir ekki unnist tími til þess að gera till. um endurskoðun á bankalöggjöf landsins, sem henni var falið að undirbúa samkvæmt þál. 14. maí 1925. En hún hefir undirbúið það mál nokkuð, aflað gagna og rætt málið á fundum.

Meiri hlutinn telur æskilegt, að gefin verði sem fyrst almenn bankalög, eins og til eru í flestum löndum Norðurálfunnar, en að sjálfsögðu sniðin eftir þeim sjerstöku ástæðum, sem hjer á landi eru um bankamál. Máske er og hægra að gera tillögur um slík almenn bankalög, þegar sjeð verður fyrir afdrif þeirra tveggja frv., um seðlaútgáfu og ný bankavaxtabrjef, sem nefndin hefir samið.“

Svo víkur nefndin að öðru efni, er hún segir:

„Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að sem allra fyrst þurfi að setja bankalög, sem geri mögulegt, að hjer komist á fót bráðlega einn eða fleiri nýir einkabankar.“

Jeg hefi nú ekki haldið, að nefndin væri að endurtaka með öðrum orðum það, sem hún hefir áður sagt. Jeg hefi álitið, að hjer væri eitthvað nýtt um að ræða, og þess vegna hefi jeg borið frv. fram. Jeg hefi a. m. k. skilið þetta svona, en háttv. þm., sem hefir meðundirritað þetta brjef, getur hafa skilið það öðruvísi, en jeg hefi

fulla ástæðu, samkvæmt orðanna hljóðan, til míns skilnings.

Annars hefi jeg enga trú á því, að þessi almenna bankalöggjöf geti komið svo fljótt, að atvinnuvegirnir megi við því að bíða eftir henni.

Háttv. þm. Str. þarf jeg ekki að svara miklu. Hv. frsm. meiri hl. (JakM) hefir lýst því alveg rjett, hvernig aðstaða hinna útlendu manna verði gagnvart atvinnuvegum landsins, að þeir verði að reka starfsemi sína í fullu samræmi við þarfir þeirra. Þeir eiga alt undir velgengni íslensku atvinnuveganna, og á þessu byggist það, að það er alls ekkert varhugavert að leyfa útlendingum að stofna hjer til slíkrar starfsemi sem þessarar, meðan við höfum sjálfir ekki bolmagn til þess. Það má auðvitað segja, að þeir geri það ekki fyrir okkur að reka hjer bankastarfsemi, heldur fyrir sjálfa sig. Það má þá líka segja, að við gerum það fyrir okkur að leyfa hana. Jeg held, að það verði eins með þetta og þegar Íslandsbanki var stofnaður. Jeg held, að við höfum fulla ástæðu til þess að vera því þakklátir, að hann komst á stofn. Og hvað sem annars verður sagt um stjórn hans og starfsemi, þá er það alveg víst, að vöxtur atvinnuveganna er að mjög miklu leyti að þakka því fje, sem þá var veitt hingað inn í landið.

Jeg ætla ekki að fara langt út í gengismálið. Jeg hefi aldrei haldið því fram, að hægt væri að hækka krónuna án þess að einhverjir biðu hnekki við það. En jeg held, að það sje jafnan svo, að ekki sje hægt að halda uppi atvinnurekstri án þess að einhverjir fari öðruhvoru á höfuðið. En meðan ekki eru mikil brögð að því, þarf ekki að leiða neitt tjón af því fyrir almenningshag. En jeg held fast við þá skoðun mína, að kreppan stafar af verðlækkun á fiskinum; þetta er orsök, sem áður hefir valdið kreppu og mun altaf halda áfram að valda kreppu, hvað sem öllu gengi líður. Og jeg dreg það mjög í efa, að nokkur, sem þessu er kunnugur, neiti því, að erfiðleikarnir stafi frá verðfallinu.

Að jeg hafi hælst um yfir nokkrum hlut, því þarf jeg ekki að svara. Jeg hefi ekki gert það; jeg held, að það sje ímyndun hv. þm. Jeg hefi aðeins bent hv. þm. á það að bíða með skrumauglýsingar um klofning í Íhaldsflokknum þar til frv. hans kæmi fram, og gætu þá fleiri flokkar orðið klofnir í gengismálinu, svo að hvorugur hefði um neitt að hælast. Að lyktum vil jeg taka það fram, út af brtt. um afgjaldsákvæðin, að jeg hefi ekkert á móti því að ganga með hv. flm. inn á það að reikna afgjaldið út á svipuðum grundvelli og þeir hafa stungið upp á, nefnilega að setja það í samband við arðinn af hlutafjenu, þó þannig, að afgjaldið sje ekki gert þyngra fyrir bankann en stjfrv. fer fram á. Og þótt jeg greiði atkvæði á móti þessari brtt. og voni, að hún falli nú við þessa umr., þá get jeg reynt að ná samkomulagi við hv. flm. milli 2. og 3. umr. um það, að gjöldin verði reiknuð út nær þeim grundvelli, sem þeir hafa óskað eftir. Vona jeg því, að þessir hv. þm. geri ekki till. sína svo að kappsmáli, þótt hún falli nú, að meina málinu vegna þess að ganga til 3. umræðu.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Str. (TrÞ) feld með 15:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JBald, JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÁÁ, ÞorlJ.

nei: HStef, HK, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ,

KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BSv.

Fjórir þm. (BL, ÓTh, BSt, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 380,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

— 330,a feld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, IngB, JBald, JörB, KlJ, MT.

nei: PO, PÞ, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, HK, JakM, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, BSv.

Fjórir þm. (BSt, BJ, BL, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 330,b samþ. með 14:1 atkv.

— 330,c samþ. með 13:6 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13:10 atkv.

2. gr. samþ. með 14:4 atkv.

Brtt. 380,2 samþ. með 13:3 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 13:5 atkv.

4. gr. samþ. með 14:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:10 atkv.

Á 62. fundi í Nd., mánudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 407).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, SigurjJ, ÁJ, BL, HK, JakM, JAJ, JK, JS, BSv.

nei: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, IngB, JBald.

Fimm þm. (JörB, ÓTh, ÞórJ, ÁÁ, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 59. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 407).

Á 61. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Jónas Jónsson: Jeg ætla ekki að fara ítarlega út í þetta mál við þessa umræðu. En jeg vil benda háttv. deildarmönnum á það, að þótt jeg greiði ekki atkv. á móti því, að málið fari til 2. umr., þá tel jeg þetta samt mjög varhugavert, sem hjer er farið fram á.

Fyrir tveim árum var samþ. frv. líkt þessu eftir allharða viðureign í þinginu, þar sem ákveðnum mönnum var veitt heimild til þess að stofna banka. Endirinn varð sá, að ekkert varð úr þessu og hrakspárnar rættust. Nú er fitjað upp á þessu sama af nýju, boðin svipuð kjör án þess að nokkur viti, hvort nokkrir vilji stofna þennan banka eða ekki. Það eru sumir altaf að tala um það, að dýrmætum tíma þingsins sje varið í óþarfa umræður. En einmitt þeir menn, sem hæst hafa talað um það, eru langmest sekir í því að halda fram málum, sem annaðhvort eru óþörf eða horfa fremur til ógagns.

Jeg tel það alveg óverjandi að búa til lög, sem enginn veit hver á að nota. Þetta eru þó aðeins formgallar; efnisgallarnir eru meiri, og læt jeg það bíða að tala um þá til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 9 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 407, n. 571).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. er komið frá hv. Nd. og borið fram af hæstv. stjórn. Eins og komið hefir fram hjá nefnd þeirri, sem skipuð var til þess að rannsaka bankamálin, hefir sú skoðun orðið ofan á, að þörf væri á því, að settur væri hjer á stofn nýr einkabanki. Ástæðan er vitanlega sú, að álitið er, að atvinnuvegir landsins hafi ekki nægan stuðning hjá bönkum þeim, sem fyrir eru. Þá skorti alltilfinnanlega nauðsynlegt rekstrarfje. Jeg skal ekki fjölyrða neitt um frv. sjálft; jeg býst við því, að hæstv. fjrh. muni gera það, ef umræður verða hjer um þetta. Jeg vildi aðeins skýra frá því, að meiri hl. fjhn. er samþykkur frv. og fellst á, að ríkisstjórninni sje veitt heimild til þess að veita fyrirhuguðum nýjum banka svipuð hlunnindi sem Íslandsbanki hefir nú, að undanskildum seðlaútgáfurjettinum. Jeg býst við, að menn hafi tekið eftir því, að leyfistíminn á að vera eins langur og leyfistími Íslandsbanka. — Það hafa ekki verið gerðar stórvægilegar breytingar á frv. í Nd., en þó var þar gerð ein breyting, sem jeg tel til bóta, en það er, að eftir leyfistímann njóti bankinn eins góðra kjara og aðrir einkabankar hjer á landi. Minni hl. fjhn. er hinsvegar á móti frv. þessu, og mun hann gera grein fyrir skoðun sinni.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg hefi getið þess í nál., að jeg sje ósamþykkur því, að frv. þetta verði samþykt. Ástæðan til þess er í stuttu máli sú, að mjer virðist, eftir því sem nú standa sakir, það tæplega vera rjett lausn á bankamálunum að bæta við einum nýjum banka. Mjer virðist liggja nær að koma seðlaútgáfunni fyrir á einhvern tryggilegri hátt en verið hefir. En nú er útsjeð um það, að á þessu þingi fæst engin lausn á því máli. En við því er nú ekki neitt að segja úr því sem komið er. En úr því að þetta tókst nú ekki, þá álít jeg, að við sjeum ekki miklu bættari með því að ganga inn á þá braut að veita hlunnindi nýjum banka. Jeg geri ráð fyrir því, að meiningin með því sje að auka starfsfje atvinnuveganna í landinu. Jeg skal nú ekki bera brigður á, að þörf sje á slíku, en jeg álít, að til þessa eigi ekki að taka, nema lánstraust banka þeirra, sem fyrir eru, sje þrotið. Það er ekkert betra að auka starfsfje atvinnuveganna með því að stofna nýjan banka en að fá lán handa þeim bönkum, sem fyrir eru. Það er hjer ekki ósvipað því, sem við hugsuðum okkur, að einhverja sveit vantaði rekstrarfje, en verslanirnar, sem venjulega hafa skaffað rekstrarfje, gætu ekki eða vildu ekki leggja fram meira. Jeg held, að ástandið í sveitinni batnaði ekkert við það, þó þar bættist við ný lánsverslun, sem lánaði þeim mönnum, sem hinar verslanirnar vildu ekki lána. Sama gildir með landið. Ef svo stendur á, að fje vantar og lánsstofnanir þær, sem fyrir eru, geta ekki eða vilja ekki leggja meira fje í veltuna, þá hygg jeg, að það hafi slæm áhrif, ef ný lánsstofnun kemur. Hverjum mundi slík lánsstofnun lána fje? Ekki öðrum en viðskiftamönnum þeirra banka, sem fyrir eru. Ef um þá er að ræða, sem lánsstofnanir þær, sem fyrir eru, bera fult traust til, þá hygg jeg, að þeir þurfi ekki á lánum að halda. En að því er hina snertir, sem lánsstofnanir þær, sem fyrir eru, hafa ekki traust á, þá hygg jeg, að það sje frekar til böls en bóta að lána slíkum mönnum. Jeg veit ekki, hvort hv. deild hefir skilið, hvað fyrir mjer vakir, en það er í stuttu máli þetta: Ef ástand þeirra, sem lán þurfa að fá, er þannig, að bankastofnanir þær, sem fyrir eru, vilja ekki lána þeim meira, þá tel jeg, að stofn-

un nýs banka bæti ekki úr þeim vandræðum. En ef þeim lánsstofnunum, sem fyrir eru, er svo fjárvant, að þær hafa ekki lánstraust lengur, þá gæti verið spurning um, hvort ekki væri rjett að stofna nýjan banka. En jeg hygg, að ennþá sje lánstraust þeirra svo mikið, að þær geti bætt úr lánsþörfunum, ef þær hafa traust á lántakendunum. Jeg held, að það, sem mest bagar nú, sje það, að of mikið fje sje í útlánum og sitji þar fast, og því sje of lítið fje í veltunni; og ef mikið af þessu útlánsfje er ótrygt, þá hygg jeg, að það verði ekki mikið tryggara við stofnun nýs banka. Annars tel jeg ekki þörf á því að hefja deilur um þetta mál. Hvort sú skoðun fær lítið fylgi hjer í deildinni, við því er ekkert að segja. Ef málið gengur fram, álít jeg, að það sje á ábyrgð þeirra, sem greiða því atkvæði sitt. Jeg hefi gert afsökun mína með því að lýsa afstöðu minni, og mun greiða atkvæði samkvæmt því.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara, og sá fyrirvari á að þýða það, að jeg tel óviðfeldið að fela stjórninni að leita uppi menn eða fjelög, sem kynnu að vilja stofna stærri fyrirtæki hjer á landi. Myndi jeg hafa felt mig betur við, að þingið sjálft ákvæði, hvaða fjelagi ætti að veita slík rjettindi; en engu að síður, þótt jeg hafi gert þessa athugasemd, mun jeg greiða atkvæði með þessu máli, og það er af því, að jeg tel stofnun slíks banka nauðsynlega, án alls tillits til þess, hvar seðlaútgáfurjetturinn verður, því að það verður jafnmikil þörf á nýjum banka fyrir því, þótt seðlaútgáfan yrði falin sjerstakri stofnun. En þegar endanlega verður ákveðið um það, hvar seðlaútgáfurjetturinn lendir, vona jeg, að fult tillit verði tekið til óska þess hluta þjóðarinnar, sem mest þarf á bönkunum að halda.

Þetta er sú sjerstaka grein, sem jeg vildi gera fyrir atkvæði mínu, og þrátt fyrir þann fyrirkomulagsgalla, sem jeg tel vera á frv., mun jeg greiða því atkv. mitt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Háttv. frsm. minni hl. (IP) hefir nú gert grein fyrir þeim ástæðum, sem gera það, að hann getur ekki aðhyllst þetta frv., og get jeg að vísu vel skilið sumar þeirra, og sjerstaklega vel skilið, að yfir höfuð komi fram nokkur ótrú á aukningu lánsfjár frá hv. þm. þessa kjördæmis, nefnilega Suður-Múlasýslu, vegna þess að þar hafa óneitanlega orðið á undanförnum árum nokkuð mikil mistök í notkun lánsfjár. En samt held jeg, að það tjái ekki að líta svo á, sem nú verði að setja landið og atvinnuvegi þess í algert svelti um lánsfje vegna þess að nokkur mistök hafa orðið um notkun þess á undanförnum árum, sem voru svo, bæði hjer og annarsstaðar, að menn mistu sjónar á því, hvenær á að nota lánsfje og hvernig á að nota það.

Hv. þm. (IP) sagði fyrst, að sjer hefði fremur þótt rjett að koma skipulagi á seðlaútgáfuna heldur en að fara að hugsa um nýjan banka, en þetta tvent eru óskyld mál, eins og hv. 1. þm. G.-K. (BK) benti á í fáum orðum. Það er ekki hægt með neinum ráðstöfunum á seðlaútgáfunni að útvega atvinnuvegunum neitt fjármagn, sem þeir ekki hafa nú; það má miklu fremur búast við því, hvernig sem seðlaútgáfunni verður hagað, að frá þeirri grein bankastarfseminnar komi fremur þrenging en aukning, af því að seðlaveltan hefir verið fullmikil, fremur útlit fyrir, að hún muni fara minkandi, og að hún minkar,

það þýðir ekkert annað en það, að fje er tekið frá atvinnuvegunum. Það má ekki hyggja, að hægt sje að bæta úr skorti á veltufje með skipun seðlaútgáfunnar, en þetta frv. beinist að því að gera tilraun í þá átt. Það er ekki heppilegt að hugsa sjer veltufjáraukning í þá átt, að núverandi bankar noti lánstraust sitt miklu ítrar en nú er gert, með þeim mikla mismun, sem hjer er á árferði; það getur ekki vel farið nema því aðeins, að bankarnir eigi eitthvað talsvert af lánstrausti ónotað, sem þeir þá einmitt geti gripið til, þegar árferðið heimtar sjerstaklega mikil fjárútlán, en það er þegar illa árar. Það má ekki hugsa sjer starfsemi bankanna á þann hátt, að alt sje notað í góðu árunum, því að þá er alt þeirra lánstraust uppnotað, þegar illa árar. Nú hafa bankarnir reynt ákaflega mikið á lánstraust sitt; þeir hafa haft við mikið að stríða og nota meira lánsfje en bankar alment gera. Nægir þar að benda á enska lánið; það er nú svo, að það er fjórðungur úr miljón sterlingspunda, sem hvor þessara banka hefir fast í erlendum lánum.

Þá taldi háttv. þm. (IP), að af þessu myndi stafa samkepni við núverandi banka. er gæti orðið óholl. Ekki er jeg hræddur um, að svo muni verða, vegna þess, að mjer er kunnugt um, að bankarnir hafa nú upp á síðkastið ekki getað fullnægt eðlilegri eftirspurn um vel trygð lán til góðra viðskiftavina; og þegar svo er komið, þá er orðið eðlilegt rúm fyrir nýtt fjármagn til að fullnægja þessari eftirspurn. Og þó að það sje sjálfsagt rjett, sem hv. þm. (IP) segir, að það sje meira og minna af starfsfje bankanna, sem sje orðið fast í útlánum, sem er tregt um að fá inn, þá held jeg, að það sje ekki annað en eðlileg tilraun til úrlausnar á því sviði, að láta ekki fyrir það þrengjast svo mjög um veltufjármagn, að fleiri eða færri af landsmönnum neyðist til að halda að sjer höndum, heldur sje miklu líklegra að reyna að sjá fyrir því veltufje, sem þarf til þess, að þessi atvinnufyrirtæki, sem sitja með þetta fje fast, fengju tækifæri til að vinna sig upp og skila sínum lánum aftur; og hygg jeg, að bæði bankamenn og lántakendur hafi fengið svo mikla reynslu á síðari árum, að minni hætta verði á ógætilegri notkun lánsfjár nú en áður.

Jónas Jónsson: Mjer skildist hv. frsm. meiri hl. (JJós) vitna til milliþinganefndarinnar í bankamálum til stuðnings þessu frv., og skil jeg vel, að hv. þm. gerði það, því að það gerðu blöðin líka, en það er samt alveg rangt, þó að þar sje hænufjöðrum til í hænuna. Það, sem er villandi viðvíkjandi umsögn milliþinganefndarinnar, er það, að hún gerir ráð fyrir, að í framtíðinni komi hjer nýir bankar, en nefndin gerir ráð fyrir, að það komi almenn bankalöggjöf áður en fleiri bankar verða stofnaðir, og það hefir verið skýrt tekið fram í háttv. Nd., meðal annars af hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ). Ef hjer kæmi nú nýr banki, gætu liðið mörg ár þangað til bönkum fjölgaði aftur, og þá dálítið einkennilegt, ef á næstu þingum væri verið að bisa við að gera ný sjerleyfislög viðvíkjandi bönkum, en þá hefði verið stofnað það af bönkum, sem kæmi á næstu árum. Jeg vil gefa þessa skýringu á orðum nefndarinnar, af því að hún hefir einmitt gert ráð fyrir, að samin yrði bankalöggjöf á næstu árum, og það er „teoretisk" fjarstæða, að fjölgun banka eigi að koma á undan bankalöggjöfinni. Án þess að jeg vilji tala um starf nefndarinnar, get jeg sagt það, að 3—4 af nefndarmönnum álitu rangt að stofna

nýja banka nú á svo lausum grundvelli, án þess að ákveðið sje, hvað það væri, sem löggjöfin krefðist af þeim. En það er tvent, sem gerir, að jeg er á móti þessu frv.: annað er það, að hjer er aðeins löggjöf fyrir einn banka, en það hefi jeg skýrt áður; hitt er, að jeg er á móti bankastofnunarheimild, sem gefin er út í bláinn. Það hafa ekki komið neinar skýringar frá hæstv. stjórn eða háttv. nefndum, sem hafi gert það líklegt, að hjer væri um neinn aðilja að ræða, sem vildi nota þessa heimild. Við, sem ekki höfðum mikla trú á þeim norska banka árið 1923, þrátt fyrir það, að nokkrir Íslendingar voru til greindir, sem fengu leyfið og hefði mátt gera ráð fyrir, að gætu útvegað fjeð, vissum, að þar var bygt á sandi. En hjer er aðeins verið að gefa út almenna heimild, sem enginn veit, hvort nokkur maður vill nota, eða þá hvort þeir, sem vildu nota hana, væru æskilegir gestir. Jeg vil einnig taka það fram, að viðvíkjandi sjálfstæði þjóðarinnar getur það verið ákaflega hættulegur misskilningur, hættulegri en nokkuð annað, að vera ljettúðugur með það, hvaða fjármagn kemst inn í landið. Fyrir stríð sýndu Þjóðverjar ákaflega mikla fyrirhyggju í því að koma fyrir fjármunum í öðrum löndum, til þess að ná þar pólitískum og fjelagslegum yfirráðum; og þegar það er athugað, hve mikil áhrif banki með miklu fjármagni getur haft í fátæku landi, þá trúi jeg því ekki, að hæstv. fjrh. vilji heimta það, að deildin samþykki þetta frv., sem gæti verið til þess að veita útlendu fjármagni hættulegt vald í landinu. Sá banki gæti þá orðið eins og Grímsey var á tíma Ólafs Haraldssonar. Nú þarf að vísu ekki að óttast það, að langskip komi hingað með her manns, sem geti lifað á eggjunum þar, en útlendur banki, ef til kæmi, með miklu fjármagni, og honum yrði vitaskuld stjórnað af þeim, sem ættu fjármagnið, gæti orðið til mikillar hættu fyrir fjármálafrelsi landsins, og svo annað frelsi þess. En þessu væri ekki svo háttað, ef um vissa menn væri að ræða, því að það er t. d. alt annað að samþykkja þetta frv. eða Íslandsbankafrv. um 1900; þar voru menn, sem Íslendingar þektu töluvert, auk þess frændur okkar, og að minsta kosti menn, sem við höfðum verið bundnir pólitískum böndum við, og það var hægt að átta sig á því, hverskonar fyrirtæki þessir menn vildu stofna. En um þetta frv. veit maður ekkert, og stjórnin veit líklega heldur ekkert. Og nú vil jeg spyrja hæstv. fjrh., hvernig hann ætlar að nota þessa heimild, hvort hann ætlar að bjóða hana út eins og lotteríseðlar eru boðnir út í öllum löndum, eða hvort hann ætlar að reyna að fá einhvern gyðing til að koma hingað, eða hvort þetta eigi aðeins að vera pappírslög, sem hann vill fá.

Þá held jeg, að að minsta kosti einir tveir ræðumenn hafi talað um, að hjer væri þörf á nýju fjármagni. Getur vel verið, að sumir líti þannig á, en ýmislegt er nú samt, sem bendir í þá átt, að ekki sje þörf á fjármagni, sem væri notað í venjulega aukningu á mestu áhættufyrirtækjum landsins. Jeg held, að jeg fari ekki með rangt mál, þó að jeg segi, að hæstv. fjrh. hafi látið sjer þau orð um munn fara, að hann líti ekki á það með óblandinni gleði, hve togaraflotinn hefir aukist mikið á þessum árum. Og jeg veit, að þessi skoðun er uppi hjá ýmsum mönnum, einkum þeim, sem standa að hinum eldri togarafjelögum; og eitt af því, sem menn óttast í þessu efni, ef verðfall verður á fiski, er, að þá komi reglulegur barnadauði upp á meðal þessara fyrirtækja, því að þó á meðal þeirra sjeu nokkur traust fjelög, þá hafa önnur þotið upp, sem þá þurfa að fá nýtt

fjármagn, sjúk fyrirtæki, sem þá myndu reyna að bjarga sjer. Fyrir þeim standa nýir menn, sem ekki hafa mikla reynslu við að styðjast, og sem byrja þá ef til vill á nýrri aukningu, ef vel gengur eitt árið. Jeg játa, að það væri ákaflega gott að fá hingað fjármagn af vissu tægi; það vantar t. d. tilfinnanlega fjármagn til fasteignaveðslána, bæði til húsabygginga og ræktunar, og það er enginn vafi á því, að ef það fólk, sem er hjer í Reykjavík, á að lifa áfram, er mesta þörf á, að bygt sje meira hjer en gert hefir verið, og sama mun vera í öllum öðrum kaupstöðum landsins, t. d. Vestmannaeyjum og Hafnarfirði, sem talað hefir verið um, að hefðu mikla lánsþörf. Þá er og mikil þörf á lánum til ræktunar, en sem nýr banki af þessu tægi bætir ekki úr, því að það eru ekki miklar líkur til, að banki eins og þessi, sem hjer er talað um, kærði sig nokkuð um að lána fasteignaveðslán. Til þess þarf nefnilega vissa tegund af fjármagni, sem ekki leitar til braskbanka í þessu afskekta landi, þar sem heita má, að gjaldmiðill þess svífi í lausu lofti. Ennfremur er mjög vafasamt, hvort rjett er að fá braskfjármagn inn í landið, þar sem hjer er nú kreppa í aðsigi, áður en eldri atvinnufyrirtæki hafa fest rætur. Jeg álít þess vegna, svo framarlega sem hæstv. fjrh. getur ekki gefið einhverjar nýjar skýringar eða einhver ný gögn í þessu máli, sem þingið hefir ekki sjeð, þá sje ekki aðeins óþarft, heldur hreint og beint hættulegt að samþykkja þetta frv., svo framarlega sem hæstv. ráðh. vill nota það til annars en að auka lagafjöldann.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer dettur ekki í hug, að jeg muni með neinum rökum geta sannfært þá hv. nefndarmenn, sem með nál. sínu hafa bundið atkv. sitt á móti þessu frv., og því óþarfi fyrir mig að leita að slíkum rökum, sem háttv. 3. landsk. (JJ) biður um. En út af þeim möguleikum fyrir erlend áhrif, sem stofnun slíks banka skapaði landinu, vil jeg taka það fram, sem ákaflega greinilega var fram tekið í hv. Nd., sjerstaklega að mig minnir af hv. 3. þm. Reykv. (JakM), að bankafyrirtæki hafa einmitt sjerstöðu í því efni, þótt erlend sjeu, að þeim fylgir engin slík hætta, sem annars kann að leiða af því, að útlendingum er veittur of greiður aðgangur að því að nota sjer gæði þessa lands. Því að enginn banki getur þrifist, nema hann hagi sinni starfsemi alveg í samræmi við starfsemi landsmanna og með hag atvinnuveganna fyrir augum eins mikið og sinn eiginn, því að undir því er öll velferð eins banka komin. Það hlutafje, sem sett er hjer í banka, er alveg til þess knúið, að starfað sje með það í fullu samræmi við hagsmuni landsmanna. Hv. þm. (JJ) spurði, hvort jeg ætlaði að bjóða þetta leyfi út eða hvort jeg ætlaði að auglýsa það opinberlega. Jeg ætla ekki að gera það; jeg hefi hugsað mjer að leita fyrir mjer „undir hendinni" sem kallað er, þótt það sje sennilega ljelegt mál, og reyna á þann hátt að framkvæma það, sem frv. ætlast til, en að öðru leyti finst mjer engin sjerstök ástæða til að segja neitt um fyrirætlanir mínar í því efni, annað en það, sem sagt var í hv. Nd., en það jeg veit til hefir ennþá ekki verið gert neitt til að koma lögum þessum í framkvæmd. Hv. 3. landsk. viðurkendi að vísu, að hingað vantaði fjármagn, en taldi, að annað fjármagn þyrfti til fasteignaveðlána. En hv. þm. (JJ) má nú vel vita það, að „náið er nef augum" hvað það snertir, því að ef greiðist fyrir um fjármagn almennt í landinu, þá greiðist um leið til um

fasteignaveðslán, því að þetta er engan veginn svo mjög aðskilið, eins og þeir vita, sem nokkuð eru kunnugir okkar almennu bankastarfsemi, þótt ekki sje annað en opinberlega birtir reikningar bankanna. Auk þess hefir þetta þing gert aðrar ráðstafanir, sem sjerstaklega eiga að miða að því að bæta úr þessari fjármagnsþörf til fasteignaveðslána, sem hv. þm. (JJ) nefndi, nefnilega með því að samþykkja ný veðdeildarlög. Ennfremur vil jeg minna á þá afstöðu, sem milliþinganefndin í bankamálum hefir tekið, því að það er ótvírætt og undirskrifað af meiri hl. hennar, að hún telur æskilegt, að hjer geti komist á fót einn eða fleiri einkabankar. *(JJ*: Með vissum skilyrðum). Það er ekki með neinum skilyrðum; nefndin lætur aðeins í ljós það álit, að það þurfi að komast hjer upp nýr einkabanki. Það stendur ekkert um, hvort átt er við sjerstök bankalög eða almenn bankalög, og um það hafa allir nefndarmenn í meiri hl. nefndarinnar sína ar þetta er skrifað, hafa þeir allir verið með því, að það kæmist á fót einn eða skoðun. Hvort þau eigi að vera sjerstök eða almenn, það breytir engu, því að þegfleiri nýir einkabankar, og hafa þar þörf atvinnulífsins í landinu fyrir augum.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason): Jeg vil nú reyna að haga orðum mínum þannig, að þau gefi ekki tilefni til langrar umr.

Þó verð jeg að svara hæstv. fjrh. nokkru. Hann hóf mál sitt með því, að sjer kæmi ekki ókunnuglega fyrir skoðun mín í fyrri ræðu minni, vegna ástandsins í kjördæmi mínu. Jeg veit satt að segja ekki, hvað hann átti við með því. Jeg býst ekki við, að það hafi verið það, að sambandi mínu við lánsstofnanirnar væri þannig háttað, að þess vegna væru horfurnar ekki sem glæsilegastar. *(Fjrh. JÞ*: Nei, nei, það er langt frá því. Jeg átti bara við þau miklu töp á lánsfje, sem orðið hafa í kjördæmi hv. þm.). Jeg hefi nú ekki orðið var við, að komið hafi nein skýrsla um það, að ástandið í Suður-Múlasýslu sje verra en annarsstaðar á landinu. Og jeg neita því, að svo sje. Jeg skal benda hæstv. fjrh. á aðra sýslu hjer nærlendis, þar sem ástandið er miklu verra en í Suður-Múlasýslu. Það er Árnessýsla. Jeg þori fyrir mitt leyti óhikað að bera þær saman. Í Árnessýslu er nú komið það ástand, sem verða mun hjer, ef ný lánsstofnun kemur við hlið hinna, er hafa bundið alt lánsfje sitt.

Jeg verð því að segja það, að jeg kann hálfilla við það, að fulltrúar Sunnmýlinga sjeu sí og æ brýndir á því, að í þeirra kjördæmi sje svo ilt ástand, að lengra verði ekki jafnað. Vegna þess að þetta er alls ekki rjett, þá verð jeg að lýsa óánægju minni út af því, að slík orð sjeu notuð hjer á Alþingi. Við fulltrúar Sunnmýlinga erum algerlega óháðir lánsstofnuninni á Eskifirði, en það get jeg borið henni, að það hefir aldrei staðið á því, að jeg gæti fengið lán þar, hefði jeg þurft þess, og fje hefir hún altaf haft til að lána.

Jeg býst ekki við því, að hæstv. fjrh. hafi kastað þessu fram til þess að sverta stofnunina, heldur til þess að sýna, að ástandið þar sje ekki gott. Það væri nú betra að líta dálítið nær sjer, því að af þeirri viðkynningu, sem jeg hefi haft af Reykjavík, sjerstaklega í vetur, hefir mjer virst, að sum útgerðarfjelögin sjeu svo miklir vanmetagripir, að aðrir eins finnist ekki í Suður-Múlasýslu. Og víðsvegar á landinu munu ekki öll kurl komin til grafar enn.

Hæstv. fjrh. fræddi mig á því, að þótt

seðlaútgáfunni yrði ráðstafað, þá mundi ekki verða frekar fje en áður til útlána. Þetta veit jeg vel, en jeg hygg þó, að það ætti að vera styrkur fyrir bankastarfsemina í landinu. Hefi jeg þar fyrir mjer orð bankastjóra beggja bankanna hjer, að þeir telja bankana ver stadda til þess að ákveða starfsemi sína meðan seðlaútgáfunni er óráðstafað. Gæti farið svo, að þessir bankar yrðu báðir færari um að starfa, ef seðlaútgáfunni væri komið í tryggt horf, þótt þeir geti það ekki meðan seðlaútgáfan er í lausu lofti eins og nú er.

Hæstv. fjrh. sagði, að bankarnir hefðu ekki getað fullnægt eðlilegri lánsþörf. Ef þeir eru á annað borð vel stæðir, þá skilst mjer, að þeir mundu nú geta fengið lán, því að lánstraust þeirra er enn svo mikið; en þeir vilja ekki gera það meðan alt er á reiki með bankafyrirkomulagið í framtíðinni.

Hæstv. fjrh. sagði, að það væri lítil hætta á því, að nýtt lánsfje yrði látið ónotað, eða að það yrði notað ógætilega. Jeg er honum sammála um það, að bankarnir hafi nú fengið þann árekstur, að lánsfje verði ekki fyrst um sinn notað ógætilega af þeim bönkum, sem nú eru hjer, og að því leyti mættu bankarnir nota lánstraust sitt frekar en þeir hafa gert.

Jeg skal svo ekki þrátta um þetta lengur. Það heldur venjulega hver á sínu í slíkum umræðum. Og jeg hefði ekki staðið upp nú, ef það hefði ekki verið vegna þessarar ádrepu, sem hæstv. fjrh. kom inn í umr.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg fæ ekki sjeð, að fram hafi komið svo mikil rök hjá þeim, er talað hafa gegn málinu, að ástæða sje að ætla, að hv. þdm. hafi sannfærst af þeim.

Jeg skal játa það með hv. 2. þm. S.-M. (IP), að það væri heppilegra að öllu leyti, ef endanlegt fyrirkomulag eða niðurstaða yrði á seðlaútgáfunni. En þótt ekki sje búið að binda enda á það mál enn, sýnist það ekki næg ástæða til þess að vera á móti nýjum banka. Hitt, að nýr banki gæti enga viðskiftamenn fengið nema þá, er nú njóta trausts í hinum bönkunum, eða hina, er enginn vildi lána, þá er það að vissu leyti ofmælt og engin ástæða til þess að vera á móti málinu. Það er kunnugt, að þótt menn njóti trausts bankanna, sem nú eru, þá telja bankarnir sig ekki altaf geta lánað fje, enda þótt það sje til góðra fyrirtækja. Og það er sýnilegt, að veltufje verður ekki aukið í landinu nema því aðeins, að nýtt fjármagn fáist. Og þrátt fyrir ýmislegt, sem fundið er að Íslandsbanka, þá getur enginn neitað því, að hann hefir að mörgu leyti verið lyftistöng framfara í landinu. Það hafa orðið stórkostlegar framfarir hjer síðan hann kom með nýtt fje inn í landið og lánaði það til atvinnufyrirtækja. Líkt hygg jeg að fara muni, ef þessi nýi banki kemur.

Jeg leyfi mjer svo fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar að ítreka tilmæli mín til hv. deildar um að samþykkja frv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Með ummælum mínum um ástandið í Suður-Múlasýslu átti jeg alls ekki við viðskifti þingmanna þessa kjördæmis við útibúið á Eskifirði, heldur átti jeg við hitt, að tapast hefði þar mikið lánsfje síðari árin. Hitt er rjett hjá hv. 2. þm. S.-M., að það eru fleiri dökkir blettir á landinu, enda var jeg ekki að hnjóða í það pláss sjerstaklega, heldur nefndi það sem dæmi og gat þess til skýringar, er jeg talaði um þá skoðun, sem nú er uppi, að rjett sje að svelta landsmenn enn meira um lánsfje, þeim til heilsubótar eftir þá sjúkdóma, sem þeir hafa verið

haldnir af undanfarin ár. Mjer þótti leiðinlegt, að hv. þm. (IP) skyldi taka orð mín sem hnjóð í hans garð eða kjördæmis hans, því að það var alls ekki meiningin.

Jónas Jónsson: Hæstv. fjrh. hefir svarað nokkrum af þeim beinu og óbeinu spurningum, sem jeg beindi til hans.

Hæstv. fjrh. segist ekki álíta, að sjálfstæði okkar sje nein hætta búin af því, þótt nýtt útlent fjármagn komi inn í landið. Þetta er nú frekar trú en skoðun, því að hann reyndi ekki að rökstyðja þetta. Það vita allir, að nú á tímum er það svo, að þegar stórþjóð vill ná áhrifum hjá smærri þjóð, þá er fyrst byrjað með peningum.

Jeg skal benda á t. d. eitt voldugt fjármálafyrirtæki, Standard Oil. Bandaríkjastjórn hefir reynt að kljúfa það í smáfjelög, en það hefir reynst ómögulegt, hvernig sem að hefir verið farið. Þetta er dæmi þess, hvað fjármagnið er sterkt. Og annað dæmi um það, hvernig fjármagn getur tekið á sig þjóðlega mynd, er það, að Standard Oil hefir gerst danskt fjelag í Danmörku og síðan íslenskt fjelag á Íslandi.

Þá sagði hæstv. fjrh., að hann mundi ekki bjóða heimildina um bankastofnun út opinberlega, heldur í kyrþey. Þetta er nú gott að heyra, því að hann mun þá ætla að setja bankanum sína kosti. En af þessum ummælum er ljóst, að enginn ákveðinn aðili er á bak við, og því er frv. þetta út í loftið, eins og jeg sagði áður.

Jeg mótmæli því, að bankarnir hjer sjeu venjulega fúsir til að lána út á fasteignir. Það má sjá það í efnahagsreikningi Íslandsbanka, að hann hefir lítið af fasteignaveðlánum, enda hefir hann leitast við að reka aðra lánastarfsemi, til verslunar og útgerðar. Og sama yrði ofan á, þótt nýr banki af sama tægi kæmi.

Jeg held, að það sjeu ekki miklar líkur til þess, að þetta frv. hafi nein áhrif til góðs, þótt samþ. verði. Það er ólíklegt, að erlendir fjármálafræðingar vildu hætta fje sínu hjer, þar sem peningar eru svo mjög á reiki. Það er ólíku saman að jafna að koma hingað með fje nú eða þá er Íslandsbanki var stofnaður. Það má að vísu vera, að krónan nái gullgildi, en hún getur líka fallið, og þess vegna er það stórhættulegt fyrir útlendinga að flytja fje sitt hingað.

Jeg vil koma með eina skýringu við það, sem hv. 2. þm. S.-M. (IP) sagði um útibúið í Árnessýslu. Jeg hygg, að honum hafi fallið þannig orð vegna ókunnugleika og að hann hafi farið eftir þeim orðróm, sem hjer gengur um útibúið. En jeg get sagt það — og byggi þar á samtali við bankaeftirlitsmanninn, er hefir kynt sjer hag útibúsins — að þar er ekki búist við miklum töpum. Bændur eiga að vísu erfitt með greiðslur, vegna þess hvað vextir eru háir, en fæst lánin mundu hættuleg, ef vextir væru lægri. En það er ein sýsla, sem bæði Suður-Múlasýsla og Árnessýsla þola samanburð við, og það er Ísafjarðarsýsla. Þar hafa bæði útibúin stórtapað. Og svo má líka minna á það, að bankarnir hjer hafa báðir orðið fyrir stórtöpum.

Jeg vil endurtaka það, að frv. á ekki að ganga fram. Og til þess eru þrjár ástæður:

1. Hjer vantar fullkomna bankalöggjöf.
2. Hætt er við, að ofvöxtur hlaupi í braskfyrirtæki, sem til eru, og nýjum skjóti upp.
3. Það getur orðið hættulegt fyrir sjálfstæði landsins að hleypa hjer inn erlendu fje.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi verið bundinn við atkvgr. í hv. Nd. og hefi því ekki heyrt nema lítinn kafla úr ræðu hv. 3. landsk. (JJ). En í því kom ekkert nýtt fram, og þarf jeg því ekki að lengja umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: JóhJóh, JM, SE, ÁH, BK, EP, GunnÓ, IHB, JJós, HSteins.

nei: JJ, EÁ, GuðmÓ, IP.

2.—4. gr. samþ. með 10:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:3 atkv.

Á 76. fundi í Ed., föstudaginn 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 407).

Jónas Jónsson: Jeg vil ekki láta þetta mál hverfa svo út úr deildinni, að jeg rifji ekki upp að nokkru andmæli þau, er jeg hefi komið fram með við fyrri umræður. Hjer hafa nú gerst undarlegir hlutir í dag. Það er búið að samþykkja happdrætti, sem stjórnin vill ekkert hafa með að gera. Þeir, sem mest hafa barist á móti einkasölu, hafa nú samþykt einkasölufrumvarp, þótt þeir að vísu áður hafi drepið einkasölufrv. um tilbúinn áburð, sem þó hefði mátt samþykkja með eins miklum rjetti, þar sem útlendir „spekúlantar" höfðu náð áburðinum á sínar hendur og útilokað alla samkepni. Nú er hjer farið fram á að gefa stjórninni heimild til þess að veita hverjum sem vill færi á að koma á fót stofnun, sem á sínum tíma getur orðið mjög áhrifamikil. Því hefir nú verið neitað hjer, að nokkur hætta gæti stafað af því að veita útlendingum þessi rjettindi. En í dag hefir það sýnt sig, að menn, sem oft hafa borið orðin „frjáls verslun" á vörum sjer, hafa fengist til að samþykkja einkasölufrv. vegna hræðslu við leppa. Þessi hræðsla hefir fengið flokk til að skifta um stefnu. Nú skal jeg aðeins nefna eitt dæmi þess, að ekki er ástæðulaust að vera á verði. Það er öllum kunnugt, að stjórnin hefir lagt fram frv. um seðlaútgáfurjett til handa Landsbankanum. Það er ennfremur kunnugt, að meiri hl. stjórnarandstæðinganna var frv. þessu fylgjandi. En þrátt fyrir það var það dæmt af dagskrá hjer ekki alls fyrir löngu. En hví komst þetta frv. ekki fram? Það var eingöngu vegna þess, að hjer er útlendur banki, sem hefir hagsmuni af því, að þetta frv. nái ekki fram að ganga og legst á móti því. Þessi útlenda peningastofnun hefir svo mikil áhrif, að hún getur hindrað stjórnina í því að koma frv. sínu fram. Og þó er þessi stofnun svo veik, að hún þarf að fá hjálp landsins. Nú er í dag verið að samþykkja í Nd. hlunnindi fyrir hana, til þess að hún geti haldið áfram að starfa. Þegar nú þessi peningastofnun, svo veik sem hún er, getur hindrað framgang stærsta og merkasta stjórnarfrumvarpsins, hve mörg frv. mundu þá ekki vera stöðvuð, ef hjer kæmi upp verulega sterkur erlendur banki? En í þessu frv. liggur sá möguleiki. Einasta afsökun fyrir að samþykkja þetta frv. væri sú, ef hjer lægju fyrir skilríki frá þektum fjármálamönnum, sem þingið gæti borið fult traust til að þeir vildu nota þessi hlunnindi, svo fyrir það væri girt, að hægt væri að selja hvaða gyðingi sem væri þessi rjettindi í hendur. En því er ekki hjer til að dreifa. Jeg hefi áður haft þá ánægju hjer á þingi að vara menn við hinum svokallaða norska banka. Hann var drifinn hjer í gegn með afbrigðum frá þingsköpum og ekki beðið eftir áliti frá nefnd,

Hvað hafðist svo upp úr því? Ekki annað en það, að einn eða fleiri „spekúlantar“ ferðuðust út um lönd í nokkur missiri og buðu mönnum þessi fríðindi. Pappírarnir voru sýndir utanlands og hundsaðir. Sömu menn berjast nú með sömu rökum fyrir þessum banka. En meðan ekki eru færð nein nýtileg rök fyrir þessu frv., þýðir ekki að fjölyrða um það. En jeg verð að segja, að það er vafasamur heiður fyrir stjórnina, er hún gefst upp á því að koma því frv. í gegn, sem á lá, að gengi fram, en setur svo þetta frv. í gegn í þess stað.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Af því að jeg er frsm. meiri hluta fjhn. skal jeg segja hjer nokkur orð. Það er, eins og hv. 3. landsk. (JJ) veit, þröngt um peninga handa atvinnuvegum landsins til lands og sjávar. Ef úr því yrði, að nýr banki kæmist á stofn, þá mætti gera sjer von um, að peningamagnið ykist. Þá mintist hann á hlunnindi þau, sem verið er að samþykkja í dag í hv. Nd. Íslandsbanka til handa. Það er gert af sömu ástæðum, atvinnuvegunum til hagnaðar. Það er svo sem gefið, að þegar bankarnir komast í vandræðaástand, þá á þingið frekar að styðja en steypa. Slíkt átti sjer stað í vetur, þegar svo leit út, sem ekki væri hægt að gera út nema part af fiskiflotanum. Jeg sje ekki ástæðu til þess að hafa á móti því, að þessi heimildarlög verði samþykt. Jeg vænti þess, að stjórnin verði vönd í vali sínu, er hún veitir einkaleyfið. En jeg býst ekki við, að nokkur maður geti haft á móti því, að bankinn komist á fót, því að við höfum fulla þörf á meira fjármagni.

Jónas Jónsson: Háttv. þm. Vestm. (JJós) segir, að þetta frv. sje fram komið vegna þess, að peningamarkaður okkar sje svo þröngur. Jú, það er gott, ef hægt er að fá peninga út á þetta; en það væri gaman að fá að heyra frá hv. 1. þm. G.-K. (BK), hvaða tryggingu hann álítur vera fyrir því, að fje fáist út á þessa heimild. En samhliða því, sem peningamarkaðurinn er svona þröngur, þá hefir verið varað við því af hálfu stjórnarinnar að leggja út í nýjar framkvæmdir. Það hefir verið sent út einskonar hirðisbrjef þess efnis. En hvers vegna er þá ekki hættulegt að fá nýjan banka? Afleiðing hans yrði sú, að fjármagni hans yrði varið til fyrirtækja þeirra, sem stjórnin er að vara við. Hvað varð arðurinn mikill af norska bankanum? Hann var ekki afgreiddur hjer á þinglegan hátt, heldur drifinn í gegn með frekju. Árangurinn varð ekki annar en að fjármálamenn í mjög litlu áliti flökkuðu um erlendis með fríðindin frá íslenska þinginu upp á vasann. Tilgangurinn var ekki annar en sá, að framselja rjettindin, og hjer virðist meiningin vera hin sama.

Hv. þm. (JJós) var svo samviskusamur að játa með þögninni, að það eru aðeins áhrif þessa útlenda banka, sem valda því, að stjórnin gat ekki komið fram sínu frv., því að annars var nógur tíminn. Samtímis er svo játað, að það þurfi að veita Íslandsbanka meiri sjerrjettindi. Þetta sýnir einmitt, hve mikil hætta getur stafað af banka, jafnvel þótt hann sje í peningavandræðum. Þegar verið var að stofna Íslandsbanka hjer á árunum, var fjöldi af mönnum, sem dönsuðu kringum þennan nýja gullkálf, sumir í von um að geta orðið bankastjórar, sumir gjaldkerar, og svo í von um aðra minni pósta; alt þetta hefir gripið inn í og hjálpað til að trufla þá eðlilegu valdskiftingu í landinu. En um Íslandsbanka er það að segja, að þótt

leitað væri í lögum um hann frá 1921, þá er ekkert þar því til fyrirstöðu, að hann fái nú seðla frá hæstv. fjrh., sem nú er í raun og veru seðlabanki landsins; en þetta, sem hjer er gert, er ekkert annað en framhald af þeim dansi, sem stiginn hefir verið á þessum danspalli. En nú eigum við að fá nýjan danspall, ef nokkuð verður úr þessu. Annars lítur út fyrir, að það þýði engin rök í þessari háttv. deild, en þau hafa samt komið fram, svo að afleiðingar þessa máls verða á ábyrgð þeirra, sem samþykkja þennan óburð stjórnarinnar.

Björn Kristjánsson: Jeg vildi aðeins endurtaka það, sem jeg sagði um daginn, að jeg skoða þetta frv. ekki þannig, að jeg geti haft von um, að banki verði stofnaður upp af því, og það er af því, að þegar stofnaður er banki, þá eru tveir aðiljar, sem verða að semja. Sá, sem sækir um að fá að stofna banka, og Alþingi, sem vill veita leyfið; en hjer liggur engin umsókn fyrir, nje heldur yfirlýsing um það, hvers þeir menn krefjist, sem vilja leggja fje sitt fram. Jeg tek þetta fram til þess að sýna, að jeg viti og sjái þá meinbugi, sem á þessu frv. eru. Mjer þykir það á vanta, að hinn aðilinn sje viðstaddur og vilji semja; jeg geri ráð fyrir, að þegar peningamennirnir sjá frv., muni þeim ekki líka „skalinn", sem í raun og veru er bygður á skökkum grundvelli, því að hagur bankans fer ekki eftir því, hvort hann græðir 50 þús. kr. eða 100 þús. kr., heldur einnig eftir því, hve mikið hlutafje stendur í honum. Þess vegna er ekki hægt að binda ágóðann við þá upphæð, sem hann græðir, og þess vegna geri jeg ráð fyrir, að það verði að breyta þessu frv. á næsta þingi, ef peningamenn gefa sig fram. En það skaðar ekki að samþykkja það nú, því að það getur verið bending um, að Alþingi sje fúst á að semja, og þess vegna greiði jeg því atkvæði.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg heyrði ekki nema hrafl úr ræðu hv. 3. landsk. (JJ), en í því, sem jeg heyrði, var ekkert nýtt, og þess vegna þarf jeg ekki að bæta neinu nýju við það, sem jeg hefi áður sagt. En eftir því, sem jeg veit best, er það nú alveg daglegt brauð, að menn geta ekki, vegna fjárskorts bankanna, fengið lán til svo sjálfsagðra hluta sem að greiða vinnulaun og annan sjálfsagðan kostnað við framleiðslu, sem þeir eru þegar búnir að inna af hendi, eins og t. d. útgerðarmenn, sem þurfa að greiða vinnulaun fyrir vertíðina, sem vitanlega koma aftur og meira til, þegar vertíðarfiskurinn verður seldur, jafnvel þótt miðað sje við það sárlága verð, sem á honum er nú. Þessi peningaekla, sem nú er, er alveg óeðlileg, og ef ekki tekst að bæta úr henni, háir hún þjóðfjelaginu, og álít jeg þess vegna rjett að gera einhverja tilraun til að bæta úr henni.

Jónas Jónsson: Hv. 1. þm. G.-K. (BK) hefir nú í raun og veru játað töluvert mikið af því, sem andmælendur frv. hafa sagt, þótt hann ætli samt að greiða atkv. með því. Hv. þm. játar, að hjer sje komið inn á þá braut, sem er eðlilega mjög brosleg, að vera að semja, þegar ekki er til nema annar málsaðilinn, sá, sem selur rjettindin út í hönd. Þetta eru ákaflega mikil fríðindi, en samt gerir hv. þm. ráð fyrir, að það muni ekkert hafast upp úr þessu öllu saman, það þurfi að egna betur, og þá fara kjörin ekki að verða sjerlega skemtileg, þegar þessi fríðindi, sem

eru alveg óvenjuleg, nema þá ef til vill í einhverju Suður-Ameríku-ríki, þykja einskis virði. Maður verður að játa, að þessi „skattstigi", sem hjer hefir verið búinn til, er sannarlega mildur, samanborið við það, sem maður þekkir um aðra gjaldendur nú, og að þeir muni færa sig meira upp á skaftið. Það er gleðilegt fyrir þá, sem þá sitja á Alþingi og verða að gleypa þann öngul. Hæstv. fjrh. reynir ekki að skýra, hvers vegna eigi að bjóða þessa útrjettu hönd; segir aðeins, að hjer vanti peninga. Jú, maður þekkir „Kára"-fjelagið, — en af hverju fjekk það ekki lán? Ekki af því, að peningar hafa ekki verið til, heldur af því, að bankarnir vildu ekki lána því nema þeir fengju þetta ágæta veð, sem verið var að hafa út úr ríkissjóði; síðan fór því að ganga vel, því að það er ekki annað, sem menn vantar til þess, að núverandi bankastofnanir vilji rjetta hjálpandi hönd, og þegar hæstv. fjrh. er að tala um, að það vanti fje, þá er hann kominn í mótsögn við sína eldri kenningu, sem jeg held, að hafi verið miklu betri, að það gæti verið varasamt að leggja út í nýjar framkvæmdir, þegar peningaverðið er breytilegt. Væri það t. d. hyggilegt, ef hæstv. fjrh. kæmist með krónuna upp í gullgildi, að hafa þá bundið nokkrar miljónir í atvinnufyrirtækjum, sem væru í andarslitrunum? Og þegar menn heyra nú, að stjórnin ætlar að reyna að fá meira fje inn í landið til þess að binda það í slíkum fyrirtækjum, og þar sem samtímis er sagt, að hún vilji líka hækka gjaldeyrinn, þá hljóta allir ókostirnir við þetta fyrirkomulag að koma fram.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnÓ, JJós, JóhJóh, JM, SE, ÁH, BK, EP, HSteins.

nei: EÁ, GuðmÓ, IP, JJ.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 599).

22. Afnám gengisviðauka á vörutolli.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 15. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um afnám gengisviðauka á vörutolli (þmfrv., A. 151).

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Klemens Jónsson): Þetta frv. er borið fram af fjhn. og í samráði við hæstv. fjrh. Það vill nú svo vel til, að engin ástæða er til að hafa langa umræðu um þetta mál nú, því að 1. umr. þess er eiginlega um garð gengin. Hún fór fram, þegar háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) bar fram frv. sitt um algert afnám gengisviðaukans. Þá kom flest það fram, sem máli skiftir. Skal jeg því láta nægja nokkrar athugasemdir.

Frv. þetta um 25% gengisviðauka kom fram á þinginu 1924 og var borið fram af þáverandi stjórn, vegna fjárhagslegra örðugleika. Var til ætlast, að þetta yrði einungis bráðabirgðaráðstöfun, og í frv. sjálfu var sú takmörkun, að miða gengisviðaukann við gengi sterlingspunds, þannig, að hann skyldi falla úr gildi, ef ster-

lingspundið væri skráð fyrir neðan 25 kr. Ef það ákvæði hefði staðið óhaggað, hefði hann gengið úr gildi síðastl. sumar, þegar hin snögga breyting varð á gengi pundsins. En fyrir þetta var girt með breytingu á lögum þessum á síðasta þingi, þegar sett voru föst ákvæði um, að hann skyldi gilda til ársloka 1927. En nú lítur út fyrir, að fjárhagur landsins sje kominn í það horf, að ástæða sje til að ljetta á þessum gjöldum, sem sett voru sem neyðarúrræði á þeim tímum, sem fjárhagur ríkissjóðs var sem örðugastur.

Af þessum ástæðum mun háttv. 2. þm. Reykv. hafa komið fram með frv. sitt um að afnema gengisviðaukann með öllu. En fjhn. hefir ekki sjeð sjer fært að ganga svo langt. Hún vill aðeins færa hann af nauðsynjavörum, en láta hann halda áfram á munaðarvörum, svo sem tóbaki, víni o. fl. Eftir þeim upplýsingum, sem nefndin hefir fengið hjá fjrh., nam tekjuaukning af gengisviðaukanum 412 þús. árið 1925, og mundi því verða um 300 þús. kr., sem ljett yrði af landsmönnum með þessu frv. á þessu ári.

Jafnframt hefir nefndin athugað, hvort ekki myndi tækilegt að ganga lengra og afnema gengisviðaukann af sykurtollinum, því að sykurinn er óneitanlega orðinn nauðsynjavara, að minsta kosti í sjávarþorpum, og þessi skattur mun láta nærri að vera um 2 aurar á hvert pund. En hún hefir ekki fundið ástæðu til að taka fasta afstöðu til þess að svo stöddu, því að hún ætlar að taka til athugunar, hvort ekki myndi tiltækilegt að ljetta af einhverjum þeim sköttum, er koma hart niður á sjávarútveginum. En hún hefir enga ákvörðun tekið um það ennþá, því að áður en hún kemur með ákveðnar till. í því máli, vill hún sjá, hver útkoma fjárlaganna verður eftir 2. umr. í Nd., því að það er altaf aðalumræða þeirra og á henni má töluvert byggja. En fyr en sú umræða er um garð gengin, kemur nefndin ekki með neinar breytingar.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar og vona, að frv. nái fram að ganga, enda þótt margir kunni að hugsa sem svo, að það hefði getað verið víðtækara.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil aðeins lýsa yfir því, að jeg er frv. þessu samþykkur, eins og hv. form. fjhn. gat um, og óska þess jafnframt, að það fái svo greiðan framgang, að það geti fengið staðfestingu konungs fyrir 1. apríl.

Jón Baldvinsson: Jeg vil aðeins leita upplýsinga hjá hv. form. fjhn. (KlJ) um það, hvort fjhn. hafi hugsað sjer að koma með breytingar sínar í sjerstökum lagafrumvörpum eða fella þær inn í frv. þetta. Því að ef breytingin á gengisviðaukanum að því er snertir sykurtollinn kemur ekki fram fyr en 2. umr. fjárlaganna er búin hjer í deildinni, má búast við, að hún komist ekki inn í frv. þetta. En það væri óneitanlega æskilegast, að allar þessar breytingar yrðu samferða út úr þinginu, því að það er dálítið óviðfeldið að vera altaf að peðra þessu út smátt og smátt.

Þetta vildi jeg fá upplýst, og eins hvort fjhn. hefir tekið til athugunar frv. það, sem til hennar var vísað nú fyrir skömmu viðvíkjandi þessu máli.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg get fljótlega svarað fyrirspurnum háttv. 2. þm. Reykv.

Hann hefði tæplega þurft að spyrja, því að jeg gat þess, að nefndin ætlaði ekki að

taka neinar fastar ákvarðanir þessu viðvíkjandi, fyr en 2. umr. fjárlaganna væri búin hjer í deildinni, en það verður sennilega ekki fyr en um það bil, sem frv. þetta á að ganga í gildi.

Þá mæltist hann til, að athugun þessara mála væri hraðað, því að hann taldi óviðfeldið að vera að peðra frumvörpum um þetta út smátt og smátt. En þetta hefir oft komið fyrir áður, og hjer býst jeg við, að koma þurfi að minsta kosti með tvö frv.

Þá spurðist hann ennfremur fyrir um það, hvort nefndin hefði athugað frv. hans viðvíkjandi þessu máli. Því var vísað til hennar fyrir helgina og lagt fram á fundi hennar síðastl. mánudag, og er því skamt frá liðið og varla viðbúið, að hún færi að athuga það frumvarp fyr en mörg önnur mál, sem lengur hafa legið hjá henni. Jeg geri nú annars ekki ráð fyrir, að nefndin eyði miklum tíma til að athuga það, því að hún gengur aldrei inn á, að gengisaukinn verði með öllu feldur niður að þessu sinni. Annars geri jeg ráð fyrir, að þannig megi líta á, að nefndin hafi sýnt afstöðu sína til frv. þessa með frv. því, er hjer liggur fyrir og er til umræðu nú.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 35. og 36. fundi í Nd., dagana 19. og 20. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 22. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A 151, 178).

Jón Baldvinsson: Jeg þarf ekki að flytja hjer langt mál um brtt. mína við þetta frv. nje málið í heild, því að það er þegar búið að ræða það allmikið, bæði í sambandi við frv. mitt á þskj. 117, um afnám gengisviðaukans, og ennfremur í sambandi við þetta frv. frá fjhn., um afnám gengisviðaukans á vörutolli. Hæstv. fjrh. (JÞ) hefir áætlað, að þessi breyting mundi muna ríkissjóð um 400 þús. kr. á ári. Jeg held nú sannast að segja, að þó að sjálft frv., sem hjer liggur fyrir, muni ríkissjóð allmiklu, þá muni þess lítið gæta á vöruverði alment, svo það muni almenning mjög litlu. Hinsvegar hefi jeg flutt hjer brtt. á þskj. 178, um að bætt verði við till. fjhn. tolli af kaffi og sykri. Því hvað sem um það kann að hafa verið sagt hjer áður, þá er það víst og ómótmælanlegt, að þessar vörur eru nú orðið nauðsynjavörur fyrir mikinn fjölda fólks. Kaffi- og sykurtollurinn hefir numið með gengisviðauka einni miljón króna, og munar það auðvitað talsverðu fyrir ríkið. En það ljettir líka talsvert á fólki, einkum í sjóþorpum, ef þeim tolli er ljett af. Mjer urðu það vonbrigði, að fjhn. skyldi fara svona skamt, úr því hún fór á annað borð að hrófla við málinu, því að jeg álít, að það hafi lítil áhrif, þótt af sje ljett þessum 400 þús. kr. En hinsvegar mundi verð lækka mjög mikið á þessum tveimur vörutegundum, ef tollinum yrði af þeim ljett. Jeg vænti þess, að hv. frsm. fjhn. láti uppi álit nefndarinnar um till. mína. En um varatillögu mína, að afnema eingöngu sykurtollinn, mun jeg ekki tala fyr en jeg heyri undirtektir hæstv. fjrh.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg get verið stuttorður eins og hv. 2. þm. Reykv., því að það er búið að segja það, sem segja þarf um þetta frv. En hvað snertir tillögu hv. 2. þm. Reykv. á þskj. 178, þá hefir fjhn. ekki getað komið því við að athuga

hana á fundi, enda er hv. þdm. kunnugt, að þingmenn hafa haft öðrum hnöppum að hneppa síðustu daga heldur en að sitja á nefndarfundum. En þótt nefndin hafi ekki getað komið því við að ræða till. á fundi, þá þurfti þess heldur í raun og veru ekki, því að hún var áður búin að lýsa yfir því, að hún treystist ekki til þess að ganga svo langt sem tillagan gerir ráð fyrir. Og um sykurtollinn sjerstaklega ljet jeg svo um mælt fyrir hönd nefndarinnar, að hún treystist ekki að gera neinar till. í þá átt, fyr en þá eftir að lokið væri 2. umr. fjárlaganna. Hv. 2. þm. Reykv. vildi halda því fram, að þar sem afnám gengisviðaukans á vörutolli dreifðist á svo margar vörutegundir, þá kæmi það að litlu gagni. Það getur vel verið, að það verði tilfinnanlegra fyrir ríkið að tapa þessum tollauka heldur en svari því, hvað almenning dregur um það, að hann er afnuminn. Hinsvegar er það venjulega viðkvæðið, þegar um nýja tolla er að ræða, að þeir sjeu mjög tilfinnanlegir. En sjeu tollar tilfinnanlegir, þegar þeir eru lagðir á, þá ætti það líka að finnast, þegar þeim er ljett af aftur. Jeg held þess vegna, að það megi segja, að þetta sje þó að minsta kosti spor í áttina til að afnema gengisviðaukann, og jeg hygg, að við höfum farið mjög varlega hjer og haft bæði getu þjóðarinnar og ríkissjóðs fyrir augum. Það munar þjóðina miklu, eins og háttv. flm. (JBald) segir, að afnema þetta aukagjald af kaffi og sykri, en það munar ríkissjóð líka miklu, því að það verður þar um 25% af einni miljón króna að ræða, en það verður ekki ennþá sjeð fyrir, hvort ríkissjóður þolir þann tekjumissi. Jeg get þess vegna lýst yfir því fyrir hönd fjhn., þótt hún hafi ekki haft tækifæri til að athuga þessa brtt. hv. flm., að hún verður að vera á móti henni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það hefir verið tekið fram við umr. málsins, að till. fjhn. um afnám gengisviðauka á vörutolli þýðir það að ljetta af landsmönnum gjöldum, sem nema 400 þús. kr. á ári. Nú vill hv. 2. þm. Reykv. ljetta þessum gengisviðauka líka af kaffi og sykri, og mundi það nema um 200 þús. kr. á ári, og kemur eitthvað helmingur af þeirri upphæð á sykur, ef varatill. hv. flm. verður samþykt. Jeg vil, þótt jeg í rauninni telji, að þess muni ekki þurfa, vekja athygli hv. deildar á því, að það eru komnar fram brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1927; en brtt. bera það með sjer, að því fer svo fjarri, að fjvn. hafi treyst sjer til þess að leggja það til, að ríkissjóður fari á mis við nokkuð af þeim tekjum, sem honum eru ætlaðar í stjfrv., að hún þvert á móti hefir fundið ástæðu til að hækka áætlanir á nokkrum tekjuliðum í þessum fjárlögum, þó að mjer sje óhætt að segja, að þeir frá stjórnarinnar hendi væru áætlaðir fult svo hátt sem venja hefir verið til hjer á þingi. Jeg held, að þeir háttv. þdm., sem hugsa sjer að fallast yfirleitt á þau útgjöld fyrir árið 1927, sem stjórnin hefir stungið upp á, og jafnvel að meira eða minna leyti á þær viðbætur, sem háttv. fjvn. hefir stungið upp á, hljóti að sjá, að það er ekki hægt að fara að stýfa af þeim tekjustofnum, sem fjárlagafrv. byggist á. Jeg vil taka það fram um sykurtollinn, að hann mun vera sá eini gjaldstofn, sem ekki hefir hækkað að krónutali síðan 1911, að öðru leyti en því, sem gengisviðaukinn leggur nú á hann; sykurtollurinn var sem sje ákveðinn árið 1911 15 aurar af kg., og hefir verið það altaf síðan, nema nú síðustu árin, að gengisviðaukanum viðbættum, sem er 4 aurar á kg., og þess vegna nú innheimtur með 19 aurum. Ef litið er á þann mis-

mun, sem orðinn er á kaupmætti peninganna, þá er það svo, að til 19 aura tolls á kg. nú hefði átt að svara um 7 aurar árið 1914, svo að þá er sykurtollurinn á hvert kg. í reyndinni ekki nema sem svarar helmingi af því, sem var þegar hann var lagður á. Þetta getur komið til athugunar, þegar um það er að ræða, hvort brýn ástæða sje til þess að lækka þann toll. Jeg verð þess vegna að leyfa mjer að mæla á móti því, að brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) verði samþyktar, hvort heldur er aðaltill. hans eða varatill.

Jón Baldvinsson: Mjer skildist nú ekki um daginn, þegar þetta mál var til umræðu, að fjhn. hefði þá tekið fulla ákvörðun um það, því að hv. 2. þm. Rang. (KlJ) sagði frá því, að hún hefði ekki athugað, hvort hún sæi sjer fært að fara lengra en gert er í þessu frv., og að það mundi verða að bíða þar til 2. umr. fjárlagafrv. væri um garð gengin. Þó að það sje nú svo, að 2. umr. fjárlagafrv. í þessari háttv. deild sje ekki búin, þá ætti þó fjhn. og fjvn. að geta farið nokkuð nærri um það, hvernig fjárlögunum muni reiða af; og mjer skildist líka, að hv. fjhn. hafi haft þá till. til athugunar, hvort hún sæi sjer ekki fært að fara lengra í afnámi tollsins. En ef nú hv. fjhn. ætlar sjer að flytja þá ákvörðun sína sem nýtt frv., eða að láta frv. á þskj. 151 bíða, eða jafnvel ekki komast til framkvæmda 1. apríl í ár, því að það er vafasamt, hvort 2. umr. fjárlagafrv. verður þá lokið, þá er það nokkuð, sem menn hefðu þurft að vita, því að það væri hálfleiðinlegt, ef verið væri að koma með mörg frv. um þetta, þar sem eitt mundi nægja. Hv. 2. þm. Rang. sagði, að það yrði að líta á getu ríkissjóðs til þess að geta mist skattana, en þeim orðum má líka snúa við og segja, að það verði líka að athuga getu landsmanna til að bera þá skatta, sem á þá hafa verið lagðir og intir hafa verið af höndum lengri tíma en ætlast var til upphaflega. Jeg þykist vita, að þetta frv., sem hjer liggur fyrir, sje gert í samráði við hæstv. fjrh.; að minsta kosti er það mjög líkt því, sem talað var um í aths. við fjárlögin, nema hvað það gengur skemra. En hvað það snertir, sem hæstv. fjrh. sagði um hækkanir fjvn., þá hugsa jeg, að afkoma yfirstandandi árs muni verða mjög góð fyrir ríkissjóðinn, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja; en hitt er annað mál með tollana, hvort þeir eiga að vera háir eða lágir. Hæstv. fjrh. sagði, að sykurtollurinn hefði ekki hækkað síðan 1911; en jeg sje ekki ástæðu til að halda við gengisviðaukanum, þó að svo langt sje síðan breytt var til. Sá tollur var þá mjög hár, og það er ekki nokkur ástæða fyrir framhaldi þess tolls, að lögunum hefir ekki verið hreyft síðan. Jeg veit ekki, hvort það myndi þýða nokkuð — jeg heyri, að hv. þm. eru að stinga upp á því — að fresta brtt. mínum þar til fjhn. hefir tekið fullnaðarafstöðu til málsins, því að jafnvel þótt hv. form. hennar (KlJ) hafi sagt, að hún myndi verða á móti þeim, þá kemur það ekki vel heim við yfirlýsingu hv. nefndar, sem hv. form. talar um, og hygg jeg það komi á daginn, að ekkert þýði að geyma brtt. til miðvikudags, því að þá liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um það, hvernig fer með fjárlögin. Þess vegna er jeg efins um það, hvort jeg á að geyma brtt. eða ekki. Jeg býst við að láta þær koma til atkvgr.; hv. þm. verða að gera það upp við sig, hvort þeir vilja samþykkja þær eða ekki, enda býst jeg við, að það myndi ekki hafa nein áhrif, þó að menn kunni að skjóta því fyrir sig, að þeir þyrftu fyrst að athuga fjárlögin.

Jeg bið þess vegna um, að brtt. komi til atkv., og læt svo ráðast, hvað gert verður við þær.

Frsm. (Klemens Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv. hjelt því fram, að leiðinlegt væri að koma fram með margar breytingar á sömu lögunum á sama þingi, og get jeg verið hv. þm. sammála um það, en það tíðkast þó, því að það eru oft lagðar fyrir þingið 2—3 breytingar á sömu lögum í senn. En hitt er það, að það er ekki síður leiðinlegt að þurfa altaf að vera að endurtaka það, sem maður hefir oft sagt áður. Hv. 2. þm. Reykv. spurði mig fyrst, þegar þetta frv. kom fram, og jeg svaraði þá, að úr því að þetta frv. ætti að koma í gildi 1. apríl 1926, þá þýddi ekkert að vera að tala um að láta það bíða eftir úrslitum fjárlaganna. En jeg skal játa það, að nú, eftir að komnar eru fram brtt. hv. fjvn., þá er hægra að fara að átta sig á málinu, jafnvel þó að menn viti ekki um brtt. frá einstökum þm., og ekki hvort þær verða samþyktar. Jeg skal ekkert fara að tala um alment útlit fyrir fjárhaginn. Það er að vísu svo, að hann er ekki sem glæsilegastur, og ef miðað er við fjárlögin, þá finst mjer heldur horfa til aukinna útgjalda heldur en hitt, svo að frá því sjónarmiði má búast við, að fjvn. verði treg til að koma með brtt. í þá átt að minka tekjur ríkissjóðs að miklum mun. Jeg gæti fyrir sjálfan mig hneigst að því að afnema kaffitollinn, en tel það ógerlegt sem stendur, vegna hags ríkissjóðs. Jeg skal loks taka það fram, af því að hæstv. fjrh. nefndi það, að sykurtollurinn er lægstur hjer á öllum Norðurlöndum. Þetta upplýsti jeg, þegar jeg lagði fram frv. um gengisviðauka fyrir þingið 1924. Jeg lagði þá fram tölur, sem jeg hafði fengið hjá skrifstofustjóra Jóni Krabbe, og jeg man það líka, að hv. 2. þm. Reykv. vildi þá vjefengja þær, en það var ekki hægt. Jeg sje ekki neina ástæðu til þess fyrir hv. þm. að fara að taka aftur eða geyma brtt. sínar til 3. umr. Jeg held, að það sje langbest að láta slag standa nú þegar um það, hvort þær verða samþyktar eða feldar.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi aðeins skjóta örfáum orðum til hv. 2. þm. Reykv. Jeg vil skora á hv. þm. að taka aftur brtt. sínar, því að eins og nú standa sakir, get jeg ekki greitt þeim atkv. mitt, en það getur borið svo við, að jeg vilji greiða atkvæði með afnámi á tolli, sjerstaklega af sykri, ef hæstv. fjrh. og hv. 2. þm. Reykv. tekst að snúa þinginu inn á þá braut að hækka gildi krónunnar. Þá álít jeg sjálfsagt að fella niður tollana, en á meðan jeg hefi von um, að ekki verði snúið að því óheillaráði, get jeg ekki verið með þessari tillögu.

ATKVGR.

Brtt. 178 (aðaltill.) feld með 22:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JakM, JBald, MT.

nei: IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, BSv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 178 (varatill.) feld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, SigurjJ, SvÓ, ÁÁ, HStef, HK, JakM, JBald, BSv.

nei: KlJ, MG, MJ, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, BL, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 17:1 atkv.

2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 151).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 151).
Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 25. mars, var frv. tekið til 1. umr.
Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 151, n. 224).
Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg hefi eiginlega ekkert um þetta frv. að segja. Nefndin leggur einróma til, að það verði samþykt. Og verði mjer ekki gefið sjerstakt tilefni, þá mun jeg ekki orðlengja neitt um þetta frekar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Jónas Jónsson: Jeg vildi aðeins útskýra það, að jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara. En svo stóð á því, að jeg var því fyrir mitt leyti samþykkur, að frv. gengi lengra og tæki til fleiri tegunda, en eins og málinu er nú komið, gæti það tafið fyrir.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 253).

---

23. Löggilding verslunarstaða.

Á 13. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um löggilding verslunarstaðar við Jarðfallsvík í Málmey (þmfrv., A. 49).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jón Sigurðsson): Jeg sje ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu frv. en gert er í greinargerð þess. Undanfarandi þing hafa verið frjálslynd í þessum efnum, og vænti jeg, að svo verði einn-

ig þar sem þetta frv. á í hlut, og jeg vonast þess vegna til, að það fái að ganga nefndarlaust til næstu umræðu.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 1. mars, var frv. tekið til 2. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. mars, var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., fimtudaginn 4. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 49).

Á 21. fundi í Ed., laugardaginn 6. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg veit varla, hvort það er nokkur ástæða til að ræða um þetta mál. Það hefir gengið nefndarlaust í gegnum hv. Nd., og vona jeg, að svo geti einnig orðið hjer. Það er orðið svo um þessar löggildingar verslunarstaða, að þingið er ekki vant að skifta sjer mikið af þeim, og það er vitaskuld svo, að ef þær eru óþarfar, þá verður ekki mikið gagn að þeim, en það er þó ekki ver farið en heima setið. Með þessum ummælum vil jeg þá mælast til, að frv. fái að ganga nefndarlaust í gegnum þessa hv. deild.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 11:1 atkv.

Á 22. fundi í Ed., mánudaginn 8. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 49, 100).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 100. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Einar Árnason: Rjett í þessu hefir verig útbýtt brtt. hjer í hv. deild frá mjer og nokkrum öðrum. Eru þær fluttar fyrir tilmæli hv. þm. Barð. (HK). Hafði hann hugsað sjer að flytja brtt. þessar við frv. meðan það var í hv. Nd., en fjekk ekki þær upplýsingar, er hann þurfti, fyr en eftir að málið var afgreitt frá deildinni.

Við flm. sáum ekki ástæðu til að hafa á móti því, að Melstaður skuli löggiltur verslunarstaður. Þó getur komið til mála, að hv. deild vilji setja málið í nefnd, til þess að fá frekari upplýsingar, sjerstaklega hjá hv. þm. Barð. Og fari svo, finst mjer rjett að fresta atkvgr. um brtt. þangað til við 3. umr.

Jónas Jónsson: Jeg stend upp til þess að heita fylgi mínu við frv., en jeg býst við að flytja við 3. umr. brtt. um það, að Leirhöfn á Melrakkasljettu verði löggilt. Þessi höfn er skamt fyrir norðan Kópa-

sker, og er það álit Sljettunga, að hún geti orðið góð vjelbátahöfn, og jafnvel fyrir stærri skip.

ATKVGR.

Brtt. 100,1 (ný 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

— 100,2 samþ. án atkvgr.

2. gr., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 100,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 10 :1 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um löggilding verslunarstaða við Jarðfallsvík í Málmey og að Melstað í Selárdal.

Á 24. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 107, 108).

Jónas Jónsson: Við 2. umr. ljet jeg þess getið, að jeg mundi flytja brtt., eða öllu heldur viðaukatill., við 3. umr. Þetta hefi jeg nú gert. Er viðaukatill. á þskj. 108 og hljóðar um það, að Leirhöfn á Melrakkasljettu verði löggiltur verslunarstaður. En þar sem jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. sjeu lítt kunnir staðháttum norður þar, þykir mjer hlýða að segja nokkuð ger frá, hversu þar til hagar.

Leirhöfn er vestur á Melrakkasljettu, dálítið norðar en Kópasker. Hún hefir verið til fárra ára lítt kunn og örsjaldan heimsótt af skipum, sem aðallega mun hafa verið vegna þess, að hún er ómæld. En í sumar fengu eigendurnir, sem eru dugandi framkvæmdamenn, forstöðumann Fiskifjelagsins, er var þar á ferð, til þess að athuga höfnina, auk þess sem skipstjórinn á vitabátnum framkvæmdi þar einhverjar mælingar. Forstöðumaður Fiskifjelagsins leyfði mjer að hafa eftir sjer, að honum litist vel á Leirhöfn sem bátahöfn í framtíðinni og þætti ekki ósennilegt, að útvegur tækist þar upp. Dýpi væri þar nokkuð, eða svo mikið, að t. d. skip eins og „Þór" gætu legið þar án nokkurrar viðgerðar, og þar af leiðandi mundi dýpið nóg fyrir öll minni veiðiskip.

Það, sem Leirhöfn hefir fram yfir Raufarhöfn, sem að mörgu leyti er góð, er víðáttumikið undirlendi, einkar nothæft til ræktunar, en alt kringum Raufarhöfn er hrjóstrugt land og lítil von um, að þar verði nokkru sinni ræktað svo nokkru nemi. Hinsvegar má telja heppilegt, ef sjávarþorp myndast í Leirhöfn, að þar eru ágæt skilyrði til aukinnar ræktunar og nóg undanfæri, þó að þorpið vaxi.

Þetta læt jeg mjer nægja. Aðeins vil jeg láta þau orð fylgja að endingu, að jeg hygg, að margar hafnir hafi verið löggiltar, sem síður skyldi en þessi. Því skal jeg bæta við, að þeir, sem þarna eiga hlut að máli, hafa fengið fyrirheit um, að höfnin skuli mæld og kortlögð undir eins og tími vinst til þess eftir að hún hefir náð löggildingu.

Forsætisráðherra (JM): Jeg stend ekki upp til þess að leggjast sjerstaklega á móti því, að þessar þrjár hafnir, sem um er að ræða, verði löggiltar. En mig langar að nota tækifærið til þess að vekja eftirtekt á þessari venju, sem hefir tíðkast nú um hríð, að kastað sje inn í þingið frv. og brtt. í þessa átt og þm. tæplega gefinn frestur til þess að kynnast allra nauðsynlegustu málavöxtum. Það hefir sem sje verið venja, að svona frv. færu nefndarlaust, og stundum alveg umræðulaust líka, í gegnum báðar deildir, en jeg

verð að telja það mjög óheppilegt, að þm. gefist ekki kostur á að rannsaka í hvert sinn, hvaða rök mæli með því, að þessi og þessi höfnin verði löggilt. Eins og þessu hefir haldið fram um stund, finst mjer eins hefði mátt setja ein lög, sem mæltu svo fyrir, að allar hafnir á Íslandi skuli vera löggiltar. Eða þá að gefa stjórninni heimild til þess að löggilda hafnir jafnóðum og þess er óskað.

Nú er vitanlegt, að fjöldamargar hafnir hafa á síðustu árum verið löggiltar, og engin verslun risið þar upp enn. — En, sem sagt, þessar löggildingar hafa gengið svo greiðlega, að jeg held, að það væri masminst að ákveða bara eitt skifti fyrir öll, að alt Ísland — utan kaupstaðanna — skuli vera einn löggiltur verslunarstaður.

Guðmundur Ólafsson: Jeg man svo langt, að fyrir tveimur árum, þegar samskonar frv. var hjer á ferðinni, en skift hafði um nafn við hverja umr. í hv. Nd., og jeg stakk upp á, að því yrði vísað til nefndar, að það þótti hreinasta goðgá og olli jafnvel hneyksli. Svo sjálfsagt þótti, að frv. fengi fram að ganga athugunarlaust, og svona gengur það enn. En að fara að breyta stefnu í þessum málum nú, held jeg að sje um seinan, enda skil jeg ekki í öðru en að því sje komið, að hver vík og vogur kringum landið sje nú löggilt, eins og þingið hefir verið greiðugt á þessi fríðindi undanfarið. *(Forsrh. JM:* Það er nú kannske ofmælt). Jæja, það getur nú verið, að einhver víkin sje eftir, og þá kannske ekki ósennilegt, að henni verði hnýtt aftan í frv. niðri í hv. Nd. og okkur svo sent það. Því ekki dettur mjer annað í hug en að eitthvað hlaðist utan í það á leiðinni svona milli föðurhúsanna.

ATKVGR.

Brtt. 108,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 108,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11:1 atkv. og endursent Nd. með fyrirsögninni:

Frv. til laga um löggilding verslunarstaða.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 11. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 121).

Á 30. fundi í Nd., laugardaginn 13. mars, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 145).

---

24. Framlag til kæliskipskaupa.

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 5. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um framlag til kæliskipskaupa o. fl. (þmfrv., A. 94).

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 8. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Áður en jeg sný mjer beint að frv. því, sem hjer liggur fyrir, verð jeg að drepa á nokkur atriði í undanfara þess.

Haustið 1922 gerði Samband ísl. samvinnufjelaga þá fyrstu tilraun, sem gerð hefir verið með að senda kælt kjöt til

Englands. Var kjötið sent með Íslandi, en þessi tilraun mishepnaðist, af því að vjelarnar voru ekki í lagi. Önnur tilraun var gerð 1923. Voru þá sendir 1719 kroppar af kældu kjöti. Nokkuð af kjöti þessu skemdist á leiðinni og sumt var fryst þegar til Englands kom. Verð kjötsins í Englandi varð, að frádregnum kostnaði: fryst kjöt kr. 1,42 pr. kg., en kælt kjöt kr. 2,32 pr. kg. Nettóverð hjer heima var þá kr. 1,90 pr. kg. Á sama tíma var útborgað verð á saltkjöti í kaupfjelögunum hjer kr. 1,00—1,10.

Enn var gerð tilraun 1924 og sent kælt kjöt með Gullfossi. Verðið á því kjöti varð, að frádregnum kostnaði, innlendum og útlendum, kr. 1,47 pr. kg., en saltkjötsverð var á sama tíma kr. 1,30—1,35 pr. kg. Síðastl. haust var enn sent kjöt með Gullfossi, 420 skrokkar frá Reyðarfirði. Verðið, að frádregnum öllum kostnaði, varð kr. 1,50 pr. kg., en saltkjötsverð á sama tíma kr. 1,40 eða 1,45 pr. kg. Jeg skal taka fram, að í sumar var einnig gerð tilraun úr Borgarnesi, en hún mistókst, kjötið skemdist, svo að ekkert er á henni að byggja.

Við þessar tilraunir er það að athuga, að upplýst er af fagmanni, að útbúnaðurinn í Gullfossi er ekki ætlaður fyrir kælt kjöt, heldur fryst. Það vantar dragsúg í kæliklefana til þess að kjötið geti haldist í æskilegu ástandi. Jeg hefi nú drepið á reynslu þá, sem þegar er fengin. Þessar þrjár aðaltilraunir virðast benda á, að fyrir kælt kjöt megum við vænta þess að fá hærra verð en fáanlegt er á norskum markaði, en að vandhæfi er á að flytja út kælt kjöt. Þó má vænta þess, að með betri útbúnaði og aukinni reynslu takist að yfirstíga þá örðugleika.

Með útflutning á frosnu dilkakjöti hefir aðeins verið gerð ein tilraun, sú, er gerð var síðastl. sumar, og hefir komið skýrsla í blöðunum um þá tilraun. Jeg ætla að drepa á nokkur atriði. Fluttir voru út 6514 skrokkar. Meðalverð í Englandi var um 7,40 pence pr. enskt pund, og lætur nærri, að það sje kr. 1,45 pr. kg. Fyrir það, sem best seldist, fjekst rúml. 9 pence pr. enskt pund, sem samsvarar kr. 1,93 pr. kg. Þetta verð, sem kjötið seldist fyrir, er nokkru lægra en talið er á verðskrám, að frosið kjöt hafi kostað í Englandi um þetta leyti. En við það er að athuga, að Argentínu- og Nýja-Sjálandskjöt mun hafa verið selt lægra verði en verðskrárnar telja.

Því verður ekki neitað, að þetta verð er lágt, en á það ber að líta, að okkar kjöt er óþekt á breskum markaði sem frosið kjöt. En á hinn bóginn verðum við að keppa um markaðinn við kjöt, sem Englendingar eru búnir að nota lengi, og þegar litið er á það, sem alkunnugt er, hve Englendingar eru fastheldnir við venjur sínar, er eðlilegt, að örðuglega gangi að koma á framfæri nýjum vörutegundum, og að það kosti bæði langan tíma og ítrekaðar tilraunir.

Á þessari tilraun mun hafa orðið mikill halli, um 70—80 þús. kr., ef miðað er við saltkjötsverð. En þess ber að gæta, að kjötverð var óvenjulega hátt í Noregi, um 50% hærra en í fyrra, en kjötverð í Bretlandi 15% lægra en í fyrra, og lækkaði eftir því sem á leið. Ennfremur varð allmikill ófyrirsjáanlegur kostnaður við skipið, vegna viðgerða og tafa, og mun allur kostnaður við skipið hafa orðið um 48 þús. krónur. Þá bættist enn við, að kjötið kom til Englands mánuði seinna en áætlað var, og var þá kjötverð farið að falla að mun. En það er venjulega svo, þegar verðfall kemur,

að besta varan gengur helst út, en óþekt vara eða sú, sem er í minni metum, situr þá á hakanum. Þetta er algengt lögmál, sem okkar kjöt hefir líklega orðið fyrir.

Þetta er saga málsins í fáum orðum, og nú er eðlilegt að spyrja, hvað taka skuli til bragðs. Ástandið er þannig nú, að íslensk kjötframleiðsla er algerlega háð norskum markaði. En Norðmenn kappkosta að auka sem mest sína kjötframleiðslu. Í landbúnaðarblöðum þeirra má alstaðar sjá hvatningar til aukinnar ræktunar og fjölgunar búfjár. Yfirleitt keppa þeir að því að verða sjálfum sjer nógir. Norðmenn hafa sýnt okkur í tvo heimana með tolllöggjöf sinni, og þeir geta gert það aftur. Ekki þarf mikil snurða að hlaupa á þráðinn til þess, að það verði gert, því að víða í Noregi er óánægja út af því máli. — Eins og nú standa sakir er því fjölgun sauðfjár hjer á landi nær því útilokuð, því að meira framboð á kjöti til Noregs mundi lækka verðið.

Á hinn bóginn hafa þegar verið gerðar þrjár tilraunir með útflutning á kældu kjöti, sem gefa góðar vonir. Tilraunin með frosna kjötið gefur enga ábyggilega reynslu.

Á nú að halda þessum tilraunum áfram, eða á að láta óhöpp síðasta árs hræða sig og leggja hendur í skaut? Á að sleppa þeim möguleika að halda sæmilegu kjötverði, þó framleiðslan ykist? Stjórnin hefir svarað þessu fyrir sitt leyti. Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er hennar svar, og jeg vil í nafni landbúnaðarnefndar tjá stjórninni eða atvinnumálaráðherra þakkir fyrir svarið. Einhverjum kann að koma til hugar, að betra hefði verið að fara aðrar leiðir, t. d. að halda tilraununum áfram með því að taka skip á leigu. Þar til er því að svara, að í 3 ár undanfarin hefir mjög verið leitast fyrir um leigu-skip, og loks fjekst eitt, sem svo reyndist nær því ónothæft. Skip þau, sem buðust, voru flest of stór og þar að auki fengust þau ekki leigð nema miklu lengri tíma en okkur hentar. Á síðasta þingi var talsvert talað um, að ríkið sjálft ljeti byggja kæliskip og gerði það út. Jeg tel þá leið, sem þetta frv. fer, miklu aðgengilegri. Tillag ríkissjóðs er að vísu nokkuð hátt, en það er miðað við kostnað þann, sem liggur í kæliútbúnaðinum, og við hleðslurúm það, er skipið missir. Með þessu tillagi ætti að vera trygt, að ekki þyrfti að taka hærra flutningsgjald fyrir þessa vöru en aðrar, að viðbættum þeim kostnaði, sem fer til þess að halda kælivjelunum í gangi. Skip það, sem hjer um ræðir, á að verða af sömu stærð og Goðafoss og hafa sama hraða. Kæliútbúnaðurinn allur á að verða mjög vandaður. Það á að geta tekið 20—30 þús. kroppa eða 5—6 þús. fjár. Í einni lestinni getur það flutt kælt kjöt, annari frosið kjöt, þriðju lifandi fje, fjórðu ull o. s. frv.

Það verður ágætt vöruflutningaskip og er ætlað að sigla á stærri hafnirnar. Það bætir því úr sárri þörf á tíðari beinum ferðum frá og til útlanda.

Á hinn bóginn er ekki hægt að segja um, hve margvíslega nýja möguleika kæliskip getur opnað framleiðendum. Það má benda á, að við erum eina þjóðin, sem hefir aðstöðu til þess að flytja kælt kjöt til Bretlands. Aðrar þjóðir flytja þangað fryst kjöt. Nautakjöt og lax verður oft verðlítið hjer, af því að ekki er hægt að koma því óskemdu á góðan markað, og ýmislegt fleira mætti nefna.

Það var oft talað um það, þegar höfnin hjerna var bygð, hve mikla nýja möguleika hún mundi skapa fyrir verslun og útgerð, og þær vonir hafa víst ræst.

Það er nú talað um, að nýjar auðsupp-

sprettur svo að segja opnist, ef járnbraut væri lögð austur yfir heiði. Með þessu frv. er líka verið að opna nýjar leiðir, og jafnvel nýjar framleiðslulindir, ekki handa einni eða tveimur sýslum, heldur öllum framleiðendum. Jeg vona, að þetta fyrirtæki verði til blessunar landbúnaðinum og sjávarútveginum einnig. En reynslan sker úr, hvort við berum gæfu til að nota þetta tækifæri.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg þakka hv. landbn. fyrir flutning þessa frv. Jeg skal geta þess, að ástæðan fyrir því, að það er fram komið, er m. a. sú, að Eimskipafjelagið hefir nú um nokkurn tíma langað til að koma sjer upp nýju millilandaskipi. Hefir það orðið að leigja skip vissa tíma ársins til þess að geta fullnægt flutningsþörfinni.

Jeg átti tal við forstjóra fjelagsins og spurði hann, hvort ekki mundi fást samkomulag um kælirúm í þessu nýja skipi. Hann tók því fremur dauflega þá. Af því fjelagið væri illa stætt, gæti það varla bygt nýtt skip fyr en goldnar væru gamlar skuldir, en það yrði ekki fyr en í árslok 1927, og þá ekki kostur á að fá nýtt skip fyr en á árunum 1928—'29. En hann ljet þá í ljós, að ef stjórn fjelagsins gæti gengið inn á að byggja nýtt skip, þá væri hann með því, að það hefði kæliútbúnað, ef ríkið kostaði það að einhverju leyti. Og árangurinn af þessum samningaumleitunum liggur fyrir í frv., svo að jeg þarf ekki að fara út í það frekar. Annars hefir hv. frsm. landbn. (JS) skýrt nákvæmlega frá þessu máli. En jeg verð að herða á því atriði, sem hann mintist á, að jeg álít, að ríkissjóður komist hjer að þeim bestu kjörum, sem hægt er að fá. Jeg er í engum efa um, að málið verður ekki látið sofna, því að það er framtíðarmál. En reynslan hefir sýnt okkur, að þessi aðferð, að leigja skip, er erfið. Á síðasta hausti voru kjörin óhæfileg. En að þeim var gengið einungis vegna þess, að verið var að gera tilraun um verð á okkar kjöti frystu á breskum markaði. Einmitt vegna þessara vondu leigukjara og vegna þess, hve skipið var óhentugt og lítið, þá varð svona geysimikill skaði á þessari tilraun. Og jeg þykist sjá fram á, að ef þetta ráð er ekki tekið, sem í frv. ræðir um, þá fáum við fleiri blóðtökur líkar.

Þetta fje, sem um er að ræða, er lagt fram í eitt skifti fyrir öll. Og eins og hv. frsm. (JS) tók fram, þarf fjelagið ekki að reikna hærra flutningsgjald af kældum vörum en öðrum vörum, af því að tillit var tekið til þess rúms, sem kæliútbúnaðurinn tekur, þegar framlag ríkissjóðs var ákveðið.

Þar sem þetta frv. er komið frá nefnd, skilst mjer það ekki þurfa að fara til nefndar aftur, en vil mælast til þess, að það fái góðar undirtektir og frv. geti orðið að lögum á þessu þingi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð, til þess að láta í ljós mína mjög miklu gleði yfir því, að þetta mál er þannig borið fram nú, og tjá hv. landbn. þakkir fyrir það, að hún hefir borið málið fram.

Það er ekki nema rúmt ár síðan millibinganefndin í kæliskipsmálinu skilaði áliti sínu. Það var mjög ánægjulegt fyrir minni hl. þeirrar nefndar, að Nd. tók til greina allar till. hennar, nema einmitt þennan lið, sem nú er borinn fram. Það var sem sje lögð áhersla á það í minni hl. að útvega skip í þessum tilgangi í hendur landsmönnum. Nú þykist jeg sjá af öllu, að nú muni það verða gert. Jeg býst við, að

þessi leið, sem landbn. hefir stungið upp á og samningar hafa staðið um milli stjórnarinnar og Eimskipafjelagsins, sje mjög heppileg leið. Og jeg tek undir með hv. frsm. landbn., að óska, að þetta megi verða landbúnaðinum til gagns. Þó að fjárhæðin sje stór, þá geri jeg ráð fyrir, að engum vaxi hún í augum, engum, sem sannfærður er um það, að þetta er eitt af þeim stóru sporum til þess að lyfta landbúnaðinum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 11. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 94, 120).

Sveinn Ólafsson: Jeg þykist mega fullyrða, að engu frv. á þessu þingi hefir verið tekið með öllu meiri ánægju en frv. því, sem hjer liggur fyrir á þskj. 94. Og mjer finst ástæða til að ætla, að svo muni vera hvarvetna úti um landið, að því verði fagnað vel.

En mjer finst líka jafnvafalaust, að það muni verða enn meiri aufúsugestur úti um sveitir landsins, ef brtt. verður samþ., sem fyrir liggur við frv., á þskj. 120, og sem lýtur að því að byggja á næsta ári lítið aukaskip til strandferða. Hún er borin fram af fjórum þingdeildarmönnum auk mín. Jeg efast ekki um það, að hún eigi ítök í mörgum af hv. þdm. og íbúum strjálbygðra sveita með ströndum landsins. Við flm. lítum svo á, að nú sje einmitt hentugur tími valinn til þess að koma í framkvæmd slíkri skipsbyggingu, til þess að koma í verk strandferðum þeim, sem brýn þörf landsins heimtar og veitt geti nokkurn veginn viðunandi samgöngur með ströndum fram.

Að tíminn sje hentugur til þess einmitt nú, byggist meðal annars á því, að við síðustu áramót urðu talsverðar fyrningar í ríkissjóði framar því, sem vant er. Samkvæmt því, sem hæstv. fjrh. (JÞ) upplýsti við 1. umræðu fjárlaganna, hafa þær numið fyrir 1924 og 1925 á 4. miljón króna. Einnig er augljóst, að á þessu ári verður líka nokkurt handbært fje, sem ætlað var til annara hluta, sem sje þær 600 þús. kr., er í fjárlögum yfirstandandi árs voru ætlaðar til afborgana á þeim lausum skuldum ríkissjóðs, sem nú þegar eru greiddar.

Það má því eftir atvikum líta svo á, að tíminn sje vel valinn til þess að koma í framkvæmd þessu þarfa og sjálfsagða fyrirtæki. Um óákveðinn langan tíma getur það hvort sem er ekki dregist, að í það verði ráðist, og þegar tekjuhalli er á landsreikningi, eru verklegar framkvæmdir erfiðari.

Mjer þykir rjett að geta þess hjer, að þessi till. vor flm. um skipsbygginguna er í raun og veru 2. liður úr till. milliþinganefndarinnar í strandferðamálinu, þeirrar, sem starfaði á síðastliðnu sumri, sá liður-inn, sem samgmn. treystist ekki óskift að leggja með, þegar málið var borið undir hana. En hún hefir engu að síður látið það í ljós, að hún teldi þetta eiga að komast í framkvæmd áður langt um liði.

Eins og kunnugt er, hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að auka og bæta strandferðirnar á þessu ári, með því að undirbúa leigu á skipi til haustferða ásamt „Esju“. En það er vitanlegt, að slíkt er aðeins fyrir stuttan tíma, seinni hluta þessa árs. Og í öðru lagi er það vitan-

legt, að slík leiguskip eru í mörgum tilfellum óhagfeld og koma ekki að þeim notum, sem innlend skip geta komið, ekki síst vegna aukins tryggingargjalds á slæmum höfnum.

Jeg tek það fram og legg á það alveg sjerstaka áherslu, að hjer er ekki um neitt kjördæmamál að ræða. Þetta er þjóðfjelagsmál. Það snertir beint að minsta kosti 13—15 af sýslum landsins, sem skipaviðkomur geta fengið, og allar hinar óbeinlínis, sem ekki hafa bein not af strandferðunum. Hjer er því ekki verið að draga sjerstaklega fram hagsmuni eins hjeraðs eða kjördæmis. Þetta er mál, sem heildina varðar. En við það verður að kannast, að það snertir þó fyrst og fremst þá hluta landsins, sem mest hafa farið varhluta af samgöngum undanfarið vegna einangrunar, slæmra hafna og strjálbýlis, en þar er líka þörf samgangna brýnust.

Jeg veit það vel, að ýmsum háttv. þdm. þykir í mikið ráðist með þessu, þykir ef til vill of mikið í sölurnar lagt með 400 þús. kr. skipskaupum. En þegar miðað er við þær fjárhæðir, sem á venjulegum tímum eru notaðar til þess að lagfæra og halda við vegum í landinu, þá er þessi upphæð út af fyrir sig ekki mikil. Jeg nefni aðeins það, að í fjárlagafrv. því, sem fyrir þinginu liggur, er gert ráð fyrir um 700 þús. kr. til vegagerðar og viðhalds vega, fyrir utan það, sem ætlað er til akfærra sýsluvega, brúa og minniháttar aðgerða. Og þó eru það aðeins smáspottar vega, sem gerðir eru fyrir þessa upphæð, spottar, sem koma tiltölulega fáum að liði. Það er þó hartnær tvöföld upphæðin við skipskaupin, sem þarna er varið til þess að koma ögn áleiðis þessu seinunna verki, að færa vegakerfi landsins í sæmilegt horf. Og meðan engin tök eru á að koma því í það horf, að hægt sje að tengja aðalhjeruðin saman, þá verðum vjer að notast við þann veginn, sem oftast er greiðfær, ef farartækin vantar ekki, nota leiðina með ströndum fram.

Það má rjettilega bera skipskaupin saman við önnur samgöngufyrirtæki, sem heimta fjárframlög. Þótt ólíkt sje, má þó bera þau saman við þá fyrirætlun í stjfrv., sem hefir komið fram í þinginu undanfarið, að leggja beri jafnvel alt að 200 þús. krónum af ríkisfje í tiltölulega lítið bryggjubyggingarmannvirki í Borgarnesi. Hvað eru þessar 400 þús. kr. til strandferðaskips, sem alt landið nýtur, í samanburði við það, sem þar er ráðgert að fórna fyrir tiltölulega lítinn hluta landsbúa? Jeg er ekki að leggja á móti þessu bryggjufyrirtæki, en aðeins að draga það fram til samanburðar við skipskaupin, til þess að sýna, að hjer er í raun og veru ekki til mikils mælst af oss flm., þegar öll landsheildin hefir þörfina og nýtur fyrirtækisins.

Það má alt eins vel bera þetta saman við ýms önnur þau fyrirtæki, sem ríkið hefir á baki og síst eru heildinni notabetri en strandferðir. Fullkomin fjarstæða væri samt að telja skipskaupin hliðstæð við þá fyrirætlun, sem nú mun hafa bólað á hjá hæstv. stjórn, að vilja leggja á ríkissjóðinn margra miljóna útgjöld í sambandi við örlítinn járnbrautarstúf hjeðan austur yfir Hellisheiði. Og þótt það út af fyrir sig sje mikils vert og komi mörgum landsbúum að liði, ef úr því verður, þá gagnar það alls ekki jafnmörgum og þetta fyrirtæki, sem hjer er stefnt að.

Því var skotið að mjer, þegar brtt. okkar flm. kom fram, að hún myndi vera sett til höfuðs sjálfu frv. Jeg vil því, til þess að fyrirbyggja allar getsakir og grun

í þessu efni, lýsa því yfir, fyrir mitt leyti að minsta kosti, að þótt þessi sanngjarnlega tillaga okkar yrði feld, þá greiði jeg eftir sem áður atkvæði með frv. Það er svo fjarri því, að hugmynd okkar sje að spilla fyrir frv., að jeg hygg, að það verði hiklaust stutt af öllum þeim, sem styðja þessa brtt., hvernig sem um hana fer.

Annars er rjett að geta þess um leið, að með þessari brtt. er reynt að stíga eitt fótmál, sem stíga þarf jafnframt því að kæliskip kemst í rekstur. Það getur ekki verið tilætlunin, að jafndýrt skip og stórt sem kæliskipið verði haft til þess að smjúga inn á hvern vog og vík í landinu. En hinsvegar gerum við flm. brtt. ráð fyrir því, að strandferðaskipið verði útbúið nokkru kælirúmi, til þess að flytja kælda matvöru til markaðsstaða og í veg fyrir kæliskipið. Þetta litla skip verður hvort sem er að fara með ströndum fram og safna farmi.

Þess er enn að geta, að ekki hefir fengist nein ábyggileg reynsla um það, hvernig kæliflutningur muni takast, og mættu þar að liði verða tilraunir strandferðaskipsins, enda er að sjálfsögðu mikilsvert fyrir ýms hjeruð landsins, sem hafa nautakjötsframleiðslu að sumrinu, að eiga kost á að koma slíkri vöru til innlendra markaðsstaða. En til þess hefir ekki verið tækifæri undanfarið — og er ekki ennþá. Framleiðsla þeirra hjeraða nýtist ekki og vöntun flutningatækja á sjó og landi fyrir þau tálmar eðlilegum og nauðsynlegum viðskiftum innanlands, jafnvel svo, að kjöt, smjör, ostur, egg o. s. frv., sem nægt er af í landinu, er að talsverðum mun flutt frá útlöndum. Jeg held þess vegna, að með hentugu strandferðaskipi gefist færi á að gera ýmsar tilraunir með flutning á kældum matvörum á innlendan markað, sem jafnframt hefðu þýðingu fyrir útflutning á útflutningshæfum vörum.

Jeg verð að biðja afsökunar á því, að jeg grip dálítið aftur í tímann.

Það eru nú 45 ár síðan jeg kom fyrsta sinn austur um álinn til frænda vorra í Noregi og dvaldi þar vetrarlangt. Jeg kyntist þar póstflutningi og samgöngum yfirleitt og átti kost á að sjá, hvernig þeim var hagað. Mjer er ekkert minnisstæðara frá ferðinni en sá samanburður, sem jeg gerði um samgöngur og landshættu hjer heima við ástandið þar. Strandferðirnar þar voru mikla lengra á veg komnar um og fyrir 1880 en þær eru hjer þann dag í dag. Það mátti þá svo heita, að hvert afskekt útkjálkahjerað og eyjar með ströndum Noregs — en þær eru mýmargar —, hvert smáfiskiver og bygðarhverfi nær sjó ætti vikulega kost á sambandi við hvern stað sem vera skyldi með ströndum fram.

Fyrir utan fjögur stór póstskip, sem gengu óaflátanlega fyrir utan skerjagarðinn, með viðkomum á öllum aðalhöfnum frá Knöskanesi til Oslóar, var fjöldi af litlum gufuskipum, sem önnuðust ferðir um sund, víkur og voga á tilteknum svæðum og höfðu ferðaáætlanir samræmdar áætlunum aðalskipanna.

Síðan þetta var hafa stórfeldar breytingar orðið til bóta á samgöngum í Noregi, bæði á sjó og landi. Það er auðvitað með öllu þýðingarlaust að bera saman ástæðurnar þar og hjer og gera hjer jafnháar kröfur. Mjer dettur heldur ekki í hug, þótt jeg nefni þetta, að hjer verði að sinni líkt eftir þeim samgöngum, sem tíðkast við Noregsstrendur. En við verðum að reyna að feta okkur í áttina að

samgöngum, sem gera fólkinu vært að dvelja í strjálbýli strandanna. Þeir tímar hljóta að koma — eru ef til vill komnir — að fólkið lætur sjer ekki lynda að sitja í einangri mánuðum saman og jafnvel heil missiri, án póstferða eða samgöngutækja á sjó eða landi, án þess að komast í nærsveitir öðruvísi en á hestbaki, þegar best lætur, eða fótgangandi. En þannig er þó ennþá víða ástatt í voru landi, þar sem strjál er bygðin, jafnvel á stórum svæðum.

Jeg vil ekki þreyta hv. þdm. með langri ræðu, enda þykist jeg vita, að þeir, sem andvígir eru þessu máli, láti ekki skipast af mínum orðum. En við hinu get jeg búist, að einhverjir láti skipast af þörfinni á bættum samgöngum, sem fást til að athuga hana, og snúist þess vegna til fylgis okkur flm., sem stöndum að brtt. á þskj. 120.

Jeg hygg þá ekki fáa, sem líta svo á með mjer, að ein ríkasta ástæðan fyrir því, að fólkið flýr úr sveitunum og sest að á mölinni við sjóinn, sje einmitt sú, hvað margar sveitir eru einangraðar og eiga við margháttaða erfiðleika að búa í samgönguleysinu.

Ef sá skilningur er ekki alment vakinn nú, sem sjer og finnur nauðsyn þessa máls, þá mun það aðeins tímaspursmál, að allur fjöldinn vakni til meðvitundar um þörfina og það, hvert stefna beri, og þá verða þeir ekki öfundsverðir, sem leggjast móti kröfunum.

Að lokum vil jeg svo heita á allar hollvættir strjálbygðu sveitanna að styðja þetta velferðarmál, og þykist jeg þess fullviss, að margar þeirra muni hjer innan deildarinnar.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Jeg hafði gert mjer góðar vonir um, að þetta frv. fengi að ganga hindrunarlaust í gegnum báðar deildir, og allra síst mundi mjer nokkru sinni hafa komið til hugar, að stjettarbræður mínir færu að fleyga málið og tefja fyrir því. En það kalla jeg að þeir geri, þegar á það er litið, að hjer liggur fyrir frv., sem allur þorri hv. þdm. er á einu máli um, að nái fram að ganga, en aftan í það er svo hnýtt öðru máli, sem að vísu er gott í sjálfu sjer, en á nú sem stendur formælendur fá og tvísýnt mjög um framgang þess, enda svo um það deilt, að sjálf nefndin, sem haft hefir það til meðferðar, er ekki á sama máli.

Meiri hl. landbúnaðarnefndar hefir farið þess á leit við hv. flm., hvort þeir vildu ekki taka brtt. aftur og flytja hana í öðru formi, t. d. koma með frv. í þessa átt. Á það hefðum við nefndarmenn getað fallist, og eftir því sem orð fjellu hjer í háttv. deild í gær, er málið var tekið af dagskrá, bjóst jeg jafnvel við, að sú leið yrði farin, að koma með sjerstakt frv. um byggingu strandferðaskips. En þetta hefir ekki verið gert, málið borið fram eins og það lá fyrir í gær, og er mjer óskiljanlegt þetta kapp, sem hv. flm. leggja á það að hnýta strandferðaskipinu aftan í kæliskipið. Jeg verð að líta svo á, að það sýnist bera vott um, að bæði þessi mál eigi að fylgjast að, og ef svo vill verða, þá í einu og sömu gröfina.

Það er líka eitt, sem ekki greiðir fyrir frv. og því máli, sem það átti að bera uppi, ef brtt. verður samþykt, því að með henni á strandferðaskipið að koma á undan kæliskipinu. Í brtt. er það tekið fram skýrum orðum, að það eigi að vera fullgert næsta vetur. Mætti því gera ráð fyrir, ef þröngt væri um fjárgreiðslur ríkissjóðs, að strandferðaskipið yrði bygt fyrst, en hitt látið sitja á hakanum, hver veit hvað lengi.

Jeg skal svo ekki orðlengja frekar um

þetta, en geta þess, að landbn. hefir að sjálfsögðu óbundin atkvæði um brtt., þar sem einn nefndarmaður er flm. hennar og greiðir eflaust atkvæði með henni, en meiri hl. nefndarinnar greiðir atkvæði á móti brtt.; það þykist jeg mega fullyrða.

Jón Auðunn Jónsson: Okkur í samgmn. Nd. kom á óvart, er við sáum hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fara á bak við nefndina og bera fram fyrir hv. deild till., sem nefndin var búin að fella, því hún gat ekki að þessu sinni og að svo vöxnu máli fallist á neina af till. milliþinganefndarinnar, nema þá eina, sem hún tók upp og hefir verið samþykt hjer í hv. deild.

Sem betur fer er það óvanalegt hjer á hinu háa Alþingi, að sú leið sje farin, sem háttv. flm. brtt. (SvÓ) hefir valið sjer, og þess vegna virðist mjer liggja í augum uppi, að háttv. deild vísi brtt. á þskj. 120 til samgöngumálanefndar áður en gengið er til atkvæða um hana. Þetta er samgöngumál og ekkert annað, og því algerlega óskylt því máli, sem því er hnýtt aftan í.

Það er öllum kunnugt, að útlitið er ekki glæsilegt fyrir atvinnuvegina nú í nánustu framtíð, og líklega þarf fleiri ár til þess að komast úr yfirstandandi kreppu. Þykist jeg vita, að allflestir háttv. þm. hafi áhuga og vilja til að ljetta sköttum og þungum álögum af atvinnuvegunum, svo að þeir sligist ekki. Vona jeg, að sú verði niðurstaðan, að ekki minna en 1 milj. kr., sem nú hvílir á atvinnuvegunum, verði af þeim ljett um það er þessu þingi er lokið.

Þessi till., sem hjer liggur fyrir, fer í sömu átt, að ljetta undir með öðrum aðalatvinnuvegi þjóðarinnar og leggja fram 350 þús. kr. til tryggingar betri afkomu landbúnaðarins. Og um þetta hygg jeg, að allir sjeu einhuga, og vænti jeg þá, að hins sama gæti um hinn aðalatvinnuveginn og að af honum verði ljett a. m. k. sem svarar 600 þús. kr. á næsta ári og að tekjubálkur fjárlaganna verði lækkaður að sama skapi.

Allir sjá þá óumflýjanlegu nauðsyn að styrkja atvinnuvegina, að engum kemur til hugar að mæla á móti því að leggja 350 þús. kr. í kæliskip. Ef ekki á að sliga hinn aðalatvinnuveginn, sjávarútveginn, þá verður að ljetta af honum hinum mjög svo þungu sköttum, en þar af leiðir, að fara verður varlega í útgjöldum ríkissjóðsins.

Hv. aðalflm. brtt. (SvÓ) taldi hentugan tíma að ráðast í stórræði til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. En jeg er þar á annari skoðun. Atvinnuvegirnir stynja undir þungum sköttum og álögum og útlitið er það, að þeir eigi erfitt uppdráttar næstu ár, þó aldrei nema hið háa Alþingi reyni að ljetta undir með þeim sem kostur er.

Þá gat hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) þess, að bygging strandferðaskipsins mundi draga úr fólksstreymi til kaupstaðanna og tryggja fólkið í sveitunum. Þar er jeg líka á öndverðri skoðun. Það eru vegirnir og samgöngurnar innan sýslna og hjeraða, sem best munu stuðla að því í framtíðinni að tryggja fólkið í sveitunum. Það verður að leggja ríka áherslu á, að Norðurlandsveginum verði haldið áfram og flýtt sem kostur er lagningu hans á næstu árum. Mannflutningar liggja um sveitirnar víðast hvar, en ekki með ströndum fram. Þegar Norðurlandsbrautin er komin og akvegur vestur í Dalasýslu, ferðast menn bæði þaðan, úr Strandasýslu og af öllu Norðurlandi landveg til Borgarness, og þaðan sjóveg t. d. hingað.

Jeg skal svo láta staðar numið hjer, en verð fyrir hönd samgmn. að lýsa óánægju minni yfir því, að brtt. þessi skuli vera fram komin í því formi, sem hún er, enda leyfi jeg mjer að leggja eindregið á móti því, að hún nái fram að ganga.

Þorleifur Jónsson: Af því að jeg er meðflm. þessarar brtt., sem útlit er fyrir, að verði talsvert þráttað um, þá verð jeg að segja fáein orð.

Finst mjer þá hlýða að hefja mál mitt með því að þakka hv. landbn. og hæstv. atvrh. fyrir að bera fram frv. um byggingu kæliskips. Get jeg skrifað undir alt það, sem hv. frsm. landbn. (JS) sagði við 1. umr. þessa máls, því að hjer er áreiðanlega um eitthvert stærsta framfaraspor fyrir landbúnaðinn að ræða. Það er ekki lítið í það varið, ef tækist að víkka markað fyrir afurðir landbúnaðarins og jafnhliða hækka verðið, en að þessu er stefnt með byggingu kæliskipsins. Þess vegna er mjer óblandin ánægja, hvað þetta mál er komið á góðan rekspöl, því auðsætt er, að ekki vantar nema herslumuninn, eins og sjest á því, að Eimskipafjelag Íslands leggur til skipið, en ríkissjóður þarf aðeins að kosta kæliútbúnaðinn. Er þetta mikil breyting frá því, sem ráð var fyrir gert í fyrra, því að þá kom jafnvel fram, að bygging kæliskips mundi aldrei kosta undir 1 miljón króna, en það ljetu líka margir á sjer heyra, að í þann kostnað væri ekki horfandi. Mál þetta væri svo mikið nauðsynja- og framtíðarmál.

Af þessu má sjá, að þótt við flytjum tillögu um byggingu strandferðaskips, er það alls ekki til að spilla fyrir frv. um kæliskipið, eða eins og heyrst hefir, að við flm. vildum með brtt. tefja fyrir byggingu kæliskipsins. Slíkt er hin mesta fjarstæða, enda þykir mjer hart að þola þau brigslyrði hv. 2. þm. Skagf. (JS), að við með brtt. okkar sjeum að fleyga málið. Það eru algerlega rangar getsakir og tilhæfulausar með öllu. Hann veit það líka og hlýtur að viðurkenna það með sjálfum sjer, hv. þm., að það er ekki af illum hug við kæliskipið, að við berum fram brtt., því við erum því máli trúir engu síður en hann, heldur vakir það fyrir okkur, að sem mest og best not geti orðið að kæliskipinu, en það teljum við að geti aðeins orðið með því eina móti, að strandferðirnar sjeu bættar svo, að við þær megi una fyrir allan landslýð.

Það er á allra vitorði, að strandferðir hafa verið afarófullkomnar núna síðustu 10 árin. Jeg þarf ekki að lýsa því, hvað allir landshlutar voru betur settir með strandferðir fyrir stríð, eða á þeim árum, sem Austri og Vestri, og stundum þriðja skipið, stunduðu þær. Þarf því síst að furða, þó að margir sjeu orðnir langleitir eftir því, að bætt sje úr samgönguleysinu með ströndum fram, og að landsmenn heimti það af fulltrúum sínum hjer á þingi, að þeir láti ekki reka á reiðanum um þessi mál, eins og viljað hefir við brenna undanfarið. Þess vegna er og hart að heyra því núið þeim um nasir, sem ekki þola sömu kyrstöðu í málinu, að það sje í óhreinum tilgangi gert að leggja nú til, að strandferðirnar verði færðar í það horf, að allir megi sem best við una.

Jeg skal t. d. geta þess, svo að mönnum sje ljóst, hvernig strandferðunum er nú háttað, að, í sumar sást skip tvisvar sinnum á Hornafirði. En á meðan þeir fóru reglubundið með ströndum fram Austri og Vestri, var komið við á Hornafjarðarósi í hverri ferð að sumrinu. Og sömu söguna hygg jeg, að fleiri hafi að segja, t. d. Vest-

firðingar; þar munu margar smáhafnir verða útundan nú, sem muna þó fífil sinn fegri.

Að vísu skal það játað, að sumstaðar er bætt úr með ferðum Goðafoss, en það eru aðeins stóru hafnirnar, sem fyrir þeim hlunnindum verða, svo að þeir, sem næstir þeim búa, þurfa kannske ekki að kvarta. En það verður líka að taka tillit til þeirra, sem í skugganum búa, og er síst sæmandi fyrir löggjafarvaldið að halda þeim áfram í myrkrinu.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) gerði lítið úr því, að samgönguleysið mundi hrekja fólkið úr sveitunum, en því er þó svo varið, að einmitt vondar og óhagstæðar samgöngur verða þess valdandi, að fólkið tapar trúnni á sveitirnar og leitar þangað, sem það hyggur, að hægra sje að bjarga sjer. Jeg þekki mörg slík dæmi, þó jeg hirði ekki um að nefna þau. Þó skal jeg geta þess, að úr mínu hjeraði fluttust þrír bændur í fyrra og í vor stendur til, að einn eða tveir taki sig upp og leiti á burt. Og enginn kemur í staðinn, jarðirnar leggjast í eyði eða eru nýttar af nágrönnunum, sem þurfa þeirra þó ekki við. Og spyrji maður þessa bændur, hvers vegna þeir flytji á braut, er svarið á þessa leið: Hjer er ekki búandi vegna samgönguleysis og annara ókosta, sem því fylgja. Það er áreiðanlega engin fjarstæða, þó menn álykti sem svo, að eftir því sem samgöngurnar batna og eru gerðar fullkomnari, því betur uni fólkið hag sínum heima fyrir í sveitunum.

Að þetta mál sje fjarskylt aðalkjarna frv., get jeg ekki skilið. Kæliskipið er aðallega gert fyrir stóru hafnirnar, en með brtt. okkar er stefnt í þá átt, að smærri hafnirnar geti komið sínum framleiðsluvörum óskemdum á markaðinn. M. ö. o., litla strandferðaskipið á að flytja vörurnar af smærri höfnunum í veg fyrir kæliskipið eða í það.

Hugsum okkur t. d., að á Hornafirði biði 600 kindaskrokkar, sem strandferðaskipið flytur til Reyðarfjarðar og kemur þeim fyrir í húsi þar þangað til kæliskipið kemur, sem flytur þá áfram á markaðinn, eða, ef svo heppilega tækist til, að skipin lægju samtímis á Reyðarfirði, þá er ekki annað en skipa vörunum á milli þeirra. Nei, það getur enginn sagt með rjettu, að hjer sje um óskyld mál að ræða. En hinsvegar virðist mjer alt benda á það, að þeir hv. þdm., sem eru á móti brtt., hafi enn sem komið er ekki áttað sig á henni, og af þeim ástæðum sjái þeir ekki, hversu gott og mikilvægt málefni sje hjer á ferðinni.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, að háttv. samgmn. hefði ekki sjeð sjer fært að taka upp þessa till. um byggingu strandferðaskips, vegna kostnaðarins, er af því leiddi. Því skal að vísu ekki neitað, að það er dýrt og upphæðin, 400 þús. kr., allhá. Þó eru hjer nefnd ýms fyrirtæki, sem ekki kosta minna, og þó ekki komin öll kurl til grafar enn. Og í fjárlagafrv. blöskrar hæstv. stjórn ekki að fara fram á 300 þús. kr. fjárveitingu, sem gengur að mestu leyti til símalagninga í einu einasta hjeraði. Jeg er ekki með þessu að álasa hæstv. stjórn, enda tel jeg þessa fjárveitingu að mörgu leyti rjettmæta. En jeg bendi á þetta til þess að sanna, að það eru fleiri stórhuga en við, sem stöndum að brtt. á þskj. 120.

Í raun og veru get jeg ekki betur sjeð en að við á þessum tíma höfum ráð á að byggja strandferðaskip og leggja jafnhliða í kæliskip. Hitt má kannske segja, að rekstur þessara skipa sje svo dýr, að tap verði á honum. Við vitum, að strandferðirnar

hafa aldrei borið sig, og munu að líkindum ekki gera það fyrst um sinn. En frá þeim kostnaði má þó draga flóabátastyrki þá, sem óumflýjanlegt er að veita á meðan strandferðirnar eru í þessu öngþveiti, en þeir mundu falla niður að mestu leyti, þegar bætt væri við nýju strandferðaskipi.

Hjer er áreiðanlega um stórt framfaraspor að ræða, enda mun það sýna sig, að samgöngumálum okkar er ekki borgið fyr en við höfum borið gæfu til þess að eignast svona skip.

Það er fjarri mjer að lasta það, að samgöngur á landi verði bættar og fullkomnaðar. En það er líka jafnsjálfsagt að nota þá samgöngubraut, sem liggur hringinn í kringum landið og ekki þarf að leggja, þó kaupa þurfi skip, er kostar nokkur hundruð þúsund krónur.

Þess vegna segi jeg það, að enginn hv. þdm. þarf að skammast sín fyrir það að ljá svona nauðsynjamáli fylgi sitt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg verð að segja það, að mjer varð mjög illa við, er jeg sá þessa brtt. á þskj. 120. Ekki af því, að mjer detti í hug, að hv. flm. hafi með henni ætlað sjer að spilla fyrir því máli, sem hún er sett í samband við. En mjer var illa við hana af því jeg þóttist sjá, að þetta mál — bygging strandferðaskipsins, sem er ekki óvinsælt mál — átti að fljóta í kjölfari annars máls, sem er þó miklu vinsælla. Og þetta dreg jeg af því, að sá háttv. þingmaður er aðalflm. brtt., sem orðið hafði í minni hluta í samgöngumálanefnd, þegar samþykt var þar að fresta að sinni, að bygt yrði strandferðaskip. Það er ekki sanngjarnt að setja svona mál aftan í annað mál, sem allir viðurkenna, að eigi fram að ganga, þegar búið er að samþykkja í báðum samgmn. þingsins að gera ekki út um kaup á strandferðaskipi á þessu ári. Því þó að frv. um kæliskipið sje vinsælt mál, er ekki víst, að það geti borið uppi auk sín svona stórt mál.

Jeg veit ekki, hvaðan hv. flm. hafa þær tölur um verð hins nýja strandferðaskips, sem í brtt. eru nefndar. Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelags Íslands hefir sagt mjer, að hann hafi fengið lauslegt tilboð í skip í líkingu við Austra og Vestra, og var það 375 þús. danskar krónur. Í þessu tilboði var ekki tekið tillit til kæliútbúnaðar. Með núverandi gengismun er þetta 440 þús. kr., eða tæplega það. Við þetta bætist kæliútbúnaðurinn og auk þess á skipið eftir tillögunni að vera 10 fetum lengra. Þegar Nielsen framkvæmdarstjóri sá tillöguna, símaði hann til útlanda á ný og spurði, hve mikið slíkt skip mundi kosta, og fjekk það svar, að það mundi ekki verða undir ½ miljón með öllum útbúnaði. Það er rjett að horfast strax í augu við kostnaðinn og vera ekki að gera sjer vonir um, að skipið kosti ekki nema 400 þús. kr., og víst er það, að ekki verður hætt við byggingu skipsins eftir að byrjað er á henni, þótt 100 þús. kr. vantaði upp á fjárveitinguna. Auk þess gæti jeg búist við, að það kæmi til með að kosta meira áður en það væri komið á flot, að fullu útbúið til strandferða. Jeg vildi því mælast til þess við hv. flm., að þeir vildu gera kæliskipsmálinu þann greiða að bera þetta mál fram sjerstaklega, til þess að spilla ekki fyrir kæliskipinu. Ef meiri hluti hv. deildar er með því að byggja strandferðaskip, þá nær það fram að ganga, þó það sje borið fram sjerstaklega. Mjer finst hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) hafa mikið til síns máls, er hann vill láta vísa þessu máli til samgmn. Jeg álít, að það sje erfitt að vísa þeirri kröfu á bug, að mál þetta verði nú látið ganga til

samgmn. Mjer finst hún eiga rjett á því að segja álit sitt um málið. Frv. mitt um kæliskipið afhenti jeg fyrst hv. landbn. vegna þess, að jeg leit svo á, að framlagið til kæliskipsins væri í þágu landbúnaðarins sjerstaklega, en það er ekki hægt að segja um byggingu strandferðaskips, að það sje sjerstaklega í þágu landbúnaðarins. Ef mál þetta kæmi til hv. Ed. með þessari breytingu, þá er athugamál, hvort því yrði ekki þar vísað til samgmn. *(TrP*: Það er á móti þingsköpum). Hv. þm. ætti að vera það kunnugt, að það er hægt að veita undanþágur frá þingsköpum, og auk þess getur mál breyst svo í meðferðinni, að það verði alt annað mál en það var í upphafi.

Mjer virtist hv. aðalflm. gera lítið úr því, að kæliskipið mundi bæta nokkuð að ráði úr strandferðunum. En það mun áreiðanlega bæta þær mikið. Kæliskipið mun sigla milli landa eins og Goðafoss gerir nú, en ferðir Goðafoss eru hentugustu strandferðir, sem við höfum nú. Hann tekur vörurnar erlendis og flytur þær beint til þeirra hafna, sem þær eiga að fara á, svo á þær fellur ekkert aukaflutningsgjald. Jeg er því viss um, að þetta skip mun bæta mikið úr strandferðunum. Jeg viðurkenni það auðvitað, að það er ekki þess hlutverk að smjúga inn á hverja vík og vog, eins og hinir hv. flm. hafa orðað það, en ef það tekur vörur erlendis svo nokkru nemur til smáhafna, þá mun það skila þeim þangað beint, líkt og Goðafoss gerir nú.

Bæði hv. 1. flm. (SvÓ) og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) báru saman samgöngur á landi og sjó og sögðu, að strandferðir væru verri nú en þær hefðu verið áður. Það er rjett, að meðan Austri og Vestri gengu hjer voru strandferðirnar góðar, en ef litið er til síðustu ára, þá er öðru nær en strandferðirnar hafi orðið útundan, ef borið er saman við samgöngubætur á landi. Það hefir mjög litlu verið varið til vega í fjárlögum síðustu ára, aðeins haldið við. En á þessu tímabili hefir verið keypt eitt gott strandferðaskip, og auk þess miklu fje varið til þess að styrkja flóabáta. Jeg er sannfærður um, að sá samanburður er rangur, ef sagt er, að strandferðirnar hafi orðið útundan fyrir vegabótunum.

Einhver mintist á bryggjuna í Borgarnesi og taldi ósamræmi í því að veita fje til hennar, en neita um strandferðaskip. Jeg fæ nú ekki betur sjeð en að bryggjugerð í Borgarnesi sje þáttur í því að bæta úr strandferðum. Jeg hefi oft farið leiðina norður, um Borgarnes, og jeg verð að segja það, að það er hörmulegt til þess að vita, hve oft fjöldi manna verður að bíða dögum saman í Borgarnesi, vegna þess að ekki er hægt að afgreiða skipið. Hvaða gagn er að því, þótt fljótt sje lagður vegur milli Borgarness og Norðurlands, ef menn verða svo að bíða marga daga veðurteptir í Borgarnesi vegna bryggjuleysis.

Jeg hygg, að meðan ekki er lengra komin notkun kælirúms en nú er, þá ættum við ekki að hugsa um nema eitt kæliskip að sinni. Betra að láta vöxtinn koma smátt og smátt. Jeg viðurkenni, að það væri æskilegt að hafa kæliskip á smáhöfnunum, til þess að flytja kjötið á stærri hafnirnar, en skilyrðið til þess er, að þá sjeu til frystihús á stærri höfnunum; annars verður varan ónýt. En jeg trúi því naumast, að slík frystihús verði komin hjer upp fyrir vorið 1927. Það tekur tíma að venjast notkun kælirúma, eins og öðru, og held jeg því, að þetta eina kæliskip sje nægilegt að sinni og geti gert mikið gagn.

Jeg vil undirstrika það, sem hv. frsm. landbn. (JS) sagði, að það er ekki annað sjáanlegt en að strandferðaskipið eigi

að ganga fyrir hinu skipinu. Þá vil jeg og benda á það, að það er æskilegt, að mál þetta komist sem fyrst út úr þinginu. Það er þörf á því að semja sem fyrst um bygginguna á skipinu. Efni til skipasmíðar er frekar lágt núna, en búist er við, að það hækki á næstunni. Því er best að gera samninginn sem fyrst. En það er ekki hægt fyr en þetta frv. er orðið að lögum.

Mjer þykir það eðlilegt, að hv. þm. A.-Sk. detti fyrst í hug slæmar samgöngur við Hornafjörð og miði margt við það, en þegar hann segist aðeins tvisvar sinnum hafa sjeð strandferðaskipið á síðastliðnu ári, þá er þetta ekki rjett. Það má minna á það, að Hornafjarðarbáturinn hefir fengið töluverðan styrk. Því er ekki nema hálfsögð sagan, þar sem það getur ekki verið lífsskilyrði fyrir þá þar eystra að hafa Esjuna, ef þeir hafa sjerstakan, ríkissjóðsstyrktan bát til þess að flytja vörurnar að sjer og frá. Þá mintist þessi háttv. þm. á það, að það væru ekki flm. till. einir, sem væru bjartsýnir, heldur væri stjórnin það líka, og færði fyrir því þau rök, að stórar upphæðir væru veittar til símalagninga í fjárlagafrv. stjórnarinnar. En hann sjer væntanlega, að því fleiri stórupphæðir, sem um er að ræða, því örðugra verður að standast kostnaðinn. En ástæðan fyrir því, að upphæðin til símalagninga varð svo há, er sú, að meiningin var að tengja Vestfjarðasímann saman að vestanverðu, og eru sjerstakar ástæður, sem valda þessu. Þá mintist hann á, að þetta skip mundi geta sparað fjárveitingar til flóabáta. Ekki sparar það Borgarnesbátinn, ekki Víkurbátinn og ekki bátinn á Ísafjarðardjúpi. En þetta eru dýrustu bátarnir. Það kann að vera, að það geti sparað Hornafjarðarbátinn, en þó er jeg ekki viss um það. En enginn efi er á því, að þetta skip verður dýrt í rekstri, að minsta kosti 150 þús. kr. á ári. Það er því ekki svo, að hjer sje aðeins að ræða um framlag í eitt skifti fyrir öll, heldur er líka bundinn þungur baggi í framtíðinni. Jeg neita því ekki, að það væri framfaraspor að fá skip þetta, en jeg held því hinsvegar fram, að við höfum ekki ráð á því að svo stöddu að stíga þetta spor. Við verðum nú að láta okkur nægja að taka annað skrefið, sem sje kæliskipið.

Jeg vil að síðustu endurtaka þá ósk mína og bæn, að hv. flm. taki þessa till. sína aftur og beri hana fram sjerstaklega síðar, svo þeir tefji ekki kæliskipsmálið, sem þeir telja gott og gagnlegt.

Sveinn Ólafsson: Mjer virðist, að ekki hafi verið tekið nógu mikið tillit til þess í þeim umræðum, sem hjer hafa farið fram, að hjer er að ræða um hagsmunamál allrar þjóðarinnar, en ekki aðeins lítils hluta hennar. Umræðurnar hafa aðallega snúist um það, sem fram hefir komið áður, í sambandi við annað mál, og lutu að því að átelja frammistöðu mína í þessu máli, vegna sambandsins við þál. um leiguskip til strandferða. Háttv. frsm. landbn. (JS) fór fremur óvirðulegum orðum um till. okkar á þskj. 120. Jeg get þó að mestu látið honum ósvarað, því að hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) hefir svarað flestu. Hv. frsm. reyndi með endurteknum fullyrðingum að koma því inn í vitund tilheyrenda, að við, sem brtt. flytjum, værum með henni að grafa aðalfrv. gröf og vildum eyðileggja það. Þetta segir hann, þótt jeg áður lýsti yfir því, að jeg mundi fylgja frv. þótt okkar brtt. yrði feld, og það mundu að líkum allir stuðningsmenn

till. gera líka. Þetta eru því alóþörf olnbogaskot frá hendi hv. frsm.

Það var einkum hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem gaf mjer tilefni til þess að standa upp aftur. Hann átaldi það með þungum orðum, að jeg hefði farið á bak við samgmn., er jeg gerðist flm. þessarar brtt. (*JAJ*: Jeg mintist ekkert á það). Háttv. þm. var að tala um gabb og blekkingar, og það leyndi sjer ekki, hvað fyrir honum vakti. Út af þessu vil jeg láta þess getið, að samgmn. gat ekki orðið sammála um það óskift að flytja þessa till., þótt einstakir menn í nefndinni væru henni hlyntir. Að samgmn. var ekki fjarri þessari till. um nýtt strandferðaskip, kemur best fram í niðurlagi greinargerðar þeirrar till., er nefndin flutti, sem jeg, með leyfi hæstv. forseta, vil leyfa mjer að lesa upp:

„Vjer álítum að vísu, að stefna beri að tíðari og meiri strandferðum en fengist geta með Esjuferðunum og leiguskipi að haustinu og að rekstur þeirra geti eigi haganlegur orðið fyr en aðgreindir eru að mestu vöruflutningar og flutningur pósts og farþega og hentugt, innlent flutningaskip fer strandferðir ásamt Esju.“

Í þessu finst mjer liggja talsvert ljós bending um það, hvað fyrir nefndinni hefir vakað. Þegar því hv. þm. N.-Ísf. er þungorður í minn garð út af þessari brtt. og telur mig hafa farið bak við nefndina með hana, þá hygg jeg, að það stafi af vondri samvisku hjá honum og eftirsjá af því að hann vildi ekki á sínum tíma styðja mig í því að flytja hana. Það hlýtur að vera þessi óþægilega vitund hjá honum, sem ýfir skapið. Hv. þm. sagði, að með aðalfrv. væri ljett undir með öðrum atvinnuvegi landsins, en með brtt. væri þyngt á hinum atvinnuveginum. Þetta er kynleg kenning. Eru ekki strandferðirnar fyrst og fremst fyrir atvinnuvegi landsins? Hvar er merkjalínan milli gagnsins af þeim fyrir hvorn atvinnuveginn? Það er alveg ósjeð, hvorum atvinnuveginum þær gagna meira.

Háttv. þm. gaf undir fótinn um það, ef ekki yrði samþykt þessi brtt., að þá mætti vænta niðurfærslu á sköttum, — hann nefndi um eina miljón eða meira —, en honum fanst vonlítið, að þess mætti vænta, ef brtt. okkar yrði samþykt. Slík tylliboð freista einskis. Fjeð er til frá fyrri árum í tekjuafgangi handa báðum skipunum, enda er ekki nema nokkur hluti þessarar miljónar, sem hv. þm. ætlar að gefa upp í sköttum, er mundi eyðast í strandferðaskipið.

Jeg verð að halda því fram, að auknar strandferðir ljetti jafnt undir með báðum aðalatvinnuvegum vorum; stuðningurinn er bæði til lands og sjávar. Hv. þm. vill vjefengja þau orð mín, að bættar samgöngur á sjó mundu spekja fólkið í sveitunum, og hjelt hann því fram, að til þess væru betur fallnar bættar samgöngur á landi. Jeg skal nú alveg láta hann um þessa kenningu, og getur hann t. d. reynt að sannfæra Hornfirðinga um það, að þeir hafi meira gagn af vegi yfir Holtavörðuheiði en strandferðaskipi.

Jeg held í alvöru, að það eigi langt í land ennþá, — mannsaldra ef til vill, — að afskektari hjeruð og sveitir á landinu komist í samband hver við aðra landleiðina. Aðalsambandið landshlutanna á milli og hjeraða með ströndum fram verður því að vera um sjóinn, meðan vegirnir á landi koma ekki að fullum notum, og það munu þeir ekki gera á næsta mannsaldri, nema þar sem þjettbýlast er. Jeg held jeg láti svo úttalað um þessar ávítur háttv.

þm. N.-Ísf. til mín, tel rjettast að láta þær inn um annað eyrað og út um hitt.

Hæstv. atvrh. (MG) vjek að mjer nokkrum orðum í síðustu ræðu sinni, og bar hann fram þá ósk, að við flm. þessarar brtt. tækjum hana aftur og bærum hana heldur fram í sjerstöku frv. En hann tók ekkert fram um það, hvað unnið væri við það að flytja þetta mál í tvennu lagi, og þess vegna finst mjer vera lítil ástæða til þess að verða við tilmælum hans, og þar eð jeg hinsvegar heldur ekki get borið mig saman við hv. meðflm. mína, þá get jeg heldur ekki gefið fyrirheit um þetta. (*Atvrh. MG*: Jeg bað hv. þm. um þetta í gærdag). Auk þess er jeg alls ekkert gefinn fyrir að fara í þesshátt hnífakaup að ósjeðu. Hæstv. atvrh. segir, að með brtt. okkar sje óvinsælu máli hnýtt aftan í vinsælt mál. (*Atvrh. MG*: Jeg sagði ekki óvinsælu, jeg sagði aðeins, að hitt málið væri vinsælla). Jeg held jeg hafi þetta alveg rjett eftir hæstv. atvrh. Hann sagði ennfremur, að framkoma okkar flm. brtt. væri óviðeigandi, af því að samgöngumálanefndir beggja deilda hefðu komið sjer saman um að koma ekki með tillögur um, að gert yrði út um skipakaup á þessu þingi. Þetta er ekki rjett hjá hæstv. ráðh.; þær hafa aldrei tekið þá ákvörðun saman. En hitt er satt, að samgöngumálanefnd Nd. var ósammála um flutning þessarar brtt. og vildi ekki kljúfa sig um hana, en varð sammála um leiguskip á þessu ári.

Þá taldi hæstv. atvrh., að kostnaðurinn mundi verða miklu meiri við að smíða skipið en brtt. okkar gerði ráð fyrir, og er það rjett að því leyti, að ef miðað er við 375 þús. kr. danskar, svo sem Nielsen framkvæmdarstjóri gerir, þá verður það nokkuð meira en 400 þús. kr. ísl. eftir núverandi gengi. En þetta er aðeins áætlunarupphæð og munurinn skiftir hjer litlu. En á það má líka minna, að tilboða hefir aðeins verið leitað um smíðið frá örfáum stöðum, eða máske aðeins einni skipasmíðastöð. Á fyrri árum, meðan jeg var í nánara sambandi við Noreg en nú, var mjer nokkuð kunnugt, hvernig þar var háttað um skipasmíðar. Norðmenn áttu þá ýmsar góðar skipasmíðastöðvar, og voru að minsta kosti tvær stöðvar, sem voru mjög fullkomnar og færar til þeirra hluta, og þó ljetu þeir mjög smíða skip sín erlendis. Keyptu þeir smíði þeirra aðallega í Glasgow á Skotlandi, þar sem vera munu ábyggilegastar, bestar og ódýrastar skipasmíðastöðvar af þeim, sem oss liggja nærri. Þess vegna álít jeg ennþá órannsakað, hvað kosta muni að smíða þetta skip, og tel mjög líklegt, að það mundi fást gert fyrir 350—400 þús. ísl. kr. En þótt það kostaði alt að 500 þús. kr., þá er fórnin ekkert óeðlilega stór, þegar litið er á það, hve samgönguþörfin er brýn og að allur almenningur þessa lands nýtur góðs af því, ef þetta skip fæst. Og þó að mál þetta verði máske svæft nú í þetta sinn, þá er það áreiðanlega aðeins lítil tímaspurning. Málinu verður aftur hreyft og leitt til lykta innan tíðar með viðbót eins skips eða fleiri.

Háttv. þm. N.-Ísf. krafðist þess, að till. væri borin undir samgöngumálanefnd, og hefi jeg ekki á móti því í sjálfu sjer, en tek það fram, að frv. sjálft er líka þess eðlis, að því ætti að vísa til samgöngumálanefndar, því að eftir orðum hæstv. ráðh. eru kæliskipinu ætlaðar strandferðir

Hæstv. atvrh. áleit, að kæliskipið mundi fullnægja samgöngu- og flutningaþörfinni, því það gæti farið strandferðir, ef með þyrfti. Jeg álít að vísu, að skipið *gæti* þetta, en jeg teldi það ekki vera neinn búhnykk að nota kæliskipið til allra snattferða. Auk þess veit jeg vel, að Goðafoss,

eða skip af svipaðri stærð, kemst ekki inn á allar hafnir á landinu, sem lítið strandferðaskip fer á. En um Goðafoss er það að segja, að hann kemur venjulega ekki á aðrar hafnir en þær, er hann á fullkomið erindi til vegna flutninga.

Hæstv. ráðh. talaði um Borgarnesferðirnar og sagði, að þær fjellu ekki niður, þó að nýtt strandferðaskip kæmi. Af hverju? Af því að fólk, sem vant er orðið tíðum og góðum samgöngum, vill ekki fella sig við strjálar ferðir við og við, eins og strandferðirnar eru, sem við í afskektari hjeruðunum verðum að sætta okkur við; enda er það engin furða. Ef þeir, sem Borgarnesferðanna njóta, vildu sætta sig við eins ófullkomnar samgöngur og aðrir eiga við að búa víðsvegar úti um land, þá væri hægt að láta þetta litla strandferðaskip koma þar við í hverri ferð. Skip eins og þetta getur auðvitað ekki komið í stað allra flóabátanna, en þó mundi verða minni þörf þeirra sumra, svo sem Hornafjarðarbáts, Grímseyjarbáts, Djúpbáts o. fl. Skipið gæti vel komið á hafnir á þessum slóðum, eins og áður var gert með Austra og Vestra.

Hæstv. ráðh. fann það meðal annars að brtt. okkar, að ef hún yrði samþ., þá mundi svo fara, að strandferðaskipið gengi fyrir kæliskipinu; en þetta er máttlaus mótbára. Smíði kæliskipsins er komið undir geðþótta Eimskipafjelags Íslands eftir frv., en hitt ekki. Það gæti vel hugsast, að Eimskipafjelagið kysi að fresta smíði kæliskipsins um nokkra mánuði, og yrði hitt skipið þá bygt á undan, en það mundi samt ekki draga neitt úr gagnsemi kæliskipsins eða spilla fyrir því, nema síður væri.

Jeg ætla svo ekki að elta ólar við fleiri mótbárur háttv. andstæðinga minna að sinni. Niðurstaðan verður sú sama, hvort lengur eða skemur er þráttað um þetta, en jeg tel það þarfleysu að vera að svara öllum hnútum, sem kastað hefir verið hjer að þarflausu og ófyrirsynju.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg ætla ekki að vera margorður í þetta sinn, en vil aðeins benda á það, sem mjer virðist ljóst orðið af þessum umræðum, sem er, að hv. flm. brtt. hafa ekki getað gert sjer fullkomlega hugmynd um, til hvers þetta skip skuli nota. Sumir álíta þeir, að það megi jafnvel leggja niður flóabátana. Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) álítur meira að segja, að það megi leggja niður Borgarnesferðirnar og lækka styrkinn til Djúpbátsins. Viðvíkjandi því, sem þessi háttv. þm. sagði um Vestra, að hann hefði komið á margar hafnir við Djúpið, vil jeg benda honum á, að þetta er hreinn og beinn misskilningur. Vestri kom ekki á aðrar hafnir við Djúpið en Bolungarvík og Álftafjörð, alls 8 ferðir á þessa báða staði. Þetta voru allar þær samgöngubætur, sem fólk átti þá kost á þar vestra.

Mjer kom ekki á óvart, þó að þykknaði í háttv. þm., því að það vill oft verða svo, að menn reiðast sannleikanum; en hv. þm. mátti vel vita, að þess var engin von, að samgöngumálanefnd ljeti kyrt liggja, ef farið væri á bak við hana með flutning á tillögum um mál, sem hana varða. En það er að fara á bak við nefndina, að taka upp og flytja við þessa umræðu brtt., sem nefndin hefir í e. hlj. felt að flytja.

Háttv. 1. þm. S.-M. segir, að það sje nú aðeins í brtt. að ræða um minni helminginn af þeim gjöldum, sem ljetta mætti af almenningi, og þeirri gjaldabyrði, sem atvinnuvegirnir verða að bera. Jeg held

samt, að ½ milj. kr. sje ekki minni helmingurinn, og ef 160 þús. kr. bætast þar við árlega, þá er hjer áreiðanlega um stærri helminginn að ræða.

Jeg ætla ekki að fara að ræða við þennan hv. þm. um það, hvort Ísfirðingar eða aðrir þar vestra hafi gagn af Holtavörðuheiðarveginum, en jeg bendi honum aðeins á, að Norður-Ísfirðingar meta ekki málefni eftir því gagni, sem *þeir sjálfir hafa* af þeim; þeir veita þýðingarmiklum þjóðmálum atfylgi með heill alþjóðar fyrir augum, en hirða minna um persónulega hagsmuni, og þeir hafa lagt mikið af mörkum til opinberra þjóðþrifamála með stórum skattgreiðslum en litlum fjárkröfum til landssjóðs.

Háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) kvartar yfir vondum samgöngum þar eystra, og hann segir, að fólkið flýi úr sveitum þaðan vegna samgangnaleysis og einangrunar, sem það vilji ekki una við. Það mun enginn neita því, að samgöngur við Hornafjörð eru slæmar, en þetta skip þeirra bætir ekki úr þeim. Þó að skipið eigi að vera lítið eitt minna en Esja, geri jeg mjer ekki vonir um, að það geti komið við á Hornafirði. Það er bæði of stórt til þess, og auk þess fást skip ekki vátrygð til Hornafjarðar nema um hásumarið, nema gegn svo háu iðgjaldi, að enginn vegur er að hlíta slíku gjaldi. Jeg held því, að það verði að haga samgöngunum við Hornafjörð á annan hátt, enda njóta Hornfirðingar tiltölulega mjög mikils styrks til bátaferða miðað við fólkstölu. Að fólk flýi sveitirnar er ekki vegna slæmra samgangna á sjó. Jeg veit t. d. um Mývatnssveit á Norðurlandi, sem er bæði afskekt og á við illar og erfiðar samgöngur að búa, að þar er fólkið kyrt í sveitinni kynslóð eftir kynslóð. Það er augljóst, að það er gamla ætthagaástin og trygðin við heimahagana, sem veldur þessu, en þar sem þessar kendir eiga engin ítök í hugum manna, þar flýr fólkið úr sveitunum. Hv. þm. talaði eitthvað um 300 þús. kr. framlag til síma í einu sveitahjeraði. Þm. ætti að vera vorkunnarlaust að vita, að þessi símalína er lögð vegna allra Vestfjarða, sunnan Ísafjarðardjúps.

Jeg sje svo ekki tilefni til að karpa meira um þetta að sinni, en skal lofa hv. þm., sem altaf eru að klifa á, hvað samgöngur sjeu nú lakari en áður var, að sjá samanburð á því áður langt líður, og get jeg þá trúað, að þeim bregði í brún.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þetta er svo stórt fjárhagsatriði, er brtt. felur í sjer, að jeg verð að fara um það nokkrum orðum.

Í frv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir útvegun kæliskips, og gott samkomulag er fengið við Eimskipafjelag Íslands um það. Skipið er falt gegn 350 þús. kr. framlagi úr ríkissjóði, og það treystir stjórnin sjer til að láta af hendi rakna á yfirstandandi ári, vegna þess að eins og stendur vissi stjórnin ekki af neinum öðrum eða meiri fjárframlögum, sem þyrftu að ganga fyrir þessu. Stjfrv. bætir úr fleiru en kæliskipsþörfinni, því gert er ráð fyrir, að Eimskipafjelagið útvegi til þessa gott skip til algengra vöruflutninga og með hæfilegu farþegarúmi. Þetta verður mikil umbót á skipakosti vorum, því að skipið verður aðeins notað til kæliflutnings á útleið hjeðan. En strandferðir þær, sem fást með milliferðaskipum Eimskipafjelagsins, eru viðurkendar að vera þær bestu, sem kostur er á hjer, og þegar skipum fjelagsins fjölgar um eitt gott skip, leiðir það því til bættra strandferða. Það verður til um-

bóta á fleiri sviðum en hv. flm. brtt. hafa enn sjeð. Þeir vilja nú láta smíða nýtt strandferðaskip, sem með öllum kostnaði verður ekki undir 500 þús. kr., og þar við bætist það, sem allir menn vita vel, að slíkt skip verður allþungur baggi á ríkissjóði, sem varla kostar minna en 150 þús. kr. tillag árlega, samkvæmt þeirri reynslu, sem fengin er með Esju. Þetta er því mun stærra fjárhagsatriði en 350 þús. kr. í eitt skifti fyrir öll. Það verður að taka tillit til þessa alls, kostnaðar við smíði og árlegs rekstrar og viðhaldskostnaðar; ef það yrði metið til höfuðstóls, yrði stærð þessa fjárhagsatriðis, sem strandferðaskipið felur í sjer, ekki minna en ca. 3—4 milj. kr.

En þó að stjórnin treysti sjer nú til að verja 350 þús. kr. til þess að fá góða úrlausn á máli, sem vænta mátti, að yrði miklu dýrara og fjárfrekara, er hitt svo ógætilegt, að tekur ekki tali, ef bætt skal þar ofan á alt að ½ milj. kr., enda þótt máske væri kleift að láta þetta fje af mörkum. En það mundi kosta beinlínis það, að halda yrði öllu í kyrru horfi á öðrum sviðum, sem alls ekki er víst, að þó mundi takast, því að það er svo margt nauðsynlegt, sem kallar að, og þess utan er mikil nauðsyn á, ef hægt væri að ljetta eitthvað á sköttum. Jeg álít því mjög ógætilegt að samþykkja þessa brtt. um strandferðaskipið, og jeg verð að taka undir það með þeim, sem ætla, að brtt. sje borin fram til þess að fleyga þýðingarmikið og gott mál. Það þýðir ekki að hampa því, að menn muni greiða atkv. með frv., þó brtt. verði feld; menn verða að líta á, hvaða afleiðingar það mundi hafa, ef brtt. yrði samþykt. Jeg held því, að þeir, sem mundu ella samþykkja framlagið til kæliskipsins, mundu verða á móti málinu í heild sinni, ef brtt. yrði samþykt, af því þeir vilja ekki binda ríkissjóði svo þungan bagga, sem brtt. er. Og þetta kalla jeg, að verið sje með brtt. að fleyga málið.

Jeg álít, að málið sje í hættu, ef brtt. verður samþykt, vegna þess að það er mjög hætt við því, að ríkissjóður muni ekki geta lagt fram þessa upphæð á yfirstandandi ári, í viðbót við annað, sem búast má við, að kröfur komi fram um.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg er svo skapi farinn, að mjer þykir vænt um að geta fylgt fram einhverju góðu máli, en ennþá vænna þykir mjer um það, að geta fylgt tveim góðum og farsælum málum fram í senn. Þess vegna var það, þegar landbn. bar fram þetta mál, að jeg fagnaði því mjög, því að jeg er viss um, að hver einasti bóndi um alt land mun fagna því, ef Eimskipafjelag Íslands eignast kæliskip, til þess að geta komið dýrmætustu vöru landbúnaðarins á breskan markað. En jeg var líka glaður, þegar kom fram annað nálega eins þýðingarmikið mál fyrir mikinn hluta landsins. Jeg er ekki í vafa um það, að hver einasti bóndi í hinum dreifðu bygðum mun gefa því gætur, hvernig því reiðir af hjer á þinginu, og einmitt þetta, þegar frv. á þskj. 94 hefir svo mikla þýðingu, þá bjóst jeg við, að því myndi einróma fagnað, þegar þessar brtt. komu fram frá nokkrum hv. þm.; en það ætlar því miður ekki að verða svo. Það hafa komið fram margar raddir gegn þessari brtt., og sjálfur atvrh. (MG) sagði, að sjer hefði orðið illa við, þegar þessi till. kom, og fleiri hafa lýst yfir hinu sama. Höfuðástæðan hjá þessum hv. þm. hefir verið sú, að með þessu væri verið að fleyga kæliskipsmálið, en jeg vil lýsa yfir því fyrir mína hönd, að þessi till. spillir á engan hátt fyrir kæliskipsmálinu. Jeg myndi hiklaust greiða atkv. með því, þótt þessi brtt.

yrði feld, hvað þá ef hún yrði samþykt, svo að mjer finst þetta hrein fjarstæða. En ef þessi brtt. fær meiri hl. atkv. í þinginu og verður samþykt, þá styður hún framgang málsins, en ef hún verður feld, þá er eftir að vita, hvernig sá meiri hl. tekur kæliskipsmálinu. Jeg veit, að jeg má segja það, að allir þm. Framsóknarflokksins munu sem einn maður standa með frv. um framlag til kæliskipskaupa, hvort sem þessi brtt. verður samþ. eða ekki, og ef það er tilfellið, að því frv. sje einhver hætta búin, þá hlýtur það að vera frá þeim flokki, er styður hæstv. stjórn, sem þá er ekki hollari en svo í kæliskipsmálinu, að hann vilji fórna því. En jeg vil ekki trúa þessu, því að jeg get ekki ætlað þeim þingflokki svo ilt, að hann vilji snúast á móti málinu. Það var aðallega form. samgmn. (JAJ), sem lagðist á móti þessari till. Hv. þm. (JAJ) benti á þá miklu erfiðleika, sem atvinnuvegirnir ættu við að stríða, og það get jeg fyllilega tekið undir. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. viti, hvers vegna það er, að það er ekki vegna árferðisins, heldur vegna þess, að meiri hl. þessa þings hefir stutt til fjármálastjórnar þann mann, sem hefir orðið valdur að því, að mjög óviturleg stefna hefir ríkt í gengismálinu. En það er þó ennþá betra að bæta samgöngurnar, og jeg er ekki í nokkrum vafa um það, að það væri ennþá betra og miklu þýðingarmeira til hjálpar atvinnuvegunum að fá nýtt strandferðaskip heldur en að ljetta af einhverjum skatti.

Jeg er sammála hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) um það, þar sem hann bar saman ýmislegt, sem á að framkvæma, að strandferðaskipið er miklu nauðsynlegra mál en nokkuð það, sem hv. þm. (ÞorlJ) nefndi, og vil jeg þó síst spilla fyrir nokkru af því. En jeg vil minna á það, að nú er í fjárlögunum 600 þús. kr. póstur, sem á að vera til afborgunar á lausaskuldum, sem þegar eru greiddar, svo að ekki þarf að nota hann til þess. Jeg álít, að þeim þúsundum sje ekki betur varið til annars en að leggja þær fram til kæliskipskaupa og til þess að bæta strandferðirnar. Mjer þótti það satt að segja koma úr hörðustu átt, að hæstv. fjrh. (JÞ), sem því hefir ráðið og ber ábyrgð á því, hvort atvinnuvegirnir standa höllum fæti eða ekki, skyldi leggjast svo þunglega á móti því að veita þeim þá bestu stoð, sem hægt er að veita með bættum samgöngum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er aðeins út af því, sem hv. þm. Str. (TrÞ) sagði, að 600 þús. kr. væru til í fjárlögunum fyrir árið 1926, sem ekki þyrfti að greiða. Jeg vil minna á það, að þótt þessi útgjaldaliður falli niður, þá var líka áætlaður tekjuhalli á þeim fjárlögum, sem samsvaraði mestum hluta þessa liðar, svo að hvað það snertir, þá er enn ekki úr neinum tekjuafgangi að moða fyrir árið 1926, og við vitum á þessu augnabliki ekki, hvort hann verður nokkur eða enginn. Jeg ætla ekki að fara að ræða gengismálið nú, en jeg verð að segja hv. þdm., að það er ekki í fyrsta sinni, sem hv. þm. Str. kemur hjer fram með tiltekna útúrsnúninga á þá leið, að þegar fjrh. af fjárhagslegum ástæðum ekki telur sig geta stutt eitthvað, sem fram er borið, þá gerir hv. þm. (TrÞ) það úr því, að fjrh. sje því máli mótsnúinn; jeg hygg, að það sjeu fáir kjósendur í landinu, sem sjeu svo einfaldir að skilja ekki, hvaða blekkingar þar er farið með, þegar svona er frá skýrt, og veit jeg, að það er í raun og veru alveg óþarft að benda á þetta hjer í þessari hv. deild, enda held jeg, satt að segja, að enginn, sem þekkir mína fortíð, sjerstaklega í

landsmálum, hafi ástæðu til að bera mjer á brýn, að jeg sje mótfallinn samgöngubótum í landinu. En það er skylda mín á meðan jeg er fjrh. að segja það, sem jeg held að þurfi til þess, að gætt sje hófs í fjármálum, og það ætla jeg að halda áfram með, hversu oft sem hv. þm. Str. rís upp til þess að reyna að gera úr því eitthvað alt annað en það, sem það í raun og veru er. Og þegar hv. þm. (TrÞ) fyrir hönd alls Framsóknarflokksins getur risið straks upp, án þess að koma með neinar röksemdir móti því, sem jeg sagði um fjárhagsmálið, og lýst yfir því, að allur flokkurinn virði það að vettugi og muni verða með málinu, þótt brtt. verði samþ., þá er það ekkert annað en það, sem jeg hefi altaf vitað, að frá Framsóknarflokknum er ekki að vænta þeirrar gætni, sem þarf að viðhafa í fjármálum, og sjerstaklega þegar erfiðir tímar eru í aðsigi.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. aðalflm. (SvÓ) hefir lýst yfir því, að hann vildi ekki taka aftur brtt., þó að jeg hafi mjög lagt að honum með það, og bar hv. þm. því við, að hann hafi ekki getað borið sig saman við meðflm. sína. En jeg vil minna hv. þm. á það, að jeg fór fram á þetta við hann í gær, og hafði hann því nógan tíma til þess, og jeg skildi það líka svo, þegar málið var tekið út af dagskrá í gær, að það væri einmitt til þess að athuga, hvort brtt. skyldi tekin aftur. Jeg skildi líka svo hv. þm. úr landbn., því að jeg vil ekki geta þess til, að þetta hafi aðeins verið gert til þess að draga málið. Jeg sagði alls ekki, að þessi till., sem hjer er á ferðinni, væri óvinsæl, heldur sagði jeg, að hjer væri hnýtt minna vinsælu máli aftan í annað vinsælla, og það eru nú komnar fram ótvíræðar sannanir um það í dag, svo að það sjest, að jeg hefi ekkert ofmælt í þessu. Og jeg verð að endurtaka það, að samgmn. beggja deilda hafa ákveðið það að ráða ekki af að byggja strandferðaskip á þessu ári. Það lá fyrir nefndum beggja deilda till. um það, en því var í hvorugri deildinni sint, og þess vegna er það auðsætt, að það getur ekki orðið samróma samþykt um þetta hjer í þinginu, en allir, sem talað hafa, hafa lýst sig samþykka því, að kæliskipsmálið gangi fram. Þessi till. getur því ekki verið borin fram til þess að styðja kæliskipsmálið; það er ómögulegt. Mjer skildist hv. aðalflm. till. (SvÓ) viðurkenna, að það væri of lágt áætlaður byggingarkostnaður í brtt. hans og sagði, að það mundi sennilega þurfa 450 þús. kr., og vil jeg þá benda hv. flm. (SvÓ) á, að í brtt. stendur, að það megi verja alt að 400 þús. kr., svo að þá eru 400 þús. kr. hámarkið, og er einkennilegt að taka svo til orða, þegar hv. þm. (SvÓ) veit, að það þarf meira fje. Þá var eitt atriði, sem hv. þm. hafði ekki rjett eftir mjer. Jeg sagði ekki, að það væri ekki hægt að láta vera að vísa þessari brtt. til samgmn. til athugunar, heldur benti jeg á, að það mundi vera erfitt að standa á móti þeirri kröfu, ef nefndin vildi fá það til athugunar. Jeg og hv. samþm. minn (JS) sögðum ekkert meira um þetta atriði. En það sýnist nú vera svo, að hv. þm. (SvÓ) setji strandferðaskipið hærra en kæliskipið, og sömuleiðis kom það fram hjá hv. þm, að hann hjelt, að Eimskipafjelag Íslands myndi fresta að byggja kæliskipið. En jeg get fullvissað hv. þm. um, að það er tilgangurinn að gera samningana eins fljótt og hægt er, ef þetta frv. verður samþykt, og að þetta er ábyggilegt, því að skipið á að verða líkt og Goðafoss, nema hvað farþegarúmið og kæliútbúnaðinn snertir.

Hv. þm. Str. kvaðst hafa búist við, að

þessari till. yrði tekið með fögnuði miklum, en á hverju byggir hv. þm. það? Ekki þó á nál. samgmn. beggja deilda. Auðvitað er það rjett, sem hv. þm. segir, að þetta mál gengur fram, ef meiri hl. allra þm. verða með því, og þess vegna bað jeg um það, að málið væri látið koma fram sjerstakt; en það var einmitt það, sem hv. flm. vildu ekki. Þeir vildu reyna að láta það fljóta í skjóli annars vinsælla máls, og jeg skil ekki, að hv. þm. Str. eða aðrir hv. þm. geti farið í neinar grafgötur um það, að við getum ekki fylgt þessari brtt., ef hæstv. fjrh. treystir sjer ekki til að lofa svona hárri upphæð. *(SvÓ:* Hvað treystir sá hæstv. ráðh. sjer til að leggja fram í fyrirhugaða járnbraut?). Það mál er ekki komið hjer enn, en jeg býst við, að fjrh. muni segja til þess á sínum tíma, hve mikið hann sjái sjer fært að leggja til þess fyrirtækis; en annars hygg jeg, að hv. 1. þm. S.-M. hafi enga heimild til þess að spyrja mig um það, hvað hæstv. fjrh. ætlar sjer. Jeg vonaði, að þetta mál gæti gengið fljótt gegnum þingið, vegna þess að það eru svo að segja allir háttv. þm., sem eru því fylgjandi, og það er áríðandi að fá málið afgreitt sem fyrst, því að ekki er víst, að það tilboð, sem nú er fyrir hendi, standi lengi. Til þess að flýta fyrir málinu fjekk jeg nefnd til þess að flytja það, í von um, að það þá fengi fljótari afgreiðslu, en upphaflega ætlaði jeg mjer að hafa þetta frv. stjfrv., því að jeg bjóst við að geta fengið svo fljótt svar frá fjelaginu, að jeg gæti haft það frv. til á líkum tíma og hin, en eins og frv. sýnir, þá kom ekki svar frá fjelaginu fyr en 24. febr. þ. á. Hvort mjer annars verður að von minni um framgang þessa máls, skal jeg ekki spá neinu, en leyfa mjer að vona það í lengstu lög. Að síðustu tek jeg það fram, að brtt. er í rauninni beint banatilræði við kæliskipsmálið, því að þótt vjer getum lagt fram 350 þús. kr. til kæliskips, getum vjer ekki auk þess lagt fram um ½ miljón á sama ári til strandferðaskips. Og kæliskipið á að ganga fyrir.

Halldór Stefánsson: Það má svo heita, að umr. um þetta mál hafi snúist nær eingöngu um brtt. okkar á þskj. 120. Umr. hafa farið, eins og gengur, nokkuð dreift, og er töluvert farið að bera á því, að menn tali um ýms aukaatriði, en út í þær umr. ætla jeg ekki að fara. Jeg ætla aðeins að tala um það, sem mjer virðist vera aðalatriðin í þessu máli, og aðalatriðin í þessu máli eru tvö. Í fyrsta lagi, hvort þörf er á bættum samgöngum með ströndum fram, og í öðru lagi, hvort það er hægt að bæta úr þeirri þörf, fjárhagsins vegna. Ástæðurnar fyrir þörfinni, fyrir fyrra atriðinu, hafa verið margteknar fram og ekki verið mjög vjefengdar, þó að sumir vilji gera minna úr þeim en aðrir. Mjer virðist, að um þá, sem nú vilja draga úr því, að þörfin sje svo sjerlega brýn, megi segja svo, að þeirra viðurkenning á því sje aðeins játning með vörunum, sem ekki kemur fram þegar eitthvað á á sig að leggja.

Viðvíkjandi þörfinni get jeg látið nægja að benda á viðurkenningu þingsins sjálfs, sem komið hefir fram með ýmsu móti, t. d. í fyrra með því að samþykkja að skipa milliþinganefnd til þess að athuga málið. Það er þó viðurkenning á, að það sje þörf á því. Í öðru lagi get jeg vísað til álits nefndarinnar, þar sem þörfin er viðurkend, og það álit hefir verið fyrir þinginu og er kunnugt. Í þriðja lagi get jeg bent á það, að hjer í þessari háttv. deild

hefir verið samþykt ráðstöfun til að bæta úr þessari þörf til bráðabirgða. Á jeg þar við till. um að leigja skip til strandferða þegar á þessu ári sem bráðabirgðaúrlausn á þessu. Í fjórða lagi má benda á það, að þetta þing hefir með höndum ýms mál, sem meira og minna snerta þetta mál, t. d. bryggjugerð í Borgarnesi og fyrirhugaða vegagerð í sambandi við hana, vegabæturnar í Flóanum, sem eingöngu eru ætlaðar í því skyni að bæta úr samgönguörðugleikum þar, og nú er sagt, að stjórnin hafi ennþá í huga að bæta úr samgönguvandræðum eins landshluta með því að efna til járnbrautar fyrir hann. Þannig finst mjer vera alveg skýlaust, að þingið hefir viðurkent þörfina á auknum samgöngum, en ef menn nú ekki vilja standa við það álit, þá getur það ekki verið nema af því tvennu, að það hefir annaðhvort verið eintóm varajátning, eða þá að menn sjá sjer það ekki fært af fjárhagslegum ástæðum, og þá er komið að hinu atriðinu, hvort það er fært, fjárhagslega sjeð.

Það er nú, eins og vænta mátti, að hæstv. fjrh. (JÞ) hefir helst dregið fram þá hlið málsins til athugunar, þótt aðrir hafi vikið að því líka. Jeg skal þá minnast á fjárhaginn eins og hann er, og er það þá fyrst, að skuldir ríkissjóðs hafa færst niður um fleiri miljónir á örstuttum tíma, svo að nú eru skuldir hans ekki nema tæpar 12 miljónir, en voru rúmar 18 miljónir að nafnverði fyrir tveim árum. Þá er næst að benda á það, að frá næstliðnu ári, þegar tekjur allar eru komnar og gjöld öll greidd — þar á meðal 4 milj. kr. lausaskuldirnar — þá er $1\frac{1}{4}$ milj. kr. tekjuafgangur. Svo get jeg líka bent á það, sem reyndar hefir þegar verið nefnt hjer, að í fjárl. yfirstandandi árs er upphæð, 600 þús. kr., sem ætluð var til afborgunar á lausaskuldum, sem þegar eru greiddar, og sem þannig kemur ekki til að þurfi að nota, og loks er það, að ríkið á í varasjóði, eftir skýrslu hæstv. fjrh. til þingsins, $3\frac{3}{4}$ milj. kr. Þegar litið er á allar þessar ástæður til samans, verður ekki annað sjeð en að þetta sje vel fært, fjárhagslega sjeð. Og þá get jeg ekki skilið, hvers vegna á að fresta þessu máli, því að eina afsökunin fyrir að hafa frestað því svo lengi, eru fjárhagsástæðurnar, en nú eru þær ástæður ekki lengur fyrir hendi, og því er óverjandi að draga framkvæmdirnar lengur. Jeg hefði jafnvel talið forsvaranlegt að ráðast í þetta með því að taka lán, en þegar þess þarf ekki með, þá er frekari frestun algerlega óverjandi.

Því hefir verið haldið fram, að frekar bæri að ljetta útgjöldum á atvinnuvegunum en ráðast í þessar framkvæmdir. En þetta tel jeg álitamál, af því að bættar samgöngur, hvort heldur er á sjó eða landi, er sú besta og eðlilegasta leið til að styðja atvinnuvegina. Eiga slíkar framkvæmdir, sem hjer er um að ræða, því fyllilega rjett á að sitja í fyrirrúmi, því að enginn getur neitað því, að góðar samgöngur sjeu undirstaða atvinnuveganna.

Jeg nefndi áðan ýms mál, sem fyrirhugað er að koma í framkvæmd mjög bráðlega, þar á meðal Borgarnesbryggjuna, Flóaáveituvegina o. fl., og jeg skal strax taka það fram, að jeg ætla að fylgja þeim, enda þótt jeg líti svo á, að þetta mál hefði átt að ganga á undan þeim, því að það kemur almennast að gagni. Og mjer þykir sjaldan of mikið í ráðist af þeim framkvæmdum, sem snerta almenningsheill.

Að því er snertir kæliskipsmálið, þá vil

jeg vísa á bug þeim ásökunum, að við flm. þessarar tillögu höfum flutt hana einungis til að fleyga málið og tefja það að óþörfu, því jeg sje ekki, að hún geri annað en lengja dálítið þessa umræðu, en tefur það ekki um einn einasta dag.

Klemens Jónsson: Það var eitt atriði í ræðu hæstv. fjrh., sem ekki má standa ómótmælt. Hæstv. ráðherra hjelt því fram, að hv. þm. Str. (TrÞ) hefði lýst því yfir, að allur Framsóknarflokkurinn væri óskiftur með byggingu strandferðaskips. Þetta er ekki rjett. Hv. þm. Str. lýsti því yfir, að allur flokkurinn myndi eigi að síður verða með byggingu kæliskips, þó þessi till. yrði *ekki* samþykt. Út af þessu dró hæstv. fjrh. þá ályktun, að Framsóknarflokkurinn sýndi ekki nægilega gætni í fjármálum, hvað sem útlitinu liði. En þessum ummælum verð jeg að mótmæla. Mál þetta var rætt í samgmn., þar sem jeg á sæti, og var jeg þar á móti því einmitt af fjárhagslegum ástæðum. Taldi óvíst, að fjárhagur ríkissjóðs þyldi sem stæði þau útgjöld, sem því væru samfara. Og af sömu ástæðum þori jeg ekki að vera með till. þessari. Að þessu leyti er jeg því sammála hæstv. fjrh., en jeg verð alveg að mótmæla því, að Framsóknarflokkurinn gíni yfir hverri flugu, sem til útgjalda horfir, því að í þeim flokki eru engu síður gætnir fjármálamenn en í Íhaldsflokknum, eins og reynslan hefir sýnt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer var sönn ánægja að heyra þessi orð frá háttv. 2. þm. Rang. (KlJ).

Hvað það snertir, að jeg hafi haft það rangt eftir hv. þm. Str., að hann hafi lofað því, að allur Framsóknarflokkurinn yrði með kæliskipsmálinu, þó tillaga þessi yrði sett inn í, skal jeg taka það fram, að jeg gat ekki betur heyrt. En hafi jeg misheyrt, vænti jeg, að hann leiðrjetti það sjálfur.

Tryggvi Þórhallsson: Það mun þykja skylt, að jeg gefi hæstv. fjrh. (JÞ) og hæstv. atvrh. (MG) kvittun fyrir það, sem þeir sögðu áðan.

Vil jeg þá fyrst beina máli mínu til hæstv. atvrh. Hann spurði mig, á hverju jeg bygði það, að menn myndu fagna tillögu um byggingu á nýju strandferðaskipi.

Þar til skal jeg svara honum því, að þessi ummæli mín bygði jeg á þeirri þörf, sem alkunnugt er, að atvinnuvegunum er á bættum samgöngum, og þá um leið á slíku skipi, sem hjer er farið fram á að fá.

Þá skildist mjer á hæstv. ráðherra, að hann myndi verða á móti kæliskipinu, ef þessi till. yrði samþykt. Sje nú svo, og ætli hæstv. stjórn jafnframt að gera þetta að „kabinet"-spursmáli, þarf hún ekkert að óttast, því hún hefir altaf aðstöðu í efri deild til að hindra framgang þess.

Þá gat hæstv. atvrh. þess, að flýta þyrfti kæliskipsmálinu, meðal annars svo hægt væri að láta Eimskipafjelagsstjórnina fá fulla vissu sem fyrst. Þetta held jeg að sje engin ástæða. Hæstv. stjórn getur gefið fjelaginu fulla vissu undir eins, svo framarlega sem hún veit, að hún hefir helming síns flokks með sjer, því að Framsóknarflokkurinn mun ekki ganga á móti því máli. (*Atvrh. MG*: Er mjer óhætt að gefa fulla vissu hvað snertir ábyrgðina líka?). Ef hæstv. ráðherra óskar, þá getur hann fengið yfirlýsingu frá Framsókn á morgun. (*Atvrh. MG*: Já, jeg óska þess). Úr því hæstv. ráðh. óskar slíkrar yfirlýsingar, skal jeg sjá um, að málið verði tekið fyrir í flokknum á morgun og yfirlýsingin fáist.

Þá sný jeg mjer að hæstv. fjrh. Hv. 2.

þm. Rang. (KlJ) hefir að nokkru svarað honum fyrir mig. Það voru aldrei mín orð, að allur Framsóknarflokkurinn væri með byggingu strandferðaskips. Heldur voru það mín orð, að mestallur flokkurinn myndi verða með frv., þó að till. um strandferðaskipið yrði samþykt.

Hann neitaði því, að hann væri mótsnúinn að fá nýtt strandferðaskip, og taldi það, sem jeg sagði, útúrsnúning. Jeg sagði, að hann væri mótfallinn því að fá það núna. Þess vegna verð jeg að halda því fram, að jeg hafi farið rjett með.

Þá kom hæstv. ráðherra með eina röksemd gegn því, að hann væri á móti byggingu á nýju strandferðaskipi, enda þótt hann af fjárhagsástæðum gæti ekki fylgt því nú. Röksemd hæstv. ráðherra var sú, að enginn, er þekti fortíð hans, myndi efast um, að hann væri málinu fylgjandi. Hjer sem oft fyr hefir hann orðið dálítið óheppinn í röksemdafærslu, því að hver, sem þekkir fortíð hans, skyldi hafa trúað því, að hann yrði íhaldsmaður, því að enginn hefir fordæmt íhaldsstefnuna eins og hann?

Nei, það dugir ekki að þekkja fortíð hæstv. fjrh. til þess að þekkja skoðanir hans nú.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg get látið mjer í ljettu rúmi liggja ummæli hv. þm. Str. (TrÞ), þegar okkur hv. 2. þm. Rang. (KlJ) ber saman. Það verður þá sætt sameiginlegt skipsbrot fyrir okkur, ef við skyldum verða fyrir reiði hans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.

Brtt. 120,1 feld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald, JörB, BSv.

nei: KlJ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, ÁJ, BL, HK, JAJ, JK, JS, JÞ.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 120,2 sjálffallin.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., mánudaginn 15. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 94).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 94).

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 94, n. 190).

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndin fallist á frv. og vill mæla með því. Það er kunnugt, að

á síðustu árum hafa heyrst raddir um, að ástand það, sem við eigum við að búa nú, sje lítt viðunandi. En mín skoðun er sú, að verði þetta frv. að lögum, þá sje úr þessu bætt mjög vel. Menn höfðu hugsað sjer þá leið, að Alþingi legði fyrir ríkisstjórnina að láta byggja skip með kælirúmi. Mun mörgum hafa þótt mikið í ráðist, bæði að byggja skipið og halda því úti. En eftir þessu frv. eru það aðeins 350 þús. kr. í eitt skifti fyrir öll, sem ríkið þarf að leggja fram til þess að fá gott skip, sem bætir úr þessari þörf. Eins og sjest á þskj. 94, hefir Eimskipafjelagið í hyggju að láta byggja nýtt skip með svipaðri gerð og Goðafoss. Á skipið að geta tekið 20 farþega á 1. og 20 á öðru farrými, og auk þess að geta flutt út lifandi fje, ef með þarf. Jeg sje ekki, að það þurfi að mæla sjerstaklega með þessu frv. Það hefir engri mótspyrnu mætt í háttv. Nd. og jeg álít, að hæstv. stjórn hafi ráðið vel fram úr þessu máli, eftir því sem um var að gera.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla aðeins að þakka hv. nefnd fyrir góða afgreiðslu þessa máls og vona, að frv. verði að lögum eftir fáa daga. Jeg skal geta þess, að þó málinu sje ekki lengra komið, hefi jeg sagt framkvæmdarstjóra Eimskipafjelagsins, að frv. mundi verða samþykt, og kvaðst hann þegar hafa gert ráðstafanir um byggingu skipsins, en þó ekki bindandi. Þá skal jeg og geta þess, að fjelagið hefir enn ekki trygt sjer lán, en jeg hefi átt tal við bæði formann og framkvæmdarstjóra fjelagsins, og þeir telja enga hættu á því, að það takist ekki. En þeir telja líklegt, að ríkið verði að ganga í ábyrgð fyrir láninu, og er það meðfram af því, að þeir ætla að reyna að fá lánið á sama stað og þeir hafa áður fengið slík lán, og var þá krafist ábyrgðar ríkissjóðs.

Jónas Jónsson: Mjer finst það hlýða, þó að ekki sjeu skiftar skoðanir um þetta mál, að fylgja því úr hlaði með nokkrum orðum frá sjónarmiði þeirra manna, sem hafa barist fyrir þessu máli undanfarin ár. Jeg skal þá fyrst lýsa ánægju minni yfir því, að þessu máli er nú siglt í trygga höfn. Það er augljóst, að hjer er verið að bæta úr tvöfaldri þörf: þörf landsins fyrir kæliskip og þörf Eimskipafjelagsins til að auka skipastól sinn, og það er fjelaginu hin mesta nauðsyn, ekki síst vegna hinnar hörðu samkepni við tvö erlend eimskipafjelög. Ef ekki væri bætt úr þessu, gæti farið fyrir okkur eins og Færeyingum frændum okkar, sem ætluðu að eignast sinn eiginn skipakost, en voru sigldir í kaf í samkepninni við erlend skipafjelög. Það er ef til vill ekki ástæða til að tala um þetta hjer, en þó má benda á það, að svo hagar til hjer, að tilkostnaður verður meiri en hjá hinum erlendu fjelögum, er við okkur keppa. Enda er lífinu hjer í Reykjavík þannig háttað, að nokkur ástæða er til að óttast, að höfuðstaður Íslands verði slíkt dýrtíðarbæli, að það geri samkepnina örðuga. Hitt atriðið í þessu máli er það, að eins og kunnugt er, er markaður fyrir íslenskt kjöt mjög þröngur, og er það hin mesta nauðsyn að bæta úr því. Þá er það ekki síður kunnugt, að kaupfjelögin hafa undanfarin ár beitt sjer fyrir þessu máli. Hafa þau gert tilraunir með að senda frosið kjöt til Englands, og þó að árangurinn hafi ekki orðið tómir sigrar, mun þó mega treysta því, að það takist að vinna markað fyrir nýtt kjöt, ef góð tæki eru til að koma því á markaðinn. Mjer þykir rjett að taka það fram hjer,

vegna villandi ummæla, sem komið hafa fram annarsstaðar en hjer, að málið hefir verið borið uppi af kaupfjelögum landsins. Fyrst var leitað samkomulags við útvegsmenn, en þeir álitu, að þó að málið væri gott út af fyrir sig, mundi skip ekki koma þeim að notum. Og þegar skipuð var nefnd til að athuga þetta mál, þar sem tveir fulltrúar voru fyrir landbúnaðinn, þá hjeldu þeir málinu fram þrátt fyrir það, að fjelagar þeirra frá útvegi og verslun lögðu til, að það yrði lagt á hilluna.

Það mun mega telja Jón Árnason framkvæmdarstjóra upphafsmann þessarar hugmyndar, og hefir hann manna mest unnið að því að skýra málið og skapa trú manna á möguleikum þess. Hann hefir líka manna besta aðstöðu til að vinna að þessu máli, því að bæði hafði hann haft með höndum tilraunir í þessa átt og er auk þess fulltrúi landsins í stjórn Eimskipafjelagsins. Og þegar það fór að verða mikil nauðsyn Eimskipafjelaginu að auka skipakost fjelagsins, til þess að geta staðist samkepnina við hin erlendu eimskipafjelög — í sambandi við það er rjett að taka það fram, að fjelaginu er hin mesta nauðsyn að geta kept á hinum stærri höfnum við skip eins og „Island", „Botnia" og „Lyra", en það getur það ekki með þeim skipastól, sem það hefir nú, enda hefir fjelagið undir stjórn hins ágæta framkvæmdarstjóra, þó útlendur sje, kostað kapps um að vera þjóðlegt og látið þarfir landsins sitja í fyrirrúmi fyrir eigin gróða — og þegar það var sýnt, að fjelagið mundi ekki geta útvegað þetta skip af eigin ramleik, þá var það, að Jón Árnason gaf ríkisstjórninni, sem hann er fulltrúi fyrir, skýrslu um málavöxtu og skýrði frá því, að mikil hreyfing væri innan Eimskipafjelagsins um að láta byggja nýtt skip, og að komið gæti til mála, að það gæti orðið kæliskip, ef ríkið legði fram einhvern skerf til skipsbyggingarinnar. Atvinnumálaráðherra tók strax mjög vel í þetta mál og skrifaði stjórn Eimskipafjelagsins um málið. Þingið hefir nú tekið máli þessu svo vel, að enginn hefir mælt í móti, og jeg þykist þess fullviss, að framgangur þessa máls sje næg viðurkenning öllum þeim, sem eitthvað hafa til þess lagt.

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Jeg get ekki sagt, að mjer þætti ræða hv. 3. landsk. gefa tilefni til andmæla. Mjer virtist, sem hann væri að segja einskonar sögu þessa máls, þó ekki með öllu litlausa. En út af því vil jeg taka það fram, að mjer virðist það ekki mikið eða hróss vert, þótt forstjóri S. Í. S., eða yfirleitt þeir, sem einkum hafa með höndum sölu á landbúnaðarafurðum, fyndu nauðsyn þess, að fengið yrði kæliskip. Jeg veit ekki til þess, að nokkur maður hafi nokkurntíma lagt stein í götu þessa máls. Menn hafa ef til vill kviðið kostnaðinum við byggingu og útgerð slíks skips, ef ríkissjóður hefði það hvorttveggja með höndum, en hinsvegar hafa allir verið á einu máli um nauðsyn þess að koma þessu í framkvæmd, og það var vitanlega ekki hróss vert, þótt svo hefði viljað til, að uppástungan kæmi frá þeim, sem fyrst og fremst áttu hjer hagsmuna að gæta.

Jónas Jónsson: Jeg get raunar sagt eins og síðasti ræðumaður, að jeg hefi ekki miklu að bæta við það, sem jeg hefi þegar sagt. En mjer virðist hv. frsm. (Gunn-Ó) ekki hafa ástæðu til að taka til þess, þó þeir, sem fyrir rás viðburðanna eru málinu kunnugri en hann sjálfur, láti það koma fram. Og tilgangur minn var sá, að láta það koma óbeint fram til athugunar

hv. frsm., sem er einn af helstu útvegsmönnum hjer, að það bæri að gera svipaða ráðstöfun af hálfu sjávarútvegsmanna, taka svipuðum tökum um markaðsleit fyrir sjávarafurðir, og ætti þjóðfjelagið að styðja það á einhvern hátt. Jeg ætla ekki að þreyta menn á að endurtaka neitt af því, sem jeg hefi áður sagt og öllum er kunnugt. En jeg vil minna hv. frsm. á það, að hann ætti að vinna að því máli — ekki sjer til hróss og dýrðar í augum fólksins, heldur minni jeg hann á, að það þurfi í nytjaskyni að byrja á undirbúningsrannsókn viðvíkjandi þeim málum, sem snerta atvinnuveg hans svo mjög. Hjer er nú verið að ljúka við einn þáttinn í kjötverslunarþróuninni. En að það mál hefir fengið hjer svo góðar undirtektir, sem raun ber vitni, stafar fyrst og fremst af því, hve vel það var undirbúið og hvert traust menn hafa á þeim undirbúningi. *(Gunn-Ó*: Var það ekki hæstv. núverandi landsstjórn, sem rannsakaði málið og undirbjó það best?). Af því að hv. 5. landsk. er gamall maður, vil jeg ekki hreyfa neitt við ellidraumum hans, því hvert barn á landinu veit þetta betur en hann. Hann er sá eini, sem virðist ekki vita neitt í sögu þessa máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 26. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Jóhann Jósefsson: Við 2. umr. þessa máls fóru fram dálítil orðaskifti hjer í deildinni, aðallega þess efnis, hverjum væri að þakka, að svokallað kæliskipsmál væri komið á það stig, sem það nú er. Það kom berlega í ljós, þegar við áttum í kjöttollsstríðinu við Norðmenn, hve nauðsynlegt er að hafa í fleiri en einn stað að venda með kjötsöluna. Líklega hefir því þetta tollstríð ýtt undir framkvæmd þessa máls. Mjer fanst á ræðu háttv. 3. landsk. (JJ), að hann líta svo á, að þessi hugmynd, að útvega kjötmarkað með því að koma vörunni kældri eða frystri á markaðinn, væri nú komin í höfn. Jeg get tekið undir það, að málið sje komið talsvert áleiðis hvað sölu kjötsins snertir. Það er stórt spor í áttina, sem þingið hefir einhuga stigið, af því að það viðurkennir nauðsyn málsins. Af því að þessi nauðsyn er knýjandi, leggjum við Eimskipafjelaginu, og um leið landinu öllu, miklar byrðar á herðar, til þess að hægt sje að fullnægja kröfunum um að koma kjötinu frystu eða kældu á markaðinn. Það er ekki líklegt, að Eimskipafjelagið hafi hag af að breyta þeirri fyrirætlun sinni að byggja hentugt skip til vöruflutninga, en byggja í þess stað dýrt skip með kæliútbúnaði, þó að von sje um 1—2 farma af kældu kjöti á ári. Hjer er því lagt mikið í sölurnar til þess að styðja annan aðalatvinnuveg landsins, landbúnaðinn. Jeg álít, að rjett sje að gera þetta. En jeg vil leggja áherslu á það, að þakkirnar fyrir þetta á Alþingi og sú stjórn, sem gengist hefir fyrir að koma málinu í þetta horf. Þessa viðurkenningu fanst mjer vanta hjá hv. 3. landsk. um daginn. — Þá vjek hv. 3. landsk. nokkrum orðum að okkur sjávarútvegsmönnum. Hann brýndi okkur á því, að við ættum að sýna þann þroska að koma markaðinum fyrir okkar vöru í betra horf. Það er raunar altaf gott, að hver herði á öðrum um að

leggja sig í framkróka til þess að ná sem bestum sölumöguleikum fyrir afurðir landsins. Jeg held líka, að sjávarútvegsmönnum sje nauðsynlegt að gera meiri tilraunir til þess að koma sínum afurðum vel fyrir á markaðinum, og jeg vænti þess, að hv. 3. landsk. og aðrir hv. þm., sem þá eiga sæti á Alþingi, verði jafnfúsir á að styrkja þá tilraun útvegsmanna, þegar þar að kemur, eins og útvegsmenn hafa nú reynst fúsir á að styðja að þessari nauðsynjaframkvæmd vegna kjötmarkaðsins.

Eins og kunnugt er, samþykti þingið í fyrra, að ríkissjóður skyldi greiða tap, sem verða kynni við tilraunir við útflutning á kældu kjöti. Þess verður að minnast, að þingið tók að fyrra bragði alla ábyrgð upp á landið. Ef sjávarútvegsmenn reyndu nú eitthvað svipað, gerðu tilraunir, sem hefðu áhættu í för með sjer, og ef þingið tæki að sjer óskorað alt tap, sem viðkomandi útflytjendur kynnu að verða fyrir við slíkar tilraunir, þá kæmi það eins fram gagnvart þeim eins og það nú hefir komið fram gagnvart bændum. Að mínu áliti væri það mjög æskilegt, að þingið sæi sjer fært að koma svo fram gagnvart sjávarútveginum. Það gerði menn djarfari við að reyna nýjar aðferðir og nýjar leiðir.

Jónas Jónsson: Það var vel viðeigandi af háttv. þm. Vestm. (JJós) að tala hjer nokkur orð, því að það var óbeinlínis út af bendingu frá honum, að jeg mælti nokkur orð um daginn viðvíkjandi sölu sjávarafurða. Það er hv. þm. (JJós) til sóma, að hann hefir tilfinningu fyrir þeim erfiðleikum, sem nú eru á sölu sjávarafurða, og að sú hugsun er honum ekki algerlega framandi, að þjóðfjelagið ætti eitthvað að gera til þess að bæta söluhorfurnar.

Jeg held, að það hafi verið misskilningur hjá hv. þm., að deilt hafi verið um, hverjum bæri að þakka aðgerðir í þessu máli. Jeg sagði, að hverjum bæri að þakka eftir því, sem hann hefði fyrir málið unnið, því að verður er verkamaðurinn launanna. En hitt taldi jeg óviðeigandi, að nokkur færi að skreyta sig með lánuðum fjöðrum. Þegar litið er yfir sögu málsins, hlýtur að koma í ljós, að trú manna á því var misjöfn. Þegar Alþingi skipaði 5 aðilja til þess að rannsaka málið, voru aðeins 2, sem vildu ýta því áleiðis, en 3 sáu ekki ástæðu til að gera neitt fyrir málið. Þó að þessir menn drægju úr framkvæmdum og sæju ekki, að málið verðskuldaði, að í það væri lögð vinna, má sjá, hvernig þessi hugmynd hefir þróast og vaxið, og nú á málið því eindæma láni að fagna að vera borið uppi af öllum flokkum þingsins, og jafnvel öllum háttv. þingmönnum.

Það, sem gerst hefir, er aðeins þetta, að bændastjett landsins hefir við rannsókn og tilraunir markaðs í Englandi hallast að því, að nota yrði þann markað. Trúin á þetta hefir smátt og smátt vaxið og orðið svo sterk, að hún hefir borið málið í gegn á Alþingi. Þá vildi hv. þm. Vestm. efa, að rjett væri það, sem honum fanst jeg hafa haldið fram, að málinu væri borgið. Jeg er ekki viss um, að jeg hafi haft þetta orð, en jeg tel rjett að segja, að kæliskipsmálinu sje borgið, þar sem allir virðast sammála. Að um allar aldaraðir verði góður markaður í Englandi fyrir kælt kjöt, getur auðvitað enginn sagt.

Þó það sje ekki verið að svara hv. þm. Vestm., þá má geta þess, sem jeg mintist á við annað tækifæri hjer í hv. deild, að sú hætta, sem yfir okkur vofir með sjálfan markaðinn í þessum löndum, stafar frá því, að það eru önnur lönd til, þar sem

ódýrara er að framleiða kjöt, og þótt þau sjeu fjær þessum markaði, þá er þeirra samkepni okkur erfið. En þessar tilraunir á undangengnum árum, sem hafa verið gerðar með ábyrgð ríkissjóðs að baki, en sumpart kaupfjelaga, hafa gefið þá gleðilegu reynslu, að kjötið okkar þykir betra en suðrænar tegundir. Það er vitnisburður frá allmörgum kaupendum, sem virðast vera dómhæfir um það. Í þessu liggur einn aðalmöguleikinn fyrir því, að við getum í framtíðinni notið eitthvað betri markaðs í þessum iðnaðarlöndum fyrir kjöt heldur en fjarlægari þjóðir, þar sem framleiðslukostnaður er minni og þar af leiðandi minni verðþörf.

Mjer skildist á hv. þm., að hann teldi það allmikla fórn af Eimskipafjelaginu að taka nú við þessum peningum, sem við erum að rjetta því. Jeg held, að ef hv. þm. hefði veitt betur athygli skýrslunni, sem jeg gaf í fyrradag, hefði hann sannfærst um, að fórnin er engin. Eimskipafjelaginu liggur á skipi með sama burðarmagni og þetta hefir, og það hefir ekki neista af von um að geta útvegað það nema með stuðningi ríkissjóðs. Þetta er því þvert á móti því, sem hv. þm. ljet í ljós. Eimskipafjelagið hefir fengið heitustu ósk sína uppfylta.

Þá mintist hv. þm. á það, að mikið hefði verið lagt í sölurnar fyrir landbúnaðinn, og mjer skildist hann vilja, að Vestmannaeyjum, sem munu ekki hafa mikinn kjötútflutning, væri þakkað að einhverju leyti fyrir það, hvað þær hefðu staðið sig vel í þessu máli. Sjálfsagt að þakka Vestmannaeyjum fyrir það, sem þær vel gera. En jeg vil aðeins benda á það, að þetta er alveg hliðstætt við það, þegar bændur á þingi studdu Vestmannaeyinga manna mest til þess að koma á strandvörnum hjá sjer. Ekki finst mjer þeir eiga þakkir skilið, nema að því leyti sem hver maður og þingmaður á viðurkenningu skilið, ef út í það fer, fyrir að gera rjett. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. sjái, að þetta er ekki annað en það, sem altaf á að gæta í þinginu, að stjettir og hjeruð líti hver á annara þarfir.

Jeg ætla aðeins til frekari árjettingar að minna hv. þm. á það, að þegar sjávarútvegurinn hefir verið í hættu, t. d. út af sínum nýkeyptu togurum, þá var þessi nafnkunna lánsheimild gefin 1921; og þegar fjármálastofnanir hafa látið útveginum í tje meira eða minna fje til rekstrar, þá hefir þeim verið hjálpað af þjóðfjelaginu á þann hátt, sem hingað til hefir nægt. Vænti jeg, að greindur geti í eyðurnar, og hv. þm. álíti þess vegna, að þakklætisskuld atvinnuveganna sje goldin daglega og þurfi ekki sjerstaklega umtals með.

Þá endaði hv. þm. þennan hluta ræðu sinnar með því að segja, að þingið ætti þakkir í þessu máli og sú stjórn, sem hefði gengist fyrir því. Jeg álít þetta rjett hjá hv. þm., í sama hlutfalli eins og t. d. prestar og guðfræðideildir nútímans eiga þakkir skildar fyrir þann kristindóm, sem nú er til í löndunum.

Síðar í ræðu sinni sveigði hv. þm. að því, hver nauðsyn myndi á, að gerðar væru ítarlegar tilraunir til að víkka markaðinn fyrir sjávarafurðir. Af því jeg er hv. þm. samdóma, ætla jeg ekki að orðlengja um það, aðeins benda honum á, að Pjetur Ólafsson, sem þingið og stjórnin sendi til útlanda fyrir nokkrum árum og hefir manna best lagt undirstöðuna í þessu efni, hann hefir mjög áfelt sjávarútvegsmenn fyrir athafnaleysi þeirra í þessu máli. En jeg skal jafnframt geta þess, að jeg

býst við, að örðugleikar á því að gera samskonar tilraun með fisk eins og kjöt sjeu þeir, að það er engin stofnun til fyrir sjávarútveginn, sem stendur í almanna þjónustu — og svo að segja undir almenningseftirliti, — um sölu á sjávarvöru, eins og t. d. S. Í. S. Jeg er ekki að erta hv. þm. með þessu, en hjer liggja aðalerfiðleikarnir. Við getum tekið það, sem gerðist í útflutningsnefndinni 1918, þegar í hana var settur meðal annara af hálfu stjórnarinnar einn af mestu gróðamönnum sjávarútvegsins. Hann seldi það ár með öðrum sjávarafurðir og landafurðir og varð fyrir það alveg að ástæðulausu fyrir tortryggni af sínum fjelögum, svo að honum mun hafa komið í hug að fara úr nefndinni. Það var beint farið fram á að setja „kontrol"-nefnd til höfuðs þessari útflutningsnefnd. Hvernig fara útvegsmenn að búa til það skipulag, sem stjórn og þing geta verið viss um, að láti almenna hagsmuni ráða, en ekki sína eigin gróðamöguleika? Jeg þykist vita, að þetta sje hægt. En jeg skoða það ekki mitt hlutverk að koma með till. um það. Jeg er sammála hv. þm. um það, að markaðurinn í Suður-Ameríku sýnist okkur lokaður nú. En það hlýtur að hvíla á útvegsmönnum sú sjálfsagða kvöð, að þeir vinni að sínum markaðsmálum. Þegar þeir svo hafa sannfært sig og aðra um, hvað rjett sje í málinu, þá trúi jeg ekki öðru en að það verði samróma álit, að þeirra tilraunir beri að styðja.

Jóhann Jósefsson: Jeg get ekki verið alveg samdóma hv. 3. landsk. (JJ) um það, að þetta skip sje það hentugasta, sem Eimskipafjelagið hefði getað eignast, og ekki heldur um það, að því sjeu svo lokuð öll sund, að það hefði ekki getað eignast skip án þess að fara þá leið, sem till. fer fram á. Það er kunnugt, að skipið, sem hjer um ræðir, er á stærð við Goðafoss, og Goðafoss rúmar 1600 smálestir, en nýja kæliskipið getur ekki tekið nema 1350 smálestir. Með öðrum orðum, það munar 250 smálestum. Og þó eru þau jafnstór og líklega jafndýr í rekstri. Mismunurinn liggur í ákaflega miklum vjelaútbúnaði, einangrunarleiðslum og öðru, sem kæliskip þarf sjerstaklega. Það sýnist þess vegna ljóst, að væri skipið laust við þetta, hefði það þeim mun meira rúm fyrir varning og þeim mun meiri farmgjöld í hverri ferð. Um þetta þarf ekki að eyða orðum.

Jeg þarf ekki að svara ýmsum atriðum í ræðu hv. 3. landsk. Við erum að mörgu leyti sammála um þetta mál. Hann hefir einmitt haldið nú þá ræðu, sem jeg hefði óskað, að hann hefði haldið við 2. umr. Þá hefði jeg aldrei þurft að taka til máls nú.

Jeg hefi aldrei minst á það, að jeg skoðaði bændur í neinni þakkarskuld við nokkur sjerstök kjördæmi, frekar í þessu máli en öðrum, og datt mjer ekki í hug að nefna mitt kjördæmi í því sambandi. Alt tal hv. 3. landsk., sem bygðist á því, að hann hjelt, að jeg hefði sagt eitthvað í þessa átt, er því út í bláinn og ályktanir hans vitanlega þar af leiðandi rakalausar. Jeg hefi, sjerstaklega síðan árekturinn varð á markaðinum í Noregi með kjötið, sjeð svo mikla nauðsyn á því, — og svo mun vera um flesta, — að markaðurinn sje ekki bundinn við þetta eina land. Og jeg fyrir mitt leyti hefi trú á, að það muni geta tekist í framtíðinni.

Tilraunirnar, sem gerðar hafa verið — og vitnað var í — voru ákaflega veigalitlar, nema tilraunin á síðastliðnu ári. Ef fara ætti eftir því, hvernig sú tilraun

tókst, þá myndu vonir manna dvína nokkuð, því að hún var síst af öllu líkleg til að vekja áhuga manna og von um, að þetta geti tekist. En það má í mínum augum ekki binda sig við það, að ein tilraun tekst eða mistekst. Mistökin nú lágu aðeins í mistökum heima fyrir. Fyrirtækinu var ekki vel stjórnað af þeim aðiljum, sem hlut áttu að máli. (*JJ*: Skýring æskileg). Skýringin er sú, að það lá fyrir áður þingi var slitið í fyrra tilboð um leiguskip til þess að framkvæma þessa tilraun Og það var líka vitanlegt öllum, sem fylgdust með málinu, að hæfur maður var búinn til að útbúa kælivjelarnar í því skipi áður en það færi til Íslands, svo að það gæti komið algerlega tilbúið að flytja þennan varning. Þessu tilboði var ekki tekið. Málið dróst á langinn. Síðar meir er skip leigt, og kemur það til landsins ótilbúið í þessu tilliti. En það er langtum athugaverðara heldur en ef skip kæmi ótilbúið (þ. e. óklætt innan með borðum og striga) til að taka aðra vöru, t. d. saltfisk; það er svo áríðandi, að kæliútbúnaðurinn sje í lagi. Það urðu þess vegna miklar tafir að þessu. Skipið mun hafa legið í Reykjavík og eitthvað verið dyttað að kæliútbúnaðinum. Svo lá það lengi í höfn á Norðurlandi, jeg hygg Akureyri, og þar var ennþá verið að bjástra við það á ófullkominn hátt. Fram hjá öllu þessu hefði mátt komast, ef fyrirhyggja hefði verið meiri og hugsað hefði verið í byrjun fyrir því, að skipið kæmi hingað tilbúið að taka farm. Allar þessar tafir hafa kostað stórfje. Og það er mikið efamál, hvort einmitt það, að vjelaútbúnaðurinn til kælingar var í ólagi, var ekki orsök þess, að farmurinn kom í miður góðu ásigkomulagi fram þegar til Englands kom.

Þetta verða menn að athuga. Menn segja nú sem svo: Það var gerð ítarleg tilraun í fyrra, með ríkissjóðinn að bakhjarli, en hún mistókst. Maður má alls ekki missa trú á hugmyndina, þótt ein tilraun að einhverju leyti mishepnist fyrir ónóga aðgæslu, eins og jeg nú hefi lýst.

Jeg hefi sjeð í útlendum höfnum í fleiri skifti, þegar þessi vara var færð í land úr skipum Eimskipafjelagsins, og glaðst yfir að sjá, hvað alt var snyrtilega um gengið og í fallegu ásigkomulagi. Og trú mín á því, að þessi vara eigi eftir að vinna sjer álit einmitt hjá Bretum, hún hefir styrkst við það, sem jeg hefi verið sjónarvottur að ytra. Jeg hefi sjeð, að ef rjett er að farið, getur þessi góða fæðutegund komið fram í svo góðu og útgengilegu ásigkomulagi, að jeg fyrir mitt leyti er langt frá því að halda, að þetta geti ekki vel tekist og með tímanum verði meiri hlutinn af kjötinu selt kælt eða frosið.

Það getur sjálfsagt fremur undir öðrum kringumstæðum orðið ástæða fyrir okkur hv. 3. landsk. (JJ) að tala um möguleikana á þennan hátt á útvíkkun markaðs fyrir aðrar afurðir landsins. En mjer þykir vænt um að heyra hann lýsa yfir því, að hann er jafnfús á að styðja tilraunir sem þessa fyrir sjávarútveginn, ef gerðar verða.

Það eru svo margir vegir til, að mönnum kemur ekki altaf saman um, hvern eigi að fara til þess að opna nýjan markað fyrir afurðir landsins. Og þótt jafnvel tveir vilji í raun og veru láta framkvæma það sama, þá geta menn ákaflega mikið um það deilt, hvaða leið fara skuli. En jeg get sagt það strax eins og það er, af því að hv. þm. mintist á Suður-Ameríkumarkaðinn, að mín skoðun er sú, að það þurfi að hefjast handa og reyna að koma þar inn einhverju af íslenskum fiski. Þótt hv. þm. vitni í, hvað Pjetur Ólafsson, sem

einu sinni var sendur suður í lönd, segir um það, og hvað hann álasar útflytjendum hjer fyrir framkvæmdaleysi í því máli, þá finst mjer það ekki svo mikið til að byggja á. Jeg hefi altaf verið þeirrar skoðunar, að slíkar skyndiferðir og hann fór, og sumir aðrir hafa farið, geti ekki borið tryggan árangur. Niðurstaðan af slíkum fljótaferðum er vanalega yfirborðsskoðun, enda er það afarerfitt að gera sjer þá hugmynd, sem maður getur haft ástæðu til að halda, að sje nærri sanni, um þær rjettu markaðshorfur, þó maður hafi fyrir framan sig skýrslu eins og þá, er hr. Pjetur Ólafsson gaf eftir ferð sína.

Málið horfir alt öðruvísi við, ef þeir, sem tilraunir gera, hafa það trygt frá ríkinu, að þeir skuli allajafna fara skaðlaust út úr þeim. Væri unt að koma því í framkvæmd, þá held jeg þeir myndu verða færri en nú eru, sem Pjetur Ólafsson og aðrir gætu ásakað fyrir framtaksleysi í því máli.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg verð að segja, að jeg bjóst ekki við neinum umræðum um þetta mál nú, og satt að segja finst mjer þær hafa farið talsvert utan við efnið.

Jeg hirði ekki að svara þeirri ræðu, sem hv. 3. landsk. (JJ) hjelt í þessu máli við 2. umræðu. Jeg skildi vel, hvað hann fór. Hann vildi eigna sjer og sínum flokki mál þetta algerlega. Þetta læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja. En jeg verð að segja, að mjer er ekki kunnugt um, að komið hafi fyr fram en nú frá stjórninni till. um samlög milli Eimskipafjelagsins og ríkissjóðs. Svo að sá hluti hugmyndarinnar sýnist mjer að minsta kosti nýr. En jeg kæri mig ekki um að deila um það; það er mest um vert að fá skipið, um það hugsa jeg og annað ekki, og er ófús á að blanda flokkstogstreitu í málið.

En jeg vildi aðallega gefa dálitlar upplýsingar, sjerstaklega út af ræðu hv. þm. Vestm. (JJós) viðvíkjandi tilraun þeirri, sem gerð var á síðasta hausti um útflutning á frystu kjöti. En fyrst vil jeg taka það fram, að það rúm, sem fer fyrir kæliútbúnaðinn í hinu nýja skipi, er borgað, afnotin af því, með 350 þús. kr. framlagi nú úr ríkissjóði, svo að skipið þarf ekki að renta sig eins og Goðafoss. En jafnframt leiðir þar af, að þegar kældar eða frystar vörur eru sendar með skipinu, þarf útgerðin ekki að taka hærra gjald fyrir þær en aðrar vörur, nema sem því svarar að halda vjelunum í gangi. Það er það eina, sem Eimskipafjelagið þarf að krefja um fyrir utan venjulegt flutningsgjald.

Viðvíkjandi tilrauninni á síðasta hausti um útflutning frysts kjöts er það rjett, að hún tókst illa. En það var einungis fyrir það, að ekki var hægt að fá hentugt skip til að flytja fryst kjöt. Það var reynt ákaflega mikið. Því tilboði, sem lá fyrir þinginu í fyrra, var ekki tekið þá fyrir þá sök, að það þótti of dýrt. Það var reynt alt í sumar til að fá ódýrara tilboð, en það fjekst ekki. Annaðhvort voru skipin of stór eða þá það varð að leigja þau til langs tíma. Svo þegar kom að því, að þetta skip var leigt og það átti að leggja af stað samkvæmt samningi, kemur skeyti frá útgerðinni um, að kæliútbúnaðurinn sje í ólagi og firmað óski eftir að verða laust við samninginn, því að það hafi ekki ráð á að setja skipið í stand. Fjelaginu var símað aftur, að það yrði að standa við samninginn, láta gera við skipið og senda hið bráðasta. Þetta gerði fjelagið að nokkru leyti, en ekki öllu. Og þess vegna

var það, að skipið tafðist hjer við frekari endurbætur.

Jeg verð að segja, að jeg held það sje ekki hægt að saka þá, sem fóru með þetta mál, um það, að þeir hafi ekki gert það, sem hægt var, til að fá hentugt skip. Framkvæmdarstjóri Eimskipafjelagsins gerði alt, sem hann gat, fyrir stjórnina í því efni, en allar tilraunir mistókust.

Það var víst mjög lítið af farminum, sem var skemt, þegar á markaðinn kom, og það er þó það gleðilega við þessa tilraun, að með henni er sýnt, að opna má markað fyrir kjöt okkar í Englandi. Svo að jeg verð að telja, þó að tap hafi orðið á þessum fyrstu tilraunum, þá hafi þær þó fært okkur sann fyrir því, hvers virði kjötið geti orðið okkur í framtíðinni í Englandi. Það er nú sýnt, að frosið kjöt getur verið í allgóðu verði þar, en þó vil jeg taka fram, að kælt kjöt mundi í enn þá betra verði og Englendingar sækjast meira eftir því. Því eigum við að keppa að því að koma kældu kjöti á markaðinn og vanda sem föng eru á allan útbúnað þess, svo að varan þoli alla samkepni annarsstaðar frá. Og því meiri þörf er okkur að vera hjer á verði, sem gera má ráð fyrir, að saltkjötsmarkaður okkar í Noregi fari minkandi. Norðmenn eru nú að auka kjötframleiðslu sína hröðum skrefum. Þess vegna er okkur um að gera að ljetta á kjötmarkaðinum í Noregi og brjóta okkur nýjar leiðir, sem við getum vænst, að verði okkur til mikilla nytja, er stundir líða. Og þó að kæliskipið sje dýrt og tilraunirnar svari ekki beinum arði svona á byrjunarstiginu, þá er jeg sammála hv. þm. Vestm. (JJós) um það, að við megum ekki missa kjarkinn og leggja árar í bát. Og þó að sæmilegt verð sje á saltkjöti okkar í Noregi eins og stendur, þá megum við ekki láta það villa okkur sýn og draga þess vegna úr tilraunum um að koma kældu kjöti á markaðinn, því jeg geri mjer engar vonir um það, að slíkt ástand haldist lengi, eins og t. d. átti sjer stað í Noregi í haust, að saltkjöt sje í nærri sama verði og nýtt kjöt.

Nei, við megum ekki tapa trúnni á góðan sigur þessa máls. Við verðum að leita fyrir okkur og finna ný og betri ráð, og þó að þau sýnist dýr í bili, þá mun framtíðin segja annað, þegar ísinn er brotinn og leiðin opnuð til nýs og fullkomnari kjötmarkaðs.

Jónas Jónsson: Það vill nú svo til, að hæstv. atvrh. (MG) hefir að mestu svarað því, sem jeg hafði ritað hjá mjer til andmæla hv. þm. Vestm. (JJós). Þó að hann sje þessu máli velviljaður, þá er það auðsætt, að hann hefir ekki kynt sjer það sem skyldi, eins og best sjest á því, að hann vissi ekki, að framlagið til Eimskipafjelags Íslands er fyrirframgreiðsla á því rúmi skipsins, sem tapast frá öðrum flutningi við kælitækin. En þetta hefir hæstv. atvrh. skýrt nægilega, svo að jeg get hjer með slept að fara frekar út í það.

En til frekari skýringar vil jeg þó láta þess getið, að það er sagt út í loftið að halda því fram, að við getum tekið sama skipið og í fyrra, sem þá reyndist dýrt og óhentugt.

Ef jeg man rjett, þá mun það hafa verið einn af kjósendum hv. þm. Vestm., sem sýndi mikinn áhuga á því, að Sabroe hefði allan veg og vanda af þessum undirbúningi við fyrstu tilraun með útflutning á kældu kjöti, svo að þess vegna mætti ætla, að þm. væri þetta mál talsvert ljósara en fram kom í ræðu hans. Annars er aðalatriðið það, að þingið áleit rjett, úr því hafist var handa í þessu efni, að gera þá stærri og víðtækari tilraun en með

Gullfossi einum. Var þá helst hugsað um leigu á hentugu kæliskipi. Þegar svo vitnaðist, að ekki mundi finnast á öllum hnettinum skip, sem svaraði til okkar flutninga — þessi skip stóru landanna eru smíðuð í samræmi við þá óhemju flutningaþörf, sem þar er um að ræða — þá var fengin tvöföld reynsla, er byggja mætti á. Í fyrsta lagi ómögulegt að fá hentugt skip á leigu, og í öðru lagi, þó að reynt yrði að útbúa Gullfoss eftir föngum, þá mundi hann ófullnægjandi. Var því ekki um annað að gera, og það sáu þeir, sem mest og best hugsuðu um málið, en að við ljetum byggja kæliskip, sem að öllu leyti svaraði til þarfa tímans, en væri þó að öðru leyti við okkar hæfi. Þeim var það ljóst, þessum víðsýnu mönnum, hvað hjer var í húfi: að annar aðalatvinnuvegur þjóðarinnar átti afkomu sína undir því, að tilraununum yrði haldið áfram og nýjar markaðsleiðir fundnar fyrir kjötframleiðsluna.

Það er af ókunnugleika mælt hjá þm., þegar hann fullyrðir, að kjötið hafi skemst á leiðinni. Það var svo hverfandi lítið, að varla er orð á því gerandi, þegar á hitt er litið, hvað skipið sjálft var ófullnægjandi. Þeir, sem að tilrauninni stóðu, hefðu aldrei ráðist í að nota þetta skip, ef landsnauðsyn lægi ekki við, enda óhætt að slá því föstu, að ekkert einkaverslunarfyrirtæki mundi hafa sjeð sjer fært að gera slíka tilraun með þeim útbúnaði, er völ var á, og allra síst í stórum stíl.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara neitt út í saltkjötsmarkaðinn. Við erum sammála um það, hv. þm. Vestm. og jeg, að það fyrirkomulag, sem verið hefir á sölu saltkjöts okkar, hafa engir reynt að tortryggja. En af því gæti hann aftur dregið þann lærdóm, að reyna að koma á þeirri tryggingu um sölu saltfiskjar, sem menn hefðu ekki ástæðu til að tortryggja.

Yfirleitt hafa umr. þessar orðið til þess að skýra málið, enda hefir nú komið í ljós, hvernig undirbúningurinn hefir verið, hvernig tilraun síðasta hausts hefir tekist og hvers vænta megi um næstu tilraun, ef við kostum kapps um að vanda til hennar eftir föngum. Það er vitanlegt, að örðugleikarnir eru margir. Það er órannsakað, hvort íshús þau, sem ekki verður komist hjá að byggja víðsvegar kringum land, verða nothæf til annars rekstrar en að frysta kjöt í þeim og geyma. En það vita menn nú, að frosið kjöt er ekki eins eftirsótt og kælt kjöt, svo taka verður það til athugunar, þegar næstu tilraunir verða gerðar.

Annars hefir þetta mál, eins og öll velferðarmál þjóðarinnar, sínar sólskins- og skuggahliðar, og þegar reiknað er með framgangi þess, verður að láta alla jafnt njóta sannmælis, sem lagt hafa sitt til að hrinda því áleiðis til heppilegrar lausnar. Hæstv. atvrh. á sinn heiður skilinn fyrir afskifti sín af málinu, því þegar trúnaðarmaður landsins ritaði honum till. sínar, tók hann vel í þær og fjellst þá strax á þá lausn málsins, að landið bygði kæliskip, og síðan hefir hæstv. ráðherra gert það, sem hann gat, að því er sjeð verður, til að styðja málið. Hitt er annað mál, og áður skýrt, hvaða menn hafa lagt grundvöll þessara framkvæmda.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer gleymdist að taka það fram áðan, að jeg held, að það sje nokkuð orðum aukið hjá hv. 3. landsk. (JJ), að Eimskipafjelag Íslands fái sína heitustu ósk uppfylta með byggingu þessa kæliskips. Að minsta kosti efast framkvæmdarstjórinn um það, að

kæliskipið verði Eimskipafjelaginu til fjárhagsþrifa, þó hann hinsvegar gangi inn á þetta fyrirkomulag, sem horfið er að, enda ýmsir aðrir stuðlað að því.

Jeg man ekki eftir því, að jeg hafi fengið brjef það, er hv. 3. landsk. var að tala um, en hitt man jeg, að Jón Árnason átti tal við mig um byggingu kæliskipsins, og það oftar en einu sinni. Þó að jeg minnist ekki þessa brjefs nú, er jeg ekki þar með að draga úr þeim heiðri, sem Jón Árnason á skilinn fyrir afskifti sín af málinu. Mjer er vitanlegt, að hann gerði alt, sem hann gat, og á miklar þakkir skildar fyrir það.

Jónas Jónsson: Jeg get vitanlega ekkert um það sagt, hvaða brjef hæstv. atvrh. hefir meðtekið. En hitt er mjer persónulega kunnugt um, að þetta brjef, sem jeg mintist á, var honum sent, því að jeg átti kost á að sjá það áður. En það hefir þá kannske ekki komið til skila, og á jeg þó bágt með að trúa því. Brjef þetta var skýrsla til stjórnarinnar um málið og till. trúnaðarmanns hennar um, hvað gera ætti. Og það var ekki nema eðlilegt, þó slíkar till. kæmu frá Jóni Árnasyni, sem ekki einungis er höfundur kæliskipshugmyndarinnar hjer, heldur á hann einnig sæti í stjórn Eimskipafjelags Íslands og hefir barist fyrir því þar að efla fjelagið og víkka starfsvið þess.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg neita því ekki, að jeg kunni að hafa móttekið þetta brjef, sem hv. 3. landsk. er að minnast á. En jeg man ekki í svip neitt eftir því, eða hvað í því hefir staðið. Hinsvegar átti Jón Árnason tal við mig um málið, eins og gefur að skilja, og man jeg nú ekki betur en að uppástungur hans í fyrstu væru nokkuð á reiki, sem ekki er undarlegt, meðan málið var á umhugsunarstigi.

Jóhann Jósefsson: Það hefir nú komið fram í umr., er jeg sagði um Eimskipafjelag Íslands, að það skip, sem nú er ætlast til, að það byggi, nefnilega kæliskipið, er ekki hið æskilegasta fyrir fjelagið; því mundi henta betur alment gott vöruflutningaskip með litlu farþegarúmi.

Um möguleikana fyrir fjelagið að eignast nýtt skip getum við lengi þráttað, hv. 3. landsk. og jeg. Við stöndum þar báðir líkt að vígi og erum jafnókunnugir. En hitt veit jeg, að legið hefir það í loftinu, að Eimskipafjelag Íslands bætti við sig vöruflutningaskipi, en nú fyrir tilstuðlan ríkissjóðs á að breytast í þetta fyrirhugaða kæliskip.

Nú er líklegt, að fjelagið verði eftir eitt ár búið að greiða skuld sína í Hollandi. Finst mjer þá ekki ósennilegt, um það leyti, sem fjelagið borgar bankanum upp, að hann mundi fús á að lána aftur allstóra upphæð, og ekki síður fyrir það, ef ábyrgð ríkissjóðs stæði að baki. *(JJ:* En þá hjálpar landið). Jú, en það má nú segja um það, að skylt er skeggið hökunni. Ríkissjóður hefir það mikið verið við riðinn rekstur Eimskipafjelagsins, og verður ekki síður eftir að kæliskipið er komið.

Að tjón hafi orðið af tilraun síðasta árs, er vitanlegt, það tjón mun nema frá 80—100 þúsund krónum. Aðalástæðuna fyrir því tjóni hefi jeg bent á, og þarf ekki að fjölyrða meira um það. Hv. 3. landsk. hefir sjálfur viðurkent, að skipið hafi reynst svo slæmt, að varan þess vegna hafi orðið lítt útgengileg. Ástæðuna fyrir þessu sýndi jeg fram á áður í umræðum um þetta mál, og hefir hv. þm. ekki getað hrundið því enn.

Sigurður Eggerz: Herra forseti! Mig langar að biðja um nafnakall um þetta mál. Hv. þdm. hafa nú teygt umr. von úr viti og þær ekki snúist um annað en hvor flokkurinn, Framsókn eða Íhald, hafi meira gert fyrir málið. Allir eru sammála um, að hjer sje merkilegt mál á ferðinni, og allir greiða frv. atkv. Hjer er því aðeins um barnalegan metnað flokkanna að ræða, og þess vegna bið jeg um nafnakall, svo að það sjáist, að allir eru með þessu nauðsynjamáli. *(JJ*: og Frelsisherinn líka).

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnÓ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JM, JJ, SE, ÁH, BK, EP, EÁ, GuðmÓ, HSteins:

. Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 235).

25. Vörutollur.

Á 54. fundi í Nd., fimtudaginn 15. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll (þmfrv., A. 343).

Á 56., 58. og 60. fundi í Nd., dagana 17., 20. og 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 62. fundi í Nd., mánudaginn 26. apríl, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Björn Líndal): Þegar lagður er á nýr þungur skattur, og þegar jafnframt er tekið fram, að hann sje aðeins lagður á til bráðabirgða, til þess að bjarga fjárhag ríkisins, þá er eðlilegt, að þjóðin vonist eftir því, að sú verði líka reyndin á, og það því fremur, þegar skömmu eftir að tollurinn er á lagður breytist hagur ríkissjóðs mjög til batnaðar. Það er því eðlilegt, að þjóðin geri sjer vonir um, að ljett verði af henni einhverju af sköttum, þegar fjárhagur ríkissjóðs hefir batnað jafnmikið og á síðasta ári. En því er miður, að jeg hygg, að þessar vonir hljóti að breytast að miklu leyti. Útlitið er nú þannig, að a. m. k. hefi jeg ekki treyst mjer til þess að leggja það til, að álögur yrðu lækkaðar eins mikið og jeg vonaði áður en jeg kom á þing. Það verður að fara varlega, og er þá vandinn sá, að ráða fram úr því, hvar fyrst eigi að lækka. Fjhn. komst að þeirri niðurstöðu, að nú hvíldu svo miklar og þungar álögur á atvinnuvegunum, og þá sjerstaklega á sjávarútveginum, að það væri sjerstök nauðsyn að reyna að ráða þar bót á. Að vísu er í þeim till., sem hjer liggja fyrir, ekki um stórar lækkanir að ræða. Eftir upplýsingum, sem nefndin hefir fengið, þá nemur lækkunin á kolatollinum 1500—2000 kr. á togara á ári. En þó ekki sje meira, þá munar það samt nokkru. Ennfremur vill nefndin lækka vörutoll af steinolíu um helming, þó að sá tollur sje raunar ekki eins tilfinnanlegur eins og kolatollurinn. Það, sem munar hjer mestu, er tunnutollurinn, og liggja til þess alveg sjerstakar ástæður, að nefndin leggur til, að hann sje strikaður alveg út. Sú vara, sem einkum er látin í þessar tunnur, nefnilega síldin, er nú vafalaust sú framleiðslutegund, sem allra mest hvílir á af tollum tiltölu-

lega. Þessi vara er nú svo fallin í verði, að láta muni nærri, að fáist 12 ísl. kr. fyrir tn. síldar, og verður þá vörutollurinn og útflutningsgjaldið um 16% af verði hverrar síldartunnu. Munu allir sjá, hvað þetta gjald er ranglátt. Jeg hefði kosið að fara fram á lækkun á útflutningsgjaldi á síld. En það varð nú að samkomulagi í nefndinni að fella heldur niður vörutoll á tunnum. Gat jeg þá fallist á að láta útflutningsgjaldið eiga sig að sinni. Jeg vona því, að hv. þdm., að þessu athuguðu, vaxi ekki í augum, þótt tunnutollurinn verði afnuminn.

Jeg játa það, að till. fjhn. í þessu máli eru einkum til hagsbóta fyrir sjávarútveginn. En þó jeg sje sjálfur bóndi, þá hika jeg ekki við að játa það, að álögur þær til ríkisins, sem á okkur hvíla, eru miklu minni en á útgerðarmönnum og kaupstaðarbúum, og jeg vil vera svo sanngjarn að játa þetta bæði í orði og verki.

Hv. þdm. hafa nú lesið frv. og sjeð, hvað í því er. En jeg vil benda á það til frekari skýringar, að við höfum lagt það til, að breytingar þær, sem nú kunna að verða gerðar, verði feldar inn í vörutollslögin, en jafnframt verði feldur úr þeim kafli, sem nú hefir enga þýðingu lengur, nefnilega það, að kola- og salttollurinn sje settur til þess að vinna upp tap á kolum og salti 1919. Þetta tap er nú upp unnið og þess vegna óþarfi, að þessi klausa standi lengur í lögunum.

Jeg leyfi mjer loks að vænta þess, að hv. þm. sýni þá sanngirni, hvort sem þeir eru fulltrúar fyrir útvegs- eða landbúnaðarkjördæmi, að rjetta nú lítilsháttar hjálparhönd þeirri atvinnugrein, sem nú stendur höllustum fæti gagnvart örðugleikum þeim, sem stafa jöfnum höndum af mjög mikilli verðlækkun afurðanna, miðað við gullverð, og hinni óvæntu, snöggu og stórstígu gengishækkun íslensku krónunnar á síðastl. ári.

Klemens Jónsson: Þess er getið hjer í niðurlagi greinargerðar frv., að í fjhn. hafi heyrst raddir um það, að afnema bæri toll á korni. Þessar raddir komu frá okkur hv. 1. þm. N.-M. (HStef), en meiri hl. nefndarinnar vildi ekki fallast á það.

Þetta frv. fer fram á að lækka tolla á nokkrum þeim vörum, sem nauðsynlegastar eru fyrir *framleiðslu* landsins: salti, kolum, steinolíu, og tunnum. Skal jeg ekki fara neitt frekar út í ástæður fyrir þessum till., því að hv. frsm. (BL) hefir þegar skýrt afstöðu nefndarinnar, auk þess, sem greinargerð frv. sýnir. En jeg vil þó taka það fram, að það getur verið spurning um það, hvort fjárhagsútlit ríkissjóðs sje nú svo glæsilegt, að ástæða sje til að lækka tekjurnar. En hinsvegar er það alveg vafalaust, að það horfir ekki svo glæsilega nú fyrir útgerðinni, að ekki sje rjett og nauðsynlegt að hlaupa undir bagga með henni. En það verður ekki gert á annan viðfeldnari hátt en þann að lækka allverulega álögur, sem hvíla á þeim vörutegundum, sem hún einkum þarf að nota. En mjer þykir þá líka rjett um leið að lækka eitthvað á landbúnaðinum og öðrum skattgreiðendum. Það var sagt hjer áðan, að skattar hvíldu þyngra á útgerðinni en landbúnaðinum yfirleitt. Hvort sem þetta er rjett eða ekki, þá er það hinsvegar víst, að kjör bændastjettarinnar eru ekki svo glæsileg, að ekki sje full þörf að líta einnig á hennar þarfir. Því er það ósanngjarnt, jafnframt því, sem miklum útgjöldum er ljett af útveginum, að ljetta þá ekki um leið eitthvað af landbúnaðinum og verkalýðnum. Jeg vænti þess, að þegar þingmenn, sem eru fulltrúar sveitakjördæma, koma heim, þá verði þeir spurð-

ir af því, hvers vegna ljett hafi verið miklum sköttum af útveginum, en engu af þeim. Afnám kornvörutollsins var lítið eitt athugað í fjhn., og var lauslega áætlað, að sú breyting mundi nema 45—50 þús. kr. fyrir ríkissjóð. Hæstv. fjrh. hefir talist svo til, að þetta mundi nema líkri upphæð. Þetta er að vísu ekki há upphæð, en mundi koma sjer vel til þess að vega dálítið á móti því, sem sjávarútvegurinn fær. Ástæðan til þess, að við hv. 1. þm. N.-M. komum ekki fram með brtt. um þetta, var sú, a. m. k. hvað mig snerti, að jeg vildi heyra undirtektir hv. þdm. Og af umr. um verðtollinn hefir það komið í ljós, að till. um að ljetta vörutoll á korni mundi ekki mæta mikilli mótspyrnu hjer í hv. deild. Mjer skildist einnig, að hæstv. fjrh. mundi heldur ekki verða því mótfallinn. Samkvæmt öllu þessu, sem nú var talið, þá mun jeg flytja við 2. umr. málsins brtt. þess efnis, að kornvara verði undanþegin vörutolli.

Fjármálaráðherra (JÞ): Í þessu frv. er farið fram á það að lækka vörutoll á nokkrum nauðsynjavörum, sem mest eru notaðar við framleiðsluna í þessu landi, svo ætla má, að nemi 430 þús. kr. á ári. Jeg get ímyndað mjer, að ýmsum mundi finnast það ólíklegt, að jeg skuli ekki mæla á móti slíkri till., eftir því sem nú horfist á um afgreiðslu fjárlaga 1927 á þessu þingi. Að vísu er ekki sjeð fyrir um endanlega útkomu þeirra. En í meðferð þingsins hafa útgjöld ríkisins vaxið um yfir 600 þús. kr. til þessa, og má frekar búast við, að þau ennþá vaxi heldur en minki. En þegar jeg samt lýsi því nú yfir, að jeg yfirleitt er ekki mótfallinn þeirri tekjulækkun, sem hjer er farið fram á, þá er það af þeirri sjerstöku ástæðu, að jeg viðurkenni, að það sje sjerstök ástæða til þess að lækka gjöldin, sem hvíla á þeim vörum, sem nauðsynlegastar eru til rekstrar atvinnuveganna, og þá einkum sjávarútvegsins. Sá vörutollur, sem á þessum nauðsynjavörum hvílir, er óeðlilega hár, einkum hvað snertir kol, þegar miðað er við núverandi kolaverð. Það má vera, að hlutfallið milli tollsins og verðs kolanna hafi upphaflega verið viðunandi eins og þá stóð. Sem stendur á þessi atvinnuvegur örðugt uppdráttar, vegna mjög fallins verðs á afurðunum. Og svo má ekki gleyma því, að þessi atvinnuvegur ber mestan þunga af gengishækkun ísl. krónunnar. Það er því mjög eðlilegt, að gerð verði nokkur ljetting á skattalögunum vegna þessarar atvinnugreinar. Um hitt, hversu ríkissjóður muni þola þá tekjurýrnun, sem af breytingunni leiðir, verður enn ekki sagt. Það er svo skamt komið þessu ári, að ekki er enn hægt að gera sjer verulega grein fyrir því, hvernig afkoman muni verða. En þetta frv. snertir að því leyti afkomu ársins 1926, að það á að ganga í gildi 1. júlí þ. á. En jeg held nú samt, að eftir því sem næst verður komist, þá muni ríkissjóður þola að missa þessar tekjur á yfirstandandi ári. Hitt er annað mál, hvort árið 1927 leyfir það, en þess ber að gæta, að þing mun koma saman í febrúar 1927 og starfa þá næstu mánuðina. Og ef það kemur þá í ljós, að ríkissjóður megi ekki missa þessar tekjur 1927, þá er það á valdi þess þings að bæta úr því með tekjuauka. Jeg tel því, að eftir ástæðum sje það rjettmætt að veita svipaða lækkun á vörutolli sem hjer er farið fram á, enda þótt það kunni að kosta það að leggja á nýjar álögur handa ríkissjóði á næsta ári. Því ekki mun stoða að vega aftur í hinn sama knjerunn, held-

ur auka álögurnar á öðrum ónauðsynlegri vörutegundum, eða þar sem minna mein er að fyrir þjóðfjelagið. Með þessu fororði get jeg fallist á frv. En engum má það á óvart koma, þó fram komi á næsta þingi till. um að bæta ríkissjóði á einhvern hátt þennan tekjumissi, svo framarlega sem þá verður sýnilegt, að hann megi ekki við honum á árinu 1927.

Um einstök atriði frv. og kornvörutollinn mun jeg geyma að tala þangað til við 2. umr.

Halldór Stefánsson: Þótt fjhn. sje sammála um að bera fram breytingar á lögum um vörutoll, þá er hún, eins og sjá má á nál., ekki sammála um einstök atriði, hvorki um þær breytingar, sem frv. leggur til, nje heldur yfir höfuð um það, hverjar breytingar helst beri að gera. Í þessu sambandi vil jeg benda á, að ummæli og ástæður nál. eru aðallega miðaðar við þær brtt., sem fram eru settar í frv., en ekki við ástæður eða skoðanir okkar, sem höfum ágreining um einstök atriði, en erum þó sammála um að breyta lögunum að nokkru. Jeg mun þó ekki tala hjer fyrir þá samnefndarmenn mína, sem ágreining hafa gert að meira eða minna leyti, enda hefir háttv. 2. þm. Rang. (KlJ) talað fyrir sig, en háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) er ekki viðstaddur.

Jeg skal þá byrja á því að geta þess, að í þetta sinn eru tekjuhallalaus fjárlög ekki aðalatriði fyrir mjer, þegar þess er gætt, að afkoma ríkissjóðs á síðasta ári varð svo miklu betri en búist var við — borgaðar allar lausaskuldir ríkisins og bætt miklu við sjóð, og ennfremur, að þjóðin hefir á því ári greitt nær tvöfalt við það, sem henni var ætlað, — þá þykir mjer rjettmætt, þó nokkuð sje gengið á sjóðinn til að skila þjóðinni aftur, með ríflegum framkvæmdum þess, sem þjóðin þarfnast og þráir, litlum hluta af því, sem af henni hefir verið heimtað með harðri hendi í augnamiði, sem nú er að fullu náð. Auk þess er verðtollsfrv. enn í bakhönd til þess að gera þann jöfnuð, sem þurfa þykir á tekjum og gjöldum ríkisins.

Það er eingöngu vegna örðugrar aðstöðu atvinnuveganna, að jeg get fallist á að lækka nokkuð þessa tolla. Þeir hafa á sínum tíma verið settir inn sem rjettmætur þáttur í tollalöggjöf landsins. Þess vegna hefðu neyðartollar hinna síðari ára í raun og veru átt að falla fyr. En af því að jeg fyrir mitt leyti álít þungatoll annmarkameiri en verðtoll, þá get jeg fallist á nokkra lækkun á honum, en taka þá aftur tillit til þess við afgreiðslu verðtollsfrv. Og fyrir mjer vakir að breyta þungatollinum í verðtoll smátt og smátt.

Eins og segir í nál., er það of ör hækkun íslensku krónunnar á síðastl. ári, sem á mikinn þátt í því, hve örðugt gengur nú með atvinnuvegina. Það sýnist nú í sjálfu sjer fráleitt að leggja byrðar á atvinnuvegina með verðbreytingu peninganna til þess að þurfa svo aftur að ljetta á þeim með ívilnunum um tollaálögur. Slíkt er í sjálfu sjer hálfgerður skollaleikur eða svikamylla. En nú er svo komið sem komið er, og verður að taka afleiðingum þess.

Þessar ástæður, sem jeg hefi nefnt, ættu þá að verða okkur til varnaðar í framtíðinni, að reka ekki þá gengispólitík, sem legst með öllum þunga og afleiðingum fjárhagslegra örðugleika á atvinnuvegina jafnskjótt og hvenær sem almennar ástæður kynnu að leyfa þeim að rjetta nokkuð við, og heldur þeim þannig í kútnum og kreppunni, með öllum þeim afleiðingum, sem það hefir fyrir þjóðlífið, hver veit hve lengi. Með því er atvinnu-

vegum þjóðarinnar, sem eru undirstaða þjóðlífsins, sýnt það tilræði og veittur sá áverki, sem, vægast sagt, verður ekki varið, að forsvarsmenn þjóðarbúskaparins veiti þeim, því að þá má með rjettu segja, að „heggur sá, er hlífa skyldi".

Þetta vildi jeg nú sagt hafa alment, en hvað einstök ágreiningsatriði mín við frv. snertir, þá býst jeg við að gera frekari grein fyrir þeim við 2. umr. málsins. Jeg get aðeins tekið það fram, að okkur sumum nefndarmönnum þykja lækkunartillögurnar ekki nógu almennar; okkur þykir vera of lítið tillit tekið til neytendanna, og meðal annars þess vegna viljum við, sumir nefndarmenn, afnema kornvörutollinn, og þykir of langt vera gengið í því að lækka kolatollinn um ⅔ hluta og í að afnema tunnutollinn.

Jeg hefi með þessu aðeins viljað lýsa afstöðu minni til frv., en mun að öðru leyti, eins og jeg hefi sagt, gera nánari grein fyrir þeim einstöku atriðum við 2. umr., bæði þeim till., sem fyrir liggja og fram kunna að koma.

Tryggvi Þórhallsson: Það er vissulega lofsverður tilgangur hjá háttv. nefnd og mjög vinsælt verk að leggja það til að ljetta að einhverju leyti byrðunum af framleiðslunni, eins og segir í greinargerð þessa frv. Mjer þykir það leitt, að jeg býst við því, þótt um svo lofsverðan tilgang sje að ræða, ef þetta frv. á að ganga fram í þessari mynd, sem það er lagt fram í, að jeg muni neyðast til að greiða atkvæði á móti því. Það er vegna þess, að jeg álít naumast verjandi, eins og útlitið er, að lækka tekjur ríkissjóðs, og hinsvegar er þessi breyting svo einhliða, að jeg verð að álíta, ef á að ljetta af álögum á annað borð, þá eigi að bera annarsstaðar niður. Mjer dylst það ekki, að þetta er nálega einhliða stuðningur, sem á að veita sjávarútveginum, og þá einkum stórútgerðinni. Hv. nefnd hefir áætlað, að þessi lagabreyting muni hafa í för með sjer um 430 þús. kr. lækkun á skattinum; en þetta er nálega alt til hagsbóta fyrir sjávarútveginn. Af þessum 430 þús. kr. get jeg ekki gert ráð fyrir nema um 10 þús. kr. til lækkunar fyrir landbúnaðinn. Jeg vil að vísu ekki neita því, enda er það viðurkent af öllum, að sjávarútvegurinn þarf á þessu að halda, því að það eru slæmar horfur fyrir hann, en jeg er sannfærður um hitt, að menn tala ekki um, hve slæmar horfur sjeu fyrir atvinnurekstri bænda, vegna þess, að það er ekki komið á daginn enn, hvernig útkoman verður. Jeg er viss um, að það eru hliðstæðir erfiðleikar, sem bændurnir verða að glíma við á þessu ári eins og útgerðarmenn. Í þessu sambandi vil jeg beina því til háttv. nefndar, ef á að stíga spor til að ljetta á atvinnuvegunum, hvort ekki sje hægt að stíga það spor þannig, að það komi nokkuð jafnar niður á atvinnuvegunum heldur en gert er með þessu frv. Í vörutollslögunum eru tollaðar mjög margar nauðsynjar til landbúnaðar, en hinsvegar vil jeg benda á, að þar eru undanþegnar vörutolli ýmsar vörur, sem jeg álít, að ættu að vera tollaðar, t. d. hey og kjöt, sem nú er farið að flytja inn í stórum stíl. Þessu vildi jeg beina til háttv. nefndar, því að mjer dettur ekki í hug að greiða atkvæði á móti frv. nú við 1. umr. þess. Svo vil jeg beina því til háttv. fjhn., úr því að hún fann ástæðu til þess, og það ekki að ástæðulausu, að reyna að gera eitthvað til hjálpar atvinnuvegunum, að jeg vil segja það sem mína skoðun alveg hiklaust, að háttv. nefnd hefir byrjað

á alveg öfugum enda. Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) kom að því líka, að hv. nefnd hefði farið eins og manninum, sem ætlaði að smíða bát og byrjaði á neglunni. Þessi tollbreyting, sem hjer er um að ræða, er ekki annað en að sýnast, því að fyrir atvinnuvegina munar hún sáralitlu. Það, sem er stóra atriðið fyrir atvinnuvegina, er frv. um að festa verðgildi peninganna. Jeg hefi svo oft minst á það frv. hjer í þessari háttv. deild sem það, sem mest er um vert fyrir atvinnuvegina, að fá það verð skráð á peningunum, sem er í samræmi við kaupmátt þeirra. Frv. um það efni hefir nú legið fyrir nefndinni í meira en hálft hundrað daga, og um það hefir ekkert heyrst frá háttv. nefnd. Vil jeg lýsa mikilli óánægju yfir því, hve mikið skilningsleysi hún hefir sýnt með sínu athafnaleysi í því stórmáli, og jeg kalla það nærri því broslegt, að svona frv. skuli koma frá hv. nefnd, en ekki hreyft við hinu.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get lýst yfir því, að jeg tala hálfnauðugur í þessu máli og hefði gjarnan kosið að þurfa ekkert um það að segja, en finst, úr því að farið er að ræða það mál, að þá geti jeg ekki algerlega setið hjá án þess að láta skoðun mína í ljós. Jeg get lýst yfir því, að jeg er sammála þeim háttv. þm., sem hafa komið fram með þetta frv., að þeir hafa síst komið með það að nauðsynjalausu. Því miður mun þannig ástatt fyrir sjávarútveginum, að það mun ekki vera um skör fram, að háttv. fjhn. kemur með þetta frv., til þess að ljetta eitthvað þær þungu skattabyrðar, sem hann hefir. Það, sem jeg meinti með því, að jeg talaði nauðugur í þessu máli, get jeg skýrt með því, að jeg hefði gjarnan kosið, að útlit þessa atvinnuvegar hefði verið það gott, að ekki hefði þurft til þessa ráðs að taka til að ljetta af honum skattabyrðinni. En nú er komið sem komið er, að ekki verður hjá því komist að gera honum eitthvað til ljettis, og jeg hygg, að það sje svo, að þótt þingið vildi skella við skollaeyrunum, þá sje það ekki hægt. En hinu get jeg lýst yfir, að jeg greiði nauðugur atkvæði með þeim lækkunum, vegna þess að jeg tel nauðsyn ríkissjóðs mjög mikla til að halda sínum tekjum. Samkv. því fjárlagafrv., sem fyrir liggur, er gert ráð fyrir mjög miklum framkvæmdum á næsta ári, og nú er ekki hægt að sjá, hvernig tekjum landsins kann að verða háttað á því ári, sjerstaklega ef við skerðum mjög mikið þá tekjuvon, sem landið nú hefir; eigi að síður lýst jeg við, að það geti gert ilt verra að halda við þeim sköttum, að atvinnuvegirnir af þeim sökum standist ekki þann kostnað, sem þeir þurfa að hafa. Þegar jeg sagðist tala nauðugur í þessu máli, átti jeg líka við það, að jeg hefði kosið, að sjávarútvegurinn hefði notað sínar miklu og góðu tekjur, sem honum fjellu í skaut árið 1924, og jafnvel líka árið 1925, til þess að tryggja meira þessa atvinnugrein heldur en til þess að auka hana eins og raun er á orðin. Við meðferð fjárlaganna á þingi í fyrra var það látið í ljós, að hann hefði farið óvarlega, og þá óskað, að alt færi vel, þó að ekki hefði verið varlega farið og af lítilli forsjá gert, og þetta kom líka á daginn. En ef sú ráðabreytni, sem hefir átt sjer stað á síðustu árum, hefir aðeins snert sjávarútveginn, sú aukning og það mikla kapphlaup, sem þá var um vinnukraftinn, þá hefði það ekki tekið svo mjög til allra landsmanna eins og það gerir nú. Jeg ætla nú ekki að fara ítarlega út í þær breyt-

ingar, sem þetta hefir skapað á síðasta ári, en drepa á nokkur atriði til þess að skýra það, að árin 1919 og 1920 hefur sjávarútvegurinn grimt kapphlaup við aðrar atvinnugreinir landsins. Jeg var mjög kunnugur þeirri starfsemi, sem þá átti sjer stað, og sá litli iðnaður, sem fyrir nokkrum árum var byrjaður hjer í bæ, beið mikinn hnekki við það mikla boð, sem gert var í hverskonar verkfæra menn. Landbúnaðurinn varð einnig að taka þátt í þessu kapphlaupi, en hefir ekki borið sitt bar síðan. Að þessu ári liðnu komst sjávarútvegurinn í mikinn vanda og stóð mjög höllum fæti til ársins 1924, sem var einstakt góðæri, og gekk honum þá mjög vel; losaði hann þá mikið af skuldum sínum, en síst af öllu gerði hann það, sem honum var nauðsynlegast. Hann safnaði ekki í sjóði, heldur lagði mjög mikið fjármagn í skip, til aukningar útveginum, gekk sæmilega síðasta ár, en svo nú, þegar markaðshorfur eru mjög slæmar, en tilkostnaður hinsvegar mjög mikill, og þá er við búist, að þingið finni til þess, að alt standi höllum fæti hjá þeim atvinnuvegi. Og þetta frv. er bein afleiðing af þessu ástandi. Nú á síðastliðnu ári varð sjávarútvegurinn nauðugur, viljugur að fylgja með, því að jeg býst við, að útvegsmönnum hafi ekki verið það ljúft, hve mikið kaup þeir urðu að greiða. Sama má segja um bændur landsins. Þeir urðu að hækka kaupið á móti vilja sínum og ýms kostnaður óx. En það er nú ekki aðeins önnur aðalatvinnugreinin, sem stendur höllum fæti; það eru þær báðar, og það er mikils um það vert að gefa því gætur, hvað hefir skapað þetta ástand, ef menn gætu lært af því og komið í veg fyrir, að þetta ástand endurtæki sig. Jeg get lýst yfir því, að jeg í sjálfu sjer mun ekki fylgja mikið ljúfara þessu frv. gegnum þingið, þótt það lækki að einhverju leyti skatta, sem snerta landbúnaðinn, því að jeg er smeykur við, að sú mikla tekjurýrnun verði að sök. Hinsvegar er ekki hægt að mótmæla því, þar sem allverulega ívilnun á að gera, að þá muni þess líka vera full þörf, því að atvinnuvegurinn stendur mjög höllum fæti líka. Hæstv. fjrh. mælti nú ekki á móti þessu frv. Mjer skildist á ræðu hans, að hann liti svo á, að þörfin fyrir að hækka skattana væri svo mikil, að ekki yrði hjá því komist. Jeg get lýst yfir minni skoðun um þetta, að jeg er hæstv. ráðherra sammála, en jeg vil skjóta því til þeirra hv. þm., sem þetta mál snertir og því eru kunnugir, að það væri æskilegt, að þeir beittu áhrifum sínum framvegis meðal sinna fjelaga, til þess að betri aðgæsla verði höfð í þessari atvinnugrein heldur en verið hefir síðasta ár, því að jeg veit ekki, hvort hægt væri að áfella svo mjög þá fulltrúa þjóðarinnar, sem verið hafa þeirrar skoðunar, að hin hraðfara aukning á þessari atvinnugrein hafi verið hættuleg, þó að þeir síðar yrðu ófúsir á að ljetta svo mjög skattabyrðina, ef góðærin eftirleiðis yrðu meira notuð til aukningar útveginum heldur en hyggilegt væri, sjerstaklega þegar af aukningunni leiðir almenn hnekking á annari framleiðslu. Hæstv. ráðherra (JÞ) mintist á það, að gengishækkun síðasta árs hefði komið meira við sjávarútveginn heldur en landbúnaðinn. Jeg er í mjög miklum vafa um, hvort það snertir sjávarútveginn hlutfallslega meira en afurðir landbúnaðarins, því að þótt mikið af landbúnaðarafurðum sje selt innanlands, þá er það víst, að verðlag á þeim verður að stýðjast meira og minna við verðlag á samskonar vöru erlendis, svo að jeg býst við, að gengishækkunin hafi haft allverulega áhrif á sölu hjá báðum atvinnuveg-

um. En þó að svo kunni að vera, að þessara áhrifa hafi ekki gætt stórkostlega á síðastliðnu ári, þá er það víst, að þeirra gætir verulega við sölu á afurðum þessa árs. Hinsvegar er það nokkurnveginn víst, að tilkostnaður við atvinnuvegina ætlar að verða svo dýr, að ekki er annað fyrirsjáanlegt en að atvinnuvegina verði að reka með stórtapi. Ef þannig hefði nú verið um fyrirfarandi ár, að þeir hefðu borið sig vel, þá hefði þetta frv. verið sök sjer; en þegar svo er farið, að það skiftir árum, sem meira eða minna tjón verður á atvinnuvegunum, þá fer það að verða ískyggilegt, og þá er ekki við öðru að búast en að það taki enda, og meira að segja mjög leiðinlegan enda. Ef öll þesskonar starfsemi á að koma nokkurnveginn jafnvægi á framleiðslukostnað sinn, þá má sú aukning, sem á henni verður, ekki vera meiri en sem svarar því, sem fólkinu fjölgar í landinu, eða þeim breytingum, sem kunna að verða við það, að einhver starfsemi önnur kunni að vera lögð niður, af því að hún þyki ekki bera sig. En þessi mikli vöxtur, sem orðið hefir á sjávarútveginum, hefir haft þau áhrif, sem jeg nú hefi lýst, og ennfremur hefir hann haft þau áhrif, að fólk hefir streymt miklu meira úr sveitum landsins heldur en aukningunni hefir numið; því að það er ætíð svo, þegar fólk heyrir talað um hátt kaup einhversstaðar, þá flykkist það þangað, þar sem það býst við gulli og grænum skógum, og athugar þá ekki, hve mikinn tilkostnað það hefir við að lifa á þessum stöðum, og þekkir þá ekki til, hve margar vinnustundir falla úr hjá því. Af þessum ástæðum er fólkið ætíð of margt á þessum stöðum, en þetta á eingöngu við sjávarsíðuna.

Jeg hefi komið fram með þessar athugasemdir mínar til þess að minna á það, að þó að menn geri nú, undir þessum kringumstæðum, sem nú eru, þessar ívilnanir, þá er það þó í engan stað hyggilegt, að höfuðatvinnuvegur nokkurs lands stofni til svo mikillar aukningar, að aðrar atvinnugreinar landsins þrífist ekki fyrir það, og síðan, þegar kreppa kemur, að ljetta þá sköttum af honum. Þess háttar breyting getur gengið eitt sinn, en sje það oft, með stuttu millibili, getur ekki farið öðruvísi en mjög illa fyrir þjóð, sem reisir sína helstu atvinnugrein á ekki betri undirstöðu heldur en þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:2 atkv.

Á 64. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 343, 434, 437, 443).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 437 og 443. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Björn Líndal): 1. umr. þessa máls varð endaslepp, af því að við flm. vildum ekki tefja fyrir málinu að komast til 2. umr. Jeg átti þá eftir að svara allmörgu því, er mælt hafði verið móti frv., og mun jeg nú víkja að helstu mótbárunum, er mjer þykja máli skifta.

En áður en jeg sný mjer að því, vil jeg leyfa mjer fyrir nefndarinnar hönd að þakka hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir það, hve vel hann tók í frv. Hann skildi, hvað fyrir okkur vakir, að við viljum byrja á því að reyna að rjetta þeim hjálparhönd, sem höllustum fæti standa í landinu.

En það má ef til vill til sanns vegar færa, að það lítur ekki vel út að bera fram frv. um talsverða lækkun á tekjum ríkissjóðs jafnhliða því, að útgjaldahækkun í

fjárlögunum, frá frv. stjórnarinnar, nemur um 600 þús. kr. og svo ógætilega gengið frá fjárlagafrv., að við afgreiðum það út úr deildinni með 200 þús. kr. tekjuhalla. Eins og sjá má á frv., eiga þessi lög að ganga í gildi á miðju ári eða 1. júlí n. k., og þess vegna var mjer það gleði að heyra frá ráðherrastóli, að hæstv. fjrh. væri ekki hræddur við þetta. Hann sagði, að ef svo færi, að fjárhag ríkisins yrði stefnt í hættu með þessum lögum, þá yrði næsta þing að taka til sinna ráða. Jeg vil í þessu sambandi vekja athygli á, að ef ekki er hægt að lækka gjöld ríkissjóðs og þá jafnframt skatta og tolla, þá er það af því, að þjóðin og þingið vill ekki spara, þrátt fyrir alt sparnaðarhjal. Með lækkun tekna leiðir af sjálfu sjer, að ýmsum verklegum framkvæmdum verður að fresta í bili, enda er víst, að sumar þeirra þola einhverja bið. Jeg þykist hafa fengið reynslu fyrir því þessi fáu ár, sem jeg hefi átt sæti á þingi, að líkt sje um þjóðarbúskapinn og tíðkast á mörgum heimilum, að því hærri sem tekjurnar eru, því meiri er eyðslan.

Þess vegna leyfi jeg mjer að brýna fyrir hæstv. stjórn að gæta alls hófs við samning næsta fjárlagafrv., svo að ekki þurfi að hækka tolla eða auka skatta á næsta ári, því að það yrði jeg að telja afaróheppilegt og ver farið en heima setið.

Þá vil jeg nú athuga ræður ýmsra hv. þdm. frá því um daginn og minnast á brtt. þær, sem fyrir liggja.

Verður þá fyrst fyrir mjer brtt. á þskj. 434, frá hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Hjer er ekki farið fram á annað nje meira en það, sem fjhn. hefði getað fallist á, ef hún hefði sjeð sjer það fært vegna fjárhags ríkissjóðs. Þessi skoðun nefndarinnar kemur fram í greinargerðinni fyrir frv., og verð jeg að halda mjer við hana, þótt jeg hinsvegar játi, að gott væri að geta afnumið þennan toll. En eins og horfir, virðist betra að byrja lækkunina á öðru sviði. Hjer er líka um tiltölulega litla fjárhæð að ræða. Þessi tollur, kornvörutollurinn, mun nema sem svarar um 50 eða 55 aurum á mann, en kemur vitanlega þyngst niður á fjölskyldum í kaupstöðum, en þær þurfa ekki að eyða meira en tveim tonnum af kolum á ári til þess að hagnast meira á lækkun kolatollsins en afnámi korntollsins. Annars vil jeg heldur tolla það, sem alment eru kallaðar nauðsynlegar neysluvörur, heldur en leggja þunga skatta á nauðsynjar þær, sem framleiðslan stendur eða fellur með. Jeg lít svo á, að þjóðin gæti sparað til stórra muna þessi svonefndu nauðsynjakaup, með því að nota betur en alment er gert gæði okkar eigin lands. Ef hver fulltíða maður í landinu borðaði sem svaraði 100 síldum á ári, mundi hann spara við það miklu meira en korntollinum nemur. Jeg er sannfærður um, að með þessu móti gætum við sparað allstóra upphæð, sem annars fer út úr landinu, og þó værum við að mörgu leyti betur haldnir, en að engu leyti ver.

Brtt. þeirra hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og hv. 1. þm. N.-M. (HStef), á þskj. 456, vill fara skemra í að lækka kolatollinn. En úr því að telja má hættulaust fyrir ríkissjóð að lækka hann niður í 1 kr., og að öll útgerð stendur nú mjög höllum fæti, þá virðist mjer ekki áhorfsmál að samþykkja frv. eins og nefndin hefir flutt það. Vona jeg því, að hv. þdm. samþykki ekki brtt., heldur fallist á hitt, að tollurinn færist niður í það, sem stendur í frv.

Um brtt. á þskj. 443 ætla jeg ekki að tala að þessu sinni.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að háttv. þm. Str. (TrÞ), enda þótt hann

sje ekki viðstaddur sem stendur, því að það á ekki að vera neitt persónulegt, heldur aðeins alment um málið. Hann lagði áherslu á það við 1. umr., að verið væri með þessu frv. að hlynna einhliða að sjávarútvegsmönnum, en ekki að bændum. Hann taldi, að einar 10 þús. kr. af tollækkuninni væru bændunum til hagsbóta. Væru þó erfiðleikar landbúnaðarins og sjávarútvegsins hliðstæðir og svo líkir, að þar yrði naumast gerður nokkur munur á. Jeg þekki nú til beggja þessara atvinnuvega, þar sem jeg stunda þá báða, en þó öllu meira landbúnaðinn. Get jeg sagt það með sanni, að það þrengir miklu meira að sjávarútveginum. Mesta dýrtíð landbúnaðarins er fólgin í dýru verkafólki, en þó má segja, að það gangi nokkurnveginn jafnt yfir báða atvinnuvegina. Auðvitað er það markaðurinn, sem mest er undir komið, en ekki verður þó annað með sanni sagt en að hann hafi síðastliðið ár verið mun betri fyrir landbúnaðarafurðir en sjávarafurðir. Landbúnaðurinn stendur því betur að vígi nú sem stendur. Jeg vil vekja athygli þeirra manna, sem bágt eiga með að líta óvilhalt á málið og hættir jafnvel við að leggja á það hlutdræga dóma, á því, að fljótlegt er að gera samanburð á því, sem gert hefir verið fyrir hvorn atvinnuveginn fyrir sig hin síðustu árin af hálfu löggjafarvaldsins. Er þá fljótlegt að telja það upp, sem gert hefir verið til þess að bæta markað sjávarútvegsins, því að það er ekki neitt að heitið geti. Aftur á móti var stigið nýlega mjög þýðingarmikið spor til þess að bæta markað landbúnaðarins. Á jeg þar við norska samninginn. Það er stærsta sporið, sem stigið hefir verið til þess að hjálpa einum atvinnuvegi á kostnað annars. *(TrÞ*: En Spánarsamningurinn?). Það er alt öðru máli að gegna með hann, því að hann gekk ekki út yfir neinn sjerstakan atvinnuveg. Sjávarútveginum var fórnað að nokkru leyti, til þess að hægt væri að bæta kjötmarkaðinn. Þá má minna á það, að í fyrra var hjer á þinginu veitt stórfje eftir okkar mælikvarða til tilrauna með útflutning á kældu kjöti. Þá var og heimilað að lána fje með góðum kjörum til byggingar íshúsa. Alt var þetta í þarfir landbúnaðarins, til þess að reyna að bæta markaðinn fyrir afurðir hans. Ef bera á saman það, sem gert hefir verið fyrir sjávarútveg og landbúnað síðustu árin, með beinum styrkjum eða með útvegun á ódýrum lánum, þá er, eins og áður, fljótlegt að telja upp það, sem viðkemur sjávarútveginum, því að það er ekkert. En ef við snúum okkur að landbúnaðinum, má fyrst nefna jarðræktarlögin, þar sem heimilað er að borga bændum peninga af almannafje fyrir að rækta sínar eigin jarðir. Ætti jeg síst að vera óþakklátur fyrir þetta, þar sem jeg er einn af þeim lukkulegu, sem búist get við því, að eitthvað af þessu fje renni í minn vasa. En mest og best ætti jeg þó að þakka sjávarútveginum, sem leggur fram þetta fje. Þá get jeg einnig nefnt ræktunarsjóðinn, sem að sumu leyti byggist á nýjum álögum á sjávarútveginn. Á nú ekki að endurgjalda þessum öðrum aðalatvinnuvegi landsins neitt fyrir alt þetta, sem var samþykt jafnt af fulltrúum sjávarkjördæma og sveita? Mjer finst það vera skylda háttv. þm. að líta sanngjörnum augum á þarfir sjávarútvegsins. Jeg verð líka að segja það, að enda þótt frv. þetta hlynni nokkuð einhliða að þessum atvinnuvegi, er það lítið á móts við það misrjetti, sem hann hefir orðið að þola, landbúnaðinum til gagns.

Jeg vil gera háttv. þm. Str. (TrÞ) tilboð. Mun óhætt að gera það hjer í heyranda hljóði. Jeg þori fyrir hönd allra þeirra, er fást við síldveiðar, að lofa því að fara ekki fram á lækkun á tunnutolli eða síldartolli, ef hv. þm. Str. vill stuðla að því, að norsku samningunum verði sagt upp. Jeg býst við, að hver einasti síldarútvegsmaður muni ganga að þessu með glöðu geði.

Þá hjelt hv. 2. þm. Árn. (JörB) langa ræðu, sem engin ástæða er til að svara, því að hún var mest almenns efnis, enda heyrði jeg hana ekki alla. En eitt er víst, að jeg bjóst við meiri sanngirni af hans hálfu í garð sjávarútvegsins en raun hefir á orðið.

Klemens Jónsson: Jeg get verið stuttorður, því að jeg hefi engu að bæta við það, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls.

Það kom til tals í fjhn. að afljetta tollinum af korni, en þar sem ekki fjekst meiri hl. fyrir því, var því ekki haldið þá fram. En eftir undirtektum hjer í deildinni að dæma, þótti okkur tveim nefndarmönnum rjett að bera fram brtt. í þessa átt og gefa þannig deildinni kost á að greiða atkv. um málið.

Fjhn. lagði til, að breytingar yrðu gerðar á þeim liðum, er snerta nauðsynjar annarar aðalframleiðslu landsins, sjávarútvegsins. Má nefna þar t. d. salt og tunnur. En með lækkun kola- og steinolíutolls má einnig segja, að ljett sje byrði af fleirum en sjávarútveginum. Þær breytingar eru frekar í þágu almennings. Einkum er lækkun steinolíutollsins mikill ljettir fyrir mótorbátaútgerðina, sem og fyrir almenning í heild sinni. Er enginn vafi á því, að það er í alla staði rjett af nefndinni að bera fram þessar lækkunartill. En jeg er hræddur um, að það muni mæta mótspyrnu og óánægju í sveitakjördæmum, þegar lítur svo út, sem eingöngu eða að mestu leyti sje verið að ljetta undir með sjávarútveginum.

Hjer er um það rætt að ljetta af afarstórri upphæð, um 430 þús. kr., og er eigi of mælt, að af þeim sjeu um 330 þús. kr., sem eingöngu snerta þann atvinnuveg. Jeg hygg, að það mundi mælast betur fyrir, ef ljett væri um leið tolli af nauðsynjum, er snerta almenning. Má þar t. d. nefna kornvöru, enda er það fæða, sem allir neyta. Jeg hefi víst tekið fulldjúpt í árinni, þegar jeg hjelt því fram við 1. umr., að lækkun korntollsins væri aðallega í þágu bændanna. En lækkunin kemur þó að gagni bæði þurrabúðarmönnum og öðrum, er í kaupstöðum og sjávarþorpum búa. Og þar sem hún nú kemur helst þeim til góða, er þurfa hennar mest og verst eru settir í mannfjelaginu, virðist alveg sjálfsagt, að brtt. okkar verði samþykt. Enda treysti jeg því, að deildin og nefndin líti á þetta með sanngirni og láti lækkun korntollsins einnig fylgjast hjer með. Það er upplýst, að upphæð sú, er hjer um ræðir, nemur 50 þús. kr., og er það ekki stór upphæð í sjálfu sjer; það munu vera 50 aurar á hvern mann í landinu. Samt sem áður eru til þær fjölskyldur, sem munar um minna. En það er vitanlega á þingsins valdi, hvað það gerir í þessu máli.

Háttv. frsm. (BL) sagði, að jafnframt þessari breytingu yrði að koma önnur breyting, þannig, að aftan við 1. gr. vörutollslaganna frá 1921 yrði að koma þessi undanþága. Er þetta alveg rjett, og munum við því koma með skriflega brtt. í þá átt. En ef brtt. á þskj. 434 yrði samþykt án þessarar brtt., mundi kornvaran kom-

ast undir 7. gr. eða í hæsta tollflokk, en það hefir auðvitað aldrei dottið neinum í hug að hækka tollinn á korni. En með viðbótartill. við 1. gr. má laga þetta. Leyfi jeg mjer því að bera fram skriflega brtt og vona, að deildin samþykki þetta, að hún fái að komast til atkvæða.

Halldór Stefánsson: Við 1. umr. þessa máls drap jeg á ástæðurnar fyrir brtt. þeim, er jeg er riðinn við. Ástæðurnar voru þær, að mjer þótti frv. of einhliða, ekki nógu alment. Það bindur sig of einhliða við stórútgerðina, og er það því hún, sem mestar ívilnanir fær. Smábátaútgerðin fær miklu minni ívilnanir, en neytendur minstar. Jeg hefði viljað gera meiri jöfnuð á lækkuninni en í frv. er eins og það nú liggur fyrir.

Jeg hefi tekið það fram áður, að jeg er algerlega mótfallinn afnámi tunnutollsins. Síldarútvegurinn er annarsvegar talinn mesti uppgripaatvinnuvegur, sannkölluð gullkista, en hinsvegar annmarkamesti atvinnuvegur landsins. Hann veldur mikilli truflun á atvinnulífi þjóðarinnar, keppir um fólkið og kaupið við aðrar eðlilegri atvinnugreinir og hnekkir þeim. Hann veitir atvinnu aðeins stuttan tíma og á þeim tíma, sem aðrar atvinnugreinir hafa mesta þörf fólksins, og verður því fólki, sem við hann vinnur, þess vegna óhægt um að fá vinnu á öðrum tímum, og verður því hið háa kaup mörgum rýrt til ársframfæris. Þá er það og álitamál, hvort bætt skipulag um framleiðslu og sölu í þessum atvinnuvegi sje ekki mun þýðingarmeira honum til styrktar en tollívilnunin. Finst mjer skyldara að taka til athugunar í fullri alvöru, hversu mikið mætti styrkja hann á þann hátt.

Hvað viðvíkur kolatollinum, þá þykir mjer lækkunin of mikil, þar sem nefndin leggur til, að hann lækki um ⅔ hluta. Jeg leyfi mjer því að leggja til, að hann verði lækkaður aðeins um helming. Háttv. frsm. fjhn. (BL) mintist lítillega á þessa till. mína áðan og talaði mjög sanngjarnlega um hana. Hjer er aðeins um stigmun að ræða. En jeg get alveg lagt það á vald deildarinnar, án þess að ræða það nánar, hvort stigið hún vill heldur. Jeg skal þó benda á, að útlend skip borga nokkuð af kolatollinum, og er því minni ástæða að lækka hann svona mikið.

Meðflutningsmaður minn, hv. 2. þm. Rang. (KlJ), hefir minst á afnám korntollsins, og get jeg látið mjer nægja að vísa til þess, sem hann sagði, og er samþykkur því að mestu. Það, sem fyrir mjer vakir, er að fella burt þá tolla, er annmarkamestir eru hjer á landi, og þar á meðal tel jeg korntollinn, því að hann er verri en nefskattur. Hann kemur niður á brauðinu, sem börnin eru alin á. Annars er hann í sjálfu sjer svo lítill, að ekki munar miklu, þó að hann sje afnuminn, og borgar sig varla að halda honum, svo fyrirhafnarsamur sem hann er í innheimtu og annmarkamikill. Enda skilst mjer, að þessari till. okkar sje yfirleitt vel tekið.

Um steinolíutollinn get jeg sagt það, að jeg hefði getað fallist á að afnema hann alveg. En nefndin færir hann milli flokka, og lækkar hann við það um helming. Ef hann aftur á móti hefði verið afnuminn, þá hefði mótorbátaútvegurinn fengið tilsvarandi ívilnun í tollækkuninni á móts við stórútgerðina.

Samkvæmt till. mínum, eins og jeg hefi lýst þeim, ef þær verða samþ., verður lækkun tollanna þannig: kolatollurinn 185 þús. kr., steinolíutollurinn 50 þús. kr., korntollurinn 45—50 þús. kr. og salttollurinn 45 þús. kr. Samtals verður þetta um

330 þús. kr., eða 100 þús. kr. lægra en eftir till. nefndarinnar.

Jeg geri mjer svo vonir um, að þingið fallist á ástæður mínar og geri ívilnunina almennari en nú er í frv.

Tryggvi Þórhallsson: Það verða aðeins örfá orð, sem jeg þarf að skjóta til frsm. (BL) út af orðum, sem hann beindi til mín áðan vegna tilefnis, er jeg hafði gefið við 1. umr. þessa máls.

Háttv. frsm. (BL)) komst inn á samanburð á aðalatvinnuvegunum, landbúnaði og sjávarútvegi, samanburð á því, hvor hefði verið styrktur meira af ríkinu. Jeg skal játa það, að það er alveg rjett hjá hv. frsm. (BL), að landbúnaðurinn hefir verið styrktur vel og myndarlega, þótt jeg álíti, að enn vanti á svo að vel sje. Skal jeg því ekki vera vanþakklátur fyrir hönd þessa atvinnuvegar, þó að jeg álíti, að enn sje mikið ógert af svipuðum hlutum. Háttv. frsm. komst inn á einstök atriði. Hann nefndi t. d. norska samninginn og sagði, að þar hefði verið fórnað miklu af hálfu sjávarútvegsins. Mjer þótti þetta kynleg orð, því að í blöðum andstæðinga Framsóknarflokksins var því haldið fram, að við hefðum viljað fórna miklu í þessu máli, en svo hafi Íhaldsflokkurinn hrundið því, og landsstjórnin hefir jafnvel tekið sjer það til inntekta, að hún hafi engu fórnað. En jeg álít nú, samt sem áður, að það sje rjett hjá hv. frsm., að hjer hafi nokkru verið fórnað. En eins og aðstaðan var og ef litið er á þá þýðingu, sem þetta hafði fyrir landbúnaðinn, þá var alls ekki í þetta horfandi.

Hv. frsm. mintist á annað atriði, útflutningsgjaldið, sem hann sagði að væri í þágu landbúnaðarins. En ef litið er á fjárlögin núna, er ljóst, að meiri hluti þess fer til sjávarútvegsins, til strandvarna. Það er að vísu rjett, að á árinu, sem leið, og á þessu ári fer útflutningsgjaldið til landbúnaðarins, en á næstu árum er gert ráð fyrir, að það renni til sjávarútvegsins. Svo kom hv. þm. með tilboð um, að ef jeg vildi vinna að því að afnema norska samninginn, skyldu síldarútvegsmenn falla frá kröfunni um lækkun á tollum, já, jafnvel samþykkja að tollarnir yrðu þyngdir. Mjer kom það mjög á óvart, að óskað skyldi eftir því, að norski samningurinn fjelli út gildi, svo mikið, sem þar er í húfi. Jeg er alls ekki fús til þessa verks. Jeg álít meira að segja, meðan svo er, að landbúnaðurinn verður að binda sig við eitt land með sölu á kjöti, þá megi ekki einu sinni stinga upp á þessu. Það væri voði fyrir þjóðina.

Annars ætla jeg ekki að fara út í neinn samanburð hjer. Jeg verð að vera sammála hv. frsm. í því, að það er ekki skemtilegt verk að vera með þennan metnað og togstreitu. Jeg játa, að mikið hefir verið gert fyrir landbúnaðinn. En jeg minnist ekki, ef till. hefir komið fram um að bæta markað sjávarútvegsins eða slíkt, að jeg hafi verið á móti henni. Eins er þótt um annað hafi verið að ræða, t. d. lendingabætur, hafnarbætur, bryggjugerðir o. fl. Jeg veit ekki til þess, að jeg hafi lagt steina í götu slíkra framkvæmda. — En auðvitað er það, að minn áhugi er miklu meiri á hinu sviðinu og gætir því áhrifa minna meira þar. En svo vil jeg leyfa mjer að minna á annað í þessu sambandi. Á þessu þingi ætti að útkljá mál, sem nokkuð hefir þegar verið rætt hjer í þinginu og oft verið vikið að í umr. um önnur mál, — mál, sem jeg er sannfærður um, að er hið mesta hagsmunamál fyrir sjávarútveginn, sem fram hefir komið á þessari

öld, og á jeg þar við gengismálið. Hver hefir barist harðast gegn því, að lagðar væru álögur á sjávarútveginn með breytilegu og hækkandi gengi? Jeg skal svara því þegar, að jeg á þar við sjálfan mig. En jeg láta um leið, að jeg hefi þó ekki hvað síst litið á hag landbúnaðarins í þessu efni, en hitt skilst mjer þó, að þetta er ennþá þýðingarmeira mál fyrir sjávarútveginn, og ef hv. þm. (BL) vildi tala við mig í fullri einlægni um þetta mál, veit jeg, að hann lætur sjer ekki detta í hug að mótmæla þessu. Það er síður en svo, að jeg blygðist mín fyrir að berjast í þessu máli fyrir hag allra framleiðenda í landinu í senn, og þá ekki hvað síst sjávarútvegsmanna. — Jeg þykist því standa sjerlega vel að vígi um að verja framkomu mína gagnvart atvinnuvegunum.

Þorleifur Jónsson: Jeg á brtt. á þskj. 443, sem fer fram á, að vatnsvirkjunar- og rafmagnsvjelar verði settar í 2. flokk þessara laga. Á undanförnum árum hafa margir lögreglustjórar litið svo á, að þessar vörur ættu að tollast eftir 7. flokki, sem er hæsti tollflokkurinn; og er það alt of þungur skattur og ósanngjarn, sem þannig er lagður á þessar vörur. Nú hagar víða svo til, að auðvelt er að koma á vatnsvirkjunum til sveita, og þar er því allvíða vaknaður talsverður áhugi fyrir því að koma upp rafmagnsvirkjunum til heimilisnotkunar, og jeg tel einmitt þetta vera eitt hið mesta framfaramál fyrir þær sveitir, þar sem þessu verður komið við. Þess vegna álít jeg, að ekki megi leggja neinar óþarfahömlur á þessar framkvæmdir nje gera þær erfiðari með því að íþyngja mönnum með alt of háum tollum á þeim vörum, sem þarf til þessa. Þessar vjelar, sem brtt. fjallar um, eru alveg hliðstæðar vjelum þeim (mótorum), sem nú eru í 2. flokki, og er þetta mál því öllum svo auðsætt, að jeg tel óþarft að fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess fastlega, að þessi brtt. mín verði samþykt.

Jeg hafði ekki hugsað mjer að koma með breytingartillögu um það, að rafmagnshitunarvjelar og rafmagnseldavjelar væru einnig settar í þennan sama (2.) flokk, en eftir viðtali, sem jeg hefi átt við hæstv. fjrh. (JÞ), tel jeg óþarft að láta verða úr því, þar eð hæstv. fjrh. telur sjálfsagt, að þau áhöld öll eigi að teljast undir 2. lið vörutollslaganna.

Jeg skal geta þess, að brtt. er ekki sem greinilegast orðuð, en þó ætti þetta ekki að þurfa að valda misskilningi; brtt. á við 2. málsgr. 1. gr. frv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Þessi umræða hefir farið talsvert á víð og dreif, sem og við var að búast, þar eð þráðurinn í umr. var skorinn sundur við það, er 1. umr. varð ekki lokið. Þess vegna hafa við þessa umr. komið fram ýms ummæli, sem jeg verð að athuga dálítið nánar, og vænti jeg að mjer leyfist að víkja örlítið út frá aðalefni þessarar umr., líkt og hv. frsm. hefir leyfst það.

Út af orðum hv. frsm., sem jeg get vel tekið undir að öðru leyti, — að stjórnin verði að gæta alls sparnaðar við samning næsta fjárlagafrv., — vil jeg segja það, að þetta dregur ekkert úr því, sem jeg sagði við 1. umr. þessa máls. — Ef það kemur í ljós þegar líður á árið 1927, að tekjur ríkissjóðs ætli ekki að hrökkva til þess, sem þeim er ætlað, þ. e. verða ónógar, þrátt fyrir allan og sjálfsagðan sparnað í útgjöldunum, þá verður á því ári að ráða bót á þessu með nýrri lagasetningu.

Jeg er alveg sammála hv. frsm., að eins og stjórnskipulagi okkar er háttað og eins

og hugsunarháttur manna er orðinn, bæði utan þings og innan, eru áreiðanlega engin önnur ráð til að halda útgjöldunum í hófi en að skamta (áætla) tekjurnar lágt, því að tekjuáætlunin ræður svo afarmiklu um útlit gjaldahliðar frv. Eins og nú er ástatt hjá okkur, má svo heita, að hver einasti maður, sem vill, ekki aðeins þingmenn sjálfir, heldur og hver utanþingsmaður, sem nennir að hafa fyrir því að fara hingað niður í þinghúsið til viðtals við einhverja þingmenn, hafi nær ótakmarkaðan rjett til að gera tillögur um aukning útgjalda ríkisins. Svona er nú sá andi, sem ríkir í þinginu sem stendur. Þetta var alt á annan veg á þinginu 1924, því þá var almennur ótti um það, að tekjurnar mundu reynast langtum ónógar, og sá ótti hafði þau áhrif, að útgjöldunum varð haldið í skefjum að talsverðum mun. Þess vegna hefir reynslan margfaldlega fært mönnum heim sanninn um það, að ef það á að spara á útgjaldahlið frv., verður fyrst að lækka tekjuáætlunina og svo miða útgjöldin þar eftir. Háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) taldi það vera skollaleik og svikamyllu að vera að því að leggja auknar gjaldabyrðar og önnur óþægindi á atvinnuvegina með gengishækkuninni, en ljetta þó um leið af ýmsum sköttum. Öðruvísi mjer áður brá. Jeg held það sje varla hægt að finna dæmi um, að menn hafi farið rösklegar í gegnum sjálfa sig en þessi háttv. þm. (HStef), sem allra manna mest hefir áður kvartað fyrir hönd almennings undan lággenginu fyrir 2 árum síðan og hinum illu afleiðingum þess, er hann nú kemur með svona lagaðar yfirlýsingar um ágalla á gengishækkuninni. Fáir held jeg að hafi háværar heimtað, að ráðin væri bót á lággenginu en þessi hv. þm. (HStef), og hann taldi afskaplega heimsku að láta það eiga sjer stað. Þetta var að því leyti rjett hjá honum, að peningarnir voru látnir falla of langt niður, og var landslögum ekki fylgt í þeim efnum. Það var því rjett, sem háttv. þm. þá sagði, að það var engin heimild í lögum til að láta þetta gengisfall verða svo afskaplegt. En hitt er alveg eins rangt, að kalla það skollaleik og svikamyllu, þegar farið er að kippa þessu í lag aftur.

Því er ekki hægt að neita, að rjetting peninganna í samt lag aftur veldur erfiðleikum á ýmsum sviðum í þjóðfjelaginu, og þessir erfiðleikar koma allmisjafnt niður. Þess vegna er það rjettmætt, að löggjafarvaldið sje notað til að ljetta á þessu misrjetti, sem gengishækkunin hefir í för með sjer, og til þess er skattalöggjöfin best fallin. Þetta hefir og háttv. fjhn. sjeð, enda er það í samræmi við rökrjetta hugsun. Í aðalatriðunum eru það þeir atvinnurekendur, sem framleiðslu og um leið útflutning stunda, sem þessir örðugleikar hvíla þyngst á og bera því skarðastan hlut frá borði. En sá hluti almennings, sem er í þjónustu atvinnufyrirtækjanna og útflytjenda, t. d. verkafólk og annað launað starfsfólk, er hefir lífsuppeldi sitt af framleiðslunni, hefir stundarhagnað af gengishækkuninni. Þess vegna er það rökrjett hugsun að ljetta sköttunum á sjálfum atvinnufyrirtækjunum, og það gæti jafnvel verið rjett að þyngja þá heldur skattana á ýmsum öðrum sviðum. Háttv. fjhn. hefir nú ekki farið fram á að þyngja skatta neinsstaðar, en hún hefir gert till. um að ljetta á þeim þar, sem þeir hvíla þyngst á, t. d. á ýmsum atvinnufyrirtækjum, og er það, eins og jeg sagði áðan, alveg rökrjett athugað.

Hv. þm. Str. (TrÞ) skaut því fram við 1. umr., að enginn vörutollur væri lagður á erlent kjöt, sem flutt væri hjer inn, en þetta er misskilningur. Erlent kjöt er toll-

að samkv. ákvæðum 7. flokks laganna, og er því tollað í hæsta flokki, og auk þess er á því 20% verðtollur. Jeg efast þó ekki um, að það sje rjett, sem hv. þm. (TrÞ) upplýsti, að hjer sje rekin verslun með fryst útlent kjöt, en það sýnir aðeins, hve innlent kjöt er hjer í háu verði, er útlent kjöt getur kept við það á markaðinum með þessum háu tollum, sem á útlenda kjötið eru lagðir. *(TrÞ*: Menn munu brátt sjá, að verðið verður ekki það sama næsta haust hjer). Jú, kjötframleiðendur hjer á landi mega ekki verða óánægðir með sitt hlutskifti, þó að kjötið þeirra sje ekki ávalt í 50% hærra verði en í góðu meðalverslunarári. Það hafa úr ýmsum áttum komið fram umkvartanir yfir því, að verð á innlendum landbúnaðarafurðum væri alt of hátt og standi ekki í neinu skynsamlegu hlutfalli við framleiðslukostnaðinn. Jeg skal ekkert um það segja, hvort bændur endilega þurfa að fá svona hátt verð fyrir þær afurðir sínar, sem þeir selja á innlendum markaði; ef til vill þurfa þeir að fá nokkru hærra verð fyrir þær vegna þess hve erfiðar samgöngurnar eru og torvelt er að koma afurðunum á markað, en verðið er samt furðanlega hátt samkvæmt nýfengnum opinberum upplýsingum um þetta. Jeg skal skýra frá því, að hagstofan hefir reiknað út og gefið mjer skýrslur um verðlag í Reykjavík, og verða þær síðar birtar. Nú er vísitala síðasta verðlags í Reykjavík á öllum vörum, innlendum og útlendum, 266, ef miðað er við, að vísitalan hafi árið 1914 verið 100. Meðalvísitala fyrir verðlag á útlendum vörum er nú í Reykjavík 235, en vísitala fyrir innlendar vörur er 306. Jeg segi því aðeins, að ef bændur finna ástæðu til að kvarta undan lágu verði á vörum sínum, meðan hlutfallið á verði afurða þeirra er 306 gagnvart útlendum vörum 235, þá geta þeir ekki vænst þess, að bætt verði úr raunum þeirra með gengis- eða verðlagsráðstöfunum einum saman. Þeir geta ekki vænst þess, að verðlag verði oftar þeim hagstæðara en það er nú, og það má fullkomlega gera ráð fyrir, að það verði eitthvað óhagstæðara framvegis. Ef bændur vilja láta bæta úr núverandi kringumstæðum þeirra, verða þeir að leita lækningar á öðrum sviðum en þessu og með alt öðrum aðferðum. Meðal þeirra, sem undanfarið hafa, ef svo má segja, fleytt rjómann ofan af vegna gengishækkunarinnar, eru m. a. þeir framleiðendur, sem selt hafa afurðir sínar mestmegnis á innlendum markaði, og eru það aðallega bændur. Það er því fullkominn misskilningur, ef þeir kvarta undan afleiðingum gengishækkunarinnar. Hinu neita jeg ekki, enda er það öllum augljóst, að gengishækkunin hefir valdið ýmislegri röskun og tilfærslum á verðmætum milli borgara þjóðfjelagsins, og um þetta bera og skýrslur hagstofunnar ljósastan vott.

Um brtt. vil jeg aðeins segja það, að jeg hefi að ýmsu leyti samúð með þeim, sem vilja afnema tolla eða lækka þá. Að afnema vörutoll á kornvörum, sem er afarlágur, sýnist mjer ekki vera nauðsynlegt að sinni, og get heldur ekki fallist á, að það sje fremur nauðsynlegt vegna bænda en annara. Að öðru leyti eru ýmsir annmarkar á því að draga vörur alveg undan vörutolli; t. d. er mun erfiðara að fá skýrslur um innflutning á þeim vörum, sem ekki eru tollaðar. Þær koma bæði seint inn og auk þess er miklu erfiðara að fá þær. Lögreglustjórar þurfa ekki að hafa sama eftirlit með innflutningi á tollfrjálsum vörum og það tekur langan tíma áður en hagstofan hefir haft tíma til að ganga í gegnum allar þær farmskrár, sem til þess þarf. Afnám korntollsins er auk þess utan

við grundvallarreglu þá, sem frv. er byg á, og því mun jeg greiða atkvæði á móti brtt. En þrátt fyrir það stend jeg við það, sem jeg hefi sagt, að það er ekki æskileg að þurfa að tolla þesshátta vörur. Aftur á móti mæli jeg eindregið á móti því að afnema alveg tollinn á steinolíu. *(KlJ:* Það er ekki meining okkar). Jæja, þá þarf jeg ekki að segja neitt um þetta, en jeg skildi svo háttv. 1. þm. N.-M. að hann vildi fella niður steinolíutollinn. Jeg vil mæla á móti, að það verði gert, vegna þess að þá verður þar eftir auðveldara að flytja inn ýmsar aðrar skyldar vörur, sem ekki ættu að vera tollfrjálsar, þó að steinolía yrði það; því að lögreglustjórar missa aðstæður til að geta litið eftir þessu, ef steinolían verður tollfrjáls. En það eru t. d. bensín og ýmsar aðrar olíur, sem ekki getur talist rjett að undanþiggja ákvæðum vörutollslaganna.

Um brtt. 437, að lækka kolatollinn aðeins í kr. 1.50, í staðinn fyrir 1 kr. eins og nefndin leggur til, segi jeg það, að þetta er að vísu allgóð lækkun, að lækka hann um helming, en jeg hefi tilhneigingu til að líta á tolla með tilliti til verðs varanna, sem þeir eru lagðir á, og þannig sjeður sker kolatollurinn sig langt út úr öllum öðrum tollum og verður langhæstur af öllum vörutollum, nema ef til vill af ódýrustu leikföngum, móts við verðmæti vörunnar. Til þess að koma honum í samræmi við það, sem annars er um vörutoll, að tollurinn sje frá 2—5% af verði vörunnar, hingað kominnar, þá er það svo, að kolatollurinn hefir sína eðlilegu upphæð, þegar hann er orðinn 1 króna á tonnið. Jeg ætla því að vera með tillögu nefndarinnar óbreyttri.

Þá er loks brtt. frá hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), sem er annars eðlis. Hún er um eina af þessum tilfærslum frá 7. flokki yfir í 2. flokk, sem altaf er verið að gera öðruhvoru. Þessi tilfærsla skiftir ríkissjóð litlu máli, svo að jeg skal ekkert hafa á móti henni. Verði hún hinsvegar samþykt, er þörf á að breyta henni aftur til þess að fá rjettari og nákvæmari heiti en hv. flm. (ÞorlJ) hefir valið. Bæði orðin eru svo óákveðin, að þau geta náð yfir fleira en hv. flm. ætlast til, samkvæmt ummælum sínum.

Halldór Stefánsson: Þó að ekki sje mikil þörf á fyrir mig að taka til máls, þá kann jeg ekki við annað en að kvitta fyrir ummæli hæstv. fjrh. (JÞ) út af ummælum mínum við 1. umr. Hæstv. fjrh. reyndi að fara háðulegum orðum um afstöðu mína í gengismálinu. Jeg þarf ekki að endurtaka ummæli hans, þau eru í svo fersku minni, en það verð jeg að segja, að mjer þykir hæstv. fjrh. venjulega fara betur úr hendi rökfræðin en háð og glettur, og hefði jeg búist við, að hann mundi leggja meira fram af rökum en raun varð á. Ef svo hefir verið, að jeg hafi átt einhvern lítinn þátt í því að stöðva íslensku krónuna í fallinu, þá vil jeg telja mjer það til inntekta, en jeg býst við, að hæstv. fjrh. hafi þar gert of mikið úr minni hlutdeild. Hæstv. fjrh. sagði, að þegar verið sje að kippa þessu í lag, sjái jeg ekki aðra heimsku meiri. Jeg hefi ekki haft fyrir því að rifja nákvæmlega upp ummæli mín í gengismálinu fyr, en jeg hygg, að jeg hafi ekki sagt meira en það, að jeg vildi stöðva krónuna, og hækka hana, ef það reyndist hægt. En nú er dálítill munur á því að kippa í lag eða hvernig það er gert. Hvort það er gert gætilega, eftir því sem ástæður leyfa, eða með stökkbreytingum, sem bygðar eru á augnabliksgeðþótta eins eða annars. Ef það er svo, að hæstv. fjármálaráðherra vilji hæla sjer af

því, hvernig gengishækkunin var framkvæmd á síðasta ári, er honum það síst of gott, og það því síður, sem vitanlegt er, að það var þvert ofan í vilja síðasta þings, þar sem þingið lagði áherslu á hægfara hækkun krónunnar, beint í mótsetningu við hraðfara hækkun.

Svo að lokum lýsti hæstv. fjrh. sjálfur mjög greinilega, hvernig þessi skollaleikur er leikinn, sem sje á þann einfalda hátt, að ljetta á einum aðilja þjóðfjelagsins og þyngja um leið á öðrum, af því að með gengispólitík síðasta árs var of mikil byrði lögð á atvinnuvegina, undirstöðu þjóðlífsins. Það kalla jeg að höggva þar, sem hlífa skyldi.

Viðvíkjandi ummælum hæstv. fjrh. um einstakar tillögur hefi jeg ekki ástæðu til að kvarta, þó að við sjeum ekki þar á sama máli. Hæstv. fjrh. talaði mjög höglega um þau atriði málsins.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg ætla aðeins að segja örfá orð út af ummælum hæstv. fjrh. Mjer dettur ekki í hug að efast um, að sú skýrsla, sem hann vitnaði í, sje rjett hermd af honum. Jeg tek það alveg trúanlegt, en engu að síður raskar það ekki því, sem jeg hefi sagt um aðstöðu atvinnuveganna í þessu landi. Því miður mun það nú vera þannig, að við erum ekki orðnir samkepnisfærir, samanborið við aðrar þjóðir. Vegna til gífurlega tilkostnaðar hjá okkur, geta erlendar þjóðir selt afurðir sínar fyrir minna verð en við getum. Þetta mun vera hinn sorglegi sannleikur í þessu máli. En til frekari skýringar á ummælum mínum við 1. umr. skal jeg víkja nánar að því, hvernig verðlagið er á helstu landbúnaðarafurðum, samanborið við það, sem var fyrir stríð, og að helsta tilkostnaðinum. Jeg miða við verðlag að hausti til og telsts svo til, að gjöt hafi hækkað um 233%. Jeg ábyrgist ekki, að þetta sje rjett upp á eyri, því að jeg man ekki upp á eyri verð á kjötpundinu fyrir stríð, en jeg miða bara við 1. flokks kjöt. Smjörverðið hefir hækkað um hjer um bil 125%. Þessi tala er ekki alveg nákvæm, því að verðlag yfirleitt á þeirri vörutegund er mjög mismunandi, bæði fyr og nú, og kann hún að eiga að vera nokkru hærri. Þó er skekkjan ekki svo mikil, að það skifti nokkru máli. Ullarverð er litlu hærra nú heldur en fyrir stríð. Jeg veit ekki hvort búið er að gera upp þá reikninga fyrir síðastliðið ár og treysti mjer því ekki til að segja nákvæmlega, hve miklu hækkunin nemur; en það er afarlítið.

Þetta eru helstu framleiðsluvörur bænda, og sje tekið meðaltal af þeim, sem að vísu er ekki beinlínis rjettur mælikvarði, er það langt fyrir neðan það verðlag, sem hæstv. fjrh. nefndi. Jeg hugsa, að hagstofan hafi miðað við verðlag nú eftir áramót, en það getur ekki staðist til samanburðar við það, sem var fyrir stríð. Vitaskuld má kjötverðið sín mest í inntektum bænda, og þar næst ullarverðið. Smjörframleiðslan nemur sjaldnast nokkru verulegu. Ef til vill er í þessum útreikningi hagstofunnar innifalin húsavinna. *(Fjrh. JÞ:* Nei, þá er jeg þess fullviss, að miðað er við verðlag eftir áramót, en kjötverð er þá miklu hærra en að haustinu til, og kemur ekki bændunum við.

Þá ætla jeg að drepa á tilkostnaðinn hjá bændum, og er þá fyrst að minnast á verkalaunin. Fyrir stríð voru víðast hvar árshjú. Það er svo á nokkrum stöðum enn, en þá er oftast um að ræða venslahjú eða þá gamalt fólk. Víðast hvar er því ekki nema um kaupafólk að ræða, og þau skifti eru þungar búsifjar fyrir bændurna, því að vinnan er nú margfalt

dýrari en áður var. Að minsta kosti um sláttinn er kaupið 330% hærra en það var fyrir stríð. Þetta atriði snertir auðvitað miklu meira fólk til sveita en við sjóinn. Jeg get ekki sjeð, að þetta geti staðið til langframa. Tilkostnaðurinn hlýtur að lækka. Til þess að atvinnuvegir okkar geti borið sig, er óhjákvæmilegt, að tilkostnaðurinn lækki innanlands. Það er svo í flestum kauptúnum landsins, að mjög er dýrt að lifa, svo að verkafólk þarf að fá mikið kaup. Þetta á þó einkum við um húsaleiguna. Hún er óhæfilega há, einkum hjer í Reykjavík, og sýnist hafa ætlað að sliga atvinnuvegina bæði til lands og sjávar, og áhrif Reykjavíkur í þessu efni verka á land alt.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Jeg hefði við 1. umr. gjarnan kosið, að þannig væri ástatt, að ekki hefði þurft að koma fram þessi tillaga. En það eru svo ríkar ástæður til þess að veita skattaívilnun, að það er ekki hægt að vera á móti því. Helst hefði jeg samt kosið að meiga greiða atkvæði gegn tillögunni, til að sjá fjárhag ríkisins borgið og hafa nóg fje til nauðsynlegra framkvæmda, en svo mikilvægt sem það er að sjá á hverjum tíma fjárhag landsins borgið, er þó enn þýðingarmeira, að gert sje það, sem hægt er, til þess að atvinnuvegir landsins geti þrifist, og fyrir þá sök eina greiði jeg atkvæði með tillögunni.

Frsm. (Björn Lindal): Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði skýrt og skorinort, að hann gæti ekki verið með þessari tillögu og ber því við, sem jeg vissi áður, að þessi atvinnugrein væri ekki landinu til þrifa. Mjer er kunnugt um, að hann lítur ekki síldarútveginn hýru auga, og jeg veit, að það er sakir þess, að hann er skæður keppinautur landbúnaðarins um verkafólk um heyskapartímann. En jeg þori að fullyrða, að landbúnaðurinn getur ekki veitt atvinnu helmingi þess fólks, er síldarútveginn stundar. Jeg hygg, að honum sje ekki ljóst, að á þetta mál verður að líta frá alþjóðarsjónarmiði. Það er alveg áreiðanlegt, að þrengja mundi að þjóðarbúskapnum, ef engin væri síldin, og þarf ekki annað en að benda á það, að árlega eru borgaðar hjer um bil 4 miljónir króna í verkalaun við síldveiðar og síldarvinnu. Jeg fæ ekki skilið, hvernig þjóð, sem telur tæplega 100 þús manna, getur verið án slíks atvinnuvegar. Það er vitanlegt, að á þeim tíma, sem síld veiðist, er erfitt að stunda annan veiðiskap. Árið 1924 var hrein undantekning frá þessu, þegar ný fiskimið fundust á „Halanum" svokallaða, sem því miður reyndust nokkuð endaslepp. Hv. þm. (HStef) gat þess, að betra skipulag á sölu mundi bæta meira úr en linun á sköttum. Jeg vil benda honum á, að hvað gott skipulag, sem er á sölunni, bætir það ekki úr nema varan sje samkepnisfær. Það er eitt höfuðmein síldarútvegsins, að hann er eltur svo með gjöldum, að síldin verður ekki samkepnisfær á hinum erlenda markaði hvað verðið snertir. Á þessu verður engin bót ráðin, nema gætt sje hófs í álögum og kaupkröfum.

Þá ætla jeg að svara hv. þm. Str. (TrÞ) örfáum orðum. Hann þóttist undrast það mjög, að jeg teldi, að fórnað hefði verið miklu af hálfu sjávarútvegsins vegna norska samningsins. Jeg skal játa, að þegar jeg átti minn litla þátt í þessum samningi, bjóst jeg ekki við, að að því yrðu jafnmikil brögð og reynslan hefir sýnt. Því hefir verið haldið fram af Íhaldsflokksins hálfu, að Framsóknarflokkurinn vildi fórna meiru en fórnað var, og það

er líka óhrekjanlegur sannleikur. En það hefir orðið meira en gert var ráð fyrir af hálfu okkar íhaldsmanna, því að þetta mál var þannig í pottinn búið, að erfitt er að komast undan því að láta Norðmenn hafa meiri hagnað af þessum samningi en til var ætlast í fyrstu, íslenskum síldarútveg til stórtjóns.

Hv. þm. (TrÞ) mintist á ½% aukagjaldið, sem lagt var á í fyrra. Jeg gerði ekki mikið úr þeirri fórn, en það var þó fyrst og fremst ætlað landbúnaðinum til hjálpar. En hv. þm. gleymdi að geta framlagsins til kæliskips. Þeim 350 þúsundum er fórnað í þágu landbúnaðarins. En það er fórnað meiru en þessu, og það vitum við, sem eigum eitthvað í Eimskipafjelagi Íslands. Þetta er mjög þýðingarmikið spor fyrir framtíðarrekstur Eimskipafjelagsins. Tel jeg nú alla von úti um það, að hlutabrjef fjelagsins gefi nokkurn arð fyrst um sinn, því að jeg geri ráð fyrir stórtapi árlega á rekstri kæliskipsins. Þó mundi jeg ekki fárast út af því, ef það gæti komið landbúnaðinum að nokkru gagni. Hv. þm. Str. vill svo, ofan á alt annað, láta skip ríkisins flytja inn áburð fyrir ekkert. Hver á svo að borga það? Hafi jeg verið einhliða í þarfir sjávarútvegsins, þá er hv. þm. Str. einhliða í þarfir landbúnaðarins.

Að lokum vil jeg þakka hæstv. fjrh. (JÞ) fyrir undirtektir hans við frv.

Klemens Jónsson: Það er alls ekki meining mín með brtt. á þskj. 434 að leggja til, að steinolíutollurinn verði alveg afnuminn. Nú vildi jeg afnema korntollinn og áleit rjett að gera það á sama hátt og hv. nefnd hafði gert með sinni brtt. Mín brtt. er alveg samskonar og á þskj. 443, en meiningin er, að hvor brtt., sem samþykt verður, þá kemur nýr e.-liður.

Jeg hefi tekið eftir því, að hæstv. atvrh. og fleiri hafa misskilið mig í þessu efni, en jeg mun bera fram skriflega brtt., svo að þetta verði ekki misskilið.

Mjer fanst hæstv. fjrh. hafa hlýleg orð við 1. umr. um hugmyndina að fella niður kornvörutollinn, en hann kvaðst þó ekki geta verið með till., þar sem hún stæði ekki í sambandi við till. fjhn. En hvortveggja er breyting á sömu lögum og borin fram af tveimur fjárhagsnefndarmönnum, og þess vegna sá jeg ekki ástæðu til þess að koma fram með nýtt frv. um þetta eina atriði.

Fjármálaráðherra (JÞ): Afstaða mín markast af því, að jeg fylgi fjhn.

Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) vil jeg veita viðurkenningu fyrir það, að hann sagðist hafa viljað hækka krónuna, en þótti hún þó hafa tekið of stórt stökk síðastl. haust. En úr því að þessi hv. þm. vill hækka krónuna, þá má ekki nota þau ummæli, að það sje svikamylla að gera þær ráðstafanir í skattalöggjöfinni, er nauðsynlegar eru vegna gengisbreytinga — hvort sem þær eru snöggar eða ekki.

Jeg ætla ekki að fara neitt út í útreikninga hv. 2. þm. Árn. (JörB), en það er of mikil svartsýni að ætla það, að við sjeum ekki samkepnisfærir við aðrar þjóðir. Jeg held einmitt, að við stöndum mjög vel að vígi vegna þeirra miklu náttúrugæða, sem hjer eru í samanburði við fólksfjölda. Jeg veit ekki, hvort honum er kunnugt, að nú er hægt að fá nóg verkafólk hjer í bænum fyrir 1 kr. um kl.tímann. Þetta sýnir, að veruleg lækkun er orðin. Það er aðeins húsaleigan hjer í bænum, sem alt ætlar að sliga. En mjer kæmi ekki á óvart, hvað sem húsaleigulögum líður, að eftir svo sem tvö ár verði húseigendur að leita að leigjendum, en ekki öfugt.

Forseti (PO): Fram er komin skrifleg brtt. frá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), en til þess að hún geti komið til atkvæða, þarf tvenn afbrigði frá þingsköpum.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 447) leyfð og samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 434 samþ. með 14:3 atkv.

— 443 samþ. með 13:9 atkv.

— 437 feld með 13:8 atkv.

— 447 samþ. með 18 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 15:3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:4 atkv.

Á 66. fundi í Nd., föstudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 448, 455, 456).

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg á hjer 3 brtt. á þskj. 455, sem engin er efnisbreyting á frv., en allar saman einungis til lagfæringar. Fyrsta till. er að setja sóda í 1. flokk. Aðeins leiðrjetting á prentvillu, sem því miður komst inn í lögin fyrst þegar þau voru prentuð. Þá fjell sódi út úr 1. flokki. Þetta hefir verið skoðað sem villa í lögunum, inn komin af vangá, og hefir verið fyrirskipað af fjármálaráðuneytinu að innheimta vörutoll af sóda eftir 1. flokki. Svo að þetta er engin breyting frá því, sem nú er.

Rafmagnsvjelar er óákveðið hugtak. Ýmsir kalla rafmagnsvjelar þær vinnuvjelar, sem hafa rafmagnsmótor. En það er meining hv. þm., sem flytur till. um að setja rafmagnsvjelar í 2. flokk, að það sjeu þær vjelar, sem framleiða rafmagn, vatnshreyfivjelar (vatnstúrbínur) og aðrar tilheyrandi vjelar. Önnur vatnsvirkjunartæki þarf ekki að telja, því að þau eru þegar í 2. flokki.

3. brtt. fer fram á að heimila, að um leið og lögin verða prentuð og gefin út í heild, verði raðað eftir stafrófsröð þessum upptalningum í 1. og 2. lið. Það er dálítið óþægilegt að nota þau eins og þetta er nú, þar sem orðaröðin er öll komin á tvístring. Því að þessir liðir hafa í raun og veru orðið fyrir mörgum breytingum frá því, sem þeir fyrst voru. Og þess var ekki gætt að setja breytingarnar inn í rjettri stafrófsröð.

Ásgeir Ásgeirsson: Við tveir fjárhagsnefndarmenn höfum borið fram brtt., sem standa í sambandi við fyrirvara okkar í nál. Það er um að fella niður úr frv. undanþáguna frá tolli á síldartunnum og kjöttunnum, og eins að lækka kolatollinn ekki eins mikið og í frv. er til ætlast.

Það er um fyrstu till. að segja, að við álítum, að það beri að hjálpa síldveiðinni á annan hátt, svo að meira muni um, sem sje með því skipulagi, sem komin er fram till. um í hv. deild. Þessi tollur á síldartunnum er mjög lítill hluti af gróðavoninni eða áhættunni; og það mun vera viðurkent, að áhættuatvinnuvegunum beri að hafa öllu þyngri tolla og skatta en hinir atvinnuvegirnir, sem eru fastari og jafnari og því hollari þjóðarbúskapnum í heild. Sem sagt, við teljum, að burtfelling tunnutollsins muni ekki hafa það mikla þýðingu fyrir síldarútgerðina, að hægt eða vert sje að fara þessa leið útgerðinni til viðreisnar. Hinsvegar erum við fúsir til að ljá lið okkar til þess að gera alt, sem stendur í valdi löggjafarvaldsins, til þess

að koma á nýju skipulagi, sem tryggði þennan atvinnuveg betur en hingað til.

Um kolatollinn viðurkennum við, að gott væri að geta lækkað hann um helming, eins og farið er fram á í frv. En okkur finst hinsvegar, að fjárhæðin sje þar fullhá, þegar tillit er tekið til þess, hvernig fjárlögin fyrir 1927 líta nú út, og það er ekkert útlit fyrir, að útgjaldahlið þeirra lækki að neinum verulegum mun. Andstaða okkar gegn því að færa svo mjög niður kolatollinn er því sprottin af löngun til þess að fjárlögin 1927 líti sem best út eftir því sem komið er.

Á þessar tvær till. leggjum við mesta áherslu, því að þar er um tvær aðalfjárhæðirnar að ræða í þessu frv. Og verði þessar till. okkar feldar báðar, þá mun tvísýnt um fylgi okkar við frv., þar sem hinir liðirnir eru tiltölulega smærri og ómerkilegri.

Frsm. (Björn Lindal): Jeg verð að segja, að mjer sárnaði meira en að jeg undraðist, þegar jeg sá brtt. á þskj. 456, sjerstaklega vegna hv. 1. flm. Jeg hafði þá trú, að hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) þekti meira til útgerðar og fiskiveiða hjer á landi heldur en hv. 2. flm. (HStef). Við höfðum vitanlega talað um þetta í nefndinni, og jeg hjelt, að hv. þm. V.-Ísf. ætti að vera kunnug ástæðan, sem þá var færð fyrir því að leggja til, að þessi tollur sjerstaklega yrði með öllu afnuminn. Ástæðan er sú, að þessi vara ber margfalt þyngra útflutningsgjald en nokkur önnur íslensk vara; svo hóflauslega hátt, að óhætt er að segja, að það sje að minsta kosti 6% af framleiðslukostnaði. Það getur komið fyrir, að það verði meira að segja 20% af því verði, sem fæst fyrir hana.

Að búa við slíka löggjöf, það er erfitt. Sjerstaklega finst mjer það koma úr hörðustu átt, ef bændur á þingi ætla að fara að leggjast á móti þessari lækkun, þar sem þeir ættu að vita allra manna best, að þessi atvinnugrein hefir fórnað langmestu fyrir þeirra hagsmuni. Það var aldrei nógsamlega metið og viðurkent, hversu miklu síldarútvegurinn fórnaði fyrir kjöttollssamninginn. Mjer sárnar það, að á Alþingi skuli sitja menn, sem eru svo þröngsýnir, að þeir skilji ekki þá sjálfsögðu sanngirniskröfu, að hjer beri að rjetta ofurlitla hjálparhönd.

Það er vitanlega hægt að fara aðra leið, að koma með frv. um lækkun á útflutningsgjaldi. Við töldum þessa leið heppilegri og fyrirhafnarminni, því að alt kemur í sama stað niður, hvort lækkað er útflutningsgjald á síld um tilsvarandi upphæð eða tunnutollurinn afnuminn. En þetta er handhægra að þessu sinni, af því að fyrir liggur frv. um breytingu á vörutollslögunum; en sjerstakt frv. hefði þurft að flytja um útflutningsgjald á síld.

Hv. þm. hjelt því fram, að minni þörf væri á þessu vegna þess að til stæði heppilegra skipulag á síldarsölu en áður. Það er mín skoðun, og jeg hygg allra manna, sem yfirleitt hafa við verslun fengist, að ekkert skipulag dugar, ef varan er ekki samkepnisfær hvað verðið snertir. Og það er það, sem hjer er um að ræða. Okkar framleiðsla er gerð svo dýr með þeim álögum, sem bæði ríkið og sveitar- og bæjarstjórnir leggja á hana, að hún er ekki samkepnisfær við þá síld, sem Norðmenn fiska hjer við land. Stundum eru jafnvel teknar sumstaðar alt að 3 kr. af hverri saltaðri tunnu til opinberra þarfa.

Jeg vona, að hv. deild skilji, hvað hjer er á ferð, að hjer er um mjög sanngjarna till. að ræða. Jeg beini sjerstaklega máli

mínu til bænda í þessum sal og bið þá athuga vel og vandlega, hvað gert var á þinginu 1924 fyrir þá og þeirra hagsmuni.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi greitt atkv. móti þessu frv. bæði við 1. og 2. umr. En jeg hefi ekki enn þá getið þess, hvers vegna jeg hefi gert það. Það mun þó rjett að gera áður en kemur að síðustu atkvgr. Jeg álít í raun og veru ekki þessa ívilnun skatta svo mikilvæga, að það beri að leggja sjerstakt kapp á að koma henni fram, og það því síður, sem líkur eru til, að fjárlögin verði aldrei afgreidd frá þessu þingi tekjuhallalaus. Jeg tel sem sje ekki endilega nauðsynlegt að láta báðar vogaskálarnar vera hnífjafnar, og skaðlaust, þótt svo færi, að einhver tekjuafgangur yrði. Það er þó ekki svo mjög fyrir þessa skuld, að jeg legg á móti frv., heldur einnig af því, að mjer finst þessi ívilnun koma mjög misjafnlega niður. Hún er nærri einungis ívilnun fyrir sjávarútveginn, eða sjerstaka grein hans. Þó að feldur verði niður vörutollur af korni, sem vitanlega snertir alla landsmenn, þá er það svo örlítill hluti af neyslukostnaðinum, að það skiftir hreint engu máli. 45—50 þús. kr., skift niður á alla landsmenn, er ekki það, sem neinu munar einstaklinginn. En það er ekki nóg með það, að þessi skattaívilnun komi sjerstaklega niður á ákveðnum stjettum þjóðfjelagsins. Hún kemur líka mjög misjafnlega niður á þeim vörutegundum, sem á að færa niður vörutoll á. Jeg verð að segja, að mjer finst ekki tilhlýðilegt að færa niður kolatollinn um ⅔, þegar salttollurinn er ekki færður niðum nema um ⅓. Jeg held líka, að þegar borið er saman verð þessara vörutegunda eins og það hefir verið síðustu mánuðina, að þá hljóti að vera nokkuð nærri rjettu að færa vörutollinn á kolum og salti niður að sömu hlutföllum, eða hvorn fyrir sig um ⅓.

Jeg skal láta þess getið, að jeg myndi miklu fremur geta sætt mig við frv., ef samþ. yrði brtt. á þskj. 456 um hærri kolatoll. Með því móti þokast hlutföllin meira að því, sem mjer finst sanngjarnlegt vera. Yfirleitt lít jeg ekki á þessa tollívilnun sem neina rjettarbót eða verulega linun um skattgreiðslu; því að meðan skattar ríkissjóðs nema um 100 kr. á hvert mannsbarn þjóðarinnar að meðaltali, — þegar miðað er við 10 milj. ríkissjóðstekjur, — þá munar ekki geysimikið um niðurfærslu á þessum vörutegundum, sem hjer er um að ræða, eða 400—500 þús. kr. Það má segja, að þessar 4—5 kr., sem ljett er af fyrir mann hvern, eða 4—5% af öllu gjaldinu, sje ekki það, sem afkoman veltur á, þegar ekki er þá meiri jöfnuður á þessu en í frv. og ekki hægt að færa gjöldin að meiri mun niður.

Jeg verð að segja það, að jeg sem skattgjaldandi, — og jeg hefi lengi verið það — óska ekki eftir þessari ívilnun og kysi fremur, að gjaldið stæði óbreytt enn um sinn.

Þessi orð vildi jeg láta fylgja frv.; því að líklega get jeg ekki greitt því atkv. fremur en áður.

Jón Baldvinsson: Við 2. umr. urðu talsverðar almennar umræður um frv. og skattalöggjöfina yfirleitt. Jeg skal játa, að jeg undraðist að heyra rök hæstv. fjrh. (JÞ) og hv. frsm. (BL) fyrir þessari ívilnun í sköttum. Það hefir sem sje komið í ljós hjá þeim báðum, að þeir litu svo á, að komið gæti til mála að þyngja annars skatta á almenningi þegar á næsta ári, jafnvel fyrir þessa ívilnun, sem er sjerstaklega fyrir sjávarútveginn. Ummæli hæstv. ráðherra bentu í þessa átt, þegar

hann talaði um gengismálið og afleiðingar þess fyrir atvinnuvegina. Hann talaði þannig, að komið gæti til mála að flytja skattabyrðar yfir á þá, sem hafa hagnað af gengisbreytingunni.

Í sömu átt talaði hv. frsm. fjhn. Hann sagðist jafnvel geta verið með nýjum tollaálögum á næsta þingi. Er það þá greinilegt, að þessi ívilnun, sem er aðallega einum atvinnuvegi til gagns, verður til þess, að almenna tolla verður að hækka á næsta þingi.

Þetta hefir sett mig í vanda um það, hvort jeg ætti að fylgja frv. eða ekki. Jeg skal játa, að það er kolatollurinn, sem er sanngjarnt að fella alveg niður. Af stefnuástæðum þætti mjer einnig rjett, að tollur af kornvöru fjelli alveg niður. En eins og rjettilega hefir verið bent á, er þetta ekki mikill hluti af heildinni, þótt ekki stærri skattur en kornvörutollurinn fjelli niður, og mundi skamt draga að minka dýrtíðina í landinu.

Sje svo, að hæstv. fjrh. og hv. frsm. ætlist til þess, að á næsta þingi ætti að koma með nýjar álögur í stað þess, sem nú er ljett af þessum atvinnuvegi, þá tel jeg betra að fresta að samþykkja þær ívilnanir, sem hjer er farið fram á.

Mjer hefði þótt vænt um að heyra frá hæstv. ráðh. og hv. frsm., hvort þetta væri þannig hugsað, að það sje fyrirhugað að þyngja tolla á almenningi vegna þessarar ívilnunar handa útveginum. Vil jeg biðja þá að svara þessu. Við þessa umræðu var rætt töluvert um kaupgjald og hæstv. fjrh. lýsti því yfir, að það mætti fá verkafólk til húsabygginga fyrir 1 krónu á klukkutímann. Jeg mótmælti þessu ekki þá, af því að jeg var því ekki viðbúinn. En síðan hefi jeg spurt mig fyrir um þetta, og hefir enginn, sem jeg hefi talað við, heyrt neitt um það. Það kann auðvitað að vera, að einhverjir menn, sem ekki eru fullvinnufærir, fáist fyrir þetta kaup, en þeir eru auðvitað hreinar undantekningar. Þetta fanst mjer rjett að leiðrjetta hjá hæstv. fjrh., án þess þó, að það skifti neinu verulegu máli.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. frsm. (BL) varð ekki hissa á tillögu okkar hv. 1. þm. N.-M. (HStef), enda var ekki við því að búast, þar sem við höfðum talað skýrt um þetta í nefndinni. Hinsvegar skildist mjer á hv. frsm., að afkoma síldarútvegsins væri undir þessari ívilnun komin, en það fær hv. þm. ekki talið mjer trú um. Þegar ekki er meira en 32 aurar tollurinn á hverri tunnu, getur þetta ekki verið rjett. Það er satt, að það getur ekkert skipulag bjargað, ef varan er ekki samkepnisfær, en nú er það svo, að við höfum ýms góð skilyrði fram yfir aðrar þjóðir. Við höfum fullkomin afnot af landinu sjálfu, og nú er einmitt verið að gera ráðstafanir til að draga úr þeirri leppmensku, sem átt hefir sjer stað undanfarin ár, og auka landhelgisgæsluna. Jeg hygg, að sú sjerstaða sje mun meira virði en að sleppa við að borga þessa 32 aura á tunnu. Jeg þarf vart að endurtaka það, enda mótmælti hv. frsm. því ekki, að áhættusömu atvinnuvegirnir verða að bera þyngri skatt en hinir. Að taka hundraðstölu af verði síldarinnar er ónákvæmt, af því að verðið er svo stopult. Tollurinn er ekki tilfinnanlegur, þegar verðið er gott. Þá talaði hv. frsm. um, að við hefðum sært sig, og finst mjer það leitt, en þá er okkur skylt að reyna að hugga hann, og vona jeg, að það hafi tekist með þessum fáu huggunarorðum.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af spurningu hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hefi jeg

engu við að bæta þau ummæli, sem jeg hefi áður haft um þetta frv. og þær afleiðingar, sem það kynni að hafa. Þó vil jeg taka það fram, að það er ekki rjett að segja, að það sje tilætlun mín, að á næsta þingi verði tekjuskerðing unnin upp með nýjum álögum. En jeg hefi bent á, að ef þær breytingar verða á tekjum ríkissjóðs vegna þeirra erfiðleika, sem landsmenn eiga við að stríða á atvinnusviðinu, að sjáanlegt þyki, að þær muni ekki nægja, mun jeg telja mjer skylt að bera fram tillögu til þess að bæta úr því. En jeg geri mjer nú vonir um, að til þess þurfi ekki að koma.

Hákon Kristófersson: Jeg vildi aðeins lýsa yfir því, að jeg man ekki eftir þessum miklu fórnum vegna landbúnaðarins í sambandi við kjöttollssamninginn norska, sem hv. frsm. (BL) var að tala um. Jeg man eftir lítilsháttar ívilnunum fram yfir það, sem þá var, en ekki vil jeg láta því ómótmælt, að hjer hafi verið um miklar fórnir að ræða frá síldarútvegsins hálfu. Jeg vil síst spilla fyrir sjávarútveginum, en jeg vildi ekki leiða hjá mjer að mótmæla þessu. Engu að síður væri það ekki úr vegi, að hv. þm. (BL) vildi upplýsa, í hverju þessar miklu fórnir voru fólgnar.

Ólafur Thors: Það undrar mig mjög, að frv. þetta skuli sæta slíkri mótspyrnu hjer, sem raun er á orðin. Því verður ekki með sanngirni neitað, að það er af mörgum ástæðum sjálfsagt að samþykkja frv. Það er sanngjarnt og rjettlátt að ljetta skattabyrðinni af sjávarútveginum, í fyrsta lagi af því, að sá atvinnuvegur hefir til þessa borið þyngstu byrðarnar, í öðru lagi af því, að í bili á hann við meiri örðugleika að stríða en aðrir atvinnuvegir landsins, og í þriðja lagi af því, að einmitt á þessum vörutegundum, sem hjer er um að ræða, er sjerstök ástæða til að lækka tollinn, vegna þess, að á þeim er aðflutningstollur óhæfilega hár. Hæstv. fjrh. gat um það við fyrri umr. þessa máls, að kolatollurinn næði verulegri hundraðstölu af andvirði vörunnar í erlendum höfnum. Jeg hygg, að sá tollur nemi því nær 15% af andvirði vörunnar. Svipað er þetta um salttollinn, enda er skatt-„skalinn" miðaður við dýrtíðina á stríðsárunum. Þá gat þetta verið bærilegt, af því að ekki skifti máli, hvort kolin voru 2—3 kr. dýrari eða ódýrari hvert tonn, þegar verðið á tonninu nam hundruðum króna. Um síldartunnutollinn er það að segja, að hann nemur 8%, en auk þess er sú vara, sem í tunnunum er, tolluð svo gífurlega, að einsdæmi er. Tollur á útfluttri síld nemur stundum 10—15%, og er þetta því ósanngjarnara, sem útflutningstollur af öðrum vörum er einungis 1½% af andvirði vörunnar. Það sýnast því öll rök mæla með því, að frv. verði samþykt. Jeg vil leiða athygli manna að því, að enda þótt tilslökun á kolatollinum falli mest í skaut sjávarútveginum, njóta aðrir góðs af, eins og t. d. allir kaupstaðarbúar, sem nota kol. Og í raun og veru er hjer um hagsmuni allra landsmanna að ræða, að því leyti sem flutningsgjöld skipa hljóta að lækka um leið og kolin falla í verði. Sú upphæð, sem talað er um í nál. fjhn., dreifist á alla landsmenn, en það skal játað, að aðalupphæðin, 400—500 þús. kr., eða verulegur hluti hennar, fellur í skaut sjávarútveginum.

Út af orðum hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vil jeg geta þess, að mjer þætti fróðlegt að vita, hvort það ljeti ekki nærri, að rjett sje hlutfallið milli tilslökunar þeirrar, sem landbændur fá, og þeirrar, sem sjávarbændur fá, miðað við það, sem hver og

einn greiðir í ríkissjóð. Þetta hefi jeg ekki rannsakað til hlítar, en jeg hygg, að þar skakki ekki miklu.

Jeg þykist nú hafa sýnt fram á, að það er órjettlátt, þegar sumir hv. þm., eins og t. d. hv. 1. þm. N.-M. (HStef), eru að halda því fram, að hjer sje verið að ljetta af sjávarútveginum rjettmætum sköttum. Þessum hv. þm. þótti of lítið tillit vera tekið til neytenda, en það er nú svo í svipinn, að það eru framleiðendurnir, sem við mesta erfiðleika eiga að stríða. Neytendurnir hafa notið góðs af hækkun hinnar íslensku krónu.

Þá vil jeg nota þetta tækifæri til þess að víkja að hv. 2. þm. Árn. (JörB) nokkrum orðum. Jeg sje, að sá hv. þm. er ekki í deildinni, og vil jeg því biðja hv. 1. þm. Árn. (MT) að bera honum kveðju mína. — Jeg sje, að hv. þm. (JörB) kemur nú, og vil jeg þá fyrst geta þess, að jeg get ekki látið ómótmælt ýmsum ummælum hans við 1. umr. þessa máls.

Hv. þm. (JörB) hóf mál sitt með því að margítreka, hversu óljúft sjer væri að tala. Hann minti mig á mann, sem einu sinni kom heim til mín. Jeg bauð honum glas af víni. Hann vildi í fyrstu ómögulega þiggja það, en þó fór svo að lokum, að hann drakk upp úr flöskunni og varð þjettkendur. Hv. 2. þm. Árn. tók til máls og talaði með sívaxandi ánægju yfir sjálfum sjer um alla heima og geima. Hann beindi orðum sínum til útgerðarmanna og varð einkum tíðrætt um hina „óhóflegu og óhyggilegu aukningu togaraflotans.“ Hann sagði ennfremur, að vegna þessa væri sjer óljúft að greiða atkvæði með frv. Hann vill með öðrum orðum hegna útgerðarmönnum fyrir þeirra óhygni, því að sje litið á ríkissjóðinn, er síst ástæða fyrir hv. þm. að fjargviðrast yfir aukningu togaraflotans, þar sem ríkissjóður hefir með henni bætta aðstöðu og auknar tekjur.

Annars vil jeg segja það um aukninguna, að á vertíðinni 1922 voru 30 íslensk skip. Nú eru þau 39, en aðeins 4 nýir togarar eru í eigu þeirra manna, sem þá áttu togara. Hv. þm. vill máske segja okkur, hversu mikið hann hefir aukið bústofn sinn síðan 1922, og síðan gætum við borið það saman við aukningu togaraflotans. Einnig beindi hv. þm. því til okkar útgerðarmannanna hjer, að sjá um, að slíkt kæmi ekki fyrir aftur. En það er ekki á okkar valdi að afstýra því, að menn leggi fje sitt í útgerðarfyrirtæki. Jeg vil ráðleggja hv. 2. þm. Árn. að taka málið í sínar hendur, en það er grunur minn, að ef annað eins ár og 1924 kæmi aftur, mundi hann ekki fá mikið að gert í því að aftra mönnum frá að leggja fje sitt í fyrirtæki, er að sjávarútvegi lýtur.

Jörundur Brynjólfsson: „Jeg er nú svo gamall, sem á grönum má sjá, átján barna faðir í álfheimum, og hefi jeg aldrei sjeð svo langan gaur í svo lítilli grýtu.“ Þessi hv. þm. (ÓTh), sem síðast talaði, þóttist hafa margt og mikið að athuga við orð mín við 1. umr. Nú þykist hann hafa lokið skylduverki sínu, og skal jeg ekki lasta hann fyrir það, en satt að segja bjóst jeg við því af þessum hv. þm., þótt ungur sje og sennilega ekki svo ákaflega kunnugur þingtíðindunum, að hann talaði af meiri varúð um þau atriði, sem hjer hafa borið á góma, en raun er á orðin. Jeg bjóst við, að hv. þm. hefði grundað þetta málefni vel og vandlega, því að af þeim kynnum, sem jeg hafði af hv. þm. á fyrri árum, hjelt jeg, að hann mundi verða fyrst og fremst gætinn maður. Jeg hjelt því, að

hann hefði melt betur það, sem jeg bar á borð fyrir hann. Það er ekki til neins fyrir háttv. þm. að ætla sjer að standa upp og staðhæfa, að allir útgerðarmenn hafi farið að með forsjá. Jeg get viðurkent, að hjer er hægra um að tala en í að komast, og skilið þann framfarahug manna að vilja láta eitthvað eftir sig liggja. Svo er fyrir að þakka, að þeir, sem eru atorkusamastir, hugsa meira um framkvæmdarsemina og framfarirnar en arðinn, sem þeir kynnu að fá í aðra hönd. Jeg get því skilið þá útgerðarmenn, sem er það tamara að leggja út í aukningu útgerðarinnar en að láta peningana í kassann. Það er erfitt að koma tryggingarráðstöfunum við, þar sem þeir hugsa meira um framkvæmdir en það, að tryggja sig fjárhagslega. Þegar jeg talaði síðast, hefir hv. þm. líklega misskilið mig og þá skoðun, sem hann hefir nú álasað svo mjög. Jeg þarf ekki annað en að skírskota til orða minna nú við 1. umr. þessa máls og á síðasta þingi um þessi mál. Hv. þm. hefði ekki þurft annað en lesa þau, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, því að þar er ekki sagt eitt einasta hnjóðsyrði í garð útgerðarmanna. Jeg drap á afleiðingar undanfarinna ára og ástandið eins og það er nú máli mínu til stuðnings, og fullyrði jeg, að þar var rjett með farið.

Þegar kappið var sem mest og arðsvonin, var fólki boðið við síldarvinnu 10—12 kr. um klst. hverja. Þetta varð til þess að koma hinu mesta róti á alt atvinnulíf landsins. Og ef hv. þm. (ÓTh) vill athuga afleiðingarnar af þessu, býst jeg við, að hann verði mjer sammála um, að þetta hefir orðið til stórhnekkis öðrum aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Þessi atvinnugrein er ekki þannig löguð, að ugglaust sje, að hún geti borið sig, og óhjákvæmilegt er, að aðrar atvinnugreinir, sem þjóðinni eru nauðsynlegar, bíði tjón við slíkt. Eins og jeg sagði áðan, álít jeg, að útgerðarmenn sjeu meira haldnir af stórræðaþrá en því að safna sjer auði. Þetta er auðvitað gott og blessað meðan vel gengur, en það á sjer líka takmörk.

Jeg býst við, að þessi áhugi þeirra til að starfa sem mest hafi verið þess valdandi, að þeir keyptu mörg botnvörpuskip til landsins, þrátt fyrir það, þó verð þeirra væri afarhátt. Og jeg er ekki í nokkrum vafa um það, að það hefir orðið að sumu leyti til tjóns, og það mikils tjóns. Hinsvegar datt mjer ekki í hug að staðhæfa það, að þessir menn hefðu ekki ráðist í framkvæmdirnar og skipakaupin í góðri trú. Þeir eru þannig gerðir, að þeir kæra sig ekki um að leggja peninga sína í kistuhandraðann. Og það má segja útgerðarmönnunum til hróss, að þeir eru miklu gefnari fyrir stórræðin heldur en að safna auði. Þetta getur þó haft sín takmörk, þegar um varasamar atvinnugreinir er að ræða, hve gott eða affarasælt það er fyrir þjóðina sem heild.

Jeg bjóst síst við því, að hv. 2. þm. G.-K. mundi misskilja ummæli mín svo hraparlega sem hann hefir gert, eða mjer virðist hann hafa gert. Nú hefir hv. þm. óskað þess, að jeg nefndi dæmi um það, að hverju leyti útgerðarmenn hafi sýnt, að atvinnurekstur þeirra er ekki á traustum grundvelli. (*ÓTh*: Jeg veit, að hann er ekki á traustum grundvelli). Nú, hvers vegna vill hv. þm. þá vera að fetta fingur út í það, sem jeg hefi sagt? Og það eru vissulega takmörk fyrir því, hve mörg % af þjóðinni mega stunda stopul og áhættusöm fyrirtæki. En hafi ummæli mín í fyrri ræðu minni verið loðin, þá bið jeg

afsökunar á því, en þetta, sem jeg nú hefi sagt, meinti jeg.

Þá mintist hv. þm. á aukningu skipastóls útgerðarmanna og sagði, að 9 skip hefðu bæst við á árunum 1922—1925. Nú ber þess að gæta, að allir Íslendingar eru ekki nema rúmlega 90 þús. (*Margir þdm.*: 100 þúsundir). Nei, fólksfjöldinn nær ekki 100 þúsundum. Þess vegna er þessi aukning skipastólsins allmikil hjá þjóð, sem ekki er mannfleiri og þegar þess er gætt, hvernig þessari atvinnugrein er háttað. Jeg vil minna hv. þm. á það, að geta okkar fjárhagslega er mjög takmörkuð og að það er ekki lítið fje, sem liggur í þessum nýju skipum, jafnvel margar miljónir króna, þegar alt kemur til alls, þegar rekstrarfje er tekið með. En hvernig fer svo, ef illa veiðist eða framleiðslan selst ekki, eða selst illa? Þeirri spurningu ætti að vera auðvelt að svara, og jeg bjóst við, að hv. þm. mundi geta svarað henni fyrir sjálfan sig, því að jeg hefi talið hann mjer kunnugri á þessu sviði. (*ÓTh*: Jeg er það). Já, það er gott að hafa háar hugmyndir um sjálfan sig, en það er holt, að þær sjeu ekki meiri en maðurinn er til.

Hv. þm. mintist á bústofn minn og spurði, hvað hann hefði aukist á síðari árum. Því væri nú betur, að bústofn bænda hefði aukist meira en útvegurinn þessi árin. En því er nú miður, að bústofninn hefir staðið í stað. Jeg hefi ekki búið lengi, reisti bú árið 1919, og mjer hefir skilist á þeim, er stundað hafa búskap lengi og glegst skil vita á honum, að árferði hafi ekki verið svo síðustu árin, að þeir hafi getað safnað auði eða stækkað bú sín. En það hefir verið og verður lífsskilyrði fyrir þjóðina að viðhalda landbúnaðinum. Það er og hann, sem hefir mesta þýðingu fyrir viðhald tungu og þjóðernis. Og ef hann hefði verið stundaður með meiri forsjá en verið hefir, og hefði þar af leiðandi mátt sín meira en nú, þá hefði þjóðin verið styrkari en hún er nú og hagur hennar betri að öllu leyti. Og það er ekki vert fyrir útgerðarmenn, þótt þeim finnist, að þeir hafi gert afskaplega mikið, að kasta steini að bændum fyrir starfsemi þeirra. Jeg get frætt hv. 2. þm. G.-K. um það, að það eru einmitt bændasynirnir, sem mest og best hafa stutt hann í starfsemi sinni. Þeir menn, sem vinna hjá honum og afla honum auðs, eru alt bændasynir ofan úr sveit.

Hv. þm. tók dæmi um áveitur, og verð jeg að segja, að mjer fanst geiga eigi allítið það skeyti hans, því að hvorugum okkar hefir að sjálfsögðu komið til hugar að halda því fram, að þær framkvæmdir, er telja má öruggar, eigi að sitja á hakanum, hvorki á sjó nje landi. En hitt ætti hv. þm. að vita og þekkja, hvaða afleiðingar hafa orðið af slíkum framkvæmdum erlendis. Jeg skal t. d. nefna samgöngubæturnar, sem hafa orðið þess valdandi, að útkjálkahjeruð hafa lagst í eyði, en fólkið þyrpst saman þar, sem lífsskilyrði voru betri. Engum hefir þó dottið í hug að hætta slíkum framkvæmdum fyrir þær sakir, því að þegar á heildina er litið, er þjóðin miklu öruggari í lífsbaráttu sinni og afkoma hennar betur trygð en áður fyrir slíkar framkvæmdir. Og hefði jeg nú gert þessa áveitu, sem hv. þm. var að tala um, þá átti hún fyllsta rjett á sjer, ef hún gerði meira gagn en nokkur hætta var á, að skemdir af henni mundu nema.

Jeg ætla þá ekki að eyða fleiri orðum að hv. þm. Mjer þykir fyrir, að hann misskildi mig og tók orð mín svo, að jeg vildi útvegsmönnum ilt. Og vilji hann ekki trúa þessu, þá vísa jeg honum til þingsögu minnar og hvernig mjer hafa fallið orð í garð útgerðarmanna á undanförnum þingum.

Ólafur Thors: Jeg hefi nú hálfgert samviskubit af því að hafa valdið því, að hv. 2. þm. Árn. (JörB) hefir haldið svo langa ræðu — samviskubit vegna háttv. deildar, sakir þess að deila hv. þm. og mín liggur nokkuð fyrir utan sjálfan kjarna málsins, og skal jeg sýna, að hugur fylgir máli með því að vera stuttorður.

Hv. þm. sagði nú, að hann hefði ekki álasað útgerðarmönnum og bar fyrir sig gömul þingtíðindi í því efni. En það er alveg óþarft fyrir mig að fletta upp í þeim, því að jeg heyrði með eigin eyrum fyrri ræðu hans hjer, og hún var svo sem jeg hefi lýst henni.

Kjarni málsins er sá, hvort aukning togaraflotans hafi verið óhófleg eða ekki. Jeg hefi áður skýrt frá því, að þeir, sem togara áttu 1922, hafa aðeins bætt við sig 4 skipum á þessum síðastl. 4 árum, og get jeg ekki talið það mikla aukningu, eins og áður er sagt. Hinu hefir mjer ekki dottið í hug að neita, að útveginum fylgir mikil áhætta, en ef ekki koma fyrir sjerstök óhöpp, þá er það þó alltraustur atvinnuvegur, enda verður hann það vonandi í framtíðinni, því að Íslendingar væru illa settir og mundu komast á kaldan klaka, ef þeir ættu að styðjast við landbúnaðinn eingöngu.

Það þýðir ekki að vera að draga upp skuggamyndir af framleiðsluvöru, sem ekki er seljanleg, því að ef maður ætti að fara út í þá sálma, mundi mega segja nokkuð svipað um framleiðsluvörur bænda og útvegsmanna.

Það er líka misskilningur hjá hv. þm., að jeg hafi verið að kasta steini að bændum. Það hefi jeg aldrei gert. Og þrátt fyrir það, þótt hv. þm. með síðustu ræðu sinni sýni, að hann ber mikla virðingu fyrir útgerðarmönnum, efast jeg um, að sú virðing sje meiri en virðing mín fyrir bændum.

Mjer skildist á hv. þm., sem hann drægi það út úr orðum mínum, að jeg hefði háar hugmyndir um sjálfan mig. Jeg skal ekkert um það segja, en hitt er víst, að ekki er rjett af honum að álasa mjer fyrir það, því hann hefir sjálfur í dag þráfaldlega talið mig sjer fremri, og væri mjer vorkunn, þótt jeg miklaðist af slíkum dómi jafnmæts manns. Og eftir það oflof, sem hann hefir borið á mig í mörgum greinum, þá get jeg vel unt honum sannmælis og kallað hann mann vel skýran, og mega þá báðir vel við una.

ATKVGR.

Brtt. 455,1 samþ. með 24 shlj. atkv.
— 456,a feld með 14:9 atkv.
— 455,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 456,b feld með 14:10 atkv.
— 456,c sjálffallin.
— 455,3 samþ. með 21 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JÞ, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, ÓTh, SigurjJ, ÁJ, BSt, BSv.

nei: HStef, IngB, JS, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ.

Tveir þm. (BJ, ÞórJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 1. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 462).

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til fjhn. með 8 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 462, n. 548).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. var flutt af fjhn. Nd. og samþykt í þeirri deild með miklum meiri hluta atkv. Eins og sjá má af frv., er tilgangur þess sá, að ljetta að dálitlu leyti aðalbyrðarnar á framleiðslunni, sem, eins og segir í greinargerð upphaflega frv., stendur höllum fæti sakir fallins verðlags og fjárkreppu. Það er einkum kolatollurinn, sem þörf er á að breyta, því að hann hefir með gengisviðaukanum verið mjög þungur skattur, eða kr. 3,75 á hvert tonn, síðan gengisviðaukinn bættist við. Það ætti að verða allmikill ljettir, ef frv. þetta verður samþ., þar sem þar er ætlast til, að kolatollurinn verði aðeins kr. 1,00 á hvert tonn. Hinar lækkanirnar eru ekki stórvægilegar, en þó svo, að þær ljetta dálítið á skattabyrðinni, einkum lækkunin á síldartunnutollinum. Tollur á þessum tunnum hefir verið mjög hár, þegar tekið er tillit til þess, að útflutningsgjald hefir verið tekið af vörunni aftur, þegar hún er flutt út. Tollurinn og útflutningsgjaldið til samans munu nema 7%. Þegar svo síldin fellur í verði, getur tollurinn orðið tiltölulega miklu hærri, og með núverandi verði er hann talinn hjer um bil 20% af nettó söluverði.

Undir meðferð málsins í hv. Nd. var kornvöru bætt við þær vörutegundir, sem vörutollur var feldur niður af. Sumir nefndarmanna munu hafa álitið fulllangt gengið með því að fella hann niður, en að því er þessa vörutegund snertir, er varla hægt að gera breytingar í ívilnunaráttina, nema því aðeins að fella tollinn burtu. Hefir meiri hluti nefndarinnar fallist á að leggja til, að frv. verði samþykt óbreytt, þar sem hagsbóta af því á sá hluti framleiðslunnar aðallega von, sem nú á örðugast uppdráttar. Það eru engin líkindi til þess, að kaupgjald lækki, og get jeg því ekki talið ósanngjarnt að ljetta að einhverju leyti á þessum tollum. Útflutningsgjaldið var hækkað í fyrra í alveg sjerstöku augnamiði, og væri því óviðkunnanlegt að lækka það nú aftur, þó að það að vísu hafi verið ein leiðin til að ná því takmarki, sem næst, ef frv. þetta verður samþykt.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Minni hluti fjhn., jeg og hv. 2. þm. S.-M. (IP), höfum ekki komið með nál., af því að það skiftir ekki miklu máli, hvort sagt er í einni línu, að við sjeum á móti frv., eða ekki. Frv. mun líka ná fram að ganga, þar sem stjórnarflokkurinn hefir tekið það upp á sína arma. Mjer skilst þetta frv. vera nokkurskonar afturganga af tekjuskattsuppgjöfinni í fyrra. Það fer ekki alveg eins langt, en kemur til hagsbóta sömu mönnum. Það hefir þótt ráðlegra að færa til uppgjöfina og lækka eingöngu þennan þunga skatt á vissri stjett, útgerðarmönnunum. Eftir frv. á þskj. 343 reiknar nefndin sjálf út, að þessi uppgjöf nemi rúmum 400 þúsund krónum, og er það mest alt ljettir á stórútgerðinni.

Það var auðheyrt á háttv. frsm. meiri hl., að hann og einhverjir aðrir í meiri hlutanum eru ekki ánægðir með, að Nd. hefir felt niður skatt á kornvöru, sem þó er mjög lítil upphæð. Atvinnurekendur

hjer eru ekki komnir á sama stig og í Englandi fyrir 1850, þegar auðmenn þess lands börðust fyrir afnámi korntollsins til þess að kaupgjald gæti lækkað. Hjer eru þeir, sem eiga þessi ágætu fyrirtæki, sem byggja á þeirri „órólegu þrá", þ. e. komast vilja undan sköttum sjálfir, en þegar talað er um að fella niður korntollinn, er það talið eftir, ekki síst af háttv. 1. þm. G.-K. (BK), sem ekki mun vera um það gefið að láta öreigana fá slíka lækkun. Hv. frsm. meiri hl. talaði um, að þetta væri gert til að ljetta byrðar framleiðslunnar. En hjer er verið að ljetta byrðar eins hluta framleiðenda. Það kemur óvart fram, bæði hjer og í Nd., að hjer er einn skugginn af gengishækkun hæstv. fjrh. Hann var potturinn og pannan í að hækka krónuna, og nú verður hann, sennilega nauðugur, að þola, að gefin verði eftir fram undir ½ miljón króna vegna hans eigin aðgerða. Nú verður að fella burt suma stærstu tekjustofnana, þar sem útgerðarmenn þykjast ekki geta borgað. Það hefir sífelt kveðið við síðustu árin, að ekkert væri hægt að gera fyrir fjárhagsvandræðum. Nú hefir þingið hert á tollunum undanfarið, en svo kemur íhaldsstjórn og heimtar undanþágu fyrir vissa stjett manna. Vörutollurinn heldur áfram að öðru leyti og verðtollurinn líka. Maður sjer, að síldarspekúlantarnir eru hjer að verki, þegar svona hermenskulega er gengið fram.

Það hefir verið reiknað út af einum merkasta þm. í Nd., að þessi lækkun sje svo hverfandi fyrir allan þorra vjelbátaeigenda og þá, sem stunda smáútgerð, að hennar gæti þar sárlítið. Þetta hefir því litla þýðingu fyrir smáútgerðina, enda er það einungis gert fyrir stórútgerðina. Þar sem mikið af kolunum fer til útlendra skipa, er það líka gjöf til erlendra fyrirtækja. Þetta álít jeg, að eigi að nægja til að undirstrika afstöðu okkar minnihlutamanna. Eins og þessari lækkun er fyrir komið, sjáum við ekkert rjettlæti í henni. Við teljum, að lækkun á sköttum sje æskileg, en hún á að koma jafnt niður á allar stjettir.

Frsm meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Jeg held, að hv. 3. landsk. eigi örðugt með að sannfæra aðra en sjálfan sig og hv. 2. þm. S.-M. (IP) um, að verið sje að berjast fyrir hagsmunum einhverrar vissrar stjettar með þessu frv. Það getur verið, að það skifti litlu máli fyrir margar sveitir landsins, hvort kolatollurinn er kr. 3,75 eða kr. 1,00 á hverju tonni. En það skiftir ekki svo litlu máli fyrir sumar sveitirnar, og einkum þó kauptúnin og sjávarþorpin, svo að það er ekki rjett að segja, að þetta sje gert eingöngu fyrir stórútgerðina. Hitt er vitanlegt, að því meira sem kolin eru notuð, því meiri upphæð sparast við tollbreytinguna, en það kemur þó óbeinlínis þeim til góðs, sem hafa atvinnu af þeim fyrirtækjum, sem vöruna nota mest.

Jeg get ekki sjeð, að það sje hægt með nokkrum rökum að setja þetta frv. í samband við frv. um tekjuskatt í fyrra. Þar var talað um hlutafjelög, sem breytingin átti að ná til, en hjer er ekki um neitt slíkt að ræða. Breytingin nær til allra landsmanna hlutfallslega jafnt, eftir því hversu mikið þeir nota af þessum vörutegundum, og að nokkrum sveitum undanskildum eru þau afnot almenn.

Jeg veit ekki, hvort jeg á að vera að eltast við útúrsnúning hv. þm. (JJ). Hann leyfir sjer svo oft að rangfæra orð andstæðinga sinna og reyna að leggja í þau aðra meiningu en í þeim átti að

felast. Hann sagði, að það hefði verið auðheyrt á mjer, að jeg væri á móti því, að korntollurinn væri feldur burtu. Jeg býst við, að ræða mín hafi verið skrifuð eins og jeg talaði hana. Jeg sagði, að sumir nefndarmanna hefðu álitið fulllangt gengið með því að fella niður þennan toll, en mitt álit væri það, að ekki væri heppilegt að gera aðra breytingu á honum en að fella hann alveg niður. Hvernig hægt er úr þessum orðum að draga þá ályktun, að jeg sje að telja lækkunina á korntollinum eftir, er mjer óskiljanlegt. Til þess þarf hugsanagang og röksemdafærslu hv. 3. landsk., en einskis annars. Hv. 3. landsk. var að gera lúalega tilraun til þess að gera mjer upp það, sem jeg hefi aldrei sagt. Mjer hefir aldrei dottið í hug að telja eftir lækkun korntollsins, og það veit hv. þm. Þess vegna eru þessi orð hv. þm. búin til í stóriðjuverksmiðjunni frægu, án þess að þau eigi sjer nokkurn raunverulegan stað. Þetta frv. er ekki borið fram til þess að vernda hagsmuni einnar sjerstakrar stjettar, og allar ásakanir í þá átt lenda líka á flokksmönnum hv. 3. landsk. í fjhn. Nd. og þeim, sem greiddu þessu frv. atkv. út úr Nd.

Jeg held, að það sje óþarfi að teygja lopann um þetta meira en orðið er. Frv. sjálft ber það með sjer, að allar staðhæfingar hv. 3. landsk. falla um sjálfar sig. Hv. 3. landsk. vill altaf reyna að kveikja eld á milli stjetta og vekja óánægju milli sjávarútvegsins og landbúnaðarins. Þetta er mjög misráðið af hv. þm., af því að það getur oft orðið til þess að koma í veg fyrir framgang þarfra mála.

Fjármálaráðherra (JÞ): Af því að þetta frv. snertir tekjur ríkissjóðs allmikið, þykir mjer rjett að gera grein fyrir afstöðu minni til þess, svo sem jeg gerði í hv. Nd. Eins og um hefir verið getið, hefir þetta frv., ef samþ. verður, hálfrar miljónar króna tekjumissi í för með sjer fyrir ríkissjóð. — Það var nú gengið að því vísu af öllum, að þegar búið væri að greiða lausar skuldir ríkissjóðs, yrðu gerðar linanir á hinum ákaflega þungu sköttum. Jafnframt gerðu vist flestir ráð fyrir því, að verklegar framkvæmdir yrðu auknar. Nú stendur til að auka verklegar framkvæmdir ákaflega mikið samkv. þeim fjárlögum, sem þingið hefir samþykt fyrir árið 1927, jafnvel meira en menn höfðu gert sjer vonir um. Hinsvegar hafa ekki komið aðrar linanir á sköttum en að gengisviðaukinn hefir verið afnuminn af vörutollinum, en er látinn halda sjer á öðrum sviðum. Jafnframt hefir verðtollurinn verið lækkaður nokkuð, en lög um það ganga ekki í gildi fyr en um næstu áramót. Jeg get ekki annað en viðurkent, að skattabyrðin er allþung, og þó helst við sjóinn. Þar er hún svo mikil, að ef fært er að veita nokkrar linanir, verður að gera það. Jeg held, að einsdæmi sje að hafa annan eins kolatoll og hjer er nú. Víðast mun hann ekki vera til. Hjer er farið fram á að lækka hann, svo að hann verði sambærilegur öðrum vörutolli. Eftir þessu frv. verður kolatollurinn 2—3%, miðað við verð. — Jeg tel ekki, að þetta frv. hafi í för með sjer neina hættu fyrir fjárhag ríkissjóðs á yfirstandandi ári, þótt hann verði afnuminn hálft árið. En jeg er ekki viss um, að ríkissjóður megi missa hann árið 1927. Því vil jeg lýsa yfir því, að verði ilt útlit um næstu áramót, mun jeg telja mjer skylt að bera fram á næsta þingi frv. um einhvern annan tekjuauka í stað þessa. Vænti jeg þess, að hið háa Alþingi liðsinni mjer í því.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Það var a. m. k. villandi, sem hv. þm. Vestm. (JJós) sagði um tilorðningu þessa frv., er hann sagði, að það væri eins mikið að þakka andstæðingum stjórnarinnar eins og fylgismönnum hennar. Þetta er rangt, og það sjest á þskj. 434, að tveir úr hv. fjhn. Nd., báðir stjórnarandstæðingar, voru á móti tveim verulegum liðum frv., og endirinn varð sá, að þeir greiddu báðir atkv. móti frv. út úr deildinni. Það voru ennfremur þeir, sem komu fram með till. um lækkun á tolli á korni, til þess að vega á móti alt of einhliða afgreiðslu frv., svo sem stjórnarflokkurinn ætlaði. Hv. þm. (JJós) flaskar á því, að svo er kallað, að hv. fjhn. hafi borið málið fram. En sannleikurinn er sá, að það var borið fram í Nd. með kappi af flokksbræðrum hv. þm. (JJós) og á ýmsan hátt reynt að leita samkomulags við þá, sem voru mótfallnir því, að málið yrði afgreitt jafnhliða og til var stofnað, meðal annars með því að fallast á lækkunina á korntollinum, sem bætt var inn í frv. í deildinni. Það er því alveg augljóst, að þetta frv. er flokksfrv., og flokksstefna, sem kemur fram í því, og er ekkert við því að segja. En það er ekki karlmannlegt að játa það ekki hreinskilnislega, að þetta frv. er borið fram af eiginhagsmunahvöt, sem auðvitað er ekkert undarlegt, þar sem íhaldsflokkur á í hlut. Jeg vísa um þetta í grein eftir þann heimspeking, sem fyrst hefir orðað skýrt og greinilega aðaluppistöðuna í stjórnmálastarfi íhaldsins, og jeg býst við því, að hann sje svo stefnufastur, að hann fari ekki að afneita kenningum sínum um þetta, þó nú sje hann sjálfur formaður Íhaldsflokksins.

Hv. þm. Vestm. gat þess, að það þætti nokkuð langt gengið með afnámi korntollsins. Má vera, að hann hafi þar átt við aðra flokksmenn sína og hann reikni sig þar ekki með. En fram hjá því er ekki hægt að komast, að það er dálítil óánægja í Íhaldsflokknum yfir þessari breytingu, enda er hún frá stjórnarandstæðingum runnin.

Hv. þm. (JJós) gerði mikið úr því, að lækkunin á kolatollinum kæmi öllum almenningi til góða, sem kol brúkar. En nú vil jeg spyrja háttv. þm., — mundi hann og flokkur hans leggja svo mikla áherslu á þetta atriði, ef togararnir hjer brúkuðu í steinolíu í stað kola? Jeg held, að kolin mundu ekki verða undanþegin tolli vegna þess, að þau eru notuð við matseld á heimilunum. Þau eru tekin hjer vegna þess, að þau eru stór liður í útgerð togaraflotans. En það sýnir karlmensku og hreinskilni þeirra, sem að málinu standa, að þeir skuli vera að skjóta húsakolunum fram fyrir sig, enda þótt frv. beri það ljóslega með sjer, að það er fram borið vegna útgerðarmanna. Yfirleitt er hjer flestu skotið undan tolli, sem einkum heyrir útgerðinni til, nema veiðarfærum; jafnvel gjörðum og tunnubotnum er ekki gleymt, hvað þá öðru. Um síldartunnutollinn varð allmikil senna í hv. Nd. og kom það þar nokkuð greinilega í ljós, að hagsmunir síldarmanna eru allmjög tengdir við einn flokk, sem allir munu fara nærri um, hver er. Tolllækkunin nemur 100 þús. kr. á þeim lið einum. Nú er það vitanlegt, að meiri hl. fjhn. Nd. samþ. frv., að undanteknum einum manni, sem greiddi atkv. á móti frv., bæði af því að hann var mótfallinn svona einhliða tolllækkun og ennfremur vegna þess, að þó hann væri í andstöðuflokki stjórnarinnar, þá áleit hann samt ekki forsvaranlegt að rýja ríkissjóð um hálfa miljón kr. Og satt að segja, þá er það í meira lagi undarlegt, að hæstv. fjrh. skyldi geta gengið inn á slíkt, því

það hlýtur að koma honum í koll, ef hann verður fjrh. áfram, þar sem hann gengur nú manna frekast að því að koma þessu í gegn nú. Og í fyrra var það hann, sem barðist mest fyrir því að koma í gegn hinni miklu lækkun á tekjuskatti togarafjelaganna. Hann hefir því sannarlega sýnt hlutdrægni í vil stórútgerðinni, bæði nú og þá.

Hv. þm. Vestm. vildi álíta, að jeg væri að gera þetta mál frá minni hálfu að ófriðarefni milli stjetta. En jeg vil spyrja, — ef ein stjett þykist hafa rjett til þess að losa sig við gjöld í ríkissjóð, meðan þung gjöld hvíla á öðrum, er þá nokkur ástæða til að kvarta, þótt bent sje á það, að hjer sjeu menn að svíkjast undan rjettmætum skyldum? Menn eru hjer að koma upp með þá lífsskoðun, að þegar þeir svíkja sjálfir, þá sje það alveg rjett og saklaust, en svo megi ekki einu sinni ympra á því, hvað sje að gerast. Í líkingu við það ættu þeir, sem svíkja landið, að vera góðir, en hinir stórsekir, sem dirfast að benda á það. — Nei, ef þetta frv. hjer ásamt tekjuskattsfrv. fræga verður til þess að kæla á milli stjetta, þá á sá að bera ábyrgð á því, sem upptökin á. Jeg hefi engan hlut að þessu átt, nema hvað jeg hefi haft ástæðu til að láta í ljós álit mitt um undanþágupólitík stjórnarinnar hjer í þinginu.

Jeg var stundum viðstaddur umr. um fjárlögin í hv. Nd. og tók þá eftir því, að hæstv. fjrh. greiddi atkvæði móti hjer um bil öllum hækkunartill. Það má vera, að hann hafi skoðað það sem einskonar embættisskyldu. En nú ætti að mega líta svo á, að það væri ekki síður embættisskylda að gæta þess, að ekki verði kastað tekjum burt úr ríkissjóði og þar með spilt afkomu hans. Slíkt hlýtur að gera hæpna aðstöðuna gagnvart andófsflokknum, sem eins og kunnugt er hefir lagt fram sína hjálp til þess að útvega ýmsa tekjustofna til viðreisnar fjárhag ríkisins. Það er því í sannleika sagt mjög hart gagnvart þeim, sem hafa hjálpað stjórninni til þess að hægt væri að losa ríkið við hinar mjög aðþrengjandi skuldir, að þá skuli hún, þegar því er lokið, tína út úr ýmsa gjaldþegna landsins og ljetta af þeim gjöldunum, meðan hinir fá enga línkind. Í fyrra bar þessi hv. deild gæfu til þess að bjarga miklum tekjum fyrir ríkið. En jeg býst við, að það takist ekki nú. Hv. stjórnarflokksmenn þessarar deildar þykjast víst þurfa að koma með einhverja fjöður í hattinum á fund kjósenda sinna, eða a. m. k. til þeirra, sem leggja í blöð íhaldsmanna, enda ekki vanþörf, því að það lítur sannarlega ekki út fyrir, að sjerlegur ljómi verði yfir þessu fyrsta þingi, sem háð er afdráttarlaust á ábyrgð stjórnarflokksins, sem hefir því að rjettu veg og vanda af öllum vinnubrögðunum. Nú vil jeg spyrja hæstv. fjrh., hvort honum finnist ekki heldur skaplegri aðferð, ef lækka á skatta á annað borð, að gera það þannig, að það kæmi rjettlátlega niður. T. d. yrði sykurtollurinn lækkaður, eða verðtollurinn lækkaður nokkru meira en gert hefir verið, t. d. á fataefnum, sem flest heimili kaupa.

Hæstv. fjrh. sagði, að það yrði að sýna nokkra línkind þeim, sem þessi skattur hvílir mest á, en það eru atvinnurekendur. Hjer hefir nú hæstv. stjórn og flokkur hennar greitt atkvæði á móti því, að bygt yrði strandferðaskip, sem ekki mundi kosta meira en svarar þessum skatti á einu ári, og þetta skip mundi geta hjálpað framleiðslunni miklu meira en svarar því, sem skattgjöfin ljettir á. Til þess að gefa mönnum ofurlitla hugmynd um þetta, skal jeg

nefna dæmi. Nú er íshús á Hvammstanga, sem stendur autt alt sumarið. Ágætar laxár eru báðummegin við Hvammstanga. Allan þennan lax, um 30 tonn, mætti setja í þetta frystihús, ef skipið væri til þess að koma honum áleiðis á markað. En hæstv. fjrh. hefir barist móti því með hnúum og hnefum ásamt sínum flokksmönnum. Er þetta að vera með framleiðslunni og bera hennar heill fyrir brjósti?

Það voru í raun og veru allar hafnir frá Djúpavogi að Borgarnesi, norðan um land, sem hefðu meira eða minna gott af því að fá þetta skip, og aðeins eitt einasta ár hefði þessi tollur þurft að standa til að borga stofnkostnað þess. Jeg álít, að eins og þetta mál er fram komið og eins og það er flutt og greidd atkv. um það, hafi ekki annað að þýða en að þeir menn, sem eru á móti því, sýni, að þeir viti það, sem allir menn þykjast vita, að stjórnin er hjer að stinga þessum tolli í vasa sinna manna, en það er að minsta kosti ekki hægt fyrir háttv. þm. Vestm. að koma neinu af skömminni yfir á stjórnarandstæðingana hjer í deildinni.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg hefi enga tilhneigingu til þess að fara út í orðasennu við hv. 3. landsk. Jeg hefi ósköp mikið leitt það hjá mjer á þessu þingi, og er það af því, að það er komið alveg upp úr hjá mönnum, þannig að það er ákaflega mikið hætt að taka tillit til þess, sem þessi hv. þm. segir í þingræðum, og venjulega er óviðkomandi þeim málum, sem þá liggja fyrir til umræðu.

Hv. þm. (JJ) hefir nú talað æðimikið um það, að hjer væri verið að gefa eftir tiltekinni stjett eða tiltekinni atvinnugrein. Jeg lít alls ekki svo á það mál, að þótt linaðir sjeu skattar, sem viðurkent er að hafi verið óvanalega háir, sje þar með verið að gefa neinum neitt. Það er ekki annað en það, sem sjálfsagt er, að það opinbera taki ekki meiri skatta af landsmönnum en það, sem nauðsynlega þarf, því að ef tekið er meira, má ganga að því vísu, að af því leiðir ekki nema eitt, og það er eyðslusemi á fje landsmanna til ýmislegs, sem ekki er vert, að sitji í fyrirrúmi fyrir því, að landsmenn geti notað fjeð til sinna eigin þarfa og eflt sína atvinnuvegi. En það er undirstaða allrar almennrar velmegunar í landinu; það er undirstaðan undir hag ríkissjóðs og getu hans til að inna af hendi nauðsynlegar framkvæmdir. Nú hefir hv. þm. (JJ) í þessum tveim ræðum sínum ekki með einu orði reynt að færa sönnur á, að þessi skattalinun væri óeðlileg eða ósanngjörn. Hv. þm. hefir bara slegið því fram, hvort ekki væri rjettara að lækka sykurtollinn eða verðtollinn, án þess að færa nokkra sönnun fyrir því, að það væri rjettara eins og á stendur, en jeg skal segja hv. þm. það, að það má ekki líta alveg framhjá því, að það stendur yfir hækkun á okkar gjaldeyri, og sú hækkun kemur sjerstaklega niður á þeim mönnum, sem hafa á herðum sjer rekstur þessa atvinnuvegar, sem framleiðir okkar helstu útflutningsvörur. Aftur á móti kemur sú hækkun þeim mönnum til góða, sem vinna að ýmsum verkum við þá atvinnugrein og aðrar, án þess að þeir sjálfir gerist framleiðendur eða eigendur að útflutningsvörum. Af þessu sýnist mjer það einmitt vera rjettlátara að lina skattana á þessum framleiðendum útflutningsvörunnar, sem verða að skaðast á gengishækkuninni, heldur en að lina skattana á öllum almenningi, sem hefir hagnað af henni. Meira þarf jeg ekki að segja. Jeg þarf ekkert að hrekja, því að hv. þm. reyndi ekki að færa sannanir

fyrir því, að nein önnur linun á sköttum væri rjettlátari. En náttúrlega get jeg svo vel skilið þá aðstöðu að vilja yfir höfuð, að ríkissjóður fái sem mestar tekjur; en jeg lít ekki svo á, og jeg get að gefnu tilefni sagt háttv. þingmanni það, að jeg lít heldur ekki svo á, að embættisskylda fjrh. sje það fyrst og fremst að halda í tekjur ríkissjóðs, hvort sem hann álítur það vera öldungis nauðsynlegt eða ekki. Og jeg held, að það megi miklu fremur sjá þess merki á þessu þingi og á meðferð þessa þings á fjárlögunum, að freistingin til þess að taka upp á ríkissjóð ýms miður nauðsynleg útgjöld verður of sterk, ef tekið er of mikið fje í ríkissjóð með sköttum. Það mætti þá segja sem svo, að það mætti safna því fje í sjóð til lakari áranna, en það verð jeg að segja, að það lítið sem jeg hefi kynt mjer álit fróðra manna um skattamál, en það hefi jeg reynt að gera eftir að jeg tókst þessa stöðu á hendur, þá er það eitt, sem jeg hefi sjeð, að allir hafa verið sammála um, þó að þeir hafi verið ósammála um margt annað, að það væri betra að láta peningana vera kyrra í vösum og vörslum gjaldenda heldur en að láta þá safnast í sjóði í eign ríkisins, af því að þeir beri meiri ávöxt hjá einstaklingunum heldur en ef þeir eru teknir í opinberan sjóð, sem svo aftur er notaður til þess að lána hann út til gjaldendanna, því að á þann hátt eru vitanlega allir sjóðir ávaxtaðir. En höfuðástæða mín til að styðja þetta frv. er samt sem áður sú, að ef ríkissjóður má ekki missa þessar tekjur, þá álít jeg rjettara að bæta það skarð upp með öðrum álögum en þessum, og það er bæði af því, að þessir skattar eru hærri en annars gerist á nauðsynjavörum, og svo af því, sem jeg sagði um gengisbreytingarnar. Hitt er misskilningur hjá hv. þm., að jeg eða aðrir hafi með afstöðu okkar til þeirra tillagna, sem fram komu í hv. Nd., tekið nokkra afstöðu móti því að láta byggja hjer strandferðaskip. En við höfum ekki getað greitt þeim till. atkv., sem þar komu fram, undirbúningslaust, og hafa borið greinileg merki þess, að það hefir ekki verið rannsakað, hvernig þessu máli yrði best fyrir komið, en þó jafnframt svo einskorðaðar, að ekkert svigrúm er til að rannsaka fyrst, hver tilhögun væri hentugust um að ráða málinu til lykta á þeim grundvelli. Jeg er ekki viss um það, að besta lausnin sje að byggja hjer skip, sem sje svo lítið, að það sje aðeins við hæfi hinna allra lökustu hafna á landinu, sem núverandi strandferðaskip og milliferðaskip geta ekki komið á, og hafa svo það strandferðaskip fyrir alt landið. Það hafa ekki verið færð nein rök fyrir því, að þetta væri sú eina rjetta úrlausn á því máli, og hefir það mál þó oft legið fyrir til athugunar áður, hvernig best yrði fullnægt rjettmætum kröfum landsmanna um strandferðirnar.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Það er nú ekki ýkjamargt í ræðu háttv. frsm. minni hl., sem jeg þarf að gera athugasemdir við, vegna þess að hann endurtók ekki þann áburð sinn, sem hann kom með í fyrri ræðum sínum. *(JJ*: Um hvað?). Um það, að við meirihlutamenn hefðum sjeð ofsjónum yfir þeim skattaívilnunum, sem fjellu í hlut bænda. Sennilega hefir hv. þm. (JJ) tekið þeirri leiðrjettingu, sem jeg kom með í því máli, eða hv. þm. hefir nú í fundarhljeinu fengið einhverjar þær upplýsingar, sem hafa fært honum heim sanninn um það, að sökin, sem hann kallar, fyrir frv. ekki hvíli meira á íhaldsmönnum heldur en hinum. Jeg skal ekkert um það segja, hve margir af hvorum flokki

hafa greitt þessu frv. atkvæði, enda skoða jeg það ekki sök; hitt vissi jeg, að bæði framsóknarmenn og íhaldsmenn studdu þetta mál í hv. Nd., en jeg hefi aldrei komið fram með neinar tölur um það, hve margir það hafi gert af hvorum flokki. Hv. þm. getur eiginlega ekki sakast neitt um það, þótt á það væri bent, að hann vildi gera úr þessu stjettarígi; fyrri ræður háttv. þm. hnigu í þá átt, og þegar gefið er tilefni til eins eða annars, þá er ómögulegt fyrir háttv. þm. að sakast um, að dregnar sjeu ályktanir af því. Hæstv. fjrh. benti greinilega á það, að hjer er ekki á ferðinni frv., sem getur heitið að vera fyrir neina eina stjett í landinu, t. d. hvað kolin snertir. Það er svo almenn notkunarvara, og þó að lítið sje notað af þeim í sumum sveitum, þá mun það aftur vera talsvert í öðrum, svo að ekki er hægt að segja, að það sje eingöngu gert fyrir eina stjett manna. Hv. þm. sagði, að jeg hefði verið að skjóta húskolunum þar inn undir; en jeg var alls ekki að skjóta þeim þar inn undir, þau koma þar auðvitað af sjálfu sjer; kol eru vitanlega meira notuð í skipum en húsum, en jeg hefi ekki gert neina tilraun til að sýna fram á, að það væri ósanngjarnt að ljetta af þessum kolatolli. Það er hv. þm. sjálfur, sem hefir sýnt sterka andúð á móti afnámi hans, af því að það væru útvegsmenn, sem nytu þess, án þess þó að leiða nein rök að því, að kolatollurinn væri vel bærilegur og þyrfti ekki að breytast.

Hv. frsm. minni hl. var, eins og honum hættir oft við, að leggja spurningar fyrir, því að það er oft kennarinn í honum, sem talar, og þá er hann altaf að spyrja. Hv. þm. spyr mig að því á einum stað í sinni ræðu, hvort mjer sýnist ekki, ef ein stjett þykist hafa rjett til að losa sig undan sköttum, að hún geti ekki haft neitt verulegt á móti því, þó að henni sje bent á það í allri vinsemd, hvað hún sje að gera. Nei, nei, jeg hefi ekkert á móti slíku, en það liggur alls ekki fyrir, að hjer sje nein ein stjett að losa sitt bak undan gjöldum, þó að vörutollurinn sje færður í svolítið skaplegra horf en verið hefir. En jeg vil þá benda hv. þm. á eitthvert hið stórfenglegasta dæmi í þingsögunni, þar sem ein stjett eða fjelagsskaparheild notaði bolmagn sitt til þess að losa sig undan gjöldum, og efast jeg ekki um, að háttv. frsm. minni hl. hafi stutt að því eftir megni; það eru samvinnufjelögin, sem með lögunum frá 1921 eru þannig sett. *(JJ*: Eru samvinnufjelögin stjett?). Jæja, hvort þessi fjelög eru stjett eða ekki, má heita, að þau haldi sig þannig sett í þjóðfjelaginu, að þau þurfi enga skatta að greiða, því að þau borga sama sem enga skatta, nær alveg laus við eignarskatt og líka við tekjuskatt, og um útgjöldin er það svo, að í einu merku blaði var það fullyrt í vetur, og ekki mótmælt, að í sumum sveitarfjelögum væru yfirvöldin í stökustu vandræðum, þar sem áður höfðu verið kaupmenn, sem borið hefðu mikið af sköttunum, en nú væru í staðinn fyrir þá komin kaupfjelög, sem störfuðu undir samvinnulögunum, og ekkert væri hægt að leggja á þau. Í þessari háttv. deild var fyrir skömmu sagt frá mjög átakanlegu dæmi, sem sýnir, hvernig útkoman getur orðið, þegar notaðir eru allir krókar og brögð til þess að losa sig undan útsvörunum í skjóli samvinnulaganna. Mjer dettur ekki í hug að hafa á móti því, þó að í allri vinsemd, eins og hv. þm. komst að orði, sje vakið máls á slíku, en þegar einhver stjett beitir öllum áhrifum sínum á þingi þjóðarinnar til þess að losa sig og

sín fjelög við almenn lögboðin gjöld, til þess að þau lendi á öðrum, og það eru þessi svör, sem hv. þm. knýr fram með sínum stöðugu ásökunum í þessu máli, sem er fullkomið sanngirnismál; það er þetta, sem hv. þm. knýr fram með sínum stöðugu spurningum. Þessi lög frá 1921, sem jeg hefi minst á, munu vera eins dæmi í sögu þingsins, eins dæmi um það, að fleiri menn hafi getað náð svo miklum tökum á löggjöfinni, að þeir hafi getað losað sig og sinn fjelagsskap um óákveðinn tíma við svona gjöld. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að taka hjer upp eitt dæmi, til þess að nota orð hv. frsm. minni hl., svo að það standi í þingtíðindunum, sem er tilfært í riti, sem hjer er gefið út, Verslunartíðindunum, og er nýlega komið út. Höfundurinn segir:

„Í kauptúni einu hjer á landi er kaupfjelag og 3 kaupmenn. Kaupfjelagið hefir langsamlega mesta verslun. Árið 1924 námu útfluttar vörur þess kr. 600000,00. en útfluttar vörur kaupmanna til samans kr. 540000,00. Jafnað var niður kr. 25000,-00. Af þeirri upphæð greiddu íbúar hreppsins aðrir en kaupmenn (og kaupfjelagið) kr. 12500,00. Afgangurinn, kr. 12500,00, skiftist þannig, að á kaupmennina var jafnað kr. 11400,00, en kaupfjelagið greiddi kr. 1100,00 í útsvar.

Getur hver maður með óbrjálaðri skynsemi sjeð, hvílíkt misrjetti hjer á sjer stað, og er hjer aðeins tekið þetta eina dæmi, en fleiri lík munu finnast.“

Höfundurinn er hjer að tala um samvinnulögin frá 1921 og afstöðu þeirra í kauptúni einu. Þetta getur maður sagt, að sje karlmannlega að verki verið til þess að losa einstakan fjelagsskap, sem eins vel mætti kalla stjett manna, undan opinberum gjöldum.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Hæstv. fjrh. hefir nú látið sitt ljós skína hjer, og jeg býst við því, að mörgum þyki það eftirtektarvert, að hann, sem hefir talið það vera sitt hlutverk í ráðherrasætinu að ná inn fje, til þess að borga með skuldir fyrst og fremst, að hann er orðinn svo saddur af þessu, að hann kærir sig ekkert um að fá peninga lengur; jafnvel sýnist svo um vissa tekjustofna, að þeir aðeins vera til þess að kasta þeim burtu, eins og gert var með tóbakið í fyrra og ætlað var að gera með annan tekjustofn, ef hæstv. ráðh. hefði komið því fram. Hæstv. ráðh. segist vera friðsamur maður. Það getur verið, að hæstv. fjármálaráðherra sje það hjer, af því að hann á ekki hjer heima enn sem komið er, en maður veit ekki, hvort það á fyrir hæstv. ráðh. að liggja að eiga hjer fast lögheimili, en það leit út fyrir, að í hv. Nd. væri hæstv. ráðh. til með að eiga oi ðasennu þar, og hafa þar með búið sjer frægð fyrir vissa uppgötvun, sem engum hefði dottið í hug áður. Jeg vona samt, að þingskrifararnir fái að vera í friði fyrir hæstv. ráðh. Annars sýnist vald stjórnarinnar býsna lítið, t. d. í gengismálinu í hv. Nd. Þar leggur stjórnin fram ákveðna tillögu, og alt á að ganga eins og eftir snúru, og svo átti að stýra landinu eftir þessu plaggi. En svo var dagskráin feld af fylgismönnum stjórnarinnar. Þetta má heita meira gengisleysið í gengismálunum, sem nær allmjög til ráðherranna.

Jeg ætla þá að fresta að svara hæstv. ráðh. (JÞ), af því að hann þurfti að fara frá, og tek þá aftur fyrir fjelaga hans, hv. þm. Vestm. (JJós). Hann er, held jeg, að mestu leyti farinn að skilja það, að hann er kominn út úr aðalatriðunum í þessu máli og hættur að tala um þau og kominn

í kaupfjelögin og lifir þar mest á einu dæmi, sem mjer skilst, að sje úr kjördæmi hv. 1. þm. G.-K. (BK). *(BK*: Það er ekki úr mínu kjördæmi). Jæja, það getur verið, að það hafi ekki verið nefnt nafn, en ef hv. þm. (BK) getur ekki nefnt nöfn, þá verða engar rógsögur frá honum teknar til greina. *(BK*: Jeg tek engar áskoranir frá hv. þm. (JJ) til greina). Þá geri jeg ráð fyrir, að þeir, sem farnir eru að nota þessar hviksögur sem sannanir, fari að hika við að halda áfram með það. Háttv. þm. (JJós) hefir ekki reynt að bera á móti því, að hjer eru taldir upp flestir af þeim hlutum, sem tilheyra útgerð, nema veiðarfæri, og ef frv. eins og það kemur fram á þskj. 462 ber ekki vott um, að svo sje, sem jeg hefi sagt, þá veit jeg ekki, hverjar sannanir fram á að færa, því að það getur engin stjett komist undir þetta, nema með því að fara að nota salt, gjarðir, tunnur kol o. s. frv. Það hefir reyndar verið bætt fleiru inn í heldur en þeim hlutum, sem útvegsmenn nota, en jeg er búinn að sanna, að það hefir ekki verið bætt inn í það öðru en því, sem þeir, sem mestu hafa ráðið um það, hafa viljað, og sumir þeirra hafa meira að segja verið að hafa á móti því, að þær breytingar kæmu fram, einkum að lækka korntollinn. Það er alveg sýnilegt, að frv. þetta er komið fram til þess að ljetta undir með togaraeigendum. Það sýnir best tregðan á því að vilja lækka tollinn á kornvörum. Ennfremur hafði hv. þm. (JJós) talað dólpungslega um það, að báðir flokkar í hv. Nd. væru jafnt í sekt út af frv., en hann hefir nú rifað seglin aftur. Um stjettaríginn, sem hann var að tala um, þá byrjaði hann hjá þeim, sem komu fram með frv. fyrir sjerstaka stjett, fyrir þá, sem hafa þessa „óróleguþrá" eftir misfengnum peningum. Stjettarblærinn hefir fylgt frv. síðan það kom inn í þingið.

Í gær var sami hv. þm. (JJós) að berjast á móti gróðaskattinum, en nú berst hann fyrir eftirgjöf á tollum fyrir þá menn, sem gróðaskatturinn mundi lenda á. En hann hefir ekki minst á það einu orði að lækka toll á sykri eða kaffi. Jeg spurði hv. þm., hvort hann mundi hafa barist fyrir afnámi kolatollsins, ef kol væru aðeins flutt hingað til eldsneytis í húsum, en því hefir hann ekki svarað.

Þá kom skemtilegur kafli hjá hv. þm. um samvinnulögin. Hann vitnaði þar í merkt blað, sem líklega er „Stormur", því að það er sjálfsagt uppáhald manna með hans skapgerð. Og ennfremur mintist hann á kaupfjelagið, sem hv. 1. þm. G.-K. var að dylgja um. En sögumaður hefir nú sjálfur sannfært hann um, að sú saga er ósönn, því að hann vill ekki nefna, hvar fjelagið er. Svo sagði hv. þm., að samvinnulögin væru líklega einsdæmi í veraldarsögunni. Það er svo sem ekki von, að hann viti, að hliðstæð löggjöf hefir verið sett í flestum siðuðum löndum. Veit hann nokkuð, hvernig þessu er farið í Danmörku, Noregi, Englandi og Finnlandi? Í öllum þessum löndum eru hliðstæð lög við þessi lög okkar. Þar er ekki lagt á annað en verslun kaupfjelaga við utanfjelagsmenn. Og jeg skal meira að segja fræða hv. þm. á því, að það er til úrskurður frá dönskum ráðherra, Enevold Sörensen, um það, að ef fjelagar í kaupfjelögum fá tekjuafgang endurgreiddan, þá þurfi þeir ekki að telja það fram til skatts í Danmörku. Hann leit svo á, þessi ráðherra, að þetta væri sparnaður, en ekki gróði. Tekjur manna væru hinar sömu, en þeir hefðu aðeins sparað með þessu á hagkvæmri verslun. Þannig er ástandið í lönd-

unum í kringum okkur, að menn þurfa ekki einu sinni að telja fram til skatts sparnað sinn við að vera í kaupfjelagi. Hve lítils virði verður þá allur belgingurinn í hv. þm. Vestm.

Sem sagt, það, sem gerðist hjer 1921, var, að við fengum þá rjettarbót, sem löngu áður var veitt í nálægum löndum. Það segir sig sjálft, að kaupmenn eru andvígir þessu. En hjer í hv. deild eru þó enn nokkrir menn, sem greiddu lögunum atkvæði, svo sem hæstv. forseti (H-Steins). Einnig hv. 1. þm. G.-K. (BK), sem aldrei greiddi atkvæði á móti lögunum, en stundum með þeim, því að við sumar atkvæðagreiðslur voru greidd 14 atkv. (*BK*: Getur hv. þm. aldrei sagt satt?). Þetta stendur í þingtíðindunum og sýnir það, að hv. þm. var sannfærður þá um gildi laganna. Og hvað var eðlilegra en að hann greiddi þeim atkvæði, enda hefir hann gert það þegar saman voru 14 atkv., nema þá því aðeins að einhver andi hafi verið í „borðinu" og talað fyrir hans munn.

Jeg vona, að hv. þm. Vestm. verði nú rólegur, þegar hann hefir sjeð, hve mikið fylgi lögin höfðu 1921, er hans bestu flokksmenn voru þá lögunum fylgjandi.

Hv. þm. hefir nú lagt blessun sína yfir nýtt frv., sem fer alveg í sömu átt og samvinnulögin. Það er síldarsölufrumvarpið. Jeg mun nú hjálpa honum til þess að koma þessu máli fram, ef unt er, enda þótt mjer þyki skrítið af samkepnismönnum að bera það fram. Hvað stendur svo í þessu frv.? Það er sambland af landsverslun og samvinnu á hinn skemtilegasta hátt — þessu tvennu, sem samkepnismenn hafa hatað mest að undanförnu. Og svo breiðir hv. þm. Vestm. verndarhjúp um það frv., af því að það er til hagsmuna síldar-„spekúlöntum".

Þetta er sem sagt lögþvingaður samvinnufjelagsskapur, en hann á að hafa það fram yfir samvinnufjelögin að vera algerlega skattfrjáls. Jeg hefi ekkert á móti þessu. Ef fjelagsskapurinn er rjett rekinn, þá er vit í þessu, því að svo segir í frv., að stjórnin eigi að skila hverjum manni öllum síldarpeningum sínum, að frádregnum hæfilegum kostnaði.

Jeg ætla ekki að eyða miklum tíma í að tala um dæmið úr „Stormi". Maður verður að taka það með afföllum, eins og sagt er. (*BK*: Heldur hv. þm., að þar sje verið að ljúga?). Ja, háttv. 1. þm. G.-K. hefir sagt margt ósatt um samvinnufjelögin — fyrir sumt hefir hann verið dæmdur, en flest talið dautt og ómerkt. En mjer þykir ekkert undarlegt, þótt þessir 3 kaupmenn, sem talað er um í dæminu, greiði hærra útsvar en samvinnufjelagið. Þeir hirða allan gróðann af verslun sinni, en samvinnufjelagið skiftir honum milli fjelagsmanna sinna.

Öll rökstuðning, sem háttv. þm. (JJós) kom með í þessu sambandi, verður líka á móti síldarsölufrv. En jeg fer ekki að gera gys að hv. þm., þótt hann sje með því frv., en skattfrelsið fer alveg með allan þann vind, sem stefnt hefir verið að kaupfjelögunum í sambandi við þetta mál.

Jeg hefi áður bent hæstv. fjrh. á það gengisleysi, sem hann hefir sjerstaklega hent, bæði í gengismálinu og eins í seðlamálinu. Auðmýktin fer öllum vel, jafnvel ráðherrum.

Hæstv. fjrh. sagði, að jeg hugsaði skakt, því að jeg hefði verið að tala um „eftirgjöf á skatti". Þetta er nokkurskonar eftirgjöf, sem farið er fram á í frv., vegna þess að ekki er öðrum gefið eftir en útgerðarmönnum. Og það er nærri því ½ miljón króna, sem lækkunin nemur, og kemur aðeins til góða fáum fyrirtækjum.

Það hefði þó virst eðlilegra, að hæstv. ráðh. hefði hugsað um hlutfallslega skattalinun handa öllum stjettum. Í fyrra gekk hann erinda útgerðarmanna með því að fá lækkaðan tekjuskatt þeirra, en á því fjell hann. Nú er honum búin samskonar gröf með þessu frv., því að með því er engin tilraun um rjettlæti, heldur aðeins ranglæti.

Hæstv. ráðherra sagði, að það þýddi ekki að vera að tala um lækkun sykurtolls nje verðtolls á fataefnum, sem því miður eru flutt mestmegnis inn (sbr. „þrír því miður Íhaldsmenn", eins og stóð í Morgunblaðinu). Jú, í staðinn fyrir að reyna að lækka verðtoll á vefnaðarvörum, sem kemur mjög illa og misjafnt niður, hefir hæstv. ráðh. hjálpað til þess að spilla honum frá því, sem áður var, því að hann þurkaði út þær lagfæringar, sem þessi hv. deild gerði í því efni áður.

Þá segir hæstv. ráðh., að gengishækkunin rjettlæti það, að þessi tilslökun á vörutolli sje gerð. Jú, það er nú líklega af því, að gengishækkunin hefir hálfdrepið atvinnuvegina, og að hæstv. ráðh. á sjálfur sök á því, að honum finst nú ástæða til að ljetta sköttum af atvinnuvegunum. En þá vil jeg spyrja, — hvar er eftirgjöfin handa bændum? Hæstv. ráðherra hefir bónda sem annan mann á landskjörslista með sjer, og þess vegna væri gott, að hann sýndi bændum, hvaða fríðindi þeim eru ætluð í sambandi við vörutollslækkun á kolum, salti, tunnum, tunnubotnum og tunnugjörðum.

Það er öllum ljóst — nema ef til vill hæstv. fjrh. — að framleiðendur, bæði á sjó og landi, hafa tapað á gengishækkuninni, enda getur hann sjeð á því, sem gerðist í gengismálinu í hv. Nd., hvern hug menn bera til hans fyrir það mál. Í dagskrártillögunni stóð, að ekki ættu að verða verulegar breytingar á gengi krónunnar, en þetta „verulega" var felt úr till. með 17 shlj. atkv., og þar með útilokaðar þær breytingar, er hæstv. fjrh. vill hafa í hækkunaráttina.

Síðan kom hæstv. fjrh. að því, að gengishækkun væri skaðleg fyrir framleiðendur, en góð fyrir lausamenn og verkalýð. Í Englandi er nú sjón sögu ríkari um það, hvað hann hefir þar mikið til síns máls. Síðan gengishækkunin kom þar, hafa Englendingar ekki verið samkepnisfærir á kolamarkaðinum, nema því aðeins, að fært væri niður kaup verkamanna. En verkamenn gátu ekki fært niður kaupið. Því er nú svo komið, að England hefir aldrei verið í jafnmikilli hættu síðan á 17. öld, að því er stjórnin þar segir. Þar kemur hið sama fram og í öllum öðrum löndum, þar sem gengishækkun er, að það er ómögulegt að láta þá, sem á henni græða, láta gróða sinn af höndum. Eða hvernig er það t. d. með húseigendur hjer í Reykjavík? Hafa þeir kannske lækkað húsaleigu, þótt krónan hafi hækkað?

Hæstv. ráðh. var að tala um, að ekki væri hyggilegt að knýja inn peninga í ríkissjóð, því að það væri hvöt til eyðslu. Jeg vil benda honum á grein, sem stóð í „Lögrjettu" 1908, 10. blaði. Þar segir núv. hæstv. ráðh., að það sjeu efnamennirnir, sem haldi um pyngjuna og vilji ekki neinar framfarir í landinu. Það sjeu framfaramennirnir, sem reyni að draga fje í ríkissjóð. Hver getur nú betur svarað hæstv. ráðh. en þessi grein, því að í hvert sinn, sem hann heldur ræðu, kemur þessi svipur frá 1908 og eyðileggur öll rök, sem hann kemur með.

Hæstv. fjrh. vildi láta drepa strandferðaskipið í Nd. Hann sagðist samt ekki vera á móti strandferðaskipi, svo að hann er þá vonandi farinn að bæta ráð sitt. Þá

sagði hann ennfremur, að hann hefði ekki haft svigrúm til að koma þekkingu sinni hjer að. Jeg vil benda hæstv. fjrh. á það, að fyrir þrem árum deildum við í blöðunum um fyrirkomulag strandferðaskips. Nú hefir reynslan sannað það, sem jeg hjelt þá fram, en ósannað málstað hæstv. fjrh. Hann vildi sem sje, að Esja hefði aðallega vöruflutningsrúm, en lítið farþegarúm. En ef hann hefði sjeð Esju fara áðan, mundi hann hafa játað, að ekki væri nægilegt að hafa farþegarúm fyrir 40—50 farþega og láta allan fjöldann kúra í lest milli síldartunna. Jeg býst við því, ef hæstv. fjrh. þyrfti sjálfur að ferðast með Esju, að hann yrði ekki ákaflega glaður yfir því að vera í lestinni. Reynslan hefir sýnt, að hjer vantar tilfinnanlega strandferðaskip, er flytji fólk aðallega. Það á að koma í stað járnbrautar milli hinna dreifðu bygða.

Hæstv. fjrh. hefði ekki átt að minnast á skoðanaskifti. Dómur reynslunnar er fallinn og hefir fallið á hæstv. fjrh. Það vildi nú svo til, að jeg hafði aðstöðu til þess að ráða meiru um fyrirkomulag strandferðaskipsins en hæstv. fjrh. Er það því mjer að þakka ásamt öðrum framsóknarmönnum, að Esja hefir getað bætt úr sárustu þörf manna að komast í kringum land.

Jeg vil segja, að það væri þinginu sæmra, ef samþykt hefði verið í hv. Nd. till. um strandferðaskipið, en að ætla nú að samþ. þessa tollaívilnun hjer óbreytta. Það væri sannarlega þarfara að bæta úr samgönguþörf 15 sýslna, í stað þess að gefa þessa „gjöf".

Jeg fjekk nýlega brjef frá mætum manni í Barðastrandarsýslu, og segir hann, að menn sjeu þar afarilla settir um allar samgöngur, en hann bætir því við, að sýslubúar mundu verða ákaflega þakklátir, ef þeir gætu fengið skipakomu á eina 4 staði þar vestra. Þegar nú 15 sýslur eiga við svipaða örðugleika að stríða, verður vafasamt að segja, hvort liggur nær að geta eftir þessar 400 þús. kr. eða fá skipið.

Um laxveiðina á Hvammstanga reyndi hæstv. fjrh. ekki að segja neitt, enda þýddi það ekkert fyrir hann.

Jeg býst nú við, að hv. 1. þm. G.-K. vilji reyna að bera hönd fyrir höfuð sjer viðvíkjandi því, sem jeg sagði um fylgi hans við samvinnulögin. Þau voru samþykt, eins og menn muna, með 14 atkv.

Jeg vona, að hæstv. forseti misvirði það ekki, þar sem jeg er dauður og get ekki svarað fyrir mig, þótt jeg komi að þessu aftur við umr. um næsta mál, síldarmálið, enda er þar líka um einskonar samvinnufjelag að ræða.

Björn Kristjánsson: Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í þessar umr., en vildi þó víkja örfáum orðum að háttv. 3. landsk. út af því, sem hann sagði um afgreiðslu samvinnulaganna. *(JJ*: Við 2. umr.). Við 2. umr. samvinnulaganna 1921 voru ekki málalok, svo að frásögn hans um, að jeg hafi greitt þeim lögum atkvæði út úr deildinni, er röng.

Háttv. 3. landsk. segir, að jeg hafi samþykt þetta mál. En til þess að geta sagt þetta, má hann til með að skrökva. Honum er það áskapað. Hann skrifaði um þetta í „Tímann" fyrir nokkrum árum. Jeg svaraði því þá og skýrði rjett frá málavöxtum. En þrátt fyrir það segir hann þetta nú. — Báðir aðalflokkar þingsins voru eindregnir í því að samþykkja samvinnulögin. Það þýddi því ekkert fyrir mig einan að vera að setja mig á móti því, því jeg stóð einn. Það er satt, að jeg greiddi frv. atkv. til 3. umr., en það gera menn svo oft, enda þótt þeir sjeu í raun

og veru á móti máli því, sem um ræðir. Jeg bjóst við, að menn myndu kannske átta sig betur á málinu.

Í B-deild Alþt. 1921 stendur á bls. 1743: „Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.“ Þarna sjá menn, að enn einu sinni hefir háttv. 3. landsk. skrökvað þessu. (*JJ*: Hv. þm. játaði þó, að hann hefði greitt frv. atkv. við 2. umr.). En getur ekki háttv. 3. landsk. skilið það, að úrslit málsins eru ekki við 2. umr., og um úrslit málsins var hann fyrst að tala. Nei, hann getur bara aldrei sagt satt, enda hefir hann, eftir því sem stjórnarblaðið Vörður skýrir frá, skrökvað vísvitandi upp sömu ósannindum *sex sinnum* um eitt og sama atriði. Þetta er honum meðskapaður galli, sem hann getur ekki losnað við.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer finst ekki, að háttv. 3. landsk. (JJ) farist að tala um gengisleysi mitt í gengismálinu og seðlamálinu. Jeg hefi ástæðu til að vera ánægður með úrslit gengismálsins í Nd., og jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (JJ) sje það einnig. Fyrir stuttu síðan var hann hækkunarmaður eins og aðrir sósíalistar, en svo hefir hann verið látinn breyta um skoðun í þessu máli. Hann var svo heppinn, eða öllu heldur óheppinn, að nefna bankamálið. Hann hefir verið jafnliðugur að skifta um skoðun þar. Í hitteðfyrra var hann með því, að Landsbankinn fengi seðlaútgáfurjettinn, í fyrra var hann á móti því, en nú er hann með því aftur. Hvar verður hann næsta ár, úr því að afgreiðsla þessa máls bíður nú í eitt ár enn?

Hv. 3. landsk. endurtók þá staðhæfingu sína, að sú breyting á vörutollslögunum, sem hjer er farið fram á, fæli í sjer meira ranglæti en rjettlæti. En hann kom ekki fram með eina einustu röksemd. Hann spurði aðeins: Hver er skattalinun bænda-anna? Það er satt að vísu, að hún er ekki stór að vöxtunum til. En þó hefir ekki verið gengið framhjá þeim. Má þar nefna tollinn af kjöttunnum og korntollinn. En ef á að lina skattana, þá verður linunin að koma þar fram, sem skattarnir eru fyrir. Bændastjettin ber ekki svo mikla skatta, að hægt sje að veita þeim skattaívilnanir, sem stórri upphæð nemi. Ef linunin á að vera rjettlát, verður hún að koma þar niður, sem skattarnir eru þyngstir. Er það líka gert hjer.

Þá mintist háttv. þm. á ástandið í Englandi, verkfallið og óeirðirnar, og sló fram þeirri staðhæfingu, að það stafaði alt af gengishækkun enskra peninga. En þetta sýnir aðeins framúrskarandi ókunnugleik háttv. þm. á þeirri margþættu orsök, sem leiddi til þess, að kolanámurnar á Bretlandi urðu ekki samkepnisfærar við kolanámurnar á meginlandinu.

Háttv. 3. landsk. nefndi loks Lögrjettugreinina frá 1908. En þótt ótrúlegt megi virðast, þori jeg að fullyrða, að jeg var ekki þar að ræða um frv. það, er nú liggur fyrir. En það er nú svo um þennan háttv. þm., að hann er vanur að þenja sig í hvaða máli sem er yfir alla tíma, fortíð, nútíð og framtíð, og um alt rúm, yfir lönd og heimsálfur. Þetta er ekki minn háttur, og síst var jeg fyrir 18 árum að ræða það mál, er hjer liggur fyrir. En jeg get sagt hv. þm. það, að mjer væri ánægja að taka upp umræður um þessa Lögrjettugrein á þingmálafundum og frammi fyrir kjósendum. Það kom fyrir einu sinni, að „hálfbróðir“ hv. 3. landsk. í hinu pólitíska lífi, sósíalisti nokkur, var í kjöri í einu kjördæmi hjer á landi. Hann mintist eitt sinn á kjósendafundi á þessa umræddu grein, og tók jeg upp umræður

um hana með þeim árangri, að þessi „hálfbróðir“ hv. 3. landsk. þorði ekki að nefna hana á næstu þrem fundunum. Þegar hann svo á fjórða eða fimta fundinum var mintur á hana, reyndi hann að koma að hinu sama efni, en það varð þá mjög lítilfjörlegt í höndum hans. Og jeg skal lofa þessum hv. þm. því, að hann skal fá sömu meðhöndlun hjá mjer og hinn pólitíski „hálfbróðir“ hans fjekk forðum. En af því að mál þetta liggur ekki fyrir nú, ætla jeg ekki að halda hina fyrirhuguðu ræðu, en jeg mun hafa þá ánægju að hryggja hv. 3. landsk. með henni er á kjósendafund kemur.

Það er naumast staður nje stund til þess að leiða rök á móti rökum í strandferðaskipsmálinu. En þegar háttv. 3. landsk. er að montast yfir reynslunni og yfir því, hve ráð hans hafa dugað vel, þá kemur það til af því, að hann er ekki eins kunnugur reynslunni og hann er hrifinn af sínum eigin tillögum. Því að það vita allir, nema að líkindum hann einn, að lestarrúmið á Esju er svo lítið, að hún getur alls ekki fullnægt vöruflutningaþörf landsmanna. Í hverri ferð verður hún að skilja eftir vörur alt að því til hálfs landsins, og skipið er stundum orðið fult hálfum mánuði áður en það leggur í strandferð.

Nú er það ráð upp tekið að láta Esju standa í naustum nokkurn hluta ársins. Hefði það þá verið nokkurt óráð, sem jeg hjelt fram, að hafa skipið svo stórt, að það gæti verið í millilandaferðum þann tíma? Þörf landsmanna hefði þolað það, þótt skipið hefði haft nokkuð meira vörurúm, svo að það gæti siglt milli Íslands og útlanda þann tíma, sem það væri ekki í strandferðum.

Þá fór hv. 3. landsk. að tala um laxinn á Hvammstanga. Jeg veit ekki, hvort það verður nokkur dýrðarljómi, sem sú reynsla veltir yfir Esju, að hún er nú búin að sigla fram á þennan dag án þess að hafa gefið möguleika til þess að nota strandferðir hennar til þess að koma laxinum á markaðinn. Það hefði ekki sakað, þótt skipið hefði verið dálítið stærra og þá útbúið með kælirúmi, svo að nota mætti góðu ferðirnar til þess að koma afurðum landsins á markað nógu fljótt.

Loks fór háttv. 3. landsk. að tala um litla skipið, sem á að koma við á 4 höfnum í Barðastrandarsýslu og ef til vill á fleiri höfnum við Breiðafjörð og fullnægja samgönguþörf manna þar vestra. Ætli það yrði nú ekki stundum þröngt á því litla skipi, sem ætti að sigla á allar hafnir í Barðastrandarsýslu og inn á þá firði um alt land, sem venjuleg skip geta ekki komið? Jeg býst við, að það væri betra fyrir Barðstrendinga að þoka samgöngumálum sínum áfram eftir þeirri leið, sem háttv. þm. Barð. (HK) beitir sjer fyrir, sem sje að fá hafilegt skip, sem annist flutninga milli Reykjavíkur og Breiðafjarðarhafnanna. En jeg held, að hinum 15 sýslum, sem hv. þm. talaði um, væri ekki mikill greiði gerður með því að láta Barðastrandarbátinn hlaupa á milli þeirri, ef hann má þá einhverntíma missa sig þar vestra.

Mjer sýnist yfirleitt alt, sem háttv. 3. landsk. hefir sagt, benda á það, að í þessu máli eru skoðanir hans bygðar á lítilli rannsókn og á enn minni þekkingu.

Frsm. minni hl. (Jónas Jónsson): Sú athugasemd hæstv. fjrh., að jeg hafi skift um skoðun í landsbankamálinu mun stafa af því, að hann er eitthvað illa fyrirkallaður. Hæstv. ráðherra hlýtur að vera kunnugt, að þegar málið var fyrst borið fram, þá tókum við hv. 2. þm. S.-M. (IP) það fram, að við myndum gera brtt. um

æðstu stjórn bankans, þegar málið kæmi síðar til umræðu. Í fyrra varð að samkomulagi í fjhn. að gera till. um að rannsaka þetta betur, og þá vakti aðallega fyrir okkur framsóknarmönnum að finna hið besta skipulag á stjórn bankans. Nú veit hæstv. fjrh., að þessi rannsókn hefir verið gerð. Þetta er því aðeins af því, að hæstv. ráðh. er úrillur, af því að flokksmenn hans hafa neitað að styðja hann í þessu máli, að hann slær út í þessa sálma.

Hæstv. ráðh. taldi, að ekki þyrfti að ljetta sköttum á bændum, þeir hefðu svo ljetta skatta. Þeir borga þó margskonar neysluskatta, og maður hefir ekki orðið var við, að ljett væri á þeim sköttum, eins og hæstv. ráðh. var að segja.

Hæstv. ráðherra neitaði því, að kolaverkfallið á Englandi væri afleiðing af genginu, — sagði, að þar væru fleiri ástæður. Jú, sennilega einhverjar fleiri. En engum manni á Englandi blandast hugur um það, að gengið sje aðalatriðið. Jeg get sagt hæstv. fjrh. það, að jeg talaði í sumar við menn í Finnlandi, eftir að búið var að ákveða stöðvun myntarinnar. Þeir sögðu: „Við þorum ekki að hækka markið. Það myndi alt loga upp í verkföllum og verkbönnum um leið og myntin breyttist.“ Þessu hefir líka verið spáð af mönnum eins og Keynes, að svona hlyti það að fara. Gengisbreytingin er aðalástæðan. Það, sem barist er um, er þetta: Eiga verkamenn að geta haldið sama kaupi eða eiga námueigendur að halda sama skipulagi, en lækka kaupið?

Viðvíkjandi útskýringu minni á íhaldinu, skal jeg geta þess, að jeg vitnaði aðeins til orða hæstv. ráðh. og sagðist hafa sömu skoðun. Mjer skilst, að hæstv. ráðh. hafi látið í ljós, að hann hafi verið ungur og reiður, er hann sagði hin frægu orð 1908. Hann um það. Jeg hefi aðeins látið hann njóta þess altaf, þegar jeg hefi minst á þetta, að mjer finnist hann hafa í þetta skifti betur en endranær hitt naglann á höfuðið.

Okkar deilumál um strandferðir er ósköp einfalt. Jeg hjelt því fram, að strandferðaskipið ætti að vera fyrst og fremst farþegaskip. Hæstv. ráðherra vildi flutningaskip, og það stórt, sem gæti víst tekið sement og timbur á smáhafnir fyrir Jón Þorláksson og Norðmann. En hitt, að Esja liggur marga mánuði í naustum, hefir verið hæstv. fjrh. að kenna; hann hefir ekki tímt að láta skipið fara nauðsynlegar ferðir. Nú er í hv. Nd. verið að heimta, að Esja haldi áfram allan veturinn. Það heimtar fólkið úti um landið. Hæstv. ráðherra skilur það ekki, að fólkið fyrir austan og norðan sættir sig ekki við að vera marga mánuði án skipasamgangna. Náttúrlega vill hann hafa möguleika til að koma vörum hjeðan nægilega oft; það vilja allir heildsalar. Þá möguleika vill hann því auka.

Annars gefst mjer tækifæri til að tala um strandferðir síðar. En af því að það var mikið spursmál, hvað við ættum að gera við þetta fje, þá endurtek jeg, að ef átt hefði að lækka skatta, þá væri rjettlátt að láta lækkunina ná nokkurnveginn rjettlátlega til allra stjetta. En þessi lækkun er ranglát, því að hún nær svo að segja eingöngu til fámennrar, efnaðrar stjettar

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Ef hv. frsm. minni hl. hefði ekki varið svo sem 20 orðum af ræðu sinni til að minna á frv., þá hefði verið ástæða til að taka það fram við hv. deildarmenn, hvaða mál er hjer til umræðu, — svo langan tíma óð hann elginn um algerlega óskyld efni. En

það er farið að verða einskonar bragð hjá þessum hv. þm., þegar hann er rökþrota, að spranga svona út um heima og geima og grípa bara eitthvað og eitthvað. Þetta getur nú verið stríðslist dálitla stund, en það líður aldrei á löngu, að hún verði uppgötvuð af andstæðingunum.

Hv. þm. hefir alveg láðst að sýna nokkur rök fyrir, að þetta frv. sje aðeins fyrir fámenna stjett í landinu. Enda þyrfti öllu snjallari ræðumann en hann til að sanna fyrir háttv. deild, að vara eins og kol væru aðeins handa fámennri stjett og verð á henni kæmi eiginlega ekki almenningi við.

Út af því, sem jeg sagði um samvinnufjelögin og var bein afleiðing af áskorun hv. þm., þá flýtti hann sjer að vitna til margra landa, þar sem hann sagði, að samskonar lög væru til. Hann gerði auðvitað ráð fyrir, að enginn annar myndi vita um þetta en hann. En þó að slík löggjöf væri til eða hefði verið til í þeim löndum, sem hann nefndi, þá er það í raun og veru engin fullgild sönnun fyrir því, að sú stefna í skattamálum hjá samvinnufjelögunum, er þar kemur fram, sje rjettlát eftir staðháttum hjer á landi. Reynslan hefir sýnt það með hverju ári, sem líður, síðan þessi stefna hefir komið upp í skattamálum hjer, að hún er mjög varhugaverð og verður ranglát í mörgum tilfellum. Á þessu er að smábóla úti um landið, sem er eðlilegt. Hreppar, sem mikil útgjöld hafa, finna mjög til þess, að þeim er ómögulegt að ná til þessara stóru fjelaga, vegna laga, sem sett eru til að vernda hagsmuni þeirra.

Jeg skal taka það fram, að jeg átti áðan aðeins við, að hv. þm. hefði ekki rjett til að gera ráð fyrir því fyrirfram, að meiri hl. fjhn. notaði vísvitandi rangar forsendur. Þá var hann að nefna með nöfnum og lýsa ástandi þriggja manna í fjhn. Þetta er bardagaaðferð þessa háttv. þm. Hann getur aldrei haldið sig við málefnið án þess að draga inn í umr. persónur andstæðinga sinna; því nær sem hann kemst þeirra einkalífi og högum, því áhrifameiri finst honum sín aðferð. En yfir höfuð er þetta ekki viðurkent heppilegt í stjórnmálabaráttu, að geta aldrei talað um málefnin sjálf, heldur blanda inn í umr. því, sem ekkert skiftir máli, svo sem einkahag einstakra manna.

Björn Kristjánsson: Jeg gleymdi að svara ofurlitlu atriði viðvíkjandi kaupfjelagsstjóranum, sem hv. 3. landsk. spurði um. Jeg tók þá fram í umræðunum, að jeg ætlaði alls ekki að nefna nein nöfn, — hefi aldrei gert það í minni þingtíð, þó að jeg hafi sett dálítið út á gerðir einstakra manna. En jeg vil aðeins segja honum það, að hann er alinn upp undir handarjaðri hv. 3. landsk. og er hreinræktaður bolseviki eins og hann.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er ekki gustuk að hella úr fleiri skálum yfir hv. 3. landsk. en þegar er gert. Jeg ætla þess vegna aðeins að taka það fram, að strandferðaskip eins og t. d. „Esja“ þarf helst að geta flutt fleira en vörur frá kaupmönnum í Reykjavík út um landið. Það væri ekki óviðeigandi til dæmis, að bændur gætu sent með þessu skipi eitthvað af lifandi peningi, svo sem stórgripum, ef þeir vildu nota sjer þann góða sumarmarkað í Reykjavík.

Það er eitt af meistarastykkjum höfunda þessa strandferðaskips, að það hefir ekki enn getað flutt einn einasta stórgrip milli hafna, af því að hvergi er hægt að koma slíkri skepnu fyrir í skipinu svo forsvaranlegt sje.

Þó að þetta vanti á „Esju“, farmrými

og kælirúm fyrir vörur bænda, þá er ekki víst, að rjetta úrlausn málsins sje að efna til skips, sem geti tekið það, sem vantar á að „Esja“ hafi verið skynsamlega bygð. Það gæti verið ástæða til að hafa nú eitthvað ofurlítið myndarlegri hugmynd um það, hverjar þarfir landsmanna muni verða í framtíðinni til að koma vörum að sjer og frá sjer með slíku strandferðaskipi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BK, EP, GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, HSteins.

nei: EÁ, JJ, ÁH.

Tveir þm. (GuðmÓ, IP) fjarstaddir.

2.—3. gr. samþ. með 10:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Á 76. fundi í Ed., föstudaginn 14. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 462).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JM, SE, BK, GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, HSteins.

nei: JJ, ÁH, EÁ, GuðmÓ, IP.

EP greiddi ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 597).

---

26. Kosningar til Alþingis.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis (þmfrv., A. 87).

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Jónsson: Þetta er málið, sem jeg mintist á áðan, og hefi engu við það að bæta, en legg til, að það fái að ganga til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 87, n. 104).

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Það er sama um þetta mál að segja og síðasta mál. Breyting sú, sem þetta frv. fer fram á, kemur af því, að tíminn til þess að semja alþingiskjörskrá hjer er of naumur eins og nú er, sem sje til 1. febr., og er því farið fram á, að hann sje framlengdur til 1. mars. Breytingarnar á 2. gr. frv. leiða af þessari breytingu í 1. gr. Þetta er mjög einfalt mál og óbrotið, og vænti jeg því, að hv. þingdeildarmenn sjái, að breyting þessi er sjálfsögð, og leyfi frv. þessu fram að ganga án frekari málalenginga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 12. mars, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 87).

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 15. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 87, n. 214).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki að bæta miklu við það, sem stendur í áliti nefndarinnar á þskj. 214. Nefndin leggur til, að gerð sje breyting við þetta frv., þótt hún fallist að öðru leyti á það. Í frv. er gert ráð fyrir, að tími sá, sem þarf til þess að búa til kjörskrá, sje lengdur fyrir Reykjavík eina um einn mánuð. Nefndin getur nú ekki sjeð, að vert sje að gera breytingu á lögunum sem sjerstök lög fyrir Reykjavík, því að það getur vel verið samræmi í að hafa þetta þannig fyrir alt landið. Þótt þörfin sje ef til vill mest í Reykjavík, eins og í brjefi borgarstjóra er haldið fram, þá er enginn vafi á, að þessi tími er alt of stuttur fyrir ýmsa kaupstaði, og jafnvel sveitirnar líka. Við sjáum ekkert því til fyrirstöðu að lengja þennan tíma alment um einn mánuð.

Allshn. leggur því til, að frv. verði samþ. með slíkri breytingu, og sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið.

ATKVGR.

Brtt. 214,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

— 214,2 (ný 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 243).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 45. fundi í Nd., miðvikudaginn 31. mars, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Frsm. (Pjetur Þórðarson): Eins og hv. þdm. mun reka minni til, er frv. þetta, sem upphaflega er borið fram af hv. þm. Reykv., aðallega breyting á kosningalögunum að því er snertir Reykjavík, og er sú breyting fólgin í eins mánaðar tilfærslu á þeim tíma, sem kjörskrár eiga að vera tilbúnar á, þannig að tíminn er lengdur um einn mánuð. Nú hefir hv. Ed. breytt frv. þannig, að hún hefir numið burt þessi ákvæði fyrir Reykjavík sjerstaklega og komið því þannig fyrir, að þau gilda yfir

land alt. Nefndin hefir athugað þessar breytingar Ed., og álítur hún, að að sönnu hafi engin nauðsyn borið til þess að láta þetta gilda úti um land, en þó sje það ekki lakara. Fellst hún því á, að frv. verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 265).

27. Vjelgæsla á gufuskipum.

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 6. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum (þmfrv., A. 95).

Á 25. fundi í Nd., mánudaginn 8. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Eins og getið er um í greinargerð fyrir þessu frv., þá er það flutt af sjútvn. eftir tilmælum hæstv. atvrh. (MG). En ástæðan fyrir því, að frv. er fram komið, er sú, að okkur vantar tilfinnanlega menn, sem fullnægja skilyrðum til þess að geta orðið vjelstjórar samkv. lögum frá 1915. Í þeim lögum er stjórninni gert heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum laganna. Vissum skilyrðum verður auðvitað að fullnægja, en stjórnin getur veitt undanþágu undan sumum og gefið bráðabirgðaskírteini til eins árs í senn. En þessi heimild var tímatakmörkuð og er nú útrunnin, að nokkru fyrir 4—5 árum, en að fullu 1925.

Árið 1915 er það auðsjáanlegt, að þingið hefir ætlast til þess, að þegar komið væri fram á árið 1925, myndi vera nóg af vjelstjórum til í landinu. Þess vegna voru lögin þannig útbúin, að heimildin gilti ekki lengur. En raunin er önnur, því að það vantar líklega nú sem stendur um ⅓ þeirra vjelstjóra, sem við þurfum að nota fyrir flotann, ef við ættum að fylgja strangt fram þeim skilyrðum fyrir vjelstjóraskírteinum og rjettindum vjelstjóra.

Mjer hefir talist svo til, að það væru til um 80 gufuskip hjer á landi. Að vísu munu þau ekki vera öll í gangi, en þegar þau eru sem flest í gangi, þá verðum við annaðhvort að fá menn að, sem svipaða kunnáttu hafa og okkar vjelstjórar, eða veita okkar mönnum, sem til þessa starfs virðast hæfir, undanþágu. Eftir því, sem vjelstjórar hafa sagt mjer, þá eru það tiltölulega fá skip af fiskiflotanum, sem ekki hafa menn innanborðs með einhverja undanþágu. Þetta eru auðvitað ástæðurnar til þess, að hæstv. atvrh. hefir farið fram á, að ráðuneytinu sje áfram veitt heimild að veita mönnum undanþágu frá lögunum frá 1915. Fjölgun vjelstjóra hjá okkur nú um nokkur ár er alls ekki svo lítil. Árlega hafa bæst við í hópinn 8—10 manna. En flotinn okkar hefir aukist örar en sem því svarar, svo að það virðist altaf meiri og meiri hörgull á vjelstjórum.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið að þessu sinni, og sje ekki heldur ástæðu til, að málinu verði vísað í nefnd. En jeg mun biðja sjútvn. að athuga þetta mál til 2. umr., því að jeg er hræddur um, að undanþágurnar sjeu ekki nógu víðtækar, þurfi að vera víðtækari vegna þess, að vjelarnar í togurunum eru stærri nú síðustu árin.

Jeg leyfi mjer svo að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil leyfa mjer að þakka hv. sjútvn., að hún hefir flutt þetta frv. Það hefir losað mig við nokkra fyrirhöfn.

Jeg skal geta þess, að mjer þykir vænt um, að hv. nefnd vill athuga frv. betur milli umræðnanna. Því það má vel vera, að heimildin til undanþágu sje ekki nægilega víðtæk í frv. Jeg býst nú við, að aukning togaraflotans muni stöðvast, í bili að minsta kosti. En það er náttúrlega gott að hugsa vel fyrir framtíðinni. Og jeg verð að segja, að það er leiðinlegt fyrir stjórnina að hafa ekki næga heimild til undanþágu, þegar svo vill til sem nú, að það vantar ⅓ af vjelstjórum með prófi í landinu. Það er ekki ábyrgðarlaust fyrir stjórnina að gefa undanþágu án þess að hafa beina stoð í lögum. Þess vegna legg jeg mikla áherslu á, að frv. geti orðið að lögum á þessu þingi. Því að jeg er ekki alveg tryggur fyrir því, að ekki sje hægt að koma fram ábyrgð á hendur stjórnarinnar fyrir að veita undanþágu, sem ekki á vissa stoð í lögum, ef skipi vill eitthvað til.

Jeg vona, að hv. Alþingi sjái nauðsynina á að fá frv. í gegn á þessu þingi. Því ekki getur það verið tilgangurinn að reyna að hefta, að ⅓ skipaflota landsins geti stundað þá atvinnu, sem hann er ætlaður til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 95, 114).

Frsm. (Sigurjón Jónsson): Viðvíkjandi þessari litlu brtt. frá sjútvn. skal jeg taka það fram, að við nánari íhugun á lögunum frá 1915 sá nefndin, að fyrir gæti komið, að nauðsynlegt væri að fá rýmkaða heimild stjórnarinnar til undanþágu. Jeg gat þess við 1. umr., að lögin frá 1915 væru miðuð við það, að togararnir hefðu vjelar undir 700 hestöflum. En nú hefir þetta breyst á síðari árum þannig, að nokkrir togarar eru komnir með vjelar yfir 700 hestöfl, og síðast ekki alls fyrir löngu slíkir togarar bæst í hópinn. Á þessa togara með 800 hestafla vjelar fara svo einhverjir af betri vjelmeisturunum, sem hafa verið á togurunum með hinar minni vjelar, en þá vantar skilyrðin til þess að geta tekið við þeirri stöðu. Þá vantar að hafa verið undirmeistarar á skipum með yfir 700 hestafla vjelar. En til þess hafa þeir aldrei haft nein tækifæri. En 11. gr. laganna frá 1915 setur það sem skilyrði, að þeir hafi verið undirmeistarar á slíkum skipum. Því hefir sjútvn. skotið inn þeirri sjálfsögðu breytingu, að heimild sú, er stjórninni er fengin, nái einnig til þeirrar greinar. Jeg skal taka það fram, að sjútvn. gengur að því sem sjálfsögðu, að stjórnin gæti allrar varkárni í slíkum undanþágum og ráðfæri sig við hina vjelfræðilegu ráðunauta um þessi efni.

ATKVGR.

Brtt. 114 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 12. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 122).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. sjávarútvegsnefnd neðri deildar flutti frv. þetta eftir tilmælum mínum. Ástæðan fyrir framkomu þess er sú, að eftir því, sem gufuskipafloti okkar er nú, mun þurfa um 150 vjelstjóra. En nú munu ekki til nema 100 menn, sem vjelstjórarjett hafa samkvæmt lögunum frá 1915.

Hefir því ekki verið um annað að ræða en að veita undanþágur, sem hæpið er, að hafi stoð í lögum, eða þá að öðrum kosti að leggja nokkurn hluta flotans upp. Frv. þetta er því til að ráða bót á þessum ágalla, sem alls ekki getur talist hættulaus, því að ef skip strandar og um er hægt að kenna vjelstjóra, sem fengið hefir undanþágu með hæpinni stoð í lögum, þá er ekki víst, hvernig vátryggingarfjelag, sem í hlut á, mundi bregðast við skaðabótakröfunni. Er því mikil nauðsyn á að fá skýra lagaheimild fyrir slíkum undanþágum.

Að umræðunni lokinni óska jeg, að málinu verði vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til sjútvn. með 9 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 122, n. 238).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frv. það, sem hjer liggur fyrir, er komið frá hv. Nd. og var flutt þar af sjútvn. eftir ósk stjórnarinnar. Sjútvn. þessarar deildar hefir athugað frv. og lagt til, að það verði samþ. óbreytt. Í greinargerð, er fylgdi frv. upphaflega, eru teknar fram ástæður þær, er valda því, að það er fram komið, og bent á, að í frv. felist nægileg trygging fyrir því, að heimild sú, sem farið er fram á að verði veitt, muni ekki verða misnotuð. Býst jeg við, að hv. þm. hafi athugað málið, og legg jeg því til, að það verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 266).

---

28. Veðurstofa.

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 11. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um veðurstofu á Íslandi (þmfrv., A. 128).

Á 30. fundi í Nd., laugardaginn 13. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 23 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Ólafur Thors): Eins og frv. ber með sjer, hefir sjútvn. lagt til, að sjerstök lög verði nú sett um stofnun veðurstofu á Íslandi. Þetta frv. er eiginlega gamall kunningi þessarar hv. deildar. Árið 1917 fluttu hæstv. forseti (BSv) og hv. núverandi 2. þm. Árn. (JörB) frv. á Alþingi, er segja má, að væri vísir til þessa frv., sem hjer er flutt. Var því tekið með kostum og kynjum í hv. Nd. og var samþykt þar, en fann ekki náð fyrir augum hv. Ed. og dagaði þar uppi. Árið 1918 var sama frv. flutt af hv. mentmn. Nd. Fór eins með það og áður, það fjekk góðar undirtektir í hv. Nd., en þegar það kom til hv. Ed., var því vísað til hæstv. stjórnar með rökstuddri dagskrá. Segir ekki af því síðan, en reyndin hefir orðið sú, að síðan 1919 hefir starfað hjer sjerstök veðurstofa, en án þess að hafa stoð í lögum. Hefir hún notið styrks úr ríkissjóði og síðastliðið ár fjekk hún 44 þús. kr. Er það að vísu mikil upphæð, en nægir þó hvergi til þess, að veðurstofan geti int af hendi hin nauðsynlegustu störf. Hefir sjútvn. því litið svo á, að annaðhvort beri að leggja þessa stofnun alveg niður eða að hækka styrkinn til hennar, svo að hún geti rækt vel sitt starf, og þegar nú til þess kemur að ákveða, hvorn kostinn skuli kjósa, er það að vonum, að spurt sje um reynslu annara þjóða í þessum efnum. Í 50 ár hafa veðurstofur starfað erlendis og hafa aðallega unnið að því að safna veðurfarsskýrslum, svo að hægt sje að sjá, hvaða áhrif veðurfarið hefir á afkomu atvinnuveganna og landshagi yfirleitt. Ennfremur hafa þær gefið út daglegar veðurspár. Veðurfræðin er í flestum menningarlöndum alveg sjerstök vísindagrein. Varð mikil framför í henni á stríðsárunum. Stöfuðu þær framfarir af því, að mikil alúð var þá lögð við veðurathuganirnar vegna þýðingar þeirra fyrir flughernaðinn, því að þar var einkum nauðsynlegt að vita nákvæmlega allar horfur veðurs. Eftir ófriðinn var haldinn alþjóðafundur til þess að koma skipulagi á rannsóknirnar. Var þar ákveðið að senda frá hverju landi veðurfregnir, sem önnur lönd gætu haft gott af. Hafa allir, sem þeirra hafa notið, álitið þessar veðurfregnir alveg ómissandi. Enda myndi ekki, eftir 50 ára reynslu, vera haldið áfram að efla og stækka veðurstofnanirnar og auka fjárframlög til þeirra, nema reynslan hefði verið sú, að mikill hagnaður hefði hlotist af þeim.

Nefndin hefir kynt sjer reynslu Norðmanna í þessu máli. Jeg vil leyfa mjer að lesa upp úr Iðunni kafla úr grein eftir Jón Eyþórsson veðurfræðing, en hann hefir undanfarið starfað á aðalveðurstofu Norðmanna, og er því manna kunnugastur málinu:

„Það er einróma álit sjómanna við vesturströnd Noregs, að stormvarnirnar sjeu mikil trygging fyrir líf þeirra og eignir. Venjulega er hægt að senda aðvörun 6—12 klst. áður en stormurinn skellur yfir, svo að nægur tími er til að bjarga veiðarfærunum og búa um skip fyrirfram,

Stormfregnirnar eru símaðar til allra símstöðva á strandlengju þeirri, sem búist er við, að stormurinn nái til.“

Þetta segir þessi kunnugi maður um athuganirnar í Noregi. Stendur líkt á þar og hjer, enda er langt síðan menn komu auga á nauðsyn athugananna hjer á landi. Síðan 1872 hafa Danir haft hjer á hendi veðurathuganir, þar til Íslendingar sjálfir tóku þær í sínar hendur árið 1919. En sú veðurstofa, sem hjer er nú, hefir átt við erfið kjör að búa. Aðeins fáir, lítt vanir menn hafa starfað við hana. Það má segja, að forstöðumaðurinn einn hafi verið fær um að gegna þessu starfi. En það er of mikið verk að ætla einum manni það, án þess að hann hafi nauðsynlega aðstoð. Telur hann sig sjálfur ekki geta það. Segi jeg þetta honum á engan hátt til miska, því að hann er að mínu áliti mjög gáfaður maður og duglegur í starfi sínu. Svo er á fleira að líta. Veðurstofan hefir of ófullkomin tæki, fær veðurfregnir frá alt of fáum stöðum á landi, fær of fá veðurskeyti frá útlöndum og frá alt of fáum skipum. Bagar það líka mikið að fá ekki skeyti frá Grænlandi, en vonandi rætist nú bráðlega úr því, enda er það með öllu nauðsynlegt, svo að telja má ókleift að vera sannspár um veður hjer á landi án slíkra skeyta.

Sjávarútvegsnefnd hefir talið nauðsynlegt að reyna að ráða bót á þessum meinum og hefir ætlast til, að þetta frv. yrði spor í þá átt. Eins og frv. ber með sjer, þá er ætlast til, að starfssvið veðurstofunnar verði einkum tvennskonar, fyrst að safna gögnum til rannsókna á loftslagi landsins og vinna úr veðurfarsskýrslum er sýni skilyrði þau og takmörk, sem veðráttan setur atvinnuvegum landsins, og í öðru lagi að senda út veðurspár. Veit hið fyrra að framtíðinni, en hið síðara að líðandi stund, og er gagnsemi þess auðskildari.

En til þess að sú hlið starfseminnar komi að fullu gagni, þá er einkum þrent nauðsynlegt: Að veðurspárnar sjeu rjettar, í öðru lagi að menn fari eftir þeim, og í þriðja lagi að þær svari kostnaði.

Um rjettar veðurspár er mest komið undir glöggum veðurfræðingum. Við höfum hingað til aðeins haft einn mann, en það er of lítið. En nú eigum við völ á öðrum manni. Er það ungur maður, fróður mjög í sinni grein. Hefir hann stundað háskólanám í veðurfræði og tekið gott próf. Hann hefir verið 5 síðustu árin á bestu veðurstofu Norðurlanda, veðurstofunni í Björgvin. Þekki jeg ekki manninn, hefi aðeins talað við hann lítillega, en kunnugir segja hann greindan mann og starfhæfan, og tel jeg til hagsmuna fyrir oss Íslendinga að hagnýta oss starfskrafta hans. En nú stendur svo, að líklegt er, að ef ekki verður undinn bráður bugur að því að festa hann hjer heima, þá festi hann rætur hjá Norðmönnum.

Það er ekki nóg að fá tvo góða veðurfræðinga. Þeim er aðstoð nauðsynleg. Það er jafnan mikið verk að vinna í stofunni; t. d. hefir það komið fyrir, að forstjórinn hafi orðið að vinna einsamall verk, sem annarsstaðar er álitið fullnóg 3 mönnum. Liggur þá í augum uppi, að verkið getur ekki orðið eins vel af hendi leyst og með þarf.

Einnig er nauðsynlegt að fá góðar og ábyggilegar frjettir. Það þarf að fjölga veðurathugunarstöðvum úti um land, búa þær að tækjum, hafa nákvæmt eftirlit með tækjunum og sjá um, að forstöðumenn athuganastöðvanna vinni verk sitt með nákvæmni. Ennfremur þarf veðurstofan að

fá frjettir frá nægilega mörgum löndum. Er nauðsynlegt, að veðurstofan hafi sæmilega góð móttökutæki loftskeyta, svo starfsmennirnir geti sjálfir tekið við skeytum hvaðanæfa að, en tæki þau, er veðurstofan hefir orðið að notast við, eru með öllu ónotandi. Ný tæki mundu ekki kosta meira en 4—5 þús., og ætlast sjútvn. til, að slík fjárveiting verði samþykt í sambandi við frv. nefndarinnar. Loks væri æskilegt, að veðurstofan fengi að staðaldri skeyti frá skipum í hafi, og er eigi ólíklegt, að með tímanum verði því komið í framkvæmd.

Verði nú vel fyrir öllu þessu sjeð, geta menn gert sjer góðar vonir um rjettar veðurspár, og er þá komið að öðrum lið þessa máls: hvort almenningur muni treysta á veðurspárnar og haga verkum sínum eftir því.

Fyrsta skilyrðið er að sjálfsögðu, að menn fái að vita um veðurspárnar í tæka tíð, en til þessa hafa verið vanhöld á því. Veðurskeyti og veðurspár hafa aðeins verið sendar til 1. og 2. flokks símstöðva og til skipa, er hafa tæki til að taka á móti skeytum. Jeg tel alveg sjálfsagt, að búið verði svo um hnútana, að veðurspárnar sjeu að staðaldri sendar til allra verstöðva og yfirleitt til allra þeirra, er ætla má að hafi gagn af þeim. Jeg geri mjer vonir um, að útvarpið reynist góður boðberi, og er ekki ólíklegt, að svo fari fyr en varir, að hver fleyta verði búin tækjum til móttöku á útvarpsfrjettum. Ætti þá veðurspám að vera útvarpað oft á dag. Til aðstoðar bátum, er eigi hafa móttökutæki, ætti að reisa merkjastöðvar nálægt verstöðvunum til viðvörunar, ef óveður er í vændum. Er þetta kostnaðarlítið, en nauðsynlegt, enda altítt með öðrum þjóðum.

Að sjálfsögðu verður eigi með vissu fullyrt, að menn hagnýti sjer veðurspárnar, en sú er trú nefndarinnar, að reynslan muni smákenna mönnum það, ef veðurspárnar að jafnaði rætast.

Þá er loks að athuga, hvort starfsemi veðurstofunnar svari kostnaði, ef veðurspár eru sannar og menn fara eftir þeim. Óþarft er að fjölyrða um þá hlið málsins. Þó skal á það bent, að mikill vinnusparnaður mundi fylgja sönnum veðurspám, sem farið væri eftir. Yrði það til hagsmuna bæði land- og sjávarbændum. Nefni jeg þar til hey- og fiskbreiðslu, en einkum kæmi þó slíkt að gagni smáútgerðinni. Tel jeg líklegt, að margur óþarfa róðurinn sparaðist, auk þess sem veiðarfæratap mundi minka. Alt er þetta þó smáræði eitt hjá hinu, ef takast mætti að draga úr þeim ógurlegu fórnum, sem íslenska þjóðin færir Ægi árlega.

Hjer er útræði víða hættumeira en títt er annarsstaðar. Á smáfleytum er sjósókn stunduð á djúpmið fyrir opnu hafi, og er líkast sem sjómennirnir íslensku kunni ekki að hræðast, enda er blóðtakan ægileg. Á árunum frá 1881—1910 druknuðu um 2100 manns hjer við strendur landsins, en um 680 frá 1914—1926. Það er ótvíræð skylda löggjafans að gera alt, sem í hans valdi stendur, til að tryggja líf sjóvíkinganna, og þegar ekki er meiru til kostað en hjer ræðir um, vildi jeg mega vænta skilnings og aðstoðar allra háttv. deildarmanna.

Jeg nota tækifærið til að leiða athygli að því, að Ísland mun vera eina menningarlandið, sem hefir áskilið sjer þóknun fyrir útsending veðurskeyta til annara landa. Gjald þetta, sem árlega mun nema um 24 þús. kr., hefir til þessa fallið til Mikla norræna ritsímafjelagsins, en á eftirleiðis að greiðast í ríkissjóð. Jeg leiði hjá mjer að dæma um, hverja sæmd vjer

hljótum af þessu, en bendi á hitt, að ef á annað borð á að taka þessa borgun, er rjett, að hún falli að einhverju leyti til veðurstofunnar, því að hún hefir allan tilkostnað og vinnu við að semja þessi skeyti.

Kostnaður við veðurstofuna er nú árlega um 40 þús. kr. Nefndin telur líklegt, að til þess að koma henni í viðunanlegt horf, þurfi vart meira fjárframlag en ca. 20 þús. í viðbót, eða um 60 þús. kr. alls, og væntir nefndin, að háttv. þingdeild verði sammála um að veita þetta, sem í sjálfu sjer er smávægilegt í samanburði við þann vinning, sem er í aðra hönd, bregðist veðurstofan ekki vonum manna.

Þó að starfsmönnum verði fjölgað við veðurstofuna, eiga þeir ekki að sitja þar auðum höndum, því að það er gert ráð fyrir, að þeir hafi þar að minsta kosti 8 klst. vinnudag, og er það talsvert lengri vinnutími en í öðrum opinberum stofnunun ríkisins. Þetta er ennfremur allströng vinna, og auk þess, sem unnið er í veðurstofunni, þurfa hinir veðurfróðu starfsmenn að kosta kapps um að fylgjast með í öllum nýjungum og framförum á sviði veðurfræðinnar, sem er ung fræðigrein ennþá og á fyrir höndum mikinn viðgang og mun verða, er fram líða stundir, með víðtækari og umfangsmestu vísindagreinum.

Nefndin hefir lagt til, að sjerstakt hús verði bygt handa veðurstofunni strax og ástæður leyfa. Húsið ætti að standa einhverstaðar á bersvæði og vera útbúið með öllum þeim tækjum og umbúnaði, sem nauðsynlegur er fyrir þessa stofnun. Nefndin hefir gert ráð fyrir, að forstjóri veðurstofunnar hefði þar frían bústað, en þangað til búið er að koma upp þessari byggingu, fái hann styrk til húsaleigu, sem jafngildi því, er sæmileg íbúð kostar hjer í Reykjavík.

Nefndin vill tryggja sjer, að hr. Jón Eyþórsson veðurfræðingur verði starfsmaður í veðurstofunni, en nú sem stendur á hann kost á embætti í Noregi, með hærri launum en hjer eru í boði. Þar fær hann um 8 þús. kr. á ári, sem fara hækkandi upp í 9—10 þús. og 500 kr., og auk þess svo góð húsaleigukjör, að svara mundi til 150—175 kr. húsaleigustyrks á mánuði. En laun þau, sem honum mundu verða boðin hjer, eru hvergi nærri sambærileg við þetta, og til þess að bæta ofurlítið úr þessu hefir nefndin stungið upp á húsaleiguhlunnindunum, sem ætlast er til, að falli að jöfnu núverandi forstjóra og herra Jóni Eyþórssyni, enda þótt lögin ákveði, að forstjórinn einn njóti þeirra.

Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þörf okkar Íslendinga fyrir öruggar og ábyggilegar veðurspár. Öllum er svo kunnugt, að fáar þjóðir heyja harðari baráttu við Ægi en við Íslendingar, því sjósókn hjeðan er miklu örðugri en víðast hvar annarsstaðar. Jeg get sagt það fyrir hönd allrar nefndarinnar, að ef þetta aukna fjárframlag fæst og veðurstofunni verður komið í það horf, sem hún telur æskilegt, þá er það sannfæring nefndarinnar, að eigi líði svo mörg ár, að veðurstofan sanni ekki ágæti sitt.

Við næstu umræðu hefir nefndin hugsað sjer að bera fram brtt. við e-lið 2. gr. frv., en frá því hirði jeg ekki að skýra frekar fyr en að því kemur.

Þar sem frv. kemur frá nefnd, tel jeg óþarft að vísa því til nefndar, og legg því til, að það fái að ganga áfram gegnum þessa hv. deild nefndarlaust.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. frsm. sjútvn. (ÓTh) sagði, þegar hann talaði um veðurskeyti hjeðan, að við Íslendingar værum eina þjóðin, sem tæki borgun fyrir

þau, og er þar rjett skýrt frá, en ástæðan er sú, að Mikla norræna hefir síðan 1905 haft einkarjett á öllum skeytasendingum hjeðan og seldi þess vegna skeytin. Það var líka rjett, sem hv. frsm. sagði um verð skeytanna. Það er á ári um 24 þús. kr., en nú, eftir hinum nýja ritsímasamningi, fellur þetta gjald til Mikla norræna niður, en þegar gerðir voru samningarnir við það fjelag, var gengið út frá því, að framvegis yrði samt haldið áfram að taka gjald fyrir þessi skeyti, og rynni það í ríkissjóð. Jeg hefi talað um þetta við forstjóra veðurstofu Dana, og hafði hann ekkert við það að athuga, en forstjórinn á sæti í miðstjórn alþjóðaveðurrannsókna. Hann viðurkendi, að hjer væru ýmsir örðugleikar á söfnun og útsendingu veðurskeyta, vegna afskektrar legu landsins og einangrunar.

Mjer skildist það á hv. frsm., að hann vildi láta andvirði skeytanna renna til veðurstofunnar, en jeg verð að vera því mótfallinn; jeg tel miklu rjettara, að það renni til landssímans. Það kemur þar fram meðal tekna símans, eins og jeg álít að rjettast sje. Að vísu mætti skifta þessu milli símans og veðurstofunnar.

Mjer þótti vænt um, að nefndin áætlaði, að ekki þyrfti meira framlag en 60 þús. kr. á ári; kostnaðaraukinn verður þá ekki fullar 20 þús. kr. árlega. Framlag til veðurstofunnar var hækkað á síðasta þingi upp í 40 þús. kr., en það hefir orðið sú raunin á, að veðurstofan þurfti meira fje, sem stafaði af því, að löggildingarstofan var lögð niður, en síðan hefir veðurstofan orðið hlutfallslega dýrari í rekstri.

Jeg álít, að frv. geti vel gengið áfram nefndarlaust, en jeg bið hv. sjútvn. að athuga vel erindi, sem henni verður sent mjög bráðlega og áhrærir 2. málsgr. 4. gr. frv., og jeg mælist til, að frv. komi ekki til næstu umr. fyr en nefndin hefir athugað umrætt erindi.

Frsm. (Ólafur Thors): Jeg skal taka það fram, að nefndin mun ekki gera ágreining út af gjaldinu fyrir veðurskeytin, úr því að hæstv. atvrh. vill heldur, að það renni til landssímans, og mun því nefndin sætta sig við, að svo sje. En hún biður þó athugað, að veðurstofan semur skeytin og á því nokkra kröfu til andvirðis þeirra.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal leyfa mjer að benda á, að tekjurnar af skeytunum eru „brúttó“ tekjur, en talsverður kostnaður við að smala þeim saman frá veðurstöðvum úti um land og senda þau hingað. Landssíminn á því einnig kröfu til þessa fjár, en það verður óþarft að þrátta um þetta, úr því að nefndin fellur frá kröfum sínum um þetta fje.

Forseti (BSv): Hv. frsm. sjútvn. (ÓTh) mæltist til þess, að frv. gengi gengum umræður nefndarlaust, og má það vel verða, en í þingsköpum er svo fyrir mælt, að fjárhagsleg atriði skuli bera undir álit fjárveitinganefnda, og verður því viðkunnanlegra, að sjútvn. leiti álits fjvn. um fjárhagsatriði frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv.

Á 35. og 36. fundi í Nd., dagana 19. og 20. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 22. mars, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 128, 160, 173).

Frsm. (Ólafur Thors): Jeg gat þess við 1. umr. málsins, að sjútvn. mundi flytja brtt. við þetta frv. Og sömuleiðis hafði hæstv. atvrh. (MG) látið þess getið við nefndina, að von væri á aths. frá sjer við 2. málsgr. 4. gr. frv. Nefndin hefir nú flutt þá brtt., sem hún hafði boðað, og sömuleiðis brtt. við 2. málsgr. 4. gr., sem er fram komin að ósk landssímastjóra.

Fyrri brtt. á þskj. 173 er flutt samkvæmt ósk forstjóra veðurstofunnar og beinist að því, að þar sem það er tekið fram í sjálfu frv., að veðurstofan eigi að hafa umsjón með því, að sem *glegstar* veðurfregnir sjeu sendar til annara landa frá hæfilega mörgum íslenskum veðurstöðvum, þá vildi forstjórinn, að lögin tækju ekkert fram um það, hvernig frjettir þessar ættu að vera, heldur mæltu þau aðeins svo fyrir, að veðurstofan skyldi hafa umsjón með þeim skeytum, er send væru.

Viðvíkjandi brtt. við 4. gr., þá skal jeg geta þess, að nefndinni hafði láðst að taka það fram, að hin umræddu skeyti yrðu að vera frá veðurstofunni sjálfri, ef þau ættu að hafa forgangsrjett til sendingar fyrir öðrum skeytum. Landssímastjórinn óskaði, að þetta yrði tekið fram, og jafnframt hitt, að slík skeyti hefðu því aðeins forgangsrjett, að það kæmi ekki í bága við alþjóðareglur um þessi efni. Sömuleiðis óskaði landssímastjóri eftir því, að það yrði ekki ákveðið í lögunum, að skeytin skyldi senda endurgjaldslaust, heldur yrði það eftir samkomulagi, þar sem hjer ættu í hlut tvær sjálfstæðar stofnanir. Þetta hefir nefndin tekið til greina og breytt, sbr. þskj. 173.

Samkvæmt bendingu frá hæstv. forseta (BSv) við 1. umr. málsins sneri nefndin sjer til fjvn. og spurði hana, hvort hún væri samþykk þessu frv. hvað snerti fjárhagshlið þess. Nefndin svaraði þessu um hæl, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp svar hennar.

„Út af erindi sjútvn. Nd., dags. 13. mars, var svo hljóðandi ályktun gerð:

Fjárveitinganefnd tjáir sig sammála þeim fjárframlögum, sem nauðsynleg eru til þess, að veðurathugunarstofunni sje komið í gott horf, en telur rjett, að frestað sje byggingu vegna veðurstofunnar, ef annað yrði ódýrara.

Samþ. með 5 shlj. atkv.“

Jeg vænti þess, að hæstv. forseti láti sjer þessi ummæli nægja, og vona, að nú sje ekkert til fyrirstöðu, að þetta mál geti fengið fljóta afgreiðslu í hv. deild.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi leyft mjer að flytja brtt. við 8. gr. frv., á þskj. 160, þess efnis, að lögin skuli ganga í gildi 1. júlí þ. á. í stað 1. jan. n. á. Þessi brtt. er flutt með það fyrir augum, að þessi íslenski veðurfræðingur, sá eini, sem við eigum, geti flutt sig hingað nú þegar á næsta sumri. Það er vitanlega miklu þægilegra að flytja sig að sumarlagi, og jeg hygg, að hann muni geta sagt upp stöðu sinni í Bergen með samkomulagi við yfirboðara sína þar. Jeg álít þessu betur þannig fyrir komið, og jeg vona, að hv. sjútvn. hafi ekki á móti till. minni.

En um leið og jeg stend upp til þess að mæla fram með till. minni vil jeg nota tækifærið til þess að lýsa ánægju minni yfir því, sem gerst hefir í þessu máli — fyrst og fremst yfir því, að þetta frv. er fram komið, og eins þeim undirtektum, er það hefir sætt. Jeg hygg, að óhætt muni að fullyrða það, að þess megi vænta, að starfsemi þessarar stofnunar muni verða miklu fullkomnari en áður, meðan hana skorti bæði fje og starfskrafta til að leysa ætlunarverk sitt af hendi eins vel og skyldi. Jeg vona, að þegar búið er að verja jafn-

miklu fje til stofnunarinnar og nú er ráðgert, þá muni þeir menn, sem fyrir stofnuninni standa, geta látið hana njóta starfskrafta sinna óskiftra.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 173,1 samþ. með 25 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.

3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 173,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

5.—7. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 160 samþ. með 14:6 atkv.

8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 194).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 194).

Á 38. fundi í Ed., föstudaginn 26. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Jóhann Jósefsson: Eins og frv. á þskj. 194 ber með sjer, þá hefir hv. sjútvn. Nd. borið fram frv. um veðurstofu á Íslandi.

Þetta mál, að sjerstök veðurathugunarstöð yrði lögfest hjer á landi, hefir tvisvar áður legið fyrir hinu háa Alþingi. Í fyrra skiftið, 1917, dagaði það uppi, en árið eftir, eða 1918, var því vísað til hæstv. stjórnar.

En þó að málinu hafi ekki verið skipað með sjerstökum lögum, þá hefir þó verið haldið uppi veðurathugunarstöð nú síðari árin með talsverðum styrk í fjárlögum, og mun hann hafa komist upp í 40 þús. kr. á ári, þegar hæst ljet.

Veðurathugunum og veðurspám hefir fleygt svo fram á síðari árum, að jafnvel undrum sætir, og meira að segja hjer á landi hefir verið reynt að fylgjast dálítið með. Fyrir fáum árum hefði það þótt fyrirsögn, að til væru veðurspár, bygðar á vísindalegum athugunum. En svona er því nú farið, að veðurfræðin er orðin ein af vísindaiðkunum nútímans.

Og sje þörf á veðurathugunum og veðurspám í öðrum löndum, þá ætti þeirra ekki síður að vera þörf hjer á landi, sem jafnháð er dutlungum veðráttunnar. Enda mun vandfundið það land á hnettinum, sem eins mikið á afkomu sína undir veðráttunni.

Þetta vita líka allir og finna, en þrátt fyrir það er stundum talað á þá lund, að menn vilji setja lög og reglur, sem frekast ættu við í verksmiðjubæ, en ekki hjer á norðurhjara veraldar, þar sem veðráttan grípur inn í atvinnulífið bæði seint og snemma. Nei, við Íslendingar erum meira upp á veðráttuna komnir en nokkrar aðrar þjóðir, og því nauðsynlegt að skipa veðurathugunum okkar í betra og vísindalegra horf. Og þó að frv. þetta fari fram á hærri fjárhæð til styrktar þeim en verið hefir áður, þá megum við ekki sjá í það, enda óhjákvæmilegt að fullkomna þær eins og kostur er.

Hlutverk veðurathugunarstofu eru tvens konar.

Í fyrsta lagi að safna veðurfarsskýrslum, sem lagðar eru til grundvallar þeirri rannsókn, hvernig veður hagi sjer á lengra tímabili. Og í öðru lagi að gefa út veðurspár fyrir hvern dag.

Veðurfarsathuganir eru ekki neitt nýmæli hjer á landi. Í marga tugi ára hafa slíkar athuganir verið framkvæmdar að tilstiðlun Meteorologisk Institut í Kaupmannahöfn og skýrslur sendar þangað mánaðarlega áður en sími var lagður hingað til lands.

Hjá öðrum þjóðum eru þó veðurathuganir miklu lengra á veg komnar.

Í Þýskalandi eru t. d. 28 veðurathugunarstöðvar víðsvegar um ríkið með miðstöð í Hamborg. Er veðrið athugað þrisvar sinnum á dag á öllum þessum stöðvum, og 20 mín. eftir athugunina liggur svo alt fyrir á miðstöðinni og eru veðurspárnar símaðar út um alt land hið bráðasta. Þjóðverjar nota líka millilandaskip sín til veðurathugana. T. d. 12 af skipum þeirra, sem eru í Atlantshafsferðum, senda reglulega veðurskeyti til miðstöðvarinnar í Hamborg, og gerir það stöðinni mikið hægra fyrir um veðurspárnar.

Í Noregi er líka þessum málum komið í mjög gott horf, einkum að því er snertir veðurspárnar. Norðmenn sjá, að bráðaþörfina verður mest að meta. Þar fer daglega mikill floti fiskibáta á sjó, og er því þeirra vegna mest áhersla lögð á hinar daglegu veðurspár, og er nú svo komið þar, að sagt er, að bátar fari ekki á sjó, ef spáin er slæm. Á sjálfri höfninni í Björgvin er í einni átt slæmt að geyma báta, og eru þeir jafnan fluttir í kyrrara lægi eftir vísbendingu frá veðurstofunni. Það er alveg augljóst, bæði af reynslu annara þjóða og vegna aðstöðunnar hjer, að það er hin mesta nauðsyn að fullkomna þessa stofnun, sem í frv. er kölluð veðurstofa. Og þörfin fyrir slíka stofnun er ekki minni hjer, heldur meiri en víðast annarsstaðar. Hjer er bæði litlu til þessa kostað og mennirnir, sem að því starfa, að einum undanskildum, óvanir slíkum störfum. Auk þess eru áhöldin ófullkomin og veðurstofan er t. d. nú alveg nýskeð búin að fá tæki til þess að geta sjálf tekið á móti skeytum frá hinum stóru firðsendingarstöðvum úti í heimi. Veðurstofan hefir tvennan tilgang: Að vinna úr veðurfarsskýrslum frá ýmsum stöðum og rannsaka tíðarfarsbreytingar, og svo hinar daglegu veðurspár. Það er sú hliðin, sem menn verða hjer á landi að snúa sjer aðallega að, einkum vegna hinna stóru verstöðva. Það er auðvitað mikill kostnaður að senda út daglega veðurspár, og það verður að leggja mikla áherslu á það, að þær verði sem rjettastar og komi þeim að notum, sem eiga að njóta þeirra, og að menn fari eftir þeim, að svo miklu leyti sem það er unt. Til þess að þessi starfsemi nái tilgangi sínum, er það mjög nauðsynlegt, að stofan sje sem öflugust, að hún geti aflað sjer upplýsinga frá nógu mörgum stöðum, svo að hægt sje að mynda sjer fullkomna hugmynd um ástandið. Þá er það eigi síður nauðsynlegt, að til sjeu hæfir menn til þess að vinna úr þeim upplýsingum, sem stofan aflar sjer, og að þeir menn hafi svo mikla aðstoð, að þeir þurfi ekki að eyða kröftum sínum í smávægileg skrifstofustörf, sem allir geta int af hendi.

Það er mjög mikilvægt atriði, bæði fyrir útsendingu veðurskeyta og eins til að afla veðurstofunni sem mestra upplýsinga til að byggja á, hve mörg skip okkar hafa loftskeytatæki, og gæti það, ef vel væri á haldið, orðið veðurstofunni mikil stoð.

Veðurstofan þarf að vera þess megnug að fá frjettir frá fleiri stöðum en hún fær nú, og þarf að vera svo um búið, að slíkar fregnir gangi fyrir öllu öðru. Frv. gerir ráð fyrir, að reglur verði settar af atvrh. um sendingu og birtingu veðurskeyta út um land, og þarf sjerstök áhersla að vera lögð á það, að skeytin sjeu birt á þeim tíma og á þeim stöðum, sem almenningur hefir gagn af þeim. Mjer hefir virst, að stundum væri komið langt fram á dag, þegar skeytin hafa verið birt á opinberum stöðum, sem hafa þó verið símuð kl. 6 á morgnana.

Veðurstofan þarf að senda út veðurspár tvisvar á dag, og spáin fyrir næsta dag þarf að vera komin út um land svo snemma daginn á undan, að sjómenn geti áttað sig á henni og ráðið ráðum sínum, hvort þeir ætla að fara eftir henni eða ekki. Storm kvað vera hægt að segja fyrir með 12 stunda fyrirvara, en aðrar algengar veðurbreytingar með sólarhrings fyrirvara.

Útvarpið, sem nú er nýkomið hingað, getur orðið öflugur þáttur í því að senda út spár og aðvaranir fyrir storma. En til þess þarf, eins og veðurstofan hefir bent á í áliti til nefndar Fiskiþingsins 1925, að vera ábyggilegur maður á hverjum stað, er taki við skeytunum og komi þeim til hlutaðeigandi manna. Það er hætt við, að svo kunni að fara fyrst í stað með veðurspárnar, eins og með loftþyngdarmælinn, að menn fari ekki alment eftir þeim. En eftir reynslunni með veðurspárnar að dæma, er það mjög líklegt, að niðurstaðan verði sú sama og sagt er að sje í Noregi, að sjómenn fari ekki á sjó, ef spáin er slæm. Eftir framförum útvarpsins að dæma er alls ekki að vita, nema skamt verði að bíða þess, að bátar geti haft slík tæki, að þeir geti heyrt til útvarpsstöðvarinnar hjer, og gætu þá vjelbátar úti á sjó fengið boð um það, hvernig veðurstofan spáir fyrir veðrinu. Hvernig sem það fer, er það mjög nauðsynlegt, að í öllum verstöðvum sjeu menn, sem sjái um, að veðurskeytin sjeu birt almenningi á rjettum tíma, og eins er áríðandi, að ekki sje dregið að síma þau. Í sama brjefi frá forstöðumanni veðurstofunnar til nefndar Fiskifjelagsins, er jeg mintist á áðan, er minst á það, hve mörg slys vilja hjer til árlega, og það er augljóst, að þó ekki væru nema örfá eða jafnvel eitt einasta slys, sem komið yrði í veg fyrir, þá væri landinu margendurgoldinn kostnaðurinn. Það eru ekki aðeins sjóslys, sem veðurstofan gæti fyrirbygt, heldur líka sjóferðir, sem ekkert leiða af sjer annað en eyðslu á krafti og tap á veiðarfærum. Og það er ekki ólíklegt, að veðurspárnar geti líka haft sína þýðingu fyrir atvinnu á landi, fiskvinnu o. s. frv., þegar þær komast í fullkomið horf.

Það er tilgangur frv. að fjölga starfsmönnum við veðurstofuna, og sjeu tveir af þeim fullkomnir veðurfræðingar, sem sjeu færir um að annast veðurspárnar. Hjer er nú aðeins einn slíkur maður, nefnilega forstöðumaður veðurstofunnar. Hinn maðurinn, sem flm. frv. hafa augastað á, er Íslendingur, sem nú starfar í Noregi við þá veðurstofu, sem talin er einna merkust þar í landi, og er það meiningin, að landið tryggi sjer starfskrafta þessa manna og að hann verði fulltrúi í veðurstofunni, ef hún verður stofnuð. Það skal tekið fram um launakjör hans, að gert er ráð fyrir, að hann fái 5500 kr. árslaun, auk dýrtíðaruppbótar. Auk þess er gert ráð fyrir, að meðan ekki er til sjerstök íbúð handa forstjóra veðurstofunnar, verði þeim veittur húsaleigustyrkur, forstjóra og fulltrúa, er skiftist jafnt milli þeirra, en eftir að hús

er komið upp handa forstjóranum, verði leigan metin, og greiði þá forstjóri fulltrúa sem svarar helmingi húsaleigunnar.

Jeg vona, að háttv. deild taki þessu frv., sem borið er fram af háttv. sjávarútvegsnefnd Nd., eins vel og því var tekið í hv. Nd. og það nái fram að ganga. Jeg veit það, að þau rök, sem jeg hefi fram borið í þessu máli, eru í raun og veru lítils virði, samanborin við þau rök, sem allir Íslendingar þekkja til sjós og lands, um nauðsyn þess fyrir atvinnuvegi vora og fyrir líf sjómanna og öryggi, að veðurathugunum og spám sje komið í svo gott horf, sem þjóðinni er unt. Það er nú mjög skamt síðan við áttum á bak að sjá heilli skipshöfn hjer við Faxaflóa, og var auk þess einn bátur úr Keflavík þá mjög hætt kominn. Mjer er sagt, að margir formenn þar hafi sett sig í samband við veðurstofuna kvöldið áður en slysið varð og setið heima þennan dag vegna spárinnar. Það er mjög líklegt, að þegar veðurstofan fer að geta starfað með fullkomnum vísindalegum hætti, þá muni sjómenn fara eftir spám hennar, þegar þeim er unt, og að við það fækki slysum og svaðilförum hjer við land, sem nú koma svo raunalega oft fyrir.

Forsætisráðherra (JM): Jeg hvorki þarf að bæta við rök háttv. þm. Vestm. um nauðsyn þessa máls, nje ætla að gera það. En mjer þykir rjett að lýsa ánægju minni yfir því, að þetta mál er nú svo langt komið, að víst má telja, að það gangi fram. Jeg hefi áður á þingi reynt að vekja menn að koma upp slíkri veðurstofu, sem gæti sagt nokkuð fyrir um veður. Þó að þær spár nái skamt fram í tímann, geta þær verið mjög mikilsverðar fyrir sjávarútveginn. Það gleður mig, að augu manna eru nú að ljúkast upp fyrir nauðsyn þessa máls, og sömuleiðis, að fjárframlagið er nú sæmilegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., þriðjudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 194, n. 249).

Frsm. (Ingvar Pálmason): Frá hendi nefndarinnar er ekki ástæða til að hafa langa framsögu, því að hv. þm. Vestm. (JJós) skýrði málið svo rækilega við 1. umr.; en eigi að síður vil jeg þó láta fylgja því nokkur orð.

Það mun flestum koma saman um, að eitt af alvarlegustu málum þjóðarinnar sjeu bjargráðamálin á sjó. Og eitt af því, sem best kemur að notum fyrir þau, er starfsemi sú, sem felst í frv. þessu, og það mun reynast svo, að önnur bjargráð verði erfitt að framkvæma. En fari svo, sem fyllilega má vænta, að ákvæði þessa frv. verði útfærð þannig, að veðurskeyti og veðurspár verði sendar í allar eða flestar veiðistöðvar landsins, þá dregur nefndin ekki í efa, að slík bjargráðastarfsemi muni koma að miklum og heillavænlegum notum.

Jeg sje enga ástæðu til að fara að telja hjer upp eða skýra nánar þann mikla skatt, sem sjórinn heimtar af okkar fámenna landi árlega, þegar varla líður mánuður svo, að hann heimti ekki einhverja.

Nefndinni er fyllilega ljóst, að slík stofnun sem þessi hlýtur að kosta mikið fje, og fjárframlög úr ríkissjóði í þessu skyni hljóta sennilega að aukast að mun fram úr því, sem frv. gerir ráð fyrir. En

eigi að síður er nefndin einhuga um málið og telur ekki aðeins sanngjarnt, heldur skylt, að frv. nái fram að ganga. En á það leggur hún mikla áherslu, að veðurskeyti og veðurspár verði send reglulega í allar verstöðvar, sem hægt er að ná til. Því að stofnunin kemur því aðeins að notum, að þessu verði samviskusamlega fylgt, því eins og kunnugt er, hafa slík skeyti að nafni til verið send út undanfarið, en birting þeirra hefir verið svo mjög ábótavant, að þau hafa komið að sáralitlum notum.

Úr þessu verður að bæta; það má ekki undir höfuð leggjast, enda þótt nokkur kostnaður leiði af því.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, því að jeg veit, að deildin tekur frv. vel. Leggur nefndin til, að það verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Ákvæði um stundarsakir samþ. með 10 shlj. atkv

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Jónas Jónsson: Jeg vildi ekki láta þetta frv. fara út úr deildinni án þess að leggja því liðsyrði, þó að þess gerist raunar ekki þörf, þar sem nálega allir í deildinni munu málinu fylgjandi. Jeg ætla aðeins að minna á, hve stutt getur verið milli þess, að máli sje lítill gaumur gefinn og hins, að nauðsyn reki til þess, að því sje hrundið í framkvæmd. Á þinginu 1923 bar jeg fram þáltill. um öryggi sjómanna. Jeg ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp nokkur orð, sem jeg sagði um málið þá:

„Þar sem Norðmenn hafa hafist handa í þessu efni, ætti að mega læra af þeim. Þar sem hjer eru að nokkru kunnar aðgerðir þeirra í þessu efni, þá skal jeg lýsa því stuttlega.

Í Bergen er veðurathugunarstofa í mjög góðu lagi. Forstöðumaður hennar er talinn vera færasti maður í heimi í þeirri grein. Þessi veðurathugunarstofa stendur í sambandi við veðurathugunarstofnanir á Grænlandi og Jan Mayen, og þeir vilja einnig fá glögg skeyti frá Íslandi.

Þessi vísindagrein er komin á svo hátt stig hjá Norðmönnum, að þeir sjá venjulega óveður fyrir með 6—12 klst. fyrirvara. Við þessa spástöð er tengd loftskeytastöð, sem sendir þráðlaus talskeyti á hverjum klukkutíma um Noreg allan, og hafa fiskiskipin og bátarnir móttökutæki. Slík áhöld eru mjög ódýr, kosta aðeins 1—2 hundruð krónur, en taka aðeins móti skeytum. Gagnið er þá þetta: Veðurfræðistofan segir fyrir um veður, sendir spádóminn til bátanna, og þeir geta svo hagað sjer eftir því, annaðhvort setið í landi eða horfið af sjó, ef illviðri er í aðsigi.

Það ætti því ekki að vera mjög erfitt fyrir stjórnina, með hjálp símastjóra og veðurfræðingsins hjer, að fá skýrslu um þessa starfsemi í Noregi, hvað það kostar og hvernig haganlegast myndi að koma því fyrir hjer.“

Þegar þetta var talað hjer í deildinni, var sá maður við veðurathugunarstofuna í Bergen, sem nú er gert ráð fyrir að flytjist hingað og verði annar aðalmaðurinn hjer. Jeg þekki manninn vel og veit, að hann hefir fengið góðan undirbúning til að taka við þessu starfi. Vil jeg tjá þeim, sem minna kunna að hafa kynt sjer

þetta mál, að óhætt er að gera sjer glæsilegar vonir um árangur þessarar starfsemi. Við fáum mann, sem Alþingi hefir áður stutt til náms í þessari fræðigrein. Hefir hann stundað nám bæði í Danmörku og Noregi og unnið sjer traust prófessors Bjerknes, sem telja má höfund nútímaveðurfræði.

Jeg vil taka þetta fram af því jeg veit, að sumum þykir hjer í nokkuð mikið ráðist. Jeg vænti þess fastlega, að þessi breyting í sambandi við víðboð verði til þess að bjarga mörgum mannslífum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 300).

29. Forkaupsrjettur á jörðum.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 22. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 40, 1919, um forkaupsrjett á jörðum (þmfrv., A. 46).

Á 14. fundi í Nd., fimtudaginn 25. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Enda þótt hv. þingdeild sje nú í nokkrum vígahug, vona jeg þó, að það verði ekki látið bitna á þessu frv.

Jeg get tekið það fram, að ástæðan til þess að frv. þetta er fram komið, eru áskoranir um það, sem komið höfðu til mín á þingmálafundum í janúarmánuði síðastl. Við athugun þessa máls hefi jeg á ný algerlega fallist á rjettmæti þess, svo að jeg tel sjálfsagt, að það nái fram að ganga. Þegar jeg fór að kynna mjer umræður um þetta mál á þingunum 1917 og 1919, sá jeg, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) hafði bent á, að þessi lög gætu leitt til þess, að niðjar jarðareiganda gætu alls ekki eignast jörðina eftir hans dag. Og sá, sem mest beitti sjer þá fyrir þessari lagasetning í Nd., prófessor Einar Arnórsson, þáverandi þm. Árn., viðurkendi, að þetta gæti átt sjer stað, en máli þessu var þá svo langt komið, að breytingar í þessa átt komust aldrei fram. Af þessum ástæðum er það, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) er meðflytjandi minn að þessu máli.

Frv. þetta fer fram á að undanskilja forkaupsrjettarákvæðum laganna frá 1919 niðja jarðareigenda, börn þeirra, kjörbörn, fósturbörn og systkini. Jeg hefði jafnvel viljað fara enn lengra í þessa átt og láta frv. einnig taka til barnabarna og annara niðja, en sem þó gæti ekki ágreining valdið í framkvæmd. En jeg ljet þó við þetta sitja að sinni, en leyfi mjer hjer með að skjóta því til væntanlegrar nefndar, sem þetta mál fær til meðferðar, að athuga, hvort ekki væri tiltækilegt að bæta þessu við í frv. Nú er þessu svo varið eftir gildandi lögum, að sjálfsábúðar- og eignarjörð sína getur eigandinn ekki selt í hendur niðjum sínum, ef sveitarfjelagið vill fá forkaupsrjettinn til kaupanna, nema niðjinn geti tekið við ábúð á jörðinni. En einatt er því svo varið af ýmsum ástæðum, að þetta getur ekki átt sjer stað nema „leppa“ ábúðina, sem ekki er einasta mörgum ógeðfelt, heldur getur líka verið hættulegt. Jeg veit eitt dæmi í þessa átt, sem er sannsögulega rjett. Það er aldraður maður, sem býr á eignarjörð sinni; hann vill ekki, að jörðin eftir sinn dag gangi til þeirra niðja, sem hann á, vegna þess að hann treystir þeim ekki til að fara með hana að sínum vilja. En hann á dótt-

urson, sem hann trúir til þessa og vill láta hann eignast jörðina. Nú getur dótturson hans ekki orðið sjálfur ábúandi á jörðinni sökum æsku, en yrði þá til þess að fá einhvern mann fyrir sig, „leppa" ábúðina. Nú vildi gamli maðurinn ekki af neinni leppmensku vita og tók því það ráð, að hann gaf dótturson sínum jörðina. Ýms fleiri dæmi mætti og hugsa sjer, sem sýna nauðsyn þessarar breytingar. Það er t. d. maður að ala upp son sinn og menta í því augnamiði, að hann eignist jörðina og sitji hana eftir sinn dag, en á fleiri erfingja, svo hann þarf að hafa selt jörðina áður en hann fellur frá. Nú verður hann ófær til að búa sjálfur, veikist eða deyr. En þessi, sem hann ætlar til þess að taka við jörðinni, er enn of ungur til þess að búa þar, eða við nám og á enn eftir mikið að búa sig undir framtíðarstarf sitt. Undir þessum kringumstæðum skeður ekki annað en að annaðhvort verður jörðin seld sveitarfjelaginu eða til erfingjaskifta kemur að eigandanum látnum.

Þessi ákvæði laganna um forkaupsrjett sveitarfjelaga að jörðum eru skerðing á sjálfsábúðarrjettinum, sem þó er tryggasta undirstaðan undir landbúnaðinum. Reynslan hefir sýnt það hjer sem annarsstaðar, að þar, sem jarðir hafa lengst haldist í ættum, hafa þær verið jafnbest setnar og best haldið við. Það liggur í eðli mannsins sú skyldutilfinning að varðveita og bæta það, sem feðurnir hafa sjerstaklega búið þeim í hendur. Mætti finna mörg dæmi hjer á landi, sem sanna þetta. En sjerstaklega má þó benda á það, að þar, sem óðalsrjettur hefir verið lögleiddur, er þetta orðið að *helgri* skyldu.

Nú munu menn máske segja, að það sje meiri trygging fyrir því, að jarðirnar fari ekki í braskarahendur, ef sveitarfjelögin eigi þær, og sje því uppbót á móti því, að sjálfsábúðinni er glatað. En einhlítt er þetta þó ekki. Jeg þekki jafnvel eitt dæmi í þessa átt, sem jeg fullyrði, að er í alla staði satt og í samræmi við það, sem fram fór. Nýverið keypti sveitarfjelag jörð nokkra, til að forða því, að hún yrði eign annars sveitarfjelags, sem hafði falast eftir kaupum á henni. En það kom brátt í ljós, að hreppsnefndin hafði ekki keypt jörðina til eignar sveitarfjelaginu, heldur seldi hún þegar jörðina aftur innansveitarmanni, sem þó sat á eignarjörð sinni; en hann vildi heldur búa á áðurnefndri jörð. Kaupandinn tók því næst þessa jörð til ábúðar, en eignarjörð sína, sem hann sjálfur hafði búið á áður, ljet hann sem fótaskinn undir nágranna sinn, sem þóttist hafa of lítið land og setti aðeins þangað húsfólk. Þó að hreppsnefndin kæmi jörð þeirri, er hún seldi, í sjálfsábúð aftur, varð hún þó orsök þess, að önnur jörð var svift ábúð. Og enn þess, að opnuð er leið fyrir sveitarfjelag það, sem ekki náði kaupum á jörðinni, að fá hana fyrir hækkað verð hjá þeim, sem keypti. Sýnir þetta dæmi ljóslega, að ákvæði laganna eru ekki einhlít til að fyrirbyggja brask.

Jeg ætla svo ekki að fara lengra út í þetta mál, en jeg hygg, að það, sem jeg hefi tilfært, nægi til að sýna, að það er ekki að ófyrirsynju, að þetta frv. er borið fram. Aðrar breytingar á lögunum frá 1919 leiða af aðalbreytingunni og nokkrar til að leiðrjetta prentvillur, sem í lögunum eru. Hefi jeg svo lagt til, að frv., þegar það nær staðfestingu, verði fært inn í meginmál laganna frá 1919 og þannig gefið út, þó það sje ofurlítið dýrara. Er það til þess gert, að ekki sje sinn skækillinn í hverri áttinni. Jeg vil svo að síðustu gera það að tillögu minni, að frv. þessu

verði að þessari 1. umr. lokinni vísað til landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22:1 atkv. og til landbn. með 20 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., fimtudaginn 25. mars, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 46, n. 166, 209).

Frsm. (Hákon Kristófersson): Jeg þarf ekki að vera langorður um frv. þetta, en vil byrja með að biðja hv. flm. afsökunar á því, hve málið hefir verið lengi hjá landbn. Jeg get þó fullvissað þá mætu menn um það, að nefndin hefir ekki viljað með drætti þeim, sem orðið hefir á afgreiðslu málsins, tefja fyrir því að neinu leyti; síður en svo. En nefndin fann merg þess meiri eftir því, sem lengra leið frá fyrsta yfirlestri.

Og þó að nefndin viðurkendi strax rjettmæti frv., virtist henni þó full þörf á að tryggja betur þau ákvæði, sem miða til þess, að jarðir haldist sem lengst í sömu ætt. Eða með öðrum orðum tryggja að nokkru þann óðalsrjett, sem að vísu er til í löggjöf landsins frá gamalli tíð, en virðist svo horfinn úr vitund þjóðarinnar, að hans gætir alls ekki í löggjöfinni.

Það á ekki stað langt aftur í tíma, að leiguliðum væri gerður kostur á forkaupsrjetti þessum. Það mun vera að finna í lögum frá 1905, sem svo voru endurskoðuð og aukin 1919, og það eru þau lög, sem þetta frv. fer fram á að breyta.

Augu manna hafa nú alment opnast fyrir því á síðari árum, að það sje tryggara fyrir afkomu landbúnaðarins og landsins yfir höfuð, að sem flestar jarðir sjeu í sjálfsábúð og sem flestir, sem að ræktun landsins vinna, sjeu sjálfseignarbændur. Það hafa margir litið svo á og viðurkent, að þegar bóndi sæti á sjálfs sín eign, ætti hann 10 hvatir í staðinn fyrir eina til þess að hlynna að jörðinni og bæta á einn eða annan hátt, vitandi það, að þar væri hann að búa í hendurnar á niðjum sínum. Það segir sig sjálft — og það þarf ekki að vera af trassaskap gert, þó dragist úr hömlu fyrir leiguliðanum að rækta jörðina — að menn eru svo gerðir, að þeim þykir vænna um það, sem þeir vinna fyrir sig og niðja sína, heldur en landsdrottin sinn, hversu góður og rjettsýnn, sem hann annars kann að vera. Enda ætti að vera svo með jarðir farið og sú ræktarsemi sýnd þeim, að skoðast megi þær sem helgir ættargripir, er allir hlúi að og verndi, í staðinn fyrir það að láta sjer á sama standa, hvernig um þær fer, og leyfa bröskurum og öðrum óaldarlýð að leika með þær eftir sínum geðþótta.

Að vísu skal jeg viðurkenna, að þeir menn eru til og þær skoðanir hafa víða stungið upp höfðinu, sem halda því fram, að forkaupsrjettarlögin hefðu illu heilli verið sett og hefðu aldrei átt að koma. En sú skoðun grundvallast á því, að þá hefðu þjóðjarðirnar aldrei átt að seljast, en halda áfram að vera í eign landsins. Það má vel vera, að sú skoðun eigi einhvern rjett á sjer, að landið sjálft eigi allar jarðirnar og gerist landsdrottinn bænda. En þá um leið yrði að fást trygging fyrir því, að landið mundi bændum jafngóður landsdrottinn og þeir eru sjálfum sjer, eða m. ö. o. að búa svo um hnútana, að ræktun landsins tapaði engu við það, að jarðirnar hyrfu úr sjálfsábúð. Jafnframt þyrfti

að tryggja það, að svo væri um búið, að niðjar eða afkomendur hvers leiguliða ættu forgangsrjett til ábúðar hverrar jarðar mann fram af manni. Hefði frá öndverðu verið vel um búið hvað þetta snertir, þá hefði að mínu áliti verið mun minni nauðsyn til að selja ábúendum hinar svokölluðu þjóðjarðir.

En þetta efni liggur ekki fyrir, og fer jeg því ekki lengra út í það. Hitt get jeg sagt fyrir mitt leyti, að jeg er þeirrar skoðunar, að jörðunum sje betra að vera einstakra manna eign, og þó um það sjeu deildar meiningar, fer því fjarri, að jeg ætli að taka mjer dómsvald í hendur gagnvart þeim mönnum, sem hugsa öðruvísi í þessu efni en jeg. Jeg geng þess alls ekki dulinn, að hinn svokallaði forkaupsrjettur hefir verið misnotaður af sumum. En svo er um alla löggjöf, að með henni má ýmislegt ilt vinna, vilji menn misnota hana. Hitt hygg jeg fremur, að forkaupsrjettarlögin hafi í fleiri tilfellum orðið landi og lýð til blessunar, sem betur fer, enda var til þess ætlast í öndverðu.

Eins og jeg drap á í upphafi, er þessu frv. ætlað að tryggja það, að jarðir komist ekki í aðrar hendur en þær, sem rjett þykir, miðað við óðalsrjettinn, sem jeg mintist á. Nefndin hefir lagt mikla rækt við málið og kynt sjer það eftir föngum og aflað sjer ýmsra upplýsinga því viðkomandi, er hún taldi, að að gagni mættu verða. Hefir hún komist að raun um, að óðalsrjettinn beri að tryggja betur en frv. fer fram á, og leggur því til, að það verði samþykt með þeim viðauka, sem um getur í nál. á þskj. 166.

Ef litið er á brtt. á þskj. 209, þá fer hún fram á að fella nokkurn hluta aftan af viðaukatillögu nefndarinnar, en um hana ætla jeg ekki að tala að svo stöddu, bíða heldur þangað til hv. flm. (ÞórJ og SvÓ) hafa mælt fyrir henni. Jeg get heldur ekki sagt neitt um afstöðu hv. samnefndarmanna minna til hennar, en þeir sýna hana væntanlega við atkvgr.

Hinsvegar vil jeg taka fram, að viðaukatill. nefndarinnar er ekki fram borin til þess að spilla fyrir málinu, nema síður sje. Hún er fremur fram komin af velvilja til málsins, og óhætt þess vegna að samþykkja hana.

Að fara frekar inn á óðalsrjettinn sje jeg ekki ástæðu til að sinni. Hinsvegar væri kannske ekki úr vegi, að öll þessi löggjöf væri athuguð og reynt að koma henni í þann búning, sem betur hæfði þeim tíma, sem við lifum á, því eflaust má segja, að sumt, sem talið er að vera í gildi í þessu efni, sje orðið harla úrelt og eigi heima langt að baki.

Fleira ætla jeg ekki að segja. Nefndinni þykir vænt um, að frv. þetta er fram komið og leggur eindregið til, að það nái fram að ganga. Og þó viðaukatill. á þskj. 166 falli, er nefndin á einu máli um það að fylgja frv. út úr þessari hv. deild.

Þórarinn Jónsson: Jeg get verið háttv. landbn. þakklátur fyrir það, hvernig hún hefir tekið í þetta mál, þó jeg hinsvegar taki undir með form. hennar, háttv. þm. Barð. (HK), að afgreiðsla málsins hafi dregist nokkuð lengi. En er jeg finn hinn góða hug hv. nefndarmanna og velvilja til málsins, veitist mjer ljett að fyrirgefa dráttinn og vona, að málinu reiði vel af úr þessu og komist klaklaust gegnum þingið.

Jeg ætla ekki að gera að umtalsefni sjálfsábúð í landinu, enda er það þessu óviðkomandi, sem hjer er stefnt að: að tryggja sem best, að jarðir haldist í sömu

ætt á meðan kostur er. Þetta viðurkennir líka nefndin, og fyrir það flyt jeg henni þakkir okkar flm. Hinsvegar höfum við flm. ekki getað aðhyllst vatill. hv. nefndar. Að vísu föllumst við á þá viðbót, að „foreldri" skuli einnig undanþegin ákvæði 1. gr. laganna frá 1919, og teljum, að hún sje til bóta, en að öðru leyti teljum við ekki rjett, að enn sje ákveðin samskonar kvöð og nú er gildandi. Aðalástæðan er sú, að í gildi eru ákvæði um óðalsrjett og þau fara í bága við brtt. háttv. nefndar. Tilskipun um þetta efni er frá 1833, en þó undarlegt sje, virðist hún hafa farið fram hjá milliþinganefndinni, sem sat á rökstólum 1904 og átti frumkvæði að lögunum 1905. En þó tilskipunin frá 1833 sje ekki komin inn í meðvitund þjóðarinnar, er hún eigi að síður talin að vera í gildi.

Nú er það svo eftir brtt. hv. nefndar, að sá, sem fær forkaupsrjett á jörð eftir frv., getur orðið aðnjótandi óðalsrjettar áður en hann fær ábúð. Þá koma ákvæði viðaukatillögu nefndarinnar í bága við innlausnarrjett þann, sem eigandi á á eigninni, sem er 5 ár samkvæmt tilskipuninni. Þess vegna viljum við ekki ákveða, að sveitarfjelagið fái forkaupsrjettinn að vissum tíma liðnum, og höfum við því leyft okkur að bera fram brtt. á þskj. 209, sem fer fram á að fella niður þessi ákvæði, sem nefndin vill setja inn með sinni brtt. En ef hv. nefnd vildi taka til athugunar 1. og 2. gr. forkaupsrjettarlaganna frá 1919, þá væri ekki nema til bóta, að það yrði tekið skýrt fram við 3. umr., að auk þessara tveggja greina væri tilskipunin frá 1833 einnig í sínu gildi. Annars vildum við flm., að ef þingið vildi á annað borð sinna óðalsrjettinum, þá yrði það gert á annan hátt og víðtækari en að skinna upp gömul lagaákvæði. En það liggur ekki fyrir nú, og getur því máli mínu verið lokið.

Vænti jeg svo, að hv. deild sporni ekki móti því, að frv. nái fram að ganga í því formi, sem við háttv. 1. þm. S.-M. leggjum til.

ATKVGR.

Brtt. 209 samþ. með 15:4 atkv.

— 166, svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 18:1 atkv.

2.—5. gr. samþ. með 19:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:1 atkv.

Á 42. fundi í Nd., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 218).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 44. fundi í Ed., miðvikudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 218, n. 264).

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Frv. þetta á þskj. 218 fer í þá átt að breyta lögum nr. 40 frá 1919, um forkaupsrjett á jörðum. Í þeim lögum er þannig ákveðið, að þegar jarðeign er bygð eða seld, þá hefir ábúandi undantekningarlaust forkaupsrjett að henni. Skyldmenni koma þar ekki til greina. Þetta þykir ekki vera rjettlátt, og þess vegna er þetta frv. fram komið, með það fyrir augum að gefa þeim, sem nánastir standa, kost á að eignast jörðina, ef þeir vilja: börnum, kjörbörnum, systkinum, foreldrum o. s. frv.

Nefndin lítur svo á, að það sje í alla staði rjettlátt, að það fólk, sem frv. ræðir um, hafi forkaupsrjettinn, svo að óðalið geti haldist í ættinni.

Hv. Nd. hefir fallist á þetta frv. og var nefndin einhuga um það álit hennar, að frv. væri til bóta. Tilgangurinn er sá, eins og jeg tók fram, að tryggja ættingjum forkaupsrjettinn. Og verði frv. samþykt, þá er þeim tilgangi náð.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala neitt frekar um þetta mál. Það sýnist svo ofur skýrt og liggja beint fyrir, og jeg geri ráð fyrir, að hv. deild sje því yfirleitt meðmælt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 9. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 305).

---

30. Slökkvilið á Ísafirði.

Á 30. fundi í Nd., laugardaginn 13. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 28, 8. nóv. 1883, um að stofna slökkvilið á Ísafirði (þmfrv., A. 140).

Á 31. og 33. fundi í Nd., dagana 15. og 17. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 18. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Sigurjón Jónsson): Eins og getið er um í greinargerð þessa litla frv., þá er það borið fram samkv. ósk bæjarfógetans á Ísafirði. Ástæðan til þess að breyta lögunum frá 1883 er sú, að nú nýlega, þegar bæjarstjórn vildi setja reglugerð um slökkviliðið, vantaði ákvæði, sem heimilaði að sekta þá, sem brjóta í bág við hana. Hefir mjer nýlega borist brjef um þetta frá bæjarfógetanum, og fer hann fram á að gerðar sjeu breytingar á lögunum, og tel jeg mig hafa náð því með þessu frv.

Sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um það að sinni, en vænti þess, að það fái að ganga til 2. umr. Að vísu skal jeg geta þess, að það eru fáeinar orðabreytingar, sem jeg mun gera á því, og tala jeg um

þær við hv. nefnd, sem jeg legg til að verði allshn. Þetta er lítið mál og snertir aðeins Ísafjörð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 140, n. 205).

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg ætla aðeins að mæla með þessu frv. Nefndin hefir gert á því 2 smábreytingar. Fyrri brtt. rýmkar allmjög ákvæði í frv., og er hún flutt í samráði við hv. flm. (SigurjJ). Hin brtt. er til að flýta fyrir því, að lögin öðlist gildi, og vona jeg, að hv. flm. (SigurjJ) hafi ekkert við það að athuga. Vænti jeg svo, að mál þetta fái greiðan gang í gegnum hv. deild.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil lýsa því yfir, að jeg er hv. allshn. þakklátur fyrir afgreiðslu þessa máls og er samþykkur báðum hennar brtt. Eins og hv. frsm. (JK) sagði, er fyrri brtt. flutt í samráði við mig.

ATKVGR.

Brtt. 205,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 205,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Nd., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 233).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 40. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 31. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 233, n. 280).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki að fjölyrða um þetta litla frv. Það er komið hingað frá Nd. og hefir gengið breytingarlaust gegnum hana. Aðalbreytingin á eldri lögunum er sú, að með þessu frv. eru sett ákvæði um sektir fyrir brot á reglugerðinni. Allsherjarnefnd hefir athugað málið, og álítur hún breytinguna nauðsynlega. Leggur hún því til, að frv. verði samþykt. Ef það verður gert, eru lögin um slökkviliðið á Ísafirði komin í fult samræmi við samskonar lög, er nú gilda fyrir Akureyri.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj atkv.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 10. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 317).

31. Almennur ellistyrkur.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennar ellistyrk (þmfrv., A. 86).

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Magnús Jónsson: Aðalflm. þessa frv., hv. 2. þm. Reykv. (JBald), er fjarverandi, og vil jeg því láta frv. fylgja örfá orð frá sjálfum mjer.

Eins og hv. þdm. munu sjá, þá er frv. flutt eftir ósk bæjarstjórnar. Það hefir reynst ókleift að gera skýrslur um ellistyrktarsjóðinn og kjörskrá með þeim fresti, sem ákveðinn er í lögunum. Á sömu ástæðum er og bygt frv. það, er næst er hjer á eftir á dagskránni.

Jeg hefi ekki frekar við þetta að bæta, en geri það að till. minni, að málinu verði vísað til allshn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 86, n. 103).

Frsm. (Jón Kjartansson): Allshn. fellst á ástæður þær, sem fram eru færðar í greinargerðinni fyrir frv. þessu. Í núgildandi lögum um almennan ellistyrk er svo um mælt, að skrá yfir gjaldskylda til ellistyrktarsjóðs skuli lokið fyrir 1. febrúar. En gjaldendur í Reykjavíkurbæ eru svo margir, að það er varla mögulegt hjer að hafa lokið skránni fyrir þann tíma, af því að skráin er samin eftir manntali, sem tekið er hjer seint í nóvember. Hjer er því farið fram á að framlengja þennan tíma um einn mánuð. Nefndin telur mjög áríðandi, að skráin sje í góðu lagi, og leggur því eindregið til, að frv. þetta verði samþykt og væntir þess, að hv. deild leyfi því fram að ganga.

ATKVGR.
Frvgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Nd., föstudaginn 12. mars, var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 86).

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 15. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., þriðjudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 86, n. 260).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Um frv. þetta er lítið að segja. Það fer fram á, að sá tími, sem ætlaður er til að semja ellistyrktarsjóðsskrá fyrir Reykjavíkurbæ, sje lengdur um einn mánuð, og sömuleiðis kærufresturinn.

Nefndin getur ekki sjeð neitt á móti því að fara eftir óskum bæjarstjórnarinnar hjer í þessu efni, sem þykir tíminn til að semja skrána of stuttur nú, og leggur því til, að deildin samþykki frumvarpið með þeirri breytingu, að þessi tími verði lengdur alstaðar, eins og tíminn til að semja kjörskrár til alþingiskosninga, því að hún kann ekki við að hafa önnur lög um þetta hjer en annarsstaðar á landinu. Auk þess, sem víðar kann að vera þörf fyrir þessa breytingu, því að víðar en hjer getur verið óþægilegt, hve manntalið kemur seint í hendur þeirra, sem skrárnar eiga að gera, og tíminn því orðið of stuttur til skýrslugerðarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 260 (ný frvgr.) samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 283).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 10. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Frsm. (Jón Kjartansson): Síðan þetta frv. var hjer á ferðinni í þessari hv. deild fyrir fáum dögum, hefir það gengið í gegnum efri deild. Þar voru gerðar á því smávægilegar breytingar, þannig, að frestur sá, sem í frv. upphaflega aðeins hafði verið ætlaður Reykjavíkurbæ einum, var gerður víðtækari, svo nú er ákveðið í frv., að þessi ákvæði gildi um alt landið. Allshn. sjer ekki neitt athugavert við þessar breytingar, sem hv. Ed. hefir gert á frv., og mælir því með því, að frv. verði nú samþykt í þessu formi, sem það er nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 318).

32. Kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrútafirði.

Á 26. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um kirkjugjöld í Prestsbakkasókn í Hrútafirði (þmfrv., A. 109).

Á 28. fundi í Nd., fimtudaginn 11. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 24 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Tryggvi Þórhallsson): Jeg álít, að mál þetta liggi nægilega skýrt fyrir í greinargerð þeirri, sem fylgir frv., og í umsögn biskups. Mun öllum vera ljóst, að um fyllsta sanngirnismál er að ræða, og er það merkilegast, hve lengi hefir dregist að laga þetta misrjetti. Finst mjer óþarft að segja margt á þessu stigi málsins. Þykir mjer rjett, að það komi til nefndar. Getur það orkað tvímælis, til hvaða nefndar eigi að vísa því, allshn., fjhn. eða mentmn. En þar eð mál þetta er fyrst og fremst kirkjumál, þá vil jeg leggja til, að því verði vísað til mentmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til mentmn. með 18 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., fimtudaginn 25. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 109, n. 198).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg þarf ekki að láta mörg orð fylgja þessu frv., því að jeg veit, að hv. deild hefir áttað sig á því. Jeg skal þó fara nokkrum orðum um þetta mál. Með lögum nr. 26, 2. nóv. 1885, um skipun prestakalla, var sú breyting ger, að 4 bæir, sem áður tilheyrðu Óspakseyrarkirkju í Strandaprófastsdæmi, voru lagðir til Prestsbakkakirkju, en þó skyldu þeir áfram greiða kirkjugjöld til Óspakseyrarkirkju, eða Prestsbakkakirkja að endurgreiða Óspakseyrarkirkju gjöldin. Við þetta hefir nú setið um 40 ára skeið. Er þetta auðvitað mjög óeðlilegt og illar búsifjar fyrir Prestsbakkakirkju, að bæirnir eiga sókn þangað, en greiða henni engin gjöld. Hvernig sem þetta er til komið í fyrstu, telur nefndin rjett, að ríkið greiði Óspakseyrarkirkju bætur fyrir þann tekjumissi, sem hún verður fyrir við þessa breytingu, og mundu þær nema eftir áætlun biskups 800 kr. í eitt skifti fyrir öll. Nefndin leggur til, að 1. gr. frv. orðist upp, vegna þess að kirkjugjöldin hafa verið greidd til Prestsbakkakirkju, en hún hefir aftur endurgreitt þau Óspakseyrarkirkju. Leggur svo nefndin til, að frv. verði samþykt með þessari breytingu á 1. grein.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins að þakka nefndinni fyrir góða afgreiðslu þessa máls og skal taka það fram, að jeg er ánægður með að breyta 1. gr. frv., því að það er í raun og veru rjettara, og óska, að frv. verði samþykt með þeirri breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 198 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 219).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til mentmn. með 11 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 219, n. 308).

Frsm. (Ingibjörg H. Bjarnason): Mentamálanefnd þessarar hv. deildar hefir haft frv. þetta til meðferðar og komist að þeirri niðurstöðu, að ástæður þær, sem færðar eru fram með því í greinargerðinni, er frv. fylgir, nægi til þess að sanna, að hjer er um misrjetti og skakt fyrirkomulag að ræða, er frv. vill leiðrjetta þannig, að því er snertir kirkjugjöld hinna fjögra býla í Prestsbakkasókn í Hrútafirði, að fylgja einnig í þessu falli hinni gömlu kirkjurjettarreglu, „að gjald skuli til þeirrar kirkju greiða, sem maður á sókn til.“

Legg jeg það til fyrir hönd nefndarinnar, að frv. verði samþ. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Ed., miðvikudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 341).

---

33. Innflutningsbann á dýrum.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 27. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um innflutningsbann á dýrum o. fl. (þmfrv., A. 64).

Á 18. fundi í Nd., þriðjudaginn 2. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Jeg get vísað til greinargerðar frv. um það, hvernig á því stendur og hvernig það er undirbúið. Auk þess er málið gamalkunnugt, því að það var nokkuð rætt í fyrra, þótt það fengi ekki afgreiðslu í lagaformi.

Aðaltilgangur frv. er, eins og menn hafa skilið, að setja ítarlegri reglur en áður gegn því, að erlendir sjúkdómar berist í húsdýr okkar. Tekur þetta sjerstaklega til klaufnasýkinnar, sem er landlæg í sumum nágrannalöndunum.

Annar tilgangur með þessum lögum er sá, að varna því, að útlend alidýrakyn verði flutt inn eftirlitslaust til kynblöndunar við innlend. Í greinargerð þeirri, sem dýralæknir ljet fylgja frv., orðaði hann það svo, að þetta væri gert til þess að forðast spillingu innlendra kynja af blöndun við útlend. Við myndum ekki hafa viljað orða þetta svo í landbn., því að vitanlega þarf slík blöndun ekki endilega að vera

spilling, miklu frekar er líklegt, að hún gæti á stundum orðið til bóta. Því vitanlega stendur rækt erlendra húsdýra að mörgu leyti á hærra stigi en rækt húsdýra vorra. En dýralæknir hefir víst aðeins átt við það, að þetta væri til varnar því, að kynblöndun með erlendum kynjum sje eftirlitslaus, og gæti þannig orðið kynspilling.

Ástæðurnar fyrir því að setja nú frekari tryggingar en nú eru í lögum gegn erlendum dýrasjúkdómum eru fyrst og fremst þær, að nú er álitið, að næmir sjúkdómar geti borist með fleiri dýrategundum en þeim, sem þegar er bannað að flytja inn. Sömuleiðis er það álitið, að sjúkdómar geti borist með ýmsum vörum, en því hefir ekki verið veitt athygli fyr en nú. Loks er það, að munn- og klaufnasýkin hefir geisað allmjög á undanförnu ári í nágrannalöndunum, Danmörku og suðurhluta Svíþjóðar.

Jeg ætla ekki að lýsa því, hvað muni vera í húfi, ef þessi veiki berst hingað til lands; það er mönnum kunnugt. Aðeins skal jeg geta þess, að kostnaður ríkissjóðs Svía hefir á einu ári, — frá haustinu 1924 til haustsins 1925 — orðið alt að 15 miljónum króna í baráttunni og vörnunum gegn þessari veiki. Og ótalið er þó það tjón, sem einstakir menn hafa orðið fyrir af lífláti fjárins, þar á meðal niðurskurði, og afurðamissi. Býst jeg fastlega við, að mönnum þyki ekki of langt gengið eða of miklu offrað, þótt skerpt sjeu lögin til tryggingar landinu gegn sýki þessari.

Það má svo heita, að nefndin beri fram frv. óbreytt. Þó er örlítil breyting við 2. gr. Þar var svo ákveðið, að atvinnumálaráðuneytinu væri *heimilt*, með ráði dýralæknis, að banna innflutning á hálmi, heyi o. s. frv. Nefndin leggur til að orða þetta þannig, að atvinnumálaráðuneytinu sje *skylt* að gera þetta.

Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að rekja efni frv. frekar. Jeg sje heldur ekki beinlínis ástæðu til að gera till. um að vísa málinu í nefnd, þar sem það er þannig undirbúið sem það er og kemur frá nefnd, en jeg vona, að það fái greiðan gang gegnum þessa hv. deild.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg er þakklátur hv. nefnd fyrir það, að hún flutti þetta frv. eftir minni beiðni, og hefi engu við að bæta ræðu hv. frsm. (HStef) öðru en því, að mjer skilst með öllu óþarft, að málið fari í nefnd nú, þar sem það er nýkomið frá nefnd, og vænti jeg, að það gangi fram nefndarlaust.

Út af þeirri breytingu, sem nefndin hefir gert á 2. gr., að setja „skylt" í staðinn fyrir „heimilt", vildi jeg taka það fram, að jeg skil það þannig, að atvinnumálaráðherra sje skylt að banna þetta með ráði dýralæknis, þ. e. a. s. þegar dýralæknir leggur til, að svo verði gert. Og þá mun aðferðin verða sú, að það verður lagt fyrir dýralækni að hafa gætur á þessum sjúkdómi erlendis og gera strax tillögur til atvinnumálaráðherrans, þegar honum þykir ástæða til. Vona jeg, að þessi skýring komi ekki í bága við það, sem nefndin hefir hugsað sjer.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg er ekki á móti því, að ráðstafanir sjeu gerðar til að hindra næma sjúkdóma, en jeg efast um, að sum ákvæði frv. miði í þá átt, t. d. að banna innflutning á mjólk. Jeg held engum detti í hug að flytja mjólk til landsins án þess fyrst að sjóða hana niður eða gerilsneyða. En jeg held líka, að varla geti komið til mála, að niðursoðin mjólk

eða gerilsneydd sje smitnæm, eða að með henni geti borist sá sjúkdómur, (munn- og klaufnasýki), sem hjer er um að ræða.

Í öðru lagi get jeg hugsað, að erfitt sje að fyrirbyggja, að til landsins komi hálmur frá þeim löndum, þar sem alidýrasjúkdómar geisa. Hálmur flyst til landsins nær einungis sem umbúðir, bæði um leirvörur, járnvörur o. fl. Það mun fremur erfitt fyrir atvinnumálaráðuneytið og dýralækni að vita, hvaðan sá hálmur er, sem til landsins flyst sem umbúðir. Það, sem Englendingar gerðu í haust er leið til þess að varna útbreiðslu munn- og klaufnasýkinnar þar, það var að banna mönnum að nota þann hálm, sem notaður hafði verið til nokkurs annars en umbúða, og sjerstaklega ekki undir skepnur í járnbrautarvögnum, í geymslustöðum á markaði o. s. frv., og auðvitað að gefa ekki skepnunum útlendan hálm til fóðurs. Jeg hygg, að það mundi kannske vera rjetta leiðin að banna mönnum að nota hálminn til alls annars en umbúða. Jeg hefi víða sjeð í kaupstöðum, að hálmur er notaður sem undirburður í peningshús og á ýmsan annan hátt, jafnvel gefinn skepnum. En það er varla hugsanlegt, að komist verði af án þess að flytja inn hálm sem umbúðir um leir-, gler- og járnvörur, og sennilega er mjög erfitt að vita, hvaðan hann er, jafnvel þótt víst sje um vöruna, hvaðan hún er.

Jeg vildi óska þess, að nefndin, sem flytur þetta frv., vildi athuga þetta til 2. umr. Einnig láta mjer og öðrum í tje álit sitt um það, hvers vegna banna skuli mjólk. Jeg sje enga ástæðu til að banna innflutning á niðursoðinni mjólk þessara hluta vegna.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get látið í ljós gleði mína yfir því, að þetta frv. er fram komið. Jeg geri ráð fyrir, að við nokkrir í Nd. munum eiga okkar hlut í því, sem komum fram með frv. á síðasta þingi, er fór í sömu átt að nokkru leyti. Jeg læt í ljós gleði mína af því, að þar er gert ráð fyrir, að banna megi, þó ekki sje nema um stundarsakir, innflutning á heyi frá þeim löndum, þar sem húsdýrasjúkdómar geisa.

En jeg vil leyfa mjer að skjóta því til nefndarinnar, hvort ekki sje ástæða til að ganga ennþá lengra en hún hefir gengið inn á þessa braut, nefnilega að gera beinlínis ráðstafanir til þess að koma algerlega í veg fyrir slíkan innflutning. Búnaðarfjelag Íslands hefir fyrir nokkru gert ráðstafanir til þess að láta rannsaka það hey, sem hingað flyst. Ef þeirri rannsókn er ekki þegar lokið, þá mun það verða mjög bráðlega. Það er talið víst, að auk þess sem hætta getur stafað af þessu heyi, sje það svo svikið og magurt, að stórskaði sje að kaupa það.

Jeg leyfi mjer að skora á hv. landbn. að ganga úr skugga um þetta og athuga, hvort ekki sje ástæða til að kveða ríkara á um innflutningsbann þetta en gert er í frv.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Jeg get verið þakklátur fyrir, að menn vilja gefa bendingar um þetta mál, til athugunar fyrir nefndina. Og hún mun fúslega athuga það, sem bent hefir verið á. Viðvíkjandi því, að ekki sje þörf á að banna mjólk, þá skildist mjer á niðurlagi ræðu hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að hann ætti við niðursoðna mjólk. Hjer er átt við hráa mjólk eða nýmjólk eingöngu.

Um hálminn er það að segja, að mjer sýnist engin full nauðsyn muni geta verið á því að nota hálm til umbúða frá þeim löndum, þar sem grunur er um, að klaufnaveiki eigi sjer stað. Fleira má hafa til umbúða heldur en hálm. En það getur komið til mála að ákveða þetta þannig, að banna að nota hálminn alment til annars en umbúða.

Jeg er ekki viss um, að jeg hafi skilið háttv. þm. Str. (TrÞ) rjett, þar sem hann var að tala um heyið. Mjer skildist hann vilja láta taka það til athugunar í sambandi við þetta frv., hvernig efnisauðgi heysins væri varið, og aðrar þjóðhagslegar ástæður, sem mæltu á móti innflutningi heys. En þetta frv. nær einungis til þess, hvort banna eigi heyið vegna smitunarhættu, en alls ekki hvort þörf eða ástæða sje til að setja hömlur á innflutning þess af öðrum ástæðum. Hafi jeg ekki skilið háttv. þm. rjett, vona jeg, að hann leiðrjetti það.

Tryggvi Þórhallsson: Vitanlega er það rjett, sem háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) sagði, að þessi lög eru sett fyrst og fremst vegna sjúkdómahættu. En það, sem jeg vildi benda á, er það, hvort ekki mætti taka tillit til þess í þessum lögum, að það hefir komið á daginn, að hjer er um sjerstaklega óheppilega verslun og búskap að ræða, þegar ákveðið er, hvort flytja megi inn þessa vöru eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Nd., fimtudaginn 4. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, 91).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 91. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með þessar brtt. í samræmi við það, sem jeg sagði við síðustu umræðu þessa máls hjer í deildinni. Jeg býst við, að háttv. landbn. ætli með frv. þessu að koma í veg fyrir, að næmir alidýrasjúkdómar flytjist til landsins. En til þess hygg jeg varla þurfa að banna innflutning á hálmi og mjólk, því að mjólk getur ekki valdið sýkingarhættu.

Það hefir flogið fyrir, að nýmjólk myndi jafnvel flutt inn á næstu árum, en slíkt þarf ekkert að óttast, því að nýmjólk hefir enga sýkingarhættu í för með sjer, eftir því sem jeg hefi heyrt fullyrt, því að talið er, að af henni geti engin sýkingarhætta stafað þegar 24 tímar eru liðnir frá því, að hún kemur úr dýrinu. Er því með öllu óþarft að vera að gera ráðstafanir til að banna innflutning á mjólk, því að tæplega mun það vera ætlun nefndarinnar að amast við innflutningi á niðursoðinni mjólk.

Þá er 2. brtt. mín sú, að koma í veg fyrir, að bannaður verði innflutningur á hálmi. Nefndin hygst að koma í veg fyrir sýkingarhættu af hálmi, með því að banna innflutning á honum frá þeim löndum, sem munn- og kalufnasýki er í. En jeg hygg, að tilgangur nefndarinnar náist ekki með því ákvæði, því að hálmur er mikið notaður til endurpökkunar. Er því engin sönnun fyrir því, að hálmur, sem kemur frá landi, þar sem þessi sýkingarhætta er ekki, sje í raun og veru þaðan kominn í fyrstu. Hann getur alveg eins verið frá því landi, sem sýkingarhætta stafar frá. Jeg held því, að tilgangur nefndarinnar náist best með brtt. minni, og vil jeg því ráða háttv. deild til þess að samþykkja hana.

Í þessu sambandi vil jeg geta þess, að

síðastliðið haust var þessi sýki á Englandi. Aðalvarnir stjórnarinnar til þess að varna útbreiðslu hennar voru þær, að banna að nota hálm, sem notaður hafði verið til pökkunar, í undirburð í vagna og rjettarstæði. En aftur á móti var ekki bannað að nota hálm til umbúða.

Samkv. frv. er innflutningur bannaður á *öllum* spendýrum og fuglum. Á að skilja þetta svo, að bannaður sje innflutningur á fólki? Gaman að sjá, hvað farfuglarnir gera. Ætli þeir bíði eftir því, að atvinnumálaráðuneytið setji reglur um hingaðkomu þeirra „í hvert sinn“? Eftir frv. má víst ekki nota hverja reglu nema einu sinni. Nóg að gera í ráðinu því.

Að síðustu vil jeg undirstrika það, að það næst meira öryggi í þessu máli með till. mínum en till. háttv. nefndar.

Frsm. (Halldór Stefánsson): Þær aths., sem komu fram við frv. þetta við 1. umr. þess hjer í deildinni, koma nú fram að mestu leyti í brtt. á þskj. 91, og verður athugasemdunum svarað með því að ræða um brtt. Eins og jeg hefi tekið fram áður, er aðeins um heimildarákvæði að ræða í 2. gr. frv., bygð á áliti dýralæknis. Hvernig og hvenær því verður beitt, fer að sjálfsögðu eftir því, hver nauðsyn þykir á að banna þennan innflutning, og á hvern hátt.

Fyrri liður brtt. fer fram á, að feldar sjeu niður tvær vörutegundir, sem banna má innflutning á eftir frv.

Út af þeim ummælum háttv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að óþarft væri að banna innflutning á mjólk, vil jeg benda á, að það er ekki svo langt hjeðan til næstu landa, að ekki megi vel flytja nýmjólk hingað í kælirúmum. Það fer ekki miklu lengri tími til þess en að flytja mjólk hingað til Reykjavíkur sunnan úr sýslum. Hvort nýmjólk er sýkingarhættulaus 24 klst. gömul, get jeg ekkert sagt um af eigin þekkingu. Verð jeg því að vísa til þess, að ákvæði 2. gr. eru bygð eingöngu á áliti dýralæknis.

Um hálminn gat hv. þm. N.-Ísf. þess, að engin trygging væri fyrir því, að hann væri í raun og veru frá því landi, sem hann komi hingað frá. Þetta getur vel verið rjett. En þá virðist mjer frekar ástæða til að setja ennþá strangari skilyrði um hann. Annars verður það að vera sjerfræðinga að skera úr því, hvað sje hættulegt í þessu efni og hvað ekki.

Þá mintist hv. þm. N.-Ísf. á það, að það mundi vera fullvíðtækt orðalag á 1. gr. frv., og mætti jafnvel eftir því banna innflutning á mönnum og farfuglum — og þótti þetta að vonum hálfskoplegt. Jeg hjelt satt að segja, að enginn bygði á því, að byrjað væri á mansali að nýju, en svo aðeins gæti verið að tala um innflutning manna í þessu sambandi, að þeir væru ekki frjálsir ferða sinna. Aðrir geta ekki komið til mála, og er því ekki rjett að tala um innflutningsbann á mönnum í þessu sambandi. Svo er og um farfugla, að þeir koma óboðnir hingað, og mun fæstum geta komið til hugar, að hægt sje að banna innflutning á þeim. En ef svo væri, að einhverjum kynni að detta í hug að flytja inn rottur t. d., ætli þá væri nokkur goðgá að banna það? Ákvæði frv. ná að sjálfsögðu aðeins til þeirra dýra og fugla, sem flytjast hingað að þeim ósjálfráðum.

Það var minst á það við 1. umr., hvort ekki mundi rjett að banna innflutning á heyi af öðrum ástæðum en greindar eru í frv., og vísa jeg til þess, sem jeg sagði þá um það efni. Frv. þetta gengur ekki inn á aðrar ástæður en þar eru taldar; þar er t. d. ekkert farið út í það, hvort

heppilegt sje af almennum þjóðhagslegum ástæðum að banna innflutning á heyi. Ef menn því vilja fá framgengt innflutningsbanni á heyi af öðrum ástæðum en til grundvallar liggja fyrir þessu frv., þá verður að bera það fram alveg sjerstaklega.

Jeg vil að lokum minna á það, að óvíst er, hvort og hvenær þarf að nota ákvæði 2. gr. frv. um heimild til að banna innflutning, og því ákvæði verður ekki beitt nema full ástæða þyki til. T. d. um það gæti jeg hugsað mjer, að koma mundi til álita, hvort ákvæðunum um hálm mætti ekki haga líkt og stendur í brtt. á þskj. 91. Frá sjónarmiði nefndarinnar er það betra, að heimildin sje of rúm heldur en of þröng, því að óþarfi er að beita henni fremur en ástæða þykir til, þótt rúm sje.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af brtt. á þskj. 91 vil jeg benda á það, að þetta bann, sem talað er um í 2. gr. frv., á ekki að setjast nema með ráði dýralæknis. Það er því hann, sem ræður þar um, og svo framarlega sem hann álítur, að sýkingarhætta geti ekki stafað af innfluttum hálmi eða mjólk, þá er engin hætta á því, að hann leggi til, að innflutningur á þeim vörum sje bannaður. Þess vegna má orðalag frv. haldast óbreytt, og jeg fæ ekki skilið, að hv. þm. N.-Ísf. þurfi að halda stíft fram brtt. sínum á þskj. 91.

Jón Auðunn Jónsson: Út af orðum hæstv. atvrh., sem mátti skilja á þann veg, að ekki þurfi að setja dýralækni neinar reglur, þá vil jeg segja það, að jeg kann betur við, að það, sem frá mjer fer, sje hugsað af mjer, en ekki horft á málið með augum dýralæknis. Því er ekki beint að neinum sjerstökum manni, en dýralæknar þurfa ekki að hafa meiri þekkingu á þeim efnum, sem hjer um ræðir, heldur en aðrir. En bann þetta á hálmi getur valdið stórbaga. Setjum sem svo, að þá er bannið skellur á, þá sjeu á leið hingað vörur fyrir hundruð þúsunda króna og sjeu pakkaðar í hálm. Þeir menn, sem pantað hafa vörur þessar, gætu ekki við neitt ráðið og yrðu að senda vörurnar út aftur. En það er alhægt að koma því svo fyrir, að hálmur sje hættulaus, með því einfalda ráði, er bent er á í minni brtt. Ef háttv. landbn. vildi taka brtt. til athugunar, þá get jeg tekið hana aftur til 3. umr. En verði svo ekki, óska jeg, að hún komi til atkv. nú.

Út af þeim orðum, sem fallið hafa hjer í háttv. deild, skal jeg taka það fram, að í einum fjárlögum Alþingis hefi jeg sjeð talað um innflutning á mönnum. Jeg man nú ekki, hvaða ár þetta var, en stjórninni var heimilað að verja 10 þús. kr. upphæð til innflutnings á sjófólki til Austfjarða. Þá munu flestir hafa sjeð eða heyrt talað um innflutning fólks til Bandaríkja Ameríku og að þar sjeu ýmsar reglur settar um innflutning fólks. Sýnir þetta, að ekki er svo fráleitt að tala um innflutning á fólki í sambandi við frv. þetta.

Forseti (BSv): Það hafa komið fram tilmæli um, að hv. landbn. tæki þessa brtt. til athugunar fyrir 3. umr., og vil jeg skjóta því máli undir umsögn hv. nefndar.

Hákon Kristófersson: Nefndin er tilbúin að greiða atkv. um brtt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 91,a („hálmi“ falli burt) feld með 13:6 atkv.

Brtt. 91,a („mjólk“ falli burt) feld með 13:9 atkv.
— 91,b feld með 12:7 atkv.
2. gr. samþ. með 16:2 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 24. fundi í Nd., laugardaginn 6. mars, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 15:1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 64).
Á 23. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Ingvar Pálmason: Þegar jeg sá þetta frv., flaug mjer í hug gamalt orðtak, sem segir: „Maður, líttu þjer nær, liggur í götunni steinn.“

Eins og frv. ber með sjer, er tilgangur þess sá að fyrirbyggja, að til landsins flytjist alidýrasjúkdómar. En nú er svo ástatt hjá okkur, að við ölum hjer í landi einn hinn skæðasta alidýrasjúkdóm, fjárkláðann, — sem er og hefir verið landbúnaði vorum til stórhnekkis — án þess að hafa mannáð til að losa okkur við hann. Flestir kannast við hann og vita, hve mikill steinn í götu landbúnaðarins hann hefir verið og er enn. Um þann stein hefir landbúnaðurinn þráfaldlega hnotið og ríkissjóður líka, og enn þann dag í dag er ríkissjóður að reka tærnar í hann. Jeg vildi benda á það, háttv. nefnd til athugunar, hvort ekki væri meiri ástæða til að taka á þessu máli föstum tökum en að koma fram með þetta frv., sem hjer liggur fyrir, og hefði jeg óskað, að yfirdýralæknir landsins hefði frekar látið fjárkláðann til sín taka.

1. gr. frv. mælir þannig fyrir, að það sje öllum bannað að flytja hingað til lands lifandi spendýr og fugla. Nú vitum við, að til landsins flyst á ári hverju sægur af allskonar farfuglum, lóum og spóum o. fl. Nú er þetta bannað. Að vísu geri jeg ráð fyrir, að þetta bann verði áhrifalítið og að erfitt verði að koma þar við sektarákvæðum, enda vona jeg, að blessuð lóan komi hingað til lands eftir sem áður, án þess að sækja um leyfi til atvinnumálaráðherra. Á þetta vildi jeg benda í tilefni af því, að það er ekki óalgengt, að menn flytji hingað fugla sjer til ánægju, og er það ekki tvímælum bundið, að þeir verði samkvæmt frv. að sækja um leyfi til þess. En mjer er ekki kunnugt um, að innflutningur slíkra fugla hafi nokkurntíma valdið sjúkdómum, en ef svo væri, þá væri æskilegt, að það kæmi fram sem rök fyrir þessu fyrirmæli frv.

Auk þess vil jeg benda á það, að því hefir verið haldið fram af mætum mönnum, að eitt af því, sem okkur væri mjög nauðsynlegt og gæti orðið til mikilla hagsbóta, væri meiri fjölbreytni í alidýrarækt, t. d. aukin alifuglarækt, bæði hænsna- og andarækt, en þó sjerstaklega svínarækt, með hliðsjón af væntanlegum mjólkuriðnaði. Það kann að vera, að einhver ástæða sje til að hafa eftirlit með innflutningi slíkra dýra. Við vitum allir, að svín eru svín, og jeg fyrir mitt leyti mundi ekki taka upp neina þykkju fyrir þau, þó að þau væru nákvæmlega skoðuð, áður en þau væru flutt inn. En að því er kemur til

innflutnings á alifuglum, er það ekki kunnugt, að hann hafi valdið sýkingu eða að yfirleitt sje hætt við, að hann geri það.

Sá húsdýrasjúkdómur, er menn telja mesta hættu á, eins og nú standa sakir, að flytjist hingað, er hin illræmda gin- og klaufnasýki, er gengið hefir um Norðurlönd síðustu ár. Mun það vera hræðsla við þennan sjúkdóm, sem veldur því, að þetta frv. er fram komið. En mjer finst sá sjúkdómur, vægast sagt, heldur veigalítil ástæða til að banna innflutning á hænsnum. Að því er snertir endur og gæsir, þá tel jeg þessi ákvæði frv. fremur til að leggja stein í götu þessarar nýju greinar alidýraræktar, sem sennilega gæti orðið að góðu liði til þess að bæta upp aðra atvinnuvegi. Einkum gæti anda- og gæsarækt komið að góðu liði í sjávarþorpum. Jeg tel, að fella þurfi burt úr 1. gr. orðið „fugla". Eins og greinin nú er orðuð, gæti hún valdið óþægindum, og auk þess, sem áður er talið, hindrað menn t. d. í að flytja inn suðræna fugla sjer til skemtunar.

Annars vil jeg segja það, að mjer hefði þótt liggja nær, að dýralæknir beitti sjer fyrir öðru máli þýðingarmeira. Það var nógur tími að koma með þetta frv. þegar búið var að útrýma fjárkláðanum, hvort heldur sem til þess hefði verið notað Coopers baðlyf eða Hreins. Jeg tel óþarfa að setja sig á háan hest í þessu efni meðan sýnt er slíkt hirðuleysi, sem átt hefir sjer stað ár eftir ár í að útrýma einum þeim versta alidýrasjúkdómi, sem við höfum af að segja.

Um 2. gr. horfir svo við, að þar er um heimild að ræða, og finst mjer, að nægt hefði að hafa alt frv. í þeim anda. Það eru þó nokkrar tegundir í 2. gr., sem orkað getur tvímælis um, hvort gott er að koma innflutningsbanni á. Skal jeg ekki fara frekar út í það í þetta sinn, en áskil mjer rjett til þess að koma með brtt. við 2. umr. Jeg vona, að frv. verði athugað vel í nefnd og vegið og metið, hvort ástæða er til þess að láta það komast í gegn, nema þá sem heimild. Það verður að minsta kosti að taka talsverðum breytingum, ef jeg á að greiða því atkv. út úr deildinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbn. með 9 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 20. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 64, n. 174).

Frsm. (Eggert Pálsson): Vegna þess að þetta er 2. umr., verð jeg að segja nokkur orð um málið til viðbótar því, sem í nál. stendur.

Eins og greinargerð frv. ber með sjer, er það komið frá hv. landbn. Nd. að tilhlutun dýralæknis, og tilgangur þess er að gera yfirgripsmeira en áður bann um innflutning á ýmsum húsdýrum og fleiru, sem húsdýrum vorum getur stafað sýkingarhætta af. Lög um innflutningsbann á dýrum eru frá 1905 og í þeim er bannað að flytja inn sauðfje, nautgripi, hesta, svín og geitur. Og með viðauka frá 1909 er einnig bætt við hundum.

Dýralækni hefir nú sýnst nauðsyn á því, að bannaður sje innflutningur á nokkrum dýrum og ýmsum hlutum, er sóttnæmi getur borist með. Í frv. er gert ráð fyrir, að bannað sje að flytja inn spendýr og fugla. Sumum kann nú að virðast, að óþarfi sje að banna innflutning á fuglum, og hefir því landbn. átt tal um það atriði sjerstaklega við dýralækni. Dýralæknir taldi, að fuglar gætu borið með sjer sóttnæmi, eigi aðeins fyrir sömu fuglategund, heldur einnig fyrir aðrar

fuglategundir, og ef til vill ýms húsdýr, og jafnvel menn, svo sem berklabakteríuna. Í lögum annara þjóða er það líka alstaðar bannað að flytja inn fugla, og fyrir þessar sakir fann nefndin ekki ástæðu til þess að hrófla við þessu ákvæði.

Í háttv. Nd. mætti það nokkurri mótspyrnu, að bannaður skyldi innflutningur á hálmi og kom þar fram brtt. um að fella niður það ákvæði frv. En sú brtt. náði ekki samþykki hv. deildar, og þess vegna þótti nefndinni ekki ástæða til þess að koma nú fram með brtt. í sömu átt hjer í þessari hv. deild. Og um hálminn má það segja, að af honum getur stafað sýkingarhætta; það dylst engum. Því að skepnum hættir til að leggja sjer hann til munns. Annars fær nefndin ekki betur sjeð en að nota megi annað en hálm til umbúða, þegar banna þarf innflutning á honum, svo sem fína hefilspæni, sem engin hætta er á, að geti orðið nokkurri skepnu að grandi.

Nefndin vill því láta frv. fara óbreytt frá sjer að þessu leyti, en hún hefir þó komið með tvær brtt. við frv. Fyrri tillagan snertir bannið á mjólk. Fanst nefndinni það dálítið kynlegt að banna skilyrðislaust innflutning á mjólk, þar eð eigi varð þá annað ráðið af frv. en að banna ætti líka innflutning á niðursoðinni mjólk. En það var og er ekki tilgangurinn, því að í niðursoðinni mjólk er engin sýkingarhætta fólgin. Þetta vildi nefndin, að kæmi skýrt fram í sjálfum lögunum, og þess vegna vill hún bæta inn í frv., að átt sje aðeins við „ósoðna" mjólk.

Nefndin átti tal um þetta atriði við dýralækni. Fjellst hann á það að skjóta orðinu „ósoðinni" inn á undan orðinu „mjólk". En að banna eða geta bannað innflutning á ósoðinni mjólk taldi hann fulla nauðsyn. Kvað hann eigi loku fyrir það skotið, að ósoðin mjólk færi að flytjast hingað frá útlöndum, þegar samgöngur yrðu greiðari. Nú er t. d. flutt ósoðin mjólk utan af landi til Reykjavíkur með Esju, og er engu ólíklegra, að hægt sje að flytja slíka mjólk bæði frá Noregi og Danmörku með hraðferðaskipum. Því þykir rjett að slá þann varnagla, að hægt sje að hefta slíkan innflutning, ef hætta sýnist geta af honum stafað.

Hin brtt. nefndarinnar snertir form frv. Það stóð upphaflega í því, að atvinnumálaráðherra væri „heimilt" að banna innflutning samkv. frv. Þessu orði var síðan breytt í „skylt", en það er ekki í samræmi við venjuleg ákvæði í lögum, því að ef ráðuneytinu er skylt að fara eftir fyrirmælum dýralæknis, þá er ráðuneytið þar með beinlínis sett undir dýralækninn. Nefndin vill því færa frv. í sinn fyrra búning um þetta atriði, en það breytir engu um efni frv., því að sjálfsögðu verður farið eftir ráðum og tillögum dýralæknis, hvort orðið sem notað verður í frv.

Ingvar Pálmason: Jeg get þegar lýst yfir því, að jeg tel brtt. hv. landbn. til bóta á frv., en þó tel jeg, að þær bæti ekki úr því, er jeg við 1. umr. taldi aðallega þurfa að breyta í frv.

Jeg hefi ekki getað sannfærst af rökum hv. frsm. (EP), að nauðsyn sje á því að banna innflutning fugla, og jeg tel varhugavert að leggja ströng höft á það, að alidýrarækt í landinu geti orðið sem fjölbreyttust. Jeg hefi nú nýlega heyrt, að ungur og efnilegur bóndi hafi í hyggju að flytja hingað hreindýr. Veit jeg ekki, hvort hann hefir enn sótt um leyfi hæstv. stjórnar til þessa, en hitt er öllum vitanlegt, að fyrir rúmum 200 árum voru flutt hingað hreindýr, sem hafa þrifist vilt fram á þennan dag og mundu nú vera fleiri,

ef rándýrsaðferð landsmanna hefði ekki hamlað því, að þeim fjölgaði. Þessi bóndi sem jeg mintist á, ætlar að flytja inn tamin hreindýr. Þetta er óþekt hjer á landi, en mjer finst það varhugavert, að við sitjum hjer með sveittan skallann við það að smíða slík bannlög sem þessi, þegar menn eru að reyna að brjótast í því að auka alidýrastofninn með innflutningi.

Jeg vildi hreyfa þessu máli hjer, ef hæstv. stjórn væri kunnugt um það, og eins þætti mjer gaman að vita, hvernig hún mundi taka í málið. En jeg segi fyrir mitt leyti, að ef það er meiningin nú með þessum lögum að leggja stein í götu þeirra, er vilja gera alidýrarækt í landinu fullkomnari, þá tel jeg það mjög illa farið.

Jeg mun þó, eins og nú standa sakir, greiða frv. atkv. til 3. umr. Jeg hafði hugsað mjer að koma fram með brtt. við það við þessa umr., en mjer vanst ekki tími til þess, vegna anna í nefnd og hjer á þinginu í gær. En jeg áskil mjer rjett til þess að koma með brtt. við 3. umr. Mjer finst það eigi að fara varlega í þessum sökum og að þetta ættu aðeins að vera heimildarlög. Mætti laga það á þann hátt, að fella niður 1. gr., en taka nokkur atriði upp úr henni í 2. gr., sem svo yrði 1. gr. Tel jeg alveg nægilegt, að gefin sje heimild til að banna slíkan innflutning og hjer er gert ráð fyrir, ef og þegar ástæða þykir til.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið að sinni. Mjer þykir leitt, að hæstv. atvrh. (MG) skuli ekki vera við, því að mig langar til að fá upplýsingar um það, sem jeg hefi drepið á, og hvernig hann mundi taka undir það, ef um slíka undanþágu væri sótt.

Frsm. (Eggert Pálsson): Mjer finst, að frv. sje í raun og veru og í heild frv. til heimildarlaga, frekar en hitt. Því að enda þótt svo standi í 1. gr., að öllum sje bannað að flytja inn það, sem þar er talið, þá er þó strax svo að orði komist, að atvinnumálaráðherra veiti eða geti veitt undanþágur með ráði dýralæknis. Og það er þannig opinn vegur til þess að fá undanþágu um innflutning á þeim dýrum, sem þar eru nefnd, þegar engin sýkingarhætta getur stafað af innflutningi þeirra. En þegar á að dæma um, hvort slíkri sýkingarhættu sje til að dreifa, þá er ekki í annað hús að venda en að leita upplýsinga hjá dýralækni. Og við megum telja okkur hepna að eiga kost slíkra upplýsinga eða hafa tök á þeim manni, er þær geti gefið, því að ef hann væri ekki, þá gæti það komið fyrir, sem áður hefir skeð, að hingað berist næmir alidýrasjúkdómar, sem gert geti mesta óskunda.

Það er sjerstakt mál, er hv. 2. þm. S.-M. (IP) talaði um, um innflutning hreindýra. Jeg get sagt fyrir mig, að jeg hefi ekki sjeð umsókn þess efnis, en heyrt hefi jeg talað um hana. Þetta atriði kom líka til tals í landbn., er dýralæknir var á fundi með okkur. Dýralæknir leit svo á, að ef vilt hreindýr flyttust hingað og tímguðust, þá gæti það orðið til þess, að þau fáu dýr, sem hjer hafa lifað öll þessi ár við harðindi og erfiðleika, mistu þrótt og þol og yrðu veikbygðari við það að blandast þeim dýrum, er átt hafa að búa við miklu mildari kjör og meiri lífsþægindi. Afleiðingin yrði sú, að afkvæmin mundu hrynja niður. Þetta kæmi vitanlega ekki til greina, ef hægt væri að hafa hin innfluttu hreindýr algerlega út af fyrir sig. En hvort það er hægt eða ekki, veit jeg ekki og skal ekki um segja. En það dylst ekki mjer frekar en öðrum, að ýmislegir sjúkdómar gætu og flust inn með dýrum þessum, eigi síður en öðrum spendýrum. Og ef svo tækist til,

kynni það að verða ærið hættulegt dýrum okkar. Væri þá lítill fengur að þessum innflutningi, ef slíkt kynni að verða oss til ómetanlegs tjóns á húsdýrum eða alidýrum þeim, sem fyrir eru. Verð jeg því að halda mjer við það, sem nefndin er einhuga um, að ráða hv. deild til að samþykkja frv., vitanlega með þessum tveim smávægilegu brtt., sem nefndin hefir gert á því.

Ingvar Pálmason: Jeg skal ekki tefja fyrir málinu. Háttv. frsm. vildi líta svo á, að hjer væri aðeins um heimild að ræða. En jeg get ekki verið alveg sammála. Jeg lít svo á, að í frv. felist hreint aðflutningsbann. Mjer virðist, að lögin ættu aðeins að vera heimildarlög, og þarf þá að breyta 1. gr., því jeg býst við, að algert bann hljóti að leiða til undanþágu. Og þó að aðeins væri heimilað að banna innflutning á dýrum, þá mundi mega ná því sama marki á þann hátt. Það nyti sín betur, en kæmi alveg að fullum notum

Hvað viðvíkur innflutningi frá Noregi, mætti auðvitað taka það upp í 2. gr.

Hjer í 1. gr. frv. er engin undantekning, heldur algert bann. Þýðir ekki um það að þrátta, þar sem engin brtt. er fram komin. En hugsanlegt er, að innflutningur á hreindýrum kæmist á, enda upplýstist, að hv. nefnd var ekki ókunnugt um það.

Það vildi nú svo til, að málið um hreindýrin varð hjá hv. frsm. að kynbótamáli, en ekki heilbrigðismáli. Er það nokkuð mikil víkkun á valdsviði dýralæknis, ef hann á að geta bannað innflutning á dýrum, jafnvel þó að um enga sýkingarhættu sje að ræða. *(EP*: Jeg mintist á það líka). Veit jeg það. En hvar eru takmörkin fyrir því, hve langt dýralæknir getur teygt vald sitt eftir frv? Jeg tel hyggilegast, að landsstjórnin hafi hjer úrskurðarrjett, en auðvitað í samráði við dýralækni. Mættu og fleiri dýralæknar koma þar til greina.

Skal jeg svo ekki orðlengja um þetta meira.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg get tekið undir það með hv. 2. þm. S.-M., að ekki er nú ástæða til að vera að þrátta lengur út af þessu máli, fyr en hann þá kemur með sína brtt. og hefir talað fyrir henni. En jeg tek það fram, að óþarfi var hjá hv. þm. að vera að hneykslast á því, þó að jeg *mintist* á, að *innflutningur hreindýra* gæti haft spillandi áhrif á hreindýr þau, sem fyrir eru í landinu. Því ef ekki beinlínis, þá samt óbeinlínis kemur það þessu máli við. Enda var það hv. þm. sjálfur, sem byrjaði að tala sjerstaklega um hreindýrin í sambandi við einhverja umsókn, sem lægi fyrir þinginu. Og þegar sá innflutningur var á annað borð kominn á góma, virtist það alls eigi úr vegi samhliða sýkingarhættunni að minnast á aðra hættu, sem af þeim innflutningi gæti stafað.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:2 atkv.

Brtt. 174,1 samþ. með 11 shlj. atkv.

— 174,2 samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 22. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 187, 192).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 192. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Ingvar Pálmason: Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg myndi koma með brtt. við þessa umr. Jeg hafði upphaflega ætlað mjer að hafa brtt. víðtækari, en með því að mjer virtist deildin ekki vilja víðtækari breytingu, þá fjell jeg frá því. Um þessa litlu breytingu er óþarfi að fjölyrða. Hún fer fram á að flytja orð úr 1. gr. frv. yfir í 2. gr., og verður úr því nokkur meiningarmunur, eins og menn geta sjeð. Jeg fæ ekki sjeð, að ástæða sje til þess að hafa algert innflutningsbann á fuglum. Mjer finst nægilegt að hafa heimild til þess, ef ástæða virðist til. Margir menn flytja inn suðræna fugla sjer til skemtunar, og finst mjer engin þörf á því að banna slíkt að ástæðulausu. Jeg vænti þess því, að hv. deild sjái sjer fært að samþykkja þessar brtt. mínar.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg bjóst nú við því, að brtt. háttv. 2. þm. S.-M. (IP) mundu verða víðtækari en raun er á orðin, enda kom það fram í ræðu hans, að hann hafði upphaflega hugsað sjer það svo. Um þessar brtt. vil jeg segja fyrir hönd nefndarinnar, að hún leggur ekki áherslu á, að deildin leggist á móti þeim, en mun sjálf vegna samræmis greiða atkvæði á móti þeim. Nefndin lítur svo á, að rjettara hefði verið að fylgja frv. óbreyttu, því að það er sniðið eftir samskonar lögum í nágrannalöndunum. En sem sagt, nefndin leggur ekki mikla áherslu á þetta atriði.

ATKVGR.

Brtt. 192,1 samþ. með 8:3 atkv.

— 192,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 38. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. mars, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 193).

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 26. mars, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., fimtudaginn 15. apríl, var frv. aftur tekið til e i n n a r u m r. (A. 193, 282).

Frsm. (Halldór Stefánsson): Þetta frv. er komið frá hv. Ed. og hefir tekið þar lítilsháttar breytingum, en þær snerta ekki aðalatriði málsins, og getur landbn. því fallist á þær. Skal jeg gera grein fyrir, í hverju breytingarnar liggja. Þær snerta tvö atriði. Fyrra atriðið er það, að fuglar eru fluttir úr 1. gr. í 2. gr., þannig að þeir flytjast undan hinu almenna banni í 1. gr. undir bannið í 2. gr. Hitt atriðið er skifti á orðum, þannig að sett er „heimilt“ fyrir „skylt“, og var það svona upphaflega í frv., en landbn. hafði orðaskifti, af því að hún áleit, að með því að hafa orðið „skylt“, fælist í frv. meiri trygging. Eftir að hæstv. atvrh. (MG) hefir lýst yfir við fyrri meðferð málsins, að stjórnin mundi skilja greinina eins, hvort orðalagið sem væri, getur landbn. vel felt sig við að orða þetta eins og upphaflega var gert.

Þá liggja enn fyrir brtt. frá þeim hv. þm. Borgf. (PO) og hv. þm. Str. (TrÞ) á þskj. 282. Nefndin hefir í raun og veru tekið afstöðu til þessara brtt. áður, þó að þær hafi ekki formlega verið teknar til meðferðar á nefndarfundi, þar sem búið

var að skjóta til nefndarinnar því, sem till. fjalla um. Nefndin hafði látið í ljós, að hún vildi ekki blanda saman þeim ástæðum, sem eru fyrir þessum brtt., og þeim, sem eru fyrir frv. Aðalástæðan fyrir frv. er sú, að það er sett til varnar því, að alidýrasjúkdómar berist til landsins, en þessar brtt. eru bygðar á öðrum ástæðum, og telur nefndin, að taka verði afstöðu til þeirra ástæðna alveg sjerstaklega, en þar með er ekkert sagt um afstöðu einstakra nefndarmanna til þeirra. Eflaust mælir margt með þeim, og svo aftur eitthvað á móti.

Tryggvi Þórhallsson: Hv. frsm. (HStef) hefir lýst afstöðu landbn. til brtt. á þskj. 282, og skildist mjer, að það væru einstakir þm., sem hefðu sjerstaka afstöðu til þeirra. Þar sem nefndin hefir ekki heyrt rök okkar flm., vona jeg, að nefndin hafi a. m. k. ekki öll snúist gegn þessum tillögum.

Í frv. er landsstjórninni skylt að banna um stundarsakir innflutning á heyi frá þeim löndum, þar sem næmir húsdýrasjúkdómar ganga, en ef ekki er um slík lönd að ræða, er heimilt að flytja inn hey. Með öðrum orðum er samkvæmt frv. aðalreglan sú, að það á að vera heimilt að flytja inn hey. Við hv. þm. Borgf. (PO) viljum með brtt. okkar snúa þessu við, þannig að aðalreglan sje sú, að bannað sje að flytja inn hey, en hitt sje undantekning, og innflutningur á heyi verði aðeins leyfður, þegar fóðurskortur er yfirvofandi. Jeg veit, að það kemur engum hv. deildarmanni á óvart, þó að við hv. þm. Borgf. berum fram slíka brtt. sem þessa. Okkar hugur í þessu máli kom greinilega fram í fyrra. Það var ekki einungis vegna sjúkdómshættunnar, sem við bárum fram þessa brtt, heldur erum við þeirrar skoðunar, að það sje óhæfilegt búskaparlag að þurfa að vera að flytja inn hey. Það er búskaparleg fjarstæða, og við lítum svo á, að ástæða sje til þess að hlynna að því, að bændastjett landsins hafi sem besta aðstöðu til að fá gott verð fyrir heyið.

Jeg skal taka það fram, að ástæðan til þess, að við berum brtt. svo seint fram, er sú, að við biðum eftir að fá í hendur þau gögn í þessu máli, að Búnaðarfjelag Íslands hefir fengið efnarannsóknarstofuna til að rannsaka útlenda heyið, og hefir Búnaðarfjelagið svo unnið úr skýrslu efnarannsóknarstofunnar. Að vísu er þessum rannsóknum ekki fyllilega lokið, en samt má draga af þeim þær ályktanir, sem nú skal greina.

Rannsóknum þessum ber ágætlega saman við opinberar rannsóknir í Noregi hvað norska heyið snertir. Hinsvegar eru til margar rannsóknir á íslensku heyi, og á þeim grundvelli er þessi samanburður gerður.

Það segir svo í skjalinu:

„Eftir þessu er í norska heyinu minna af steinefnum, köfnunarefnissamböndum og fitu, en meira af trjeni, og mun þetta alt rýra fóðurgildi þess, en hver hinn raunverulegi mismunur er, verður eigi sagt með vissu: til þess vantar margar rannsóknir á meltanleik efnanna í fóðrinu, og vart verður því spursmáli heldur svarað ábyggilega nema með fóðrunartilraunum. En sje nú heyið lagt í fóðureiningar, ísl. heyið samkvæmt útreikningi Halldórs Vilhjálmssonar og norska heyið samkvæmt útreikningi Norðmanna, verður útkoman þessi:

Innflutningsbann á dýrum.

	Í eina fóðureiningu þurfa, kg.	Í 100 kg. fóðurs eru fóðureiningar
Besta taða	1.8	55
Meðaltaða	2.0	50
Ljeleg taða	2.5	40
Besta úthey, aðall. stör	2.2	45
Meðalúthey	2.5	40
Ljelegt úthey	3.0	33
Norskt hey	2.3	44

Eða ef maður snýr dæminu við og segir, að ein fóðureining, eða 2 kg. af meðaltöðu íslenskri, kosti 40 aura, þá eiga 100 kg. af meðaltöðu að kosta 20 kr., af góðu útheyi íslensku 18 kr., en af norsku heyi 17 kr. 60 aura. Verðmunur á íslenskri meðaltöðu og norskri töðu á að vera 12%.

Jafnframt er í skýrslunni tilfært verð á heyi því, sem flutt er hingað til bæjarins. Þar er talið, að venjulegt verð á 100 kg. af töðu sje 20 kr., á útheyi 16 kr. og á norsku heyi 20 kr., miðað við 100 kg. En þó er tekið fram, að verð á íslenskri töðu hafi komist upp í 28 kr. og norskt hey upp í 22 kr., miðað við 100 kg. En tíðast mun það ganga svo, að norska heyið sje selt jöfnu verði og íslenska taðan, en ætti þó af framansögðu að vera 12% lægra.

Á Akureyri er verðið lægra á íslensku heyi. Þar eru 100 kg. af töðu seld á 16 kr., en norska heyið mun selt þar við sama verði og hjer í Reykjavík.

Þetta veit almenningur ekki.

Það, sem ginnir menn til þess að kaupa útlenda heyið, er, að það er fallegt útlits, lyktargott og vel verkað.

Það er fráleitt búskaparlag að flytja inn hey, og er þar við bætist, hve mikill verðmunur er á því og íslensku heyi, miðað við notagildi þess, þá verður því ekki neitað með rökum, að till. okkar háttv. þm. Borgf. sje á fullkomlega rjettlátum grundvelli bygð, auk þess, sem við með henni viljum fyrirbyggja það, að þeir menn, sem á annað borð verða að kaupa útlent hey, skuli gefa fyrir það 12% hærra verð en á að vera.

Hinsvegar skal jeg geta þess, að þó við viljum leggjast á móti innflutningi heys, þá vil jeg ekki með því viðurkenna, að heysalan innanlands sje í besta lagi. Því er nú miður svo farið, að þeir, sem leggja fyrir sig að selja hey, verka það ekki eins og vera ætti nje vanda til þess á þann hátt, að við megi una. Það þyrfti að setja lög eða reglugerð um mat á heyi, svo vönduð yrði betri verkun á því en átt hefir sjer stað, einkum hjer sunnanlands, og á jeg þá við það hey, sem aðallega er selt hingað til Reykjavíkur. Og ekki skyldi standa á mjer til þess að samþykkja slíka reglugerð til þess að tryggja heysöluna og gera skipulag hennar innanlands betra og hagkvæmara.

Það hefir staðið á upplýsingum í þessu efni, og fyrir tilmæli mín var það gert á dögunum, að málið var tekið af dagskrá. Nú eru þessar upplýsingar fengnar og þess vegna skora jeg á hv. þdm. að samþykkja brtt. okkar á þskj. 282.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg verð að taka undir það, sem hv. frsm. landbn. (HStef) sagði, að hjer er um óskyld atriði að ræða, sem verið er að blanda inn í frv., og ekki víst, að þær ástæður, sem mæla með brtt. á þskj. 282, leiði til sömu niðurstöðu og ætlast er til með frv. Það er hugsunarrjett hjá hv. frsm., sem talað hefir fyrir nefndina, að það mætti ekki blanda þessum tveimur atriðum saman, og vil jeg styðja skoðun hans og nefndarinnar í þessu efni. Hinsvegar gleður það mig, að Búnaðarfjelag Íslands hefir rannsakað útlenda heyið og slegið föstu, hvert

notagildi þess sje, samanborið við innlent hey. En að norska heyið reynist verra eða mun lakara til fóðurs en menn höfðu ímyndað sjer, ætti ekki að þurfa að leiða til þess að banna innflutning á því, heldur ætti það að kenna mönnum að kaupa það við lægra verði, eða því, sem munar á gæðum þess, borið saman við innlent hey.

Annars er hjer sama að segja og áður hefir verið tekið fram hjer í hv. deild, að menn kaupa ekki útlent hey, ef innlent hey er á boðstólum með því verði, sem hæfilegt þykir vegna gæðamunar. En geta má þó þess, að sumstaðar á landinu er svo miklum erfiðleikum bundið að afla heyja, að spursmál er, hvort rjett sje að þröngva mönnum til þess að kaupa ísl. hey, svo að segja hvernig sem er og við hvaða verði, sem heimtað er. Svo er t. d. um Vestmannaeyjar og Ísafjörð, sem mestallan heyfeng sinn þurfa að kaupa að um langan veg. Ef þeir geta fengið jafngott innlent hey við sama verði, kaupa þeir ekki útlent hey. Besta ráðið við því að draga úr innflutningnum er það, að fá upplýsingar um, hvers virði útlenda heyið sje, og þegar þær eru fengnar, kaupa menn fremur innlenda heyið, ef hæfilegur verðmunur fylgir, miðað við notagildi þess.

Annars virðist mjer á orðalagi þessarar brtt. á þskj. 282, að það verði ekkert hægðarverk fyrir atvinnumálaráðuneytið að framkvæma hana. Það verður nokkuð erfitt að ákveða, hvenær „veruleg“ hætta sje á fóðurskorti. Atvinnumálaráðuneytið verður þar að fara mest eftir sögusögn annara. En aðalatriðið er þó fyrir mjer, að hjer er blandað inn í frv. ákvæði, sem ekki á þar heima. Eigi að skipa þessu með lögum, verður að koma fram sjerstakt frv. í því efni.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil taka undir það sama, sem raunar fleiri hafa drepið á, að með brtt. þeirri, sem fyrir liggur, er verið að blanda saman algerlega óskyldum málum. Hjer á að koma á banni á vöru í alt öðrum tilgangi en liggur fyrir í frv. Að vísu er þetta gamall kunningi hjer í hv. deild; það stakk upp höfði hjer í fyrra, en var þá kveðið niður. Nú hafa sömu höfundar vakið það upp að nýju ennþá magnaðra en áður, og ætlast víst til, að þessi skýrsla um rannsókn um notagildi á heyi eigi að vera rothögg á þá mótstöðu, sem þessu máli var veitt þá. Jeg skal játa það, að það er gott að fá slíka skýrslu, en vona þá jafnframt fastlega, að hún verði gerð sem flestum kunn, svo af rannsókninni megi leiða það, að mönnum lærist að nota innlendu vöruna, en hætti að kaupa þá útlendu, þegar sýnt er, að hún er bæði dýrari og verri.

En jeg vil minna á það, að þegar hv. flm. fluttu þetta mál á síðasta þingi, þá lá engin skýrsla fyrir frá þeim um þetta efni, og gat því ekki till. þeirra bygst á hagsmunum þeirra þorpsbúa, sem kaupa verða útlent hey til bjargar skepnum sínum.

En undir það skal jeg taka með háttv. þm. Str., að það er ólag mikið á búnaðarháttum okkar að þurfa að flytja inn hey, enda ætti að vera hægt að koma í veg fyrir það, því að bændur eru vel samkepnisfærir. Jeg verð líka að segja, að bændum sje það lífsspursmál að verða það samkepnisfærir; að þeir geti ekki aðeins selt ódýrara hey, heldur líka betra hey heldur en það, sem flutt er inn í landið. Það liti heldur ekki vel út um afkomu landbúnaðarins, ef við gætum ekki í flestum árum selt hjer hey við lægra verði en kostaði að flytja það inn.

Jeg vil líka benda á orðalag brtt., eins

og hæstv. atvrh. drap lítillega á: „ef veruleg hætta er á ferðum, þá má leyfa innflutning á heyi.“ Það er kaldranalega orðað þetta. Það er ekki nóg, að sá skortur sje á heyi, að ekki sje hægt að halda fje í holdum, heldur þarf líklega að vera horfellir fyrir dyrum.

Annars efast jeg ekki um, að brtt. sje fram borin í góðri meiningu og af velvilja og umhyggju fyrir þeim, sem framleiða heyið. En það er ekki leiðin að blanda saman tveimur óskyldum málum, og heldur ekki að setja algert bann við innflutningi á heyi, heldur er hitt leiðin, að framleiða betra hey í landinu og selja það ódýrara verði. Þá hverfur útlenda heyið af markaðinum og við búum að okkar eigin, eins og á að vera.

Jakob Möller: Það er nú í sjálfu sjer óþarft að standa upp til þess að andmæla þessari brtt., eins og margir hafa á hana lagst. En jeg gat nú samt ekki látið vera, og mest fyrir þá sök, að mjer virðist það furðulegt, að þetta mál skuli nú vakið upp að nýju, eins og um það fór í fyrra. Jeg þykist nú samt skilja, að ástæðan til þess, að því er hreyft nú, sje þessi skýrsla, sem hv. þm. Str. las áðan upp. En ef þessi rannsókn, sem ekki lá fyrir í fyrra, hefir valdið því, að hv. flm. fara enn á kreik, þá er það ennþá furðulegra, því vitanlegt er, að það er alls ekki það, sem knýr menn til að kaupa útlent hey, að menn haldi, að það sje betra en það íslenska, og því síður mundu menn fara að halda það eftir að rannsóknin hefir leitt í ljós, að það er bæði dýrara og að sama skapi verra. Nei, það eru erfiðleikarnir á því að fá íslenskt hey, sem valdið hafa því, að norska heyið hefir verið flutt inn. Það eru öllum augljósir erfiðleikarnir, sem landbúnaðurinn á við að stríða með vinnuaflann. Það er alment umkvörtunarefni bænda um alt land, að þeir geti ekki vegna manneklu aflað nægilegra heyja handa sjálfum sjer, hvað þá handa stórum og mannmörgum kauptúnum. Þetta er aðalástæðan: erfiðleikarnir við að afla heyjanna, og eina ástæðan fyrir því, að innflutningur á norsku heyi hefir átt sjer stað.

Jeg geri nú ráð fyrir, að hv. flm. (TrÞ og PO) gangi aðallega til metnaður fyrir hönd landsins, að ekki sje sæmandi að flytja inn hey. En slíkur metnaður stoðar ekkert, þegar ekki er hægt að afla nægilegra heyja innanlands. Það er lítil hjálp í því, þó að gras sje nóg á jörðinni víðsvegar um landið, þegar þeir, sem þurfa að nota það, hafa engin tök á að losa það af jörðinni og ná því til sín. Kaupstaðarbúarnir, sem þurfa að nota heyið, verða að stunda aðalatvinnu sína yfir sumartímann, og samkepnin svo mikil um vinnukraftinn, að sveitirnar bera þar skarðan hlut frá borði og geta ekki tekið menn til að heyja fyrir aðra. Hinu geri jeg ekki ráð fyrir, að háttv. flm. vilji sporna við samkepni í heysölu vegna útlenda heysins. Jeg býst ekki við, að þeir vilji fylgja því að vernda innlenda framleiðslu með því að banna algerlega innflutning á samskonar vöru frá útlöndum. En verði það ofan á að banna innflutning á heyi, verður afleiðing sú, að sprengja innlendu vöruna upp úr öllu valdi, þegar þess er gætt, hvaða erfiðleikum það er bundið að afla hennar.

Hitt skil jeg, að ef einhver framkvæmd yrði gerð, sem líkleg þætti til þess að auðveldara reyndist að afla heyjanna en áður, þá væri ný ástæða komin fram til stuðnings brtt. En svo er nú ekki. Þess vegna virðist þetta mega bíða eftir meiri framkvæmdum í búnaði landsmanna, auk

þess sem engin nauðsyn rekur til að koma slíku banni á, nema síður sje. Enn sem komið er er landbúnaður ekki rekinn með heysölu fyrir augum. Fæstir bændur leggja fyrir sig sem atvinnu að selja hey, enda skortir þá flest til þess, hafa ekki vinnukraft aflögu, hvorki til þess að afla heyjanna nje koma þeim á markaðinn. Þess vegna er það misskilningur hjá þessum bændafulltrúum, að þeir sjeu með þessari ráðstöfun að hjálpa bændum á einn eða annan hátt. Brtt. er gagnslaus og óþörf með öllu, og á því ekki að ná fram að ganga.

Jörundur Brynjólfsson: Það er vafalaust margt rjett í þessu, sem háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) var að segja. Það eru fáir bændur, sem leggja stund á heysölu sjer til hagnaðar. Þessi ráðstöfun, sem breytingartillagan fer fram á, er því ekki gerð þeirra vegna. Hinsvegar get jeg fallist á, eins og hv. þm. Str. (TrÞ) tók fram, að það gæti orðið til hagsbóta, að sem minstur innflutningur yrði á norsku heyi, vegna þess, hve gæðamunur er mikill, borið saman við innlent hey. Þeir menn, sem notað hafa útlenda heyið til skamms tíma, hafa haldið það miklu betra en það er. Fyrir tveim árum talaði jeg við tvo menn, sem fóðrað höfðu skepnur sínar á útlendu heyi, og voru þeir báðir sannfærðir um, að það væri betra en það, sem völ var á innanlands. Nú í vetur hefi jeg orðið hins gagnstæða var; fjöldi manna er orðinn sannfærður um, að norska heyið sje ljelegt til fóðurs.

Það er rjett, sem hv. frsm. (HStef) tók fram, að okkur í landbn. þótti betur fara, að þetta væri ekki tekið upp í það frv., sem hjer liggur fyrir. Hinsvegar eru sumir nefndarmenn þeirrar skoðunar, að ekki eigi að hamla með lögum að flytja inn hey, þó að æskilegt sje, að innflutningur þess yrði sem allra minstur.

Annars sýnir fátt betur en þetta, hvað samgöngur okkar eru ónógar og erfiðar, að við skulum ekki einu sinni vera samkepnisfærir á þessu sviði: að ódýrara sje að fá hey frá Noregi en að flytja það milli staða innanlands. Þetta sýnir meðal annars þörfina á bættum samgöngum, eins og við höfum bent á, hv. 4. þm. Reykv. (MJ) og jeg, í greinargerð þeirri, er fylgir járnbrautarfrv. Víða liggja ónotuð víðáttumikil engjalönd, sem bíða eftir því, að járnbraut komi, svo hægt sje að koma heyinu á markað. Og það má benda á það, að svo framarlega, sem menn bera landbúnaðinn fyrir brjósti, þá er eina skilyrðið fyrir ræktun landsins, að samgöngurnar verði bættar til þeirra staða, sem mesta ræktunarmöguleika hafa. Og það er tvímælalaust Suðurlandsundirlendið austanfjalls, sem mest hefir að bjóða í því efni, og þangað á járnbrautin að liggja.

Jeg vona, að háttv. þdm. sje ljóst, á hve miklu bernskuskeiði landbúnaður okkar er og hve aðkallandi sje, að verulegar umbætur verði gerðar á honum, og þá eru það fyrst og fremst samgöngumálin, sem menn verða að snúa sjer að. Því þá verður fyrst um jarðrækt í stórum stíl að ræða, þegar samgöngunum er komið í það horf, að allir megi vel við una.

Jeg veit ekki, hvort jeg get fylgt brtt., en mundi eflaust gera það, ef hún væri borin fram í öðru formi. Hinsvegar get jeg fallist á, að rjett sje að draga úr innflutningi á útlendu heyi, því að hann hefir eflaust verið óþarflega mikill, einkum þó í vetur, og mætti fara minkandi.

Pjetur Ottesen: Það hefir verið fundið til foráttu brtt. okkar hv. þm. Str. (TrÞ) af hæstv. atvrh. (MG) og fleiri mönn-

um, að ákvæði þessi ættu ekki þarna heima, sakir þess, að þau væru óskyld efni frv. Þetta er nú e. t. v. ekki yfirskynsástæða ein hjá þessum hv. þm., en er þó vart á fullum rökum bygt. Því að vitanlega er það aðaltilgangurinn með till. okkar að sporna á móti því, að húsdýrasjúkdómar berist til landsins. Því að hjer er um að ræða innflutning á heyi frá löndum, þar sem munn- og klaufnasýkin er landlæg eða altaf á næstu grösum. Það getur hæglega staðið svo á, að þessi sjúkdómur liggi í landi, en sje ekki fram kominn, og sje heyið smitandi. Enda þótt sjúkdómurinn sje um garð genginn, getur hann falist í heyinu og borist með því. Sjúkdómurinn getur því borist hingað, hvað sem líður öllum varúðarráðstöfunum, öðrum en beinu innflutningsbanni á heyi. Og sakir þess óskapa tjóns, sem þessi sjúkdómur hefir valdið í öllum þeim löndum, sem hann hefir gengið yfir, þykir mjer full ástæða til, að við beitum allri varkárni. En það er meiri ástæða til að banna innflutning á heyi en á öðru fóðri, sökum þess, að langmest hætta er á, að sjúkdómurinn berist með því. — Það má raunar segja, að með brtt. okkar sje ekki alveg girt fyrir þetta, því að gert er ráð fyrir, að flytja megi hey til landsins, þegar sjerstaklega standi á. En jeg geri ráð fyrir, að þetta verði ekki skoðað öðruvísi en sem ákvæði til bráðabirgða. Frá öryggissjónarmiði eru innflutningshömlur og helst algert innflutningsbann á heyi alveg nauðsynlegt. Það er harla undarlegt — og ekki í sem bestu samræmi við annað — að eftir því, sem ræktun landsins vex og heyöflunarskilyrðin verða betri, þá sje verið að dyngja inn í landið ósköpum af útlendu heyi til þess að hnekkja og draga úr ávöxtum þessara framfara. Sjeu heyöflunarskilyrðin notuð, þarf ekki að vera að tala um neina fóðurþröng; það er svo langt frá því. Það er misskilningur og vanþekking á þeim gæðum, sem landið hefir að bjóða.

Það má vera, að jafnframt hafi blandast inn í þetta metnaðaratriði, eða að það sje búhnykkur fyrir landið að framfæra sem mest af sínum búpeningi á innlendu fóðri. Enda sýna þær rannsóknir, sem hv. þm. Str. gaf yfirlit yfir, að landsmenn hafa mjög keypt köttinn í sekknum, þar sem þetta útlenda hey er. Útlenda heyið er 12% lakara að fóðurgildi en gott innlent hey, og verðmunur að auki. Það getur nú verið, að þessi rannsókn opni augu manna, en jeg held þó, að það sje tryggilegra að búa svo um hnútana, sem við hv. þm. Str. leggjum til. — Ýmsir gamlir og gætnir menn, sem reynt hafa útlent hey, hafa veitt því eftirtekt, að það er lakara til gjafar en hið innlenda. T. d. komu þær upplýsingar á þingi 1923 frá Guðjóni Guðlaugssyni, fyrv. alþm., nú bónda hjer í Reykjavík, að honum hefði reynst útlenda heyið mun lakara. Hann kvaðst hafa getið þess við ýmsa Reykvíkinga, en þeir ljetu ekki sannfærast og hjeldu áfram kaupunum í þeirri trú, að það væri búhnykkur. Það lítur svo út um suma menn, sem þeir sjeu beinlínis fíknir í að kaupa það frá útlöndum, sem þó er hægt að fá miklu betra hjer heima. Mjer er t. d. sagt, að svellþykkir og ágætir ullarsokkar, úr eintómu þeli, sjeu á boðstólum hjer í bænum, en samt vilja fjöldamargir heldur útlenda sokka, þessar gresjur, vilda heldur vera síkaldir á fótum, til þess að tolla í tískunni, og beygja sig bljúgir undir alla þá kvilla og illa líðan, sem af fótakuldanum leiðir, og arfgenga óhreysti.

Þetta, að vilja helst kaupa alt frá útlöndum, en líta lítilsvirðingaraugum á hin hollu gæði, sem landið hefir að bjóða bæði

til fæðis og klæðis, það er sjúkdómur, sem hefir gagntekið þjóðina.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gat þess sem ástæðu móti brtt., að nú væri víða í sveit svo örðugt um fólk, að bændur ættu erfitt með að fullnægja sinni eigin þörf, hvað þá meiru. Það er alveg rjett, að víða mun vera skortur á nægum fólksafla hjá bændum. En það var um tíma töluvert algengt, að einstakir menn úr kauptúnum, sem ekki eru bændur, tóku á leigu slægjulönd til heyskapar og seldu síðan heyið. Þessir menn notuðu þannig þau slægjulönd, er bændur komust ekki yfir að nota sjálfir. Nú hefir dregið úr þessu; hefir mest strandað á því, að þessir menn hafa haft ónógan markað fyrir hey sitt síðan farið var að dyngja útlenda heyinu inn í landið, og svo verða þessi slægjulönd ónotuð fyrir bragðið. Þá er sú breyting einnig orðin á nú á síðustu árum, að margir bændur geta framleitt miklu meira hey en nokkru sinni áður, með minna vinnukrafti. Þetta gera heyskaparvjelarnar, sláttu- og rakstrarvjelar, og svo auknar jarðabætur. Víða hafa orðið stórfeldar framfarir, eins og í Skagafirði, með aukningu á áveitum, auk þess sem verulegar framfarir hafa orðið í venjulegri ræktun. Nú er mjer tjáð, að á Norðurlandi sje allmikið hey á boðstólum, og það afbragðshey, óhrakið og vel þurkað. Norðlendingar hafa flutt allmikið hey suður, t. d. til Hafnarfjarðar, en þó hafa þeir enn meira hey á boðstólum, en það gengur ekki út; útlenda heyið situr í fyrirrúmi. Jeg veit því, að síðastliðið ár hefði ekki þurft að flytja inn eitt einasta strá af útlendu heyi. Og eftir verð- og gæðamuninum hafa Reykvíkingar og aðrir, sem nota útlent hey, stórskaðast á kaupum sínum á norska heyinu. Það styður því alt að því, að um verulegan búhnykk sje að ræða, ef bannaður er innflutningur á útlendu heyi.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) var að væna okkur flm. um það, að okkur gengi ekki til umhyggja fyrir kaupstöðunum, því að áður, er við hefðum borið þetta fram, hefðu ekki legið fyrir neinar skýrslur um verð eða gæðamun. Skýrslur um efnafræðilega rannsókn lágu raunar ekki fyrir, en okkur hafði verið færður heim sannur um þetta af góðum og gætnum mönnum, sem höfðu sjeð þetta af reynslunni áður en vísindalegar rannsóknir höfðu fram farið. Auk þess held jeg, að það sje yfirleitt hagur að geta framleitt sem mest í landinu sjálfu af því, sem nota þarf. Það er ekki eingöngu til hagnaðar fyrir þann, sem vöruna framleiðir, heldur fyrir landið í heild, og það álít jeg mest um vert.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) vildi nota þetta til að „agitera“ fyrir járnbraut. En jeg vil leyfa mjer að benda þeim hv. þm. á það, að margar góðar engjasveitir liggja þannig við samgöngum, að engir örðugleikar eru á að koma heyinu á markaðinn. Og þótt strandferðirnar, þar sem til þeirra þarf að taka til heyflutnings, sjeu hvergi nærri góðar, eru þær þó svo tíðar, að engin frágangssök ætti að vera að koma heyinu á markað. Enda veit jeg ekki betur en að ágætlega hafi tekist um heyflutninga frá Norðurlandi síðastl. haust og í vetur.

Jeg ætla nú ekki að hafa fleiri orð um þetta, en vona, að hv. deild taki vel í brtt. okkar, því að þetta er sannarlegt *þjóðþrifamál*.

Tryggvi Þórhallsson: Háttv. þm. Borgf. (PO) hefir nú talað svo rækilega, að jeg þarf ekki miklu við að bæta. En þar sem þrír hv. þm. hafa talað á móti málinu, og

góð vísa er aldrei of oft kveðin, vil jeg segja fáein orð.

Vil jeg þá fyrst víkja að mótmælum hæstv. atvrh. (MG). Hann lagðist ekki þunglega á móti málinu, en hjelt því aðallega fram, að hjer væri saman blandað tveim óskyldum atriðum. Þetta er rjett, ef aðeins er litið á formið. En hjer er þó aðeins um það að ræða, að bæta við lögin annari grein, hliðstæðri þeirri fyrstu. Og jeg fæ ekki sjeð, hvers vegna ekki má taka tillit til fleira en þess eins um þessa lagasetningu, hver sje mest hættan á, að sjúkdómar berist til landsins. Ef hæstv. atvrh. ætlaði t. d. að skreppa til Þingvalla að skoða þá, hví skyldi hann þá ekki mega litast um á Mosfellsheiði á leiðinni? Þetta formsatriði er því ósköp veigalítið. Hæstv. atvrh. sagði, að rannsóknin *ætti* að leiða til þess, að ef íslenskt hey reyndist hlutfallslega ódýrara, þá mundu menn heldur nota það. En það er útlitið á norska heyinu, sem blekkir menn. Það er fallegt og vel þurkað, og auk þess er það, eins og hv. þm. Borgf. sagði, að hugsunarháttur manna virðist vera alveg rangsnúinn. Auk þeirra dæma, er hann nefndi, skal jeg geta þess, að framkvæmdarstjórar S. Í. S. geta nú boðið mönnum ágætt hólmahey úr Skagafirði og Eyjafirði við vægara verði en hið norska, en menn vilja þó síður kaupa það! Jeg verð að segja um hæstv. atvrh., að hann virðist fara að hinu fræga dæmi: Mundus vult decipi, — ergo decipiatur. Jeg vil ekki breyta eftir þessu og álít, að oft sje rjett að hafa vit fyrir fólki. Hæstv. ráðh. nefndi Vestmannaeyjar. Jeg vil leyfa mjer að minna hann á það, að nú á að fara að rækta þær fyrir alvöru. Þessi hv. deild er þegar búin fyrir sitt leyti að samþykkja þó nokkra fjárhæð til að gera veg um Heimaey, en það er undirstaðan undir að hægt verði að rækta hana. Það er þetta, sem á að gera og jeg ljæ öruggur fylgi mitt til að gert verði. Það á að auka hina innlendu framleiðslu og ræktun landsins.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) rjeðst allþunglega á brtt. okkar hv. þm. Borgf. Hann sagði ósköp blíður og brosandi, að það væri varla umhyggjan fyrir kaupstaðarbúum, sem hefði fengið okkur til þess að bera fram þessa tillögu, heldur einhverjar hvatir aðrar. — Það er nú auðvitað rjett, að hver er sjálfum sjer næstur. En jeg veit ekki til, að hjer í hv. deild sje nema einn þm. búsettur í Reykjavík, sem á kýr, og hefir því aðstöðu til að geta þurft að kaupa hey. Og þessi þm. er sá hv. herra, þm. Str. (TrÞ). (*Atvrh. MG*: En hann á líka tún). Hann hefir aldrei selt hey, svo að ekki þarf hann að gæta þeirra hagsmuna. — Það er raunar rangt hjá mjer, að hann hafi aldrei selt hey, því að stundum hefir hann hjálpað grönnum sínum, ef þeir hafa verið heylausir á vorin. Því verð jeg að segja, að vel sje fyrir sjeð um flutning þessarar till., þegar sá eini þm., sem ætti að geta haft hagsmuna að gæta í innflutningi á erlendu heyi, er flm. þess að banna hann.

Háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) vildi efast um, að þetta væri metnaðarmál fyrir landið og bændastjettina. Hann spurði í því sambandi, hvort við flm. vildum banna innflutning á öllu, sem hægt væri að framleiða í landinu sjálfu. Jeg get ekki svarað fyrir nema mig einan, og skal jeg segja það alveg ákveðið, að það vil jeg ekki. En það geta verið sjerstakar ástæður, sem gera það nauðsynlegt. Hjer er það 1. metnaðarmál fyrir landið í heild og bændastjettina; 2. sjúkdómshættan; 3. er hjer um að ræða vöru, sem almenningur blekkist á. — Það er auðvitað til ein leið önnur en algert innflutningsbann. Það er sú

leið að tolla norska heyið, t. d. með 12%, en það er sú tala, sem svarar til þess, hve mikill gæðamunurinn er. Vilji hv. 3. þm. Reykv. og aðrir hv. þdm. ganga inn á það, getur vel verið, að jeg fáist til að taka mína till. aftur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg get ekki fallið frá, að það sje ósamræmi í því að setja þessa till. inn í frv. um aðflutningsbann á dýrum. Enda hafa báðir hv. flm. viðurkent, að annað lægi eiginlega á bak við en hættan á innflutningi húsdýrasjúkdóma. Þeir hafa talað um, hve óheilbrigt væri að flytja það inn, sem framleiða mætti í landinu sjálfu. Jeg tel því viðurkent, að annað efni sje í till. en í frv. sjálfu.

Hv. þm. Str. (TrÞ) virtist halda því fram, að það hefði engin áhrif á kaup á norsku heyi, þótt það sannaðist, að það væri bæði verra og dýrara. Jeg hafði nú haldið, að kaupendur á heyi væru skynsemi gæddar verur og þeir mundu heldur velja það, sem væri bæði betra og ódýrara. Auk þess er norska heyið svo stórt, að það verður að klippa það í hesta, sem ekki eru vanir átinu á því.

Út af talinu um Vestmannaeyjar vil jeg taka það fram, að þótt fje hafi verið veitt til vegagerðar, er ekki komin nein heyuppskera ennþá, og geta líklega liðið nokkur ár áður en hún kemur. Enda eru nú hreinustu vandræði að fá hey í Vestmannaeyjum. Íbúum hefir fjölgað þar svo mjög á síðustu árum, að algerlega er óverjandi að auka ekki ræktun eyjanna. Og þótt þær væru allar ræktaðar, efast jeg um, að heyuppskeran yrði meiri, í hlutfalli við fólksfjölda, heldur en hún var fyrir fám árum.

Því álít jeg rjett að láta þetta mál bíða og sjá hvað fæst út úr rannsóknum Búnaðarfjelagsins. En ef ekki verður hægt að fá innlent hey við sama verði og hið erlenda, fæ jeg ekki sjeð ástæðu til að neyða menn til að kaupa það.

Mjer dettur ekki í hug að halda því fram, að það sje af persónulegum hvötum, sem hv. flm. bera fram þetta frv. En til gamans má benda á, að hv. þm. Str. á stærra tún en flestir aðrir hjer í bæ, og þarf því tiltölulega lítið hey að kaupa.

Jakob Möller: Mjer þykir leitt, að hv. þm. Borgf. (PO) er hjer ekki. Það er aðallega hann, sem jeg á orðastað við. Hv. þm. sagði ýmislegt, sem þarf lítilsháttar athugunar við, og meðal annars það, að með þeim framförum, sem væru að verða í búnaði, ætti að vera óþarfi að flytja inn hey. En gallinn er bara sá, að þessar framfarir eru enn ekki orðnar, og mjer finst rjett að leyfa þeim að eiga sjer stað áður en farið er að banna innflutning á heyi. Og þó að t. d. Flóaáveitan komist í framkvæmd, þá þarf meira til en vatnið. Það þarf líka mannafla til að vinna. Hv. þm. sagði, að það hefði verið algengt, að menn tækju slægjur á leigu og heyjuðu sjálfir; en mjer skildist á honum, að nú mundi vera farið að verða minna um það. Ætli þetta skýri ekki einmitt nokkuð vel ástandið og gefi fyrirsögn um það, hvernig fara mundi, ef bannað yrði að flytja inn hey? Það eru ekki aðeins slægjurnar, sem menn verða að borga, sem stunda slíkan heyskap; ofan á það bætist, að lögð eru á þá há útsvör. Jeg get ímyndað mjer, að menn hafi nú sannfærst um það af reynslunni, að slíkt sje næstum ókleift, bæði vegna þess, hve slægjunum er haldið dýrum og annara erfiðleika, og að miklu betra sje, bæði ódýrara og fyrir-

hafnarminna, að kaupa útlenda heyið. Hv. þm. talaði um sláttuvjelar og fleira, sem yki heyfeng manna. Jeg hefi ferðast dálítið um landið meðal bænda, og sá jeg þessar vjelar óvíða í gangi. Jeg kom þó til eins bónda, sem átti tvær sláttuvjelar í gangi, og er jeg sannfærður um, að hann hefir ekki keypt þær til þess að geta selt hey, heldur til þess að auka heyfeng sinn í því augnamiði að auka bústofninn. Það er talað um metnað bænda, en jeg er viss um, að hann er mestur innifalinn í því að vera sjálfum sjer nógur og þeir afli heyjanna til þess að nota þau sjálfir, en ekki til þess að versla með þau. Þá er því haldið fram, að mikið framboð sje á heyi fyrir norðan og að margir bændur í Húnavatnssýslu og Skagafirði og víðar sjeu aflögufærir. En þó að þeir sjeu aflögufærir nú, sannar það ekki, að þeir verði það altaf, og jeg held satt að segja, að þeim væri betra að geyma sín hey. Þeir eiga það sannarlega ekki víst að fá í bráð annað eins sumar og í fyrra, og það, er ekki var síður mikils um vert, annan eins vetur á eftir. Satt að segja er mjer ekki kunnugt um þetta mikla framboð á heyi fyrir norðan, sem talað er um, og jeg hygg, að almenningur hjer viti lítið um það. Þeir, sem hjer versla með hey, auglýsa sína vöru, en það veit jeg ekki til, að þessir góðu menn fyrir norðan hafi gert. (*JörB*: Þeir hafa auglýst). Það kann að vera, að hv. þm. (JörB) hafi sjeð auglýsingu um þetta, en jeg hefi aldrei lesið auglýsingu hjer í blöðunum um hey í Húnavatnssýslu eða Skagafirði. Og þó að framboð sje þar á heyi, sannar það ekki, að engin þörf sje fyrir útlent hey hjer.

Það kann að vera, að útlent hey sje verra en innlent, — jeg veit ekkert um það, — en ef þær rannsóknir, sem hv. þm. Str. talaði um, ganga í þá átt, þá trúi jeg því illa, að menn fari ekki eftir þeim, og ætti þess vegna að vera óhætt að hafa það á boðstólum og hægðarleikur að selja það í samkepni við það útlenda. Því verður ekki neitað, að það er af ýmsum ástæðum erfitt að afla heyja hjer. Verkafólkseklan í sveitunum veldur því, að bændum veitist fullerfitt að heyja fyrir sínum eigin skepnum. Það hljóta menn að skilja, að ekki verður aflað meiri heyja en vinnukrafturinn leyfir. Ef bannað væri að flytja inn hey, mundi afleiðingin verða stórkostleg verðhækkun á heyi innanlands. Það mundi að vísu gera það arðvænlegra að heyja til að selja, en þeir, sem það gerðu, yrðu þó að keppa við sjávarútveginn um vinnukraftinn. Jeg get fullkomlega skilið þann metnað að vilja vera sjálfum sjer nógur, en jeg sje ekki annað en að það væri óverjandi, meðan við getum ekki verið það í þessu efni, að banna innflutning á heyi, því að það mundi gera mörgum þorpsbúanna ómögulegt að hafa skepnur. Það væri annað mál, ef ræktun landsins væri lengra komið, að leggja hæfilegan toll á aðflutt hey, sem samsvaraði því, hvað það væri verra, og þó því aðeins, að heyframleiðsla væri nóg í landinu. En jeg álít, að eins og nú standa sakir sje hvorki tímabært að banna innflutning á útlendu heyi nje að tolla það.

Jón Auðunn Jónsson: Það sýnir sanngirni hæstv. forseta, er hann telur að Norður-Ísfirðingar eigi að hafa þrjá fulltrúa á þingi, og jeg gæti eftir atvikum verið ánægður með að vera 3. þm. Norður-Ísfirðinga, eins og hann nefndi mig. Í raun og veru ætti Norður-Ísafjarðarsýsla að hafa 3 þm. eftir fólksfjölda, en jeg skal ekki fara út í það nú. Ef til vill gefst tækifæri til þess síðar.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, fer í þá átt að koma í veg fyrir, að sjúkdómshætta á húsdýrum berist hjer til lands. En nú er rætt um það að banna innflutning á heyi, og það jafnvel frá þeim löndum, sem laus eru við þennan sjúkdóm, munn- og klaufnasýki, eins og Noregi. Þar hefir þessi sjúkdómur aldrei verið og lítil hætta á, að hann berist þangað, vegna sterkra varna. Það mun því vera meining hv. flm. með brtt. að styðja að því, að íslenska heyið verði notað. Jeg álít nú, að þetta mundi ekki verða til neinna happa fyrir hinn íslenska landbúnað. Hv. flm. hafa talað um þær miklu búnaðarframfarir, sem væru fyrir dyrum. Jeg bjóst ekki við, að þeir, sem berjast fyrir aukinni ræktun og öðrum framförum í búnaði, óskuðu þess, að aukinn heyfengur yrði notaður til heysölu, en hitt vanrækt, að auka bústofninn. Það þarf enginn að halda það, að það verði ótæmandi markaður í kaupstöðunum fyrir hey, og því óforsjálni að byggja aukna ræktun í sveitum á heysölu þangað. Jeg er á þeirri skoðun, að ef horfið væri að því ráði að banna innflutning á heyi, mundi verð á íslensku heyi hækka, og margir fátækari menn í kaupstöðum, sem hafa skepnur, mundu neyðast til að hætta því, og markaðurinn því ekki aukast, heldur minka. Jeg hefi líklega meiri reynslu en aðrir hv. þdm. í kaupum á heyi, þar sem jeg hefi um 8 ára skeið haft 5—6 kýr og 2 hesta og keypt alt heyið handa þessum gripum. Menn tala um efnarannsóknir, og jeg hefi ekki á móti því, að þær geti verið rjettar. En er tekið tillit til úrgangsins í þessum rannsóknum? Í íslensku heyi, sjerstaklega töðu, er mikið af úrgangi, en í norska heyinu getur maður varla talað um úrgang. Það þarf enginn að segja mjer, að norska heyið sje ekki eins gott til fóðurs og íslenskt úthey, en að sjálfsögðu þarf fóðurbæti með útlenda heyinu. Við notum áreiðanlega of lítið af fóðurbæti. Það er sennilegt, að við töpum ekki litlu af nytinni úr kúm okkar fyrir óheppilega fóðurblöndun. Hv. þm. Str. sagði, að útlitið blekti menn og ilmurinn úr norska heyinu og það ætist vel. Jeg segi nú fyrir mig, að jeg vil heldur kaupa útlent hey, sem jest vel, heldur en íslenskt, illa verkað hey, sem ekki jest nema helmingur eða í mesta lagi $^2/_3$ hlutar af. Jeg hefi heyrt marga bændur segja, að þeir hafi haft nóg hey, en skepnurnar hafi þó orðið magrar, af því að heyin voru illa verkuð. Jeg held, að rjettast væri að láta sitja við það, sem nú er með heyinnflutninginn. Jeg játa það, að með góðri verkun og sæmilegri nýtingu er íslenska taðan betri en útlent hey. En það getur komið fyrir í heilum hjeruðum, að hey verkist illa — og hvers vegna ætti þá að neyða t. d. fátæka menn í kaupstöðum, sem hafa eina belju eða nokkrar geitur, til þess að kaupa skemt hey? Jeg álít, að það sje ekki rjett að hvetja bændur til þess að selja meira af heyi en þeir hafa gert. Það hefir oftast verið heldur vöntun á heyi í þessu landi heldur en of mikið. Eins og kunnugt er, var sumarið 1925 eitthvert allra besta sprettu- og heyskaparsumar, sem komið hefir í manna minnum. Slík ár eiga bændur að nota til að komast undir fyrningar, en ekki til þess að gerast heykaupmenn. Íslenskur búskapur er þá fyrst í góðu lagi, þegar bændur hafa safnað sjer nægilegum fyrningum. Það er viðurkent, að þeir bændur, sem altaf hafa nóg hey og fóðra skepnur sínar vel, verða altaf bjargálnamenn og komast hjá vandræðum. Og jeg held, að við ættum ekki að gera neitt til

að breyta þeirri reynslu, sem fengin er eftir mörg hundruð ára búskap á þessu landi.

Ólafur Thors: Jeg hefi kvatt mjer hljóðs aðallega vegna þess, að annar flm. brtt., hv. þm. Str. (TrÞ), óskaði þess, að jeg lýsti yfir skoðun minni í þessu máli. Og þó að venjulega sje lággengi á þeim óskum, er hann ber fram við mig, vil jeg leysa þessa inn með gulli og verða við henni.

Jeg skal ræða málið með sjerstakri hliðsjón af þeim rökum, er hv. flm. hafa fært fram í deildinni í dag.

Mjer skilst, að það sje af tveimur ástæðum aðallega, að hv. flm. þykir þörf á því að bera fram þessa brtt. Hin fyrri ástæðan er trú á það, að ræktun landsins aukist. Hv. flm. brtt. hyggja, að með aukinni ræktun landsins fáist aukinn heyfengur, og því verði minni þörf á innfluttu heyi. Þetta leyfi jeg mjer að vjefengja. Jeg álít, að af aukinni ræktun leiði fjölgun búpenings, og mjer er jafnvel nær að halda, að honum fjölgi meir en sem svarar ræktunaraukanum. Mundi þá meiri þörf á innfluttu heyi, og því rangt að banna innflutning á því.

Hin ástæða hv. flm. og höfuðrök eru þau, að skýrslan, sem þeir vitnuðu til, hafi fært mönnum heim sanninn um það, að erlenda heyið sje verra en hið innlenda. Jeg tók vel eftir því, að hv. þm. Str. sagði, að almenningi hafi ekki verið þetta ljóst, og þess vegna hafi menn látið ginnast af útliti hins erlenda heys. En nú, er menn hafa fengið þessar nýju upplýsingar, er sanna, að notagildi erlends heys er minna en haldið hefir verið, er mjög ólíklegt, að erl. hey verði eftirleiðis keypt jafnháu verði og ísl. hey. Jafnvel má telja sennilegt, að erl. hey verði nú með öllu óseljanlegt, ef ísl. hey er fáanlegt. Þetta skildist mjer einnig hv. þm. Borgf. (PO) álíta.

En sje þetta rjett, er brtt. með öllu óþörf, en getur undir vissum kringumstæðum verið skaðleg. Jeg mun því greiða atkvæði á móti henni.

Mjer brá er hv. þm. Str. kvaðst mundu geta fallið frá þessari brtt., ef nýr 12% innflutningstollur yrði lagður á erl. heyið. Hann hefir lýst yfir því, að menn hafi verið gintir á heyinu. Nú vill hann leggja nýjan toll á það, svo að þeir, sem áður hafa ginnast látið, ginnist enn meir. Nú eru það meðal annars bændur, sem kaupa þetta erlenda hey. Kemur hjer í ljós annar hugur til bænda en þessi hv. þm. hefir hingað til útbásúnað.

Annars virðist mjer, sem nokkurskonar bannæði hafi gripið suma hv. þm. þessarar deildar. Í dag var gerð tilraun til þess að banna mönnum að spila billiard. Þetta bann var því broslegra, sem leikur þessi er ungs manns gaman, og væri sönnu nær að banna hann fullorðnum mönnum. Nú er gengið feti framar: Það á að fara að banna beljunum að jeta útlent hey. En af því að jeg hygg, að flestir hv. þm. sjeu gáfaðir menn, en engin naut, þá vænti jeg þess, að beljurnar verði látnar óáreittar um mataræði sitt.

Pjetur Ottesen: Það hefir verið ráðist mikið á þessar brtt. okkar hv. þm. Str. (TrÞ), aðallega vegna þess, skilst mjer, að hjer er að ræða um takmarkanir, sem af sumum hafa verið kallaðar bann. Þetta kom greinilega fram í ræðu hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh). Þó sýnt sje fram á það með ljósum rökum, að þetta sje hinn mesti búhnykkur fyrir landbúnaðinn og nauðsynleg öryggisráðstöfun, þá vill hann fórna þessum hagsmunum og öryggi vegna

þess, að það er hægt að heimfæra þetta undir bann. *(ÓTh*: Jeg hefi aldrei viðurkent neina hagsmuni!). Það þarf ekki viðurkenningar þessa hv. þm. fyrir því. Það er margsannað, að þetta er hagsmunamál, enda viðurkent af öðrum.

Hæstv. atvrh. (MG) ítrekaði það, að það færi illa á því að hafa þetta ákvæði í þessu frv. Það færi utan við aðalatriði þessa frv. En aðalatriði þessa frv. er að fyrirbyggja það, að næmir sjúkdómar flytjist til landsins. Þetta er líka í fyllsta samræmi við annan meginþátt brtt. En jeg sje ekkert á móti því, að jafnframt sje hægt að fela í því aðra till., sem er til verulegra hagsmunabóta fyrir landið og þjóðina í heild sinni. Jeg álít, að slíkt geti vel farið saman. Hæstv. atvrh. ber fyrir brjósti Vestmannaeyjar. En það hefir verið bent á, að aukið framtak í ræktun landsins hefir einnig náð til Vestmannaeyinga. Það ætti að vera Vestmannaeyingum metnaðarmál, ekki síður en öðrum, að vera sjálfum sjer nógir í þessu efni. Auk þess eru þar á næstunni grasauðug landflæmi, þar sem grasið verður árlega að sinu. Þeir ættu frekar að beina hugum sínum til meginlandsins til fóðuröflunar heldur en byggja griparækt sína á útlendu fóðri Hæstv. atvrh. sagði, að það væri hart að meina mönnum að kaupa hey frá útlöndum, ef ekki fengist innlent hey með sama verði eða svipuðum gæðum. En það hefir verið sýnt og sannað hjer, að innlenda heyið er venjulega bæði betra og ódýrara. Svo er það og hefir verið að undanförnu. Þær upplýsingar, sem jeg aflaði mjer um þetta 1923, sýndu þetta ljóslega. Þá kostaði hey, sem aflað var hjer við Reykjavík á ræktuðu landi, komið í hlöðu, 10 aura pundið, en þá var útlenda heyið á 16 aura. En útlenda heyið var samt keypt, þó það væri bæði verra og dýrara.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að það ætti að vera metnaðarmál bænda að auka heyfeng sinn og bústofn jafnframt. Þetta er mikið rjett. En jeg skal nú benda á það, að að undanteknum búskap nærlendis kauptúnum og bæjum, er sauðfjárræktin langarðvænlegasta búskapargreinin. En það eru ekki altaf góð skilyrði fyrir sauðfjárrækt, þótt engjalönd sjeu góð. Þar eru góð beitarlönd, einkum þó góð afrjettarlönd, ekki síður undirstöðuatriði. Það er því eitt af skilyrðum til þess að geta notið ræktunar landsins, að eiga kost á því að selja heyið þangað, sem þörf er fyrir það. Hv. þm. sagði, að ekki væri að miða við heybirgðir nú, því að árferði hefði verið gott og góður vetur. Það er rjett. En þess ber að gæta, að aukin ræktun landsins tryggir það betur, að grasvöxtur verði góður, og minna þarf að gæta árferðis, er meira er bygt á ræktuðu landi en óræktuðu. Hann sagði, að ef takmörkin yrðu sett hjer, þá mundi verðið hækka mikið frá því, sem nú er. Það er næsta undarleg ályktun og gagnstæð reynslunni. Framboðið er og hefir verið meira en nóg innanlands, og mundi verða nóg í framtíðinni, og verðið fer þó eftir framboðinu.

Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) sagði, að hæstv. forseta hefði orðið það á að nefna 3. þm. Ísf., og kvað það ekki óeðlilegt, því að Ísfirðingar ættu rjett á því að hafa þrjá þm. Jeg sakna þess nú ekki, þótt þeir hafi ekki 3 þm. með þeim hugsunarhætti, sem fram kemur hjá þessum hv. þm. í þessu máli. Jeg fjekk ekki lesið annað út úr ræðu hans en að það væri bláber skaði að byggja búskap landsmanna á ræktun landsins eða innlendu heyi; það væri mun ódýrara og heppilegra að flytja hey inn frá útlöndum. Hann sagði, að ekki gæti farið saman umhyggja fyrir ræktun landsins og að sporna við því, að útlent

hey flytjist til landsins, því að það hjálpi við ræktuninni. En við viljum, að það fóður, sem árlega fer til ónýtis hjer á landi, komi í stað hins erlenda fóðurs. Það kann að vera, að hv. þm. meini, að áburðurinn verði betri úr skepnum þeim, sem nærast á hinu erlenda fóðri, en ekki veit jeg satt að segja, hvernig hv. þm., með allri sinni athugun og vísindamensku fer að komast að þeirri niðurstöðu, þegar hið erlenda fóður er svo miklu lakara eins og raun ber vitni um. Hann sagði, að menn mundu hætta við að eiga skepnur, ef bannað væri að flytja inn erlent hey. Það kann að vera, að sá andi svífi yfir vötnunum í kjördæmi hans, en það mun vera undantekning, sem betur fer. Þá hjelt hann fræðandi fyrirlestur um fóðurblöndun. Það er rjett, að mikið ríður á því, að blandað sje í rjettum hlutföllum, en jeg hugsa, að það þurfi minni fóðurbæti þegar um er að ræða hey, sem hefir 12% meira næringargildi, og ætti því notkun innlends fóðurs að stuðla að minni fóðurbætiskaupum.

Þá kom hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) fram á vígvöllinn til þess að skakka leikinn. Hann sagðist gera það samkv. áskorun frá hv. þm. Str., líklega sem sjerfræðingur. Hann kvaðst álíta, að aukin ræktun hefði aukinn búskap í för með sjer. Þetta er að vissu leyti rjett. En það er ekki altaf, að samfara aukinni ræktun sje þegar í stað hægt að auka bústofninn í samræmi við hana. Til þess útheimtist fleira. Það þarf mikið fjármagn til þess að auka bústofninn á skömmum tíma að verulegum mun, reisa búpeningshús og fleira. En aftur á móti er það þannig í kaupstöðum sumstaðar, að nautgriparæktin eykst meira en ræktun landsins, vegna nauðsynar á að fá mjólk. Nú vil jeg spyrja hv. 2. þm. G.-K., sem jeg veit að er góður Íslendingur, að því, hvort honum finnist nú ekki rjettara að uppfylla fóðurþörf kaupstaðanna með því að nota hina auknu ræktun landsins á hinum ýmsu stöðum í landinu, að því leyti, sem bústofninn ekki eykst í samræmi við hana, til þess að uppfylla þessar þarfir kaupstaðanna, heldur en sækja heyið til útlanda. Jeg veit það, ef hann athugar þetta, þá er hann okkur samdóma um, að þetta sje þjóðhagsatriði og metnaðarmál.

Þá komst hann út í bannið og kvað það hart að banna beljunum að jeta útlent hey. Það kann nú að vera, að þessi útlendi móður sje nú ekki bundinn við manneskjurnar einar, kýrnar sjeu nú líka orðnar smitaðar af honum. — Og það getur vel verið, að það fari svo, að hv. 2. þm. G.-K. verði að ósk sinni um það, að meiri hluti þingmanna reynist svo gáfaður, að öryggi og auðsæir hagsmunir þjóðarinnar verði að lúta í lægra haldi fyrir tískunni og að beljurnar fái að jeta sitt útlenda hey í friði.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þarf ekki að segja margt, því að hv. þm. Borgf. (PO) hefir svo rösklega svarað þeim, sem hafa andmælt okkur. En af því að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) gat þess, að hann hefði talað vegna óska minna, þá vil jeg mæla nokkur orð til hans. Mjer þótti gott að heyra, að hann tekur sjerstaklega tillit til óska minna. Og jeg vil skora á hann sem fulltrúa bændanna í Kjósinni að taka á fleiri sviðum tillit til óska minna, og mun þá ekki verða á honum lággengi þar. En því miður brást hann vonum mínum. Fulltrúi bændanna í Kjósinni snerist öndverður gegn till., sem við flytjum vegna þess, að við álítum hana gagnlega hags-

munum bænda og landbúnaðarins í landinu. Hann bar fram tvær ástæður fyrir því, að hann væri á móti þessari brtt. Mjer skildist á honum, að hann teldi sig bera meiri umhyggju fyrir bændum en við. Sagði hann, að það væru aðallega bændur, sem notuðu útlenda heyið. Hann er þá líklega á móti þessari brtt. vegna þess, að hann heldur, að bændurnir í Kjósinni fóðri kýrnar sínar á norska heyinu. En þetta er mesti misskilningur. Það eru sárafáir bændur, sem nota útlent hey. Það eru menn eins og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), sem reka búskap í kaupstöðum, sem neyðast til að kaupa slíkt hey. Hv. 2. þm. G.-K. má ómögulega vera á móti þessari brtt. vegna bændanna í landinu. Er hann fær þessa betri fræðslu, þá vænti jeg þess, að hann fari að óskum þm. Str. og fylgi brtt.

Hin ástæðan til þess, að hann var á móti þessari brtt., var sú, að hjer væri um bann að ræða. Mjer finst það undarlegt, að hann skuli þá ekki fyr hafa snúist á móti þessu frv., sem hjer er um að ræða. Þetta frv. er um bann. Það heitir meira að segja frv. til laga um innflutningsbann á dýrum. Allar greinar frv. hljóða um bann. Og brtt. okkar hv. þm. Borgf. gengur aðeins út á það að breyta svolítið skipulagi á þessu allsherjarbanni, sem hjer er um að ræða. Ef hv. þm. (ÓTh) væri sjálfum sjer samkvæmur, þá væri hann á móti frv. í heild sinni, úr því að hann er á móti öllum bönnum. Jeg er nú samt ekki að óska þess, að svo fari. En það er ef til vill svo með háttv. þm. (ÓTh), að hann vilji hjálpa til þess að flytja inn bakteríur og annan slíkan óþverra. Og þegar búpeningur bænda er fallinn af völdum þessa innflutnings, þá verður auðvitað frv. eins og þetta óþarft.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg finn ekki ástæðu til þess að þrátta lengur um þetta mál. Jeg vildi aðeins spyrja hv. þm. Borgf. (PO), í tilefni af ræðu hans áðan, hvort það hafi verið sökum of mikils heyafla, að Borgfirðingar urðu að kaupa fóður vorið 1920 fyrir 600 þús. kr.

Ólafur Thors: Jeg vil ekki misbjóða hv. deild með því að lengja umr. um slíkt hjegómamál. En þó verð jeg að gera stutta athugasemd, vegna þess að að mjer var veist sjerstaklega.

Hv. þm. Str. (TrÞ) vil jeg svara því, að munur er á því að beygja sig fyrir nauðsyninni á banni og hinu, að samþykkja alveg ónauðsynlegt bann. En flm. brtt. hafa einmitt sannað það með ræðum sínum hjer í dag, að bann það, sem þeir stinga upp á, er með öllu ónauðsynlegt. Hv. þm. Str. tók það greinilega fram, að af því að menn vissu ekki það, sem skýrsla hv. flm. sýnir, þá ljetu þeir ginnast til þess að kaupa útlent hey. Jeg vil nú skora á hv. þm., sem ræður yfir blaði, að láta prenta skýrsluna og skrifa rækilega um hana. Er tilganginum þá að fullu náð án laga, og því kann jeg best. Jeg nefni það einnig sem sönnun þess, að hjer sje um óþarft mál að ræða, að hv. þm. Borgf. (PO) gat þess, að bústofn manna í kaupstöðum ykist meira en svaraði ræktun landsins. *(PO*: Ræktun landsins í kaupstöðum). Það sýnir ljóslega, að ekki er rjett að fara fram á slíkt bann.

Það er rjett, að jeg nefndi bændur meðal þeirra, sem erlent hey nota, en jeg veit vel, að till. háttv. þm. Str. þarf ekki að falla vegna minna „kæru kjósenda í Kjósinni", eins og hv. þm. (TrÞ) orðaði það. En þeir hafa heldur engan hag af henni,

svo að hún er þeim alveg gagnslaus. En hún getur verið öðrum mönnum skaðleg, eins og t. d. bóndanum í Laufási, sem jeg er vanur að kalla svo.

Hv. þm. Str. sagði, að jeg hefði brugðist vonum sínum í þessu máli. Jeg vona, að fleiri háttv. þm. geri það. Og jeg vil benda háttv. þm. (TrÞ) á það, að mjer þykir líklegt, að jeg muni bregðast vonum hans oftar, ef það á fyrir okkur að liggja að dvelja samvistum. Jeg vil aðvara hann um það að gera sjer ekki of glæsilegar vonir um mig.

ATKVGR.

Brtt. 282,1 feld með 18:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MT, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, IngB, JS, JörB, KlJ.

nei: MJ, ÓTh, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JÞ, MG, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 282,2—3 sjálffallnar.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 354).

34. Bæjargjöld í Vestmannaeyjum.

Á 9. fundi í Ed., föstudaginn 19. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um bæjargjöld í Vestmannaeyjum (þmfrv., A. 39).

Á 11. fundi í Ed., mánudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Frv. á þskj. 39 hefi jeg leyft mjer að bera fram samkv. ósk bæjarstjórnarinnar í Vestmannaeyjum, eins og greinargerðin ber með sjer.

Um leið og bærinn færðist það í fang að taka að sjer hreinsun á sorpi og salernum í bænum, þótti rjett að sjá bæjarsjóði fyrir tekjuauka til að standast kostnað við þessi verk. Þetta frv. hefir verið rætt í bæjarstjórn Vestm. og er afgreitt af henni til að leggjast fyrir hið háa Alþingi. Það er ekki gert ráð fyrir eins háu gjaldi og t. d. í Reykjavík. Gjaldið í Reykjavík er breytilegt, eftir því, hvort um hús eða lóðir er að ræða. En við höfum farið þá leið, að hafa eitt gjald fyrir hvorttveggja, lóðir og hús.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um málið, en vænti þess, að háttv. deild leyfi málinu að fara til allshn. að umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 39, n. 231).

Frsm. (Eggert Pálsson): Allshn. hefir haft frv. þetta til athugunar. Var það flutt af háttv. þm. Vestm. (JJós), en sennilega ekki samið af honum í öndverðu, heldur af bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Eins og tekið er fram í nál., hefir nefndin fundið allmarga galla á frv. þessu, sem aðallega eru fólgnir í því, að það mun upphaflega hafa verið samið með hliðsjón af lögum um bæjargjöld í Reykjavík og á Akureyri, en þess ekki nægilega gætt, að kringumstæðurnar eru aðrar í Vestmannaeyjum en á þessum stöðum. Í Reykjavík og á Akureyri eiga kaup-

staðirnir sjálfir lóðirnar, en í Vestmannaeyjum eru lóðirnar landssjóðseign.

Frv. þetta er fram komið af því, að bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefir hugsað sjer að greiða úr bæjarsjóði nauðsynlega starfrækslu, til þess að þar geti átt sjer stað sómasamlegur þrifnaður, meðal annars að því er snertir salernahreinsun, sorphreinsun o. fl. Er þetta ekki nema eðlilegt og sjálfsagt. En til þess að standast þau útgjöld, sem af þessu leiðir, er ekki annað fyrir hendi, eins og nú standa sakir, en að auka útsvörin, af því að kaupstaðurinn hefir ekki aðrar tekjur svo teljandi sje. Er því í frv. þessu farið fram á að fá heimild til að leggja gjald á allar fasteignir í kaupstaðnum. Og hefir nefndin ekki fundið ástæðu til að vera beinlínis á móti því. Og má því segja, að hún hafi fallist á meginatriði frv. En vegna hinna sjerstöku staðhátta, sem þarna eru, leggur hún til, að gerðar verði á því nokkrar breytingar.

Fyrsta brtt. nefndarinnar er við 1. gr. frv., að orðið „allar" falli burt. Þykir nefndinni frekar óviðkunnanlegt að kveða svo á í 1. gr., að gjaldið megi leggja á allar fasteignir í kaupstaðnum, þegar síðar kemur fram, að það er aðeins lítill hluti þeirra, sem leggja má gjaldið á.

Þá eru þrjár brtt. við 2. gr. frv. Sú fyrsta er gerð til þess, að hægara og einfaldara verði að reikna út gjaldið, þar sem farið er fram á, að minni upphæð en 100 kr. komi ekki til greina. Þá er 2. brtt. nefndarinnar við þessa sömu grein sú, að jafnframt og í frv. eru undanskilin tún og hagar, þá verði einnig undanskildir matjurtagarðar og fiskreitir, með því að þeir verða að teljast engu síður nauðsynlegir en túnin og hagarnir fyrir almenna afkomu og velliðan bæjarbúa. Þriðja brtt. er við 4. málsgreinina, að í stað orðanna: „Gjald þetta greiði eigendur húsa og lóða eða leigjendur, sem samkvæmt byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra eigna, er gjaldið hvílir á", komi: „Gjald þetta greiði eigendur húsa, leigutakar lóða eða notendur, sem samkvæmt byggingarbrjefi eða öðrum heimildum hafa umráð þeirra."

Þetta stafar að nokkru leyti af því, að í flestum eða mörgum tilfellum eru eigendur lóðanna aðrir en eigendur húsanna.

Við 5. gr. er gerð breyting af sömu ástæðum, að í stað orðsins „fasteign" komi: „húseign". Önnur brtt. nefndarinnar við þessa grein er, að á eftir orðunum, að „gjald þetta gangi á undan öllum veðkröfum á eigninni" komi: „að fasteignarskatti til ríkissjóðs undanskildum." Er ákvæði þetta sett til þess að tryggja ríkissjóði sitt.

Þriðja brtt. nefndarinnar við þessa grein er, að þar bætist við ný málsgrein, svo hljóðandi: „Nú greiðir leigutaki eða notandi lóðar eigi fasteignargjaldið í 2 ár, og hefir hann þá fyrirgert leigurjetti eða afnotarjetti sínum."

Það virðist ekki hægt að gefa kaupstaðnum meira vald í þessu efni. Því að leggja veðkröfurjett á sjálfar lóðirnar, sem eru því sem næst allar ríkiseign, getur ekki komið til mála.

Fjórða brtt. nefndarinnar felur það í sjer, að ákvæði frv. um dráttarvexti nái ekki til hafnargjalda kaupstaðarins. Að hafa slíkt ákvæði hjer í þessum lögum mundi reynast mjög óheppilegt í framkvæmd. Ef þetta ákvæði frv. um dráttarvexti á hafnargjöldunum fengi að standa hjer óbreytt, þá myndu þeir, sem vildu kynna sjer hafnarlög Vestmannaeyja, ekki fá fulla eða rjetta þekkingu á þeim nema

því aðeins, að þeir hittu á að fletta líka upp þessum lögum. En til þess er naumast hægt að ætlast af öllum almenningi. Ef kaupstaðurinn vill fá lögleidda dráttarvexti að því er hafnargjöldin snertir, til þess að gera ljettari innheimtu þessara gjalda, þá telur nefndin nauðsyn á því að koma fram með sjerstakt frv. um breytingar á sjálfum hafnarlögunum í þessa átt, og telur ekkert til fyrirstöðu, að slíkt frv. yrði samþykt.

Síðasta brtt. nefndarinnar er um það að fella úr 2. gr. laga nr. 18, 18. maí 1920, ákvæðið um gjald til holræsa og gangstjetta, að því er Vestmannaeyjakaupstað snertir. Því þegar þetta frv. er orðið að lögum, er það ákvæði óþarft.

Jeg hefi þá minst á allar brtt. við frv. þetta, og vil jeg, fyrir hönd nefndarinnar, leyfa mjer að mælast til, að þær verði samþyktar, því að jeg tel þær vera til bóta, og meira að segja bráðnauðsynlegar. Og ef þær ná fram að ganga, leggur nefndin til, að frv. verði samþykt.

Jóhann Jósefsson: Jeg get verið þakklátur nefndinni fyrir athugasemdir þær, sem hún hefir gert við frv. Jeg fyrir mitt leyti fellst á þau rök, sem hv. frsm. (E-P) hefir talið vera fyrir brtt. allshn., og get við þessa umr. greitt þeim atkvæði. Kæmi það fyrir við athugun milli 2. og 3. umr., að það væri eitthvað, sem þyrfti breytinga við, þá myndi jeg bera mig saman við hv. allshn. um það.

ATKVGR.

Brtt. 231,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 231,2.a samþ. með 11 shlj. atkv.

— 231,2.b samþ. með 11 shlj. atkv.

— 231,2.c samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

3.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 231,3.a samþ. með 12 shlj. atkv.

— 231,3.b samþ. með 12 shlj. atkv.

— 231,3.c samþ. með 12 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 231.4 samþ. með 12 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 231,5 (ný gr., verður 7. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 231,6 samþ. án atkvgr.

7. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 31. mars, var frv. tekið til 3. umr. (A. 251).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 45. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 251. n. 321).

Frsm. (Jón Kjartansson): Jeg þarf ekki að hafa þessa framsögu langa. Málið er búið að ganga gegnum Ed. og hefir sætt þar breytingum. Allshn. Nd. hefir ekkert við þær breytingar að athuga og telur þær til bóta, og hefir því fallist á að mæla með, að frv. verði samþykt óbreytt. Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, er hjer farið fram á heimild til að leggja gjald á fasteignir í Vestmannaeyjum. Samskonar gjöld er búið að leggja á hjer í Reykjavík og frv. er á ferðinni um samskonar gjöld á Siglufirði. Býst jeg ekki við, að hv. deildarmenn sjái neitt því til fyrirstöðu, að frv. nái fram að ganga. Það er sniðið eftir lögum um þetta hjer í Reykjavík, sem samþykt voru á þinginu 1924.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., föstudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 360).

---

35. Húsaleiga í Reykjavík.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 19. febr., var útbýtt:
Frv. til laga um húsaleigu í Reykjavík (þmfrv., A. 42).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. u m r.

Flm. (Magnús Jónsson): Ef ekki gefst sjerstakt tilefni til, mun jeg sneiða hjá að tefja umr. um þetta mál nú að sinni. Eins og hv. þdm. er kunnugt um, lá málið fyrir síðasta þingi og hefði þá gengið í gegn, ef það hefði ekki tafist svo mjög í nefnd hjer í Nd., að Ed. vanst ekki tími til að ljúka við það. Engin breyting hefir orðið á málinu síðan, önnur en sú, að Reykjavík er búin að búa við þessi óhæfilegu lög einu ári lengur, og í stað þess að bæjarstjórn vildi ekki í fyrra sleppa úr höndum sínum ákvörðunarrjetti um málið, hefir hún nú beiðst undan þeim vanda og farið fram á, að ríkisstjórnin noti heimild laganna frá 1917 til þess að afnema lögin með konunglegri tilskipun. Stjórnin hefir ekki orðið við þessu, enda væri ekki rjett að heimila, að lögin frá 1917 væru afnumin, en lögin frá 1921 væru látin standa eins fyrir því.

Þá skal jeg ekki orðlengja málið frekar, en óska, að því verði vísað til allshn. að umræðum loknum.

Jón Baldvinsson: Mjer þykir leitt, að hæstv. atvrh. (MG) skuli ekki geta verið viðstaddur. Væri fróðlegt að heyra álit hans um þetta mál.

Annars vil jeg benda á það, að ef frv. þetta verður samþykt eins og það er nú, þá eru um leið numin burtu öll ákvæði, sem snerta húsaleigu í Reykjavík.

Að vísu fer þetta mál í þá nefnd, þar sem jeg á sæti, og mun jeg þá fá tækifæri til að gera athugasemdir mínar, en þó vil jeg spyrja háttv. flm. (MJ), hvort ekki sje full ástæða til þess að ganga ekki svona langt í að afnema lögin, heldur lofa lögunum frá 1921 að standa áfram. Jeg er sannfærður um, að ef lögin verða numin úr gildi, verða mikil vandræði fyrir fátækari hluta almennings að fá húsnæði. Margir sitja nú í skjóli laganna. En allir sjá, að óheppilegasti tíminn til þess að flytja út er einmitt haustið. Þá er engar ráðstafanir hægt að gera til að byggja yfir fólkið, ef til þess kæmi. Ef lögin verða numin úr gildi, ætti þá að minsta kosti að lengja tímatakmarkið frá 1. október 1926 til 14. maí 1927.

Jakob Möller: Út af ræðu háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) vil jeg geta þess, að jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkvæði með því, að lögin frá 1921 fái að standa áfram, og einnig finst mjer það mjög sanngjarnt, að fyrir 1. október 1926 komi í frv. 14. maí 1927. Í brjefi frá borgarstjóra er gert ráð fyrir, að segja megi mönnum upp húsnæði frá 1. október 1926, og virðist því, sem bæjarstjórnin álíti, að ekkert sje því til fyrirstöðu. En þess ber að gæta, að þá fer vetur í hönd og viðurhlutameira að láta húsnæðisuppsagnir fara fram alment á þeim tíma. Betra að hafa sumarið fyrir sjer. Hinsvegar hafa lög þessi þegar staðið fulllengi. Mjer finst það harla nærgöngult eignarrjetti manna og jeg er í engum vafa um, að þau gera ilt að mörgu leyti, t. d. hindra þau menn í að byggja. Nú fer málið til nefndar og þar fær hv. 2. þm. Reykv. tækifæri til að hafa sín áhrif á það, og vona jeg, að samkomulag náist.

Flm. (Magnús Jónsson): Hv. meðflm. minn (JakM) hefir þegar tekið fram ýmislegt af því, sem jeg vildi taka fram. Hæstv. atvrh. (MG) hefir sagt mjer, að fyrir sjer hafi vakað, að vafasamt væri, hvort heimild laganna frá 1917 um afnám þeirra með konunglegri tilskipun væri lengur í gildi, eftir að lögin frá 1921 hefðu verið sett og þar ákveðið, hvernig fara skyldi með þessi lög. Og í öllu falli mundu lögin frá 1921 standa óbreytt eftir, þó að kgl. tilsk. væri út gefin. En jeg fyrir mitt leyti er andvígur því, að lögin frá 1921 fái að standa áfram. Annaðhvort vil jeg afnema alt eða ekkert. Ef lögin frá 1921 eru látin standa, þá getur bæjarstjórnin sett reglugerð um húsnæði, sem væri engu betri en húsaleigulögin.

Hvað tímatakmarkið snertir, get jeg vel fallist á að setja 14. maí 1927 fyrir 1. október 1926. Það finst mjer mjög sanngjarnt.

Rannsókn um orsakir dýrtíðarinnar í Reykjavík hefir leitt í ljós, að húsaleiga sje of há, jafnvel samanborið við byggingarverð húsa nú. Jeg er alveg viss um það, að ein ástæðan til þess, að ekki er bygt hjer í Reykjavík — enda þótt það mundi svara kostnaði — er, að húsaleigulögin eru enn í gildi. Það er nú einu sinni svo, að menn vilja heldur vera sjálfráðir um eignir sínar en þurfa að hlíta afskiftum annara um þær. Jeg veit til þess, að margir menn hafa bygt neðri eða neðstu hæðir í húsum sínum þannig, að þær yrðu að notast sem sölubúðir eða skrifstofur, eingöngu af því, að þeir hafa ekki viljað beygja sig undir íhlutun bæjarstjórnarinnar og húsaleigulaganna, enda þótt þeir ella hefðu verið fúsir til að gera þarna íbúðir. Þannig er jeg viss um, að allmiklu húsrúmi er forðað frá því að

falla undir húsaleigulögin. Og hvað sem um það hefir verið og verður sagt, að einstaka menn kunni að hafa haft hag af því, að þessi lög voru sett, er jeg þó viss um hitt, að þegar til lengdar lætur, verður það öllum almenningi til bóta að afnema húsaleigulögin.

Jón Baldvinsson: Bæjarstjórnin hefir ekki farið fram á annað við stjórnina en að húsaleigulögin frá 1917 verði afnumin, og jeg tel víst, að bæjarstjórnin hefir ætlast til, að hin lögin stæðu áfram.

Um það, sem hv. flm. (MJ) sagði, að húsaleigulögin væru því til fyrirstöðu, að menn bygðu, vil jeg segja það, að þetta mun alls ekki vera rjett. Jeg hygg, að menn mundu byggja, ef menn gætu fengið nægilega löng og hentug lán til byggginganna. Aðalástæðan til þess, að ekki er bygt, er sú, að peningar fást hvergi með sæmilega aðgengilegum kjörum, og það fást jafnvel alls ekki heldur peningar til að byggja fyrir með ókjörum. *(TrÞ:* Já, og svo er það gengishækkunin). Nei, gengishækkunin kemur þar ekki til greina. En út í þau mál fer jeg ekki nú; við fáum hjer eflaust síðar tækifæri til að ræða þau.

Jeg ætla ekki að fara að rugla gengismálinu saman við þetta mál, en hitt skil jeg, að háttv. þm. Str. (TrÞ) getur ekki hugsað um annað en gengismálið; honum er það svo hugleikið. En jeg læt hann ekki teygja mig þar neitt út af leið.

Hvað sem hv. flm. þessa frv. annars segja um þetta mál, vil jeg taka það fram, sem og er kunnugt, að jeg er yfirleitt andvígur því, að farið verði að hrófla við húsaleigulögunum, en þó tel jeg til bóta, ef lögin frá 1921 standa áfram, svo sem mjer skildist hv. 3. þm. Reykv. (JakM) ganga inn á, en hann er meðflutningsmaður þessa frumvarps, og ætti því að geta ráðið þessu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg gat því miður ekki verið við umr. um stund, því að jeg þurfti að taka þátt í umr. í Ed., en mjer hefir verið sagt, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) hafi spurt, hvers vegna stjórnin hefði ekki afnumið húsaleigulögin með konunglegri tilskipun. *(JBald:* Jeg spurði um ástæðurnar til þess, að stjórnin gerði þetta ekki). Það er það sama; jeg finn engan mun á þessu orðalagi. En jeg hjelt, að hv. þm. þyrfti ekki að vera óánægður við stjórnina fyrir þessar sakir, úr því að hann hefir nú lýst því hjer, að hann vill ekki láta hrófla neitt við lögunum. Jeg skal nú segja honum ástæðuna fyrir því, að stjórnin gerði þetta ekki. Það var af því, að það hefði aðeins orðið hálfverk eitt úr því að afnema lögin frá 1917; lögin frá 1921 hafði hún enga heimild til að afnema. Þá var og önnur og aðalástæðan sú, að stjórnin var í vafa um, hvort hún hefði heimild til að afnema lögin frá 1917, þar sem það stendur í lögunum frá 1921, að lögin frá 1917 falli úr gildi þegar eftir að reglugerð hefir verið sett samkvæmt lögunum frá 1921. Í þessu virðist jafnvel liggja, að lögin frá 1917 eigi að gilda þar til reglugerð sje sett, en það hefir ekki verið gert hingað til, eins og kunnugt er.

Annað held jeg, að hv. 2. þm. Reykv. hafi ekki spurt um, og hefi jeg því ekki fleira að athuga að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17:1 atkv. og til allshn. með 18 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 6. apríl, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 42, n. 74 og 177).

Frsm. meiri hl. (Jón Kjartansson): Allshn. hefir ekki orðið sammála um þetta frv. Meiri hl. ræður til, að það sje samþykt með ofurlitlum breytingum, en minni hl. vill fella það.

Jeg tel nauðsynlegt fyrir þá, sem ætla sjer að fylgja minni hl. í þessu máli, að athuga vel, hvaða ástand var ríkjandi hjer í bænum, þegar húsnæðislögin voru sett, og svo hvernig ástandið er nú.

Aðalatriðin í húsaleigulögunum eru frá 1917. Þá var hjer svo mikið húsnæðisleysi, að til stórvandræða horfði. Þá var það, að þáverandi stjórn gaf út bráðabirgðalög um húsaleigu 14. maí 1917, og náðu þau samþykki Alþingis. Í þessum lögum voru þau tvö aðalatriði, 1. að ekki má segja upp húsnæði, og 2. að leiga skyldi haldast óbreytt eins og hún var þá. Það er auðsjeð á þingræðum þeim, er snerta þetta mál, að litið var á þessa ráðstöfun sem neyðarúrræði vegna stríðsins. Það var játað, að lögin gengju fullnærri eignarrjettinum, en sá rjettur yrði að þoka vegna almenningsheilla, og því voru þessi þvingunarlög samþykt. Menn voru ekki í vafa um, að svona lög myndu draga úr húsbyggingum hjer, en þá var varla um nokkrar nýbyggingar að ræða, þar sem verð á byggingarefni var hátt og fór hækkandi og vinnulaun fóru mjög hækkandi. — Þetta óvenjulega ástand varð þess valdandi, að lögin voru samþykt 1917. Árið 1919 var ástandið hjer líkt, eða ekki betra. Þá gaf stjórnin út ný bráðabirgðalög, sem heimiluðu bæjarstjórninni að ráðstafa lausum íbúðum. Það ár reis upp mikil óánægja út af húsaleigulögunum og Alþingi fjekk áskoranir frá fjölda bæjarbúa um að afnema þau. En það sá sjer ekki fært að verða við þeim áskorunum, vegna þess ástands, sem ríkti í bænum. En umræðurnar í Alþt. sýna, að á þetta var litið aðeins sem bráðabirgðaráðstöfun vegna ófriðarins.

1921 kom málið enn fyrir Alþingi. Fluttu þingmenn Reykjavíkur það að tilhlutun bæjarstjórnarinnar. Skyldi málið falla í hendur bæjarstjórnar og átti hún að setja reglugerð, er kæmi í stað laganna frá 1917—19. Áttu þau lög að falla úr gildi, þegar reglugerðin yrði samþykt. Þetta var samþykt á Alþingi og varð að lögum 27. júní 1921. Þannig komst málið í hendur bæjarstjórnarinnar. Í þrjú ár reyndi svo bæjarstjórnin að koma á reglugerð, en það tókst ekki. Loks í árslok 1924 samþykti bæjarstjórnin reglugerð, en stjórnin synjaði staðfestingar á henni, af því að hún taldi farið út fyrir heimildarlögin frá 1921.

Saga málsins sýnir, að þetta hefir verið mesta vandræðamál. Nú ber að líta svo á, að bæjarstjórnin sjái sig ekki færa til að ráða því til lykta á farsælan hátt. Síðasta tilraun hennar var gerð í desember síðastl., en hún splundraðist. Bæjarstjórnin sneri sjer þá til stjórnarinnar og vildi láta hana afnema lögin, en stjórnin varð ekki við þeim tilmælum, þar sem skamt var til Alþingis, en vafasamt, hvort hún hafði heimild til að nema lögin frá 1917 úr gildi án þess að bæjarstjórnin skipaði þessu máli með reglugerð, eins og gert er ráð fyrir í lögunum frá 1921. Og víst er það, að stjórnin hefir enga heimild til þess að afnema lögin frá 1921. Málið stendur þá þannig, að þvingunarlögin frá 1917 eru enn í gildi. En ef borið er saman ástandið

þá og nú, verður að líta svo á, að bæði sje ranglátt og óviðeigandi, að lögin sjeu í gildi framvegis, enda munu allar aðrar ófriðarráðstafanir úr gildi numdar. Meiri hluti allshn. hefir því lagt til, að frv. yrði samþykt með þeirri breytingu, að í stað þess, að segja megi upp húsnæði 1. október 1926, sje það ekki heimilt fyr en 14. maí 1927. Nefndin neitar því ekki, að talsvert muni verða um uppsagnir, og álítur því heppilegra, að það fari fram að vori til. Jeg vil benda á, að nú orðið er miklu minni ástæða til þess að halda þessum gömlu þvingunarlögum, þar sem nú horfir vænlegar en áður með byggingar í bænum, einkum ef frv. um nýja veðdeildarflokka verður að lögum. Þá má gera sjer von um, að viðunandi lánskjör fáist til bygginga. Jeg vona, að hv. deild sjái ekki eftir þessum lögum og verði sammála meiri hl. nefndarinnar um, að rjett sje að nema þau úr gildi.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það hefir orðið mitt hlutverk á hverju þinginu eftir annað að standa upp til þess að andmæla þeim tilraunum, sem gerðar eru til þess að nema úr gildi núverandi húsaleigulög. Jeg fæ ekki sjeð enn, að ástæður sjeu svo breyttar, að rjett sje að afnema þessi lög. Hið eina, sem breyst hefir, er það, að meiri hl. bæjarstjórnar hefir samþ. áskorun til stjórnarinnar um að nema lögin úr gildi. En á það má líta, að þetta var samþ. aðeins með eins atkvæðis mun. Borgarstjóri lítur einnig svo á, að þetta sje hæpin ráðstöfun, og greiddi ekki atkvæði.

Það má vel vera, að þessi lög hafi verið neyðarráðstöfun, en til þess sama ráðs varð að grípa í mörgum löndum, og það er enginn vafi á því, að ef þessi lög verða numin úr gildi nú, verður stofnað til mestu vandræða. Reynslan í nágrannalöndunum sýnir þetta ljóst. Í Danmörku t. d. voru húsaleigulögin afnumin í öðrum bæjum en höfuðstaðnum. Afleiðingin varð sú, að húsnæðisuppsagnir streymdu inn. Í Álaborg t. d. fengu 1400 fjölskyldur uppsögn og á annað hundrað urðu að leita til borgarstjóra, af því að þær fengu ekki húsnæði. Eftir sama hlutfalli ættu 700 fjölskyldur hjer að fá uppsögn, og það er áreiðanlegt, að margar þeirra ættu hvergi höfði sínu að að halla.

Hver eru svo úrræði bæjanna, þegar svona fer? Jú, þeir eiga yfir ýmiskonar húsnæði að ráða, skólum o. fl. Þessi hús eru tekin handa húsnæðislausu fjölskyldunum. Hvernig ætti nú að fara að hjer? Ætti að taka þennan eina barnaskóla, sem bærinn á? — Jeg er hræddur um, að einhver myndi kalla: Blessaðir, komið þið með húsaleigulögin aftur. Líkar afleiðingar hefir afnám laganna haft í Árósum. Þar var sagt upp 2900 fjölskyldum og 500 urðu húsnæðislausar. Þar var gripið til sömu ráða, teknir barnaskólar og hermannaskálar handa húsnæðislausu fólki. Svona urðu afleiðingarnar í þessum dönsku bæjum. En að því leyti stöndum við ver að vígi hjer, að húsnæðisvandræði eru mikil fyrir og húsaleiga hærri en í Danmörku. Jeg þekki nokkra íslenska iðnaðarmenn þar, sem leigja þriggja—fjögurra herbergja íbúðir fyrir 70 kr. á mánuði. Hjer munu slíkar íbúðir kosta 150 krónur. Líka eru meiri kröfur gerðar til húsnæðis þar. Hjer hafa allar ákvarðanir, sem heilbrigðisstjórnin hefir samþykt, orðið að falla niður, af því að ekki hefir verið kleift að láta fólk fara úr óforsvaranlegum íbúðum.

Það er vikið að því í nál. minni hl., að ekki sjeu líkur til, að byggingar aukist að

mun, ef lögin standa. Það kann að þykja óviðfeldið að hafa þessi höft, en það eru til svo margskonar höft, sem ekki verður komist hjá. Það hefir verið bygt hjer mikið undir húsaleigulögunum, þó ekki hafi það orðið nægilegt, og mikill fjöldi manna vill byggja. Það eru ekki húsaleigulögin, sem hindra byggingarnar, þó e. t. v. megi finna einstök dæmi þess, heldur er það skortur á lánsfje. Fáir eru svo efnum búnir, að þeir geti lagt fram alt fjeð, sem til þarf, sjálfir. Þeir hafa því orðið að fá lán, fyrst í veðdeild, ef þess hefir verið kostur, þá víxillán, og síðast hafa þeir e. t. v. orðið að leita til þeirra, sem gera sjer það að atvinnu að lána út fje með háum vöxtum. Jeg hygg, að flestir hafi orðið að borga upp undir 10% af lánum sínum.

Mjer skildist á hv. frsm. meiri hl. (JK), að hann fallast á, að ekki yrði miklu meira bygt, þó að lögin yrðu afnumin. Hann byggir alla von sína á veðdeildarfrv. En má ekki búast við, að lánskjörin verði þar eitthvað svipuð og verið hefir? Enginn veit, hvernig tekst að selja brjefin, og það má búast við talsverðum afföllum. Og þó að menn geti fengið veðdeildarlán, eru fáir svo efnum búnir, að þeir geti lagt fram það, sem á vantar. Það þarf ekki að afnema húsaleigulögin til þess að bygt verði. Það vantar bara peninga til að byggja fyrir. Þetta held jeg, að sje hv. frsm. meiri hl. nokkurnveginn ljóst, eftir því sem honum fórust orð.

Þá eru það brtt., sem hv. meiri hl. vill gera við frv. Jeg skal játa, að það mun í góðu skyni gert að lengja uppsagnarfrestinn til vors 1927. En sá galli er á, að þótt það ákvæði standi, er opin leið fyrir húseigendur að hækka leiguna eftir vild, þegar öll lögin eru afnumin, að undanskildu þessu eina ákvæði. Ef tryggja á það, að ekki verði sagt upp með því að hækka leigu, verður að setja um það sjerstök ákvæði.

Þessi tillaga kemur því alls ekki að tilætluðu gagni, þar sem það er skýrt tekið fram í frv., að öll 3 lögin (líka lögin frá 1917 og 1921) skuli úr gildi numin, og þó að það standi eitt eftir í þessu frv., að ekki megi segja upp til brottflutnings fyr en að vori 1927, hamlar það ekki húseigendum frá því að hækka leiguna, sem er hjer um bil alveg það sama og að reka fólkið úr íbúðunum. Þetta veit jeg, að hv. frsm. meiri hl. skilur mjög vel, og hann ætti því að taka þetta til nánari íhugunar.

Þá er enn ein leið eftir, sem hugsanlegt er, að reynist fær, þ. e. að lofa lögunum frá 1921 að vera áfram í gildi, en fella aðeins niður lögin frá 1917, — að láta bæjarstjórn Reykjavíkur hafa allan veg og vanda af þessu máli, er hún hjeldi eftir heimild þeirri, er lögin 1921 veita henni til að gera samþyktir um þessi mál. Þetta væri sök sjer, ef frv. færi ekki lengra. Bæjarstjórnin gæti þá, þegar flutningsaldan og húsnæðisvandræðin koma yfir, tekið til sinna ráða samkvæmt þessum lagaheimildum. Eitt er og að vísu vegur fyrir bæjarfjelagið, þegar lögin eru numin úr gildi. Það er að byggja nógu margar íbúðir, en jeg tel þó efasamt, að það ráð verði tekið. Það hefir jafnan verið skelt skolleyrunum við því í bæjarstjórninni, er byggingar hafa verið nefndar þar á nafn, og húseigendur, sem munu standa að þessu frv., mundu heldur ekki líta til þess hýru auga, ef bærinn færi að byggja. Þetta hefir oft staðið til, að yrði gert, en það þarf sjálfsagt eitthvað að ske áður en bæjarfjelagið ræðst í byggingar, eins og stjórn þess er nú skipuð. Og þótt ráðist yrði í einhverjar byggingar, þá má búast

við eftir reynslunni, að það yrði ekki gert fyr en síðla sumars, og þá gæti svo farið, að fjöldi fólks lenti í húsnæðishrakningum um langan tíma, jafnvel fram á miðjan vetur, því byggingar þurfa langan tíma til þess að verða fullgerðar og íbúðarhæfar. Bæjarstjórnin hefir venjulega dregið þessi mál of lengi og loks hefir hún látið hrúga upp ljelegum skúrum og þvílíkum hreysum, sem alls ekki hafa verið hæf til íbúðar, og það eru ekki þesshättar byggingar, sem jeg óska eftir, heldur góðar og varanlegar íbúðir til frambúðar fyrir fólkið.

Jeg vildi helst, að frv. yrði nú þegar felt við þessa umræðu, en ef það lifir til 3. umr., sje jeg ekki annað en að óhjákvæmilegt sje að gera á því frekari breytingar en þetta, ef því er ætlað lengra líf og vænst er eftir, að það nái tilgangi sínum.

Magnús Jónsson: Jeg vil fyrst og fremst sem 1. flm. þessa máls þakka hv. meiri hl. allshn. fyrir góða meðferð og greiða afgreiðslu þessa máls, og hv. meiri hl. hefir ekki gert aðrar breytingar á frv. en þær, sem jeg benti þegar á við flutning þess við 1. umr. hjer í deildinni, að farsælast mundi að flytja uppsagnardaginn til vors, í stað þess að í frv. var fyrst gert ráð fyrir, að segja mætti upp í haust.

Hv. frsm. minni hl. (JBald) vil jeg segja það, að jeg held það sje best að fara ekki í langt karp um málið að þessu sinni. Ástæður allar eru of kunnar, bæði með og móti, til þess að nokkurs verði að vænta upp úr umræðum um þær. Jeg heyrði líka á ræðu hans, að hv. frsm. minni hl. hafði ekki neitt nýtt til brunns að bera, enda var þess ekki að vænta. Það er satt, að fleiri ástæður eru til þess en húsaleigulögin, að lítið er bygt, en það þarf þó ekki annað en að líta á óvinsældir þessara laga til þess að sjá, að þau valda miklu þar um. Jeg held, að þeir húseigendur sjeu fáir, sem ekki er meinilla við húsaleigulögin, enda væri það á móti öllu mannlegu eðli, ef lögin, sem öllum er illa við, hefðu ekki gert sitt til að draga úr vilja manna til að leggja fje sitt í fasteignir, sem þeir svo fá ekki að hafa umráð yfir.

Annars voru aðalrök hv. frsm. minni hl. eins og vant var, að svo eða svo margar fjölskyldur mundu verða húsnæðislausar, ef frv. yrði að lögum. Kom hann með samanburðaráætlun um þetta við það, sem skeð hefði í Álaborg í Danmörku, og gerði ráð fyrir, að 700 til 1000 fjölskyldur mundu allar fara til bæjarstjórnarinnar og krefjast af henni að ráða fram úr vandræðum þeirra. Það er satt, að það er ekki óhugsandi, að eitthvað af fólki mundi taka til þessa ráðs, og hefir stundum gert það jafnvel meðan húsaleigulögin voru í gildi, en jeg spyr hv. þm. (JBald): Hvað heldur hann, að verði um þessi þúsund húsnæði, sem fólkið flytur úr? Vill hv. þm. eða nokkur annar trúa því, að þau verði látin standa auð, meðan hægt er að fá þá húsaleigu, sem nú gelst? Nei! Það yrðu vitanlega aðeins örari flutningar en áður, en húsnæðin munu leigjast jafnótt. Það munu ýmsir verða að flytja, sem ella hefðu setið, eins og fram að þessu, í skjóli húsaleigulaganna, og aðrir kæmu í þeirra stað; þá sætu og sumir kyrrir, sem áður hafa oft orðið að flytja sig. Flutningarnir yrðu aðeins örari en áður, og jeg skal segja hv. frsm. minni hl. það, að til eru og hafa verið fjölskyldur, sem eru húsnæðislausar vegna húsaleigulaganna. Jeg tek til dæmis, að jeg eigi hús (sem jeg

raunar ekki á, segi þetta sem dæmi) með óleigðri íbúð; jeg á kost á að leigja hana fjölskyldu, en af því að jeg þekki hana ekki og líst ekki meira en svo á leigjendurna, þá hika jeg, þegar jeg veit, að fjölskylda, sem komin er einu sinni inn í íbúðina, situr þar föst, hvort sem mjer líkar betur eða ver. Íbúðin stendur svo óleigð á meðan. Það eru þess vegna ekki fáir, sem hafa lausar íbúðir vegna húsaleigulaganna, því þeir geta ekki losað þær aftur, ef þess þarf með, og þar af leiðandi margir, sem eru húsnæðislausir vegna þessara sömu laga. Þegar menn vita, að ekki er hægt að losna aftur við leigjanda, er ekki svo lítil ábyrgð því samfara að veita honum svo að segja lífstíðaríbúð, ef hann aðeins geldur tiltekna leigu, án tillits til nokkurs annars, sem kann að vera athugavert við hans þarveru. Nei! Húsnæðin munu ekki standa auð, þó að húsaleigulögin verði afnumin. — Það verður aðeins raðað öðruvísi niður fólkinu í íbúðirnar. Það kemur því ekki til neinna mála að halda lengur í aðrar eins ódæma ófriðarráðstafanir og þessi húsaleigulög eru. Því er það allbroslegt, að hv. minni hl. allshn. getur ekki talið lögunum annað til gildis í nál. sínu en að húseigendur hafi margir hagnast af þeim, vegna þess að leigjendur hafi staðið betur í skilum á leigu en áður. Það er eins og ekki hafi verið hægt að segja upp leigu á húsnæði áður vegna óskilvísi leigjanda. Nei, það eina, sem hægt er að segja um þetta, er það, að þarna var eina smugan, sem húsaleigulögin skildu eftir handa húseigendum til að þeir gætu losnað við hvimleiða leigjendur. En það er hreinn barnaskapur að þakka húsaleigulögunum annað eins og þetta, sem var alvenja áður en þau lög voru sett.

Jeg orðlengi þetta svo ekki frekar; vona aðeins, að hv. deild láti nú þetta mál ná að ganga fram, eins og hún ætlaðist til á síðasta þingi, auk þess, sem nú eru enn ríkari ástæður til að samþykkja frv. en þá.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Jeg get svarað hv. 4. þm. Reykv. og flm. frv. (MJ) því, að þó jeg hafi ef til vill ekki komið með neitt nýtt í þessu máli, hefir hann heldur ekki gert það sjálfur. Þessa er heldur ekki von; ástæðurnar bæði með og móti ganga ávalt aftur í þessum umræðum, og er þá ekki annað eftir en spádómarnir um, hvað við muni taka, er lögin verða afnumin, og deilt um það, hverjir hafi getað fært fram sennilegri líkur fyrir sínu máli. Jeg neita því ekki, að húsaleigulögin eru óvinsæl af mörgum húseigendum, en jeg veit líka, að mjög margir leigjendur telja sjer mikla vernd í lögunum, og óvinsæld húseigenda í garð laganna stafar ekki af því, að þeir telji sig ekki geta bygt vegna þeirra, því þeir þurfa þess ekki; en þeir vilja leigja eins og þeim sýnist. Og hinu vil jeg heldur ekki neita, að til kunni að vera leigjendur, sem eru óánægðir með húsaleigulögin, út af úlfúð, sem átt hefir sjer stað í húsunum *(MJ*: Er ekki þarna dálítil veila í röksemdafærslu hv. þm.?). Nei, það er engin veila í þessu; þetta eru frekar undantekningar. Eins og jeg hefi áður sagt, hamla húsaleigulögin ekki byggingum. Það er t. d. fjöldi leigjenda, sem vill byggja, en getur það ekki, vegna þess að viðunanleg lánskjör fást hvergi. En menn hafa þó þrátt fyrir lögin reynt að klífa þrítugan hamarinn til þess að koma sjer upp íbúðum, en lánskjörin hafa gert þetta mjög erfitt á síðari tímum, og það er nú almennt viðurkent, og enda ekki skiftar skoð-

anir um það, að aðeins fjárhagslega vel stæðir menn geta bygt.

Hv. þm. (MJ) hafði eftir mjer nokkrar tölur, sem jeg hafði tekið eftir dönskum blöðum, úr lýsingum á húsnæðisvandræðunum í Danmörku. Jeg reiknaði hlutfallið út eftir mannfjölda þar og hjer og hefi ekki sagt neitt um, að þetta væri alveg eins hjer, — jeg veit, að hjer er ástandið mun verra. Jeg byggi þetta álit mitt á því, hve eftirspurnin er hjer mikil eftir húsnæðum; ekki af eftirspurn þeirra, sem eru í einhverjum íbúðum, heldur þeirra, sem hafa vegna húsnæðisleysis orðið að levsa upp heimili sín, tvístra fjölskyldunni sitt í hverja áttina eða verða að hafast við í einu herbergi með fjölda manna, vegna þess að hæfilegar íbúðir hafa ekki verið falar. Jeg veit um fjölmargar fjölskyldur, sem svo er ástatt fyrir.

Hv. þm. (MJ) spurði um, hvað yrði af þessum þúsund íbúðum, sem fólkið flytti úr, og hann svaraði því sjálfur, að það mundu aðeins aðrir flytja í þær, og að kveldi flutningsdags hefðu allir fengið húsaskjól. Þarna held jeg samt, að hv. þm. hafi misreiknast. Mörgum húseigendum er illa við lögin af þeim ástæðum, að þeir þykjast ekki geta bætt við sig eins miklu húsrúmi og þeir teljast þurfa. Jeg hygg því, að uppsögn á leiguíbúð þýði ekki alstaðar það, að aðrir komi í þær, heldur hitt, að húseigendur rýmki um sig til að geta sjálfir haft stærri og þægilegri íbúðir. Þetta er að vísu ekki óeðlileg krafa af hálfu húseigenda, en hitt er engu að síður ranglátt, að fleygja fjölda fjölskyldufólks út á götuna. Nei! Það er enginn efi á því, að fjöldinn af þeim íbúðum, sem losnar þannig, fæst ekki aftur á leigu. Þær fara aðeins til að auka við íbúðir einstakra manna, en húsnæðisvandræðin verða meiri eftir en áður. Þetta verður afleiðingin af því að afnema húsaleigulögin.

Það er vilji margra að byggja yfir sig, og margir gera það líka, en þó er ekkert rýmra um fólk í bænum, þrátt fyrir það, sem bygt er, og ef miðað er við byggingar þær, sem komist hafa upp síðastl. tvö ár, þarf varla að vænta, að batni mikið húsnæðisleysið í bænum, enda þótt það verði kannske ekki verra. Jeg held því varla, að tími sje kominn ennþá til þess að afnema húsaleigulögin.

Hv. þm. (MJ) sagði, að það væri óviðkunnanlegt og óviðfeldið að hafa lög, sem mörgum væri illa við; hitt er þó enn verra, að hafa fjölda fólks á götunni, sem hvergi á höfði sínu skýli. Hann sagði og, að það væri barnaskapur að þakka lögunum aukna skilvísi leigjenda; menn hefðu áður en þau voru sett getað sagt upp leigu á íbúðum af þeim ástæðum. Þetta er aðeins að sumu leyti rjett. Það mun sitthvað hafa átt sjer stað í þessa átt áður, en þá þurfti meira umstang til að koma þessu í framkvæmd en nú, eftir að húsaleigunefndin kom til skjalanna og ekki þurfti annað en segja henni til, ef ástæður voru til uppsagnar. Nei, jeg held, að húseigendur hafi síst verið grátt leiknir af þessum lögum, og eins og af er látið hafa þeir tekið óbilgjarna húsaleigu víðast hvar, og úrskurðir húsaleigunefndar hafa sjaldnast hallað á húseigendur; þeir hafa fengið fulla vexti af fje sínu, og meira til. Einstöku húseigendur hafa þó ekki notað sjer þetta til þess að hækka leiguna, en margir eru þó þeir, sem hafa sett sem skilyrði fyrir leigu á húsnæði gegn of hárri húsaleigu, að húsaleigunefnd yrði ekki sagt til um það, og fjöldinn allur hefir þannig neytt leigjendur til að ganga að alt of hárri leigu, því þeir vita, að margir eru

svo gerðir að kæra ekki yfir þessu, vegna þess að þeir vilja skirrast við illdeilum í húsunum. En ef allir þeir, sem óánægðir eru með lögin, geta sagt upp íbúðunum, verður afleiðingin stórfeldari vandræði en orðið hafa hjer fram að þessu, og þá verður að gera einhverjar ráðstafanir til að útvega fólki húsnæði. Það versta við þetta verður, að það verður helst það fólk, sem síst má við því að verða húsnæðislaust, sem fer út. Þetta er augljóst af auglýsingum í blöðunum o. fl. Allir vilja helst aðeins leigja einhleypu fólki, þ. e. barnlausu: engir vilja hafa börn í sínum húsum, því menn kjósa heldur kyrlátari leigjendur en börnin. Ef til uppsagnar kemur, verða fyrst og fremst barnafjölskyldurnar á götunni. Þá verður óhjákvæmilegt, að hið opinbera geri stórfeldar ráðstafanir þessu fólki til bjargar; en það verður ekki gert á einum degi. Jeg hygg, ef sá andi ræður framvegis, sem þar hefir svifið yfir vötnunum í bæjarstjórn Reykjavíkur undanfarið, að dregið verði þar til í síðustu lög að gera nokkuð í húsnæðismálunum. Svo hefir venjan verið, að ekkert hefir verið aðhafst fyr en neyð hefir verið fyrir dyrum. Jeg held því, að það sje mjög varhugavert að afnema þessi lög, og jeg veit, að margir hv. þm. eru svo kunnugir hjer í bænum, að þeir vita, að stórvandræði muni leiða af því að afnema lögin. Það væri sök sjer, ef lögin frá 1921 fengju að standa, er vandanum verður öllum snúið á hendur bæjarstjórnarinnar. Því þó að brtt. allshn. verði samþ., verður fleira aðgert hjer í bæ en að segja upp húsnæðunum. Víðast hvar verður leigan hækkuð að miklum mun, en það þýðir hið sama og að segja enn fleira fólki upp húsnæði.

Þetta bið jeg hv. þm. að athuga vel. Þetta verður að lagast og frv. að breyta, ef þeir vilja, að lögin veiti leigjendum þá sömu vernd og áður til flutningsdags 1927.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13:9 atkv.

Brtt. 74 samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 13:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:8 atkv.

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 286, 291, 295).

Frsm. meiri hl. (Jón Kjartansson): Meiri hl. allshn. ber fram smábrtt. við frv., þess efnis, að ekki megi hækka leigu á íbúðum til þess tíma, er uppsagnarfresturinn er á enda, þ. e. til 14. maí 1927. Það má að vísu segja, að brtt. sje óþörf, þar eð með því að ekki sje hægt að segja upp íbúðum til burtflutnings fyr en 14. maí 1927, megi heldur ekki breyta leigumála fyrir þann tíma; en þetta getur þó orkað tvímælis, og ef slík vafaatriði koma upp, verða þau auðvitað dómstólamál, og til þess að koma í veg fyrir, að til þess komi, og til þess að taka af allan vafa í þessu efni, er brtt. borin fram. Jeg vænti þess vegna, að hv. deild geti fallist á þessa brtt. nefndarinnar.

Jeg sje, að hv. þm. Mýr. (PP) hefir borið fram brtt. um, að lögin frá 1921 skuli enn halda áfram að vera í gildi, þótt lögin frá 1917 og 1919 sjeu úr gildi feld. Meiri hl. allshn. hefir að vísu ekki haft tíma í þetta sinn til að athuga brtt. þessa, en jeg geri þó ráð fyrir, að hann sje henni mótfallinn. Nefndin hefir áður rætt þennan möguleika og ekki fundið ástæðu til að taka hann til greina. Það er

vitanlegt, að bæjarstjórnin í Reykjavík hefir haft 5 ár til þess að notfæra sjer þessi heimildarlög, en þó hafa þau engan árangur borið ennþá. Að vísu fjekst meiri hluti í bæjarstjórninni árið 1924 fyrir því, að reglugerð yrði gefin út samkv. þessum lögum, en stjórnarráðið neyddist til að synja þeirri reglugerð staðfestingar, þegar til kom, vegna þess að bæjarstjórnin hafði þar farið út fyrir þau takmörk, sem lögin settu henni. Jeg býst heldur ekki við, að bæjarstjórnin vilji halda lengur í þessi lög; að vísu bað hún ekki um, að þau yrðu afnumin, enda var það ekki á valdi stjórnarinnar að láta gera það með konungsúrskurði. Jeg geri ráð fyrir, að bæjarstjórn Reykjavíkur sje orðin vonlaus um að ráða þessu máli til lykta af sjálfsdáðum, og því væri það illa gert og ekki rjettlátt að láta þessi lög halda áfram að vera í gildi. Þess vegna vænti jeg þess af hv. deild, að hún felli þessa brtt. hv. þm. Mýr., og jeg hygg, að jeg megi segja fyrir hönd meiri hl. allshn., að hann greiði atkvæði móti þessari brtt.

Pjetur Þórðarson: Jeg hefi orðið í minni hl. í nefndinni, og þótt jeg að vísu tæki fram og gerði grein fyrir sjerstöðu minni við 2. umr. þessa máls, þykir mjer þó rjett að segja hjer nokkur orð um málið.

Það er kunnugra en svo, að þörf sje að fara mörgum orðum um ágreining þann, sem orðið hefir milli manna í Reykjavík út af efni laganna frá 1917 og 1919 um húsaleigu í Reykjavík; það var og vitanlegt fyrirfram, að þessi lög mundu verða óvinsæl meðal húseigenda og þeirra, er rjeðu yfir meira húsnæði en þeir sjálfir notuðu, og urðu að leigja það út frá sjer. En það má einnig gera ráð fyrir því, að þessi lög hafi að sama skapi orðið vinsæl af þeim, er þurftu þeirra við, sem nutu verndar af húsaleigulögunum, þ. e. af öllum fjölda leigjenda í bænum. Þetta hefir þá skifst nokkuð jafnt niður; vinir og óvinir laganna hafa verið fremur jafnir, enda sjest þetta og bert í bæjarstjórn Reykjavíkur, sem er skipuð báðum flokkum, húseigenda og leigjenda, að þar er líkt á komið með þeim báðum. Munurinn er þar ekki mikill, og af þessu þykist jeg geta ráðið, að það sje alllíkt á komið með vinsældir og óvinsældir laganna hjer í bænum.

Það hefir verið talað um, að lögin hafi verið sett sem sjerstakar og einstæðar ráðstafanir á alveg sjerstökum tímum, þ. e. á ófriðarárunum, þegar öll viðskifti manna á meðal rugluðust meira eða minna og sveifluðust á ýmsa vegu. En með því að jeg fæ ekki sjeð, að þessar sömu, sjerstöku ástæður hafi breyst mjög mikið síðan lögin voru sett, að því er húsnæðisleysi og eftirspurn eftir húsnæði snertir, eða að húsaleigan sjálf hafi breyst mjög mikið síðan, sje jeg ekki, að ástæður sjeu til að nema lögin úr gildi að svo komnu. Jeg hefi því tekið mjer stöðu í þessu máli þeim megin og þeim til liðveislu, sem mjer virðist, að mundu verða harðast úti af hlutaðeigendum, er lögin falla úr gildi. Það er sýnilegt, að leigjendur, einkum fjölskyldufólk, stendur mun lakar að vígi eftir en áður, ef lögin verða numin úr gildi. Þetta er svo þýðingarmikið mál fyrir Reykjavík, að ekki getur neinum í ljettu rúmi legið, ef hlutur alþýðu er mjög fyrir borð borinn með afnámi húsaleigulaganna.

Jeg hefi heyrt því haldið fram, að húsaleigan í Reykjavík væri einn aðalþátturinn í því, að dýrtíðin minkaði ekki þar að neinum mun, þó langt sje nú umliðið frá lokum ófriðarins. Það er því af þessu

tvennu, — bæði vegna þeirra, sem lakar verða settir við afnám laganna, og vegna hinnar almennu dýrtíðar, sem hjer ríkir enn, og sem að miklu leyti stafar frá húsaleigu og húsnæðisvandræðum — að jeg hefi þá afstöðu til þessa máls, sem jeg hefi nú lýst. Jeg verð því eindregið á móti því að nema lögin úr gildi að þessu sinni.

Jeg hefi skilið þetta mál svo, að þessi húsaleigulög hafi á tvennan hátt haft áhrif sem hemill á sveiflum þeim, sem orðið hafa á þessari tegund viðskifta manna á meðal — leigu á íbúðum —, en þær sveiflur hefðu án laganna orðið óviðráðanlegar og mjög óþægilegar fyrir meiri hluta almennings. Annarsvegar hafa lögin verið hemill á óheyrilegri hækkun á húsaleigunni, en hinsvegar hafa þau verið hemill á hrakningum, sem þeir, er erfiðast eiga með að taka íbúðir á leigu, hefðu ella lent í, og það hefði helst verið fjölskyldufólk með mörg börn, enda sýnir reynslan, að þetta fólk hefir einna helst notið verndar þessara laga.

Það hefir líka komið fram í dómum manna um lögin með og á móti, að mikill hrakningur liggur fyrir slíku fólki, er lögin verða úr gildi numin. Það viðurkenna líka þeir, sem vilja afnema lögin. Og að lögin hafi verið hemill á hækkun húsaleigunnar, er greinilega viðurkent með brtt. hv. meiri hl. allshn., sem jafnvel hefir sjeð, að afnám laganna gæti orðið orsök í óhóflegri hækkun á húsaleigu, og hefir því viljað með brtt. sinni koma í veg fyrir, að sú hækkun kæmi þó fyr en lögin væru að fullu og öllu úr gildi numin. Þetta sýnir betur en alt annað, hvers má vænta, er lögin eru úr gildi feld. — húsaleigan hækkar þá úr hófi fram, og hefir þó enginn neitað því, að hún er fullhá eins og nú er. (*HK*: Svo?). Já, jeg held að lögin hafi aldrei haft þau áhrif, að húseigendur hafi borið skarðan skjöld af hólmi í viðskiftum sínum við leigjendur. Jeg hygg, að þeir hafi fengið fullsæmilegar rentur af sínu fje og haft góðan hag af því að leigja út hús sín, enda veit jeg, að hv. þm. Barð. (HK) dettur ekki í hug að ósanna þetta. En eins og málinu er nú komið, hefir meiri hl. þessarar hv. deildar þegar ákveðið að nema lögin úr gildi, og þar með hefir þingið afsalað sjer íhlutunarrjetti sínum um þessi mál. Jeg álít, að nógu langt sje farið, þó hv. deild færi ekki lengra en að afnema aðeins aðallögin, og hafi þar með slept íhlutunarrjetti sínum um þetta mál. Jeg tel ekki rjett að útiloka það alveg, að til sje hemill á þessum hlutum og Reykjavíkurbær geti sjálfur ráðið einhverju um þau. Þess vegna er brtt. mín á þskj. 295 fram komin, um að heimildarlögin frá 27. júní 1921 skuli fá að standa um hríð ennþá.

Hv. frsm. meiri hl. allshn. (JK) hefir skýrt frá því, að þessi heimildarlög hafi ekki ennþá komið að neinum notum, eða eins og til var ætlast, er þau voru gefin út, og hann taldi sýnt, að bæjarstjórn Reykjavíkur hefði gefist upp við að notfæra sjer þessi heimildarlög. En þetta er alls ekki víst ennþá. Lögin hafa ekki verið sönnuð að vera til einskis nýt, eða til hins verra, og þegar aðallögin eru úr gildi numin, geta vel komið fyrir þau atvik, að það væri ekki lakara, að Reykjavíkurbær hefði einhverjar heimildir til að setja reglur eftir eða gefa út reglugerð um húsaleigu eða annað, er þessi mál áhrærir. Þó það væri svo, að bæjarstjórnin hefði örvænt um að geta staðið á móti sveiflum í þessum viðskiftum manna á meðal, er það þó alls ekki víst, að hið sama yrði aftur ofan á í bæjarstjórninni, ef það hefði sýnt

sig, að mjög hafi verið óheppilegt að afnema húsaleigulögin sjálf.

Jeg hefi svo ekki meira að segja um þessa brtt. mína; hún fer fram á, eins og jeg hefi nú skýrt frá, að láta þó þá lagaheimild halda áfram að vera til, sem næg er til þess að Reykjavíkurbær geti ráðið fram úr þessum málum á einhvern annan hátt en tilviljun ein eða hending annars mundi gera. Þetta getur heldur ekki verið neinum til meins, þó að þessi heimildarlög fái að standa, er allir álíta, að lítil líkindi verði til, að verði notuð; en aðalatriðið er, að sjálf húsaleigulögin eru nú úr gildi numin með samþykt þessa frv.

Mín tillaga er meinlaus, þó litlar líkur sjeu til, að hún komi að liði, en hún er ekki þess eðlis, að hugsanlegt sje, að hún geti gert nokkurn skaða. Skal jeg svo ekki ræða meira um þetta, en vænti þess, að hv. deild geti samþykt tillöguna.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson): Það eru komnar hjer fram brtt., sem báðar fara í þá átt, sem sumpart dregur úr afleiðingum af því að afnema lögin og sumpart vill gefa bæjarstjórninni nokkurt vald í þessu máli. Um till. meiri hl. skal það játað, að það kann að felast í henni nokkur bót frá því, sem var í frv. Það má líta svo á, að ekki sje hægt að segja upp húsnæði fyr en 14. maí og ekki hægt að hækka leigu þess leigjanda, sem situr í húsnæðinu til þess tíma. En spurningin er, hvort ákvæðin sjeu fullnægjandi eftir að lögin eru úr gildi numin. Þeim ágreiningi, sem upp kann að rísa um, hvernig verði með það farið, geri jeg ráð fyrir, að verði skotið til dómstólanna. Húsaleiganefnd starfar fyrir fje bæjarsjóðs, þannig að bæjarmenn fá ókeypis úrskurð um húsnæðið. Jeg hygg rjettara af hv. meiri hl. allshn. að koma þá heldur með tillögu um að láta lögin standa öll til 15. febrúar 1927 og leyfa mönnum að segja upp húsnæðinu með þriggja mánaða fyrirvara, eða láta þau standa til 14. maí 1927. En það er þó ekki þetta, sem jeg sjerstaklega fer fram á, heldur hitt, að hv. deild felli frv., eða, ef það fæst ekki, þá samþykki hún þó að minsta kosti brtt. hv. þm. Mýr. (PÞ). Það er hastarlegt, að gengið sje svo frá þessum málum, að bæjarstjórn hafi enga vörn, enda er ekki farið fram á það við ríkisstjórnina að nema heimildarlögin frá 1921 úr gildi, og mjer hefir skilist á borgarstjóra, að það hafi aldrei verið ætlun bæjarstjórnarinnar, að þau lög ættu að falla úr gildi.

Hv. þm. V.-Sk. (JK) hefir fært fram þær ástæður, að það væri vitanlegt, að bæjarstjórnin hefði í 5 ár haft tækifæri til að notfæra sjer lögin. Þetta er að vísu rjett, en jeg viðurkenni ekki, að atvinnumálaráðuneytið hafi átt að neita reglugerðinni staðfestingar. Jeg skoða það svo, að það komi beint til af því, að í bakhöndinni hafði bæjarstjórnin í gildi lögin frá 1917 sem tryggingu fyrir því, að ekki væri hægt að reka fólk út á götuna nje heldur hækka leigu. Það var mikið af því, að bæjarstjórnin hafði hin lögin í bakhöndinni, og jeg er sannfærður um, að ef þau lög fá að standa, þá mun bæjarstjórnin nota sjer þau. (*MJ*: Það þarf ekki annað en að flýja til Alþingis aftur). Það getur orðið erfitt, ef árangurinn kemur ekki í ljós fyr en 14. maí 1927, að bíða þess, að þing komi saman 1928. Annars er það skárra en ekki, ef till. háttv. þm. Mýr. verður samþykt. Þá hefir þó bæjarstjórnin einhverja vörn í málinu: annars stendur hún uppi varnarlaus. Það getur verið, að stjórnin yrði fús, eins og

1917, til að gefa út bráðabirgðalög, en ekki hefi jeg nú samt neina trú á því.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg stend aðeins upp sem þm. þessa bæjar, til þess að mótmæla brtt. hv. þm. Mýr. (PÞ). Það hefði í mínum augum vel getað komið til mála, að löggjafarvaldið hefði gert breytingu á húsaleigulögunum, til þess að nota það sem millibilsástand eða aðdraganda þess, að mönnum yrðu gefin frjáls umráð yfir þessum eignum sínum. Engin tillaga hefir samt komið fram um það, en hitt álít jeg óverjandi, að leggja annan eins rjett yfir eignum manna og lögin frá 1921 gera í hendur bæjarstjórnarinnar, þegar löggjafarvaldið að öðru leyti er búið að fella úr gildi allar sjerstakar ákvarðanir um húsaleigu, sem sett voru vegna stríðsins.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) lýsti því rjettilega, hve sterkt vopn þetta geti orðið í höndum bæjarstjórnarinnar, en það er jafnsterkt band á þeim bæjarbúum, sem þurfa að búa við það. Jeg verð að segja það, að eftir minni þekkingu á þessum málum get jeg engan veginn álitið það rjett af löggjafarvaldinu að kasta allri ábyrgð frá sjer og leggja í hendur bæjarstjórninni. Borgarar bæjarins eiga rjett á, að löggjafarvaldið sjálft setji á formlegan hátt þau ákvæði, sem þarf, einkanlega ef á að ganga svo langt í rjettarskerðingu, sem búast mætti við, að bæjarstjórnin gerði, ef hún væri skipuð þeim mönnum, sem meta lítils eignarrjett einstaklingsins. Hingað til hefi jeg ekki skift mjer af þessu máli að öðru leyti, en jeg álít verra, að samþykt verði þetta frv. með brtt. hv. þm. Mýr. en að láta alt standa við það, sem nú er. Jeg segi fyrir mig, að verði þessi brtt. samþykt, mun jeg greiða atkvæði á móti frv.

Pjetur Þórðarson: Jeg ætla aðeins að gera stutta athugasemd út af ræðu hæstv. fjrh. Hans yfirlýsing um, að hættulegt geti verið að kasta valdi í þessu máli frá þinginu og yfir á bæjarstjórnina kemur mjer undarlega fyrir eyru, ef jeg mætti svo segja. Jeg gekk út frá því sem sjálfsögðum hlut, að bæjarstjórnin væri skipuð úrvalsmönnum þessa bæjar, og mjer dettur strax í hug, þegar því er haldið fram, að Reykjavíkurbær eigi tilkall til fleiri manna inn á þing en nú er, að ekki sje álitlegt til þess að hugsa. Að öðru leyti skal jeg játa, og það þóttist jeg hafa tekið fram, að jeg vil heldur, að frv. verði felt með minni brtt. en þó hún ein yrði samþykt. Þar er jeg sammála hæstv. fjrh., en mínar ástæður eru alt aðrar en ástæður hans.

Meira hefi jeg ekki um þetta mál að segja. Jeg bygði tillöguna á þeirri ætlun minni, að bæjarstjórn Reykjavíkur væri svo göfug stofnun, að henni væri fyrst og fremst óhætt að treysta um öll vandamál bæjarins.

Jakob Möller: Jeg lýsti því yfir við 1. umr. þessa máls, að jeg mundi greiða atkvæði með slíkri tillögu sem tillögu háttv. þm. Mýr. (PÞ). En út af því, sem hæstv. fjrh. hefir lýst yfir sem þm. þessa bæjar, skal jeg vekja athygli á því, að þessi lög frá 1921, sem hann nú legst á móti, eru í gildi og hafa verið það í 5 ár, og mjer er nær að halda, að hæstv. fjrh., sem þá var þingmaður Reykjavíkurbæjar, eins og hann er nú, hafi greitt atkvæði með þeim lögum, en þá var í raun og veru eins ástatt um lögin og nú er að því leyti, að sú heimild var veitt til að taka við af húsaleigulögunum eftir að sjálf húsaleigulögin væru úr gildi, því að svo er fyrir mælt, að þessi reglugerð komi í staðinn

fyrir húsaleigulögin í heild sinni. Hinsvegar er það ekki eins ægilegt og hæstv. fjrh. virðist halda að skilja heimildina eftir í höndum bæjarstjórnarinnar, vegna þess, að reglugerð, sem samin yrði samkvæmt þessum lögum, yrði að fá staðfestingu stjórnarráðsins, en nú er reynsla fengin fyrir því, að það leyfir ekki bæjarstjórninni að ganga lengra en góðu hófi gegnir, þar sem hæstv. stjórn hefir þegar neitað um staðfestingu á reglugerð, sem samin er eftir þessum lögum. Og þó að bæjarstjórnin og stjórnarráðið yrðu samtaka í því að setja óhæfa reglugerð, er það algerlega á valdi þingsins næsta ár að fella þá þau lög. Jeg get því ekki sjeð, að hjer sje neinn voði á ferðum. Hinsvegar lít jeg svo á, að rjettara sje að láta heimildina standa, vegna þess að ekki er fengið fult yfirlit yfir það nú, hvaða áhrif það mundi hafa að fella lögin úr gildi, en þau verða að falla úr gildi sem fyrst. Það er eina ráðið til að koma málum þessum á eðlilegan grundvöll, en þrátt fyrir það hlýtur fyrst að koma erfitt tímabil. Það er ekki hægt um óákveðna framtíð að hafa þessar hömlur á húsnæði hjer frekar en annarsstaðar. Málið er með þessari aðferð komið í hendur bæjarmanna sjálfra, enda hefir þingið áður lýst sig þeirrar skoðunar, að rjettasta meðferð málsins væri þessi, og er því „konseqvent" að þingið láti lögin nú standa.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það kann að vera, að jeg hafi greitt atkvæði með lögunum 1921. Mjer þykir það ekki ósennilegt. Þá voru lögin sett sem tilraun til að fá bráðabirgðaákvæði fyrir millibilsástand. En afstaða mín til málsins nú hefir mótast af því, sem gerst hefir á þessum 5 árum. Bæjarstjórnin hefir gert endurteknar tilraunir til þess að nota heimildina, og allar tillögur, sem þar hafa náð fylgi, hafa farið lengra í þvingun gagnvart húseigendum en sjálf húsaleigulögin. Jeg veit ekki, hvort háttv. 3. þm. Reykv. (JakM) er ljóst, að þegar svona er komið, get jeg ekki álitið forsvaranlegt að skilja þannig við málið. Það, sem hefir bjargað því, að bæjarstjórninni hefir ekki tekist að stefna þessu máli út í hreinustu ógöngur, er það, að menn hafa haft húsaleigulögin og getað fallið til baka á þau, þegar svo var komið í bæjarstjórninni, að það fjekst ekki meiri hluti fyrir neinu. Það er veruleg hætta á, að bæjarstjórnin misbrúki þetta vald, og ekki er hægt að byggja á, að stjórnarráðið synji. Því er lítið synjunarvald gefið, enda var það eiginlega tilviljun ein. Bæjarstjórnin fór lengra gagnvart utanbæjarmönnum en landslög leyfa, og var því neitað staðfestingar. En jeg sje ekki, að stjórnarráðið gæti að neinu verulegu ráði verndað *rjett manna innanbæjar gagnvart* bæjarstjórninni, ef svona er á haldið. Auðvitað gæti svo þingið tekið í taumana eftir á, en það finst mjer í hæsta máta óeðlilegt.

Það eru tvö atriði í húsaleigulögunum, að húseigendur eru sviftir rjetti til þess að ráða því, hverjir eru í húsunum, og skipuð er nefnd, sem ákveður hámark leigu. Jeg held, að það sje alment samkomulag, að hið fyrra eigi að afnema, en um hitt atriðið eru skoðanirnar skiftari, og það var þetta, sem jeg átti við, þegar jeg sagði, að jeg mundi geta felt mig við millibilsástand. Nú hefir bæjarstjórnin sýnt, að hún hefir tilhneigingu til þess að fara lengra en húsaleigulögin fara í því að taka af húseigendum rjettinn til þess að ákveða, hverjir búi í húsum þeirra, og þar sem jeg álít, að þann rjett eigi húseigendur fyrst og fremst að fá, get jeg

alls ekki fallist á brtt. hv. þm. Mýr. (PÞ), því að jeg hugsa, að hún þýði það, að rjettur manna verði skertur meira en verið hefir hingað til.

Frsm. minni hl. (Jón Baldvinsson). Ræður hæstv. fjrh. hafa verið talsverð hörð árás á bæjarstjórnina, og þarf jeg ekki að halda hlífiskildi yfir hana, því að það eru einmitt flokksmenn hæstv. fjrh., sem þar hafa tögl og hagldir, svo að ásökun hans bitnar á þeim fyrst og fremst. Hann trúir því, hæstv. fjrh., að þeir hafi gefið þær þvingunarráðstafanir með reglugerðinni um húsnæði, sem stjórnarráðið neitaði að staðfesta, að verri sjeu en húsaleigulögin. En það er ekki rjett hjá hæstv. fjrh., að svo sje. Það má auðvitað lengi um þetta deila, en það er þó eitt atriði, sem jeg hefði talið mikilsvert fyrir húseigendur, og það er rjetturinn til að segja leigjendum upp, þó að bæjarstjórnin eigi ráðstöfunarrjett á húsnæðinu, ef ekki er búið að leigja það innan ákveðins tíma. Með breytingunni er numinn burtu einn verulegur agnúi, sem sje sá, að mega ekki losna við leigjendur. Það er mjög sennilegt, að reglugerð, sem bæjarstjórnin kynni að setja síðar, mundi fara í svipaða átt.

Jeg hefi áður minst á flest atriði þessa máls og nenni ekki að endurtaka það.

Annars þykir mjer það koma úr hörðustu átt, þegar hæstv. fjrh. ásakar bæjarstjórn fyrir það að hafa farið lengra en lögin leyfa, með reglugerð, er hún gaf út samkv. heimildarlögunum frá 1921. Jeg hygg, að það sje heldur ekki rjett, að þingið baki sjer neina ábyrgð á þessum málum með því að láta lögin frá 1921 standa. Það getur líka tekið málið fyrir þegar því sýnist síðar.

Bæjarstjórn hlýtur líka í þessu máli að hafa aðhald af almenningsálitinu í bænum. Að nú er svo komið, að menn vilja afnema húsaleigulögin, er líklega af því, að hærra hefir látið í húseigendum en leigjendum. En leigjendurnir eru þó vafalaust miklu fleiri, og þeir þar af leiðandi fleiri, sem njóta verndar laganna, en hinir, sem þykjast verða fyrir einhverjum, sönnum eða ímynduðum, óþægindum af þeim.

ATKVGR.

Brtt. 295 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, HStef, HK, IngB, JakM, JBald, JörB, KlJ, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: ÁJ, BL, JAJ, JK, JS, JÞ, MG, MJ, ÓTh, PO, SigurjJ, ÞórJ, BSv.

Tveir þm. (BSt, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 291 samþ. með 21:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 16:8 atkv. og afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., föstudaginn 9. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 302).

Á 48. fundi í Ed., mánudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Ed., laugardaginn 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 336).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg býst við því, að ekki þurfi langa framsögu um þetta mál. Nál. er á þskj. 336, og leggur nefndin þar eindregið til, að frv. verði samþykt.

Húsaleigulög fyrir Reykjavík eru nú í þrennu lagi, svo sem nál. ber með sjer. Fyrst eru lög frá 12. sept. 1917, sem eru þau eiginlegu húsaleigulög. Er í þeim gert ráð fyrir fastri 5 manna húsaleigunefnd. Skipar yfirdómurinn formann, en stjórnin 2 menn, sinn fyrir hvora, húseigendur og leigjendur, og bæjarstjórn aðra 2 á sama hátt. Þessi lög hafa gilt síðan. En í upphafi voru þau sett vegna örðugleika þeirra, sem af styrjöldinni stöfuðu. Hafa þau þótt nauðsynleg þá í svipinn og máske gert gagn, þótt það hafi verið löngum dregið í efa af ýmsum, hvort þau væru til verulegra hagsbóta, þegar til alls kæmi. Þó varð sú niðurstaðan 1919 að lappa enn frekar upp á þessi lög, þar sem bæjarstjórn var heimilað að gera ýmsar ráðstafanir til þess að bæta úr húsnæðisvandræðum manna, bæði með því að láta byggja hús og ennfremur að hafa eftirlit með því, að ónotuð húsnæði yrðu gerð hæf til íbúðar. Svo 1921 var enn á ný slett nýrri bót á þessi lög frá 1917, með því að heimila bæjarstjórn að semja reglugerð um húsnæði. Þau lög hafa víst aldrei komið til framkvæmdar og eru því dauður bókstafur.

Hv. Nd. hefir við meðferð þessa máls komist að þeirri niðurstöðu, að það mundi vera undir öllum kringumstæðum heppilegast að afnema þessi lög, og allshn., sem hjer hefir athugað þetta frv., hefir fallist á það. Enda liggja fyrir tilmæli frá bæjarstjórn Reykjavíkur um að lögin verði afnumin. En síðan nál. var samið, hefir nefndinni borist brjef frá borgarstjóra um það, að ef til vill væri rjett að fella ekki úr gildi lögin frá 1921, og mun nefndin athuga það til næstu umræðu, en að svo stöddu hefir hún ekki haft tíma til þess að athuga það sjerstaklega.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Jónas Jónsson: Jeg hefði getað sagt fáein orð um þetta mál við 2. umr., en gerði það þó ekki; hinsvegar vil jeg gera grein fyrir atkvæði mínu um leið og frv. verður nú að lögum. Er þá fyrst að segja, að mjer finst þetta varasamt spor, sem Alþingi er að stíga með afnámi húsaleigulaganna. Jeg hefi ekki greitt atkvæði með frv., og mun heldur ekki ljá fylgi mitt til þess, að frv. verði nú að lögum. Jeg álít, að hætt sje við, að samþykt frv. leiði af sjer mikið rask hjer í Reykjavík, og að ganga megi út frá, að með afnámi húsaleigulaganna verði fjöldi fólks í vandræðum, sem hefir þó haft þak yfir höfuðið í skjóli þeirra. Enda mun nokkurn veginn víst, að húsaleigan verður óviðráðanlegri eftir en áður.

Á hinn bóginn skal þó játað, að það er ekki auðvelt fyrir Alþingi að hafa vit fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur, sem þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefir ekki sýnt þann manndóm að taka í málið eins og þyrfti. Af þessum ástæðum viðurkenni jeg, að þeir, sem vilja afnema lögin, hafi nokkuð til síns máls, því bæjarstjórn hefir ekkert það gert í málinu, sem Alþingi ber sjerstök skylda til að taka tillit til.

Hinsvegar er ekki að vænta, að þeir, sem sjá ólánið fyrir, geti greitt atkv. með afnámi húsaleigulaganna.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg gat þess við 2. umr., að borgarstjóri hefði átt tal við nefndina um frv. og hann látið í ljós, að varhugavert væri frá hans sjónarmiði að afnema lögin frá 1921, þótt hann hinsvegar væri ekki mótfallinn því að afnema hin lögin.

Innihald þessara laga frá 1921 kemur best fram og aðallega í 1. gr. þeirra, sem jeg ætla nú, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp. Þessi 1. gr. hljóðar svo:

„Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að setja reglugerð um leigu á húsnæði til íbúðar, hámark húsaleigu og annað til tryggingar því, að bæjarbúar geti notið þess húsnæðis, sem til er eða verður í bænum.“

Þetta, sem hjer stendur og telja má að ætti að vera innihald hinnar væntanlegu reglugerðar, er jafnstrangt eins og húsaleigulögin sjálf, svo að ef það er álit manna, að lögin sjeu ströng eða hættuleg fyrir velferð bæjarmanna, leiðir af sjálfu sjer, að reglugerðin, er hefir sömu ákvæðin að geyma, hlýtur þá líka að álítast hættuleg.

Frá þessu sjónarmiði sjeð var nefndin þeirrar skoðunar, eins og hv. Nd., að jafnnauðsynlegt væri að nema þessi lög (frá 1921) úr gildi eins og hin lögin um húsaleigu í Reykjavík, og ekki síður fyrir það, að ákvæðin í lögunum frá 1921 um það, hvað í reglugerðinni kæmi til að standa, eru nokkuð óljós, svo að almenningur veit varla, hvað vofað getur yfir í þessu efni, ef þau lög fengju að standa.

Þetta alt hefir nefndin tekið til nánari athugunar og komist að þeirri niðurstöðu, að rjett sje, að sama gangi yfir öll þessi húsaleigulög, þar eð sama efni sje í þeim öllum. Ef sjálf húsaleigulögin megi álítast til óþurftar velferð manna yfirleitt, þá hljóti hið sama að gilda um 1. gr. laganna frá 1921. Hinsvegar hefir engin framkvæmd orðið á þessari 1. gr. Bæjarstjórn mun aldrei hafa samið þá reglugerð, er stjórnin hefir viljað samþykkja. En hún getur komið enn, þessi reglugerð, ef lögin standa áfram, og þá eru sömu vandræðin eða óánægjan fyrir dyrum.

Skoðun nefndarinnar hefir heldur ekki svo lítinn stuðning í því, að málið horfir svo við, eftir frásögn borgarstjóra, að meiri hluti bæjarstjórnar er með því að afnema þessi lög frá 1921 eins og hin, þrátt fyrir þá skoðun hans, er jeg mintist á í upphafi ræðu minnar.

Í frv. er líka svo ákveðið, að enginn megi segja upp húsnæði leigjenda sinna fyr en 14. maí 1927. Af því leiðir, að þá verður búið að halda þing aftur. Ef bæjarstjórn skyldi við nánari athugun á næsta hausti sjá sig um hönd og komast að þeirri niðurstöðu, að sjerstök vandræði væru fyrir höndum, þá gæti hún snúið sjer til næsta þings með nýtt frv., sem trygði þetta betur. Þegar um svo mikinn tíma er að ræða, sem upp á má hlaupa, sje jeg enga hættu við það að afnema lögin. Og þó aldrei nema liði fram yfir 14. maí 1927 án þess að óvænt vandræði bæru að höndum, þá væri innan handar fyrir bæjarstjórn hvenær sem er að snúa sjer til stjórnarinnar og fá hana til þess að gefa út bráðabirgðalög til að firra yfirvofandi bersýnilegum vandræðum í þessu efni. Þykir mjer sennilegt, að stjórnin mundi jafnfús á að gefa út bráðabirgðalög í þessu efni eins og að staðfesta reglugerð, sem bygðist á ákvæðum 1. gr. laganna frá 1921.

Jeg þykist því ekki þurfa að hafa fleiri orð um þetta, en vænti, að hv. deild skilji, hvað liggur til grundvallar því, að nefndin hefir komist að þessari niðurstöðu. Hinsvegar álít jeg, að ef breyta á frv. frá því, sem það er nú, þá sje ekki að vita, hvernig hv. Nd. taki því. Það kom einmitt fram í þeirri háttv. deild að láta lögin frá 1921 standa, en var felt með 13:13 atkv. Ómögulegt að ráða í það, hvernig háttv. Nd. tæki í þetta, ef frv. væri hjer breytt í þá átt að láta lögin frá 1921 haldast. Ef hún feldi svo aftur úr þá viðbót, sem við hefðum sett hjer inn í frv., þá er enn óviðkunnanlegra orðið fyrir þessa hv. deild að ganga að frv. í sömu mynd og það hefir nú heldur en að gera það nú þegar. Þess vegna virðist mjer langrjettast að samþykkja nú frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 382).

36. Skipulag kauptúna og sjávarþorpa.

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 6. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa (þmfrv., A. 278).

Á 48. fundi í Nd., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Eins og greinargerð frv. ber með sjer, þá hefir allshn. flutt frv. þetta eftir beiðni hæstv. atvrh. (MG), og ástæðan fyrir þessum breytingum á lögunum er tekin fram skýrum orðum í greinargerðinni, svo jeg læt mjer nægja að vísa til hennar.

En jeg vil í þessu sambandi beina því til hæstv. ráðherra, að vegna þess að mjer er kunnugt um, að skipulagsnefndin hefir ennþá marga uppdrætti kauptúna í smíðum, en sækist seint að ljúka þeim, sem eflaust mun því að kenna, að þingið hefir verið spart á fje í þessu efni, og mennirnir, sem í nefndina hafa verið skipaðir, hlaðnir störfum, — já, jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til hæstv. atvrh., hvort ekki mundi rjettara að fullgera skipulagsuppdrætti þeirra kauptúna og sjávarþorpa, sem þegar er búið að mæla og rannsaka, áður en farið sje að byrja á nýjum mælingum. Það hefir orðið sá dráttur á framkvæmdum þessum hjá skipulagsnefndinni, að jeg verð að álíta, að heppilegra væri, að þeim uppdráttum, sem byrjað er á, yrði lokið sem fyrst, en hefja ekki nýjar mælingar á meðan á því stendur.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er rjett hermt, að frv. þetta hefir hv. allshn. flutt eftir minni beiðni. Og ástæðan til þess, að jeg hefi óskað eftir þessum breytingum á lögunum, er sú, að skipulagsnefnd hefir kvartað undan því, að stundum sje ekki farið eftir fyrirskipunum þeim, er hún hefir gert, og þykist hún ekki geta við það unað. Mjer finst ekki nema eðlilegt, að skipulagsnefndin, sem kostuð er af ríkissjóði, þoli illa, að hún sje að vettugi virt og starf hennar ónýtt og fótum troðið. Þetta er þá aðalástæð-

an fyrir því, að frv. er fram borið, og tel jeg hana fyllilega á rökum bygða.

En út af því, sem háttv. frsm. (PO) beindi til mín um starf nefndarinnar, þá er það satt, að uppdráttum hennar seinkar, og liggja til þess þær ástæður, sem hann nefndi: fje til framkvæmdanna veitt af skornum skamti, og maðurinn, sem endanlega gerir uppdrættina, hlaðinn störfum fyrir landið. En á meðan það er í lögum, að bæjarstjórnir og hreppsnefndir kauptúna megi snúa sjer til skipulagsnefndar um fyrirkomulag á staðnum, þá verður erfitt að neita þeim um uppmælingar í kauptúnum og sjávarþorpum, sem óska þeirra. Byrjunin er þó altaf sú, að framkvæma mælingarnar, því að á þeim byggjast svo uppdrættirnir. En um þá sjer hún ekki, annað en leggja gögnin til, því aðrir taka þar við af henni og fullgera uppdrættina. Jeg er því þeirrar skoðunar, að það mundi reynast óvinsælt, ef horfið yrði að því ráði um stund að neita um að byrja á nýjum mælingum. Það getur ekki hjá því farið, að hafa verður fastan mann, sem aðallega hefir framkvæmdir þessara mála; þess vegna þótti mjer leitt, að hv. fjvn. skyldi leggja til, að styrkur til þessa sje færður niður. Mjer er ljóst, að hann má ekki lægri vera en eins og hann var í frv. stjórnarinnar.

Jeg tók það fram við 2. umr. fjárlagafrv. og árjetta það nú, að þar sem lögin heimta, að starf þetta sje unnið, þá verð jeg að skoða fjárveitinguna sem áætlunarlið, sem gera má ráð fyrir, að fari fram úr áætlun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 278, 303).

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg á brtt. við frv., á þskj. 303. Þar sem frv. skyldar bæjar- og sveitarstjórnir til að leita samkomulags við skipulagsnefndina um öll þau hús, sem bygð eru eða byggja á, þar til skipulagsuppdráttur er fullgerður, fer jeg með brtt. minni fram á, að þessi skylda nái ekki til annara húsa en opinberra bygginga. Ef þessi breyting verður ekki gerð á frv., leggur það allþunga kvöð á herðar íbúa bæjar- eða sveitarfjelaga, sem hlut eiga að máli, þar eð bæjarstjórnir og byggingarnefndir geta þá ekki afgreitt byggingarleyfi, nema að áður þar til fengnu samþykki skipulagsnefndar, sem búsett er í Reykjavík og er svo störfum hlaðin, að engu má á hana bæta að heita má. Að vísu er skipulagsnefndin sæmilega nærri mínum kjósendum, og þarf jeg því ekki þeirra vegna um þetta að fást. En jeg hygg, að dráttur á afgreiðslum byggingarleyfa o. fl. sje og verði nógu langur, þó ekki komi til fleiri stjórnarvalda að fjalla um þau en nú er. Jeg get vel dæmt um þetta af eigin reynslu hjer í Reykjavík; jeg á t. d. sjálfur erindi hjá byggingarnefnd Reykjavíkur, sem nú er orðið þar ársgamalt, og er þó ósvarað ennþá. Er þá sýnt, að drátturinn á svarinu yrði ekki minni, ef slík erindi ættu að ganga á milli fleiri stjórnarvalda, er nú gengur ekki betur afgreiðslan en þetta. Jeg tel ekki eðlilegt, að bæjarstjórnir þurfi að leita samkomulags við skipulagsnefnd um annað en allar meiri háttar byggingar, sem eru sjálf skipulagsatriði; en algeng hús og annað ætti ekki að heyra þar undir, nema um nýja vegi eða götur sje að ræða, sem auðvitað er fyrirskipað að

bera undir nefndina, því að það eru bein skipulagsatriði.

Jeg vænti þess, að háttv. deild samþykki þessa brtt. mína; en jeg er í vafa um, þótt brtt. verði samþ., hvort rjett sje þá að auka svo mikið á vald það, sem skipulagsnefnd þegar hefir verið fengið í hendur, sem frv. gerir.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Allshn. hefir ekki haft tækifæri til að ræða þessa brtt. á þskj. 303 á fundum sínum, en mjer skilst á því, sem komið hefir fram í umræðum áður á nefndarfundum, að nefndin geti fallist á þessa brtt. hæstv. fjrh.

Það var töluvert rætt í nefndinni, hvort tiltækilegt væri að setja í frv. ákvæði um þetta; en þar sem lögskipað er um að afla þessara skipulagsuppdrátta, og sumstaðar þar, sem mælt hefir verið, eru þeir komnir dálítið á leið, getur verið varhugavert, meðan skipulagsnefndin er ekki búin að ljúka störfum sínum um þá, að hægt sje að byggja eða gera annað, sem fari í gagnstæða átt við tillögur skipulagsnefndar.

Tryggvi Þórhallsson: Það var aðeins eitt orð til árjettingar við það, sem hæstv. fjrh. sagði, og ljet hann þó sumt ósagt, sem hann vel hefði mátt segja. Það, sem hann sagði, var spor í rjetta átt, en jeg álít, að sporið hefði vel mátt vera stærra. Jeg tel það mjög vafasamt, hvort rjett sje að fela skipulagsnefnd meira vald en nú hefir hún, og jeg skora því á háttv. deild að fella þessa viðleitni til að auka við þetta vald nefndarinnar. Hæstv. ráðherra (JÞ) hefir lýst þeirri skriffinsku, sem þetta fyrirkomulag hefir í för með sjer, og þeirri töf, sem það veldur, og fyrir því álít jeg rjett að fella frv.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Mjer finst þetta horfa þannig við, að frá sjónarmiði þeirra manna, sem enga trú hafa á þessu skipulagi, sje hreinlegast að nema burtu lögin. Það þýðir ekkert að vera að láta skipulagsnefnd vinna að þessu, ef svo er hægt að eyðileggja jöfnum höndum það, sem hún gerir. Það er bara um tvent að gera: annaðhvort að halda áfram með þetta og samþykkja frv., eða þá að fella lögin úr gildi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Ekki get jeg verið samdóma háttv. þm. Borgf. (PO) um það, að annaðhvort verði að samþykkja frv. eða nema burtu alla löggjöf um þetta. Jeg held, að skipulagsnefnd geti haldið áfram að starfa á alveg eðlilegan hátt, þó að þetta frv. verði felt. Hún starfar aðeins þar, sem hlutaðeigandi sveitarstjórn hefir beðið um það, og er þar samvinna á milli sveitarstjórnar og skipulagsnefndar. Nú getur komið upp ágreiningur milli þessara tveggja aðilja, og er þá spurningin, hvort nauðsynlegt sje að taka vald það, sem nú er í höndum bæjarstjórnar, og leggja í hendur skipulagsnefndar. Mjer finst ekkert vera því til fyrirstöðu, að slík samvinna geti haldið áfram á grundvelli núgildandi löggjafar.

ATKVGR.

Brtt. 303 samþ. með 22 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, MT, ÓTh, PO, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, ÁJ, HStef, JBald, JK, JörB, MG.

nei: SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, BL, IngB, JakM, JAJ, JÞ, KlJ, BSv.

Þrír þm. (BJ, HK, JS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 13:12 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JK, JörB, MG, MJ, MT, ÓTh, PO, PÞ, SvÓ, ÞorlJ, ÁJ, HStef.

nei: IngB, JakM, JAJ, JÞ, KlJ, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁÁ, BSt, BL, BSv.

Þrír þm. (BJ, HK, JS) fjarstaddir.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 314).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁJ, HStef, JAJ, JBald, JK, JörB, MG, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, ÞorlJ.

nei: ÁÁ, BSt, BL, IngB, JakM, JÞ, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, BSv.

Sex þm. (BJ, HK, JS, KlJ, MT, ÓTh) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 50. fundi í Ed., miðvikudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta frv. var flutt í háttv. Nd. af allshn. eftir beiðni minni. Ástæðan er sú, að skipulagsnefndin hefir kvartað yfir því, að stundum fer svo á tímabilinu frá því að beðið er um mælingu á kauptúni eða kaupstað og þangað til endanlegum skipulagsuppdrætti er lokið, að ráðist hefir verið í ýmsar framkvæmdir, sem raska því skipulagi, sem nefndin hefir hugsað sjer. Með þessu getur farið svo, að verk nefndarinnar verði alveg ónýt, og þar sem það er verk, er að miklu leyti er greitt úr ríkissjóði, sýnist ekki vera nema eðlilegt, að gerðar sjeu ráðstafanir til, að ekki sje hægt á þessum tíma að gera þær ráðstafanir, sem fara í bága við það skipulag, sem nefndin hefir hugsað sjer.

Jeg býst við, að það þyki ástæða til, að þetta mál fari til nefndar í þessari hv. deild, og þar sem það var í allshn. í Nd., vil jeg óska þess, að því sje vísað til sömu nefndar hjer.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 314, n. 357).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Eins og tekið er fram í nál. allshn. á þskj. 357, þá er nefndin á einu máli um að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. þetta eins og það liggur fyrir.

Þetta frv. er viðauki við lögin um skipulag kauptúna og sjávarþorpa frá 21. júní 1921 og hefir inni að halda ákvæði um það, ef samkomulag næst ekki milli skipulagsnefndar og bæjarfjelaga um ákveðið skipulag. Það liggur í augum uppi, að nauðsynlegt sje að hafa ákvæði í lögum, er skipi fyrir, hvernig þá eigi að að fara. En úr þessu bætir einmitt frv. þetta. Það er flutt af háttv. allshn. Nd. og gekk í gegnum þá hv. deild án verulegra breytinga.

Sje jeg því ekki ástæðu til að orðlengja frekar um það, komi engin mótmæli fram, en legg til fyrir nefndarinnar hönd, að

það fái fram að ganga í því formi sem það er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 400).

---

37. Sala á Snæringsstöðum.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 15. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um sölu á kirkjujörðinni Snæringsstöðum í Vatnsdal (þmfrv., A. 152).

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg ætla ekki að halda langa ræðu fyrir flutningi þessa litla frv., því að ástæðurnar fyrir því eru að mestu teknar fram í greinargerð frv. Hreppsnefnd Áshrepps er það talsvert mikið áhugamál að geta fengið þessa jörð keypta, þetta niðurnídda smábýli, til þess að geta bætt þar og prýtt og bygt þar fyrir barnaskóla hreppsins.

Eins og drepið er á í greinargerð frv., hafa Snæringsstaðir ekki verið bygðir sjer síðan Undirfell var lagt niður sem prestssetur, eða yfir 20 ár, heldur bygðir með heimajörðinni, en sú jörð er nú ekki lengur eign ríkissjóðs. Engin jarðarhús eru á Snæringsstöðum.

Jeg vænti nú þess, að hv. deild líti á þetta mál með fullri sanngirni og sýni frv. þann velvilja að leyfa því að ganga fram. Það mun þykja viðeigandi, að þessu frv. sem öðrum, þótt lítið sje og óbrotið, sje vísað til nefndar, og þótt vanalegt sje, að mál þessu lík fari til allshn., held jeg, að í þessu tilfelli sje eins heppilegt, að málið fari til mentmn. Sú nefnd mun hafa lítið að gera og mjer finst, að það gæti gjarnan farið til hennar. Þó vil jeg ekki gera það að neinu kappsmáli, og getur hv. deild ákveðið annað, ef henni svo líst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til mentmn. með 9 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 152, n. 212).

Frsm. (Jónas Jónsson): Mentmn. hefir haft þetta frv. til meðferðar og komist að þeirri niðurstöðu, meðal annars eftir að hafa talað við hæstv. forsrh., að það væri rjett að mæla með því, að þetta frv. gangi fram óbreytt.

Eins og háttv. þdm. er kunnugt af ræðu háttv. flm. (GuðmÓ) við 1. umr. máls-

ins, þá stendur þannig á í Vatnsdal, að þessi jörð hefir verið hjáleiga frá höfuðbólinu Undirfelli. Á síðastliðnu sumri var sú jörð seld, en ríkissjóður á eftir þetta smábýli, sem er nær húsalaust og í hálfgerðri niðurníðslu.

Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir mælt svo fyrir, að þetta litla kot skuli ekki selja einstökum manni, af því að það sje vel fallið til að vera skólastaður fyrir sveitina. Í öðru lagi hefir hreppsnefnd Áshrepps beðið eftir að fá jörðina keypta í þessum tilgangi. Nú sem stendur er hún í ábúð, sem þessi sala breytir engu um.

Af því að jeg er dálítið kunnugur á þessum slóðum, get jeg upplýst það, að þessi jörð er einstaklega vel í sveit sett, í miðjum Vatnsdal. Getur frá því sjónarmiði ekki hugsast betri staður fyrir barnaskóla, því börnin mundu geta gengið í skólann og heim, og ef þar yrði að einhverju leyti heimavistarskóli síðar, þá fylgja þessari hentugu legu ýmsir kostir, auðvelt um heimsóknir o. s. frv.

Jeg held þess vegna, að eins og málið er undirbúið og eins og mikil nauðsyn er á að byrja á því að hlynna að barnaskólum í sveitum, og að þeir hafi fastan stað, þar sem kennarar geti átt heimili, þá finst mjer þetta að öllu leyti vera spor í rjetta átt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 43. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 45. fundi í Nd., miðvikudaginn 31. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:1 atkv. og til mentmn. með 12 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 152, n. 272).

Frsm. (Bernharð Stefánsson): Nefndin hefir orðið sammála um að mæla með því, að þetta frv. verði samþykt. Ástæðurnar fyrir því eru teknar fram í greinargerð, sem frv. fylgir, og er engu við það að bæta. Eins og hv. þdm. sjá, þá fer frv. fram á það, að Snæringsstaðir sjeu seldir Áshreppi, handa barnaskóla hreppsins, sem á að byggja þar. En það verður að telja nauðsynlegt fyrir hverja sveit að eiga það land, sem skóli hennar er reistur á. Það var mál fyrir þinginu í fyrra, sem sýndi, að það getur valdið óþægindum, ef ekki er vel um slíkt búið. Jeg skal taka það fram, að það er upplýst í þessu máli, að ábúandi á ekki forkaupsrjett á jörð þessari, þar sem sýslunefnd hefir látið í ljós, að jörð þessi væri heppileg til skólaseturs. Þegar ábúandinn, sem jafnframt er ábúandi á Undirfelli, fór fram á að fá báðar þessar jarðir keyptar, þá hafði sýslunefnd ekki á móti sölu Undir-

fells, en gerði þessa aths. um Snæringsstaði. Það eru því tilmæli nefndarinnar, að frv. verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 405).

---

38. Líkhús.

Á 19. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. mars, var útbýtt:
Frv. til laga um líkhús (þmfrv., A. 85).

Á 23. fundi í Nd., föstudaginn 5. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Þetta mál er að öllu leyti lítið mál að lengd og efni, og get jeg þess vegna verið fáorður. Það er bent á það sjerstaklega í brjefi sóknarnefndanna, sem prentað er í greinargerð frv. á þskj. 85, að aðalástæðan fyrir því, að málið sje tekið upp á þessum grundvelli, sje sú, að líkhúsið í kirkjugarðinum hjer í Reykjavík sje svo gamalt orðið og hrörlegt, að það geti ekki hangið lengur uppi. Hinsvegar er því haldið fram, að Reykjavíkurbær geti á engan hátt verið án þess að eiga líkhús eða kapellu í kirkjugarðinum. Nú hafa ýmsir menn haldið því fram, að líkhús þetta eða kapellu gætu söfnuðirnir látið reisa og jafnað síðan niður kostnaðinum samhliða lögboðnum kirkjugjöldum. En aðrir hafa efast um, að slíkt væri hægt lögum samkvæmt, og þess vegna er það, að óskað hefir verið eftir ótvíræðri lagasetningu um það.

Hið eina, sem fundist hefir í lögum eða reglugerðum um líkhús, er klausa sú, sem stendur í 1. gr. reglugerðar um kirkjugarða frá 16. ágúst 1906 og prentuð er í brjefi sóknarnefndanna á þskj. 85. Þar er sagt, að í grafreitum, sem sjeu töluvert langt frá kirkju, skuli vera líkhús, eða að minsta kosti klukka sæmileg, með útbúnaði til að hringja.

Að vísu verður ekki sagt, að grafreitur Reykjavíkurbæjar sje langt undan, en hitt hefir reynslan sýnt, að óhjákvæmilegt sje að hafa þar líkhús, enda almenn ósk safnaðanna, að svo verði. Það eru líka ýmsir, sem líta svo á, að gott væri, að hingað færðist sá erlendi siður, sem tíðkast í stórborgunum, að jarðarfarir fari fram frá líkhúsum eða kapellum án þess að opna hinar stóru kirkjur. Með því móti fara jarðarfarir meira fram í kyrþey, og losna þá margir með því við óþarfa kostnað og fyrirhöfn við það.

Jeg er ekki svo kunnugur þessum málum úti um land, en þó veit jeg um tvo söfnuði, sem nýlega hafa komið sjer upp skipulegum grafreitum allfjarri kirkjunum, en það er í Stykkishólmi og Hafnarfirði. Eftir því, sem jeg veit best, væri söfnuðum þessum full þörf á að koma sjer upp líkhúsi í grafreitunum, og kemur þeim þá vel, að til sje lagaheimild, sem skipi fyrir um, hvernig skuli fara með

kostnað þann, er af byggingunni leiðir, og um rekstur húsanna að öðru leyti.

Fleira þykist jeg ekki þurfa að nefna, en geri það að till. minni, að málinu verði vísað, að þessari umr. lokinni, til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv., og til allshn. með 16 shlj. atkv.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 10. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 85, n. 275).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Nefndin hefir gefið út allítarlegt nál. á þskj. 275 um þetta mál, og get jeg þess vegna verið stuttorðari um það og látið mjer nægja að vísa til nál. um flest atriði þessu máli viðvíkjandi. Málið er fremur einfalt, en þó hefir nefndin gert sjer mikið far um að athuga það vel og gaumgæfilega, m. a. hefir nefndin snúið sjer til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fengið það svar þaðan, að ráðuneytið hafi ekkert við frv. að athuga. Hinsvegar er það tekið fram í nál. á þskj. 275, að frv. er ekki nógu ljóst orðað um niðurjöfnun kostnaðar o. fl., og miðar brtt. nefndarinnar á sama þskj. að því að taka af allan vafa um, hvernig beri að skilja ákvæði frv. Þá verður það ótvírætt, að gjöldunum skal jafnað niður á safnaðarmenn, samkvæmt því, sem segir í lögum frá 1901 um kirkjugarða og viðhald þeirra, þannig, að helmingnum skal jafnað niður eftir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn verður lagður á sem nefskattur á hvern gjaldþegn safnaðarins. Nú er því svo varið, að sum ákvæði þessara laga frá 1901 eru í ósamræmi við lögin frá 1909 um sóknargjöld. Stjórnarráðið hefir ekkert haft á móti því, að þessi ákvæði, sem jeg nefndi áðan, væru tekin úr lögunum frá 1901 upp í þetta frv., enda þótt það hefði verið felt burt úr sóknargjaldalögunum frá 1909. Með þessu ákvæði eru í raun og veru endurlífguð þessi atriði um niðurjöfnun kostnaðar úr lögunum frá 1901, og þótt aðeins sje til þeirra vitnað, en þau ekki tekin upp, þá er litið svo á af forsætisráðherra (JM), er um þetta hefir verið spurður, að þetta sje fulltryggilegt.

Jeg tel frv. vera þarft löggjafaratriði að því leyti, sem það getur stuðlað að því, að jarðarfarakostnaður gæti minkað að verulegum mun. Það er raunalegt að vita til þess, hversu þessi kostnaður er oft tilfinnanlegur fátæku fólki, sem þó leitar allra bragða til að fá staðist hann. En þetta er mjög viðkvæmt mál og erfitt viðfangs; allir vilja leggja hið ítrasta á sig til þess að jarðarför þeirra nánustu geti orðið sem myndarlegust. En ef komin væri kapella í kirkjugarðinum ásamt líkgeymsluklefa, gæti þetta mikið breyst til batnaðar, og ekki síst er þar væri líka lítið samkomuherbergi, sem kveðjuathafnir gætu farið fram í. Hjer í bæ eru mikil vandræði að því, að lík eru oft geymd langan tíma í heimahúsum, og það alloft í mjög ljelegum húsakynnum og þröngum; en það er óforsvaranlegt, að lík þurfi að geyma í íbúðarherbergjum, t. d. þar, sem börn eru. Ef þessu fengist breytt við að líkhús yrði reist, væri það mikil framför. Það hefir að vísu verið litið svo á, að heimilt væri að reisa líkhús án sjerstakrar löggjafar þar um, en á safnaðarfundum í Reykjavík hafa komið fram mótmæli gegn þessari skoðun, — að það væri engin heimild til í lögum til að leggja á og jafna niður gjöldum á safnaðarmeðlimi í þessu augnamiði. Þess vegna er frv., ef

það verður að lögum, eigi aðeins ætlað að gilda í Reykjavík, heldur um alt land, því víðar getur verið og er víst, að þörf er á líkhúsi en hjer.

Jeg segi að vísu fyrir mig sjálfan, að jeg hefði heldur kosið, að þessum gjöldum hefði verið jafnað niður eftir efnum og ástæðum, en jeg geri þó ekki að deiluatriði, að þessi meðalvegur er þræddur í frv. Hinsvegar er til þess ætlast samkv. brtt. nefndarinnar, að innheimta þessara gjalda fari eftir sömu reglum og innheimta sóknargjalda samkv. lögunum frá 1909, og að gjöld þessi megi taka lögtaki. Þá bætti nefndin, samkv. brtt. 2 á þskj. 275, nýrri grein við frv. — um að lög þessi skuli þegar öðlast gildi. Annars hefðu lögin ekki komið til framkvæmda fyr en 3 mánuðum eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindunum, en þá mundi vera orðið of seint til að kalla saman safnaðarfundi á þessu ári. En jeg tel það betra, því fyr sem þessi lög geta komist til framkvæmda.

Hitt leggur nefndin áherslu á, að ekki verði ráðist í neinar dýrar eða viðhafnarmiklar byggingar, heldur verði reynt að byggja sem einfaldast og ódýrast, sem hægt er að komast af með og sómasamlegt verður talið. Enda er ekki hægt að leggja í neinn kostnað nema með samþykki safnaðarfundar, og þar sem hjer í Reykjavík eru tveir söfnuðir, sem báðir verða að samþykkja þetta áður en verkið verður hafið, er það gott aðhald gegn því, að ekki verði ráðist í neitt, sem ekki er vel viðráðanlegt.

Jeg orðlengi þetta svo ekki frekar, en vænti þess aðeins, að háttv. deild veiti þessu frv. og brtt. nefndarinnar samþykki sitt og skjóta afgreiðslu.

Magnús Jónsson: Jeg finn mjer skylt að þakka háttv. allshn. fyrir, hve mikla rækt hún hefir lagt við þetta frv., og jeg lýsi því yfir fyrir mína hönd og meðflutningsmanna minna, að báðar brtt. nefndarinnar eru til bóta á frv. Fyrri brtt. er til skýringar á texta frv., og hin er vafalaust til góðra bóta líka, því eins og háttv. frsm. allshn. (JBald) sagði, miðar hún að því, að frv. komi fyr til framkvæmda en ella. Jeg vil því aðeins mæla með því, að háttv. deild afgreiði þetta mál sem allra fyrst.

ATKVGR.

Brtt. 275,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

Frvgr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 275,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 315).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 50. fundi í Ed., miðvikudaginn 14. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 315, n. 379).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg held, að jeg þurfi ekki að hafa neina framsögu viðvíkjandi þessu frv., því að nál. á þskj. 379 gerir, að jeg hygg, fullkomlega grein fyrir rjettmæti þess, að frv. verði samþykt, og vil jeg því láta nægja að vísa til þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 59. fundi í Ed., mánudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 425).

---

39. Sveinbjörn Högnason.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 36, 11. júlí 1911, um forgangsrjett kandídata frá Háskóla Íslands til embætta (þmfrv., A. 170).

Á 35. og 36. fundi í Nd., dagana 19. og 20. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 22. mars, var frv. enn tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 19 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Flm. (Magnús Jónsson): Þegar háskólinn hjer var stofnaður, voru margir hræddir um, að stúdentar myndu halda áfram að nema við Kaupmannahafnarháskóla þær fræðigreinar, sem kendar eru hjer, fyrst og fremst af vana og jafnframt af því, að Garðstyrkurinn stóð þá öllum íslenskum stúdentum til boða, og hann gátu þeir fengið 4 fyrstu árin, sem þeir voru þar við háskólann. Þetta meðal annars var ástæðan fyrir því, að margir óttuðust, að háskóli okkar, sem að öllu leyti var minna vandaður til, yrði undir í samkepninni. Það var því líka til að vernda hann, að lögin 11. júlí 1911 um forgangsrjett kandídata frá honum til embætta voru sett. En nú hafa menn sjeð fyrri löngu, að ákvæði þetta er með öllu orðið óþarft, meðal annars af því, að Garðstyrkurinn er fallinn niður, en styrkurinn til íslenskra stúdenta við erlenda háskóla er bundinn því skilyrði, að þeir nemi þau fræði, sem ekki eru kend hjer.

Eins og nú er komið, getur því ekki komið til mála, að íslenskir stúdentar nemi erlendis þær fræðigreinar, sem ekki eru kendar hjer, nema einhver alveg sjerstök atvik liggi til.

Að farið var að hreyfa þessu nú, var fyrir sjerstakt tilefni. Guðfræðikandídat frá Hafnarháskóla, Sveinbjörn Högnason

að nafni, hinn efnilegasti maður í hvívetna og með ágætu prófi, sækir nú fyrir nokkru um prestsembætti hjer. Til þess nú að geta fengið embættið, þarf hann að ganga undir guðfræðipróf hjer. En það mun hann aldrei gera. Að setja slíkt skilyrði yrði aðeins til þess, að hann hyrfi með öllu frá þessari ætlun sinni og fengi sjer prestsembætti í Danmörku, sem að mörgu leyti eru miklu betri en hjer. Og hygg jeg, að jafnefnilegur maður sem hann myndi fljótt fá þar embætti, en það hygg jeg, að væri tvímælalaust skaði, að missa slíkan mann.

Að ekki hefir verið fyr komið fram með tillögur um almenna undanþágu frá lögunum að þessu leyti, er fyrir þá sök, að deildir háskólans hafa ekki allar verið sammála um það. Er því hjer aðeins farið fram á undanþágu fyrir guðfræðikandídata. Við í guðfræðideild höfum athugað þetta og ekki getað sjeð, að slík undanþága yrði til skaða, heldur þvert á móti. Aðeins gæti komið til mála að einstrengja undanþáguheimildina ekki við háskóla Norðurlanda, heldur láta hana vera fyrir erlenda háskóla.

Skal jeg svo ekki tefja tímann frekar, en óska, að þessi háttv. deild lofi málinu að ganga til 2. umr. og mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv. og til mentmn. með 19 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Nd., fimtudaginn 25. mars, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 170. n. 199).

Frsm. (Magnús Jónsson): Jeg þarf eiginlega ekkert um þetta mál að segja. Mentamálanefnd hefir einróma fallist á frv., og vill ganga það lengra að láta það ná til allra guðfræðinga frá erlendum háskólum. Jeg býst ekki við, að mótmæli komi fram frekar en í háttv. nefnd og skal ekki tefja þingið á lengri ræðu um þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 199 samþ. með 19 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Nd., laugardaginn 27. mars, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 220).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 39. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 40. fundi í Ed., mánudaginn 29. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil aðeins mæla með því, að þetta litla mál fái fljótan gang gegnum þessa hv. deild, svo því geti sem fyrst orðið lokið. Jeg býst ekki við því, að hv. þm. hafi neitt við það að athuga. Jeg tel sjálfsagt að veita undanþágu í svona almennri fræðigrein eins og guðfræði. Jeg býst sem sagt ekki við því, að málið sæti mótmælum; svo var a. m. k. ekki í Nd., og vona jeg, að eins verði hjer.

Sigurður Eggerz: Það er aðeins fyrirspurn til hæstv. forsrh., sem mig langaði til að gera. Hún er um það, hvort því sje svo varið með guðfræðinga frá háskólanum hjerna, að þeir geti fengið embætti erlendis án þess að taka próf. Jeg skal játa það, að mjer þykir undarlegt að vera að gera undantekningu hjer með einn flokk kandídata. Mjer virðist þetta mál alls ekki lítið og vona því, að hv. mentmn. rannsaki það ítarlega.

Forsætisráðherra (JM): Jeg get ekki svarað því, sem hv. 1. landsk. (SE) spurði um, hvort þetta væri gagnkvæmilegt. En þetta er ekki gert vegna erlendra háskóla, heldur vegna ísl. manna, sem kynnu að stunda nám erlendis og taka þar próf. En jeg veit til þess, að guðfræðingar hjeðan hafa orðið prestar erlendis. *(SE:* Hafa þeir ekki tekið próf erlendis?). Mjer er sagt, að það hafi þeir ekki gert.

Vona jeg, að frv. þetta gangi eins fljótt gegnum Ed. eins og það gekk í gegnum Nd., því að maðurinn, sem undanþágan er veitt, er mjög efnilegur.

Sigurður Eggerz: Jeg skal ekki auka umr. Mjer finst full ástæða fyrir nefndina að athuga málið. Það má búast við því, að á eftir komi kandídatar í lögfræði, og þyrfti þá að vita, hvort háskólinn hefir á móti þessu eða ekki, og vil jeg mælast til þess, að nefndin leiti umsagnar háskólaráðsins um þetta.

Forsætisráðherra (JM): Það mætti auðvitað spyrja háskólann frekar en gert var. En samanburður hv. 1. landsk. á guðfræðingum og lögfræðingum er ekki heppilegur, því að guðfræðin er sameiginleg fyrir alla, sem hafa sömu trúarskoðanir, en lögfræðin er að miklu sjerstök vísinda- og fræðigrein fyrir hvert land.

Forseti (HSteins): Mjer virðist 1. gr. frv. ekki nógu skýrt orðuð, og vil jeg leyfa mjer að skjóta því til háttv. nefndar, sem fær málið til athugunar, að leiðrjetta það.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til mentmn. með 9:1 atkv.

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 21. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 220, n. 373).

Jóhannes Jóhannesson: Af því háttv. frsm. (JJ) er ekki viðstaddur, vil jeg lýsa því yfir fyrir hönd mentamálanefndar, að hún hefir borið þetta frv. undir háskólaráðið, og lagði það til, að frv. fengi frekar þann búning, sem nefndin leggur til, að það birtist í. — Jeg sje, að hv. frsm. er kominn, og skal jeg því ekki hafa þessi orð fleiri.

Frsm. (Jónas Jónsson): Jeg býst við, að jeg þurfi ekki að bæta miklu við það, sem hv. meðnefndarmaður minn (JóhJóh) hefir sagt.

Eins og sjest af þskj. 373, hefir háskólaráðið lagt til, að mörkuð væri dálítið þrengri leið í þessu efni en hv. Nd. hafði lagt til. Nefndin hefir fallist á, að varhugavert gæti verið að leyfa þarna samkepni, einkum þar sem ekki er um gagnkvæman rjett að ræða, því guðfræðingar með íslenskt próf munu ekki hafa rjett til embætta í öðrum löndum. Eins

og frv. var samþ. frá Nd. var því ekki laust við, að í því kendi dálítils undirlægjuskapar frá okkar hálfu. Vænti jeg, að hv. deild samþ. frv. eins og það nú liggur fyrir.

Eggert Pálsson: Jeg vil aðeins leyfa mjer að grenslast eftir, hvort þetta er rjett hjá hv. frsm. (JJ), að prestar með íslensku prófi geti ekki fengið embætti í öðrum löndum. Jeg veit, að íslenskir prestar þjóna sumstaðar erlendis, en mjer er ekki kunnugt um, hvort þeir þurfa að ljúka sjerstöku prófi til þess að fá slíkar stöður.

Frsm. (Jónas Jónsson): Þetta, sem hv. 1. þm. Rang. (EP) var að tala um ísl. presta, sem þjónuðu erlendis, byggist víst á því, að til eru ýmsir söfnuðir utan þjóðkirkjunnar, sem geta ráðið til sín presta án sjerstakra prófskilyrða. En það eru víst engin dæmi til þess, að guðfræðingur með embættisprófi hjeðan hafi út á það fengið embætti innan þjóðkirkjunnar á Norðurlöndum, a. m. k. ekki í Danmörku. Mjer er líka kunnugt um lækna t. d., að það er víst óhugsandi fyrir lækna með ísl. prófi að fá embætti í Danmörku. Eins og hv. deild sjer, er því hjer um metnaðarmál að ræða fyrir háskólann og landið. Annars eru allir sammála um að veita þeim manni, sem hjer á hlut að máli, þessi rjettindi. Ýmislegt mælir með því að gera þessa undantekningu. Það liggur í loftinu, að þessi maður, sem er sjerfræðingur í hebresku og fleiru, muni koma til greina sem kennari við háskólann síðar meir. Er því æskilegt, að þessi undanþága sje veitt.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg skal aðeins geta þess, að nefndinni fanst rjett að leita álits háskólaráðsins um þetta mál. Háskólaráðið svaraði með brjefi dags. 16. apríl 1926, og ætla jeg að lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi í dag hefir háskólaráðið samþykt að leggja það til, að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 36, 11. júlí 1911, verði breytt þannig:

1. 1. gr. orðist þannig:

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita guðfræðiskandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Frumvarp til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að veita guðfræðiskandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi."

Að því er snertir gagnkvæman rjett í þessu efni get jeg upplýst, að hann er enn ekki kominn á. Nefndin hefir farið fram á, að ísl. hluti lögjafnaðarnefndarinnar útvegaði sama rjett á móti, ef ekki yrði farin þessi leið. Jeg lít svo á, að ekki megi rýra þau forrjettindi, sem kandidatar frá háskólanum hjer njóta samkv. lögunum frá 1911.

Nefndin sættir sig vel við að fara eftir till. háskólaráðsins í þessu efni.

Sigurður Eggerz: Jeg stend aðeins upp til þess að þakka hv. nefnd fyrir það, að hún hefir rannsakað þetta mál og fengið umsögn háskólaráðsins, eins og jeg lagði áherslu á við 1. umr., að gera þyrfti. Þó að mjer þyki ekki allskostar viðunnanlegt að afgreiða þetta með sjerstökum lögum, mun jeg hiklaust greiða því atkvæði, þar sem það er samkvæmt tillögum háskólaráðsins.

Eggert Pálsson: Jeg get vel sætt mig við þá niðurstöðu, sem hjer er gert ráð fyrir, eins og sakir standa. Þessi afgreiðsla bætir úr í bráðina. En jeg vildi þrátt fyrir þetta, að tekið væri til íhugunar, hvort ekki væri rjett að koma á gagnkvæmum rjettindum í þessu efni. Mjer þætti rjett, að lögjafnaðarnefndin athugaði það spursmál. Það gæti verið gott að fá hingað nýja menn. Nýjum mönnum fylgja nýir straumar. Ekkert væri heldur á móti því, að nokkrir menn hjeðan fengju embætti erlendis.

Þó jeg sje ekki óánægður með þessa afgreiðslu, finst mjer dálítið óviðfeldið, að lög þurfi að gefa um þetta efni í hvert skifti, og væri æskilegra, að sett væru um þetta ein lög.

ATKVGR.

Brtt. 373,1 (ný 1. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 373,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að veita guðfræðikandídat Sveinbirni Högnasyni embætti á Íslandi.

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 398).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Á 60. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 62. fundi í Nd., mánudaginn 26. apríl, var frv. tekið til einnar umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 426).

---

40. Skattur af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað.

Á 16. fundi í Ed., mánudaginn 1. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um skatt af lóðum og húsum í Siglufjarðarkaupstað (þmfrv., A. 72).

Á 18. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. mars, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Árnason): Jeg þarf ekki að tala langt mál um þetta frv., bæði vegna þess, að það er kunnugt hjer frá síðasta þingi, og í öðru lagi vegna þess, að frv. og greinargerð þess skýrir sig sjálft.

Eins og tekið er fram í greinargerðinni, er frv. fram komið vegna þess, að bæjarsjóður Siglufjarðarkaupstaðar hefir haft mikinn kostnað af byggingu sjóvarnargarðsins þar. Bæjarsjóður lagði til helming byggingarfjárins, en ríkissjóður hinn helminginn. Bæjarsjóður varð að taka lán í þessu skyni og bæjarstjórnin hefir út af því ákveðið að fara þess á leit, að Alþingi leyfði henni að leggja skatt á lóðir og hús, sem vernduð eru með varnargarðin um. Þetta frv. er að mestu leyti sam-

hljóða frv. um þetta efni í fyrra. En í þessu frv. er ákveðið, að þær tekjur, sem bæjarsjóður fær með þessu móti, gangi til þess að greiða vexti og afborganir af láninu og til viðhalds garðinum að sínum hluta. Nú er ómögulegt að segja, hvað mikið fer til viðhaldsins. En fari svo, að ekki þurfi á skatti að halda, þegar búið er að greiða lánið, er gert ráð fyrir, að hann falli niður.

Frv., sem jeg flutti á síðasta þingi, var lagt fyrir allshn. þessarar hv. deildar, og nefndin skilaði áliti og gerði brtt. við frv., sem hjer eru allar teknar til greina, nema ein. Allshn. vildi setja það að skilyrði, að ef frv. yrði samþykt, tæki bærinn að sjer alt viðhald garðsins í framtíðinni. Þegar ráðist var í byggingu garðsins, var það samningsmál milli Alþingis og Siglufjarðarkaupstaðar, að ríkissjóður kostaði bygginguna að hálfu, sem og viðhald eftir sömu reglum. Siglufjarðarkaupstaður hefir lagt út í kostnaðinn í því trausti, að þessir samningar hjeldust, enda er Siglufjarðareyrin ríkissjóðseign. Kaupstaðurinn hefir sótt um kaup á henni til þingsins, en þingið hefir neitað, og tel jeg það mjög óheppilegt. Það er því sanngjarnast, að kostnaðinum sje skift þannig, að bæjarsjóðurinn borgi byggingu og viðhald að hálfu. Það gæti hugsast, að svo færi, að garðurinn eyðilegðist alveg. Það eru til ótal dæmi um slíkt, en óhugsandi er, að bærinn einn út af fyrir sig geti bygt garðinn upp að nýju, enda ekki sanngjörn krafa, þar sem ríkissjóður á landið. Með því að setja nú samskonar skilyrði inn í frv. og allshn. vildi setja í fyrra, yrði afleiðingin sú, að Siglufirði yrði fyrirmunað að fá þennan nýja tekjustofn, en hinsvegar yrði ríkissjóður ekkert betur settur með viðhaldið. Því ekki get jeg hugsað mjer, að Alþingi fari að neyða frv. upp á Siglufjarðarkaupstað með þessari breytingu. *(JóhJóh:* Frv. breytir samningunum). Það er einmitt það, sem jeg er að segja að verði, ef þetta skilyrði verður sett inn. Annars er samningum venjulega ekki breytt, nema báðir aðiljar komi þar til.

Jeg hefi gert frv. aðgengilegra fyrir nefndina, með því að setja inn það ákvæði, að skattinum skuli eingöngu varið til þess að greiða kostnað við garðinn. Jeg held þá, að jeg hafi skýrt þetta mál nokkurnveginn og þurfi ekki á þessu stigi þess að tala meira um það, en jeg vænti svo góðs af hv. allshn., að hún sæki það ekki fast, að þessi tillaga hennar frá í fyrra verði sett inn í frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 72, n. 277).

Frsm. (Eggert Pálsson): Þetta frv. er ekki nýr gestur hjer. Það kom fram á síðasta þingi og var þá vísað til allsherjarnefndar. Skilaði hún nál., en svo var ekki lengra farið.

Ástæðan til þess, að frv. dagaði uppi þá, mun hafa verið ein till. frá allshn., sem minst er á í greinargerð frv. nú. Sú till. gekk út á, að bæjarsjóður Siglufjarðarkaupstaðar tæki að sjer að öllu leyti viðhald sjóvarnargarðsins frá þeim tíma, er lögin gengju í gildi. Í greinargerð frv., sem þá lá fyrir, var tekið fram, að kaupstaðurinn hefði tekið að sjer viðhald garðsins. En þetta stafaði af prentvillu, að sagt er. Var ætlast til, að bærinn kost-

aði viðhaldið að helmingi móti ríkissjóði. Allshn. hefir því ekki haldið fast við skoðun sína frá í fyrra í þessu efni.

Að öðru leyti hefir nefndinni þótt ástæða til að bera fram nokkrar brtt. við frv. Í nál. er gerð grein fyrir þeim, og nægir að mestu leyti að vísa til þess.

1. brtt. nefndarinnar er á þá leið, að skattur sje hafður jafn af húsum og lóðum. Þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið kosti viðhald garðsins að hálfu leyti, virðist ekki sanngjarnt, að skatturinn á eignum þess sje þyngri, heldur sje jafn skattur á hvorutveggja.

Jeg get búist við, að hv. flm. (EÁ) líki þessi brtt. nefndarinnar miður. Það liggur í hlutarins eðli, að íbúar Siglufjarðar kjósi, að ríkið borgi hlutfallslega meira en bærinn.

Um tölulið c. er ekkert að segja. Það leiðir af sjálfu sjer, að 2. tölul. fellur niður, ef fyrri brtt. nefndarinnar er samþykt.

Um d-liðinn er sama að segja og kom fram í frv. um skatt í Vestmannaeyjum, að minni upphæð en 100 kr. skuli ekki tekin til greina. Nefndinni þótti rjett að greina sundur skattskyldu húseigenda og lóðaleigjenda. Einnig þótti henni nægilegt að ákveða innheimtulaun 2%, þar sem lögtaksrjettur fylgir.

Nefndin leggur til, að frv. sje samþ. með þeim breytingum, sem hún ber fram.

Einar Árnason: Frsm. nefndarinnar (EP) hefir skýrt frá breytingum þeim, sem hún flytur við frv. Aðalbreytingin er sú, að skattur skuli ákveðinn jafn af húsum og lóðum. Nefndin virðist byggja á því, að óeðlilegt sje, að ríkið borgi hærri skatt af sínum eignum en einstaklingar. Þetta getur valdið misskilningi. Það er ekki ætlast til, að ríkið borgi skattinn, heldur þeir einstaklingar, sem fengið hafa lóðirnar leigðar.

Þær lóðir, sem liggja að sjó, hafa upphaflega verið leigðar fyrir lítið gjald. En síðan hafa lóðarjettindin gengið kaupum og sölum, og nú er leigan orðin mjög há og lóðirnar eftirsóttar. Leigan er nú orðin svo há, að það skiftir raunar litlu máli, hvort skatturinn, sem á lóðunum hvílir, er 4 eða 6 af þúsundi. Af því að lóðirnar eru mikils virði, setja leigjendur þeirra ekki fyrir sig, þó að þeir verði að borga dálítinn skatt. Jeg hefði því talið rjettara, að það hefði verið látið standa eins og var í frv. viðvíkjandi lóðum, sem liggja að sjó. Að öðru leyti hefi jeg ekki ástæðu til þess að vera sjerstaklega óánægður við hv. nefnd fyrir meðferð hennar á frv. T. d. að því er snertir lóðir, sem ekki liggja að sjó, — þar sje jeg ekkert á móti því, að gjaldið sje jafnt á húsum og lóðum.

Sama er að segja um 2. og 3. brtt nefndarinnar, að jeg fellst fyllilega á þær t. d., að það sje rjett, að eigendur húsa skuli greiða skattinn, en ekki leigjendur.

Svo eru innheimtulaunin. Nefndin færir þau niður í 2% úr 4. Það finst mjer ekki skifta neinu máli, og get jeg alveg fallist á þá breytingu. Annars er það d-liðurinn í 1. brtt., sem mjer sýnist vera eitthvað gallaður, að því leyti, að ekki virðist vera rjett vitnað í frv. Því að sú setning, sem tekin er upp í brtt. undir tölulið d., er ekki til í þeim tölulið, sem númerið á við. Ef til vill kann þetta að vera prentvilla. En af því að jeg er svo kunnugur málinu, þá get jeg skilið svona hjer um bil, hvað nefndin á við.

Jeg hefi svo ekki ástæðu til að segja fleira um þetta mál. Jeg geri þessar brtt. yfir höfuð ekki að kappsmáli. En jeg tel þó rjettara, eins og jeg tók fram áður, að

ákvæði frv. um lóðir, sem liggja að sjó, hefði fengið að standa.

Frsm. (Eggert Pálsson): Viðvíkjandi d-lið í 1. brtt., sem hv. flm. (EÁ) mintist á, vil jeg taka það fram, að þar er dálítil prentvilla, vantar bara punkta á eftir „3 af þúsundi", til að sýna, að þetta er ekki óslitin setning. Í stað þess að í brtt. stendur: „3 af þúsundi af húsum" á vitanlega að standa: 3 af þúsundi .... af húsum. Ef þetta er lagfært, þegar prentað er upp, hljóta allir að skilja, hvað átt er við.

En það, sem flm. (EÁ) mintist á viðvíkjandi lóðunum, sjerstaklega þeim, sem liggja nærri sjó, að hann er óánægður með breytinguna, þá kom mjer það ekki á óvart, enda gat jeg þess í framsöguræðu minni. En hinsvegar lítur nefndin svo á, að hjer sje ekki nema um sanngirniskröfu að ræða frá hennar hálfu, að gera gjaldið jafnt af lóðum og húsum, þótt það hinsvegar gæti verið, að kaupstaðarbúum væri meira til þægðar, að hærra gjald væri af lóðum en húsum. Þó að svo sje, að þeir, sem tekið hafa á leigu lóðir hjá ríkissjóði á Siglufirði, komist nú af með að borga lítið eftir þær, þá veit maður, að þetta getur breyst. Þótt samið sje um langan tíma, þá rennur sá tími út einhverntíma. Og þá er hægara að hafa eitthvað upp úr lóðunum, ef skatturinn, sem á þeim hvílir til bæjarsjóðs, er ekki ýkjahár. Vitanlega er ekki hægt fyrir ríkisstjórnina eins og sakir standa að gera leigusamninga um lóðirnar, af því að þær tilheyra sem stendur sjerstöku prestssetri, og presturinn á því að gera það. En þó að presturinn eigi hjer hlut að máli, þá er eins háttað með hann og ríkisstjórnina, að hann ætti hægra með að gera leigusamninga upp á hærra eftirgjald, ef skatturinn væri ekki hár. Því það hefir ætíð nokkra verkun á eftirgjald, ef skatturinn er ákveðinn hár. Svo háan má setja hann, að viðurhlutamikið þyki að taka lóðirnar á leigu.

Jeg geri þetta nú ekki að kappsmáli, en held þó fast fram þessari skoðun nefndarinnar. Og jeg verð að álíta, að þótt þessi till. nefndarinnar yrði samþ., þá sje samt sem áður bættur hagur kaupstaðarins með slíkum lögum, sem hjer ræðir um. Því vitanlega er það mikilsvert fyrir kaupstaðinn að geta fengið þessi gjöld í bæjarsjóð, enda þótt hann verði að sætta sig við, að lóðargjaldið sje lægra en farið er fram á í frv. Ef gjaldið væri gert jafnt á húsum og lóðum, sem liggja langt frá sjó, en ekki þeim, sem liggja nær sjó, þá virðist um ósamræmi að ræða, sem lítil eða engin ástæða virðist til.

Einar Árnason: Jeg vildi aðeins geta þess, að það stendur svo á með ýmsar lóðir, sem liggja að sjó, að á mörgum þeirra eru lítil eða engin hús, aðallega bryggjur og „platningar"; en hinsvegar eru lóðirnar mjög dýrmætar þeim, sem hafa. Þessu vildi jeg skjóta fram til skýringar. En með þessari breytingu verður það vitanlega minna, sem bæjarsjóður fær.

ATKVGR.

Brtt. 277,1.a—c samþ. með 7:1 atkv.

— 277,1.d samþ. með 7 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 277,2 (ný 2. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 277,3 (ný 3. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 10. apríl, var frv. tekið til 3. u m r. (A. 301).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 24. apríl, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 301, n. 394).

Frsm. (Jón Baldvinsson): Allshn. hefir haft mál þetta til meðferðar og leggur til, að það verði samþykt.

Í frv. þessu er farið fram á heimild fyrir bæjarstjórnina á Siglufirði til að leggja skatt á lóðir og hús í kaupstaðnum, til þess að standast kostnað við viðhald sjóvarnargarðsins. Á bænum hvíla nú 50—60 þús. kr. skuldir vegna hans.

Þannig er háttað með lóðirnar á Siglufirði, að þær eru eign hins opinbera og leigðar út með lágri leigu, og hefir bæjarfjelagið því litlar tekjur af þeim. En aftur hafa leigutakar grætt stórfje á að leigja þær í framleigu.

Bænum er nauðsyn á að fá þennan skatt, enda þótt hann sje lágur, 4‰ af virðingarverði húsa og lóða, sem er lægra en skattur þessi er á Akureyri og hjer í Reykjavík.

Svo er og til ætlast, að skattur þessi standi uns kostnaðurinn við sjóvarnargarðinn er að fullu greiddur, og jafnframt, að taka megi hann upp aftur á ný, þegar þörf krefur.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 439).

---

41. Notkun bifreiða.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða (þmfrv., A. 163).

Á 35. og 36. fundi í Nd., dagana 19. og 20. mars, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Nd., mánudaginn 22. mars, var frv. enn tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Jón Kjartansson): Eins og getið er um í greinargerðinni fyrir frv. þessu, hafði samgmn. borist frv. frá hæstv. atvrh. (MG), með ósk um að flytja það. Nokkur ákvæði voru í frv. þessu þess eðlis, að nefndin sá sjer ekki fært að fallast á þau óbreytt. Það voru ákvæði í þá átt að heimila lögreglustjóra að svifta bifreiðarstjóra ökuskírteini, þegar um brot væri að ræða, aðallega brot í sambandi við áfengisnautn. Nefndinni þótti þetta nokkuð viðurhlutamikið, því að hún álítur þennan rjett mikils virði, og vildi því ekki fallast á, að nokkur væri sviftur þessum rjetti án þess að hann gæti leitað úrskurðar dómstólanna.

Hinsvegar gat nefndin fullkomlega fallist á, að rjett væri að hafa lögin nokkuð strangari en þau eru nú, og lýtur þess vegna 1. gr. þessa frv. að því að bæta úr þeim göllum, sem nefndinni fanst vera á bifreiðalögunum. Þegar bifreiðalögin voru samþ. hjer fyrst, fyrir 11 árum, þá voru aðeins fáeinar bifreiðar komnar hingað til landsins, svo að það er ekki nema eðlilegt, að ákvæði þeirra yrðu nokkuð ófullkomin þegar fram liðu stundir. Má þar fyrst nefna ökuhraðann, sem ákveðinn var 12 km. í kaupstöðum og kauptúnum. Þá var engin reynsla fengin fyrir því hjer á landi, hvernig mundi takast með þessi nýju farartæki, Flestar götur voru þröngar og illar yfirferðar, og var því eðlilegt, að ökuhraðinn væri takmarkaður mjög. En því betri sem göturnar verða, því óþarfara verður þetta ákvæði, enda er það svo, að því er aldrei fylgt. Af þessu leiðir brtt. nefndarinnar við 6. gr. Þar er farið fram á að hækka hámarkshraðann á þessum stöðum úr 12 km. upp í 18 km. Utan kaupstaða og kauptúna gildir alveg það sama. Eftir því sem vegirnir verða betri, því minni ástæða er til að hafa hámark ökuhraðans svona lágt, 30 km., og leggur nefndin því til, að hann verði hækkaður þar upp í 40 km. Þriðja gr. lýtur að því að bæta úr galla, sem er á lögunum. Þar vantar alveg ákvæði um það, hvaða meðferð skuli hafa á þeim málum, sem höfðuð eru út af brotum á bifreiðalögunum. Það var einhverntíma, að hæstirjettur þurfti í dómsforsendum að taka ákvörðun um þetta sjerstaklega, vegna þess að engin ákvæði voru um það í lögunum.

Frv. þetta er komið frá nefnd, og er ástæðulaust að vísa því til nefndar aftur. Vona jeg, að frv. fái greiðan framgang í þessari hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 26. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 163, 200).

Árni Jónsson: Jeg á hjer brtt. á þskj. 200, og þar sem hjer er um nýmæli að ræða, þykir mjer hlýða að fara um hana nokkrum orðum. Það, sem hjer er farið fram á, er, að leiddar verði í lög svokallaðar áhættutryggingar (Ansvarsforsikring). Slíkar tryggingar eru til þess að tryggja menn fyrir skaðabótum, sem þeir kunna að verða dæmdir til að greiða, ef þeir valdi tjóni á eignum annars manns eða lífi hans og limum. Skaðabæturnar geta verið svo háar, að mönnum sje ókleift að greiða þær, og þá er engin trygging fengin fyrir þann, sem fyrir skaðanum verður. Hvað viðvíkur bifreiðum er mikil þörf á því, að hjer komist á slíkar tryggingar, ekki einungis fyrir þá, sem sjálfir

aka sinni bifreið, heldur einnig fyrir þá, sem bera ábyrgð á öðrum mönnum, sem með bifreiðar fara.

Auðvitað nær tryggingin ekki til þeirra, sem í glæpsamlegum tilgangi verða valdir að tjóni. Það heyrir undir hegningarlögin og kemur ekkert þessu við.

Eins og menn sjá, er gert ráð fyrir, að upphæðin verði fyrir bifreiðar 15 þús. kr. og bifhjól 7500 kr. Jeg vil geta þess, að þessi ákvæði eru tekin úr dönskum lögum sama efnis, aðeins eru upphæðirnar aðrar hjer.

Í Noregi eru ekki enn neinar skyldutryggingar á bifreiðum, en það verður að „deponera" hjá lögreglustjóra 1000 kr. Því hefir nú verið breytt í 20 þús. kr., svo að í framkvæmdinni er þetta í raun og veru alveg það sama.

Menn kunna nú að bera því við, að það sje erfitt að ákveða iðgjöld í byrjun, því hjer eru ekki til neinar áreiðanlegar skýrslur um bifreiðaslys og umferð, og þetta er að vissu leyti rjett. En það er mótbára, sem má hafa á móti öllum tryggingum í byrjun, og mun reynslan færa þetta í viðunanlegt horf smám saman Jeg hefi hjer fyrir framan mig lista yfir iðgjöld í Noregi. Þau eru ekki há, og ætti að mega sníða iðgjöldin hjer að mestu leyti eftir þeim. Svo var að minsta kosti gert um slysatryggingarnar. Upphæðirnar eru þessar:

Fyrir vörubíla og sjálfseignarbíla 2,3‰
fyrir fólksflutningsbíla ..... 3,6‰
fyrir drossíur og kassabíla ..... 4.3‰

Þetta eru ekki háskalegar upphæðir, þegar miðað er við, hver trygging fæst með þessu.

Hvað viðvíkur stofnun svona fjelags hjer, væri æskilegast, að hægt væri að koma því á fót, en það er ekki gott að segja, hvað stóran höfuðstól við þyrftum. Í Danmörku verður að „deponera" hjá fjármálaráðuneytinu 200 þús. kr. í dönskum verðbrjefum, og þegar miðað er við þann fjölda bifreiða, sem þar er — í Kaupmannahöfn einni eru 14 þús. bifreiðar, en í Reykjavík 314 og í Hafnarfirði 86, en samtals á öllu landinu í kringum 500 — sjáum við, að 50 þús. kr. hlyti að vera nægilegur höfuðstóll hjer.

Það væri hugsanlegt, að einhverjir hjeldu því fram, að þessar tryggingar gerðu menn óvarkárari en ella. En á því er lítil hætta. Hjer getur, hvernig sem alt fer, sá, sem slysinu veldur, ekki haft neinn hagnað af því. Fjeð gengur alt til þeirra, sem fyrir slysinu verða. Öðru máli er að gegna með mann, sem á vel trygðan húskofa. Það getur verið freisting fyrir hann að kveikja í kofanum. Auk þessa væri það mikill álitshnekkir fyrir viðkomandi mann og hann mundi varast það.

Þessar áhættutryggingar eru farnar að tíðkast mjög, þó að þetta sje fyrsta sporið, sem stigið hefir verið í þá átt hjer. Einkum eru þær tíðar mjög í Þýskalandi. Á Norðurlöndum eru slík tryggingarfjelög ekki til fyr en eftir síðustu aldamót. Í Noregi var það fyrsta stofnað árið 1907, en nú hafa öll hin stærri vátryggingarfjelög sjerstaka deild fyrir áhættutryggingar. Í þessu sambandi er ekki ástæða til að tala um almenna tryggingu á bifreiðum, því að það er alt annað mál. Mjer er ókunnugt um, hvort þær eru yfirleitt trygðar hjer. En ef áhættutryggingar kæmust á, þykir mjer líklegt, að hinar kæmu líka.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þdm. sjái, hvílíkt nauðsynjamál þetta er og samþykki brtt.

Frsm. (Jón Kjartansson): Eins og hv. flm. brtt. tók fram, er hjer um mikilsvert nýmæli að ræða, og þar sem samgmn. hefir enn ekki getað tekið ákvörðun í málinu, vil jeg biðja hv. flm. (ÁJ) um að taka tillöguna aftur til 3. umr. En samgmn. hefir rætt tillöguna, og býst jeg við, að hún verði henni hlynt, en hana vantar enn ýmsar upplýsingar viðvíkjandi iðgjöldunum o. fl. Jeg geri ráð fyrir, að þau yrðu hærri hjer en í nágrannalöndunum, því að jeg býst ekki við, að það fengjust nema erlend tryggingarfjelög til þess að taka þetta að sjer. Þau mundu álíta hjer illa vegi og slys því tíð. Vona jeg, að hv. flm. taki aftur tillöguna og frv. nái fram að ganga.

Forsætisráðherra (JM): Það er síður en svo, að jeg mæli á móti brtt. hv. 2. þm. N.-M, sem hjer liggur fyrir, en jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til hv. flm. (ÁJ) að gera lítilsháttar breytingu á henni. Þar stendur nefnilega, að dómsmálaráðherra setji nánari reglur um tryggingarskylduna og um viðurkenningu á tryggingarfjelögum. En þetta mál heyrir undir atvinnumálaráðherra. Þyrfti ekki annað en að laga þetta í prentun.

Árni Jónsson: Hæstv. forsrh. (JM) benti á, að rjettara væri að ákveða, að atvinnumálaráðuneytið setti reglur þessu viðvíkjandi, og játa jeg það rjett vera. Þessi villa er komin inn af því, að jeg tók þetta orðrjett upp úr dönsku lögunum, en þar heyrir það undir dómsmálaráðherra.

Jeg get gert hv. frsm. samgmn. (JK) það til geðs að taka aftur brtt. mína til 3. umr., enda þótt mjer finnist hv. samgmn. hafa haft nægan tíma til þess að athuga málið. Auðvitað mun jeg láta henni í tje allar þær upplýsingar, sem jeg get.

Mjer hefir dottið í hug, að hækka mætti upphæðirnar, sem jeg hefi gert ráð fyrir í brtt., upp í 20 þús. kr. og 10 þús. kr. Í Noregi er venja að tryggja bifreiðar fyrir 30 þús. kr., og þegar tekið er tillit til þess, að iðgjöldin eru í Noregi 4,7‰ hæst, er þetta mjög sanngjarnt.

ATKVGR.

Brtt. 200 tekin aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2.—5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 163, 200, 236, 263).

Árni Jónsson: Jeg bar fram brtt. við þetta frv. við 2. umr. þess, en samkvæmt ósk samgmn. tók jeg hana aftur til 3. umr., og kemur hún hjer endurnýjuð á þskj. 263. Jeg hefi átt tal við nefndina um þessa brtt., og vænti jeg þess, að þeir agnúar, sem á henni þóttu vera, sjeu nú sniðnir af og hv. deild geti látið hana ganga fram í því formi, sem hún nú er í. Það er einkum eitt ákvæði, sem hjer skiftir máli, sem sje það, að lögin komi ekki til framkvæmda fyr en atvinnumálaráðuneytið auglýsi viðurkenningu á tryggingarfjelagi eða fjelögum, og er þar með lagfært það, sem haft var á móti brtt. við 2. umr.

Pjetur Þórðarson: Jeg á brtt. við þetta frv. á þskj. 236, sem hnígur í sömu átt

og aðalfrumvarpsgreinin, þó að hjer sje um nokkuð annað atriði að ræða. Mjer hefir verið bent á það, og enda farið fram á það af bifreiðarstjórum, að ákveða ætti í lögunum lágmark hvíldartíma í sólarhring fyrir bifreiðarstjóra, með hliðsjón af hættu, sem stafað gæti af ofþreytu eða svefnleysi, og jeg hefi ekki sjeð mjer fært að setja þetta sem beint lagaákvæði inn í frv. eða búa það í annan búning en þann, að koma að heimild til þess að slík ákvæði gæti orðið sett inn í reglugerðina. Annars er brtt. þannig vaxin, að hún getur ekki komið að ógagni. Hún er í hæsta lagi gagnslítil, en hitt er þó líklegra, verði hún samþykt, að heimildin verði notuð, og þá oft komið að gagni, svo að jeg vænti þess, að hv. þdm. samþykki tillöguna.

Frsm. (Jón Kjartansson): Samgmn. hefir athugað þær brtt., sem komið hafa fram við þetta frv. Um brtt. hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) er það að segja, að hún hefir tekið miklum stakkaskiftum til bóta. Nefndin getur eftir atvikum felt sig við hana eins og hún er nú, en hinsvegar dylst henni ekki, að mál þetta er enn illa undirbúið, og vill hún því skjóta því til hæstv. stjórnar að athuga það nákvæmlega áður en hún auglýsir tryggingarskylduna. Það hvílir alt á hæstv. atvrh. hvernig fer um framkvæmd þessa máls. Nefndin vill láta rannsaka vel, hversu há iðgjöldin þurfa að vera.

Um brtt. hv. þm. Mýr. (PÞ) skal jeg ekki eyða mörgum orðum. Nefndin álítur hana óþarfa, þar sem hún veit ekki til, að nokkurntíma hafi hlotist slys af ofþreytu eða svefnleysi bifreiðarstjóra. Annars legg jeg enga áherslu á, hvort þessi tillaga verður feld eða ekki, en vil aðeins taka það fram, að nefndin álítur hana mjög óþarfa.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal lýsa því yfir, að jeg er ekki á móti því, að tillagan á þskj. 263 verði samþykt, en jeg slæ þann varnagla, að það er ekki hægt um það að segja, hvenær tryggingin kemur til framkvæmda. Hv. frsm. nefndarinnar (JK) er hræddur um, að iðgjöldin verði of há og vill láta tryggja, að þau verði ekki hærri en í nágrannalöndunum. Þetta mun verða tekið til athugunar, en getur vitaskuld seinkað málinu.

Hin leiðu bifreiðarslys koma því miður alstaðar fyrir, og þeir, sem bera ábyrgð á þeim, ef um ábyrgð er að ræða, eru oft þannig efnum búnir, að þar er engar bætur að fá. En með frv. er fyrir þetta bygt, og tryggingarupphæðin er svo há, að sjaldan eru greiddar hjer á landi hærri skaðabætur en þetta. Jeg veit ekki, hvort leitað hefir verið álits bifreiðafjelaganna hjerna. Það er reyndar ekkert afgerandi fyrir mjer, en þetta gæti leitt af sjer hækkun á töxtunum, þó að iðgjöldin sjeu að vísu svo lág, að varla sje um það að ræða.

Árni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. atvrh. fyrir undirtektir hans í þessu máli. Það hefir ekkert verið rætt um þetta við bifreiðafjelögin, en það þarf ekkert að vera þessu máli til fyrirstöðu, því að þetta er líka trygging fyrir þau. Hvað viðvíkur hækkun á töxtunum, þá held jeg, að þetta geti ekki valdið hækkun að neinum mun.

Pjetur Þórðarson: Hv. frsm. nefndarinnar ljet þess getið, að brtt. mín væri óþörf og færði fyrir því þá ástæðu, að aldrei kæmi neitt slys fyrir, eða nein hætta, vegna svefnleysis eða ofþreytu bifreiðarstjórans. Þessi rök verð jeg nú að kalla heldur ljettvæg, enda þykist jeg sjá

af þessu, að nefndin hafi lítilla upplýsinga aflað sjer til stuðnings skoðun sinni, eða á annan hátt grenslast eftir því, hvort það muni svo fjær sanni, það sem jeg hefi haldið fram.

Jeg veit með vissu, að það hefir oft komið fyrir, að bifreiðarstjóri hefir verið ófær til að stjórna bifreið vegna svefnleysis og ofþreytu, engu síður en vegna drykkjuskapar. Og þó þetta hafi ekki komist svo langt enn, að upplýst sje, að slys hafi af því hlotist, þá á fyrir það að byggja í tíma, svo það geti ekki komið fyrir. Enda þykist jeg vita, að oft og einatt muni erfitt að greina milli áhrifa svefnleysis og áfengis, því áhrifin eru svipuð eins og þau venjulega koma fram og mundu koma í ljós hjá þeim manni, sem undir slíkum kringumstæðum á að hafa stjórn á bifreið.

Og þar sem nefndin telur ekki, að brtt. mín sje til hins lakara, finst mjer, að sú till. hennar, að fella hana, hafi við lítil rök að styðjast. Heimildin, sem brtt. fer fram á, að komist inn í lögin, er aðeins til þess sett, að til hennar megi grípa þegar þörf gerist. Vona jeg því, að hv. þdm. skilji, að hjer er aðeins um varúð að ræða, sem undir öllum kringumstæðum hlýtur að teljast fremur til bóta heldur en hitt. Þess vegna tel jeg óþarft að hafa þessi orð fleiri, en vænti hinsvegar, að brtt. hafi það fylgi, að hún nái fram að ganga.

ATKVGR.

Brtt. 200 tekin aftur.

— 236 samþ. með 13:2 atkv.

— 263 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 8. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 290).

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 10. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þetta mál var flutt af hv. samgmn. Nd. eftir minni beiðni og gengur aðallega út á það að skerpa ákvæðin, sem lúta að því, ef bifreiðarstjóri stjórnar bifreið ölvaður. Það sýnir sig bæði hjer og annarsstaðar, hve þetta er stórhættulegt, svo að það verður af fremsta megni að reyna að stemma stigu fyrir því. Og þeir, sem láta slíkt koma fyrir oftar en einu sinni, mega alls ekki fá að stjórna bifreið.

Annað ákvæði þessa frv. er að færa lítið upp þann hraða, sem leyfilegur sje innan bæjar og á sumum öðrum vegum. Þessi hraði var í byrjun settur svo lítill, að ómögulegt var að binda sig við það í framkvæmdinni. Enda er það öllum vitanlegt, að þessum hraða er ekki haldið t. d. hjer í bæ. En það er ástæðulaust og rangt að hafa slík ákvæði, sem menn vita, að hljóta að verða brotin.

Í hv. Nd. var bætt við ákvæði um það, að hver bifreiðareigandi skuli tryggja sínar bifreiðar gegn slysum. Þessi ákvæði koma fyrst til greina, þegar búið er að útvega tryggingarfjelag, sem þykir fært að taka að sjer tryggingarnar. Hefi jeg alls ekki heyrt, síðan þessi ákvæði komu fram, neina kvörtun frá bifreiðarstjórum, að þeim þættu þetta of miklar kvaðir. Eftir því sem upplýst er, mun þetta iðgjald, sem bifreiðaeigendur greiða erlendis, nema 50—70 kr. árlega fyrir bifreið. Þar sem þetta er talsverð trygging fyrir þá, sem verða fyrir slysum af bifreiðum, þá sýnist mjer rjett að taka slíkt ákvæði

upp. Samskonar ákvæði mun vera í nágrannalöndunum.

Jeg leyfi mjer að óska, að málinu verði vísað til samgmn. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til samgmn. með 10 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Ed., fimtudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 290, n. 431).

Frsm. (Ágúst Helgason): Það eru tvö aðalatriði í frv. þessu. Annað er það, að koma í veg fyrir slys af bifreiðarakstri, en hitt er að tryggja með fjárframlögum þá, sem verða fyrir slysum af bifreiðum.

Nefndin leit svo á, að frekari áherslu beri að leggja á fyrra atriðið og herða á þeim ákvæðum laganna, sem miða að því að afstýra slysum. Á síðari árum hefir það alt of mikið tíðkast, að ölvaðir menn hafa stýrt bifreiðum, og liggur í augum uppi, hver hætta getur af því stafað, ekki aðeins fyrir þá, sem í bifreiðunum ferðast, heldur og einnig þá, sem um veginn fara. Nefndin vill láta varða rjettindamissi, ef sannast, að bifreiðarstjóri ekur undir áhrifum víns, en sje slíkt brot ítrekað, skuli hann missa ökuskírteini sitt með öllu, og þar með rjettinn til að stýra bifreið framar. Það skal að vísu játað, að bifreiðarslys af völdum víns munu, sem betur fer, vera fá ennþá, en nefndin vill ekki bíða eftir meiri slysum, heldur byrgja brunninn áður en barnið er dottið í hann, og svifta ökumann rjetti til að stýra bifreið jafnskjótt og hann gerist sekur um vínneyslu.

Um síðara atriðið er það að segja, að nefndinni fanst tryggingarskilyrðin of ströng eins og þau eru í frv. nú. Vegamálastjóri áætlar, að sú upphæð muni nema árlega um 38 þús. kr. fyrir allar bifreiðar í landinu, og er þá auðsætt, að sá skattur mundi koma niður á landsmönnum í hækkandi flutnings- og fargjöldum. En eins og þau gjöld þykja há, virðist illa farið að stuðla að hækkun þeirra. Af þeirri reynslu, sem menn hafa um bifreiðarslys, þá virðist óþarft að hafa tryggingarkröfuna svo háa. Í þessu sambandi leggur nefndin til, að ef sami maður á margar bifreiðar, þá færist tryggingarskyldan niður þegar fyrstu bifreiðinni sleppir; sömuleiðis að bifreiðareigandi sje ekki gert að skyldu að kaupa tryggingu í tryggingarfjelagi, ef hann getur gefið jafngóða og gilda tryggingu á annan hátt.

Jeg tel óþarft að fjölyrða frekar um þetta, en læt mjer nægja að vísa til brjefs vegamálastjóra, sem prentað er aftan við nál. á þskj. 431.

Atvinnumálaráðherra (MG): Þó að nefndin leggi til, að gerðar verði allmiklar breytingar á frv., sje jeg ekki ástæðu til að andæfa þeim. Aðalbreytingin er um tryggingarákvæðin. Jeg hafði skilið umr. svo í hv. Nd., að þau ákvæði kæmu ekki til framkvæmdar fyr en lægri iðgjöld fengjust en bæði vegamálastjóri og nefndin virðast ganga út frá.

Jeg skaut því fram í hv. Nd., að umsögn bifreiðafjelaganna hjer í Reykjavík vantaði um þetta atriði. En hafi þau ekkert látið til sín heyra, virðist mjer, að skilja megi það á þá leið, að þau telji ekki, að frv. gangi of nærri sjer. En það má vera, þó að jeg viti það ekki, að fjelögin hafi nú snúið sjer til nefndarinnar,

Frsm. (Ágúst Helgason): Bifreiðafjelögin hafa ekki snúið sjer til nefndarinnar, en eftir orðum vegamálastjóra virtist okkur, að þau mundu ekki mótfallin slíkri tryggingu og hjer er um að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 431,1 (ný 1. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 431,2.a samþ. með 10 shlj. atkv.

— 431,2.b samþ. með 10 shlj. atkv.

— 431,2.c samþ. með 10 shlj. atkv.

— 431,2.d samþ. með 10 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

6.—7. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 1. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 451).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 67. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.

Á 72. fundi í Nd., fimtudaginn 6. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 451, n. 484).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 526).

---

42. Símalagabreyting.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 15. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919 [Ritsíma- og talsímakerfi] (þmfrv., A. 29).

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg vil fyrst geta þess, að jeg veit ekki, hvort mjer hefir tekist að hnýta þessu frv. rjett í lest. Jeg rjeði af að fella frv. við lögin frá 28. nóv. 1919, þrátt fyrir það, þó að minsta kosti sjeu ein lög enn, frá 1923, um þetta efni. En þau virtust mjer svo rýr aftan fyrir, að ekki væri í þau hnýtandi.

Jeg þykist ekki þurfa að taka fram ástæðurnar fyrir þessu frv. Þær eru svo alkunnar. Mjög er eðlilegt, að óskir manna um að fá síma sjeu að aukast, því að þetta er menningarmál. Málið er mjög vel undirbúið og stefnt að framtíðarfyrirkomulagi. Sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu gerði tillögur sínar 1923 og sendi landssímastjóra. Hann gerði þar á nokkrar breytingar og er þeim breytingum fylgt.

Lengsta línan er 73 km. Sú tala sýnir best, hversu brýn þörfin er, þar sem menn nú verða að fara 40—50 km. til þess að geta náð í símastöð. Aftur á móti er línan frá Melstað að Núpdalstungu aðeins 15 km., en þá ber þess að gæta, að í þeim tveim hreppum, sem línan liggur yfir, eru yfir 500 manns.

Út í kostnaðarhliðina skal ekki farið nú, en jeg vil geta þess, að í brjefi landssímastjóra er kostnaðurinn áætlaður 41 þús. kr., en á að vera 51 þús. kr. Leiðin, sem línurnar liggja um, er mjög æskileg

og laus við torfærur; liggja allar um lágsveitir.

Þegar litið er á það, hvaða tekjur má búast við, að þessar nýju símalínur gefi, verður engu um það spáð. En það er áreiðanlegt, að hafi símalínur gefið góðar tekjur, sem þær víða hafa gert, hlýtur svo að verða hjer, þar sem þær liggja allar um þjettbygðar góðsveitir. Þannig er mannfjöldinn í þeim 3 hreppum, sem aðallínan liggur um, kringum 1100 manns. Geri jeg svo að tillögu minni, að málinu verði vísað til samgöngumálanefndar að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til samgmn. með 19 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 7. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 29, n. 210, 227, 228, 271, 272).

Frsm. (Klemens Jónsson): Á öndverðu þingi bar hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) fram frv. á þskj. 29, um nýja símalínu í Vestur-Húnavatnssýslu, frá Hvammstanga, um Stóra-Ós, Lækjamót, Breiðabólsstað, Ós og Tjörn, að Illugastöðum, með hliðarlínu að Víðidalstungu, og um aðra línu frá Melstað að Núpdalstungu, og var frumvarpi þessu vísað til samgöngumálanefndar. Hún hefir nú haft það til umræðu og athugunar og meðal annars átt tal um það við landssímastjóra, sem er því meðmæltur, að frv. verði samþykt, eins og líka sjest á greinargerð þeirri, sem því fylgir. Samgmn. er honum sammála og leggur til, að frv. verði samþykt.

Þá hafa nefndinni borist tvö erindi um nýjar símalínur, og er annað þeirra frá háttv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ), um línu frá Hnausum, um Hnjúk og Eyjólfsstaði, að Ási í Vatnsdal. Er sú vegalengd um 19 km. og kostnaður við að leggja þessa línu áætlaður 12 þús. kr. með núgildandi verðlagi. Einnig þessi lína telur landssímastjóri rjett, að verði lögð með tíð og tíma og er því meðmæltur, að hún sje tekin upp í símalögin, og sama er um nefndina að segja.

Þá er hitt erindið frá sjálfum mjer, um nýja símalínu í kjördæmi mínu, Rangárvallasýslu. Er ætlast til, að sú lína liggi frá Efra-Hvoli, um Hof og Kirkjubæ, að Geldingalæk. Í nál. á þskj. 210 er sagt, að sú vegalengd muni vera um 17 km., en nú hefi jeg fengið vissu fyrir því, að hún sje ekki nema 15 km. Stafar þetta af því, að í óstaðfestu eftirriti af umsögn landssímastjóra hafði verið skrifað 17 km. ofan í 15 km., og áleit jeg það því rjettara, en það er svo ekki, vegalengdin er 15 km., og er þessi skekkja hjer með leiðrjett.

Jeg vona, að háttv. deild taki mjer það ekki illa upp, þó að jeg fjölyrði dálítið um þessa fyrirhuguðu símalínu og minnist þá um leið á ýmislegt fleira í því sambandi.

Eins og kunnugt er, hefir Rangárvallasýsla orðið talsvert útundan með síma. Að vísu liggur símalína í gegnum þvera sýsluna, en það er lína sú, sem liggur hjeðan og austur í Skaftafellssýslu, altsvo aðallína, og svo lína frá henni út í Vestmannaeyjar. Einstakar hliðarlínur út frá þessari aðallínu hafa enn ekki verið lagðar nema til Hallgeirseyjar og á einum stað undir Eyjafjöllum, en þann spotta hafa einstakir menn kostað. Það símasamband, sem Rangárvallasýsla hefir orðið við að búa, er því alveg ófullnægjandi; einkum er það miklum erfiðismunum bundið fyrir afskektu sveitirnar að notfæra sjer þetta

símasamband, sem nú er, eins og t. d. Landsveit. En um það ætla jeg ekki að ræða, því lína upp á Land er komin inn í símalögin, og vonandi rekur að því áður en langt um líður, að hún verði lögð. En þegar þessari Landlínu sleppir, liggur mest á að leggja línu upp um Rangárvelli, og er jeg þá kominn að þessu erindi mínu, sem hjer er borið fram á þskj. 210, um nýja símalínu frá Efra-Hvoli, um Hof, Kirkjubæ og með endastöð á Geldingalæk. Og þar sem ætla má, að kostnaður við hana fari aldrei fram úr 12 þús. kr., þá vænti jeg, að hv. þdm. telji það enga óhæfu, þó að hún sje tekin upp í símalögin.

Annars skal jeg taka það fram, bæði um þessa og hinar aðrar nýjar símalínur, sem farið er fram á að sjeu teknar upp í lögin, að það er ekki meiningin, að þær á nokkurn hátt eigi að tefja fyrir lagningu þeirra símalína, sem þegar eru komnar inn í lögin. Allar eldri línur ganga að öllu jöfnu fyrir þeim, sem á eftir koma, svo með því að samþykkja brtt. okkar er alls ekki ætlast til að grípa fram fyrir hendur landssímastjóra eða laganna í þessu efni.

Nefndin mælir því eindregið með því, að frv. á þskj. 29, að viðbættum þeim breytingum, sem nefndar eru í nál. á þskj. 210, verði samþykt.

Hv. flm. (ÞórJ) hefir kallað frv. sitt breytingu á lögum nr. 52, 28. nóv. 1919. En það eru til yngri lög, nr. 26 frá 20. júní 1923, um símalínu frá Þórshöfn til Skála, og ennfremur lína til Gunnólfsvíkur. Nú hefir nefndinni þótt rjett, til þess að allar nýjar símalínur sjeu í sömu lögunum, að taka upp í þetta frv. línuna frá Þórshöfn til Skála, auk Gunnólfsvíkurlínunnar, og nema þar með lögin frá 1923 úr gildi. En verði frv. og brtt. nefndarinnar ekki samþykt, standa þessar línur vitanlega eftir sem áður.

Um allar þessar línur er það sama að segja, að landssímastjórinn miðar kostnaðaráætlun sína við það, að hlutaðeigandi sveitir verði að taka þátt í flutningskostnaði o. fl. og leggja fram hæfilegt tillag.

Þá hafa hjer komið fram viðaukatillögur frá einstökum hv. þm. á 4 þingskjölum. En þar sem það er venja, að frsm. nefndar minnist ekki á brtt. einstakra þm. fyr en flm. hafa talað fyrir þeim, þá geymi jeg mjer að ræða um þær að svo stöddu. Þó get jeg ekki stilt mig um, í sambandi við þennan urmul af brtt., að minna á, hve hjer er líkt ástatt og um vegalagabreytingarnar, sem drífa að úr öllum áttum undir eins og leiðin er opnuð, en enda að lokum flestar í einni og sömu gröfinni. Þó að mjer sje málið skylt og jeg beri hjer fram brtt. í þessu efni, af því að brýn nauðsyn mælir með því, þá er ekki þar með sagt, að allar þessar línur sjeu nauðsynlegar, eða jafnnauðsynlegar.

En við bíðum og sjáum, hvað setur, enda býst jeg við, að þeir hv. flm., sem viðaukatillögur hafa borið fram, komi með ástæður sínar og geri grein fyrir þeim. Að lokum skal jeg geta þess, að um þrjár af brtt. þessum hafa skjöl legið fyrir nefndinni. En um brtt. á þskj. 272 hefir nefndinni ekkert borist, og veit hún því ekkert, hvernig það mál horfir við.

Ingólfur Bjarnarson: Viðvíkjandi brtt. minni á þskj. 271, sem er í þrem liðum og miðar að því að ákveða símalínur um Bárðardal og Fnjóskadal, vildi jeg leyfa mjer að segja fáein orð.

A.-liðurinn er um nýja símalínu frá

Ljósavatni og fram Bárðardal. Þó að hjer kunni að þykja óljóst til orða tekið, þá er það gert eftir till. landssímastjóra, sem áleit heppilegra, að endastöðin væri ekki ákveðin nú þegar. Hreppsbúar í Bárðardal hafa óskað eftir línu frá Ljósavatni fram Bárðardal, um Stóruvelli að Sandvík. En eins og jeg drap á fyr, þótti landssímastjóra rjettara að orða brtt. eins og hún er hjer fram borin. Um kostnaðinn við að leggja þessa línu vil jeg taka það fram, að landssímastjóri hefir lauslega áætlað hann og talið líklegt, að hann mundi ekki þurfa að fara fram úr 15 þús. kr., með því að leggja til grundvallar áðurnefnda leið að Sandvík, sem vera mun fullir 20 km. En frá endastöðinni mun vera jafnlangt til fremstu bæja í dalnum. Auk þess er fjöldi bæja á Mývatnsheiði, sem liggur austan Bárðardals, svo það er stórt og víðáttumikið svæði, sem hafa mundi gagn af þessum síma.

Þá er það b.-liðurinn, um símalínu frá Hálsi fram Fnjóskadal, að Fjósatungu, en þangað eru um 10 km. frá Hálsi, og þó 15 km. þetur til fremstu bæja. Á þessu svæði eru um 20 bæir, sem nota mundu símann. Lausleg áætlun landssímastjóra um kostnað við að leggja þessa línu er um 7000 kr.

Þá kem jeg að c.-liðnum og þeim síðasta, sem er um símalínu frá Laufási og upp í Fnjóskadal. Það er ætlast til, að sú lína liggi upp í gegnum Dalsmynni, með stöð á Þverá í Fnjóskadal, fram að Draflastöðum eða Veisu. Hjer er heldur ekki ákveðin endastöð, og er það gert eftir bendingu frá landssímastjóra. En hann hefir bygt kostnaðaráætlun um lagningu þessarar símalínu á því, að endastöð hennar yrði á Víðivöllum. Þykist jeg mega fullyrða, að viðkomandi hreppsbúar hafa ekki hugsað sjer, að línan lægi lengra fram en í Draflastaði eða Veisu, svo telja má, að línan verði fjórðungi styttri en landssímastjóri byggir áætlun sína á, og ætti þá kostnaður við lagningu línunnar ekki að fara fram úr 10 þús. krónum. En eins og jeg hefi fyr drepið á, eru þessar áætlanir landssímastjóra aðeins lauslegar.

Jeg þarf ekki að taka fram, að þörfin á þessum símalínum er afarmikil. Þessar sveitir, sem hjer eiga hlut að máli, eru víðlendar mjög, veglausar svo að segja og samgöngur því slæmar. Sjerstaklega eru þó erfiðleikarnir miklir í snjóavetrum, þegar fannfergjan liggur yfir alt. Einkum er læknisvitjun tilfinnanlega erfið oft og tíðum, enda mörg dæmi þess, að tjón hefir af því hlotist á lífi manna og heilsu. Það er því mikil þörf að stytta fjarlægðirnar, og það er einmitt það, sem síminn hjálpar til. Og þó að þessar línur fáist, verður nógu langt fyrir þá, sem fjarstir búa, þó eitthvað styttist fyrir fótinn frá því, sem nú er.

Þessar símalínur, þegar þær verða lagðar, mundu bæta mikið úr þeim samgönguvandræðum, sem þessar strjálbygðu sveitir hafa við að búa. Síminn mundi mikið notaður af hjeraðsbúum sjálfum. En auk þess má nefna, að á sumrum er töluvert fjölfarin ferðamannaleið frá Akureyri um Bíldsárskarð og Vallafjall, áleiðis til Mývatnssveitar og Sprengisands, einkum af skemtifararfólki, sem fer mjög vaxandi, og langferðaflóki, sem „fer fjöll“. Mundi mörgum þessum ferðamönnum koma vel að geta náð í síma án þess að leggja langan krók á leið sína. En leið þessi liggur um Fjósatungu og Stóruvelli, þar sem eru fyrirhugaðar símastöðvar eftir brevtingartillögu þeirri, sem jeg hefi flutt hjer.

En aðalástæðan er þó vitanlega sú, að ljetta undir samgöngurnar fyrir þeim mönnum, sem á svæði þessu búa, og gera

afskektu sveitirnar byggilegri. Það hefir líka viljað tíðkast, að fremstu bæirnir og þeir afskektustu hafa týnt tölunni vegna samgönguerfiðleikanna. Og jeg vil bæta því við, að alt of oft hefir hlotist manntjón af, að ekki náðist í lækni vegna þess, að um langan veg var að fara eftir honum. Síminn styttir fjarlægðirnar og lengir lífdaga einyrkjanna, sem verst eru settir í samgönguleysinu.

Landssímastjóri hefir haft þessi erindi til athugunar og talið líklegt, að hjeruðin, sem hlut eiga að máli, legðu eitthvað af mörkum upp í kostnaðinn við að leggja línurnar. Jeg tel víst, að þau muni ekki hliðra sjer hjá að greiða framlag fyrir sitt leyti á svipaðan hátt og venja hefir verið um slíkar símalínur. Og vil líka taka það fram, eins og hv. frsm. (KlJ) gerði, að hjer er ekki farið fram á, að línur þessar verði lagðar fyr en sanngjarnt þykir að veita fje til lagningar þeim í fjárlögum.

Þessi hjeruð hafa um langan tíma beðið róleg á meðan þau sáu, að önnur fengu síma, sem talið var, að ekki mætti fresta. En þau hafa líka vonað, að síðar kæmi að sjer, og í því trausti, að þær vonir rætist áður en langt um líður, hafa þau skotið þessari málaleitun sinni til hins háa Alþingis.

Jeg ætla ekki að orðlengja frekar um þetta, en vænti hins, að hv. þdm. sjái og skilji, að hjer er um rjettmæta kröfu að ræða, og geti því greitt atkvæði með þessum brtt. mínum.

Jón Sigurðsson: Jeg á hjer litla brtt. á þskj. 227 um símalínu að Selnesi á Skaga.

Fyrir stuttu síðan, eða við 2. umr. fjárlaganna hjer í hv. deild, var rætt um nýja símalínu til Loðmundarfjarðar, og það talið svo mikið nauðsynjamál, að taka yrði upp í fjárlögin allríflega upphæð, svo að símalína þessi yrði lögð á næstu árum. Eftir þeim upplýsingum, sem gefnar voru þá, virðist liggja í augum uppi, að aðstaða Skagabúa sje að engu betri, nema síður sje, heldur en Loðmfirðinga. Hjer er um fjölmennan hrepp að ræða, sem er sjerstaklega illa settur vegna þess, að heita má, að hann sje afskorinn frá hjeraðinu, þannig, að Tindastóll gengur þverhnýptur í sjó fram og því ekki fært með, og t. d. að vetrum verður að fara snjóþunga heiði að fjallabaki, ef komast á inn í hreppinn. Reynist því oft ókleift að ná í lækni eða meðul, enda hefir komið fyrir, að manntjón hefir hlotist af, að ekki var komist á braut til að leita bjargar. Þá má og geta þess, að talsverð útgerð er í Selvík, enda talin þar góð höfn, þó lítil sje, svo að ef sími yrði lagður þangað, mundi það allmikill ljettir fyrir útgerðina, sem eflaust mundi þá aukast. Að endingu vil jeg benda á það, að á vestanverðri Skagaströnd er komin símalína alveg út á Skagatá, en að austanverðu er ennþá engin lína. Er ekki sýnilegt, hvers þeir eiga að gjalda, sem búa að austanverðum Skaganum, því að áreiðanlega er þar engu minni búsæld en að vestanverðu og möguleikar til lands og sjávar eins miklir. Loks vil jeg geta þess að tillagan hefir verið send landssímastjóra til umsagnar, og bendir hann á það, að rjettara sje að orða hana á annan veg en jeg hafði gert. Landssímastjóri telur 4 leiðir geta komið til mála, og hefir þar farið eftir korti herforingjaráðsins danska, en okkur, sem kunnugir erum þarna, er ljóst, að um 2 af þessum leiðum getur ekki verið að ræða, því að þær liggja um óbygðir, svo að viðhald þeirra yrði ómögu-

legt að framkvæma og ekki hægt að hafa afnot af þeim nema að litlu leyti. Um hinar 2 leiðirnar, hvort línan ætti að liggja frá Kálfshamarsvík að Skagatá eða frá Sauðárkróki að Selnesi, vil jeg segja það, að þær geta legið á milli hluta, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp úr brjefi landssímastjóra það, sem hann segir um þetta:

„Framangreindar leiðir eru ennþá órannsakaðar með tilliti til símalagningar, og er því ekki unt nú sem stendur að segja með vissu um, hverja leiðina beri að velja. Jeg verð því að líta svo á, að svo framarlega sem lína þessi verður tekin inn í ritsímalögin, sem jeg frekar mæli með, beri að orða hana þannig:“ — og svo kemur orðalagið eins og jeg hefi tekið það upp í hinni endurprentuðu tillögu minni. Landssímastjóri hefir frekar mælt með henni, enda er það öllum ljóst, að þessi stóra sveit er illa sett að hafa ekki síma og getur alls ekki án hans verið. Ætla jeg svo ekki að tala lengur og vona, að hv. deild líti á þetta með velvildaraugum.

Pjetur Ottesen: Það liggja nú fyrir á 6 þskj. tillögur um að taka upp nýjar símalínur, og á þessum þskj. eru ýmist tillögur um að bæta við einni eða fleiri línum. Það, sem er sameiginlegt um allar þessar tillögur, eru óskirnar um að auka símakerfið og að þörfin er brýn fyrir símann, sem kemur fram í því, að þegar bingið gengur inn á þá braut að leyfa að færa út símasambandið, þá koma hvaðanæfa að óskir um að fá síma.

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, af viðtali við landssímastjóra og svo eftir því, sem þeir menn segja, sem kunnugir eru á þeim stöðum, þar sem leggja á þessar línur, þá er það nokkurnveginn ljóst, að hjer er um mismunandi en þó hliðstæða þörf að ræða. Sje jeg ekki ástæðu til að tala ítarlega um hverja þessara till., en ætla að drepa á tvær línur á þskj. 228, sem við háttv. þm. Mýr. (PÞ) flytjum saman. Það er sameiginlegt um þessar tillögur, að þær fara fram á að leggja símalínur til afskektra staða, upp í afskektar sveitir, þar sem vegir eru líka slæmir, og gerir það þörfina fyrir síma ennþá brýnni.

Þessar 2 till. eru um það, að bætt sje við tveimur símalínum í Borgarfjarðarsýslu, og nær önnur þeirra inn í Mýrasýslu. Önnur línan er frá Stórakroppi um Revkholt, Stóra-Ás í Hálsasveit að Bjarnastöðum í Hvítársíðu, en hin línan er frá Hesti fram Lundarreykjadal. Var upphaflega ætlast til þess, að línan næði fram að Hóli í Lundarreykjadal, með tilliti til þess, að símastöð á Hóli gæti komið að notum bæði fyrir Lundarreykjadal og Skorradal, þar sem aðeins er mjór háls á milli þessara dala. Annars er, ef um það er að ræða að leggja línuna með hagsmuni Lundarreykjadals eins fyrir augum, ef til vill heppilegra að hafa endastöðina á Lundi, því að þar er samkomuhús og fundastaður sveitarinnar og kirkja, og þess vegna hefði verið heppilegra að ákveða stöðina þar, en þar sem ennþá er óákveðið, hvort þannig skuli lögð ein lína um báða dalina eða báðir dalirnir komast í sjálfstætt símasamband, þá hefi jeg ráðið það af að láta þetta óákveðið, enda nægur tími að taka ákvörðun um þetta, þegar til þess kemur að framkvæma verkið.

Það er sameiginlegt fyrir þessar sveitir, að þær eru nú með öllu símasambandslausar, nema að símastöð er á Grund í

Skorradal, næstneðsta bænum í dalnum. Vegalengdin frá Hesti að Lundi í Lundarreykjadal er um 12 km., en dálítið lengra að Hóli. Kostnaður áætlaður 8500 kr., auk kostnaðar við flutning á efni, sem hlutaðeigandi sveitir sæju um.

Um hina línuna, sem er frá Stórakroppi, um Reykholt, Stóra-Ás í Hálsasveit að Bjarnastöðum í Hvítársíðu, er það að segja, að 3 hreppar koma til með að hafa not af henni, sem sje Reykholtshreppur, Hálsasveit og Hvítársíða. Hvað Hálsasveit snertir, þá er eins ástatt um hana og Lundarreykjadal, að þar er slæmt vegasamband, ljelegir vegir. Þessi hreppur liggur upp til fjalla og á erfitt með allar samgöngur og á líka mjög erfitt með að ná til síma. Um Hvítársíðuna er það að segja, að meginhluti hennar liggur einnig fjarri símasambandi, og nær bygðin þar fram til jökla, og er henni því mikil nauðsyn, eins og hinum sveitunum, að fá símasamband. Landssímastjóri segir, að þessi vegalengd sje 22 km. og kostnaðurinn sje áætlaður 15500 kr., sem væri sömu skilyrðum bundinn og hin línan.

Um tekjur af þessum símalínum er ekki gott að segja; en jeg hygg þó, að þær yrðu nokkrar; bygðin er mikil þar, sem þær eiga að liggja, og síminn yrði mikið notaður, því að línan frá Stórakroppi að Bjarnastöðum liggur um 3 hreppa, þar sem er mikill ferðamannastraumur, sem mikið myndi nota símann.

Það er alveg eins um þessar línur og hv. þm. S.-Þ. (IngB) sagði, að þær kæmu að miklu haldi fyrir hlutaðeigandi sveitir til að ná í lækni, þar sem hann situr á Kleppjárnsreykjum og læknishjeraðið er afarvíðlent, nær yfir alla Borgarfjarðarsýslu ofan Skarðsheiðar og auk þess efstu hreppana í Mýrasýslu. Er hjer því um miklar vegalengdir að ræða og gæti í mörgum tilfellum komið að góðu liði að ná símasambandi við lækni, þar sem nú þegar er símasamband við læknisbústaðinn.

Um símasamband um Borgarfjörðinn eins og það er nú er það að segja, að Borgfirðingar ofan Skarðsheiðar hafa ekki aðrar línur en aðallínuna til Norðurlandsins, með nokkrum stöðvum á. Aðrar línur er ekki um að ræða, nema línuspotta að læknisbústaðnum.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þessar tillögur og vona, að hv. deild lofi línum þessum að fljóta með inn í símalögin.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla að gera grein fyrir viðaukatillögum okkar þm. N.-M. á þskj. 272, um línu frá Hjaltastað að Kirkjubæ og línu frá Egilsstöðum að Birnufelli.

Jeg skal þó áður leiðrjetta það, sem hv. 2. þm. Skagf. (JS) sagði viðvíkjandi Loðmundarfjarðarsímanum, sem samþ. var við 2. umr. fjárlagafrv. Hann sagði, að þessi sími væri ekki í símalögunum. Þetta er ekki rjett. Hann er þegar kominn í símalögin 1917. Þar er hann talinn 3. flokks símalína. Ástæðan til þess, að við flytjum þessa till., er sú, að á þingmálafundi að Kirkjubæ 18. jan. síðastl. var skorað á Alþingi að veita fje til þessara síma. En þar sem þessar línur eru ekki ákveðnar í lögum, þótti okkur ekki fært að bera fram tillögur um fjárveitingu, en berum þá aftur fram þessa viðaukatillögu við frv. það, sem nú er til umræðu.

Hinar almennu ástæður fyrir þessum tillögum eru þær sömu og fyrir hinum öðrum tillögum, sem bornar hafa verið fram, og fram hafa verið teknar af flm. þeirra, og vil jeg ekki þreyta háttv. deild á því að endurtaka þær. En hvað við-

kemur staðháttum og hinum sjerstöku þörfum og ástæðum fyrir till. okkar, þá vil jeg víkja stuttlega að þeim. Báðar hinar fyrirhuguðu stöðvar eru milli Lagarfljóts og Jökulsár; en alt frá efstu bygð Fljótsdalshjeraðs til sjávar er engin stöð milli þessara stórvatna. Á Kirkjubæ er prestssetur og almennur samkomustaður og fundastaður sveitarinnar. Prestakallið er þrjár kirkjusóknir, sem eru víðáttumiklar og illar yfirferðar vegna vatna og vegleysu. Er því mikil þörf á að ljetta viðskifti prests og safnaða með símasambandi; einnig að greiða fyrir sambandi við lækni.

Hvað viðkemur Birnufelli, þá er þar almennur fundastaður og samkomustaður fyrir Fellahrepp, og stöð þar fjelli mjög eðlilega við þörf sveitarinnar og einnig annara til að ná til þessa svæðis. Jeg tel líklegt, að báðar þessar stöðvar myndu bera uppi kostnaðinn við símalagningar þessar, því að símanotkunin myndi aukast á öllu þessu svæði milli Lagarfljóts og Jökulsár.

Á hinn bóginn eru báðar þessar línur stuttar, ca. 10—12 km. hvor; jeg get ekki sagt nánar um það, þar eð hvorug leiðin hefir verið mæld. Kostnaðurinn myndi verða 6—8 þús. kr., auk flutnings, sem hlutaðeigandi hreppar myndu annast, eftir því sem áætlað er um aðrar línur, miðað við vegalengdir.

Skal jeg svo ekki frekar fjölyrða um þetta. Vænti, að hv. deild sjái, að sjálfsagt sje að hafa stöðvar á þessu stóra svæði í miðju hjeraði, og þess vegna sje eðlilegt, að þessar tillögur, ásamt hinum öðrum tillögum, sem fyrir liggja, nái fram að ganga.

Þórarinn Jónsson: Jeg vil með örfáum orðum minnast á þetta mál, sem upphaflega var borið fram af mjer. Mjer hefir þótt hv. samgmn. hafa haft þetta mál nokkuð lengi til meðferðar, eða 8 vikur. Verður sá dráttur með einföld smámál naumast annað en víttur, ef ekki á að sæfa málið. Hefir þetta leitt til þess, að fram eru komnar margar nýjar tillögur, meira og minna nauðsynlegar. Vil jeg enn benda á það, sem jeg tók fram í upphafi, að undirbúningur þessa máls er alveg sjerstæður, þar sem þarna er ákveðið framtíðarfyrirkomulag í heilu hjeraði. Þetta mál hefir í 3 ár verið til álita milli sýslunefndar Húnavatnssýslu og landssímastjóra, og eftir hans tillögum var frv. mitt borið fram, og gat jeg ekki búist við, að nein breyting yrði gerð á þessu. Þetta er alt annað en að taka fyrir stuttar línur um eina eða tvær sveitir, því að það er vitanlegt, að meira þarf að gera fyrir þær en þetta síðar, og ef til vill kemur það í bága við heppilegra fyrirkomulag, er síðar kæmi í ljós. Þess vegna er hjer ólíku saman að jafna. Jeg tek þetta fram vegna ummæla hv. þm. Borgf. (PO), sem taldi sjálfsagt, að ef símalögin væru opnuð á annað borð, þá mætti alveg eins samþykkja tillögur hans, ef nokkuð yrði samþykt. Þó að þessar tillögur sjeu ef til vill ekki komnar fram til þess að drepa málið, þá líta hv. þm. ekki á það, hve þessar tillögur eru misjafnlega vel undirbúnar og hve misjafnan rjett þær eiga á sjer, og væri því leitt til þess að vita, ef þær yrðu til þess að fella þetta frv., sem á fullkominn rjett á sjer. Samt vænti jeg þess, að þótt einhver þessara tillagna falli, þá verði það ekki til þess, að þeir háttv. þm., sem þær ættu, greiði atkv. á móti frv.

Jeg vil ekki vjefengja það, að þessar tillögur sjeu að ýmsu leyti nauðsynlegar, en jeg álít, að það geri ekki svo mikið til, þótt þær komi ekki inn í símalögin nú, því að línur þessar verða ekki svo fljótt

lagðar. Það er alveg víst, að það tekur fjöldamörg ár uns þær verða lagðar. Mjer finst vanta upplýsingar frá hv. frsm. (Kl-J) um það, hve mikla og rækilega áherslu landssímastjóri leggur á það, að frv. verði samþ., og um það, hvort hann álítur, að hinar línurnar eigi að koma inn jafnsnemma. Annars ætla jeg ekki að fjölyrða meira um þetta. Jeg sje, að nefndin hefir tekið upp í brtt. sínar að fella úr gildi lög nr. 26, 20. júní 1923. Jeg gat þess þegar jeg flutti frv., að þetta væri sjálfsagt, þó jeg tæki það ekki upp, því þetta eru einu lögin síðan 1919 um þetta efni, og það því fremur, sem aðeins ein lína er í lögunum frá 1923.

Jeg ætla svo ekki að segja meira um þetta mál. Jeg vona, að hv. deild lofi frv. mínu að lifa, og það því fremur, sem hv. samgmn. telur það á rökum bygt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Af öllum hinum mörgu brtt. við frv. það, sem hjer liggur fyrir, sjá menn það greinilega, hve mikil þörf er fyrir síma og hve mikil löngun manna er á þessu landi til þess að fá hann. Mjer þykir vænt um, að hv. deild fær nú að sjá þetta. Jeg hefi mikið fundið til þess undanfarið, hve mikið hefir verið beðið um síma og hve mikil rök hafa jafnan verið fyrir þeim beiðnum.

Það er nú komið það lag á, að í fjárlögum hvers árs er tekin upp ákveðin upphæð til símalagninga, og stjórnin velur um, hverjar línur sje nauðsynlegast að leggja fyrst.

Nú er það af hinum stærri línum línan um Barðastrandarsýslu og línan frá Vík í Mýrdal til Hornafjarðar, sem einkum beinist athyglin að. Meðan þessar línur eru ólagðar, má búast við því, að ekki verði mjög mikið lagt annarsstaðar. En þegar þessar línur eru búnar, þá ætti að vera tóm til lagningar minni lína. Þess vegna lít jeg svo á, að verði þessar línur, sem hjer eru til umræðu, samþyktar, sje um einskonar fyrirheit að ræða um það, að þessar línur verði lagðar síðar. Jeg get því ekki verið á móti þeim, því að þær verða fyr eða síðar lagðar, og jafnvel enn fleiri línur. Jeg sje, að þótt þær verði feldar nú, þá verði síðar samþykt að taka þær upp. Er því engin ástæða til þess að vera á móti því að taka þær upp í símalögin nú þegar, því að með því er ekkert um það sagt, hvenær þær verði lagðar, enda eru í eldri lögum línur, sem ólagðar eru ennþá.

Það gildir alt annað um síma en um þjóðvegi, því að með því að taka einhvern veg upp í þjóðvegatölu fylgir skylda til þess að gera hann vel reiðfæran og að halda honum við á kostnað ríkissjóðs. En með því að taka upp símalínu er aðeins það sagt, að hún verði lögð þegar Alþingi veitir fje til þess. Þess vegna legg jeg ekki móti neinum af þessum tillögum, þótt mjer annars blandist ekki hugur um það, að þær eigi misjafnan rjett á sjer, en jeg treysti síðari tímanum til þess að leggja þær línur fyrst, sem rjettlátast er að sitji fyrir.

Greiði jeg því atkvæði með öllum þessum tillögum.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg vil byrja með því að taka það fram, að jeg býst við, að það sje rjett, að þessar nýju símalínur eigi ekki allar jafnan rjett á sjer. Þar kemur til kasta landssímastjóra að gera upp á milli þeirra. Hæstv. atvrh. skýrði frá því, að í ráði væri að leggja sem fyrst línuna í Barðastrandarsýslu og á sínum tíma línuna frá Vík í Mýrdal til Hornafjarðar. Það mun vera meiningin, að Barðastrandarlínan verði lögð þegar

að sumri, en hvað snertir línuna Vík—Hornafjörður, á hún að leggjast á þrem árum. Mun það vera meining hæstv. ráðherra, að flestar línur verði að bíða þangað til þessar tvær línur eru fullbúnar. En það eru margir aðrir orðnir langeygðir eftir framkvæmdum á þessu sviði, og þar á meðal ekki síst þeir, sem eiga línur ákveðnar í ritsímalögum, sem þó hafa ekki verið lagðar enn. Og jeg álít, að það megi ekki dragast að leggja sumar af þessum línum, einkum afdalalínurnar, þangað til báðum þessum stóru línum er lokið.

Háttv. aðalflm. mintist á það, að þetta mál hefði verið lengi á leiðinni í nefnd. Það er satt, en ástæðan er sú, að samgmn. hefir fundi á morgnana frá 10—12 og getur ekki haft þá á öðrum tímum, vegna þess að nefndarmenn eru bundnir við önnur störf. Hinsvegar er heilsu landssímastjóra svo farið, að hann getur ekki sótt fundi nefndarinnar á morgnana, og varð hún því að halda aukafundi til þess að geta haft tal af honum; en eins og jeg hefi tekið fram, voru örðugleikar á því. Af þessum ástæðum hefir þetta nú dregist svona lengi. En hvort það hefir haft mikil áhrif á það, að brtt. hefir fjölgað, það tel jeg mjög vafasamt. Hv. flm. brtt. hafa nú talað fyrir þeim, og álít jeg erfitt að gera upp á milli þeirra. Jeg skal þó geta þess, að þeim till., sem nefndin mælir með, hefir landssímastjóri mælt með; en hinum hefir hann að minsta kosti ekki mælt með, þó hann hafi ekki lagst á móti þeim. Ennfremur skal jeg geta þess, að jeg hefi nú, eftir að þessi fundur byrjaði, átt tal við landssímastjóra í síma, og hefir hann tjáð mjer, að hann geti verið meðmæltur þrem fyrstu till., á þskj. 227, 228 og 271, og skal jeg nú minnast á þær hverja fyrir sig og ekki vera langorður. Hv. 2. þm. Skagf. (JS) flytur vatill. á þskj. 227, um nýja línu að Selnesi á Skaga, og hefir hann nú gert grein fyrir henni. Hv. þm. (JS) skýrði frá því, að af þeim 4 leiðum, sem landssímastjóri hefði talið, að um væri að velja, gætu 2 ekki komið til mála, vegna þess að þær lægju um óbygð svæði og ófær. Hinar tvær, sem hv. þm. telur færar og að álitamál geti verið um, eru frá Sauðárkróki að Tindastóli, sem mun vera um 35 km. og kostnaður um 21 þús. kr., eða frá Kálfshamarsvík að Skagatá, sem er um 36 km. og kostnaður áætlaður um 25500 kr. Landssímastjóri hefir hinsvegar ekkert um það sagt, hverja leið skuli velja, með því að það sje alveg órannsakað enn.

Þá er vatill. á þskj. 228, og hefir hv. þm. Borgf. (PO) skýrt frá henni og tekið fram, að landssímastjóri leggi til, að línan verði lögð frá Hesti og fram Lundarreykjadal, en að hitt verði ákveðið síðar, í samráði við hlutaðeigandi hjeraðsstjórnir, hvort endastöðin verði á Hóli eða Lundi. — Viðvíkjandi hinni línunni, sem hv. þm. Borgf. fer fram á, að lögð verði fram í Hvítársíðu, hefir hann upplýst, að þarna er mikil þörf á síma, vegna þess, hve hjeraðið er afskekt. Nefndin er því samþykk, að þessar línur verði lögteknar.

Sama má segja um línur þær, sem hv. þm. S.-Þ. (IngB) fer fram á á þskj. 271. Það er skiljanlegt, að menn, sem búa í afskektum afdalahjeruðum, hafi mjög brýna þörf fyrir síma.

Allar þessar beiðnir um nýjar símalínur sýna það hvorttveggja mjög vel, bæði hve þörfin er víða mikil og svo hitt, hve vænt mönnum alment þykir um þetta ágæta samgöngutæki. Og það er ekki nema eðlilegt, að óskir komi fram í þessa átt. —

Viðvíkjandi símalínum þeim, sem hv. þm. S.-Þ. fer fram á, hefi jeg skilið landssímastjóra svo, að engin kostnaðaráætlun hafi enn verið gerð um þær. Sjálfur hafði hv. þm. (IngB) það eftir honum, að línan frá Ljósavatni fram Bárðardal mundi kosta um 15 þús. kr. og línurnar undir b- og c-lið á þskj. 271 um 20 þús. kr. Jeg skal geta þess, að jeg hefi átt tal við landssímastjóra um þessar línur, og leggur hann til, að línurnar undir b- og c-liðum í brtt. frá hv. þm. S.-Þ. verði settar saman í eitt sem lína fram Fnjóskadal, og vænti jeg þess, að hv. þm. hafi ekki neitt á móti því, að þessu verði breytt þannig að vilja landssímastjóra.

Þá kem jeg að síðustu viðaukatill., á þskj. 272, frá hv. þm. N.-M. (ÁJ og HStef). Hv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir talað fyrir henni og lýst nauðsyn þess að fá síma á þessum svæðum. Jeg skal geta þess, að um þetta hafa engin skrifleg gögn legið fyrir nefndinni, en jeg hefi heyrt, að nú væri búið að ráðstafa línu frá Egilsstöðum að Birnufelli, og ætti þá till. að vera óþörf, en um það getur væntanlega hv. 1. þm. N.-M. betur sagt.

Jeg skal taka það fram, að það er auðvitað ekki meining mín á nokkurn hátt að mæla á móti línunni frá Þórshöfn til Skála, enda er hún í lögunum frá 1923. Hún er nú orðin 3 ára gömul í lögunum og ætti að öðru jöfnu að ganga fyrir.

Jeg vil svo enda mál mitt með því, að jeg treysti því fastlega, að hæstv. stjórn og landssímastjóri vinni að því að koma þeim línum, sem samþyktar verða, í framkvæmd svo fljótt sem verða má og eftir því sem nauðsyn er til. Og jeg vil skjóta því til hæstv. atvrh., að það er hreint ekki rjett að draga á langinn að leggja þær línur, sem ákveðnar hafa verið með lögum, og jeg vil leyfa mjer að skora á hann að taka ritsímalögin til gagngerðrar endurskoðunar og koma fram með breytingar á þeim eftir að leitað hefir verið umsagnar hlutaðeigenda. Það gæti orðið til þess að spara umr. á þingi um þetta á næstunni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skildist á hv. frsm. (KlJ), að hann legði þá meiningu í orð mín, að ekki ætti að leggja neinar nýjar símalínur fyr en þessum tveim stóru línum væri lokið. Það var auðvitað ekki meiningin. Heldur hitt, að meðan þær væru ólagðar gæti tæplega verið að ræða um miklar aðrar framkvæmdir í þessu efni, en það fer auðvitað eftir því, hvað þingið sjer sjer fært að veita mikið til símalagninga. Jeg skal geta þess, að í sumar verða lagðir talsvert margir smáspottar. Næst verður svo tekin þessi stóra lína í Barðastrandarsýslu sumarið 1927.

Út af því, sem hv. frsm. (KlJ) skaut til mín, hvort það væri rjett að endurskoða ritsímalögin, þá er jeg í dálitlum efa um það. Jeg held sem sje, að það verði besta endurskoðunin, að þm. komi með till. sínar og landssímastjóri segi svo álit sitt um þær. Jeg er hræddur um, að ef sýslunefndir og sveitarstjórnir væru spurðar ráða um þetta, þá mundi koma nokkuð mikið af beiðnum.

Ingólfur Bjarnarson: Jeg skal taka það fram, að jeg er mjög fús til að breyta orðalagi till. minnar á þá leið, sem hv. frsm. (KlJ) benti mjer á, að væri ósk landssímastjóra. En jeg skal geta þess, að mjer kom dálítið á óvart, að brtt. mín skyldi að orðalagi til koma í bága við vilja hans. Jeg ætlaði einmitt að orða

hana í samræmi við það, sem mjer skildist á brjefi hans til hæstv. stjórnar, að vera mundi að hans skapi. Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr brjefinu, þessu til skýringar. Þar segir svo:

„Og verði línur þessar teknar inn á ritsímalögin, álít jeg heppilegast, að línurnar eða stöðvarnar verði ekki bundnar við ákveðna bæi, heldur ákveði landssímastjóri það á sínum tíma, í samráði við viðkomandi hjeraðsstjórnir. — —“

Og síðar segir hann, þar sem hann talar um kostnaðinn:

„Lína frá Laufási að Víðivöllum í Fnjóskadal og frá Hálsi að Fjósatungu mundi auk flutnings kosta um kr. 20 þús. úr 4 mm. einföldum járnvír. —“

Þetta bendir til, að landssímastjóri hafi ætlast til, að línurnar yrðu 2 um Fnjóskadalinn, og þess vegna orðaði jeg brtt. mína þannig. Það var einmitt meiningin, að brtt. gengi í þá átt, sem landssímastjóri lagði til. En sem sagt, eftir því, sem nú er fram komið, hefi jeg ekkert á móti því að breyta þessu, og mun jeg því leggja fram skriflega brtt. við mína fyrri till., um að í stað b- og c-liða koma: Lína um Fnjóskadal.

Jeg held, að það hafi svo ekki verið annað, sem jeg þurfti að athuga, og vil jeg leyfa mjer að afhenda forseta þessa till.

Halldór Stefánsson: Út af því, sem hv. frsm. (KlJ) sagðist hafa heyrt, að búið sje að ráðstafa línunni frá Egilsstöðum, skal jeg segja það, sem við þm. N.-M. vitum um það. Þegar samningar stóðu yfir milli stjórnarinnar og hjeraðsbúa, gerðu Fellamenn það að skilyrði fyrir því, að þeir yrðu með, að þeir fengju línustúf um leið. En jeg veit ekki til, að hægt hafi verið að verða við þessum óskum þeirra. Við höfum talað við hæstv. landsstjórn og ekki fengið góð svör um þetta. Það er þess vegna ekki líklegt, að hægt sje að gera Fellamönnum þessa úrlausn til þess að fá þá í samtökin. Annað veit jeg ekki um þetta mál.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið. Jeg vildi aðeins beina þeirri spurningu til hæstv. atvrh., hvort hann lítur svo á, að þær línur, sem nú verða samþyktar hjer, eigi að ganga fyrir þeim, sem síðar koma. Jeg fyrir mitt leyti álít, að svo eigi alls ekki að vera, heldur eigi að fara eftir þeirri nauðsyn, sem á þeim er. Jeg er alls ekki að mæla á móti þessum till., en mjer þykir undarlegt, að hv. nefnd sje að rokka frá sínum fyrri till., og virðist svo sem hv. frsm. (KlJ) hafi átt í einhverju baktjaldamakki eftir að þessi fundur byrjaði. Eiginlega finst mjer hv. frsm. alls ekki hafa talað fyrir hönd nefndarinnar, enda upplýsti hann það sjálfur, að hann hefði fengið nýja vitrun eftir að fundur byrjaði. Það er ekki ný bóla, þegar komið er fram með breytingu á þessum lögum, að fleiri koma á eftir, alveg eins og heilt fjall losni við það, að litlum steini er komið á stað. — Annars væri æskilegt, að alt símakerfið væri athugað í heild, og ætti hæstv. stjórn að gangast fyrir því. Um þetta atriði vildi jeg einnig fá yfirlýsingu frá hæstv. atvrh.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg tók það fram áðan skýrt og greinilega, að jeg lít svo á, að þó að þessar símalínur, sem frv. ræðir um, verði samþyktar nú, þá væri ekki þar með ákveðið, hvenær eða í

hvaða röð þær yrðu lagðar. Jeg hafði þannig áður svarað því, sem hv. þm. (HK) spurði um.

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg skal ekki þreyta hv. deild á langri ræðu. Hv. þm. Barð. (HK) sagði, að jeg hefði rokkað frá því, sem samþykt hefði verið á fundi samgmn. Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (HK) hefir komið á fund nefndarinnar í morgun; hann var þar ekki þegar jeg kom, og þá var búið að bóka það, sem þar gerðist, og hygg jeg, að hann geti ekki sagt, að jeg hafi rokkað frá því. Landssímastjóri hefir nú gefið nýjar upplýsingar um ýms atriði, og gerir það nokkurn mun. Það er að nokkru leyti rjett hjá hv. þm., að nefndin hefir óbundnar hendur. Mjer virtist hv. þm. Barð. vera því meðmæltur, að lögin yrðu tekin til athugunar og endurskoðunar í heild, en hæstv. atvrh. óttast, að þá mundu koma fram of margar beiðnir. Þetta getur verið, en jeg vildi þó mælast til þess, að hæstv. stjórn skrifaði þetta bak við eyrað og athugaði, hvort það væri ekki rjett. Mjer er ekki kunnugt um, hvernig ástatt er með línuna frá Egilsstöðum að Birnufelli; jeg hefi ekki átt tal við landssímastjóra sjálfan um þetta, en var sagt af öðrum, að þeirri línu mundi þegar vera ráðstafað. Annars hefir ekkert skriflegt legið fyrir samgmn. um þetta og hún ekki haft tækifæri til að kynna sjer málið, og vildi jeg því mælast til þess, að hv. flm. taki brtt. aftur til 3. umr.

Hákon Kristófersson: Það eru aðeins örfá orð. Jeg vil benda á það, að meiri hl. samgmn. átti fund í morgun, en jeg varð að fara burtu og átti því ekki þátt í því, sem þar gerðist.

Viðvíkjandi því, að það sje alls ekki ákveðið, hvenær línurnar verði lagðar, þó þær verði samþyktar nú, skal jeg geta þess, að ef svo er, þá sje jeg ekkert á móti því að samþykkja þær.

Þórarinn Jónsson: Út af ummælum hv. þm. Barð. skal jeg segja það, að jeg veit ekki, eftir hverju á að fara, ef ekki eftir því, hvenær nauðsynin knýr þessar línur inn í lögin. Jeg held, að svo verði að líta á, að því fyr sem það verður, því nauðsynlegri eru þær.

Þá vil jeg víkja ofurlítið að öðru. Mjer skildist það á hæstv. atvrh., að það hlyti að dragast að leggja 3. flokks línur, því að það þurfi að leggja aðrar línur. En ef því væri fylgt fram, sem símalögin ákveða, að leggja 3. flokks línur fyrir tekjuafgang símans, þá mætti leggja margar 3. flokks línur líka. Jeg álít, að hægt hefði verið að leggja meiri áherslu á þessar línur en gert hefir verið, því hitt hefir verið venjan, að taka ekkert tillit til þessa lagaákvæðis.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil aðeins geta þess, að orð mín í dag voru sögð út frá þeim hugleiðingum, að ekki væri brugðið frá venju undanfarinna ára, að leggja ekki símalínur fyrir meira fje en til þeirra er veitt í fjárlögunum. Það er kunnugt, að tekjuafgangur símans hefir verið tekinn til þess að borga með skuldir, en aldrei verið farið með hann samkvæmt símalögunum. Jeg hefi skilið nál. fjvn. svo, að ekki yrði tekið lán til línunnar frá Vík til Hornafjarðar. Jeg skil þess vegna ekki í ræðu hv. þm. V.-Húnv., sem jafnframt er frsm. fjvn.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (verður þskj. 293) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 293 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 271,a samþ. með 17:2 atkv.

— 271,b—c sjálffallnar.

— 272 (fyrri málsl.) samþ. með 13:5 atkv.

— 272 (síðari málsl.) tekin aftur.

— 228,a—b samþ. með 13:3 atkv.

— 227 samþ. með 14 shlj. atkv.

— 210,1 samþ. með 19 shlj. atkv.

Frvgr. (verður 1. gr.), svo breytt, samþ. með 18:5 atkv.

Brtt. 210,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., fimtudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A 294, 309, 311, 332, 338).

Frsm. (Klemens Jónsson): Jeg skal fara nokkrum orðum um brtt. þær, sem nú eru að koma fram á síðustu stundu. Jeg held það væri mjög gott fyrir hv. deild, ef hún gæti losnað sem fyrst við þetta mál; annars er hætt við, að streymi hingað enn inn nýjar brtt. um að fjölga símalínum. Þeim hefir rignt niður, svo að það er komið heilt flóð af talsímalínum, svo hætt er við, að þær drukni allar og að staurarnir sökkvi í kaf áður en þeir verða reistir. Jeg hygg það væri gott, ef hægt væri að binda nú enda á málið og koma því sem fyrst til Ed.

Fyrst vil jeg minnast á till., sem hv. þm. Barð. (HK) flytur, um nýja línu frá Bíldudal að Selárdal. Það liggja ekki fyrir upplýsingar um, hvað sú lína er löng, en aftur á móti upplýsingar um það, að hún muni kosta 15 þús. kr. Landssímastjóri leggur með því, að þessi lína verði tekin inn í ritsímalögin með því móti, að hjeraðið annist flutning efnis og leggi auk þess fram 5 þús. krónur af kostnaðinum.

Um þær línur, sem búið er að samþykkja í hv. deild, og tvær aðrar hefir landssímastjóri ekki tekið það fram, að viðkomandi hreppsfjelag skyldi leggja fram ákveðna upphæð, heldur að ráðgert væri, að viðkomandi sveitarfjelag ætti að leggja fram einhvern hluta af kostnaði, sem þá þætti hæfilegur a. m. k. ⅓ hluti. Um leið og jeg tek þetta fram, að landssímastjóri hefir ákveðið hjeraðinu 5 þús. kr. af kostnaði línunnar, þá verð jeg að taka það fram fyrir hönd nefndarinnar, að hún álítur sjálfsagt að láta það sama ganga yfir þessa línu og aðrar línur, að þetta hjerað eigi að borga hæfilegt tillag eins og önnur, en að það sje alls ekki bundið við ákveðið verð; því að það stendur ekkert sjerstaklega á um þessa línu. Jeg veit, að dæmi eru til um, að tillagið sje mismunandi, en þá af sjerstökum ástæðum.

Næst er brtt. á þskj. 311, frá hv. þm. Str. (TrÞ), um að leggja línu frá Sandnesi að Drangsnesi, 11 km. Þar myndi einföld lína nægja eins og víðar, og áætlar landssímastjóri kostnað við hana 10 þús. kr., auk flutningskostnaðar. Landssímastjóri hefir ekkert að athuga við, að línan sje tekin inn í símalögin, en bætir við, að búast megi við, að nokkuð lengi verði að bíða þangað til hún verði lögð. En þetta er í fullkomnu samræmi við það, sem sagt var við 2. umr., að þess verði nokkuð langt að bíða, að þessar línur, sem nú eru komnar í lögin, komi til framkvæmda.

Þessi lína á að sæta sömu skilyrðum og aðrar línur, að hlutaðeigandi hjerað leggi fram, auk flutnings, eitthvað tillag til þessarar línu.

Þar sem landssímastjóri hefir lagt með línunni, þá finst nefndinni eðlilegt, að hún sje tekin upp í ritsímalögin og vill mæla með því.

Þá er brtt. frá hv. þm. Árn., sem fer fram á þrjár nýjar línur: Frá Torfastöðum til Geysis, frá Mosfelli að Laugarvatni og frá Mosfelli að Laugarási. Fyrst nefnda línan er 20 km. og myndi kosta að sögn landssímastjóra um 15 þús. kr., auk flutnings á efni. Önnur línan, frá Mosfelli að Laugarvatni, er 13 km. og myndi kosta um 5900 kr.

Eins og kunnugt er, er búið að ákveða af sýslunefnd Árnessýslu, að Laugarvatn verði skólasetur fyrir hjeraðsskóla. Og með tilliti til þess teljum við nauðsynlegt, að þessi lína verði lögð. Landssímastjóri mælir með, að svo verði gert, og samgmn. er því sömuleiðis meðmælt.

Þá er síðasta línan. Laugarás er læknissetur í Árnessýslu og lengd línunnar er 5½ km. Áætlaður kostnaður er 4 þús. kr., auk flutnings á efni. Um þessa línu segir landssímastjóri, að hana mætti fult eins vel kalla notendalínu frá Mosfelli; því að mjög fáir mundu sækja símastöðina að Laugarási. Þess vegna telur hann rjett að veita einhvern styrk til línunnar, en hún sje fullkomlega hjeraðsins eign, eins og læknisbústaðurinn er, og hjeraðið annist því viðhaldið. Landssímastjóri leggur á móti því, að línan verði lögð á landsins kostnað, en telur rjett að veita nokkurn styrk, eins og jeg gat um, og er samgmn. honum sammála um þetta, og leggur því til, að tvær fyrri línurnar verði samþyktar, en ekki síðasta línan. Samkvæmt þessu vil jeg mælast til þess við hæstv. forseta, að þessar línur verði bornar upp hver í sínu lagi, eða a. m. k. síðasta línan sjer.

Þá hefir á síðasta augnabliki, í fundarbyrjun, komið fram brtt. frá hv. þm. N.-Þ. (BSv), um að bæta við línu frá Skógum að Skinnastöðum. Samgmn. hefir ekki haft tækifæri til að ráðgast um þessa tillögu, nje heldur hafa henni borist nein skjöl eða skilríki þessu viðvíkjandi, hvorki um lengd hennar nje kostnað, og ekki heldur hefir hún heyrt álit landssímastjóra um hana. Vona jeg, að hv. þm. (BSv) geri sjálfur grein fyrir tillögu sinni, en jeg býst við, að svo framarlega sem hv. þm. (BSv) hefir í höndum yfirlýsingu frá landssímastjóra um, að hann sje henni meðmæltur, muni samgmn. láta hana sæta sömu meðferð og hinar tillögurnar, sem landssímastjóri hefir mælt með. Eftir ritsímakortinu að dæma, sem jeg hefi hjer fyrir framan mig, virðist þessi leið vera mjög stutt, en sem sagt vænti jeg þess, að hv. þm. N.-Þ. gefi sjálfur allar upplýsingar þessu viðvíkjandi.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg þarf aðeins að segja örfá orð, til þess að gera grein fyrir brtt. minni á þskj. 311, þar sem farið er fram á, að bætt sje við nýrri línu frá Sandnesi að Drangsnesi. Jeg þakka hjer með hv. samgmn. fyrir að hafa fallist á hana, og jeg þarf engu að bæta við það, sem hv. frsm. (KlJ) hefir sagt, en jeg geng út frá, að hið sama verði látið ganga yfir þessa línu og aðrar, sem landssímastjóri hefir mælt með. Þarna er um stutta leið að ræða, en mjög er bagalegt að hafa ekki síma í Drangsnesi, því að þar er um allstórt útvegspláss að ræða, sem er í allmiklum uppgangi, enda hefir legið fyrir erindi frá 24 útgerðarmönnum um fjárveitingu í þessu skyni, og eru þar leidd rök að því, hversu nauðsynlegur

sími sje á þessum stað. Jeg bar þetta fram í fjvn., en þar sem hún gat ekki fallist á það, taldi jeg vonlítið að koma fram með sjerstaka tillögu um það utan nefndarinnar. Auk þessara áskorana hafa oftar en einu sinni verið samþyktar áskoranir um þetta efni á þingmálafundum. Skal jeg svo ekki orðlengja þetta frekar, en vænti hins besta af hv. deild.

Magnús Torfason: Jeg leyfi mjer að þakka hv. samgmn. fyrir góðar undirtektir við brtt. okkar þm. Árn. um línu frá Torfastöðum til Geysis og aðra frá Mosfelli að Laugarási. Að því er línuna frá Torfastöðum til Geysis snertir, skal jeg geta þess, að hún er fyrst og fremst gerð fyrir ferðamenn. Það er langt síðan landssímastjóri hefir hugsað sjer, að þessi lína yrði lögð. En viðvíkjandi línunni frá Mosfelli að Laugarvatni, þá er hún, eins og hv. frsm. (KlJ) tók fram, meðfram sett af því, að þarna á að koma hjeraðsskóli, og er enginn vafi á, að Laugarvatn verður fjölsóttur gististaður á sumrin, þegar skólinn er kominn, því að þarna er landslag eitt hið fegursta á landinu. En hvað snertir línuna frá Mosfelli að Laugarási, skal jeg skýra frá því, að landlæknir hefir mælt mjög ákveðið með þeirri línu, en þar sem landssímastjóri hefir lagt á móti henni, munum við þm. Árn. fallast á, að hana beri fremur að skoða sem sjerstaka hjeraðslínu, þó að þarna sje reyndar ferja austur yfir Hvítá. En hvað sem því líður, vil jeg hjer með leyfa mjer að taka þessa síðustu tillögu aftur.

Benedikt Sveinsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. við talsímakerfið á þá leið, að bætt verði við línu frá Skógum að Skinnastöðum. Eins og hv. frsm. (KlJ) tók fram, er þessi leið mjög stutt. Jeg get reyndar ekki sagt fyrir víst, hversu löng hún er, en jeg hugsa, að hún sje hjer um bil 6 km. Það, sem veldur því, að nauðsynlegt er að bæta við þessari línu, er það, hvernig síminn liggur nú. Hann liggur inn með botninum á Öxarfirði, yst í bygðinni, og er hann einn þáttur hinnar löngu línu frá Húsavík til Vopnafjarðar. Nú hagar svo til, að Jökulsá fellur þarna til sjávar, en stöðin liggur þannig, að áin rennur báðum megin við hana, og er oft ófært að stöðinni öðrum megin, og stundum jafnvel báðum megin. Skinnastaðir liggja ofan við þessar kvíslir, og er því miklu hægra fyrir allan efri hluta Kelduhverfis að sækja síma þangað.

Jeg hefi skrifað landssímastjóra um þetta og hann taldi á því engin tormerki. Leiðin er stutt og engar torfærur nema árkvíslirnar. En þótt þær sjeu oft illar yfirferðar, þurfa þær ekki að vera því til fyrirstöðu, að sími sje lagður þar yfir.

Þessar smábrtt., sem nú hafa verið teknar saman í frvgr., hafa sætt svo góðum undirtektum, að jeg vona, að svo verði einnig með þessa brtt. mína, þar sem ekki geta komið fram neinar mótbárur frá landssímastjóra, eftir því sem hann talaði við mig. Einnig býst jeg við, að hjeraðsbúar verði fúsir á að leggja fram hjálp sína með því að flytja að staura og annað, sem til þarf.

ATKVGR.

Brtt. 338 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 309 samþ. með 20:1 atkv.
— 311 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 332, tveir fyrri liðir, samþ. með 23 shlj. atkv.
— 332, síðasti liður, tekin aftur,

Frv., svo breytt, samþ. með 18:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., föstudaginn 16. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 353).

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil aðeins óska þess, að frv. verði, að þessari umræðu lokinni, vísað til samgöngumálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 8 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. maí, var frv. tekið til 2. u m r. (A. 353, n. 432).

Frsm. (Einar Árnason): Frv. þetta er hingað komið frá hv. Nd. og er einskonar samsafn af till. frá ýmsum hv. þm., og er þar gert ráð fyrir símalagningum í 13 sýslum. Mest eru þetta aukalínur út frá aðallínunum til sveita. Samgmn. þessarar hv. deildar hefir ekki sjeð ástæðu til annars en að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Sjer hún enga ástæðu til að gera upp á milli lína þeirra, sem nefndar eru í frv. Held jeg, að mjer sje óhætt að fullyrða, að landssímastjóri hafi fengið þær allar til umsagnar og að orðalag 1. gr. sje ákveðið í samráði við hann. Allar þessar línur kosta vitanlega stórfje, en auðvitað líða mörg ár áður en flestar þeirra verða lagðar, og það því fremur, sem enn eru ólagðar margar línur í eldri símalögum. Flestar þeirra verða auðvitað lagðar á undan þessum viðbótum. Vona jeg, að hv. deild leyfi þessu máli að hafa greiðan gang.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 533).

---

43. Bann gegn botnvörpuveiðum.

Á 55. fundi í Nd., föstudaginn 16. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um viðauka við lög nr. 5, frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum (þmfrv., A. 356).

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 1. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. apríl, var frv. aftur tekið til 1. u m r.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 17 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Jón Baldvinsson): Frv. þetta er flutt af sjútvn. að tilhlutun hæstv. stjórnar og fer fram á það að breyta ákvæðum viðvíkjandi brotum botnvörpuskipa, sem tekin eru í landhelgi fyrir ólöglegan umbúnað veiðarfæra. En eins og segir í frv., þá á sú rýmkun, sem í því felst, aðeins að koma til greina, þegar það er ljóst af öllum atvikum, að skipið hefir hvorki verið að veiðum í landhelgi nje undirbúningur gerður í því skyni, en það er þegar umbúnaður veiðarfæra er ekki löglegur af óviðráðanlegum ástæðum, eða og þar í landhelgi, sem liggur langt frá veiðistöð eða fiskimiðum. En þó rjett kunni að þykja að samþykkja slík ákvæði, verður að framkvæma lögin með hinni mestu varkárni, og tilætlunin er sú, að það sje dómari, er í hvert sinn metur, hvort máli megi lúka samkvæmt þessum lögum eða ekki.

Með frv. þessu eru veiðarfærabrot botnvörpuskipa greind í tvent: brot, sem verða að teljast saknæm, en það er þegar skip eru að hefja undirbúning undir ólöglega veiði í landhelgi o. s. frv., og hinsvegar ósaknæmari brot, þegar svo er ástatt, sem í frv. segir. Verður þá í löggjöfinni sá munur á þessum tvennskonar brotum, að um þau gilda mismunandi sektarákvæði. Fyrir hin saknæmari brot verða sektirnar ákveðnar eftir 2. málsgr. laga nr. 5 frá 1920, en fyrir þau ósaknæmari eftir þessum lögum.

Frv. er komið frá nefnd, og mun það því eftir venju ekki fara til nefndar, og leyfi jeg mjer því fyrir hönd sjútvn. að mælast til þess, að málið verði látið ganga áfram.

Forsætisráðherra (JM): Jeg er þakklátur hv. sjútvn. fyrir að hafa flutt þetta frv. og held, að hún hafi þar gert hyggilega í sínum till. Það er sjálfsagt að halda fast við að hegna fyrir veruleg brot, enda eru ákvæði laganna mjög ströng, líklega einhver þau ströngustu, sem nokkursstaðar eru. En það geta komið fyrir þau brot, sem ekki er rjett að hegna fyrir eftir þeim ákvæðum, sem nú gilda. Það hefir komið fyrir, að bæði útlendir og innlendir togarar hafa verið kærðir fyrir brot, sem eru svo lítil, að þau ættu alls ekki að varða jafnharðri hegningu og lögin ákveða nú. En jeg held, að nefndin hafi gert rjett í því að leggja til, að dómari skyldi ákveða um brotið, hvort það skuli dæmast eftir harðari eða vægari ákvæðum laganna, fremur en láta framkvæmdarvaldið hafa alræði í slíkum sökum. Jeg held, að það sje rjett að fara stranglega eftir botnvörpubannlögunum, því að það er með brot á þeim eins og brot á bannlögunum, þeim á að framfylgja án þess að líta til hægri eða vinstri. En það á að gera greinarmun á brotunum. Og það held jeg, að sje gert sanngjarnlega í frv.

Hákon Kristófersson: Jeg vil aðeins skjóta því til hæstv. forsrh. (JM), hvort hann sem dómsmálaráðherra trúi öllum dómurum landsins til þess að úrskurða samkvæmt þessum lögum svo við megi una og rjettur manna verði ekki fyrir borð borinn.

Forsætisráðherra (JM): Jeg treysti ekki öllum dómurum landsins jafnvel. En það er hægt að áfrýja þessum úrskurðum eða dómum, ef ekki þykir tekið hæfilegt tillit til allra ástæðna.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 17 shlj. atkv

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 24. apríl, var frv. tekið til 2. u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. apríl, var frv. aftur tekið til 2. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., fimtudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 63. fundi í Ed., næsta dag, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 356).

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. u m r.

Björn Kristjánsson: Jeg skal geta þess, að mál þetta hefir verið athugað í sameiningu af sjútvn. beggja deilda, og þess vegna þarf ekki að vísa því til nefndar.

Forsætisráðherra (JM): Háttv. þdm. munu hafa veitt því eftirtekt, að frv. er flutt af sjútvn. beggja deilda í samráði við stjórnina.

Jeg held, að till. sje mjög hyggileg. Eins og lögin eru nú, er ekki gott að gera neinn greinarmun á þeim brotum, sem í raun og veru eru alveg afsakanleg, og hinum, sem óafsakanleg eru. Hjer er bætt úr því, sem ekki var gætt, þá er lögin voru samin, að undanskilja hin „teknisku" brot, ef svo mætti kalla, þar sem það kemur ljóst fram, að tilgangurinn hefir ekki verið sá, að fiska í landhelgi.

Jeg þarf svo ekki að segja meira. Það gleður mig, að fullkomið samkomulag er um breytinguna, og jeg vona, að frv. gangi fljótt í gegnum þessa hv. deild.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. maí, var frv. tekið til 2. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 7. maí, var frv. tekið til 3. u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 534).

44. Sauðfjárbaðanir.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 15. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um breyting á lögum nr. 21, 4. júní 1924 [*Sauðfjárbaðanir*] (þmfrv., A. 28).

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 18. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get að mestu skírskotað til greinargerðar fyrir frv. Þar eru teknar fram þær helstu ástæður fyrir því, að við flm. þessa frv. förum fram á að heimila innflutning á Coopers baðlyfjum. Að við höfum farið þessa leið, að heimila aðeins innflutning á þessari baðlyfstegund, stafar af því, að við álítum, að það geti verið varhugavert að gefa innflutning á öllum baðlyfjum algerlega frjálsan. Þá yrðu baðlyfin, sem inn flyttust, að öllum líkindum mjög misjöfn. En það er svo að kalla lífsskilyrði, að baðlyf þau, er menn nota, sjeu góð og nái tilgangi sínum.

Sú reynsla, sem við höfum fengið af þeirri innlendu baðlyfstegund, sem við höfum notað um tveggja ára skeið, hefir ekki verið góð. Að vísu kalla sumir, að það hafi gefist heldur vel. En aðrir bera mjög á móti, og hygg jeg, að því verði ekki móti mælt, að það hafi víða um landið gefist mjög illa, þó að allrar aðgæslu hafi verið gætt í notkun og verið nákvæmlega eftir þeim reglum farið, sem gefnar hafa verið. Á árangri baðlyfsins hefir verið svo mikill misbrestur, að menn geta ekki lengur unað því að vera þvingaðir til með lögum að nota það.

En um þá baðlyfstegund, sem við tiltökum hjer í frv., er það að segja, að hún hefir hvarvetna þótt gefast mjög vel. Hygg jeg það ekki ofmælt að segja, að flestum, sem notað hafa það hjer á landi, hafi þótt það gefast ágætlega. Reynsla Breta virðist líka benda á það, að baðlyf þessi hafi gefist mjög vel. Á Bretlandseyjum var fram undir stríð meira en helmingur sauðfjár baðaður úr þessum baðtegundum. Og á síðastliðnu ári mun um 70% af sauðfje á Bretlandseyjum (Englandi, Skotlandi og Írlandi) hafa verið baðað úr hinum sömu baðlyfjum, eða 17½ milj. af 25 milj.

Virðist þetta benda á það, að þeir telji það bestu baðefni, sem þeir eiga völ á. Coopers baðlyf eru líka notuð víða um heim.

Það kunna ef til vill að vera skiftar skoðanir um það, hvort þetta er heppilegasta leiðin, sem við höfum lagt til, að farin yrði, að atvrh. veitti undanþágu um innflutning. Við gerum ekki að ágreiningsatriði, hvort fyrirkomulagið verði á þennan veg eða innflutningur á þessum baðlyfstegundum verði gefinn algerlega frjáls. Á hitt leggjum við aðalhersluna, að leyfður verði innflutningur og notkun á baðlyfi þessu, eða þá einhverju öðru, sem menn þykjast alveg öruggir um, að gott gagn sje að.

Háttv. Alþingi hafa borist alvarlegar áskoranir mjög víða af landinu um þetta efni, og jeg hygg þess vegna, að það þurfi ekki að rökstyðja þetta frekar. Vona jeg, að háttv. Alþingi sjái, að hjer er um svo alvarlegt mál að ræða og að ekki dugi að skorast undan að flytja inn góð baðlyf. Ef við getum síðar meir komið baðlyfsgerðinni innlendu í það horf, að því megi fullkomlega treysta, þá fyrst er tími til kominn að banna innflutning útlendra baðlyfja. En meðan svo er ekki, þá segir

það sig sjálft, að það er í mesta máta órjettlátt að banna innflutning góðra erlendra baðlyfja.

Að svo mæltu geri jeg að till. minni, að málinu verði vísað til hv. landbn. að þessari umr. lokinni. Jeg má geta þess, að meinleg prentvilla hefir slæðst inn í greinargerð frv., í seinustu málgrein, „óhægt“ fyrir „óhæft“.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg gat því miður ekki heyrt ræðu hv. aðalflm. (JörB), svo að verið getur, að eitthvað verði hjáleitt, sem jeg segi. En jeg ætla að spyrja hv. flm. um það — og bið velvirðingar, hafi hann tekið það fram — hvort það sje tilætlunin að leyfa að nota *öll* Coopers baðlyf. Þau eru til fjöldamörg, þar á meðal kreólínsbaðlyf, sem ekki er ósvipað því, sem við notum hjer.

Í öðru lagi vildi jeg spyrja, hvernig hv. flutningsmenn hafi hugsað sjer að samrýma þetta við 2. gr. laga frá 1924 um baðlyf, þar sem lagt er fyrir atvinnumálaráðuneytið að láta gera innlent baðlyf til allra baðana í landinu, þrifabaða og annara. Mjer skilst það vera dálítið erfitt að koma því saman að leyfa Coopers baðlyf, öll eða eitt þeirra, en halda þó uppi ákvæðum um það, að búa skuli til innanlands svo mikið af baðlyfi, að nægi til allra baðana. Jeg er hræddur um, að af því leiði talsverðan kostnað, og þótt maður vilji draga nokkuð úr framleiðslunni, þá er erfitt að segja fyrirfram, hve mikið skuli draga úr.

Jeg verð að segja, að mjer þykir það mikið mælt, þar sem stendur í greinargerðinni, að flestir sjeu á einu máli um, að það baðlyf, sem notað hefir verið síðustu árin, hafi reynst ónýtt. Mjer er kunnugt um heilar sýslur, þar sem ekki hefir bólað á neinni óánægju. Það eru fjölmargir menn á þessu landi, sem álíta þetta baðlyf mjög gott. Baðlyfið, sem notað var á síðasta hausti, mun hafa verið með bestu baðlyfjum, sem notuð hafa verið hjer. Þetta er bygt á efnarannsóknum og áliti dýralækna og annara, sem vit hafa á; jeg segi það ekki frá sjálfum mjer, því jeg viðurkenni, að jeg hefi ekki vit á því.

En þar með er ekki sagt, að Coopers baðlyfin sjeu ekki líka góð. Það er ekki ætlun mín að mæla móti þeim, sjerstaklega þó duftinu. Það er nú risin svo sterk alda um að fá að nota Coopers duftið, að jeg hygg, að erfitt verði að standa á móti henni. En ástæðan til þess, að þetta baðlyf hefir ekki verið leyft, er sú, að dýralæknar hafa jafnan lagt eindregið á móti því, að þetta baðlyf væri notað.

Jeg geri ráð fyrir, að þetta mál fari til hv. landbn. Vil jeg mælast til þess við hv. nefnd, að hún athugi frv. nákvæmlega í sambandi við lögin frá 1924. Hygg jeg, að hún komist að raun um, að erfitt sje að samrýma þetta frv. þeim lögum óbreytt.

Einnig vildi jeg mælast til við háttv. nefnd, að hún kalli fyrir sig dýralækni Reykjavíkur, til þess að minsta kosti að heyra, hvað hann hefir að segja um þessi mál. Það álít jeg ekki nema sjálfsagða kurteisisskyldu gagnvart honum, jafnvel þótt nefndin treysti sjer ekki að fara eftir áliti hans.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get tæplega svarað fyrirspurnum hæstv. atvrh. í öllum atriðum fyrir okkur alla flm.; til þess höfum við varla borið okkur nógu vel saman. En jeg get svarað því fyrir mig um innflutninginn, að jeg hefi ekki hugsað mjer, að tilteknar yrðu sjerstakar tegundir, heldur væri heimilt að flytja þær

allar inn. Það er meðal annars vegna þess, að jeg veit til þess, að fjölmargir bændur blanda þessum tegundum saman í notkun. Vel getur verið, að kæmi til mála að setja skorður við innflutningi einhverra Coopers baðlyfja, en þá hygg jeg nokkur vandkvæði á því að velja úr þær tegundir, sem mönnum yfir höfuð fellur best að nota. Því held jeg það vera vissast að hafa þetta algerlega frjálst.

Jeg skal fúslega viðurkenna, að það er ekki hægt fyrirfram að segja um, hve mikið þurfi að búa til af innlendu baðlyfi, ef innflutningur á Coopers baðlyfjum er gerður frjáls, og geta stafað af því vandkvæði nokkur. En hinsvegar hygg jeg, að tæplega verði hægt að gera við slíkum vandkvæðum, nema með því eina móti að segja fyrirfram, hvað mikinn hluta megi flytja inn af erlendu baðlyfi. Út frá því mætti svo reikna, hvað mikið þyrfti að framleiða innanlands. En þetta held jeg myndi skapa óánægju, ef þeir, sem helst vildu nota útlend baðlyf, væru ekki frjálsir að því.

Hitt getur líka vel komið til mála, að breyta löggjöfinni um þetta efni á þann veg, að gefa frjálsan innflutning á þeim baðlyfjum yfirleitt, sem mönnum líkar best, og hætta að búa til baðlyf hjer á landi öðruvísi en til reynslu eða tilrauna, til þess að prófa sig áfram.

Hæstv. atvrh. fanst það ofmælt, að flestir væru á einu máli um það, að baðefni það, er menn hafa notað nú síðustu árin, hafi oft reynst ónýtt. Jeg þekki talsvert til um þetta efni og hefi sjeð skrif um það. Allar þær umræður um þetta mál, sem jeg hefi vitað um, bæði í ræðu og riti, hafa verið alveg einróma um það, að innlenda baðlyfið hafi gefist mjög illa. Þó má reyndar segja, að einstöku menn álíta, að það hafi gefist vel, en hinir eru langtum fleiri, sem telja það alveg ónýtt. Jeg get sagt það með fullri vissu, að þar sem farið var nákvæmlega eftir þeim fyrirmælum, sem gefin eru um notkun baðlyfsins, við sauðfjárbaðanir í vetur, var lúsin lifnuð aftur á fjenu á 5. degi. *(HK*: Hún hefir þá bara aldrei dáið!). Vitanlega hefir hún aldrei dáið, en aðeins fengið sjer blund við baðið og vaknað svona skjótlega til lífsins aftur. En það er öldungis víst, að það var ekki hægt að kenna neinu um í notkun baðefnisins, heldur var það sjálft svona ónýtt. Það hefi jeg einnig heyrt á mönnum og sjeð í skrifum ýmsum, að fjárkláði hafi aukist á sumum stöðum upp á síðkastið. Meðal annara hefir maður nokkur, sem hefir umsjón með sauðfjárböðunum á stóru svæði, haldið þessu fram.

Mjer er kunnugt um, að dýralæknir hefir lagst á móti innflutningi Coopers baðlyfja, en með allri virðingu fyrir honum hlýt jeg að leggja meira upp úr reynslu fjölda bænda, sem hafa notað það með ágætum árangri.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. 2. þm. Árn. (JörB) vill leyfa innflutning á allskonar Coopers baðlyfjum, þar á meðal kreólínsbaðlyfjum, svipuðum þeim, sem nú eru notuð, en ekki eins sterk og þau. En þá finst mjer of langt gengið, ef halda á áfram innlendri baðlyfjagerð og leyfa síðan innflutning á baðlyfjum með samskonar eða svipaðri efnasamsetningu, en sem er verra. Jeg er hv. aðalflm. (JörB) samdóma um, að vel mætti athuga, hvort ekki væri rjett að hverfa alveg að gamla laginu, eða löggilda nokkrar baðlyfstegundir, sem menn væru svo frjálsir að nota eftir eigin vali.

Jeg get ekki fallið frá því, að mjer þykir það ofmælt í greinargerð frv., að flestir sjeu á einu máli um það, að baðefni það, sem menn hafi notað nú síðustu árin, hafi oft reynst ónýtt. Jeg veit ekki betur en að engar kvartanir hafi komið um það, hvorki úr Eyjafjarðarsýslu nje Þingeyjarsýslu. Einnig í Skaftafellssýslunum eru menn yfirleitt mjög ánægðir með þetta baðlyf, en jeg skal viðurkenna, að úr mörgum öðrum sýslum hafa komið kvartanir, þó að í þeim sýslum sjeu líka margir menn, sem halda því fast fram, að þetta baðlyf sje mjög gott.

Jeg veit nú ekki, til hvors flokksins á að taka meira tillit, og álít því best að miðla málum þannig, að leyfa innflutning, einkanlega á einni tegund þessa baðlyfs, duftinu. Með því móti er hægt að gera báðum flokkum til hæfis og lofa hverjum að nota það, sem hann vill.

Halldór Stefánsson: Ástæðurnar fyrir lögunum frá 1924 voru þær, að gerlafræðingur ríkisins og dýralæknirinn í Reykjavík töldu, að hægt væri að fá tryggara og betra baðlyf á þennan hátt en annars. Nú er fengin tveggja ára reynsla, og eftir því, sem jeg veit best, er sú reynsla alls ekki viðunandi. Að vísu er ekki hægt að dæma um árangurinn af síðustu böðun fyr en næsta vor, en á Austurlandi eru menn mjög óánægðir með árangurinn af baðinu í fyrra. Fjöldi manna hefir kvartað undan því, að óþrif hefðu verið á fjenu í vor venju fremur, og þykjast ekki geta öðru um kent en baðlyfinu. Í notkunarreglunum er sagt fyrir, að halda eigi fjenu í baðinu í 3 mínútur. Þó að með því fengist jafngóður árangur eins og á 1 mínútu í sterkara baði, þá má það teljast óhæft. Það lítur helst út fyrir, að hugsunin sje að *drekkja* óþrifunum í baðinu! Það virðist því vera full ástæða til að breyta því skipulagi, sem nú er, en hitt er álitamál, hvað langt skal ganga í því að leyfa innflutning baðlyfja. Sjálfsagt virðist að leyfa innflutning á fleiri en einni tegund. Eðlilegast teldi jeg að afnema lögin og hverfa aftur til þess skipulags, sem var fyrir 1924.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15:2 atkv. og til landbn. með 16 shlj. atkv.

Á 54. og 57. fundi í Nd., dagana 15. og 19. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., miðvikudaginn 21. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 28, n. 138, 143 og 175).

Frsm. 1. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Eins og nál. þau, sem hjer liggja fyrir, bera með sjer, þá hefir landbn. ekki borið gæfu til þess að standa saman um þetta frv., heldur hefir hún klofnað í marga hluta. Þó skal jeg geta þess, að milli 1. og 2. hlutans er ekki svo langt, að sjerstaklega sje orð á gerandi. Við hv. 2. þm. Skagf. (JS) leggjum til, að gerð verði sú breyting á frv., að lögin frá 1924 verði numin úr gildi, en sú breyting gerð á 3. gr. laganna frá 1914, að atvinnumálaráðuneytið löggildi þau baðlyf, er nota á, og ennfremur að heimild verði veitt til þess að nota Coopers duftið. Okkur þykir það hyggilegast að halda þessum lögum með slíkri breytingu, til þess fremur að tryggja, að aðeins góðar baðlyfstegundir verði notaðar. Við styðjum þessa tillögu okkar við óskir og álit margra manna, óskir, sem hafa komið nú í vetur til Alþingis

mjög víða að af landinu. Úr tíu sýslum hafa komið þingmálafundargerðir, og fleiri en ein úr sumum, sem óska beint eftir, að Coopers baðlyf verði leyft að nota. Auk þess hafa svo komið óskir úr nokkrum sýslum um það, að þingið gerði ráðstafanir til þess, að útrýmingarbað færi fram á næstunni. Við höfum ekki sjeð okkur fært annað en að verða við þessum óskum. Það er öldungis víst, að bændum gengur ekkert annað til með þessum óskum og áskorunum til þingsins en að reyna að tryggja sjer þá bestu baðlyfstegund, sem þeir þekkja til. Og jeg held, að það væri ekki rjett gert að synja þeim, því jeg hygg óskir þeirra hafi við mikil rök að styðjast. Jeg teldi það meira að segja fulla ósanngirni.

Viðvíkjandi því, að við háttv. 2. þm. Skagf. (JS) viljum þó ekki gefa allan innflutning frjálsan á baðlyfi, þá er það sökum þess, að við höfum ekki trú á því, að ekki kunni að verða fluttar inn ýmsar tegundir baðlyfja, sem væru ljelegar, en menn ef til vill keyptu og notuðu. Og það væri illa farið. Við teljum sjálfsagt, að þar til útrýmingarbað fjárkláða fer fram, þá sje reynt að tryggja, að þrifaböð fari reglulega fram eins og nú hefir átt sjer stað um nokkurra ára skeið, og jafnframt, að góð baðlyfstegund verði trygð. Og það teljum við, að best sje sjeð fyrir með þessu móti. Jeg skal geta þess, að með algerðu frjálsræði til að flytja inn hvaða baðlyfstegundir sem vera skal, þá er það öldungis víst, að inn verður flutt miklu meira af baðefnum en þörf er fyrir. Þannig var það t. d. áður en þessar skorður voru settar með löggjöfinni 1924, að það voru flutt inn liðug 100 tonn af baðlyfjum. Þetta hefi jeg frá góðum heimildum. En það mun vera í mesta lagi notað árlega eitthvað nær 50 tonnum. Þetta bendir til þess, að verði innflutningur ótakmarkaður, þá verði keypt miklu meira en þörf er fyrir. Jeg treysti mjer náttúrlega ekki til að staðhæfa neitt, en trúað gæti jeg því, að þegar væri farið að liggja með sumar baðlyfstegundirnar, gætu þær skemst við geymsluna. Vitanlega yrði þá reynt að selja baðlyfin á næsta ári, og ef ekki gengi, þá á þar næsta ári. Hóflegur aðflutningur er það mikilvægt atriði, að ekki er rjett að ganga algerlega framhjá því. En meiri líkindi eru til, að ekki verði flutt óhóflega inn, ef vissar baðlyfstegundir eru löggiltar. Annars ber okkur 1. minni hl. og 2. minni hl. ekkert á milli nema það, að 2. minni hl. vill gefa innflutninginn alveg frjálsan, en halda ákvæðinu um skyldubaðanir einungis. 2. minni hl. kemst svo að orði í nál. sínu, að þeir þori ekki að nema úr lögum þetta ákvæði um skyldu til þess að baða, að það myndi geta leitt til þess, að óþrif ykjust og kláði útbreiddist. Jeg er þeim sammála um þetta atriði. En jeg er líka hræddur við það, sem þeir þó ekki óttast, að ýmsar ljelegar baðlyfstegundir verði fluttar inn, ef innflutningur verður gefinn frjáls, og það álít jeg illa farið. Jeg vænti þess því, að fyrir varúðar sakir geti háttv. deild fremur fallist á till. okkar háttv. 2. þm. Skagf.

Viðvíkjandi 3. minni hl. nefndarinnar skal jeg vera stuttorður. Hann hefir trú á því, að aðeins með breyttu skipulagi og betra eftirliti megi ná sama árangri með því að hafa þessa baðlyfstegund eina, sem við höfum notað tvö síðustu árin. Jeg skal ekki staðhæfa neitt um það, hvað breytt skipulag á tilbúningi baðefnisins kynni að hafa í för með sjer. En viðvíkjandi eftirlitinu um sauðfjárbaðanir, þá get jeg upplýst hv. 3. minni hl. um það, að þar, sem jeg þekki til, þá hafa baðanir farið fram

undir ströngu eftirliti nú á síðustu árum, svo að það verður ekki bætt, en þó hefir mjög mikill misbrestur orðið á árangri. Mjer var sagt dæmi um það, að eftir að búið var að baða tvisvar úr þessu baðefni undir góðu eftirliti, hafi samt komið upp kláði. Jeg get einnig gefið þær upplýsingar, að nú fyrir stuttu var mjer sagt, að kláða hefði orðið vart á nokkrum bæjum í Borgarfirði. Að vísu var ekki búið að baða nema einu sinni. Jeg hefi það fyrir satt, að svona sje það víða. Alt þetta bendir á það, að einhver mistök eru með þetta baðefni, hvort sem þau eru viðráðanleg eða ekki. Og jeg held, að þingið geti ekki gengið framhjá þessum atriðum, sem nú eru upplýst. Jeg vænti þess vegna, að hv. deild geti fallist á till. okkar hv. 2. þm. Skagf. Jeg held það sje í alla staði heppilegasta till.

Jeg býst svo ekki við að þurfa að fjölyrða um þetta mál meira. Jeg er búinn að segja frá þeim atriðum, sem mjer finst máli skifta; mun því ekki standa upp á ný, nema sjerstakt tilefni gefist.

Frsm. 2. minni hl. (Árni Jónsson): Jeg skal reyna að skýra svo hlutlaust frá, að ekki verði tilefni fyrir hv. frsm. 1. minni hl. að standa upp. Það er rjett, að það er ekki ákaflega mikið, sem ber á milli. En þó höfum við ekki getað orðið samferða, þrátt fyrir góða samvinnu í flestöllum málum, sem nefndin hefir haft til meðferðar, og góðan huga á að verða samferða.

Eins og hv. frsm. (JörB) gat um, er þetta mál komið fram fyrir áskoranir, sem borist hafa víðsvegar að af landinu. Jeg held hann hafi nefnt 10 sýslur, þar sem skorað var á þingið að löggilda Coopers duftið. Þetta hefir verið allmikið deilumál; en út í það þarf ekki sjerstaklega að fara nú, því að menn eru kunnugir málavöxtum af því, sem fram hefir farið í blöðunum. Eins er mönnum kunnugt um það, að baðlyf það, sem nú er löggilt af atvinnumálaráðuneytinu, er löggilt eftir ráði dýralæknis í Reykjavík. En nú hefir dýralæknir ekki viljað láta löggilda þetta Coopers baðlyf. Það, sem farið er fram á í þessu frv., er það, að þingið fari upp á sína eigin ábyrgð að löggilda baðlyf, sem dýralæknir hefir ekki hingað til viljað löggilda. Hjer er eiginlega komið að þessu ágreiningsatriði, sem nefndin klofnaði á. Því að okkur 2. minni hluta þótti alt of viðurhlutamikið, að Alþingi færi að löggilda þetta baðlyf, þrátt fyrir þessar áskoranir, sem óneitanlega hafa borist, þvert ofan í tillögu þess eina fagmanns, sem við höfum í þessu efni. Og það er því fremur, sem mönnum kemur ekki saman um þetta yfirleitt. Jeg hefi í höndum skilríki, sem jeg get lesið upp, ef þörf gerist. Það eru vottorð víðsvegar að, sem fara í nokkuð aðra átt en það, sem haldið hefir verið fram hjer. Og þess er skemst að minnast, að það var að minsta kosti einn bóndi í landbn., sem ekki hafði eins mikla trú á Coopers duftinu og háttv. frsm. (JörB), en þvert á móti álítur innlenda baðlyfið miklu betra.

Með þessum till. okkar 2. minni hl. er enginn dómur lagður á nothæfi þessara baðlyfja. En með tilliti til þess, að við gerum ráð fyrir, að frv. það, sem er næst á dagskrá, um útrýmingu fjárkláða, nái fram að ganga, þá höfum við álitið eðlilegast að gefa mönnum það alveg frjálst, hvort þeir vilji nota Hreins baðlyf, kreolín, Coopers baðlyf eða hvað annað baðlyf, eftir að fjárkláðanum einu sinni er útrýmt úr landinu og dýralæknir telur, að ekki þurfi lengur löggildingar við. Menn hafa þá þekkingu á baðlyfjum hjer á

landi, að þeim ætti að vera fyllilega trúandi til að nota eingöngu þau, sem sæmileg eru. Mætti þá bera slíka löggildingu saman við það, að löggilda t. d. vissa tegund skeggsápu eða eitthvað því um líkt. Það er engin hætta á, að menn noti ekki sæmileg baðlyf eftir að útrýming hefir farið fram; það er þegar fengin svo mikil reynsla í þeim efnum. Jeg get ímyndað mjer, að Coopers baðlyf yrði mikið notað; því að þótt dýralæknir vilji ekki löggilda það sem kláðabaðlyf, álítur hann það gott þrifabaðlyf.

Hv. frsm. (JörB) var hræddur um, að innflutningur mundi aukast meira en góðu hófi gegndi, ef ekkert væri eftirlit. Ekki er jeg hræddur um það. Jeg held menn hafi ekki tilhneigingu til að birgja sig svo upp af þessari vöru. Hinsvegar er ekki svo mikil hætta, þótt menn lægju með eitthvað. En þar sem hann sagði, að innflutningur hefði verið 100 tonn á ári, þá getur það verið villandi, þegar ekki fylgir meira um það, hvort það var lögur eða duft. Þyngdarmunurinn er óskaplega mikill.

Yfirleitt er mjög leiðinlegt að þurfa að lögbjóða eftirlit með böðunum; því að það er vitanlega til hagsmuna fyrir hvern einasta bónda að sjá vel um böðun sauðfjár síns. En reynslan hefir sýnt, að eftirlits er full þörf.

Mjer heyrðist háttv. frsm. (JörB) vera að tala um það, að kláði hefði gert vart við sig í Borgarfirði, en gat þess jafnframt, að ekki hefði verið nema einbaðað. Þarna kemur fram sá mikli misskilningur, sem hefir ráðið í þessu máli, nefnilega að til væri baðlyf, sem nægilegt væri að einbaða fje úr. Jeg held jeg fari rjett með það, að það baðlyf sje ófundið enn. Þó hægt sje við fyrstu böðun að drepa sjálfan maurinn, þá er ekki hægt að vinna á eggjunum þar með. Annars er óþarfi að fara út í þetta nánar, en ef til vill fremur þegar næsta málið á dagskránni verður tekið fyrir.

Frsm. 3. minni hl. (Hákon Kristófersson): Jeg skal lofa að vera ekki langorður um þetta mál, og sennilega gef jeg ekki háttv. frsm. 1. minni hl. (JörB) ástæðu til að rísa upp úr sæti sínu þessa máls vegna.

Eins og sjá má á nál. mínu á þskj. 175, hefi jeg ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum samferða í þessu máli. Jeg hefi tekið ástæður mínar þar fram, svo að jeg þarf fátt að segja nú.

Það er alkunna, að skoðanir manna á þessu máli eru nærri því eins skiftar og menn eru margir, eða a. m. k. er óhætt að segja eins og hreppar eða sýslur eru margar hjer á landi. Það er eins í þessu máli og öðrum, að hver og einn þykist vita betur en hinir. Reynsla eins bendir í þveröfuga átt við reynslu annars, ef gera má ráð fyrir, að allir segi eftir því, er hver og einn veit sannast.

Þegar böðunarlögin frá 1914 voru sett, þá var það vitanlega ekki af annari ástæðu en að menn fundu til þess, að skeytingarleysi bænda og annara fjáreigenda var svo mikið, að það þurfti nauðsynlega að setja löggjöf til þess að sporna við þeirri eyðileggingu, sem af því getur stafað að baða ekki, hvort sem fjárkláði er á fjenu eða ekki. Lögin hafa mörgum sinnum verið til umræðu síðan. Og rauði þráðurinn gegnum þær umræður hefir einlægt verið það, að framkvæma þyrfti allsherjar útrýmingarböðun vegna fjárkláðans. Jeg fyrir mitt leyti hefi litið svo á, að með nægilegri tryggingu góðra baðlyfja og framkvæmd á böðunum mundi

vera óhætt að slá því föstu, að það mundi duga. Nú sýndi reynslan, að svo varð samt ekki. Þá kom það til athugunar bæði í þinginu og utan þings, hvaða ástæður væru til þess, að árlegt útrýmingarbað kæmi ekki að þeim notum, sem ætla mætti. Jeg held það sje ekki rangt með farið, að sú skoðun varð ofan á hjá æðimörgum, bæði í þinginu og annarsstaðar, að þessi slæmi árangur stafaði af miður góðum baðlyfjum, sem notuð voru til hinna árlegu þrifabaðana. Til þess að koma í veg fyrir, að áframhald yrði á notkun baðlyfja, sem ekki eru nothæf, var horfið að því ráði að koma á fót innlendri baðlyfjagerð, undir því eftirliti, sem álitið var svo tryggilegt, að betri tryggingar í því efni væru ekki líklegar. Með þessu þótti unnið tvent í einu. Í fyrsta lagi von um að fá örugg baðlyf og svo jafnframt að koma baðlyfjagerðinni inn í landið, sem þótti þýðingarmikið atriði. Nú er það alkunnugt, að síðustu árin hefir hin svokallaða Hreins-verksmiðja framleitt þetta baðlyf, sem notað hefir verið á sauðfje í það minsta að miklu leyti nú 2 síðustu árin.

Háttv. frsm. gat þess, að komið hefðu fram óskir úr mörgum sýslum — jeg held hann hafi sagt tíu sýslum, — um að leyfa innflutning á Coopers dufti. Þær óskir eru taldar fram komnar af þeim ástæðum, að menn álíta Hreins baðlyfið miður hæft til böðunar. Mig skortir næga þekkingu til þess að slá því föstu, að þetta sje ósatt. En jeg leyfi mjer að slá hinu föstu, að það er ósannað mál, af þeirri einföldu ástæðu, að hjá mjer og mörgum öðrum hefir þetta baðlyf reynst ágætlega. Mjer er kunnugt um, að einstökum mönnum í ýmsum sveitum hefir reynst það illa, eftir því sem þeir hafa skýrt frá. En það vill svo til, að það mun mega rekja götuna þannig, að hún liggur heim að einhverjum ástæðum, sem koma af óheppilegri meðferð baðlyfsins. Alment mun það ekki hafa verið mönnum kunnugt, að varast þyrfti, að ílátin væru í kulda. Jeg sný því til hv. þm. Mýr. (PÞ), hvort ekki sje rjett með farið, að hann hafi sagt mjer, að svo hafi Hreins baðlyfið reynst í hans hjeraði, að þeir hafi alveg læknað fjárkláða með því.

Hjer er þá ekki nema um tvent að ræða, samsetningu baðlyfsins og notkun þess. Um það fyrra er það að segja, að jeg álít algerlega fráleitt, að mistök eða vanræksla hafi átt sjer stað hjá þeim, sem framleiddu baðlyfið, þar sem líka gott eftirlit var með framleiðslunni. En þá finst mjer þetta hljóta að stafa af mistökum í meðferð baðlyfsins. Hvernig þeim mistökum er háttað, um það vil jeg engu til geta. Þó hygg jeg, að verulegasti þátturinn í þessu sje sá, að athugunar- og ef til vill kæruleysi megi mest um kenna, svo og því, að alment eru menn ekki farnir að skilja nauðsynina fyrir því að baða fjeð rækilega. Jeg vil alls ekki ætla, og hefi enga heimild til þess að segja það, að böðunin hafi verið illa framkvæmd yfirleitt. En að mikil missmíði hafi á þeim verið í einstaka stað, það leyfi jeg mjer að fullyrða.

Hv. frsm. 1. minni hluta (JörB) sagði, að það væri ósk sín og hv. 2. þm. Skagf. (JS) að fá löggildingu á Coopers baðlyfi, og væri það í samræmi við óskir annara. Jeg vænti nú þess, að þessir heiðursmenn taki mjer það ekki illa upp, þó að jeg lýsi því yfir, að jeg held, að trú þeirra á þetta baðlyf sje ekki svo óskeikul, að þeir geti ekki felt sig við að nota annað, því að báðir hafa þeir sagt í mín eyru, að

þeir mundu ekki nota það sjálfir til sauðfjárbaðana. Áður en löggjafarvaldið tók málið þannig í sínar hendur að lögleiða ákveðna tegund baðlyfja, var Coopers baðlyf yfirleitt notað hjer á landi. En hvernig fór? Ekki stöðvaðist fjárkláðinn í landinu fyrir því. Þó nú að þetta yrði lögleitt hjer nú, sem jeg álít ekki að löggjafarvaldið geti gert, nema því aðeins að gefa málið alveg laust, þá er jeg dýralækni alveg ósammála um það, að hinar árlegu þrifabaðanir komi ekki að gagni. Ef þær eru vel framkvæmdar, halda þær ekki einungis fjárkláðanum niðri, heldur útrýma þær honum að fullu með tímanum.

Hv. frsm. 1. minni hluta (JörB) tók fram, að reynslan hefði sýnt galla á Hreins baðlyfinu. En jeg vil benda hv. þm. (JörB) á það, að reynslan sýndi mistök á þessu máli áður en þetta baðlyf kom til sögunnar. Jeg skal viðurkenna, að jeg álít Coopers baðlyf mest bráðdrepandi af þeim baðlyfjum, sem notuð hafa verið á seinni árum, en jeg held það sje svo skaðlegt fyrir ullina, að við getum ekki notað það þess vegna; að því ógleymdu, að fari baðlögur ofan í kind í baðþrónni, mundi það vera mjög hættulegt fyrir líf hennar.

Bæði 1. og 2. minni hluti landbn. hafa horfið að því ráði, að unnið verði að framkvæmdum á næstu árum í þá átt að útrýma fjárkláðanum. Nú lít jeg svo á, að heppilegast sje að láta við svo búið standa þangað til, og þess vegna hefi jeg lagt til, að frv. það, sem hjer liggur fyrir, verði felt. Líka mætti vera, að á þessu tímabili leiddi reynslan í ljós, að Alþingi kæmist að þeirri niðurstöðu að fresta útrýmingarböðunum. Þetta eru aðeins getgátur, sem jeg vil ekki fullyrða neitt um, en ekki ómögulegt að reyndust rjettar.

Það leiðir af sjálfu sjer, að almenn útrýmingarböð hafa mikinn kostnað í för með sjer. Auk þess er jeg sannfærður um, að þó að þessi útrýmingarböð fari fram, verður fjárkláðinn áfram í landinu, svo fremi bændur ekki standa saman um að fylgja málinu.

Jeg hefi bent á, að jeg teldi það vitanlega rjett, að strangara eftirlit væri haft með þessum málum framvegis en verið hefir. Mönnum er yfirleitt ekki kunnugt um, að gæta þurfi sjerstakrar varúðar í meðferð baðlyfjanna. Dúnkarnir eru til dæmis látnir standa úti að næturlagi og lítið um þá hirt. En athugaleysi þetta stafar einungis af því, að menn hafa ekki hugmynd um, að neinnar sjerstakrar varúðar þurfi að gæta með það, að baðlyfið kólni ekki.

Hv. frsm. 2. minni hl. (ÁJ) benti á, að hann gæti lagt fram vottorð frá mörgum mönnum, sem sönnuðu, að Hreins baðlyf hefði reynst ágætlega, og nýlega talaði jeg við mann, sem hafði haft það í útvegum, og fullyrti hann, að það hefði reynst mjög vel. Jeg verð því að slá því föstu, að hjer sje um gott baðlyf að ræða. Engu að síður dettur mjer ekki í hug að halda því fram, að það sje skrök, að mistök hafi átt sjer stað, en þá er ekki um óheppilegt baðlyf að ræða, heldur um óheppilega meðferð á góðu baðlyfi. En það er hægt að koma í veg fyrir þessi mistök nú, þegar menn þekkja orsakir þeirra.

Jeg kæri mig ekki um að fara frekar út í þetta mál og læt mjer í ljettu rúmi liggja, að hvaða niðurstöðu þingið kemst. Jeg hugsa, ef dæma má eftir venjulegum hringlandaskap, að þessi löggjöf, sem reynst hefir vel hingað til, verði úr gildi numin. En þá álít jeg, að gefa eigi frjálst,

hvaða baðlyf eru notuð, en ekki eigi að taka eitt sjerstakt baðlyf út úr og löggilda það.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það er ekki hægt að segja, að gott sje samkomulagið í hv. landbn. um þetta mál. Jeg skal lýsa því yfir, að jeg mun í þessu máli fylgja hv. þm. N.-M. (ÁJ og HStef), af því að jeg er samdóma hv. þm. Barð. (HK) um það, að það sje undarlegt, ef þingið taki eitt sjerstakt baðlyf út úr og löggildi það og segi svo, að hægt sje að löggilda önnur í samráði við dýralækni. Þessu eina þinglöggilta baðlyfi er þá gefin svo mikil viðurkenning, að jeg get ekki verið því fylgjandi. Hinsvegar vil jeg taka tillit til hinna mörgu óánægjuradda, sem heyrst hafa út af því að mega ekki nota Coopers duft. Fjöldi manna um alt land hefir notað það í mörg ár og verið hæstánægður með það. Síðan 1924 er mikil óánægja út af þessu, og gerir hún heldur að magnast en minka, og er það ekki nema eðlilegt, þar sem til voru birgðir af Coopers dufti, sem hægt var að nota 1925. Mjer hafa borist kvartanir úr flestöllum sýslum landsins, nema Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, yfir að mega ekki nota Coopers duftið. Að þessu athuguðu álít jeg, að rjettast sje að gefa baðlyfjaverslunina frjálsa. Að sönnu ber því ekki að neita, að því kann að vera samfara nokkur hætta á, að einhver þau baðlyf verði keypt, sem ættu ekki að vera notuð, en þó hygg jeg, að bændur sjeu mjög varkárir með að kaupa baðlyf, sem þeir þekkja ekki, af því að til eru margar tegundir, sem eru svo þektar, að þeir þurfa ekki að kaupa óþekt baðlyf.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að ræða þetta mál lengur, en aðeins vil jeg taka það fram, að jeg er ósamþykkur hv. þm. Barð. (HK) um, að þrifabaðanir muni uppræta kláða. Hinsvegar veit jeg, að með góðum þrifaböðum má halda honum í skefjum.

Það er erfitt að segja, hvort útrýmingarböð muni koma að tilætluðum notum. En hvað sem því líður, vildi jeg mælast til þess, þeirra vegna, sem eru óánægðir með að geta ekki notað Coopers baðlyf, að þetta frv. gangi fram nú á þessu þingi. Ef á annað borð á að fara að hrófla við baðlyfjalöggjöfinni, er ekki önnur leið fær en sú, að gefa frjálsa baðlyfjaverslunina.

Þórarinn Jónsson: Ræður manna hafa orðið alllangar og þeir virðast ekki hafa tekið nægilegt tillit til þess, sem hæstv. forseti var að minna menn á.

Jeg ætla með fáum orðum að drepa á tillögur hv. landbn. í þessu máli. Hv. 1. minni hluti hennar leggur til, að Coopers baðlyf verði löggilt og að útrýmingarbaðanir fari fram, en hv. 2. minni hluti leggur til, að baðlyfjaverslunin verði gefin frjáls og verði þó haldið áfram skylduböðunum og eftirliti. Hv. 3. minni hluti vill hafa alt óbreytt frá því, sem nú er.

Mjer virðast tillögur hv. 1. minni hluta ekki aðgengilegar. Jeg skal ekki gera lítið úr reynslu annara um Coopers baðlyfið, en jeg skal taka það fram, að jeg hefi líka reynt það baðlyf og vil ekki nota það. Hinsvegar virðast mjer aðfinslurnar gagnvart Hreins kreólíni úr lausu lofti gripnar. Jeg hefi notað þetta kreólín og vil ekki annað. Mjer hefir reynst það ágætlega. En baðlyf þetta er flutt út um land í stórum ílátum og sest til í þeim, og býst jeg ekki við, að það sje hrist upp. Hygg jeg, að þetta sje aðalástæðan til

þess, að þau hafa reynst misjafnlega. En þessi mistök má auðvitað laga. Jeg er því frekast með því að láta alt vera óbreytt, þar til útrýmingarbaðanir verða framkvæmdar.

En sökum þess, að kvartanir manna eru svo almennar, að það kann að vera rangt að daufheyrast við þeim, væri æskilegt, að verslunin væri gefin alveg frjáls. Jeg er ekki eins hræddur við það og sumir virðast vera, að hætta sje á, að skaðlegar tegundir baðlyfa flytjist inn í landið. Menn hafa tök á að vinsa úr það, sem best hefir reynst.

Það er mikið gert af því úti um landið að blanda saman baðlyfjum. Þetta álít jeg hættulegt og varasamt, enda hefir dýralæknir tjáð mjer, að hann hafi illan grun á því. Þetta getur líka valdið því, hvernig farið hefir. Annars skal jeg taka það fram, að jeg er eindregið með því, að útrýmingarbaðanirnar verði lögákveðnar. Þá yrðu betri tök á að halda kláðanum niðri með almennum þrifaböðum á eftir.

Frsm. 1. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg stóð aðallega upp til þess að leiðrjetta misskilning og mun ekki verða langorður. Í brtt. sínum leggur 1. minni hluti til, að þær baðlyfjategundir verði notaðar, sem stjórnarráðið löggildir í samráði við dýralækni. En aðeins þessa einu tegund, Coopers baðlyfið, viljum við lögákveða, sökum þess, að dýralæknir hefir ekki fengist til þess hingað til að mæla með þeirri tegund, en við hinsvegar þykjumst hafa við svo mikið að styðjast, að við hikum ekki við að leggja þetta til, þar sem komið hafa eindregnar áskoranir um það úr 10 sýslum landsins. Jeg vænti þess, að mönnum skiljist, að dýralæknir muni leggja til, að fleiri baðlyfjateg. verði notaðar og að stjórnarráðið muni samþykkja löggilding þeirra baðlyfjategunda. Að við tókum þessa einu baðlyfstegund út úr, var því einungis af því, að við óttuðumst, að ef við ekki gerðum það, yrði sú tegund ekki löggilt.

Annars vil jeg taka það fram viðvíkjandi ummælum, sem fram hafa komið bæði frá hv. frsm. 2. minni hluta (ÁJ) og hæstv. atvrh. (MG), að svo fremi tillögur hv. 2. minni hluta verða samþyktar og hæstv. atvrh. leggur blessun sína yfir þær, stendur opin leið að nota þetta forboðna baðlyf (Coopers duft), sem mönnum finst svo óviðfeldið. Með því er tilgangi okkar náð, svo að við getum sætt okkur við það. En eins og jeg tók fram áður, álít jeg betur fara, að ekki sje heimilt að flytja inn hverjar þær baðlyfstegundir, er mönnum dytti í hug að kaupa, því að þá er altaf hætta á, að ekki verði valdar þær bestu tegundir, sem völ er á. En til þess að þær tegundir sjeu valdar, tel jeg um það mikla tryggingu, ef dýralæknir er látinn ráða, því að hann leggur varla til, að keyptar sjeu þær baðlyfstegundir, er ekki koma að notum. En það, sem hann hefir á móti Coopers baðlyfi, er það, að hann álítur, að það skemmi ullina. Aftur á móti telja bændur, að þrif í fjenaði verði betri, ef það baðlyf er notað. Og vilji bændur taka á sig þau kaup, eiga þeir að fá að ráða því.

Jeg skal svo ekki tefja hv. deild frekar með umræðum um þetta mál. En þó vil jeg með nokkrum orðum víkja að því, er hv. frsm. 2. minni hl. (ÁJ) sagði um fjárbaðanir í Borgarfjarðarsýslu. Jeg gat þess áður, að bændur í Dalasýslu hefðu tvíbaðað fje sitt og vandað til böðunarinnar, og þrátt fyrir það hefir komið þar upp kláði. En jeg sje ekki ástæðu til að

svara hv. frsm. 3. minni hlutans, því að hann hefir sjerstöðu í þessu máli, þar sem hann vill láta alt sitja við sama, sem nú er. Við fjórir nefndarmenn erum á móti því, en á hitt leggjum við ekki sjerstaka áherslu, hvort notað er Coopers baðlyf eða einhver önnur tegund, eða aðrar tegundir, því að það finst okkur ekki miklu máli skifta. *(HK*: Jú, það skiftir einmitt máli).

Jeg þykist þá hafa drepið á flest atriði þessa máls og nenni ekki að eltast við fleira. En þess vil jeg þó geta, að mjer þótti vænt um ræðu hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ), þar sem hann vildi koma á útrýmingarböðunum og að við gerðum nú einu sinni alvarlega tilraun til þess að losna við fjárkláðann.

ATKVGR.

Brtt. 143,1 (ný frvgr., verður 1. gr.) samþ. með 16:2 atkv.
— 138,1.a—c sjálffallnar.
— 143,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 14:2 atkv.
— 143,3 (ný fyrirsögn) samþ. með 16:2 atkv.
— 138,2 sjálffallin.

Frv. vísað til 3. umr. með 15:5 atkv., með fyrirsögninni:

Frv. til laga um afnám laga nr. 21, 4. júní 1924, og breyting á lögum nr. 58, 30. nóv. 1914 [*Sauðfjárbaðanir*].

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 24. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 401).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 58. fundi í Ed., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 60. fundi í Ed., þriðjudaginn 27. apríl var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Frv. þetta er komið frá Nd., var flutt af allmörgum hv. þm. þar og var í byrjun þess efnis, að þá eina breytingu skyldi gera á baðlyfjalöggjöfinni, að nota mætti hið svonefnda Coopers duft án löggildingar. En í neðri deild tók það þeirri breytingu, að bændur sjálfir mættu ráða, hvaða baðlyf þeir notuðu. Vegna þessa eru úr gildi numin lög nr. 21, 4. júní 1924, og ennfremur ýms ákvæði laga nr. 58, 30. nóv 1914, um þrifabaðanir. Þessu máli er þannig varið, að utan af landi hafa komið mjög sterkar raddir um að mega nota Coopers duft. Hafa margir svo mikla trú á þessu baðefni, að þeir telja það hið eina örugga. Þess vegna var frv. í byrjun eins og jeg hefi þegar tekið fram. En jeg og fleiri gátum ekki sætt okkur við þetta. Við vildum ekki taka eitt baðlyf út úr og leyfa notkun þess ólöggilts, ekki síst þar sem það að áliti dýralæknis er ekkert betra en mörg önnur. En til þess að þurfa ekki að ganga á móti þessum sterku óskum, sem jeg gat um, var ekki annað ráð betra en að gefa baðlyfjaverslunina frjálsa, og að því ráði hvarf neðri deild. Vildi jeg því mælast til, að þessi háttv. deild gerði það líka, því jeg býst við, að það yrði geysimikil óánægja, ef ekki verður leyft að nota Coopers duftið.

Jeg veit ekki, hvort landbúnaðarnefnd hjer í deildinni hefir unnið með landbúnaðarnefnd Nd. í þessu máli. Hafi hún ekki gert það, þá vænti jeg, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 401, n. 515).

Frsm. (Ágúst Helgason): Það mun vera sjaldgæft, að jafnalmennar kröfur hafi borist þinginu um að breyta lögum eða afnema eins og nú um lögin frá 1924 um sauðfjárbaðanir.

Hið innlenda baðlyf, sem þau lög fyrirskipa að nota eingöngu, hefir reynst miður en til var ætlast. Að vísu eru til menn, sem telja þetta baðlyf nýtilegt, en öllum almenningi hefir reynst það ónýtt, ekki einu sinni getað unnið á færilúsinni, auk heldur á kláðamaurnum. Kláðinn hefir aukist að mun í sumum hjeruðum landsins síðan farið var að nota þetta innlenda baðlyf.

Bændur eru nú orðnir svo vanir sauðfjárböðunum og búnir að fá svo mikla reynslu í að nota ýmsar tegundir baðlyfja, að þeim ætti að vera trúandi til að velja sjer þá baðlyfstegund, sem þeim hefir reynst best, og jeg er í engum vafa um, að það er hollast að láta þá sjálfráða um það.

Hepnist það, að gera innlent baðlyf samkepnisfært að gæðum og verði við erlendar baðlyfjategundir, ætti að sjálfsögðu að nota það. En eins og nú standa sakir, vil jeg mæla fast með því, að bændur verði látnir sjálfráðir um valið, eins og ætlast er til með þessu frv., og vil jeg því eindregið leggja til, að frv. verði samþ. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 564).

---

45 Bæjargjöld í Reykjavík.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 31. mars, var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á lögum nr. 36, 1. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík (þmfrv., A. 261).

Á 43. fundi í Ed., þriðjudaginn 6. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 10 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Frv. þetta er borið fram eftir tilmælum fjrh., og er tilætlunin með því að koma á samræmi milli laganna um fasteignaskatt til ríkissjóðs og bæjargjalda í Reykjavík.

Í lögum um fasteignaskatt til ríkissjóðs eru þau hús, sem nefnd eru í frumvarpinu, undanþegin fasteignaskatti. Er því tilætlunin með frv. að undanþiggja

þau líka skatti til bæjarsjóðs, því að það er aðeins lítilfjörlegur tekjumissir fyrir bæinn. En hinsvegar virðist óeðlilegt, að ríkið borgi bænum fasteignaskatt af sínum húsum, þegar það hefir undanþegið hús bæjarins þessum skatti til ríkissjóðs. Eins og bent er á í greinargerð frv., getur þetta orðið mjög stórt atriði fyrir einstöku byggingar, þegar stórhýsi rísa hjer upp. Þannig yrði það mjög tilfinnanlegt fyrir landsspítalann, og getur beinlínis orðið því til fyrirstöðu, að hjer verði reistar veglegar kirkjur, og væri leitt, ef það gæti orðið því til fyrirstöðu.

Frv. þetta er komið frá nefnd, og sje jeg því ekki ástæðu til, að því verði vísað til nefndar. Leyfi jeg mjer því að leggja til, að það fái að ganga áfram nefndarlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., fimtudaginn 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., laugardaginn 10. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Björn Kristjánsson: Rjett í þessu barst fjhn. brjef frá stjórn Elliheimilisins í Reykjavík, þar sem hún fer fram á, að Elliheimilið verði undanþegið húsa- og lóðaskatti, eins og t. d. spítalar, kirkjur, alþingishúsið o. fl. Þetta brjef kom svo seint, að jeg hafði ekki tíma til að kalla nefndina saman til að ræða um þetta; en jeg hefi talað við tvo nefndarmenn hjer við hlið mjer, og eru þeir samþykkir því, að þetta verði gert. Það liggur í hlutarins eðli, að það er sjálfsagt, að heimili þetta, sem lifir á gjöfum einstakra manna og er líknarstofnun í fyllsta máta, njóti sömu rjettinda og áður greindar stofnanir.

Þar sem ekki var tími til að gera prentaða brtt. um þetta, leyfi jeg mjer að koma með skriflega brtt. Vænti jeg, að hv. þm. samþykki hana í einu hljóði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (verður þskj. 312) leyfð og samþ. í e. hlj.

Brtt. 312 samþ. með 12 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 50. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 313).

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 12. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13:1 atkv. og til fjhn. með 13 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Nd., föstudaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 313, n. 498).

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Fjárhagsnefnd gat ekki orðið sammála um þetta frumvarp. En svo er ástatt, að svo stutt er síðan nefndin fjekk málið til meðferðar, að minni hlutinn hefir ekki haft tíma til þess að koma fram með þær brtt., sem hann ætlaði að flytja, nje heldur nál.

Í frv. þessu er farið fram á það, að undanþegnar sjeu fasteignagjaldi í bæjarsjóð kirkjur, skólahús o. s. frv. En jeg get ekki fallist á, að slíkt sje rjettmætt, því þetta gjald er í raun og veru rjett að skoða sem gjald fyrir unnin verk, sem bærinn lætur framkvæma í þágu húseigenda. Það er því alt öðru máli um þetta gjald að gegna en fasteignaskatt þann, sem ríkið tekur. Það er beinn skattur, en ekki gjald fyrir unnin verk, og hlýtur því að fara eftir öðrum reglum. Það er því mjög ósanngjarnt af ríkinu að ætlast til þess, að bæjarsjóður sleppi þessu gjaldi að því er kemur til opinberra stofnana. Jeg vil fyrir hönd minni hl. óska þess, að málið verði tekið af dagskrá og sú breyting á því gerð til samkomulags, að fasteignagjaldið skuli að vísu falla niður að því er kirkjur snertir, en ekki af öðrum opinberum byggingum, svo sem frv. fer nú fram á. Þetta býð jeg fyrir hönd minni hl. — ekki af því, að ekki þurfi að vinna ýms verk fyrir kirkjurnar, svo sem sóthreinsun o. fl. En af því mjer er kunnugt um það, að frv. er fram komið einkum vegna gjaldsins af kirkjunum, vil jeg gera þessa tilslökun til samkomulags. En að öðrum kosti verð jeg neyddur til þess að greiða atkv. á móti frv. Þess vegna leyfi jeg mjer enn að fara fram á það, að hæstv. forseti taki málið út af dagskrá, svo að tími vinnist til að koma að breytingartillögu.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Meiri hl. fjhn. leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt. Það er engin sanngirni í því að skoða þetta fasteignagjald sem endurgjald fyrir sóthreinsun, salernahreinsun, sorphreinsun etc., eins og hv. minni hluti vill halda fram. Enda sjá allir, hve fjarri slíkt er öllum sanni, þegar t. d. verður að greiða í fasteignagjald af alþingishúsinu einu 1800 krónur á ári. Ef hjer væri um að ræða borgun fyrir sóthreinsun o. s. frv., þá hygg jeg, að margur mundi vilja taka það að sjer fyrir auk heldur 600 kr., svo að það nær engri átt, að þetta sje ekki nema hæfilegt gjald fyrir unnin verk. Auk þess ber líka að gæta að því, að bæjarsjóður hefir mikið óbeint hagræði af þeim húseignum, sem hjer er um að ræða, þar sem t. d. er mentaskólinn, kennaraskólinn, stýrimannaskólinn — og landsspítalinn, þegar hann kemur upp. Eftir gjaldinu af alþingishúsinu ætti fasteignagjald af landsspítalanum að verða a. m. k. 5 þús. kr. á ári. Slíkt nær engri átt og verður nýrra bragða að leita. Og til þess er þetta frv. fram borið. Það er sem sje ljóst, að hjer er blátt áfram um skatt í bæjarsjóð að ræða, sem ríkinu er alveg óskylt að greiða. En sýni það sig, að vatnsskatturinn, sem bærinn leggur á, sje ekki nægur til þess að endurgjalda bænum það, sem hann leggur fram vegna þessara húseigna, þá er ekki annað en fela ríkisstjórninni að semja um borgun fyrir það. Nú verður t. d. að greiða 1 þús. kr. á ári í fasteignagjald af dómkirkjunni. Sennilega þarf að hreinsa reykpípurnar tvisvar á ári. Sorphreinsun mun ekki vera til muna mikil og salernahreinsun kemur ekki til. Jeg held, að þúsund krónur sjeu heldur ríflег borgun fyrir að hreinsa reykpípur kirkjunnar tvisvar á ári! Nei,

það er vitanlegt, að þetta gjald er einn af þeim háu, beinu sköttum, sem Reykjavíkurbær leggur á sína borgara. En það er ekki sanngjarnt, að ríkisstofnanir, sem bærinn hefir kannske fyrst og fremst hagnað af, skuli verða að sæta slíku strandhöggi sem raun ber vitni. Úr því á frv. að bæta.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg skoða það sem hreina vangá, að það ákvæði skyldi ekki vera sett í lögin um bæjargjöld í Reykjavík að undanþiggja þær stofnanir fasteignagjaldi, sem undanþegnar eru fasteignaskatti í ríkissjóð. Af því leiðir, að ýmsar stofnanir, sem bærinn á, greiða engan fasteignaskatt til ríkisins, en tilsvarandi eignir ríkisins verða að greiða fasteignagjald til bæjarsjóðs. Nú hafa verið hjer fyrir þinginu lög um bæjargjöld í Vestmannaeyjum, og í þeim lögum er svo ákveðið, að þær eignir, sem undanþegnar eru fasteignaskatti til ríkissjóðs, skuli heldur ekki greiða fasteignagjald í bæjarsjóð. Það er ekkert annað en fyrirsláttur að halda því fram, að þetta gjald sje greitt til þess að standast kostnað við salernahreinsun, sót- og sorphreinsun. Að vísu er það rjett, að þau gjöld fjellu niður sem sjerstök gjöld, er lögin um bæjargjöld í Reykjavík voru sett. En eins og hjer hefir verið tekið fram, þá er ekkert hæfilegt hlutfall milli þess kostnaðar og fasteignagjaldsins. Þannig er salernahreinsun engin í þessum húsum, sem hjer ræðir um, sökum þess að þau salerni, sem þar kunna að vera, eru alt vatnssalerni, og borgun fyrir hreinsun á þeim felst þá í vatnsskattinum. Þá er sóthreinsun, sem mun fara fram eitthvað tvisvar á ári og, eins og áður var tekið fram, kostar aðeins örfáar krónur. Og loks er það þá sorphreinsunin, en við þau hús, sem hjer er um að ræða, fellst víst heldur lítið sorp til, og þó það sje hreinsað burt einu sinni á viku, þá er kostnaður við það hverfandi lítill. Hjer er ekki farið fram á neina breyting á vatnsskattinum. Hann er nú 3—4‰ af dýrleika fasteignanna, og svo hár, að bæjarsjóður ætti að vera vel haldinn, þótt ekki fengi hann neitt meira.

Það hefir komið í ljós, að það eru ekki gjöldin af þeim húsum opinberum, sem hjer hafa þegar verið reist, sem gefið hafa tilefni til þess, að þetta frv. er fram komið, heldur er það einkum borið fram með tilliti til þeirra bygginga, sem stendur til að gerðar verði, og þá einkum landsspítalans, sem ráðgert er að kosti ca. eina miljón króna. Eftir því er líklegt, að á hann muni leggjast ca. 10 þús. kr. árlegt gjald framvegis, því ekki er líklegt, að næsta fasteignamat, sem fer fram 1930, verði neðan við kostnaðarverð. Einnig stendur til, að söfnuður einn hjer í bænum láti gera kirkju, sem kosta mun um ½ miljón króna og ætti þá að koma 4 þús. kr. fasteignagjald, eftir því sem nú er. Þetta eru upphæðir, sem verða mjög tilfinnanlegar fyrir byggingar, sem ekkert gefa í aðra hönd og eingöngu eru líknarstofnanir eða reistar til almenningsþarfa. Það virðist því sjálfsagt, að fasteignagjald í bæjarsjóð fari eftir sömu reglum og fasteignaskattur í ríkissjóð hvað þessar stofnanir snertir.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Jeg held eins og áður fast við það, að þetta fasteignagjald sje algerlega ósambærilegt við fasteignaskatt, því fasteignaskatturinn er ekki miðaður við neinar framkvæmdir, heldur er það beinn skattur. En fasteignagjaldið er miðað við

ákveðin verk, sem bærinn lætur vinna. Og með lögunum hafa verið feld niður ýms slík gjöld, sem áður voru greidd sjerstaklega, svo sem sóthreinsunargjald o. fl. En svo er enn fleira, sem bærinn verður að annast og borga, t. d. fráræsla. Það er ekkert sjerstakt gjald lagt á húseignir vegna fráræslu. *(Fjrh. JÞ*: Jú, holræsagjald). Ja — menn eru að vísu látnir greiða eitthvað fyrir að koma leiðslunni frá húsinu og út í aðalleiðsluna, en ekkert árlegt gjald. Og viðhaldið á öllu þessu kostar bæinn árlega stórfje. Enn má nefna götuhreinsun, sem víða annarsstaðar er kostuð beinlínis af húseigendum sjálfum. Svo það eru ekki aðeins þau sjerstöku gjöld, sem hafa verið afnumin, sem bærinn verður að bera, heldur ýmislegur kostnaður annar. Jeg játa, að sú breyting, sem hjer er farið fram á, geti komið til mála hvað snertir kirkjur. En hvað viðkemur spítölum, þá er það miklu meiri kostnaður, sem bærinn hefir af þeim, og engin sanngirni að leggja þann kostnað allan á bæjarfjelagið, er leiðir af slíkum stofnunum, sem vitanlega eru notaðar af fólki víðsvegar að. Það er því fullkomin ósanngirni og yfirgangur af hálfu Alþingis að beita slíku gagnvart bæjarfjelaginu.

Magnús Jónsson: Jeg held, að það sje fjarri sanni, að það hafi stafað af vangá, að þessi ákvæði, sem frv. þetta felur í sjer, fjellu burt úr frv. um bæjargjöld í Reykjavík, er það var hjer fyrir þingi síðast. Þetta var einmitt talsvert mikið rætt þá. Þá voru feld niður ýms sjerstök gjöld, svo sem sótaragjald, salernahreinsunargjald og sorphreinsunargjald, sem voru áætluð um 150 þús. kr. En þessi skattur nemur um 160 þús. kr. á ári, eða mjög nærri sömu upphæð. Þannig voru þessi mörgu sjerstöku smágjöld tekin í eitt, og jeg man, að jeg vildi, að það yrði beinlínis tekið upp í bæjargjaldalögin, að þau verk, sem þessi gjöld voru áður greidd fyrir, yrðu eftirleiðis kostuð af bænum. Nú er það augljóst, að ef ríkið vill fara að draga undan eitthvað mikið af sínum fasteignum að því er til fasteignagjalds í bæjarsjóð kemur, þá verður það að vera alveg gagnkvæmt, því vitanlega borgar bærinn fasteignaskatt til ríkisins, einkum af lóðum og löndum. Jeg veit ekki, hve mikið það gjald er. En það er áreiðanlega mikið.

Háttv. frsm. meiri hl. (JAJ) reyndi að sýna, hve fjarri sanni það væri, að þetta gjald væri greitt fyrir unnin verk, með því að benda á það gjald, sem greitt væri af alþingishúsinu og dómkirkjunni. Það er rjett, að þetta gjald er æðihátt, og þannig er það líka af sumum einstakra manna húsum. En það kemur af því, að það ráð hefir verið tekið að jafna gjaldinu niður með tilliti til fasteignamatsverðs húsanna, á líkan hátt og rafmagnstaugar í stór hús eru reiknaðar miklu dýrar en í smáhús, vegna þess að miðað er við verð húsanna. Og þegar þessi gjöld koma í eitt, þá kemur rjett upphæð út. Það dugir því ekki að taka út úr einstök stórhýsi og segja, að gjaldið sje of hátt, enda þótt það mætti fá mann til þess að verka reykháfana í því fyrir lægra verð o. s. frv. Því þá yrðu það aftur litlu húsin, sem ekki fengjust hreinsuð fyrir það verð, sem nú er greitt þeirra vegna. Ef nú verða feld undan þessu gjaldi einhver stórhýsi, þá þýðir það það, að það verður að semja gjaldstiga þennan upp að nýju.

Jeg skil ekki almennilega, hvernig hv. meiri hl. nefndarinnar hefir komist inn á að blanda vatnsskattinum hjer við; jeg hefi altaf litið svo á, að vatnsskatturinn

væri fyrir vatnið og að bænum veiti ekki af honum fyrir vatnsleiðsluna. Nú alveg nýlega hefir verið framkvæmd stórkostleg endurbót á vatnsleiðslunni til bæjarins, og hefir af því leitt meðal annars lækkuð brunatryggingargjöld. En ef hægt væri að komast af með vatnsskattinn einan af opinberum byggingum, þá ætti það að vera hægt hvað snertir önnur hús líka, og sjá allir, hvaða fjarstæða slíkt er. Eins og hv. frsm. minni hl. (JakM) gat um, þá skal jeg ekkert hafa á móti því, að þetta frv. verði afgreitt, ef ekki er farið út fyrir það, sem til var stofnað í byrjun. Upphaflega tilefnið til þess var, að óskað var eftir því vegna dýrrar kirkjubyggingar, sem söfnuður einn hjer í bænum ætlar að koma hjer upp, og er ætlast til, að sú kirkja og aðrar verði undanþegnar þessum skatti, enda er það yfirleitt æskilegt, að slíkar byggingar geti orðið skrautlegar og fagrar, miklu meir en önnur hús, sem meir eru ætluð sem almennar vinnustofur, og sem menn ekki hafa efni á að byggja þannig. Þessi söfnuður kveinkar sjer við að greiða þessi miklu gjöld, en það er of langt gengið að taka margar byggingar undan þessum sköttum. Jeg vildi taka undir ósk hv. frsm. minni hl. (JakM), að málið væri tekið út af dagskrá, því að jeg hjelt, satt að segja, að þetta væri frv. það, sem hv. þm. Barð. (HK) flutti, og bjó mig því ekki út með nein gögn viðvíkjandi þessu máli.

Forseti (SigurjJ): Jeg sje ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá, nema meiri hl. nefndarinnar finni ástæðu til þess.

Klemens Jónsson: Meiri hl. nefndarinnar finnur enga ástæðu til þess,

Jón Baldvinsson: Hæstv. fjrh. (JÞ) taldi það alveg meiningarlaust, að ríkissjóður greiddi þessi háu gjöld af byggingum sínum í Reykjavík, en hv. samþingismaður minn (JakM) hefir svarað þessu nægilega, en mig langaði til að láta þann fjármálaráðherra, sem var hjer seinni hluta þings 1924, svara núverandi fjrh. (JÞ). Sá hæstv. ráðh. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Mjer þykir rjett að gera hv. þdm. grein fyrir, hverra hagsmuna ríkissjóðsins hjer sje að gæta í þessu máli. Allshn. hefir útvegað sjer upplýsingar í því skyni að sjá, hve miklu þetta munaði ríkissjóðinn, og komist að þeirri niðurstöðu, að með þessum breytingum myndu bæjargjöldin af húsum ríkissjóðs hækka úr 12700 kr. upp í 14900 kr., og getur það ekki kallast mikið. Nú á það sama við um ríkissjóðinn og einstaka menn, sem hús eiga hjer í bænum, að hann hefir sinna hagsmuna að gæta að því er snertir það, að slökkviliðið bæjarins og slökkvitækin sjeu í lagi, og með því að bærinn hefir nú nýlega kostað talsverðu til að bæta þetta, þá er það rjett, að ríkissjóður sem húseigandi taki að sínum hlut á sig þá hækkun gjaldanna, sem af þessu leiðir. Frá sjónarmiði ríkissjóðsins sje jeg því ekkert til fyrirstöðu að samþykkja þessa till. um 0.8% gjald af húseignum.“

Þetta segir sá fjármálaráðherra, sem var 1924, og vona jeg, að það sje engin breyting orðin á hugarfari þess manns, jafnvel þótt hann kannske hugsi það, sem þó er ekki víst að verði, að hann losni úr því kjördæmi, sem hann nú er kosinn í, og komist í annað stærra. Vona jeg, að hann sje ekki farinn að hugsa mjög í þá átt, sem fram kom í ræðu hans.

Þá kem jeg að hv. frsm. meiri hl. (JA-

J), er taldi þessi gjöld, sem ríkissjóður verður að greiða í bæjarsjóð Reykjavíkur, alt of há, og tók það til, hvort ekki mætti fá mann til að flytja sorp frá þinghúsinu, heldur en að láta bæjarsjóð hirða slík gjöld fyrir að gera það. Það getur vel verið, að maður fengist til þessa eina verks fyrir lægra gjald en gjöldin eru, en jeg efast um, að ríkissjóður geti fengið þann mann til að sjá um alt það, sem þarf að sjá um fyrir þessa húseign, fyrir það gjald, sem greitt er. En það er rjett, að jeg taki það upp úr þeirri lagagrein, sem við á, svo að hv. þm. sjái, hvað ríkissjóður fær fyrir þetta gjald. Það er úr 2. gr. laganna um bæjargjöld í Reykjavík:

„Af öllum húsum, úr hvaða efni sem eru og til hvers sem þau eru notuð, skal greiða 0,8% — 80 aura af hverjum 100 krónum — af virðingarverði, enda annist bærinn, húseigendum að kostnaðarlausu, sóthreinsun, sorp- og salernahreinsun og ráðstafanir til útrýmingar rottum og gegn eldsvoða.“

Nú kostar slökkviliðið bæinn upp undir 70 þús. kr. Það er viðurkent, að það er í góðu lagi, — og vill nú hv. frsm. meiri hl. (JAJ), vill nú hæstv. stjórn leysa bæinn undan þeirri skyldu að halda slökkviliði í lagi handa húseignum ríkisins? Þora þeir að taka á sig þá ábyrgð að sleppa niður þeim skyldum, sem bærinn hefir gagnvart húseignum ríkissjóðs, fyrir þessi 0,8% í bæjarsjóðinn? Treysta þeir sjer til að gera samninga við einstaka menn um að sjá um að halda slökkviliði í jafngóðu lagi og bærinn, þegar til þyrfti að taka? En jeg sje ekki annað, ef á að fella niður alla skatta til bæjarsjóðs, þá eigi að losa bæjarsjóð við allar skyldur. *(PO*: Vatnsskatturinn er eftir). Vatnsskatturinn er eftir, segir hv. þm. Borgf., en það er svo, að vatnsskatturinn er miðaður við fasteignamat á húseignum, og miðaður við þann kostnað, sem bærinn hefir af sinni vatnsveitu. Vil jeg þá minna á það lán, sem tekið var síðast til hennar; það lán á að borgast upp á 20 árum, og hugsa jeg, að það þyki ekki ósanngjarnt, að þeir, sem eiga að nota vatnið, greiði þetta aftur; það verður varla gert á skemri tíma, þó að bærinn fengi tiltölulega gott lán til að framkvæma verkið fyrir, og vatnsveitan verður að borga það aftur, og einhversstaðar verður að taka peninga til þess, og sje jeg enga sennilegri leið en þá, sem hjer er farin. Svo er heldur ekkert að vita, hvernig snúist verður í þessu máli; kannske einhverjir finni upp á að segja: við getum fengið einhvern mann eða konu til þess að sækja vatn fyrir okkur inn í Elliðaár fyrir miklu lægra verð en bærinn tekur fyrir það. Jeg hugsa, að það komi nei hjá einhverjum, svo framarlega sem hv. þm. láta ríkissjóð hætta að greiða þetta gjald af húsum sínum, og þá verða þeir líka að gera svo vel að undanþiggja Reykjavíkurkaupstað þeim skyldum, sem gjöldin leggja honum á herðar. Það hefir verið talið rjett að hnýta þessu frv. aftan við 3. gr. bæjargjaldalaganna, sem er um það að undanþiggja fasteignir bæjarins þessum gjöldum. En það ætti ekki að vera notað sem ástæða fyrir þessu frv., að bærinn skattleggur ekki sínar eigin fasteignir; það er aðeins til þess að þurfa ekki að vera að reikna á milli, enda væri það ekki annað en að taka úr öðrum vasanum og láta í hinn, að bærinn færi að borga sjer sjálfum. En hinsvegar er það alt annað, að undanþegnar eru þessu gjaldi lóðir og eignir annara ríkja, en ekki hús, vegna þess að gjaldið, sem tekið er af húsum,

er fyrir unnið verk. Hv. 4. þm. Reykv. (MJ) benti á, að það var einu sinni reiknað út við umr. hjer í þinginu, hvern kostnað bærinn hefði vegna húseigna í bænum, og var skatturinn svo miðaður við það, þar með tekið slökkvilið og annað, sem nefnt er í 2. gr. þessara laga. Það er dálítið undarlegt að vera nú að koma með þetta frv.; það er flutt af fjhn. Ed. Alþingis, og langar mig til þess að spyrja hæstv. stjórn, hvort það sje af hennar rótum runnið, hvort það var hæstv. fjrh., sem bað þá nefnd að flytja þetta frv. Það lítur nærri því út fyrir, að hæstv. fjrh. hafi rokið í að semja þetta frv. þegar hann fjekk reikninginn frá bænum í vetur, og væri því nógu fróðlegt að vita, hvort það var hæstv. fjrh., þingmaður bæjarins, sem hefir búið til þetta frv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það var víst misskilningur hjá hv. 4. þm. Reykv. (MJ), að það hafi verið feld niður gjöld til bæjarins, sem námu 149000 kr. þegar fasteignagjaldið var lögleitt. Það mun hafa verið hitt, að borgarstjóri mun hafa lagt fram áætlun um það, hvað það kostaði, sem bæjarsjóður hefði með höndum viðvíkjandi húseignum í bænum. Væri þetta, þá er þar rjett skýrt frá því húsagjaldi. Það mun upphaflega vera áætlað svo, að það samsvaraði þessum fasteignakostnaði, en þar með er ekkert sagt um það, að það væri sanngjarnt að láta kirkjur og sjúkrahús bera þann kostnað eða taka þátt í honum að tiltölu við sitt verð, á móts við önnur hús, sem við þeirra notkun gefa eigendunum arð. Jeg hygg, að það sje rjett hjá mjer, að það hafi verið af vangá, að þessar breytingar voru ekki teknar inn, og jeg held einmitt, að sú vangá hafi komið fram í þeim upplýsingum, sem hv. allshn. hafði útvegað sjer um hækkun á útgjöldum ríkissjóðs. Jeg held, að þess hafi ekki verið gætt í þeim útreikningi, að þessar opinberu byggingar, sem ekki falla undir fasteignaskatt til ríkisins, mundu falla undir þetta fasteignagjald. Það er að minsta kosti svo um nokkuð af þessum byggingum, og líklega þær, sem bera hæst gjöld. Hitt er ekki, að jeg held, nein ástæða til að óttast, að bærinn losni undan slökkviliðsskyldunni fyrir þetta. Sú skylda er lögð á eftir öðrum lögum. Hvort jeg hefi samið frv., skiftir ekki máli, en hitt er, að jeg hefi gefið fjhn. Ed. þær upplýsingar, sem greinargerð hennar hefir inni að halda, um það, hvað ríkissjóður borgi í fasteignagjald af fasteignum sínum.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Þetta mál er svo einfalt, að það er ekki þörf að vera að ræða það lengi. En jeg verð að halda því fram, að þetta gjald, vatnsskatturinn, sem er 4‰, sje nægilegt í öll þessi gjöld. Við skulum segja, að af alþingishúsinu mundu verða greiddar nær 900 kr., vatnsskattur 500 kr., sótaragjald 50 kr., sorphreinsun 125 kr. og til brunaliðs 225 kr., því jeg hygg, að menn vilji ekki ganga inn á skyldur við húseigendur, sem ekki borga brunagjald, því að þá mundi verða sagt við þá: þið verðið sjálfir að kosta slökkvilið, svo að þið sjeuð í jafnlítilli hættu gagnvart eldsvoða eins og hinir, sem við sjáum um. Þeir borga þann skatt, sem er langt fyrir ofan alt, sem þarf til að borga gjöldin af vatnsveitunni.

Það var áætlað, að fasteignaskattur af lóðum og húsum myndi gefa um 360 þús. kr. tæpar, en mjer er sagt af manni, sem lesið hefir bæjarreikninginn, að hann gefi yfir 500 þús. kr., enda er það venjulegt hjá bæjarstjórnum, sem eru að reyna að útvega sjer nýjan gjaldstofn, að flíka

ekki þeim hæstu tölum, sem má búast við, heldur er reynt að hafa áætlunina sem lægsta, til þess að borgararnir hræðist ekki skattinn eins mikið, og það er enginn vafi á því, að þessi skattur er ⅓ hærri en bæjarstjórnin áætlaði. Að bæjarsjóður Reykjavíkur greiði fasteignagjald til ríkisins, er ekki nema eðlilegt. Það gera allir bæjarsjóðir og stofnanir, sem hafa slíkar eignir, en því verður ekki í móti mælt, að Reykjavík og bæjarbúar hafa mjög mikil þægindi af að hafa þessi hús í bænum, og stórmiklar tekjur líka. Jeg get hugsað, að Ísafjarðarkaupstaður og Akureyrarkaupstaður myndu gjarnan vilja lofa mentaskólanum að standa hjá sjer fyrir ekki neitt, ef hann væri fluttur til þeirra. Jeg hygg, að hv. þm. Reykv. neiti því ekki, að Reykjavík hefir stórkostleg hlunnindi af því að hafa mentaskólann hjer, fram yfir aðra bæi, eða við að hafa landsspítalann hjer, þegar hann kemur. Það er líka heldur þægilegra að hafa söfnin hjer í bænum heldur en einhversstaðar annarsstaðar. Jeg er alls ekki að telja þetta eftir, en hinsvegar, þegar á að taka svona gjöld af húseignum ríkissjóðs, þá finst mjer það alls ekki rjett, því að þá er bersýnilega verið að gera ríkissjóði harðari kosti heldur en alment er gert öðrum, nema þeim, sem hafa beinar tekjur af framkvæmdum sínum í bænum.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Háttvirtur framsögumaður meiri hluta (JAJ) heldur enn fast við það, að vatnsskatturinn einn ætti að vera nægilegur til þess að borga allan þann kostnað, sem bæjarfjelagið hefir af þessum húsum. En það er nú um vatnsskattinn að segja, eins og hv. 4. þm. Reykv. (MJ) hefir þegar tekið fram, að hann er að vísu það hár, að hann gerir meira en að borga hið erlenda lán, en það eru altaf yfirvofandi bæði endurbætur og viðaukar við vatnsveituna, sem verður að safna í sjóð fyrir, eins og hv. 4. þm. Reykv. líka tók fram. Þá er og nýbúið að framkvæma einn stórkostlegan viðauka, sem varð ákaflega dýr, svo að hagurinn er þröngur, þrátt fyrir þær miklu tekjur, sem bærinn hefir af vatnsskattinum, svo að það má ekki rugla þessu saman við annað. Vatnsskatturinn er fyrir vatnið, og ekkert annað, og þess vegna kemst hv. meiri hl. nefndarinnar ekki framhjá því, að ef á að fella niður gjöldin af húsunum, þá er það sama sem að fara fram á það, að þau verk, sem þau gjöld eru miðuð við, sjeu gerð fyrir ekki neitt, og það eru þau verk, sem bæði beinlínis var felt niður gjald fyrir í lögunum frá 4. júní 1924, og önnur verk, sem ekkert sjerstakt gjald var tekið fyrir, sem lýst hefir verið að nokkru af mjer og öðrum hv. samþingismönnum mínum, og þar á ofan kostnaðarsamari verk en nemur þessu fasteignagjaldi, og þó að fasteignagjaldið komi ekki nákvæmlega heim við þann kostnað, sem bærinn hefir af hverju húsi, þá fullyrði jeg, að sá kostnaður, sem bærinn hefir af þeim í alt, er töluvert meiri en það, sem fasteignagjaldinu nemur.

Jeg hefi nú reynt að bæta úr því, að minni hl. nefndarinnar fjekk ekki tækifæri til þess að koma fram með nál., og gert þær bætur að semja hjer skriflega brtt., sem jeg vænti, að háttv. deild leyfi að komast að. Hún er á þá leið, að 1. gr. frv. orðist þannig, að á eftir orðunum „í milliríkjaerindum“ komi: svo og kirkjur. *(JAJ:* En ekki sjúkrahús?). Jú, ef það getur orðið til samkomulags, þá er jeg fús til að ganga inn á að bæta við: og sjúkrahús, og svo eftir efni greinarinnar að bæta við kirkjugörðum; það

fer eftir undirtektunum, meðal annars hjá hæstv. fjrh., hvort jeg bæti við þessu orði: sjúkrahús.

Þar sem hæstv. fjrh. hefir sagt mjer, að hann muni fyrir sitt leyti láta brtt. mína hlutlausa, ef jeg bæti inn í orðinu „sjúkrahús", þá mun minni hl. ganga inn á það, þótt jeg í sjálfu sjer álíti ekki fulla sanngirni í því, að bærinn framkvæmi þessi verk fyrir þau án endurgjalds.

Frsm. meiri hl. (Jón Auðunn Jónsson): Jeg vil lýsa yfir því fyrir nefndarinnar hönd, að nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um þessa brtt.

Jón Baldvinsson: Jeg vil leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta (BSv), hvort hann vilji ekki nú, að þessum upplýsingum fengnum, fresta þessu máli, þannig að fjhn. gefist kostur á að athuga þessa fram komnu samkomulagstillögu. Mjer heyrist, að sumir úr meiri hluta nefndarinnar taki sæmilega í þetta, og fyndist þá gott, ef nefndin er sammála um eitthvað í þessu efni, að það væri athugað, svo að það gæti þá farið umræðulaust í gegnum þessa hv. deild, því annars verður viðspyrna frá mönnum, sem finst hjer gengið á rjett Reykjavíkur.

Klemens Jónsson: Jeg sem form. fjhn. finn ekki ástæðu til að fresta þessu máli nú. Jeg hefi þegar tekið afstöðu til þess, og er því reiðubúinn að greiða atkvæði um það nú þegar. Annars hefir nefndin óbundin atkv. um málið.

ATKVGR.

Fram kom skrifleg brtt. frá minni hl. fjhn. (verður þskj. 536). Afbrigði leyfð af stjórninni, en feld af deildinni með 6:12 atkv.

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Jeg leyfi mjer að óska, að málið verði tekið út af dagskrá.

Forseti (BSv): Það hefir verið synjað um, að brtt. komist að, og flm. óska, að málið verði tekið af dagskrá. En þar sem þetta er aðeins 2. umr., sje jeg ekki ástæðu til að taka málið út af dagskrá gegn vilja meiri hl. deildarinnar, því að brtt. komast að við 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:3 atkv.
2. gr. samþ. með 19:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:3 atkv.

Á 75. fundi í Nd., mánudaginn 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 313, 536).

Frsm. minni hl. (Jakob Möller): Það liggur hjer fyrir breytingartillaga sú, sem um var rætt við 2. umræðu og þá var gerð grein fyrir. Jeg sje ekki ástæðu til að endurtaka hjer þær umræður og þau rök, sem þá komu fram, og geri ráð fyrir, að öllum hv. þdm. sjeu ljósar ástæðurnar til þess, að þessi brtt. kom fram. Það, sem hjer er farið fram á, er beinlínis ívilnun frá bæjarins hálfu. Jeg get ekki gengið inn á, að þetta sje rjettmæt krafa, að fara fram á það, að þessar fasteignir sjeu undanþegnar þessu gjaldi. Jeg vil benda hv. deild á það, að hvort sem þessar fasteignir verða fleiri eða færri, sem verða undanþegnar, má búast við, að umráðamenn þeirra komi fram með fleiri kröfur til bæjarins. Jeg held því

fram, að ef alt er tekið með í reikninginn, þá sje þetta gjald í lögunum frá 1924 síst of hátt. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Það þýðir ekki að koma fram með till. um það, hvernig þessi gjöld skuli innheimt, og verður að fara um það eftir samkomulagi við hlutaðeigendur.

ATKVGR.

Brtt. 536 feld með 12:6 atkv.

Frv. samþ. með 15:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 572).

46. Almannafriður á helgidögum.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 18. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar (þmfrv., A. 36).

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 20. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Jónsson): Jeg býst ekki við, að um frv. þetta þurfi að verða langar umræður að svo stöddu. Það er fram komið vegna þess, að vöknuð er nokkuð sterk hreyfing bæði hjer og víðar í þá átt að stemma stigu fyrir því, sem virðist fara mjög í vöxt, að menn geri sjer lítinn dagamun að því er ýmsa vinnu snertir. Þessi hreyfing leiddi til fundahalda hjer í haust. Á fjölmennum fundi, sem haldinn var í fríkirkjunni í október síðastl., var kosin 5 manna nefnd til þess að undirbúa helgidagalöggjöfina og breyta henni í betra horf, og hefir sú nefnd samið frv. það, er hjer liggur fyrir.

Við flm. flytjum frv. orðrjett eins og nefndin gekk frá því, en áskiljum okkur samkvæmt greinargerðinni rjett til þess að víkja frá því í einstökum atriðum. Sjerstaklega þykir okkur ekki heppilegt, að sá tími helgidaga, sem alfriðaður á að vera, sje mismunandi langur og á mismunandi tímum, eins og gert er ráð fyrir í frv. Við teljum heppilegra, ef einhver tími er alfriðaður, þá sje það jafnan sami tími dagsins, og þá einnig rjettast að hafa þann tíma fremur stuttan, en veita svo engar undanþágur nema í lífsnauðsyn.

Fyrir mjer er aðalatriðið í þessu máli hið þjóðhagslega. Það er gömul reynsla, að sá, sem vinnur vel sex daga vikunnar, þarfnast hvíldar þann sjöunda. Það er víst, að þeim þjóðum hefir ekki farnast ver en öðrum, sem gert hafa sjöunda daginn að hvíldardegi. Eru engin undur eða kraftaverk þessu samfara, heldur er þetta almenn reynsla. Það er eins um þetta og stytting daglegs vinnutíma. Reynslan sýnir, að menn koma eins miklu í verk, þó skemur sje unnið. Einkum er það nauðsynlegt að friða einn dag vikunnar vegna þeirra, sem vinna utan heimilis síns og gætu að öðrum kosti aldrei verið í næði á heimilum sínum með konu og börnum, sem margra hluta vegna er óheppilegt.

Þá er friðunin nauðsynleg vegna þeirra, sem vilja halda hvíldardaginn heilagan. Auðvitað er slark og óregla á sunnudögum engu betri en vinna, en frv. miðar að því, að þeir, sem vilja sækja kirkjur sínar, geti fengið að vera í friði fyrir hinum. Sum ákvæðin ganga beinlínis út á að banna hávaðasöm störf, svo sem sölu á götum úti og annað, sem truflun veldur.

Jeg skal ekki orðlengja þetta frekar, en vona, að hv. deild vilji meta hvorttveggja í senn, málefnið sjálft og að á bak við það stendur talsvert sterk hreyfing. Vænti

jeg þess, að málið fái að ganga greiðlega í gegnum deildina og leyfi mjer að leggja til, að því verði vísað til allshn., að lokinni þessari umræðu.

Klemens Jónsson: Jeg skal fúslega játa, að mjer hefir oft þótt nóg um, hve hjer í Reykjavík hefir verið unnið mikið á sunnudögum, og það jafnvel um sjálfan messutímann. Og jeg get ekki neitað því, að það hefir helst hneykslað mig, hve skipaafgreiðsla öll hefir verið látin óhindruð. Mjer hefir ekki dulist, að slík störf eru oft unnin á sunnudögum að nauðsynjalausu. Jeg get því vel skilið þá hreyfingu, sem á er komin til þess að stemma stigu fyrir þessu og að það eru einmitt tveir aðalsöfnuðirnir hjer, sem skora á Alþingi að láta þetta mál til sín taka, enda mun frv. samið af fulltrúum þessara safnaða.

Hinsvegar verð jeg þó að taka það fram sem mína skoðun, að samning frv. hefir ekki tekist eins vel sem skyldi. Þó að ekki sje farið fram á mjög miklar breytingar frá því, sem verið hefir, virðist mjer ýms atriði í frv. varhugaverð.

Jeg ætla ekki að fara út í almenn atriði, sem hv. flm. drap á, svo sem um nauðsyn hvíldardagsins eða slíkt, og ekki heldur út í það, hvort rjett sje að knýja menn með þessum lögum eða öðrum til þess að halda hvíldardaginn heilagan. En það eru margir menn víðsvegar, sem vilja verja *þessum* degi til þess að iðka guð sinn, og tel jeg skylt að trufla þá ekki í því. En enginn vafi er á því, að það er oft gert alveg að nauðsynjalausu, eins og jeg þegar hefi tekið fram. Jeg vil því gjarnan styðja að því, að úr þessu sje bætt. En jeg lít svo á, að ákvæði þessa frv. sjeu ekki fullkomlega vel til þess fallin. Jeg held, að gömlu lögin frá 1901, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, væru alveg nægileg, ef þeim væri vel framfylgt. Það mun vera hjer eins og á svo mörgum öðrum sviðum, að það, sem ábótavant er, leiðir af framkvæmd laganna, eða rjettara sagt framkvæmdarleysi þeirra, en ekki lögunum sjálfum. Jeg held, að nægt hefði í þessu efni, að söfnuðirnir hefðu snúið sjer beint til lögreglustjóra. Nú hafa þeir snúið sjer til Alþingis, og það er sjálfsagt að taka frv. til íhugunar, en jeg hygg, að það þurfi nokkurra breytinga. Það sjest líka á því, að flm. sjálfir eru ekki ánægðir með það og áskilja sjer rjett til breytinga. Háttv. flm. (MJ) hefir rjettilega bent á og tjáð sig ósamþykkan því, sem að mínu áliti er aðalagnúinn á frv., en það er þessi mismunandi tími helgidaganna, sem gert er ráð fyrir að friða; stundum er friðunin bundin við tímann frá kl. 10—4, stundum frá kl. 12—4, og enn stundum frá 11—4, eða enda frá 11—6. Þetta er óhæfilegt. Jeg tel miklu heppilegra að hafa einhvern ákveðinn hluta dagsins alfriðaðan, t. d. frá kl. 11 til 3.

Það eru fáein atriði, sem jeg vildi minnast á til leiðbeiningar fyrir þá háttv. nefnd, sem fær frv. til meðferðar. Jeg kann t. d. ekki við framsetningu 1. gr., þar sem meginreglan úr gömlu lögunum er sett í niðurlag greinarinnar, en ýmsar undantekningar taldar fyrst. Færi betur á að breyta þessu á þann veg að setja aðalregluna fyrst og síðan telja undantekningarnar.

Í 2. gr. eru tekin upp ákvæði úr gildandi lögum óbreytt. En það er alkunnugt, að lyfjabúðir versla nú með miklu fleiri vörutegundir heldur en 1901, og sje jeg ekki, að hægt sje að gera mun á því, hvort seld eru lyf eða aðrar vörur, sem lyfja-

búðin hefir á boðstólum, svo sem svampar, sápur og ilmvötn.

Þá er eitt, sem kemur undarlega fyrir og sýnir, að þeir, sem samið hafa frv., hafa ekki borið það nákvæmlega saman við gildandi lög, en þetta hefir þó líklega orðið ósjálfrátt, því að jeg býst ekki við, að þeir, sem að frumvarpinu standa, vilji útbreiða vínnautn í landinu. Það stendur í gömlu lögunum frá 1901, að ekki megi selja áfenga drykki á helgidögum. En þá var leyfilegt að selja áfengi aðra daga vikunnar, og því var undantekningin gerð. Nú gæti litið svo út eftir þessu frv., 3. gr., að gestgjöfum væri leyfilegt að selja áfengi *nema* á sunnudögum, en þá brestur yfir höfuð að tala *alla* heimild til vínveitinga.

Eins og jeg hefi tekið fram, tel jeg fulla þörf á, að hv. nefnd taki frv. til rækilegrar meðferðar og gagnrýni það sem vandlegast. Jeg óska, að henni takist sem best að bæta úr misfellum þess og samræma það gildandi lögum, og jeg vildi, að henni tækist þá um leið að svifta það þeim „pietistiska“ blæ, sem yfir því er og mjer geðjast ekki að.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til allshn. með 17 shlj. atkv.

Á 47. og 62. fundi í Nd., dagana 7. og 26. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Nd., miðvikudaginn 28. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 36, n. 196, 232).

Frsm. meiri hl. (Pjetur Þórðarson): Eins og tekið er fram í nál. á þskj. 196, gerir frv. þetta, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, ekki miklar breytingar á núgildandi löggjöf um þetta efni. En nefndin telur þó, að þeir viðaukar, sem í frv. felast við gildandi lög, og sameining þeirra í eina heild sjeu til verulegra bóta. Nefndin hefir, eða meiri hluti hennar, eins og tekið er fram í nál., tekið málið til gagngerðrar athugunar frá ýmsum hliðum og leggur til, að frv. verði samþ. með þeim breytingum, sem nefndin flytur og skráðar eru á áðurnefndu þingskjali. Jeg skal nú leitast við að gera nánari grein fyrir þessum brtt. meiri hl., svo að hv. þdm. geti áttað sig á þeim, og skal þó fara fljótt yfir sögu.

Breytingartillögurnar við frv. í heild ganga aðallega í þá átt að samræma ákvæðin um hinn almenna friðhelgitíma, nefnilega að ákveða hann yfirleitt frá kl. 11 árdegis til kl. 3 síðdegis. Nefndin vill draga nokkuð úr ákvæðum 1. gr. um ferming og afferming skipa á helgidögum, og leggur hún því til, að á eftir „kirkjustöðum“ verði bætt við: „þegar messað er“ og að felt verði burtu ákvæðið um það, að sækja þurfi um leyfi til lögreglustjóra, þó að til þess þurfi að taka í nauðsyn að ferma eða afferma, þegar svo á stendur, sem áður er sagt. Brtt. við fyrri málsgr. 1. gr. gengur því aðallega í þá átt að færa greinina til betra máls og fella burtu niðurlagsákvæðið.

Brtt. við 2. málsgr. sömu gr. fer einnig aðallega í þá átt að samræma ákvæði greinarinnar við önnur ákvæði frv. um hinn fullfriðaða tíma helgidagsins, sem sje frá kl. 11 árd. til kl. 3 síðdegis. Aftur leggur nefndin til, að feld sjeu burtu hin sjerstöku ákvæði 1. gr. um fiskvinnu á helgidögum, vegna þess, að síðar í sömu gr. er óbeinlínis heimilað að bjarga fiski undan skemdum, eins og fleiri jafnnauðsynlegar athafnir, sem eigi má fresta, þó

þetta sje orðað öðruvísi eftir till. nefndarinnar.

Þá er önnur aðalbrtt. nefndarinnar við 2. gr., a.-liður, og er sú breyting aðallega fólgin í því að stytta ákvæði frv. Í stað þess að hafa sjerstök ákvæði um, að búðir kaupfjelaga skuli vera lokaðar á helgidögum, leggur nefndin til, að þau ákvæði sjeu færð inn undir 1. málsgr. greinarinnar. Þá er b-liður þessarar brtt. um það, að fella niður 2. og 3. málsgrein 2. gr. frv. Í 2. málsgrein 2. gr. er kveðið svo á, að þær búðir, sem taldar eru undir 4.—5. tölulið, eigi að vera lokaðar frá kl. 12—4 síðd. Þetta ákvæði þykir nefndinni ekki ástæða til að hafa í frv. og leggur til, að það falli niður. — Þá er 3. málsgr. 2. gr. Hvað snertir fyrri hluta hennar, er það í samræmi við, að nefndin hefir áður lagt til að færa ákvæðin um búðir kaupfjelaga inn undir fyrstu málsgrein 2. gr., að hún nú leggur til, að þessi hluti málsgreinarinnar falli burt. Seinni liður málsgreinarinnar er um það, að veitingasalar megi ekki á helgum dögum þjóðkirkjunnar selja mönnum áfenga drykki. Um þetta munu vera ákvæði í öðrum lögum eða reglugerðum, og þótti nefndinni því ekki hlýða að hafa þetta ákvæði í frv. og leggur til, að það falli burt. Loks leggur nefndin til, að 4. málsgr. 2. gr. verði breytt, aðallega til þess að samræma friðhelgitímaákvæðin. Þá þótti og nefndinni, til samræmis, rjett að fella niður 3. gr.

3. brtt. nefndarinnar hljóðar um það — og kemur ástæðan fram í næstu brtt. þ. e. 4. brtt. — að láta sömu reglur gilda um markaði og um aðrar hávaðasamar athafnir, og vill því orða ákvæðið öðruvísi. 5. gr. frv. hljóðar svo:

„Á helgidögum þjóðkirkjunnar má hvorki halda neinar almennar skemtanir nje heldur mega nokkrar þær athafnir, sem hávaði er að, eiga sjer stað, nema lögreglustjóri leyfi, fyr en eftir miðaftan.“

Nefndin leggur til, að þetta verði orðað öðruvísi og að tekin verði inn í greinina ákvæði 3. gr. frv., sem samkv. till. nefndarinnar fellur niður. Nefndinni þykir rjett, að þessi friðun helgidagsins fyrir þessum athöfnum nái ekki nema til kl. 3 síðdegis. Þetta bann við því að hafa um hönd nokkrar þær athafnir, sem hávaði er að, nær þá ekki lengra en til kl. 3 síðd., og er þá komið samræmi í þetta við önnur ákvæði frv. Hvað snertir skemtanir á helgidögum, sem um ræðir í 5. gr., þótti nefndinni rjett, að þær mætti ekki halda fyr en eftir kl. 3, nema lögreglustjóri leyfi.

Þá kemur 5. brtt. nefndarinnar, við 7. gr., og er hún aðeins orðabreyting eða skipulagsbreyting á setningum, sem nefndinni þótti betra að orða eins og brtt. fer fram á heldur en er í 7. gr. frv.

7. gr. frv. er þannig:

„Almenna fundi má eigi halda um veraldleg efni á helgidögum þjóðkirkjunnar fyr en um nónbil. Þá er guðsþjónusta fer fram eftir nón, er þó heimilt að halda almenna fundi samtímis, sje þess gætt, að fundurinn sje eigi haldinn svo nálægt kirkju eða bænahúsi, að guðsþjónustan verði trufluð af því.“

Þetta þykir nefndinni ekki rjett eða ekki nógu vel að orði komist, og leggur því til, að því verði breytt í þá átt, sem brtt. fer fram á.

Þá er 6. brtt. nefndarinnar, við 8. gr., og er þar aðeins litlu ákvæði bætt aftan við greinina. 8. gr. frv. er stutt, og er hún þannig:

„Bönn þau, sem talin eru í undanfarandi

greinum, ná yfir allan daginn föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna.“

Nefndinni þótti rjett að láta þetta almenna bann einnig gilda eftir kl. 6 á aðfangadag jóla. Einnig þótti nefndinni rjett, að þarna væri bætt við nýrri málsgrein, þar sem tekin eru upp svipuð ákvæði 9. gr. frv. og stytt í samræmi við það, sem í öðrum till. nefndarinnar felst.

7. brtt. nefndarinnar er um það, að 9. gr. falli niður.

Aðalbrtt. nefndarinnar ganga þá í þá átt að samræma ákvæði frv., eins og flm. hafa bent á í greinargerð sinni fyrir frv., að væri rjett. Þannig hefir nefndin lagt til, að hinn almenni friðartími helgidaganna skuli vera frá kl. 11 árdegis til kl. 3 síðdegis. Að öðru leyti eru brtt. nefndarinnar mest orða- og skipulagsbreytingar. Jeg skal játa það, að nefndin sá, að með þessum ákvæðum væri ekki nægilega tryggður almannafriður á helgidögum, þegar og þar sem messað er síðdegis, á stöðum eins og t. d. hjer í Reykjavík, þar sem mest röskun þykir vera á almannafriði. En nefndin hefir ekki komið sjer saman um lengri friðunartíma en í tillögunum er nefndur, eða sjerstakan fyrir síðdegismessur. Hinsvegar flytur hv. þm. Borgf. (PO) brtt. við 1. gr. á þskj. 232, sem gengur í þessa átt, og er hún á þessa leið:

„Í öllum kaupstöðum og kauptúnum, þar sem er kirkja, er bönnuð öll umferð bifreiða á messudögum frá kl. 11 f. h. til kl. 4. síðdegis.“

Þessi till. ákveður ofurlítið annan tíma, einum kl.tíma lengra fram á daginn. Nefndin hefir ekki tekið sjerstaka afstöðu til þessarar till., en jeg býst við, að jeg geti gengið inn á hana, þó hún sje ekki í fullu samræmi við till. meiri hl. nefndarinnar. Það er almenn ósk manna, sjerstaklega hjer í Reykjavík, að þessi löggjöf verði endurnýjuð og færð saman, svo að hún komi betur heim við þau atvik og þær athafnir, sem mestri röskun þykja valda á almannafriði helgidagsins. — Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vænti þess, að hv. deild taki þessar óskir til greina og geti fallist á frv. með þeim breytingum, sem meiri hl. nefndarinnar fer fram á.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Jeg fór þess á leit við hæstv. forseta (PO), að hann tæki þetta mál af dagskrá nú. Jeg hafði ekki veitt því eftirtekt, að málið væri á dagskránni, og var því ekki undirbúinn umræður um það. — Eins og menn sjá, hefi jeg ekki skrifað undir nál. á þskj. 196 með hv. meðnefndarmönnum mínum, og er það vegna þess, að jeg hefi sjerstöðu í þessu máli. Mjer finst það þess vegna ekki sanngjarnt af hæstv. forseta að vilja ekki verða við ósk minni um að taka málið út af dagskrá, með því að jeg álít, að ekki sje ástæða til að hraða því svo mjög Hæstv. forseti hefir sjálfur áður sótt það fast að fá mál tekið út af dagskrá. Jeg vil aðeins skjóta þessu til hæstv. forseta til athugunar, þegar hann er kominn í sæti sitt sem þm. Borgf. Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) mótmælti því, að málið væri tekið af dagskrá, og er það ekkert undarlegt, þar sem hann er einn af flm. frv. Hinsvegar hefir mjer skilist, að hv. þm. hefði ekki neinn sjerstakan áhuga á því, að málið fengi skjóta afgreiðslu, og bjóst jeg því ekki við, að hann mundi leggja svona mikið kapp á það nú. Hv. þm. (JakM) leiðrjettir þetta, ef það er misskilningur hjá mjer.

Jeg hefi ekki getað orðið hv. samnefndarmönnum mínum samferða í þessu máli, og er það vegna þess, að jeg álít það til-

gangslaust að setja lög um þetta efni, vegna þess að þeim verði ekki hlýtt. Hjer er um það að ræða að herða á ákvæðum þeirra laga, sem nú eru í gildi, og mjer er óhætt að segja, að þau eru alstaðar brotin í öllum greinum á hverjum einasta helgidegi þjóðkirkjunnar. Jeg skal nú sýna háttv. þdm. fram á þetta og taka hverja grein laganna fyrir sig. Í 1. gr. eru almenn ákvæði um hávaðasama vinnu o. s. frv., og er þeim vitanlega alls ekki hlýtt. Í 2. gr. segir svo: „Kaup og sala má eigi fram fara á helgidögum þjóðkirkjunnar" o. s. frv. Mjer er kunnugt um það, að úti um land fer kaup og sala fram á helgidögum ekki síður en aðra daga. Það er heldur ekki að nauðsynjalausu, því að menn hafa oft ekki annan tíma hentugri til þess að fara í kaupstað en helgidagana. Að minsta kosti er það svo um bjargræðistímann. Þá eru í 2. gr. ákvæði um það, að gestgjafar megi ekki selja nje veita áfenga drykki. Það er nú svo, að hjer í bænum er aðeins eitt veitingahús, sem hefir áfengissölu, og jeg veit ekki betur en að hún fari fram jafnt helga daga sem aðra. Í 3. gr. er bannað að halda markaði á helgum dögum. Þessu er auðvitað ekki hlýtt. Jeg var fyrir nokkrum árum í markaðsferð uppi í Borgarfirði, og held jeg, að markaðir hafi alveg eins verið haldnir á sunnudögum, þegar svo stóð á. Jeg geri ráð fyrir, að háttv. þingm. Borgf. (PO) minni það líka. — Í 4. gr. er bannað að halda veislur eða hávaðasama fundi á almennum veitingastöðum fyr en eftir miðaftan. Þetta er líka brotið. Í 5. gr. er bannað að halda almennar skemtanir á helgidögum fyr en eftir miðaftan. Þetta ákvæði er brotið á hverri helgi. Í 6. gr. er bannað að halda sveitar- eða bæjarstjórnarfundi á helgidögum, nema brýna nauðsyn beri til. Það kann að vera, að þessari grein sje að einhverju leyti hlýtt í kaupstöðum, en hvað sveitirnar snertir hygg jeg, að óhætt sje að segja, að flestir hreppsnefndarfundir, sem og aðrir fundir í sveitum, sjeu haldnir á sunnudögum. Þá er 7. gr., og er þar bannað að halda almenna fundi á helgidögum fyr en eftir nón. Þetta er auðvitað altaf brotið um land alt. Það vakti töluverða eftirtekt þetta atriði, þegar farið var að grafa það upp, því að það vissu ekki aðrir en lærðir lögfræðingar, að þetta væri í lögum, og sýnir það vel, hve illa þessi lög hafa komist inn í meðvitund manna. Í 8. gr. er aðeins ákvæði um það, að þau bönn, sem talin eru í undanfarandi grein, nái yfir allan daginn skírdag, föstudaginn langa og fyrri helgidag stórhátíðanna, og er þessi grein áreiðanlega mjög brotin. Í 9. gr. er bannað að halda almennar skemtanir kveldið fyrir helgidag lengur en til miðnættis. Þetta er auðvitað altaf brotið. Í 10. gr. eru ákvæði um það, að brot skuli varða sektum frá 1—200 kr., og er þessu ákvæði auðvitað heldur ekki hlýtt, því að aldrei er sektað.

Þetta frv., sem hjer liggur fyrir, fer í þá átt að herða á ákvæðum þessara laga, sem hvorki er hlýtt eða gætt. Hv. meiri hluti allshn. hefir lagt til, að frv. verði samþ., en jeg get þó sagt það þessum hv. meðnefndarmönnum mínum til hróss, að í nál. komast þeir svo að orði, að skiftar muni verða skoðanir manna um haldkvæmi víðtækra bannákvæða um störf og athafnir manna á helgidögum. Það, sem hjer kemur til greina, er, hvort lögin eru brotin af nauðsyn eða að nauðsynjalausu. Ef þau eru brotin af nauðsyn, þá á að lina ákvæði laganna, ef þeim er breytt. Jeg verð að halda því fram, að öll þau ákvæði, sem jeg nefndi, að undanskildu ákvæðinu um vínsöluna, sjeu brotin meira

og minna af nauðsyn. Atvinnuvegum vorum er þannig háttað, að menn verða að nota tímann bæði í sveitum og kaupstöðum eftir föngum. Það ber meira á brotunum í kaupstöðunum, vegna þess að allar athafnir eru háværari þar en til sveita. Jeg ætla ekki að fjölyrða hjer um brtt. hv. þm. Borgf. (PO). Hún er æðilangt fyrir neðan það, að orðum sje eyðandi að henni. Jeg hefi dvalið nokkur ár í landi, þar sem sunnudagshelgin er mest í hávegum höfð, en þar dettur engum manni í hug að leggja hömlur á bifreiðarnar. En í þessari brtt. er farið fram á að banna allar bifreiðaferðir í kaupstöðum, þar sem kirkja er, á tímabilinu frá kl. 11—4. Jeg held, að það þyrfti öfluga varalögreglu með harðsvíruðum foringja, svo sem hv. þm. Borgf. (PO), til þess að sjá um, að þetta ákvæði yrði ekki brotið. Jeg skal játa, að brtt. nefndarinnar eru flestar til bóta, en þótt þær verði samþyktar, mun jeg greiða atkvæði á móti frv., því að jeg tel það fara í öfuga átt. Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) talaði um það hjer í þessari deild á dögunum, að löggjöfin ætti að vera í samræmi við þjóðlífið. Þetta er undirstöðuatriði í allri löggjöf. Ef lögin eru ekki í samræmi við þjóðlífið, þá eru þau ólög, og landið eyðist með ólögum. Nauðsynin brýtur þessi lög, en eftir nauðsyninni á löggjafinn að hegða sjer um þetta efni. Ef þetta frv. verður samþykt, fá menn þá ánægju að fá að brjóta ný lög, í stað þess að þeir hafa áður orðið að sætta sig við að brjóta 25 ára gömul lög.

Pjetur Ottesen: Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) deildi á mig sem forseta út af því, að jeg tók ekki til greina kröfu hans um að taka þetta mál út af dagskrá. En fyrir þessari kröfu sinni færði hann ekki aðrar ástæður en þær, að hann hefði ekki athugað málið. Í sambandi við þetta vil jeg benda á það, að það eru rúmar 5 vikur síðan málið kom frá nefnd. Jeg ætla að láta hv. deildarmenn dæma um það, hvort ekki hafi verið rjettara af mjer að verða við áskorun hv. flm. um að láta málið koma fyrir heldur en taka til greina kröfu hv. 2. þm. N.-M. Eyði jeg svo ekki fleiri orðum að þessu.

Jeg á hjer brtt. á þskj. 232, sem lítillega hefir verið minst á. Hún er þess efnis að banna bifreiðaakstur í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem kirkja er, á tímabilinu frá kl. 11 f. h. til 4 e. h. Frv. þetta fer fram á að tryggja frið á þessum tíma, og er því brtt. mín í fullu samræmi við efni frv. Það er bönnuð afgreiðsla skipa, og þar af leiðandi allir vöruflutningar. Þetta er höfuðbreyting frv., og er það einkum lagt til grundvallar, hvernig málum er háttað hjer í Reykjavík. Því kom mjer það kynlega fyrir sjónir, að það skuli hafa verið gengið framhjá bifreiðunum, þegar frv. þetta var samið, sem mjer virðast valda mestri truflun hjer á helgum dögum. Það gefur að skilja, hvaða áhrif það hefir, er bifreið fer framhjá kirkju, með skerandi öskri, sem smýgur í gegnum merg og bein. Það er kunnugt, að í raddfærum bifreiðanna eru saman komin öll veraldarinnar óhljóð, allar tóntegundir milli öskurs og óhljóða. Mjer fanst ekki hægt að ganga framhjá þessu, úr því að verið er að leitast við að koma á friði um messutímann, og hefi því viljað gefa hv. deild kost á að losa menn um messutímann við þennan friðarspilli helgidagsins og hneykslunarhellu trúrækinna manna.

Jakob Möller: Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) kvað mig hafa farið nokkuð geist, er jeg

mótmælti því, að mál þetta væri tekið af dagskrá. Jeg mótmælti, að þetta væri gert eftir kröfu eins þm., sem ekki hafði heldur neinar ástæður fram að færa fyrir kröfu sinni. Jeg get ekki viðurkent, að jeg hafi farið hart í sakirnar.

Um frv. sjálft hefi jeg ekki ástæðu til þess að segja mikið. Jeg hygg, að það kenni dálítils misskilnings hjá hv. 2. þm. N.-M., er hann legst svo þunglega á móti því. Hjer er ekki um ný lög að ræða. Ákvæði þessa frv. eru að mestu leyti í gömlu lögunum um þetta efni. En hjer í Reykjavík kom upp töluverð óánægja meðal verkalýðsins út af takmarkalausri vinnu á helgidögum. Út af því hafa verið gerðar tilraunir til þess að koma viðunanlegu skipulagi á helgidagavinnu hjer í Reykjavík. Þetta frv. er árangurinn af samkomulagi milli atvinnurekenda og verkamanna, því að það er samið af fulltrúum beggja þessara aðilja. Að öðru leyti er frv. ekki annað en endurtekning á gildandi lögum. Jeg veit ekki, hvort hv. 2. þm. N.-M. hefði tekið því betur, ef í stað þess að bera fram endursamin lög um almannafrið á helgidögum hefði verið komið fram með sjerstakar breytingar um vinnufyrirkomulagið í Reykjavík. Jeg býst samt við, að hann hefði snúist betur við slíkum breytingum, því að ræða hans beindist mest gegn gömlu ákvæðunum. Hann sagði, að lögin hefðu verið brotin og mundu verða brotin. Það er nú víst, að þau hafa verið brotin, en jeg er sannfærður um það, að að því er snertir nýju ákvæðin um vinnu hjer í Reykjavík, þá mun verða reynt að framfylgja þeim, svo að því leyti á frv. þetta fullan rjett á sjer. Ef breytingar nefndarinnar verða samþyktar, er hinsvegar að nokkru leyti dregið úr gildandi lögum, og því ætti hv. 2. þm. N.-M. að sætta sig betur við þetta frv. en gömlu lögin. Mjer finst engin ástæða fyrir háttv. deild að leggjast á móti þessu frv. með breytingum nefndarinnar, því síður þegar það er í raun og veru skylda ríkisvaldsins að gæta helgidagafriðarins. Um brtt. háttv. þm. Borgf. (PO) er það að segja, að mjer þykir hún ganga fulllangt, og auk þess má segja, að hún vinni að nokkru leyti á móti tilgangi sínum. Í kaupstöðum er það oft einkar þægilegt að geta farið í bifreiðum til kirkju, auk þess sem sumir geta alls ekki komist í kirkju, ef þeim er meinað að fara í vagni. Að vísu má segja, að þeir geti komist í kirkju í bifreiðum, þó að tillagan verði samþykt, en þeir komast þá ekki úr henni aftur samkv. þessari brtt. Annars held jeg, að ekki kveði mikið að bifreiðaferðum hjer um messutímann. Jeg mun því greiða atkvæði móti þessari brtt.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi gerst flm. þessa frv. fyrst og fremst vegna þess, að jeg vil, að sunnudagurinn verði hvíldardagur og breyting verði frá því, sem nú er, þar sem stundum virðist svo, sem menn geri sjer leik að því að láta vinna á sunnudögum. Þó að jeg sje flm., þá er jeg samt ekki ánægður með öll ákvæði frv. og hefi skrifað undir með fyrirvara. Jeg hefði kosið sterkari ákvæði um friðun sunnudagsins. Eftir þessu frv. er það tæplega nema tímabilið frá kl. 11—4, sem ekki má vinna. Jeg mun nú ekki lengja umr. mikið að þessu sinni, en jeg mun e. t. v. koma fram með brtt. til 3. umr. Út af ummælum hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) vil jeg segja það, að það var leiðinlegt, að hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra (JM) skyldi ekki hlýða á hann. Hann lagðist á móti frv. af miklum móði og las upp gömlu lögin grein fyrir grein og fullvissaði deildina um það, að þær hefðu allar verið þverbrotnar. Þetta er gott fyrir hæstv. dóms-

og kirkjumálaráðherra að heyra, svo hann geti gert tilraunir til þess að sporna við því, að þessi lög verði svona herfilega brotin í framtíðinni. Hv. þm. sagði, að það væri verslað með vín á helgum dögum, fundir haldnir, skemtanir, markaðir o. s. frv., og aldrei kæmi það fyrir, að sektað væri fyrir slíkt. Þetta skilst mjer, að stafi af slælegri framkvæmd laganna, og væri ástæða til þess að biðja hæstv. dómsmálaráðherra að koma inn í deildina og láta ljós sitt skína, þegar lögreglustjórar landsins eru bornir svona þungum sökum. Annars eru gömlu lögin að sumu leyti strangari en þetta frv., eins og hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir bent á. En alla ólukkuna við framkvæmd þessara laga hafa lög nr. 19 frá 1897 gert. En þar er sem sje heimilað að ferma og afferma skip á helgum dögum. Þau á að nema úr gildi samkv. þessu frv., því að tímarnir eru svo breyttir. Upphaflega hafa þau verið sett vegna þess, að við rjeðum engu um gufuskipasamgöngurnar við útlönd. Okkur voru því settir þeir kostir að afgreiða skipin hvenær sem þau komu. Nú sje jeg, að hæstv. dómsmálaráðherra (JM) er kominn inn í deildina; jeg býst nú við, að honum hafi verið flutt ræða hv. 2. þm. N.-M., og væri gott að heyra álit hans um þessi herfilegu lögbrot, sem hjer hefir verið lýst. Má og vænta þess, að hann geri ráðstafanir til umbóta, ef þetta frv. verður samþykt, og leggi fyrir lögreglustjóra landsins að framfylgja þessum lögum betur en hinum gömlu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg get tekið undir margt af því, sem háttv. 2. þm. N.-M. sagði um helgidagalöggjöfina. Hún er víða brotin, enda erfitt að komast hjá því, ef menn eiga að geta unnið sjer það gagn, sem þeir þurfa, um háþjargræðistímann. Þetta gildir í sveitunum og sama má segja um kaupstaðina. Háttv. 3. þm. Reykv. sagði, að þetta frv. væri árangur af samkomulagi milli verkamanna og vinnuveitenda hjer í Reykjavík. En dettur nokkrum hv. þm. í hug, að reglur, sem borgararnir í Reykjavík setja handa sjer, geti átt við um land alt? Það er síður en svo. Það má benda á, að í 1. gr. stendur, að ef skip liggja eigi við bryggjur eða bólverk, þá er heimilt að ferma þau og afferma á helgum dögum. Nú hagar svo til víða úti um land, að einn kaupmaður eða verslun á bryggju, en annar ekki. Hann má þá hvorki ferma nje afferma, en hinir, sem ekki eiga bryggjur, mega athafna sig eins og þeir vilja. En er nokkurt vit í þessu? Jeg veit, að svona hagar til víða á Vestur- og Austurlandi, og gæti nefnt dæmi þess, en jeg veit, að hv. dm. er þetta kunnugt. Hitt er líka, að það er fljótlegra fyrir þá, sem vinna að uppskipun við bryggju, að leggja niður vinnu og sækja kirkju heldur en hina, sem vinna úti á höfn. Það gæti verið, að þeir yrðu veðurteptir úti í skipinu og ættu alls ekki kost á því að sækja kirkju. Jeg vil þá líka minna á það, að það er einnig bannað eftir núgildandi lögum að opna sölubúðir á helgum dögum. En það hagar víða þannig til, að það er ómögulegt að framfylgja þessu. Og jeg er líka fullviss um það, að slíkt dregur í sjálfu sjer ekkert úr helgi hvíldardagsins. Jeg skal til dæmis benda á það, að póstbáturinn, sem gengur um Ísafjarðardjúp, kemur oft á sunnudegi á endastöð sína. Það verður að losa bátinn. Bændur vinna við uppskipunina, og um leið og þeir fara heimleiðis, taka þeir vörur í kaupfjelaginu á hesta sína. Eftir frv. mega þeir ferma og afferma og flytja vöruna í hús, því að þarna er engin bryggja,

En þeir mega ekki taka út upp á hesta sína. Raskar þá þetta meir helgi hvíldardagsins en alt hitt? Hv. flm. þessa frv. hafa hver sinn tilgang með frv. Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) lýsti yfir því, að fyrir sjer vekti bara það að tryggja meiri hvíld á sunnudögum fyrir þá, sem stunda líkamleg störf. Það get jeg vel skilið. En hann sagði, að það væri gerður beinlínis leikur til þess að vinna á hvíldardögum hjer í Reykjavík. Þetta þykir mjer undarlegt, því að það er vitanlegt, að borga verður þrefalt kaup fyrir vinnu á helgum dögum, svo að það hlýtur að vera af mjög brýnum ástæðum, ef þá er unnið. Jeg viðurkenni það, að það sje mjög leiðinlegt að sjá menn við vinnu um það leyti, er menn alment eru við guðsþjónustu. En jeg held, að hjá því verði betur komist á annan hátt en þann að samþykkja þessi lög. Jeg held, að hjá því verði auk heldur því aðeins komist, að verkamenn og vinnuveitendur komi sjer saman um að draga úr vinnu á helgidögum, eftir því sem unt er. Jeg veit, að þessi löggjöf er víða brotin — t. d. á Ísafirði eins og víðar — ekki síst við breiðslu og samantekt á fiski. En það hagar nú líka þannig til þar, eins og víðar á Vestfjörðum, og Austfjörðum líka, að það þýðir ekki að fást við slíkt nema vissa hluta úr deginum, þegar líða fer á sumar. Í öðru lagi er það alveg óhugsanlegt að framfylgja því, að ekki megi losa skip, t. d. mótorbát, er koma í smáþorp og vilja ekki og geta ekki beðið heilan dag eftir því að losa fáein skippund af fiski. Þessu er hægra að fylgja fram í stærri bæjum, enda er þetta ekki gert nema nauðsyn beri til, sem ræður af líkum, þar sem vinna er svo miklu dýrari á helgum dögum en rúmhelgum.

En eins og jeg gat um áðan, þá er besta ráðið til þess að koma þessu máli á rjettan rekspöl, að verkamenn og vinnuveitendur komi sjer saman um að takmarka þessa helgidagavinnu smátt og smátt.

Frsm. minni hl. (Árni Jónsson): Það vill svo til, að það er ekki sjerlega margt í ræðum hv. andmælenda minna, er jeg finn mig knúðan til að svara. Hæstv. forseti (PO) talaði úr þingmannssæti sínu og sagðist ekki hafa tekið málið af dagskrá af því, að engar ástæður hefðu verið færðar fram. Það er rjett, að jeg færði ekki fram ástæður fyrir þessari ósk, en eftir þeim var heldur ekki spurt, og því gafst ekki ástæða til þess að bera þær fram. Jeg verð því að skoða þetta sem óbilgirni frá hans hálfu. Háttv. þm. Borgf. (PO) talaði hjer sem sá sanntrúaði maður og útmálaði átakanlega þá truflun og usla, sem bílarnir hjerna gera í trúarhrifningu fólksins með sínum ósöngvnu hljóðum, er þeir skrölta framhjá kirkjunum á helgum dögum. Þetta er í fyrsta sinn, sem jeg verð þess var, að þessi hv. þm. sje auk heldur í meira lagi taugaveiklaður, því hjer gengur hann mun lengra en þeir veikluðu menn, sem byggja þennan höfuðstað. Jeg hefi ekki heyrt fyr neina rödd í þá átt, að stöðva beri umferð bíla af því að óhljóð þeirra smjúgi gegnum merg og bein kirkjugangaranna. Háttv. þm. sagði, að þetta væri hneykslunarhella allra sanntrúaðra manna. Það er nú svo um marga sanntrúaða menn, að það þarf ekki mikið til þess að valda hneykslun meðal þeirra, ekki síst ef annarsvegar er eitthvað nýtt. Og þótt bílar sjeu nú hættir að vera beinlínis nýjung í þessum bæ, þá held jeg víst, að til sjeu enn ýmsir frómir menn, sem eru hálfhneykslaðir af þessum „nýju“ vjelabrögðum djöfulsins. Vagnar eru nú, eins og

kunnugt er, alveg að detta úr sögunni, og mönnum hefir gefist tóm í nokkur hundruð ár að átta sig á þeirri tegund farartækja. En hjer um daginn heyrði jeg, að kona ein hjer í bænum hefði lagt svo fyrir á dánardægri sínu, að hún skyldi ekki við jarðarför sína verða hafin upp í neinn nýmóðins líkvagn, heldur borin til grafar, og jafnframt skipaði hún svo fyrir, að þeir menn, er kistuna bæru, skyldu vera á verptum leðurskóm og með sokkana utan yfir buxunum. Það eru nú ekki allar sannkristnar sálir svona grandvarar. En það leynir sjer þó ekki, í hvaða fjelagsskap hv. þm. Borgf. skipar sjer. Væri hægt að drífa upp asna á Akranesi, mundi hv. þm. koma ríðandi á einum til kirkju sinnar, að dæmi hinna fornu spámanna, til hæfilegrar „demonstrationar" gegn óvenjum og bílaöskri þessarar siðumspiltu aldar.

Hv. þm. Borgf. (PO) talaði fyrir hönd trúmannanna, og fyrir honum vakti ekki hvíldardagur, heldur helgidagur. En hv. 2. og 3. þm. Reykv. (JBald og JakM) eru nokkru verslegri í sínum hjörtum, svo sem fram kom í ræðum þeirra. Það var aðalatriði fyrir þeim, að haldinn yrði hvíldardagur alment, og er það auðvitað gott og sjálfsagt að hvíla sig við og við. En hinsvegar þykir mönnum líka gott að vinna á sunnudögum, vegna þess að þá er borgað svo miklu hærra kaup en aðra daga, og jeg trúi því, að háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) hugsi vel um sinn lýð og vilji stuðla að því, að hann hafi sem mesta og besta vinnu. Þessum hv. þm. þótti leitt, að hæstv. forsrh. (JM) var ekki viðstaddur, er jeg talaði hjer áðan, þar sem jeg hefði borið það fram, að helgidagalöggjöfin væri svo oft og herfilega brotin. Það er rjett, að jeg sagði, að þessi löggjöf væri brotin, en ekki að jeg segði: herfilega brotin, vegna þess, að jeg tel þessi brot þess eðlis, að hjá þeim verði ekki komist. En þau brot, sem skapast af nauðsyn, eru aldrei herfileg. Það geta því ekki talist þungar sakir, sem bornar sjeu á lögreglustjóra þessa lands, þótt sagt sje, að þeir framfylgi ekki stranglega þessum lögum. Jeg býst við, að þeir taki í taumana, þegar sjerstök ástæða gefst.

Þeir sögðu báðir, háttv. 2. og 3. þm. Reykv., að þetta frv. gengi heldur skemra en gömlu lögin. Jeg vil vísa hv. þm. í greinargerð frv. og frv. sjálft. Ef þeir lesa hana og frv., þá hljóta þeir að sannfærast um það, að þetta er ekki rjett. Hjer fólgnar að takmarka heimild þá, sem nú er til þess að ferma og afferma skip á helgidögum þjóðkirkjunnar."

„Aðalbreytingarnar í frv. þessu frá núgildandi lögum um þetta efni eru í því stendur, með leyfi hæstv. forseta:

Þetta ákvæði virðist ekki vera til þess að slaka á núgildandi lögum, heldur til þess að herða á þeim. Og einmitt háttv. flm. (JakM og JBald) telja þetta aðalbreytinguna. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að það hefðu verið lögin frá 1897 um fermíng og afferming skipa, sem gert hefðu mestan glundroða í þessa löggjöf. Það má vera, að svo horfi við frá hans sjónarmiði. En því er nú svo háttað um okkar samgöngur, að það verður að nota hvert tækifæri til þess að greiða fyrir þeim heldur en hitt. Úthaldið á landssjóðsskipunum gefur ekki svo góðan árangur, að fært sje að setja ákvæði, sem geti gert það að verkum, að skipin tefjist til drátta á ferðum sínum.

Jeg fæ ekki að svo komnu sjeð, að nokkuð það hafi fram komið í andmælum hv. þm., sem hafi getað gefið mjer átyllu til þess að breyta um skoðun. Jeg lít svo á, að núgildandi lög um þetta efni sjeu a.

m. k. nógu ströng og ekki þörf á að breyta þeim.

Forsætisráðherra (JM): Það hefir verið sagt hjer, að lögin um helgidagahald væru ekki vel haldin og þeirra ekki vel gætt af lögreglustjórum landsins. Jeg þekki nú ekki vel til annarsstaðar en hjer í Reykjavík. En það man jeg, bæði meðan jeg var bæjarfógeti og eins áður, að þá var mikið reynt til þess að gæta þessara laga, og jeg hygg, að þau hafi ekki verið mikið brotin. Þess verður að gæta, að þau lög, sem nú gilda, eru mjög rúm, svo margar af þeim athöfnum, sem menn vilja að ekki fari fram, eru leyfðar, ef lögreglustjóri samþykkir og nauðsyn krefur. Þetta er náttúrlega mjög rúmt. Jeg tala hjer ekki um affermingu skipa, því slíkt var beinlínis leyft. Jeg held, að þær ásakanir, að ekkert eftirlit sje með þessari löggjöf, sjeu ýktar — a. m. k. er það víst hvað snertir Reykjavík. En ef það kemur í ljós, að laganna sje ekki gætt sem skyldi þá má senda út skipun um að gæta þeirra betur framvegis. En það, að lögin koma ekki að miklu meira gagni, er af því, að þau ná of skamt. Þó það sje sagt, að atvinnulífi okkar sje þannig háttað, að víða verði að vinna ýms verk á helgum dögum, þá er jeg ekki viss um, að það sje alveg rjett. Það mun haga nokkuð líkt til um þetta hjá okkur og öðrum þjóðum í nágrannalöndunum, svo sem á Norðurlöndum. En þar er vinnufriður á helgidögum meiri en hjá okkur, enda löggjöfin strangari. Og jeg held, að það mundi sýna sig, að ef lögin væru strangari, þá yrði þeim betur framfylgt. Jeg tala hjer ekki um bann á að þurka fisk og hey og slíkt, sem vitanlega er oft alveg óhjákvæmilegt Sama er um afferming skipa. En ef markaðir eru haldnir á helgidegi, þá er slíkt alveg ófært. En um hreppsnefndarfundi og aðra fundi, þá má ekki halda þá á helgidegi nema það sje nauðsynlegt. En það mun mega oft segja, að svo sje. Á síðari tímum hefir það tíðkast stundum að hefja fundi dálitlu fyrir nón á slíkum dögum. En jeg veit, að það hefir komið fyrir, þegar átt hefir að byrja fund fyr, þá hefir það verið bannað af lögreglustjóra. Jeg held nú, að úr því hafi verið of mikið gert, að lögunum sje ekki fylgt. En eins og jeg sagði áðan, þá leyfa þau miklar undantekningar, svo að margt, sem sýnist vera óleyfilegt, er í raun og veru leyfilegt. En mjer finst frv. ganga of skamt, og frá mínu sjónarmiði væri alls ekki neitt á móti því, að það væri nokkru skarpara en eldri lögin. Lögin frá 1901 drógu úr þeim að óþörfu, að því er mjer finst.

Jakob Möller: Hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) vildi halda því fram, að það gæti ekki átt við alstaðar á landinu, sem þó ætti við hjer í Reykjavík, og mætti því ekki telja það svo mjög til meðmæla með frv., þótt það ætti hjer við. Jeg held, að þetta sjeu engin rök, enda ekki rökstutt hjá háttv. þm. Hann benti á einstök atriði í frv., sem honum þótti einkum kenna rangsleitni í. T. d. spurði hann, hvort það væri nokkurt vit í því að leyfa einum manni, sem ekki ætti bryggju, að losa skip, sem öðrum manni á sömu höfn, sem ætti bryggju, væri stranglega bannað að gera. Þetta er tómur misskilningur hjá hv. þm. Slíkt felst vitanlega alls ekki í frv. Þar er þetta miðað við örugga og ekki örugga höfn. Þar, sem höfn er svo góð, að skip geta legið við bryggju, þar á ekki að vinna við uppskipun á löghelgum degi, en þetta er auðvit-

að bannað jafnt þeim, er ekki eiga bryggjurnar, eins og hinum. Hinsvegar ber þess líka að gæta, að það er alls ekki bannað að vinna allan daginn, heldur aðeins rúmlega um messutímann.

Hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) talaði um, að samkomulag hefði náðst um þetta hjer í Reykjavík, og væri eins heppilegt að ná slíku samkomulagi yfirleitt milli verkamanna og vinnuveitenda eins og setja þessi lög. En slíku samkomulagi hefir ekki auðnast að ná, og því hefir þetta frv. verið samið af nefnd, þar sem sátu fulltrúar frá báðum þessum aðiljum.

Hv. 2. þm. N.-M. benti á, að þessi lög, sem hjer liggja fyrir, gætu orðið til hindrunar fyrir siglingar landsmanna. Það vill nú svo til, að strandferða- og millilandaskip eru undanþegin ákvæðum laganna. En þá var það útgerðin, sem ekki átti að þola þetta. Um það vil jeg vísa til samninganefndarinnar, sem samdi þetta frv., en í henni sat fulltrúi útgerðarmanna.

Sigurjón Jónsson: Jeg vil geta þess viðvíkjandi frv. þessu, að jeg tel ýms ákvæði þess um vinnu og vinnubann á helgum dögum ekki eiga alstaðar jafnvel við, þótt þau kunni að vera góð hjer í Reykjavík. Jeg vil benda á það, að bæði á Austfjörðum og Vestfjörðum, þar sem sólargangur er heldur stuttur, þá þýðir ekki t. d. að byrja að breiða fisk fyr en kl. 9 eða jafnvel seinna, og þá er, a. m. k. seinni part sumars, svo framarlega sem ráðist er í að breiða fiskinn, breiðslunni ekki lokið fyr en kl. 12. Jeg þekki þetta vel, því að jeg hefi haft með þessa verkstjórn að gera um mörg ár. Hinu get jeg lýst yfir, að jeg þekki engin dæmi þess, að unnið sje yfir messutímann, ef kirkja er á staðnum, og enda hvort sem er, því að messutímanum er svo hagað, að ekki er messað fyr en kl. 1, ef vinna þarf á staðnum, enda er öll vinna látin falla niður á meðan á messutímanum stendur. Jeg held því, að þótt þessi brtt. verði samþykt, þá sje það ekki einhlítt, ef allir staðir á landinu eiga að vera eins settir um að nota sjer sunnudaginn til nauðsynlegrar vinnu, eins og fiskverkunar í kaupstöðum og heyþurkunar í sveitum. Þá væri gott að fá skýringu á því hjá hv. flm. frv., hvernig á að vera með skip, sem flytja póst, farþega og vörur. Hvernig á t. d. að vera með strandferðaskipið Esju? Heyrir hún þar undir? Hún flytur oft vörur, en stundum minna af farþegum. Jeg hygg, að það þyki alloft nauðsynlegt að afgreiða hana, þótt á helgum degi sje, til þess að hún geti haldið áætlun.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Þórðarson): Það hefir þegar verið svarað flestu af því, sem sagt hefir verið á móti frv. og brtt. nefndarinnar, svo að jeg ætla ekki að ræða það frekar. Jeg vildi aðeins leiðrjetta það, sem hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) sagði, að það er lagt til í brtt. nefndarinnar, að kaflinn um fiskbreiðslu í 1. gr. falli alveg niður og að öll slík vinna falli undir niðurlag þeirrar greinar, sem er skýrt ákveðið, eins og mörg önnur ákvæði frv. Þau eru að sumu leyti, ef til vill, heldur væg, eða að minsta kosti verður ekki sagt, að þau sjeu of hörð, eins og t. d., að það sje heimilt að vinna þau verk, sem ekki má fresta, eða þegar svo á stendur, að það verður að almennings áliti ekki hægt að fresta þeim. Jeg ætla ekki að fara að taka neitt upp af því, sem mótmælt hefir verið í ræðu hv. þm. N.-Ísf., því að mjer fanst ræða hans bera vott um það, að hann hefði ekki til hlítar skilið

ákvæði frv., því að það er hvergi beinum orðum bannað að afgreiða skip, en það eru minni hömlur lagðar á það að afgreiða skip, þar sem þau geta ekki legið við bryggju. Jeg held, að það sje að mestu leyti rjett, sem hæstv. forsrh. (JM) sagði, að ef nokkuð má að þessu frv. finna, sjerstaklega þegar það er borið saman við þau lög, sem nú gilda, þá sje það helst það, að ákvæði frv. sjeu heldur væg. En jeg vil sjerstaklega leggja áherslu á það, að ákvæði frv. verða mjög í samræmi, ef allar brtt. nefndarinnar verða samþyktar. Svo vil jeg ljúka máli mínu með því að segja það, að menn þurfa ekki að óttast það, að lög sem þessi, að brtt. nefndarinnar samþyktum, verði neinn sjerlegur ásteytingarsteinn fyrir þjóðina.

ATKVGR.

Brtt. 196,1.a samþ. með 15 shlj. atkv.

— 196,1.b samþ. með 14 shlj. atkv.

— 232 feld með 13:5 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, HK, JakM, JBald, JK, JÞ, KlJ, MJ, MT, ÓTh, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, PO.

nei: ÁJ, BSt, BL, IngB, JAJ, JS, JörB, SigurjJ, SvÓ.

Fimm þm. (ÁÁ, BJ, MG, ÞórJ, BSv) fjarstaddir.

Brtt. 196,2.a samþ. með 15 shlj. atkv.

— 196,2.b samþ. með 13 shlj. atkv.

— 196,2.c samþ. með 13 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 12:9 atkv.

Brtt. 196,3 (3. gr. falli niður) samþ. með 15 shlj. atkv.

4. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 13:5 atkv.

Brtt. 196,4 (ný 5. gr., verður 4. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv.

6. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 13:4 atkv.

Brtt. 196,5 samþ. með 17 shlj. atkv.

7. gr., svo breytt (verður 6. gr.), samþ. með 12:3 atkv.

Brtt. 196,6 samþ. með 14 shlj. atkv.

8. gr., svo breytt (verður 7. gr.), samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 196,7 (9. gr. falli niður) samþ. með 13 shlj. atkv.

10.—12. gr. (verða 8.—10. gr.) samþ. með 12:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞorlJ, HStef, HK, JakM, JBald, JK, JÞ, KlJ, MJ, ÓTh, PÞ, PO.

nei: TrÞ, ÁJ, BSt, BL, IngB, JAJ, JS, JörB, MT, SigurjJ, SvÓ.

Fimm þm. (ÞórJ, BSv, ÁÁ, BJ, MG) fjarstaddir.

Á 66. fundi í Nd., föstudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 449, 460).

Forseti (BSv): Mál þetta var útrætt hjer í deildinni í dag og var eigi annað eftir en greiða atkvæði um það. En síðan hefir komið fram ný brtt., og þótt hún verði að sjálfsögðu eigi rædd, þar sem umr. er lokið, tel jeg rjett, að hún komi til atkvæða. Til þess að svo verði, þarf tvenn afbrigði frá þingsköpum, og vil jeg spyrja hæstv. stjórn, hvort hún vilji fyrir sitt leyti leyfa afbrigði. (Þögn). Hæstv. stjórn gerist nú allþögul. Vil jeg þá spyrja hana, hvort hún vilji neita um afbrigði. *(Fjrh. JÞ*: Nei). Úr því hæstv. stjórn neitar ekki um afbrigði, þá leyfir hún þau. Vil jeg þá spyrja háttv. deild, hvort hún vill veita afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigða synjað með 7:14 atkv.

Frv. samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: KlJ, MJ, MT, ÓTh, PO, PÞ, ÞorlJ, ÁÁ, HStef, HK, JakM, JBald, JK, JÞ.

nei: MG, SigurjJ, SvÓ, ÁJ, BSt, BL, IngB, JAJ, JS, JörB, BSv.

TrÞ greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (ÞórJ, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 64. fundi í Ed., laugardaginn 1. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.

Á 65. fundi í Ed., mánudaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (JM): Jeg veit ekki, hvort frv. þetta á nokkurn forsvarsmann hjer í háttv. deild, en uppruni þess er sá, að hjer í vetur varð samkomulag um það milli sóknarprestanna, sóknarnefndanna og nokkurra borgara að fá dálitlar breytingar á helgidagalöggjöfinni. Jeg hefi ekki haft nein afskifti af málinu, sjerstaklega vegna þess, að úr því farið var að gera breytingar, þá fanst mjer frv. þetta ganga ógnar skamt; hefði jeg viljað, að það hefði gengið miklu lengra og álít, að svo hefði mátt vera án þess það hefði skaðað atvinnulíf þjóðarinnar.

Jeg vona, að hv. deild láti frv. ganga áfram til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 7 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 449, n. 540).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg þarf ekki að segja mörg orð. Nál. gerir grein fyrir, hverjar breytingar verða frá því, sem nú er, ef frv. verður samþykt eins og það nú liggur fyrir. Ef þetta frv. er borið saman við helgidagalöggjöfina frá 1901, þá sjest, að nokkrar tilslakanir eru gerðar. Hinsvegar er farið fram á allmikla skerpingu í sumum atriðum. Samkvæmt lögum frá 1897 er leyft að ferma og afferma skip á helgidögum. Þessu er nú breytt svo, að slík störf megi ekki fara fram á föstudaginn langa nje á stórhátíðum og á öðrum helgidögum ekki frá kl. 11 f. h. til 3 e. h. Þó má afgreiða strandferðaskip á þessum tíma.

Þessa skerping verður að telja til bóta. Hún mun fram komin með samþykki útgerðarmanna hjer og í Hafnarfirði, og má því vænta, að þetta ákvæði verði ekki dauður bókstafur, eins og oft vill verða um lög.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að rjett sje að ganga að frv., og leggur til, að það verði samþykt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 585).

47. Sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 9. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til virkjunar Dynjandisár og annara fallvatna í Arnarfirði (þmfrv., A. 299).

Á 54. fundi í Nd., fimtudaginn 15. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 15 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Mjer skilst á hv. þdm., að það mundi verða vel þegið, að ekki yrði framsaga í málinu að þessu sinni. Menn eru orðnir langþreyttir af umræðum um önnur mál. Og ef háttv. deild vill afgreiða málið nú til 2. umr., þá gildir mig einu, þótt framsaga bíði þeirrar umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Nd., laugardaginn 17. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Meðferð þessa máls við 1. umr. varð með alleinkennilegum hætti, þannig, að það var alls ekki rætt. En vegna þess, að fjhn. á eftir að koma fram með brtt. við frv., vil jeg þegar æskja þess, að atkvæðagreiðslu um það verði frestað þangað til þær brtt. eru fram komnar.

Frv. þetta er borið fram af fjhn. og er þess efnis að veita atvinnumálaráðherra heimild til að leyfa virkjun Dynjandisár og fleiri fallvatna í Arnarfirði. Það er gert ráð fyrir því, að virkjuð verði alt að 40 þús. hestöfl, orkuver reist í Arnarfirði, en orkan leidd til Önundarfjarðar. Er þessu svo greinilega lýst í greinargerð frv., að jeg tel óþarft að lýsa því frekar, en óski hv. þdm. frekari skýringa, geta þeir fengið þær, annaðhvort hjá nefndinni eða formanni fjelags þess, er sjerleyfisins leitar. Jeg skal þó geta þess, að fjelagið hefir þegar varið hundruðum þúsunda króna í rannsóknir þarna vestra, og niðurstaðan er sú, að landslag, afstaða fallvatna og ástand er í besta lagi fallið til virkjunar. Það er ekki gert ráð fyrir, að öll sú orka, sem virkja á, verði tekin í einu, heldur alt að því í þrennu lagi. Af þessu, sem jeg nú hefi sagt, geta menn sjeð, að umsóknin er ekki út í loftið, og því er óskandi, að hið háa Alþingi greiði svo vel fyrir málinu sem kostur er á.

Vera kann nú, að mönnum sje ekki vel ljóst, til hvers á að nota raforkuna. Leyfisbeiðandi á námurjettindi í Önundarfirði og hann hyggur, að þar sjeu sæmilegir möguleikar til námurekstrar, járn- og aluminiumvinslu. Jeg hefi átt tal við þá menn, er best vit hafa á þessum efnum hjer á landi og kunnugir eru staðháttum, og fengið þær upplýsingar, að það, sem forgöngumenn fyrirtækisins hafa gefið upp um það, sje á rökum bygt. En þessi hlið fyrirtækisins er ekki enn fullrannsökuð. Er og mjög skiljanlegt, að menn vilji ekki leggja út í allan þann kostnað,

sem af slíkri rannsókn leiðir, nema þeir sjeu vissir um, að sjerleyfið fáist, ef góður árangur verður af rannsókninni. Þó virðist af rannsókn, sem þegar hefir verið gerð, allgóð skilyrði fyrir járnvinslu. En það er til annar möguleiki, og hann er sá, að vinna aluminium úr leir. En aluminiumvinsla mun vera hin þýðingarmesta raforkumálmiðja, sem nú er stunduð. Skilyrði eru hjer góð, ekki síður en annarsstaðar, þar sem slík iðja er rekin.

Aftur á móti er þar óálitlegri saltpjetursvinslan, en hún gæti þó komið til greina á Suðurfjörðunum, þar sem kalksteinninn er nærtækur.

Enn sem komið er er ekki hægt að gefa fullnægjandi skýrslu um þessa möguleika, en hinir fróðustu menn í þessum efnum gera sjer vonir um, að hjer sje um mikla möguleika fyrir framtíðariðnað í landi voru að ræða. En til þess að leggja út í þann kostnað, sem fullkominni rannsókn fylgir, þarf mikið fje, og verða menn þess vegna að eiga það víst, að sjerleyfi til orkuvers og iðjuvers fáist, ef rannsóknin ber á annað borð góðan árangur.

Nefndin hefir gert nokkrar breytingar á frv. því, er henni var sent, en jeg hirði þó ekki að greina frá þeim. En skylt er að geta þess, að nefndin mun flytja fleiri brtt. við frv., og munu þær koma fram áður en síðari hl. umr. er lokið.

Í frv. er í sumum greinum veitt undanþága frá gildandi vatnalögum, t. d. um búsetuskilyrði stjórnarinnar. Getur nefndin fallist á það, að erfitt muni reynast að útvega fje án þess að eigendurnir hafi fult vald yfir því, hvernig fyrirtækið verður rekið, enda hefir jafnan verið gert ráð fyrir því, að nokkrar undanþágur yrðu gerðar frá vatnalögunum í sambandi við hið fyrsta sjerleyfi, sem gefið væri. Þeir, sem gera fyrstu virkjunartilraunina í stórum stíl, munu eiga við ýmsa erfiðleika að stríða, sem ekki bitna á öðrum sjerleyfishöfum, er á eftir koma, þegar hin fyrsta virkjun hefir sýnt, að fossaiðnaður getur hjer verið arðvænlegur.

Nefndin telur æskilegt, að þessi virkjun komist í framkvæmd hið fyrsta, enda eru þessi mál ekki komin á það stig hjá oss, að draga þurfi úr virkjunarlönguninni, eins og var t. d. í Noregi um eitt skeið, meðan miljónir hestafla renna hjer til sjávar án þess að nokkuð sje nýtt. Virðist því heldur ástæða til þess að greiða fyrir útvegun fjár til virkjunar, og einkum í þeim landshlutum, þar sem reka þarf fossaiðnað í stórum stíl til þess að fá nægilega mikla og hæfilega ódýra raforku fyrir nærliggjandi hjeruð.

Þá er undanþága í 5. gr. frá eignarskatti, tekjuskatti, útsvari og hærra útflutningsgjaldi en nú er og öðrum gjöldum, er á kunna að verða lögð. En nefndin mun flytja brtt. við þetta ákvæði, svo ótvírætt sje, að hjer sje átt við önnur *samskonar* gjöld, er á kunna að verða lögð. En fyrir þessar undanþágur greiðir svo fyrirtækið fyrst 3 kr., en síðar 5 kr. af hverri nýttri hestorku. Verður þetta mikið fje, ef alt er virkjað, sem virkja á. En þar sem undanþága er veitt frá útsvari, verður að skifta gjaldinu milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, og mun nefndin flytja till. um það. Virðist rjett, að sveitarsjóður fái ⅓, en ríkissjóður ⅔ hluta af gjaldinu. En þá þarf og ákvæði um það, hvernig hluta sveitarsjóðsins skal skift milli hinna einstöku sveitarfjelaga. Mun nefndin einnig bera fram till. viðvíkjandi því.

Skattar og gjöld af slíkum fyrirtækjum sem þessum eru ætíð hafðir mjög lágir

víðsvegar um heim. Er mjer t. d. kunnugt um, að svo er í Svíþjóð. Þar er leitast við að veita þessum fyrirtækjum góð skilyrði. En ef virkjanirnar eru of örar — en því er ekki til að dreifa hjer á landi — er ástæða til þess að hækka skattana og gjöldin. Það er augljóst, að ástandið í þessum efnum hjá oss er svo, að við ættum heldur að greiða fyrir þessum fyrirtækjum en tefja fyrir þeim.

Það er ekki óeðlilegt, þó að fjelagið sæki um undanþágu frá jafnóákveðnu gjaldi og útsvörin eru, en bjóði ákveðið gjald í staðinn, sem miðað sje við hestorku. Aftur á móti er ekki eins eðlileg undanþágan frá tekju- og eignarskatti; en þegar annað gjald kemur í staðinn, skal jeg fyrir mitt leyti ekki hafa á móti því, að slík undanþága verði veitt. 5 kr. af hverri hestorku er nærri lagi, ef gert er, að hestorkan gefi af sjer 30—50 kr. á ári. Virkjunarkostnaður hverrar hestorku má gera ráð fyrir, að sje um 300—500 kr. Slík fyrirtæki sem þetta eru ekki talin stórgróðafyrirtæki, heldur er hins vænst, að þau gefi jafna, en fremur lága rentu ár frá ári. Þau eru bygð á öruggum, en hlutfallslega lágum arði. Til þessa þarf að taka tillit, þegar um afgjöld er að ræða, því að þótt hjer þurfi miljónir í stofnfje, er hinn hlutfallslegi arður langt frá því að vera hár. Í vatnalögunum eru nákvæm ákvæði um sölu á rafmagni til sveitarfjelaga og útreikning framleiðslukostnaðar, en þó telur nefndin hentugt að setja ákveðið hámarksverð, og mun og verða flutt brtt. um það.

Nefndin lítur svo á, að hjeruð þau, sem nærri liggja og haft geti gagn af virkjuninni, eigi að fá frá orkuverinu það rafmagn, sem þau þarfnast, bæði til ljóss, hita og suðu. En eftir landslagi og fólksfjölda virðist þörfin ekki vera svo mikil, að örðugt muni að fullnægja henni. Mun rjettast, að stjórnin ákveði í reglugerð, þegar sjerleyfið er veitt, hve mörg hestöfl af hverju hundraði eigi að standa almenningi til boða, en þá hundraðstölu ber auðvitað að miða við nákvæmlega áætlaða þörf hjeraðanna. Það kynni ef til vill að vera þægilegra fyrir fjelagið, ef virkjunin byrjaði smátt, að hestaflatalan, sem skylt er að selja, fari vaxandi á nokkurra ára fresti úr 200 upp í 400 og 600 o. s. frv. Um þetta atriði er ekki til nákvæm áætlun, og ætlast því nefndin til þess, að stjórnin gæti þess vel, að viðkomandi hjeruðum verði trygð raforka til allra heimilisþarfa og smáiðnaðar.

Nefndin er þessu frv. mjög fylgjandi, ekki síst vegna þess, að á Vestfjörðum hagar svo til, að þar getur einmitt þrifist stórvirkjun, en vart smávirkjun. Smáorkuver eru lítt hugsandi. Eina ráðið til þess að fullnægja orkuþörfinni er að gera stórvirkjun; verður hagsmunavonin að byggjast á þeim iðnaði, sem rekinn er í sambandi við hana, en ekki á sölu rafmagns til almennings. Og þegar við nú flytjum inn allan aflgjafa, svo sem olíu og kol, en hestöflin renna til sjávar svo miljónum skiftir, þá virðist full ástæða til þess að afgreiða slíkt mál sem þetta, þar sem þar að auki er allgóð von um framkvæmdir.

Eins og jeg gat um í upphafi máls míns, getur hvorki nefndin nje hv. þm. fengið örugga vissu um málmvinslumöguleikana á þessum svæðum. Það liggur ekki annað fyrir en það, sem innlendir sjerfræðingar hafa hjer um sagt, en þeir lýsa því eindregið yfir, að um mikla möguleika sje að ræða. Hygg jeg því, að háttv. Alþingi þurfi ekki að óttast, að verið sje að gabba það. En þó að svo sje nú, að hjer sje

ekki um beina vissu að ræða, getur þingið samt verið óhrætt, **því að það veitir sjerleyfið** sem fulltrúi þeirra hjeraða, sem virkjunin er framkvæmd í, og ef sjerleyfið er afgreitt með þeim skilyrðum, sem nauðsynleg eru fyrir öryggi hjeraðanna og landsins í heild sinni, getur þingið haft góða samvisku.

Óska jeg svo, að þeir þm., sem hafa í hyggju að bera fram brtt., komi með þær svo fljótt sem þeir geta, og einnig mun nefndin leggja fram sínar brtt. bráðlega, svo að ekki verði ástæða til að kvarta um ónógan umhugsunarfrest. Annars er ekki lengra síðan en frá síðasta þingi, að vatnalögin voru afgreidd, og ætti hv. þm. því ekki að vera ókunnugt um þessi mál. Þá býst jeg við, að þeir hafi sett sig svo inn í vatnamálin yfirleitt, meðan starfað var að þeim á undanförnum þingum, að þeir eigi ekki sjerstaklega ilt með að átta sig á þessari sjerleyfisumsókn, því að hún byggist að mestu leyti á þeirri löggjöf, sem nýlega hefir verið sett.

Sveinn Ólafsson: Jeg bjóst sannast að segja ekki við, að þetta mál yrði borið hjer fram á þann hátt, sem nú er raun á orðin. Jeg bjóst ekki við, að lagt yrði fram frv. til heimildarlaga fyrir stjórnina að veita slíkt sjerleyfi, heldur að sjerleyfið sjálft yrði lagt hjer fram fyrir Alþingi til samþyktar eða synjunar. Jeg hefi einmitt skilið svo 7. og 36. gr. sjerleyfislaganna, að í þeim lægi þetta. Jeg get að vísu fallist á það, að með slíkum heimildarlögum sem þessum sje hægt að búa um sjerleyfi, sje hægt að afhenda stjórninni rjett þann, sem Alþingi hefir til að setja lög og gera ákvarðanir um þýðingarmikil mál, sem í rauninni heyra undir þingið. En jeg felli mig ekki við þá aðferð, því að í henni liggur ekki það öryggi um ákveðna stefnu, sem í hinni, og ekki er nú **unt að sjá, hvernig** leyfið verður útbúið, þar sem það liggur ekki fyrir þinginu.

Jeg minnist þess, að á síðasta þingi voru gefin út heimildarlög fyrir stjórnina til að veita fjelagi nokkru einkarjett til þess að reka útvarp hjer á landi. Og nú er það kunnugt orðið, að risin er upp megn óánægja út af þeim samningi, sem stjórnin hefir gert við fjelagið, og út af reglugerð þeirri, er stjórnin hefir gefið út í tilefni af þessu sjerleyfi. Ekkert skal jeg um það segja, hvort óánægja þessi er á fullum rökum bygð, en ekki mun hún tilefnislaus með öllu.

Þá má geta þess, að í frv., einu eða tveimur, sem lögð hafa verið fyrir þetta þing, hefir verið leitast fyrir um hliðstæða heimild fyrir stjórnina til ákvarðana um mál, sem miklu varða. Jeg á hjer við frv. til laga um viðauka við Flóaáveitulögin frá 1917, þar sem ráðgert var, að stjórnin ákvæði, hve miklu fje skyldi varið til framhaldsstarfsemi þar eystra. Þessu breytti reyndar þingið, þar sem því fanst ekki nógu tryggilega um hnútana búið eins og ákvæði frv. voru. Líkrar heimildar var leitað með frv. til laga um bryggjugerð í Borgarnesi, en einnig þar var af þinginu hamlað. Alt þetta bendir til þess, að hál geti verið þessi heimildarleið. En hjer er um miklu meira að ræða en í áðurnefndum tilfellum. Því að ef sjerleyfið verður veitt eins og til stendur, þá erum vjer bundnir því í 60 ár. En hvortveggja hin lögin, sem jeg nefndi, útvarpslögin og lögin um viðauka við Flóaáveitulögin, gilda aðeins til stutts tíma, önnur til 7 ára, en hinum má að sjálfsögðu breyta þegar á næsta þingi.

Mjer þótti rjett að benda á þetta áður en nokkur ákvörðun yrði tekin, því að hjer er um atriði að ræða, sem ekki verð-

ur breytt svo hastarlega og líklegt er að verði að fordæmi. Jeg vil taka það fram, þar sem vikið er hjer í meginatriðum frá fyrirmælum sjerleyfislaganna, að sjerleyfisbeiðnin átti að liggja frammi við meðferð þingsins á þessu máli. Hjer er sem sje gert ráð fyrir 60 árum, en í sjerleyfislögunum er hámarkið 50 ár. Þá er hjer líka gert ráð fyrir stærri virkjun en þeirri, sem stjórninni er heimilt að veita leyfi til eftir sjerleyfislögunum, þar sem fyrir 25 þús. hestafla hámark er ráðgert að virkja 33—35 þús. hestöfl, en leyfi til slíkrar virkjunar er Alþingi áskilið að veita, eins og yfirleitt öll virkjunarleyfi til útlendinga.

Jeg hefði kunnað því best, að sjerleyfið sjálft, með öllum þeim skilyrðum, er fram þurfti að taka, hefði verið lagt fyrir deildina.

Eitt atriði í þessu frv. finst mjer, að tæplega geti staðist. Það er ákvæðið í 3. gr., um að framselja megi sjerleyfið með leyfi ráðherra. Þetta er gagnstætt ákvæðum 36. gr. sjerleyfislaganna. Þar er gert ráð fyrir, að Alþingi samþykki ætíð sjerleyfi til útlendinga, eins og líka framsal hvers virkjunarleyfis til handa þeim.

Þetta eru þær almennu athugasemdir, sem jeg vildi gera. Meira sjerstaks eðlis er það, að mjer þykir hjer alt of fátt liggja fyrir, sem gæti skýrt málið og fyrirhugaðar framkvæmdir. Jeg sje hvergi þau plögg, sem af megi ráða, hve margt manna þurfi til að koma þessari virkjun á fót, eða til iðnrekstrar, þegar þar að kemur. En þetta skiftir alls ekki litlu máli. Ef til framkvæmda virkjunarinnar þyrfti marga menn, segjum eitt þúsund eða svo, þá væri þar saman dreginn svo mikill liðsafli, að á hlyti að sjá hjá öðrum atvinnugreinum, ef allur sá hópur væri tekinn innanlands. Það er auðvitað hægt að fá hingað útlenda menn, og að sjálfsögðu verður ekki hjá því komist að fá nokkuð af sjerfróðum útlendingum, ef nokkuð verður úr þessu. En það gæti líka komið illa við, ef inn væri flutt mikið af útlendu verkafólki. Bæði mundi það vekja óánægju hjá verkalýð landsins, og hinsvegar hæpinn ávinningur af innflutningi óvalins lausingjalýðs.

Þá er eitt, sem mjer er ekki kunnugt um, hvort gert hefir verið, en gera ber áður en sjerleyfi er veitt. Það er að leita álits hlutaðeigandi hjeraða og fá vitneskju um, hvort þau óska ekki að hagnýta vatnið á annan veg eða tryggja sjer umráð þess. Sjerleyfislögin gera ráð fyrir ákveðnu gjaldi og af þeim verður ekki annað sjeð en að það gjald eigi að falla óskift til ríkissjóðs. Háttv. frsm. (ÁÁ) gat þess, að nefndin hefði í hyggju að gera þá till., að þetta gjald skiftist á milli ríkissjóðs og viðkomandi hjeraða. Mjer fellur það vel, en best hefði farið á því, að þetta hefði staðið í sjerleyfinu sjálfu og að það hefði legið hjer fyrir með öllum nánari ákvæðum og skilyrðum.

Af eðlilegum ástæðum flyt jeg ekki að svo komnu neinar brtt. við frv., og má þó vera, að jeg geri það síðar. Jeg lít svo á, að þessi aðferð, sem hjer er viðhöfð um leyfisveitingu, sje ekki sú rjetta, og að aðra leið beri að fara. Mjer dylst ekki, að ef þessi heimildarlög ganga fram, þá muni síðar verða reynt að nota þau sem fordæmi, þegar aðrir leita leyfis til virkjunar. Þess vegna er dálítið athugavert að skapa fordæmi um undanþágur frá gildandi lögum og veita svo víðtækar undanþágur frá gildandi lögum og ívilnanir, sem hjer er farið fram á. Það er hætt við, að hið sama verði fast sótt af öðr-

um, sem á eftir koma, og þá ef til vill handa stærri fyrirtækjum, sem reynast oss ofjarlar. Þess vegna hefði jeg kosið, að ekki væri gert svo mikið að því að víkja frá sjerleyfislögunum sem hjer er stefnt að. Um líkurnar fyrir góðum árangri af þessu fyrirtæki ætla jeg ekki að tala. Mig skortir kunnugleika til að geta dæmt um þær. Jeg get ekki bygt á öðru en áliti sjerfræðinga þeirra, sem þetta hafa athugað, og jeg geri ráð fyrir, að upplýsingar þeirra fari nærri lagi. En litlar mætur hefi jeg á þessu útlendingadekri.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil taka undir með þeim tveim hv. ræðumönnum, sem nú hafa talað, hv. frsm. (ÁÁ) og hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), um það, að þetta mál hafi fengið óvanalega afgreiðslu. Það var látið fara umræðulaust til 2. umr., og jeg teldi hreint og beint óforsvaranlegt, ef nú ætti þegar að fara að greiða atkv. um jafnmikið og afleiðingaríkt mál. Hv. frsm. hefir gert sitt til þess að bæta úr þessu með því að óska, að 2. umr. verði tvískift, svo hægt væri að bera fram athugasemdir og brtt. Jeg vil taka fram, að þótt jeg beri fram ýmsar athugasemdir, þarf ekki að skoða það svo, að jeg ætli endanlega að bregða fæti fyrir frv., verði þær varúðarráðstafanir gerðar, sem jeg tel nauðsynlegar. En hjer er um að ræða svo stórt mál, að jeg tel, að frá því þurfi að ganga alveg sjerstaklega vel. Ef fyrstu sporin eru ekki rjett stigin, getur það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Jeg kem þá með nokkrar athugasemdir, sem jeg skora á nefndina að taka til athugunar. Það gladdi mig, að hv. frsm. vjek að því, að nefndin þyrfti að breyta einu atriði í 5. gr. Auk ýmissa undanþága frá opinberum gjöldum er kveðið svo að orði, að sjerleyfishafi skuli undanþeginn „öðrum gjöldum, er á kunna að verða lögð". Það gat ekki komið til nokkurra mála að láta þetta standa óbreytt. En úr því að nefndin sjálf ætlar að taka þetta til athugunar, fer jeg ekki um það fleiri orðum. Það eru fleiri atriði í 5. gr., sem ástæða væri til að athuga nánar. Þar stendur, að sjerleyfishafi skuli undanþeginn hærra útflutningsgjaldi en nú er. Jeg held, að það útflutningsgjald, sem nú er, gildi aðeins um einstakar vörutegundir. Þarna kynnu að verða framleiddar nýjar vörutegundir, sem ekkert útflutningsgjald er á nú, og ef þetta stæði óbreytt, skilst mjer, að slíkar vörur yrðu undanþegnar útflutningsgjaldi. Ef til vill er hjer um einhvern misskilning hjá mjer að ræða, en jeg vildi aðeins vekja athygli nefndarinnar á þessu. Það er enn eitt í þessari sömu grein, sem jeg vildi minnast á. Þar stendur, að í stað þeirra fríðinda til handa sjerleyfishafa, að losna við gjöld þau, sem talin eru, skuli hann „gjalda af fyrirtækjunum 3 krónur árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 3 árin eftir að mannvirkjunum, sbr. 1. og 6. gr., er lokið, en síðan 5 krónur árlega af hverri nýttri hestorku."

Eins og þetta er orðað, er ljóst, að ekki á að byrja að greiða neitt gjald fyr en mannvirkjunum er *„lokið"*, en í 6. gr. er gert ráð fyrir, að þeim þurfi ekki að vera lokið fyr en eftir 7 ár. Sjerleyfishafi á því ekki einungis að geta verið laus við öll venjuleg gjöld 7 fyrstu árin, heldur einnig þessi sjerstöku gjöld. Við þetta bætist, að samkv. niðurlagi 6. gr. er ráðherra heimilt að lengja þennan frest. Jeg skora á nefndina að athuga þetta atriði.

Út af þessum atriðum, sem jeg hefi nefnt, og út af því, sem hv. frsm. lýsti

yfir, að fjhn. hefði margt við frv. að athuga, vildi jeg leyfa mjer að spyrja, hvort hv. fjhn. telur sig hafa haft nægan tíma til að athuga þetta mál svo vel sem skyldi. Í svona máli má ekki hrapa að neinu, en það er vitanlegt, að hv. fjhn. hefir verið störfum hlaðin.

Jeg ætla að drepa á eitt atriði, sem hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) einnig mintist á. Það kemur ekki fram í greinargerð frv., hvað áætlað er, að margt manna þurfi til þess að reisa og reka þessar stöðvar, og ekki heldur, hve gert er ráð fyrir, að þörf sje margra útlendinga. Jeg óska, að nefndin gefi sem glegstar upplýsingar um þetta atriði. Það getur haft mikil áhrif á atvinnulífið hjer, ef þarna verður um miklar framkvæmdir að ræða. Það þýðir ekki að bera okkur saman við Norðmenn og Svía í þessu efni, þar sem um miklu fjölmennari og sterkari þjóðir er að ræða. Íslendingar hafa ástæðu til að vera varkárari.

Þá er enn eitt. Mjer fellur ekki vel, að fyrir þessu þingi skuli liggja 3 frv., þar sem verið er að bjóða fram af íslenskri hálfu sjerstök fríðindi. Verst er þó, þegar þetta er gert að tilefnislausu, eins og með bankafrumvarpinu. Þetta frv. er þó bundið við ákveðin verk. Jeg mun hafa sterka tilhneigingu til þess að flyta tillögur um, að jafnframt því, sem þessi rjettindi eru boðin fram, verði krafist tryggingar frá þeim, sem sækja, fyrir því, að eitthvað verði gert. Eftir þessu frv. mega líða þrjú ár frá því sjerleyfið er veitt þar til byrjað verður á framkvæmdum. Mjer þykir fyllsta ástæða til að heimta, að umsækjendur leggi fram fje til tryggingar því, að ekki sje verið að gabba okkur.

Hv. frsm. og hv. 1. þm. S.-M. hafa komið inn á það, sem jeg tel sjálfsagt, að ef sjerleyfi verður veitt, sjeu viðkomandi hjeruð látin njóta sjerstakra kostakjara að því er rafmagn snertir og önnur hlunnindi.

Jeg get að vissu leyti tekið undir með háttv. frsm., að æskilegt væri, að virkjun gæti komist á. En við þurfum um leið að hafa vissu fyrir því, að við sjeum ekki að hleypa okkur út í neina ófæru. Jeg held, að þetta sje ekki nægilega trygt með frv. Jeg get ekki gengið að því á þeim grundvelli, sem það nú er.

Frsm. (Asgeir Ásgeirsson): Sumu af því, sem beint hefir verið til nefndarinnar, ætla jeg ekki að svara að svo stöddu, heldur mun nefndin taka það til yfirvegunar og gefa síðan ákveðin svör, þegar umræðunni verður haldið áfram.

Hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) efaðist um, að hjer væri farin rjett leið. Að því er það snertir vildi jeg vísa honum til hæstv. atvrh. Jeg óska sömuleiðis, að hæstv. atvrh. láti í ljós skoðun sína um þetta efni. Hans skoðun verður að meta mikils í þessu máli, af því það heyrir undir hann.

Þeir hv. 1. þm. S.-M. og hv. þm. Str. báru fram fyrirspurn um, hvað merkja ættu í 5. gr. ákvæðin um, að fjelagið skyldi undanþegið hærra útflutningsgjaldi en nú er.

Þetta merkir það, að fjelagið þurfi ekki að greiða hærra útflutningsgjald en nú er ákveðið í lögum, en það er 1% samkvæmt lögum frá 1921, og auk þess ½% samkvæmt lögum frá síðasta þingi. Þetta nær að sjálfsögðu til þeirrar framleiðslu, sem fjelagið flytur út. Í 1. gr. laganna frá 1921 stendur: „Af öllum íslenskum afurðum, sem fluttar eru til útlanda, nema síld, fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum, skal greiða í ríkissjóð 1% gjald af verði afurðanna.“ Við þetta er átt.

Hámark útflutningsgjaldsins verður því 1½%. Jeg hygg, að þetta sje fullskýrt og þurfi ekki um það að bæta í frv.

Háttv. þingmenn (SvÓ og TrÞ) lögðu áherslu á, að hjer væri mikið í húfi. Jeg skal fúslega játa, að svo er. En hjer er ekki um það eitt að ræða að varast ginningar óhlutvandra manna, sem kynnu að vilja ginna þingið út í einhverjar torfærur. Líka verður að varast að vera svo hræddur á þessu sviði, að árnar fái þess vegna að renna ótruflaðar um aldur og æfi. Það verður að varast, að Alþingi girði fyrir það, að þjóðin geti notið gæða þessa lands. Um hitt, að mál þetta sje svo flókið, að þm. geti ekki áttað sig á því og þurfi langan umhugsunartíma, verð jeg að segja það, að þetta mál er ekki flóknara en vatnalögin, sem voru afgreidd á síðasta þingi, og þeir þm., sem þau lög hafa afgreitt, ættu því ekki síður að vera færir um að átta sig á þessu máli. Það er að vísu satt, sem háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að það er ekki hægt að sjá nú fyrirfram, hvernig sjerleyfið verður, en þó má komast þar allnærri með því að bera frv. saman við hin almennu vatnalög, sem það er bygt á. Ef einhver háttv. þm. óttast, að stjórnin gæti ekki nægilega vel hagsmuna landsmanna eða hjeraðsbúa við útgáfu sjerleyfisins, er öllum innan handar að bera fram brtt. um að setja einhver skilyrði til að forðast það, sem þeir telja vera í húfi.

Það hljóta allir að viðurkenna, að fyrsta virkjunarfyrirtækið hlýtur að eiga við mikla örðugleika að etja, sem dvína þegar reynslan er fengin. Þess vegna er ekki rjett sú fullyrðing, að fyrsta sjerleyfið verði í öllum efnum talið fordæmi fyrir síðari sjerleyfum, sem veitt verða. Þær undanþágur frá sjerleyfislögunum, sem veittar verða ef til vill, eru gerðar vegna þess, að hjer er um að ræða fyrsta fyrirtækið, sem brýtur ísinn fyrir þau, sem síðar kunna að koma, og sýnir möguleikana til virkjunar hjer á landi.

Viðvíkjandi spurningunni um mannafla þann, sem þyrfti til að koma upp þessum mannvirkjum og svo síðar til starfrækslu þeirra, get jeg að svo stöddu ekki gefið ábyggilegar upplýsingar; jeg hefi aðeins heyrt lauslegar ágiskanir um þetta, sem jeg þori ekki að fara með. Nefndin mun taka þetta atriði til nánari athugunar og gefa upplýsingar þær, sem hún getur aflað sjer um það, við framhald þessarar umræðu. Jeg skal aðeins geta þess, að innflutning á erlendum verkamönnum eða öðrum ætti ekki að leyfa, að mínu áliti, nema þar sem það er óhjákvæmilegt og nauðsynlegt vegna sjerþekkingar, eða ef alls ekki er hægt að fá nóg af innlendu verkafólki. Jeg hygg, að engir óski eftir innflutningi erlends verkalýðs til þess að taka vinnuna frá innlendum verkamönnum. Það er ætlast til, að um leið og stjórnin gefur út sjerleyfisbrjefið setji hún reglur um innflutning á erlendum verkamönnum, og nefndin hefir talið rjettast að láta ríkisstjórnina ráða þessu. En ef háttv. þm. álíta, að það sje ekki óhætt, geta þeir komið fram með brtt. við frv. um þessi atriði.

Það er alveg rjett, sem háttv. 1. þm. S.-M. sagði, að það verður að leita álits og umsagnar íbúa þeirra hjeraða, þar sem virkjun á að framkvæma, og í þessu frv. eru heldur engin ákvæði um undanþágur frá þessari skyldu, sem sjerleyfislöggjöfin leggur á umsækjendur um sjerleyfi til virkjunar fallvatna. Ríkisstjórnin verður að leita sjer upplýsinga um óskir og þarfir hjeraðsbúa áður en sjerleyfið er gefið, en jeg tel ekki nauðsynlegt, að þær upplýsingar verði lagðar fyrir Alþingi. Jeg

álít alveg nóg, að skilríki um þetta komist í hendur ríkisstjórnarinnar áður en hún afgreiðir málið. En hjeraðsbúar eru annar aðili þessa máls, og það má alls ekki undir höfuð leggjast að kynna sjer vilja þeirra og tillögur og taka alt sanngjarnt tillit til óska þeirra og þarfa á raforku til heimilisnotkunar eða jafnvel til iðnaðar.

Háttv. þm. Str. spurði um útflutningsgjald af afurðum þessa iðnaðar og bað jafnframt um svör við ýmsum öðrum spurningum viðvíkjandi ákvæðum 5. gr. frv., t. d. hvort það sje rjett, að til sje ætlast, að ekkert árgjald skuli greitt fyr en öllum mannvirkjum sje lokið. Jeg skildi háttv. þm. svo, að hann áliti, að ekkert árgjald yrði greitt fyr en lokið væri við öll mannvirkin. Í 5. gr. er svo um mælt, að greiða skuli 3—5 kr. af hverju *nýttu* hestafli. Auðvitað á að greiða það strax frá því *nýtingin* er komin í framkvæmd. Jeg efast ekki um, að svo yrði dæmt, að gjald skuli greiða af þeirri orku, sem þegar er farið að nota, en ef lögfræðingar þessarar háttv. deildar eru á öðru máli um þetta og ef þeir telja betra að laga þessi ákvæði, hefir nefndin ekkert á móti því, að það verði gert.

Háttv. þm. Str. spurði einnig, hvort nefndin hefði haft nægan tíma til að afgreiða þetta mál. Jeg hefi ekki haldið því fram, að nefndin hafi lokið afgreiðslu málsins, en jeg efast ekkert um, að nefndin muni fá nægan tíma til þess. Háttv. þm. gera alt of mikið úr því, hve langan tíma þurfi til að átta sig á þessu máli. Við höfum öll þau gögn í málinu, sem þörf er á: vatnalöggjöfina, álit fossanefndarinnar o. fl. Þá eiga enn sæti hjer á þingi menn, sem sátu í fossanefndinni, og þeir munu geta gefið allar þær upplýsingar, sem þörf er að óska eftir. Jeg álít, að afgreiðsla málsins geti nú þegar orðið sæmileg og þurfi ekki að kvíða því, að hún verði kák. Við höfum nú alla þá sjerþekkingu, sem hægt verður að afla sjer, þó að málinu yrði frestað til næsta árs; t. d. er háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), þótt hann hafi mælt á móti frv., einn af þeim mönnum, sem hafa til að bera alla þá þekkingu, sem til þarf til að geta dæmt um þetta mál og taka fullnaðarákvörðun um það. *(SvÓ*: Nei, alls ekki!). Jæja, ef svo er, þá verður háttv. þm. seint dómbær um þessa hluti. Sumir háttv. þm., sem talað hafa gegn frv., hafa lagt mikla áherslu á að vara menn við að veita þetta sjerleyfi og hafa haldið því fram, að hjer væri einhver stórhætta á ferðum. Jeg legg áherslu á tvent, sem jeg tel, að þurfi að vara menn við: Að vera ekki svo varkárir, að aldrei geti orðið úr neinu, og svo hitt, að vera ekki alt of tortryggnir. Það er ekki sú eina hætta hjer á ferðum, að vatnsvirkjunin verði framkvæmd á þann hátt, sem sje landsmönnum til ófarnaðar, heldur líka sú, *að alls ekkert verði virkjað* af fallvötnum landsins.

Jeg óska eftir, að málið verði afgreitt á þann veg, að sjeð verði fyrir bæði þörfum hjeraðsbúa og landsmanna í heild, en um leið verði heldur ekki lagður steinn í götu þess, að hjeruð landsins geti notið þeirrar orku, sem fallvötnin hafa að geyma, til þess að vistlegra verði hjer á landi eftir en áður. Jeg tel mjer skylt sem fulltrúa þessara hjeraða að gæta hagsmuna þeirra ásamt hagsmunum allra landsmanna, og þar með að gæta þess, að ekki verði girt fyrir, að nokkuð geti af virkjun orðið í framtíðinni, vegna skammsýni og tortryggni.

Atvinnumálaráðherra (MG): Hv. frsm. fjhn. (ÁÁ) bað mig um að segja álit mitt í þessu máli og hvort jeg teldi það vera

borið fram í rjettu formi. Jeg skal gjarnan lýsa því yfir, að jeg tel svo vera. Jeg sje ekkert á móti því, að ákveðið sje með sjerstökum lögum, að sjerleyfi skuli veitt gegn sjerstökum skilyrðum auk þeirra, sem tiltekin eru í sjerleyfislöggjöfinni. Jeg skil ekki, hvers vegna hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem er þessum málum öllum svo nauðakunnugur, skuli álíta, að hjer sje eitthvað undarlegt eða óleyfilegt á ferðinni. Hann vitnaði í 7. gr. sjerleyfislaganna, sem kveður á um, að leita skuli samþykkis Alþingis til virkjunar, sem fer fram úr 25 þús. hestöflum. En það er ekkert því til fyrirstöðu, að þessa samþykkis sje leitað með sjerstöku lagafrv., því samkv. 7. gr. tjeðra laga er ekki nóg að fá samþ. þál. um þessi efni. Þá vitnaði háttv. þm. (SvÓ) einnig í 36. gr. sömu laga, en þar er líka aðeins talað um samþykki Alþingis, en ekkert tekið fram um það, í hvaða formi þess skuli leitað. Jeg álít því, að sjerleyfislögin feli engin ákvæði í sjer, sem banni, að sjerstakt frv. sje borið fram um þetta efni.

Þá talaði háttv. þm. um fordæmi, sem þessi lög myndu skapa, ef frv. yrði samþykt. En jeg vil minna hann á, að í umræðunum um sjerleyfislögin í fyrra var það tekið fram, að fyrsta eða fyrstu sjerleyfin, sem veitt yrðu, mundu verða veitt með betri kjörum en þau sjerleyfi, sem síðar yrðu gefin út. Reynist fyrirtækið vel og sjerleyfishafar hafi góðan hag af því, er sjálfsagt að herða á skilyrðunum í næsta skifti, en ef fyrsti sjerleyfishafi skaðast á fyrirtækinu, væri frekar ástæða til að slaka á einhverjum skilyrðum en herða þau. Hvernig sjerleyfi þetta verður, ef frv. verður samþ., er ekki hægt að segja fyrirfram, því það er erfitt að ræða málið á þessu stigi þess, þegar hv. frsm. fjhn. gerir ráð fyrir breytingum frá nefndarinnar hálfu á frv. Jeg ætla því ekki að ræða frv. að svo stöddu, en vil aðeins geta þess, að jeg er hlyntur beislun fallvatna landsins. Þau hafa nú runnið ónotuð til sjávar um þúsundir ára, og því finst mjer tími til kominn að notfæra sjer eitthvað af þeim krafti, sem verið hefir ónotaður öldum saman. Jeg tel það skemtilega tilhugsun að hafa 40—50 þús. hestorkur starfandi alt árið um kring og að þeim sje varið til starfa, sem miða þjóðfjelaginu til þrifnaðar; en hitt miður skemtilegt, að vita af allri þeirri orku, sem daglega fer forgörðum til ónýtis ár eftir ár. Jeg ber virðingu fyrir þeim mönnum, sem vilja ráðast í slík fyrirtæki og þetta og hætta fje sínu til þess að ryðja braut nýjum atvinnuvegum í landinu, og jeg sje ekki, að ástæða sje til að leggja stein í götu þeirra, meðan þeir fara ekki fram á neina ósanngirni og krefjast ekki á annan hátt of mikilla hlunninda.

Það hefir verið talað um það af einhverjum háttv. þm., að málið hefði fengið óvenjulega afgreiðslu, þar sem það hafi gengið umræðulaust til 2. umr. Nú hefir verið bætt úr því með því að tvískifta þessari umræðu, samkv. tilmælum háttv. frsm. fjhn. (ÁÁ). Þetta kemur því alveg í sama stað niður, enda er það ekkert óvenjulegt, þó að mál gangi umræðulaust eða lítið rædd gegnum 1. umr.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) mintist á útvarpssjerleyfið og lögin um Flóaáveituna og hann taldi þau vera hliðstæð mál þessu máli, sem jeg þó ekki fæ sjeð að sje, allra síst Flóaáveitan. Og þó að einhver óánægja hafi orðið út af sjerleyfi því, sem háttv. þm. nefndi, getur það ekki tafið neitt þetta mál.

Hv. þm. Str. (TrÞ) talaði nokkur orð

áðan og mjer fanst að það andaði fremur kalt frá honum í garð þessa máls, og jeg verð að segja það, að skýring hans á 5. gr. bar ekki neinn vott um velvilja til þessa máls. Jeg get lýst því yfir, að jeg tel skýringu hv. frsm. fjhn. (ÁÁ) vera rjetta, en ef fleiri eru en hv. þm. Str., sem eru í vafa um þetta atriði, má auðvitað gera það ljósara fyrir þeim. En jeg get ekki verið í neinum vafa um, að það, sem flutt er út, eru íslenskar afurðir, og heyra þær því undir ákvæði útflutningslaganna; en háttv. þm. Str. virðist ekki skilja þetta. Hann áleit, að lögin um útflutningsgjald ættu aðeins við tilteknar vörutegundir, en hann man þá ekki eftir nýrri lögunum, sem leggja verðtoll á allar íslenskar afurðir, sem út eru fluttar.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Str. talaði um, að tryggingarfje væri hið allra minsta, sem hægt væri að heimta af sjerleyfisbeiðendum, til að tryggja það, að ekki væri um gabb eitt að ræða, eða að eitthvað yrði úr framkvæmdum. En jeg get upplýst það, að samkvæmt því, sem kemur í ljós í skýrslum þeim, sem umsækjendur hafa lagt fram, hafa þeir þegar lagt stórfje í undirbúning þessa máls, og það gera menn ekki að jafnaði nema alvara sje í því að ráðast í framkvæmdir. Ef þeir vilja undirgangast að setja einhverjar tryggingar, er það auðvitað gott, að þeir geri það, en þó má ekki láta málið stranda á því atriði einu, ef þeir eru ófúsir að setja tryggingar. Það væri gott að fá upplýsingar um þann vinnukraft, sem þörf verður fyrir við þessi fyrirtæki, en jeg held, að það þurfi ekki að óttast, að hann verði svo mikill, að hætta geti stafað af. Jeg slæ þann sama varnagla í þessu efni og háttv. frsm. fjhn. (ÁÁ), en það getur líka verið hættulegt að krefjast þarna innlends vinnukrafts eingöngu; því að laða fólkið burt frá hinum venjulegu atvinnuvegum í stórhópum, getur ekki orðið án skaða og hnekkis þeim atvinnugreinum, sem fyrir því verða.

Mjer kom það allundarlega fyrir að heyra, að háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) taldi sig eiga erfitt með að átta sig á þessu máli. Hvað mættum við hinir þá segja, ef svo er um hann? Hann hefir í mörg ár starfað í fossanefndinni og unnið að þeirri löggjöf allri, og hann ætti þess vegna með visku sinni að geta boðið okkur öllum birginn. Nei, jeg held raunar, að hið sama sje nú að koma fram hjá þessum háttv. þm. og efst var hjá honum í fyrra, er sjerleyfislögin voru á ferðinni, — hann vildi ávalt tefja fyrir málinu og leitaði ýmsra bragða til þess, taldi sig ekki viðbúinn að afgreiða málið, þyrfti að athuga það betur til þess að geta áttað sig á því o. s. frv., enda þótt hann stæði margfalt betur að vígi til þess en aðrir, vegna margra ára starfsemi sinnar í fossanefndinni.

Klemens Jónsson: Af því að jeg hefi haft nokkur afskifti af þessum málum undanfarið, þá finst mjer það eiga ekki illa við fyrir mig að leggja fáein orð í belg. Jeg get ekki annað en furðað mig á þeim ummælum frá hv. þm., að meðferð þessa máls við 1. umr. hafi verið undarleg eða óviðeigandi. Jeg veit ekki betur en að hv. frsm. fjhn. í málinu hafi verið reiðubúinn að flytja ræðu, en eftir ósk deildarmanna, sem þá voru orðnir þreyttir á löngum ræðum, hætti hann við. Jeg sje ekkert undarlegt við það, þó að hann yrði við ósk deildarmanna, og því síður sem hann hafði farið fram á að skifta 2. umr. í tvent. Þetta kemur í sama stað niður,

eru í raun og veru tvær umræður, og í síðari parti umr. má ræða einstök atriði, enda munu þá fyrir liggja brtt. frá fjhn.

Jeg verð að segja, að eftir að fossamálið og sjerleyfislagafrumvarpið hafði verið svo lengi á döfinni, ein 6—7 ár, og þá í fjölmennri nefnd, sem víða hafði farið, og þegar loks mál þetta var á enda kljáð á síðasta þingi, þá þótti mjer í rauninni ver farið, að lögin skyldu endanlega verða samþ. í þeirri mynd, er þau fengu hjer í deildinni. Frv. hafði þá náð samþykki hv. Ed. í mjög svo viðunandi formi, hvort sem litið var til ríkisins hagsmuna eða til væntanlegra sjerleyfishafa. En hvað gerði svo Nd. á síðasta þingi? Hún stórskemdi þetta frv. Einkanlega að því leyti, að hún færði sjerleyfistímann í 50 ár úr 75 árum. Það er alkunnugt, að engir ráðast í stórkostlegt áhættufyrirtæki, nema þeir sjeu nokkurnveginn vissir um, að þeir geti fengið arð af sínum peningum. Það er enginn svo heimskur, að hann fari blátt áfram að kasta peningum sínum í sjóinn. En skilyrðið fyrir nokkurri von um arð af peningum í slíkum fyrirtækjum er það, að leyfistíminn sje æðilangur. Og það var rjettilega tekið fram hjá hæstv. atvrh. (MG), að fyrstu sjerleyfin, sem veitt eru, væru altaf lengri og með betri kjörum en þau, sem síðar eru veitt. Það er vegna þess, að þegar reynslan er komin, þá vita menn nákvæmlega, hvað mikið fje þarf til fyrirtækisins og á hvað löngum tíma það getur borgað sig. Hjer er engri slíkri reynslu til að dreifa, svo að menn verða að renna nokkuð blint í sjóinn. Og við getum ekki haft dæmi Norðmanna til að byggja á, svo ólíkt hagar til hjer og þar að því er þetta snertir. En þau sjerleyfi, sem veitt voru upphaflega í Noregi, voru veitt til lengri tíma en hjer er farið fram á. Jeg verð þess vegna að segja, að þegar búið var að samþykkja þetta frv. um sjerleyfi á síðasta þingi, þá bjóst jeg við, að enginn yrði til þess að nota það, þar sem sett eru svo hörð og þröng skilyrði, að fádæmum sætir. Samt sem áður hefir orðið sú reyndin, að fjelag útlendra manna, öflugt eftir því, sem mjer er sagt, hefir snúið sjer til ríkisstjórnarinnar og fjhn. með frv. í þá átt, sem hjer liggur fyrir. Jeg verð að segja, að það gladdi mig mjög mikið, þegar jeg frjetti, að frv. þetta væri á döfinni. Jeg fór að fá von um, að nú færi að rætast úr þessu, nú myndum við fá reynslu til að byggja á, sem yrði til þess, að fleiri sigldu í kjölfarið, svo að innan skamms gætum við átt von á að sjá fleiri vatnsföll virkjuð til ómetanlegra framfara í landinu. En jeg varð strax fyrir vonbrigðum, því að jeg verð að taka undir með hæstv. atvrh. (MG) í því, að þeir tveir hv. þm., sem talað hafa, hafi andað heldur kalt á móti frv. Þótt þeir hafi komið hógværlega fram, þá verður því ekki neitað, að það er andúð, og hún ekki lítil, frá þeirra hálfu í þessu efni.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði, að þetta mál væri ekki rjettilega borið fram í þinginu. Að mínu áliti er það einmitt borið fram í rjettu formi. Það er varla hægt að bera það fram í öðru formi; það verður að skilja 7. gr. sjerleyfislaganna svo, þar sem stendur blátt áfram, að mál þessi sæti sömu meðferð og lagafrv. Og þá verður að bera málið fram í lagafrumvarpsformi.

Þá var það hv. þm. Str. (TrÞ), sem spurði um það, hvort nefndin hefði haft nægan tíma til þess að athuga og undirbúa þetta mál. Nefndin hefir rætt þetta mál á nokkrum fundum og hún hefir athugað það eins vel og hún hefir haft best vit á. Og þess ber líka að gæta að

því er snertir undirbúning málsins, að fjhn. veit ekki betur en að sá maður hafi búið þetta frv. til, sem talinn er einn af glöggustu og bestu lögfræðingum þessa lands. Jeg veit, að þessi sami maður hefir samið ýms frumvörp og reglugerðir og annað fyrir stjórnina. Jeg verð að segja það fyrir mína parta, að jeg verð að treysta því, að þessi maður, sem þar að auki var sjerstaklega viðriðinn fossamálið hjá fossanefndinni, sje svo vel að sjer í þessari löggjöf, að þetta frv. sje fullkomlega sæmilega af hendi leyst. Frá því sjónarmiði get jeg ekki annað sjeð en að alveg óhætt sje að samþykkja það.

Þá eru nokkur atriði, sem hv. þm. Str. bar fram, sem jeg vildi minnast á. Jeg skal strax taka fram, að jeg var sammála honum í tveimur atriðum, fyrst og fremst að það yrði að vera einhver trygging fyrir því, að byrjað væri á verkinu, og að það fjelag, sem veitt væri sjerleyfið, hefði nægileg peningaráð. Hæstv. atvrh. svaraði því á þann veg, að það væri kunnugt, að fjelagið hefði þegar lagt fje í rannsóknir. Það er vitanlegt. En þó er ekki í því næg trygging fyrir, að fjelagið byrji á sjálfu fyrirtækinu. Mjer finst rjett að heimta eitthvað meiri tryggingu.

Þá er jeg sammála hv. þm. Str. í því atriði, að nærliggjandi hjeruð ættu að hafa fullkomna tryggingu fyrir því að geta fengið rafmagn með góðum kjörum, og um það var sjerstaklega rætt í nefndinni. En jeg geri ráð fyrir, að um slíkt mundi verða sjeð í reglugerð, sem bygð yrði á þessum lögum. Það er miklu fremur reglugerðarákvæði en lagaákvæði.

Hv. þm. Str. kom annars með ýms atriði, sem ekki koma beint þessu máli við. Hann kvaðst ekki kunna við, að Alþingi væri að bjóða eins og út í loftið ýms fríðindi. Tiltók þann sjerstaklega, að hann vildi ekki bjóða mönnum fram ýms sjerrjettindi til þess að stofna banka. Ef þörf er á banka, — ef þörf er á peningum í landið, til þess að efla atvinnuvegina, — ef þingið er ásátt um, að brýn nauðsyn sje á slíku, þá sje jeg ekki annað en það sje beinlínis skylda þess að rjetta fram höndina og bjóða peningana velkomna inn í landið. Það er ekki von, að peningamenn sjeu að trana peningum fram við okkur og segi: Þið getið fengið nóga peninga hjá okkur, gerið þið bara svo vel. Nei, við verðum sannarlega að sækjast sjálfir eftir þeim. En til þess verðum við að bjóða mönnum að minsta kosti þau kjör, sem bankar geta fengið annarsstaðar. Þetta eitt hefir verið gert á þessu þingi og ekkert annað, og jeg get ekki sjeð, að við höfum farið skör framar en rjett er. Jeg vil sjerstaklega taka það fram, að jeg álít, að við höfum svo mikla þörf fyrir það á þessum tímum að fá meiri peninga inn í landið, að við þyrftum nauðsynlega að fá nýjan banka, engu síður en fyrir aldamótin, þegar verið var að koma á fót Íslandsbanka. Það hepnaðist svo vel, að síðan er það einmitt Íslandsbanki, sem hefir alt fram á þennan dag verið lyftistöng allra framfara á þessu landi, og sjerstaklega borið uppi sjávarútveginn.

Hv. þm. Str. vildi líka álíta, að það mundi ekki verða greitt neitt gjald fyr en öllum mannvirkjum væri lokið, og bjóst ekki við, að það yrði innan 7 ára frá því að sjerleyfið er dagsett. Það er auðvitað, að sjerleyfishafi byrjar á því eins fljótt og mögulegt er að notfæra sjer raforkuna. Jeg hygg þeir geti bygt alt sem þarf á 2—3 árum, og geti svo að segja strax farið að hagnýta sjer raforku. Og þá kemur gjaldið til ríkissjóðsins. Gjaldið fylgir

notkuninni, og því er nauðsynlegt að byrja sem fyrst á hagnýtingunni.

Þá er eitt atriði í þessu máli, viðkvæmasta atriðið af öllum vafaatriðum að þessu lútandi. Það er, hvað mikið á að flytja inn af útlendu fólki. Sá innflutningur hefir altaf verið sú grýla, sem alt hefir strandað á. Undir eins og á þetta hefir verið minst, segja menn: Nú á að fara að flytja inn fimm þúsund, tíu þúsund eða hver veit hvað, af útlendum lýð! Jeg get nú ekki með vissu sagt, hvað mikinn útlendan vinnukraft muni þurfa við þessar framkvæmdir. En eftir því sem jeg hefi komist næst, þá mun alls ekki þörf fyrir svo mikinn vinnukraft, að nein hætta sje af því búin okkar þjóðerni. Yfir höfuð hefi jeg aldrei getað skilið, að þó við fengjum fimm hundruð eða jafnvel eitt þúsund útlendra manna á einhvern blett á landinu, til dæmis í Flóann, þá mundi það útrýma öllu þjóðerni jafnt í fjarlægum landsfjórðungum sem í nánd við iðjuverið. Það getur verið, að eitthvað smitaðist í næstu sveitum, en það næði aldrei langt. Að það gæti eyðilagt alt þjóðerni landsins — um það ætla jeg ekki að eyða orðum. Nei, það myndi áreiðanlega fara svo hjer eins og annarsstaðar, að í þriðja lið myndi alt þetta fólk vera orðið íslenskt fólk. Auðvitað lærðu börnin íslensku í íslenskum skólum, og í sjerleyfinu yrðu settar allar nauðsynlegar tryggingar fyrir því, að tungu vorri væri hvergi misboðið. Hitt er náttúrlega annað mál, hvort það hefði góð áhrif að blandast útlendum þjóðum. En jeg fyrir mitt leyti hygg, að það sje engin vanþörf á því, að við fengjum eitthvert nýtt blóð annarsstaðar frá.

Jeg minnist þess líka, þó að í smærri stíl væri, að fyrir 30—40 árum höfðu Norðmenn hvalveiðastöðvar á Vestfjörðum. Höfðu þeir talsvert af útlendum vinnukrafti. Ekki veit jeg til, að nokkur skaði hafi orðið að því. Hitt veit jeg, að þar var líka mikið af innlendum mönnum, sem kom vel að fá þessa atvinnu. Eins myndi fara nú, að margir þeir, sem nú ganga iðjulausir, myndu fá atvinnu og hana sennilega sæmilega góða.

Jeg get nú lokið máli mínu að sinni. Það gefst síðar tækifæri til að ganga inn á einstaka liði málsins við síðari part umr., ef þörf er á. En jeg get ekki annað en lýst furðu minni yfir því, að hv. 1. þm. S.-M. skuli standa upp og lýsa yfir, að hann sje ekki viðbúinn að taka endanlega ákvörðun um þetta mál. Þá spyr jeg: Hvenær verður hann viðbúinn? Hv. þm. hefir setið í fossanefndinni mörg ár og hefir átt mestan þátt í umræðum um þetta mál í þinginu í 4—5 ár. Fáir eru jafngagnkunnugir þessu máli og hann af þeim, sem á þingbekkjum sitja. Hvenær ætlar hann að verða tilbúinn að segja sitt síðasta í þessu máli? Jeg get vitnað í ummæli hæstv. atvrh.: Hvað megum við hinir segja? Jeg held við margir hverjir þekkjum miklu minna í þessu máli, en þó erum við ekkert vanbúnir að láta uppi álit okkar og greiða atkv. um þetta frv.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg er þegar búinn að ná tilganginum að nokkru með minni ræðu, þar sem jeg beindi ýmsum athugasemdum og fyrirspurnum til fjhn., með því, að hv. frsm. hefir sagt, að nefndin vildi athuga frekar þau atriði, sem jeg benti á. En hinsvegar hafa fallið ýms orð hjer, sem jeg vildi aðeins víkja að. Bæði hv. 2. þm. Rang. (KlJ) og hæstv. atvrh. voru hálfpartinn að ámæla okkur hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) fyrir að tala um óvanalega afgreiðslu málsins. Það gerðum við

reyndar, en sögðum svo báðir á eftir, að frsm. hefði bætt úr þessu með því að fá þessari umræðu tvískift. Svo að jeg skil ekki, að sjerstaklega þurfi að deila út af þessu. Við höfum og ekkert um þetta ofmælt.

Aðeins einu atriði, sem jeg mintist á áður, ætla jeg að víkja að, þar sem sumir hv. ræðumenn hafa álitið mig óþarflega tortrygginn gagnvart ákvæðum 5. gr., hvenær sjerleyfishafi þurfi að greiða gjaldið. Jeg sagði, að ef mannvirkjum væri ekki lokið innan 7 ára, þá slyppi leyfishafi við að greiða nokkurt gjald þann tíma. Jeg vil benda á, að þetta stendur svo í frv. Eftir að mannvirkjunum er lokið á að greiða gjaldið, samkv. 5. og 6. gr., en fyr ekki. En mannvirkin eru talin upp í 1. gr. En sem sagt, það gleður mig, að nefndin leggur þennan skilning í þetta. En jeg verð að líta svo á, að það hefði alls ekki verið hægt að skýra þetta eins og nefndin segir, þegar þetta er orðið að lögum, ef ekki hefði fengist stuðningur frá þessum umræðum. Þetta er þá ekki þýðingarlaust atriði og nauðsynlegt að hafa glöggar línur. Álít jeg því tryggilegra að breyta þessu í frv.

Þá vil jeg aðeins mótmæla einu atriði hjá hv. 2. þm. Rang., að þessi deild hafi í fyrra stórskemt sjerleyfisfrv. Mjer kom þetta ekki á óvart frá hv. þm. samkv. aðstöðu hans í fyrra. En frá mínu sjónarmiði stórbatnaði frv. hjá hv. deild. Og jeg vona, að hv. deild verði nú í samræmi við sjálfa sig, að hún afgreiði þetta mál þannig, að forsvaranlega sje sjeð fyrir því hvað hagsmuni landsins snertir.

Það, sem aðallega olli því, að jeg stóð upp, voru orð, sem hæstv. atvrh. ljet falla í minn garð. Hann sagði, að mínar athugasemdir væru ekki velviljaðar. Já, það er eftir því, hvernig það er skilið. Jeg býst við, að hæstv. ráðh. meini, að mínar athugasemdir hafi ekki verið fyrst og fremst velviljaðar því fjelagi, sem hjer sækir um að fá margfaldar undanþágur frá íslenskum lögum. Það er rjett. Því að jeg álít mína skyldu hjer á Alþingi ekki fyrst og fremst vera þá, að vera velviljaður þeim útlendu mönnum, sem sjerstaklega vilja fá undanþágur frá íslenskum lögum. Jeg álít mína fyrstu þingmannsskyldu að vera velviljaður þeim ráðstöfunum, sem jeg álít nauðsynlegar til þess að tryggja heill þessa lands. Hinsvegar tók jeg það fram í ræðu minni, að jeg vildi alls ekki segja, að jeg ætlaði að verða á móti því að afgreiða frv. með vissum skilyrðum. Ef jeg fæ það í það form, sem jeg álít forsvaranlegt, þá verð jeg með. En mesta áhersluna vil jeg leggja á það, sem jeg tel nauðsynlegast og farsælast fyrir alda og óborna á þessu landi.

Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) kvað hafa andað kalt frá mjer í garð þessa frv. Jeg er ekki vanur að eiga í deilum við hv. 2. þm. Rang. og mun ekki heldur stofna til slíks nú. En það getur engum dulist, að það er um allmikinn skoðanamun að ræða milli okkar í þessu máli. Jeg get ekki fyrst og fremst orðið glaður af því, að útlendir menn líti hýru auga til okkar lands og vilji fá sjerrjettindi. Jeg lít fyrst og fremst á hitt, að geta gert ráðstafanir til þess, að eitthvað gott leiði af fyrir landsins eigin börn. Og þegar nú liggja fyrir þinginu hvorki meira nje minna en þrjú frv. um það að veita útlendum mönnum beinlínis og óbeinlínis sjerstök hlunnindi og fríðindi, þá ætla jeg að una því vel að eiga þau eftirmæli um mín afskifti af þeim málum, að jeg hafi ekki lagt fyrst og fremst áherslu á að vera útlendingum velviljaður.

Hv. 2. þm. Rang. mintist á eitt hliðstætt

mál frá fortíðinni, nefnilega þegar Íslandsbanka voru veitt sjerstök hlunnindi. Það er nú ekki einungis um það mál að segja, hvernig það fór endanlega. Hinu má heldur ekki gleyma, að þeir menn, sem þá fyrst og fremst voru velviljaðir þeim útlendu mönnum, sem sóttu um leyfi að stofna banka, þeir vildu fara lengra en þingið gekk inn á. Þeir heimtuðu einokun sjer til handa um peningamálin, þeir heimtuðu, að Landsbankinn væri lagður niður.

Jeg ætla að vera glaður yfir að eiga svipuð eftirmæli um afskifti mín af þessu máli og Magnús Stephensen, sem bar gæfu til að vera ekki svo velviljaður að samþykkja það, að banki landsins væri lagður niður vegna hagsmuna útlendinga.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg stend upp aðeins til að svara hv. þm. Str. (TrÞ) nokkrum orðum. Hann snýr þessu máli þannig, að það sje sprottið af vináttu við útlendinga, að við getum litið rjettum augum á mál eins og þetta. En þetta er misskilningur. Það er af því, að jeg álít það Íslandi fyrir bestu. Það er alveg ósæmilegt að gefa slíkt í skyn, að ýmsir hjer á Alþingi vilji frekar vinna fyrir útlendinga en Íslendinga. *(TrÞ:* Jeg hefi ekki gefið það í skyn). Hv. þm. var að tala um þessa menn, sem væru svo vinveittir útlendingum, og þá menn, sem hefðu viljað, þegar Íslandsbanki var á ferðinni, hlynna að útlendingum til þess að koma bankanum á fót. Bankinn var settur á stofn ekki fyrir útlendinga, heldur fyrir Íslendinga. Og því verður ekki neitað, að hann hefir gert Íslandi eins mikið gagn og álitið var í upphafi að hann myndi gera. En útlendingar, sem unnu að þessu, hafa borið lítið úr býtum; því að þeir vextir, sem bankinn hefir gefið hingað til, eru ekki hærri en hægt er að hafa af fje í svo að segja hvaða stofnun sem er.

Sveinn Ólafsson: Jeg ætla ekki að fara að taka upp alt það, sem mjer þykir annars svara vert í þeim umræðum, sem fram hafa farið, en jeg verð að víkja að tveimur hv. **ræðumönnum örfáum orð**um; fyrst og fremst hæstv. atvrh. (MG) og í öðru lagi háttv. 2. þm. Rang. (KlJ). Hjá þeim báðum kom það fram meira eða minna ljóst, að frá mjer og hv. þm. Str. (TrÞ) andaði kalt til þessa máls. Og um mig var það sjerstaklega tekið fram, að jeg hefði gert tilraun til að tefja fyrir málinu. Mjer finst þetta vera alveg ástæðulausar getsakir og ekki sanngjarnlegt að taka á málinu þannig. Það er eigi aðeins það, að við höfum rjett til að koma fram með okkar athugasemdir; við höfum líka skyldu til þess. Við höfum skyldu til þess að benda á það, sem okkur virðist, að athugavert sje og hættulegt í meðferð þessa máls. Það er ekki af neinum kulda eða óvild til þeirra, sem að þessu máli standa, heldur af eðlilegri varkárni og umhyggjusemi fyrir því, sem er verðmætast og mikilsverðast í okkar augum, sem er hagur okkar eigin þjóðar. Þegar hagsmunir hennar standa andspænis hagsmunum útlendinga, eins og hjer er, þá veit jeg ekki, hvað er frekar okkar skylda en að reyna að gæta hagsmuna okkar eigin þjóðar. Okkur er eðlilega ant um, að viðhöfð sje öll varkárni um samninga, sem gerðir verða við útlendinga, samninga, sem binda hendur vorar um tugi ára. Báða háttv. ræðumenn furðaði á því, að jeg skyldi ekki vera tilbúinn þegar að greiða atkvæði um frv. eins og þetta, þar sem jeg um langan tíma hefði starfað í fossanefndinni. En mjer er spurn: Hvern-

ig á maður, þrátt fyrir þann kunnugleika, sem kynni að hafa fengist við að starfa að þessum málum, að ráða í það til dæmis, hvað margt manna muni verða að sækja til útlanda til þessarar virkjunar og iðjurekstrar, þegar því nær öll gögn og upplýsingar vantar frá umsækjanda, — eða hver vill heimta atkvæði þegar um mál, sem jafnilla er undirbúið og óupplýst sem þetta? Það er harla margt, sem upplýsa verður, áður en hægt er að ákveða sig um mál sem þetta. Ástæðu þá, sem hæstv. atvrh. lagði svo mikla áherslu á fyrir því að ganga ætti að frv., að vötnin væru ónotuð og hefðu verið það lengi, þekkjum við allir, en sú ástæða á ekki að ráða hjer úrslitum, því að verði virkjun vatnanna keypt með afarkostum, þá er betra að bíða en að taka þvílíkum boðum. Annars gildir þetta sama um fleiri náttúruöfl, svo sem vindinn, sjávarföll o. fl.; þau eru og verða um langt skeið lítið notuð. Menningu heimsins er ekki lengra komið en það, að bíða verður eftir víðtækri notkun þeirra.

Jeg ætla ekki að deila við þessa hv. þm. um einstök önnur atriði, en vil taka það fram út af orðum hv. 2. þm. Rang., að þó að sjerleyfið sjálft lægi hjer fyrir, gæti það, samkvæmt 7. gr. sjerleyfislaganna, verið fullkomlega þingleg meðferð á málinu, því að það, sem greinin tekur fram, er það, að ræða skuli málið sem lagafrumvörp, þ. e. a. s., að ræða skuli málið þrisvar í hvorri deild. Gæti því verið alt eins þinglegt að hafa fyrir sjer sjálft sjerleyfið eins og heimildarlagafrv., sem bæði er tvírætt og afslept.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Nd., þriðjudaginn 20. apríl, var frv. tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 60. fundi í Nd., föstudaginn 23. apríl, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 299, 403).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. hefir nú við framhald umr. flutt þær brtt., sem boðaðar voru við fyrri hl. umr., og skal jeg gera hjer nokkra grein fyrir þeim.

Það er þá fyrst brtt. II.a, við 5. gr., sem er þess efnis, að í stað orðanna „öðrum gjöldum“ komi „öðrum samskonar gjöldum.“ Er þetta leiðrjetting, til þess að koma í veg fyrir misskilning. Er þetta ákvæði til þess, að fjelagið fái tryggingu fyrir því, að ekki verði lögð á það samskonar gjöld undir öðrum nöfnum. Ef þessi skilningur er lagður í greinina, er fjelagið trygt fyrir því, að sjerstök gjöld verði á það lögð í fjandsamlegum tilgangi, en auðvitað er það eftir sem áður háð sömu toll- og skattalöggjöf og önnur atvinnufyrirtæki, nema hvað það er undanþegið tekjuskatti og útsvari.

Þá er næsta brtt., II.b. Er hún aðeins til þess að fyrirbyggja misskilning. Það er rjettur skilningur, að hver hestorka verður skattskyld jafnskjótt og hún er nýtt.

Þá er brtt. V. á þskj. 403, og er það síðasta brtt. nefndarinnar. Er hún um það að takmarka heimildarlögin við árslok 1928. Það mun venja, og hlýtur líka að vera svo, að slík lög standi ekki endalaust, heldur falli úr gildi, ef þau eru ekki notuð.

Auk þessara till. flyt jeg og hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) till. um hámarksverð á raforku til almennings, 50 kr. á árshestorku. Er mikið unnið við það, og hygg jeg, að fjelagið muni ekki amast við því. Mun þessi upphæð fara nærri útreikningum fjelagsins á framleiðsluverði. En ef framleiðsluverð árshestorkunnar verður lægra,

nýtur almenningur þess samkvæmt sjerleyfislögunum. En verði kostnaðurinn meiri og fari fram úr áætlun, felst hjer í trygging fyrir almenning, sem er og ekki ósanngjörn, þar sem fjelagið fær í nokkrum greinum undanþágu frá sjerleyfislögunum.

Mjer láðist áðan að geta um eina brtt. nefndarinnar, á þskj. 403,II.c. Hún er um það, hvernig árgjaldinu af hestorku skuli skift milli ríkissjóðs og sveitarsjóða. Þykir rjett, að ríkissjóður fái ⅔, en sveitarsjóðir ⅓ hluta. Er ekki fjarri, að þetta hlutfall sje rjett, þegar teknar eru allar tekjur sveitarfjelaganna samanlagðar annarsvegar, en hinsvegar tekjur ríkissjóðs. En hvernig gjöldunum skal skift milli hinna einstöku sveitarfjelaga, þar sem fyrirtækið verður skattskylt, sjer nefndin ekki annan mælikvarða heppilegri en fólksfjöldann.

Um aðrar brtt., sem fram hafa komið, skal jeg ekki ræða fyr en flm. hefir gert grein fyrir þeim.

Sveinn Ólafsson: Jeg gat þess við fyrri hl. þessarar umr., að jeg mundi bera fram brtt. við síðari hl. umr. eða við 3. umr. Þótti mjer rjett að koma með þær strax, til þess að tóm gæfist betra til að athuga þær áður en málið færi lengra.

Brtt. mínar eru að nokkru leyti hliðstæðar till. þeim, sem fjárhagsnefnd hefir gert. En í öðrum efnum ber þó töluvert á milli.

Jeg legg þá fyrst og fremst til, í brtt. I.1 á þskj. 403, að 3. gr. frv. verði breytt í þá átt, að framsal sjerleyfis til útlendra manna eftir þessum lögum verði því aðeins gilt, að Alþingi fallist á það. Þetta er í samræmi við 36. gr. sjerleyfislaganna. Þar er gert ráð fyrir því, að Alþingi ákveði, þegar útlendingar eiga í hlut, um veitingu og framsal leyfisins. En eins og greinin er nú í frv. getur ráðherra veitt leyfi til framsals hverjum, sem vera skal, og er Alþingi með því svift ákvörðunarrjetti. Mjer finst engin ástæða til þess, að Alþingi sje að framselja þennan rjett sinn í hendur ráðherra og veikja með því öryggi gegn erlendum áhrifum. Ef sá, er leyfið fær, óskar eða þarf að selja það útlendingum í hendur, má veita honum leyfi til framsals með einfaldri þál. Jeg skil ekki, að þingmenn sjeu mjög ginkeyptir fyrir því að opna allar gáttir í þessu landi fyrir útlendingum, eða að þess sje óskað, að útlendingar flytjist hjer inn í stríðum straumum núna fyrstu árin, að minsta kosti ekki fram yfir 1940. Fjelag þetta, sem sjerleyfis æskir, er danskt og fengurinn að því mjög tvísýnn. Nafn þess er óákveðið og rúmgott, getur þanist út yfir alt mögulegt. Það nefnir sig aðeins „Anlægsselskab" og er ekkert þekt nafn eða persóna við það tengt. Nafnið gefur enga bendingu um verkahring þess og fjelagsmönnum getur óendanlega fjölgað eða fækkað, tekið upp margvíslega starfsemi og breytt viðhorfi, alt undir fallega nafninu *Anlægsselskab*. Þess vegna finst mjer rjett, að Alþingi ákveði þó að minsta kosti framsal sjerleyfisins, ef til kemur.

Þá á jeg brtt. við 4. gr. Jeg legg þar til, að sjerleyfistíminn verði færður úr 60 árum niður í 50. Þetta er einnig í samræmi við sjerleyfislögin, og eru 50 ár í rauninni nægilega langur tími. Því að ef starfað er með sæmilegum árangri í 50 ár, þá á að eðlilegum hætti fyrirtækið að vera búið að bera upp stofnkostnaðinn og nokkura ára gróða, enda væri þá eðlilegra, að Alþingi framlengdi sjerleyfið til handa fjelaginu að loknum 50 árum um nokkur

ár, ef fyrirtækið hefði gefið góða raun, en að hlaupa nú þegar út í tvísýnu.

Kem jeg þá að 3. brtt. minni, sem er við 5. gr. Er hún að nokkru leyti hliðstæð till. fjhn., en þó er allverulegur munur á. Jeg legg þar til, að sjerleyfishafi verði undanþeginn tekjuskatti til ríkissjóðs og aukaútsvari til sveitar, en ekki öðrum gjöldum. Kemur svo sjerleyfisgjaldið, 3 kr. af hestorku í fyrstu og 4 kr. síðar, í stað þessara opinberu gjalda. Að veita undanþágu frá öllum opinberum gjöldum, eins og gert var við Íslandsbanka forðum, á hjer alls ekki við. Það er hreint og beint vantraust á Alþingi og stjórn landsins að heimta víðtækar undanþágur frá opinberum gjöldum og gefa þannig í skyn, að ekki verði gætt sanngirni gagnvart gjaldþegnunum. Það er fyllsta ástæða til, að Alþingi taki hjer af skarið og láti ekki bjóða sjer neina tortrygni af útlendum mönnum, sem leita hjer rjettinda og atvinnu. Þeir eiga að verða hjeðan á burtu, ef þeir þora ekki að eiga undir rjettlátlegri beitingu landslaga.

Í greinargerð frv. standa þessi orð:

„Telja leyfisbeiðendur loku fyrir það skotið, að unt verði að afla fjár til fyrirtækjanna, nema þeir, sem fram leggja fjeð, hafi tryggingu fyrir því, að það verði ekki takmarkalaust af þeim tekið með skattaálögum.“

Þessir menn hyggja þá, að fjeð verði hrifsað af þeim, ef ekki með ránshendi, þá með takmarkalausri áseilni eða álögum. Slík aðdróttun til Alþingis er algerlega ósæmileg og má ekki óátalin vera. Jeg get ekki gengið lengra en í till. minni felst um undanþágu gjalda og alls ekki samþykt greinina eins og hún nú er. Þegar aukaútsvar er undan felt, þá er fjelagið laust við það eina gjald, sem reikult er og óútreiknanlegt. Jeg legg hinsvegar til, að gjaldið sje 1 kr. lægra af hestorku en í frv., að í staðinn fyrir 5 kr. komi 4 kr. Samsvarar það að nokkru gjöldum þeim, er jeg vil fella úr undanþágunni, sem sje eignarskattinum. Að þessu leyti er því mikill munur á till. mínum og till. fjhn. Meginsmunurinn liggur einmitt í því, að jeg vil ekki veita svo víðtækar undanþágur, að viðurkend sje aðdróttunin fyrnefnda.

Þá legg jeg til, að byggingarfresturinn í 4. gr. verði styttur úr 4 árum niður í 3 ár, þó svo, að ráðherra geti lengt hann, ef nauðsyn krefur, í 4 ár.

Ennfremur legg jeg til, — og er það sú till., er nýstárlegust mun þykja og ef til vill mætir mestri mótspyrnu, — að aftan við 6. gr. komi ný grein, 7. gr., og sje sjerleyfishafa eftir henni gert að skyldu að afhenda ríkisstjórninni 100 þús. kr. um leið og sjerleyfi er út gefið, til tryggingar því, að efndir verði um virkjun og sett skilyrði. Tel jeg þetta sjálfsagt skilyrði, enda verði fjenu skilað aftur með vaxtaviðauka, ef fjelagið fullnægir umsömdum skilyrðum á rjettum tíma. Þesskonar tryggingar er algengt að setja fyrir efndum líkra samninga af hendi útlendinga í nágrannalöndunum, og ætti því fjelaginu ekki að vera misboðið með þessu. Hjer er alls ekki um neina órjettmæta tortrygni að ræða gagnvart hlutaðeigendum, þegar svo langt er gengið í rjettindaveislum sem hjer er gert, og síst er sú tortrygni meiri en Alþingi er sýnd af umsækjendum, sem ekki þora að eiga undir rjettlæti þess og gefa í skyn, að takmarkalaust verði haft af þeim fje, ef ekki sje sleginn varnagli við því fyrirfram.

Þetta er aðalefni tillagna minna, og

þykist jeg ekki þurfa að mæla frekar fyrir þeim. Hverjum hv. þm. hlýtur að vera auðvelt að átta sig á þeim og þýðingu þeirra fyrir úrslit málsins. Þess vegna finn jeg heldur ekki ástæðu til að geyma þær til 3. umr. málsins. Jeg skal þó geta þess, að í brtt. IV hafa slæðst inn tvær prentvillur. En þær eru svo auðsæilegar, að þær geta ekki valdið neinum misskilningi.

Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um till., en jeg tek það fram, að mjer þykir miklu máli skifta, að brtt. við 5. gr. verði samþ. Þar ber einmitt mikið á milli mín og fjhn. Með brtt. minni er **að vissu leyti** vísað á bug þeim **skilningi umsækjanda,** að ekki sje eigandi undir sanngirni Alþingis eða ákvörðunum þess.

Umr. frestað.

Á 61. fundi í Nd., laugardaginn 24. apríl, var enn f r a m h a l d i ð 2. u m r. um frv. (A. 299, 403).

Frsm. (Asgeir Asgeirsson): Þegar hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) nú hefir rökstutt brtt. sínar á þskj. 403, skal jeg stuttlega skýra frá afstöðu fjhn. til þeirra.

1. brtt. er um, að ekki megi framselja sjerleyfi þetta í hendur útlendingum, nema samþykki Alþingis komi til. Nefndin getur ekki fallist á þessa brtt. og ræður frá, að hún verði samþykt. Það er ekki ólíklegt, að stofna verði nýtt fjelag, ef fje fæst til þeirra framkvæmda, sem ráðgerðar eru. Nefndin telur nægilegt, að atvinnumálaráðherra veiti leyfi til þessa framsals, sem í rauninni er aðeins formsatriði. Þetta ætti að koma í sama stað niður, þar sem ráðherrar ávalt verða að hafa stuðning meiri hluta Alþingis.

2. brtt. er um að færa sjerleyfistímann niður í 50 ár. Nefndin hefir þegar skýrt frá því áður, að hún hefir farið eins langt í þessu efni og hún telur fært. Leyfisbeiðendur vildu fá sjerleyfið til 99 ára, og nefndin færði það niður í 60 ár og sjer ekki ástæðu til að fara lengra.

3. brtt. er svipuð tillögu nefndarinnar. Háttv. þm. (SvÓ) var harðorður um þessa (5.) grein frv. eins og hún nú er orðuð, en hann hefir sýnilega ekki athugað a.-lið brtt. nefndarinnar, að í stað „öðrum gjöldum“ komi „öðrum samskonar gjöldum“. Að öðru leyti get jeg verið hv. þm. (SvÓ) sammála, og þá einnig hinum hörðu ummælum hans um þá, sem eru að sækja um sjerleyfi til hins eða þessa, sem svo ekki verður neitt úr, er þau eru fengin, en heimta allskonar hlunnindi, eins og við blökkumannaríki væri að eiga. Tillaga fjhn. miðar að því, að fjelagið sje ekki undanþegið öðrum en hinum beinu sköttum, útsvari og tekjuskatti, en um alla aðra skatta og gjöld verði fjelagið að hlíta landslögum. Um útflutningsgjaldið er það að vísu ákveðið, að það megi ekki hækka á fjelaginu upp úr því, sem það er nú, enda eru engar líkur til, að það muni hækka úr því, sem það nú er, en lækki útflutningsgjöldin, nýtur þetta fjelag þess jafnt og aðrir.

Um næstu brtt. er það að segja, að nefndin heldur fast við það árgjald, sem hún telur hæfilegt, og sjer ekki ástæðu til að lækka það, þar sem fjelagið á bæði að vera undanþegið tekjuskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar, og er árgjaldið því ekki of hátt sett. Jeg vil mælast til þess við háttv. þm., að hann taki aftur til 3. umr. brtt. I,3, til þess að rugla ekki atkvæðagreiðsluna, sem mundi verða skýrari, ef þessi brtt. yrði ekki borin upp

líka, enda getur hún komist að við 3. umr., ef hv. þm. verður ekki ánægður með úrslitin.

Viðvíkjandi öðrum brtt. háttv. þm. vil jeg taka það fram, að nefndin getur ekki fallist á neinar þeirra, sjerstaklega ekki á brtt. 4,c, um að fjelagið skuli afhenda ríkisstjórninni 100 þús. kr. að veði. Nefndin telur, að að vísu sje ekkert að athuga við slík ákvæði gagnvart nýjum fjelögum, sem í engu hafa sýnt, að þeim sje alvara að ráðast í framkvæmdir; þessu er alls ekki svo varið, að dómi fjhn., um það fjelag, sem hjer á í hlut. Það hefir þegar lagt í allmikinn kostnað og er búið að eyða um 700 þús. kr. til undirbúnings þessa máls; þetta telur nefndin, að ætti að vera ríkissjóði næg trygging fyrir því, að fjelaginu sje alvara. Hinsvegar eru ennþá óframkvæmdar fyrirhugaðar rannsóknir um námurekstur og iðnað í sambandi við námurnar, og þó svo færi, að sú rannsókn sýndi, að ekki borgaði sig að hefja þennan námugröft eða þann iðnað, sem fyrirhugaður er, telur nefndin fullhart að gengið að heimta skaðabætur af fjelaginu, sem þegar hefir kostað svo miklu til þessara rannsókna, enda þótt þær bæru neikvæðan árangur. Þess vegna leggur nefndin á móti því, að þessi brtt. verði samþykt.

Sveinn Ólafsson: Háttv. frsm. fjhn. (Á. Á) skoraði á mig að taka aftur til 3. umr. brtt. mína I,3, við 5. gr., vegna þess, að ella myndi atkvgr. óljósari, er báðar brtt., mín og fjhn., yrðu bornar upp samtímis. Mjer finst ekki ástæða vera til að óttast slík misgrip, því jeg hygg, að það sje hverjum manni augsýnilegt, hvað á milli ber. Háttv. nefnd vill engu breyta í greininni, aðeins bæta inn í hana „samskonar“ milli orðanna „öðrum“ og „gjöldum“, og getur varla heitið, að það valdi nokkurri efnisbreytingu. Aftur gerbreytir mín till. greininni. Það, sem því verður greitt atkvæði um, er eitt af tvennu, brtt. mín eða frv.greinin nær óbreytt. Þessi brtt. nefndarinnar, með innskoti þessa eina litla orðs, skiftir reyndar engu máli. Tilgangur nefndarinnar með till. er sá, að ekki verði hækkað útflutningsgjald eða önnur þess háttar gjöld á þessu fyrirtæki, þótt þessi gjöld að öðru leyti hækki alment. Jeg get því ekki tekið brtt. mína aftur, enda get jeg ekki sjeð, að hún þurfi neitt að rugla þessa atkvæðagreiðslu.

Jeg ætlast ekki til, að veittar verði neinar undanþágur frá öðrum gjöldum en frá tekjuskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar, og með tilliti til þessa taldi jeg rjett að færa árgjaldið niður, því að með þessu lenda fleiri opinber gjöld á fjelaginu en frv. gerir ráð fyrir. Þess vegna eigi ósanngjarnlegt, að árgjaldið lækki eitthvað.

Um brtt. mína við 3. gr., sem háttv. frsm. líka mælti á móti, verð jeg að segja, að mjer finst sjálfsagt, að í þessu sje farið eftir sjerleyfislögunum um leyfi til að framselja sjerleyfið, sem Alþingi á að veita eftir 36. gr. sjerleyfislaganna. Jeg sje enga ástæðu til að afhenda ráðherra þetta vald, enda eru engin vandkvæði við það bundin að bera upp þál. á Alþingi þessu viðvíkjandi, ef á þarf að halda. Jeg skildi alls ekki rök háttv. frsm. fyrir því, hvers vegna ætti að fara að breyta frá sjerleyfislögunum í þessu atriði, og fanst fátt um þau.

Hv. frsm. fanst það helst mæla á móti því að færa sjerleyfistímann úr 60 niður í 50 ár, að beðið hefði upphaflega verið um 99 ára sjerleyfistíma. Jeg þykist sjá,

að þetta hafi aðeins verið af „praktiskum“ ástæðum gert hjá sjerleyfisbeiðanda, sem þekti hámarkstíma sjerleyfislaganna, og fór því fram á helmingi lengri tíma en hann gerði ráð fyrir, að sjer yrði veittur. Reyndar hefði verið langeðlilegast að miða við 35—40 ára leyfistíma. Erlendis er nú víðast hvar miðað við lægri tíma en hjer er farið fram á, að verði veittur, og eru sjerleyfi þar víða miðuð við 40—50 ár. En jeg tek það fram, að tímalengdin er ekkert aðalatriði fyrir mjer, þótt miklu skifti, ef vandlega er annars um hnútana búið, en brtt. við 5. og 6. gr. eru aðalatriðin. Sú víðtæka undanþága frá opinberum gjöldum, sem 5. gr. heimilar, er óviðeigandi, og till. um nýja 7. gr., sem tryggi það, að bótalaust verði ekki allar framkvæmdir látnar niður falla. Hitt, að búið sje þegar að kosta nokkru fje til undirbúnings, get jeg ekki skoðað sem neina tryggingu fyrir því, að lagt verði út í þessar framkvæmdir. Það er alkunna, að til skamms tíma hafa menn selt til útlendinga og braskað með vatnsrjettindi, námurjettindi og aðrar ímyndaðar auðsuppsprettur íslenskar, og hafa þessi hlunnindi gengið kaupum og sölum manna á milli utanlands. Fjelög þau, sem hjer ræðir um, munu hafa keypt þessi námurjettindi smámsaman og af ýmsum, sem hafa haft þau fyrir markaðsvöru, og það er víst, að þessi rjettindi eru nú ekki á fyrsta hendi, en í kaupum þeirra og framsölum mann frá manni mun kostnaður sá vera fólginn, sem háttv. frsm. talaði um, að fjelagið þegar hefði lagt í. Jeg held, að það felist lítil trygging fyrir notkun sjerleyfisins í þessum kaupum og framsölum, en líklega eru *rjettindin* auðseldari með sjerleyfisstimpli en án hans.

Hv. frsm. sagði, að ekki mætti heimta tryggingu af hendi leyfisbeiðanda, vegna þess að ekki væri búið að athuga alt enn og rannsaka, sem þyrfti að athugast og það gæti vel hugsast, að niðurstaða þessara athugana og rannsókna yrði neikvæð, þ. e. að það, sem nú hefir verið talið álitleg undirstaða fyrirtækisins, gæti reynst ónýtt eða lítt gróðavænlegt. Þetta gefur grun um, að lítið kunni að verða úr framkvæmdum, og tel jeg því sjálfsagðara að fylgja þessari reglu um tryggingarfjeð. Það þarf heldur ekki að gera ráð fyrir, að rannsaka þurfi upp aftur virkjunarskilyrðin í Arnarfirði, því um þau er vitað, að þau eru til og yfirleitt góð. En þótt það kunni að koma í ljós við síðari rannsóknir, að eitthvað sje minna um málma í námulandi því í Önundarfirði, sem svo glæsilega er lýst í greinargerð frv., en upphaflega var áætlað, þá er ekki hægt að taka tillit til þess og fleygja frá sjer svona stórfeldu sjerleyfi án allra trygginga.

Jeg held mjer því við það, að fyrst og fremst eigi að undanþiggja sjerleyfisbeiðanda aðeins útsvari og tekjuskatti, en alls engum gjöldum öðrum, og í öðru lagi að láta hann setja tryggingu fyrir því, að ekki verði farið með sjerleyfi þetta eins og prangaravarning, sem boðinn er út og látinn ganga mann frá manni, gyltur skrumauglýsingum.

Jeg vil svo geta þess um síðustu brtt. á þskj. 403, að hún virðist, fljótt á litið, rekast á brtt. mína við 6. gr. um nýja 7. gr. En hjer er um 2 ólík tilfelli að ræða. Fjárhagsnefnd leggur til, að þessi heimildarlög falli niður, ef leyfi er ekki veitt í árslok 1928. Hinsvegar lýtur niðurlag 3. brtt. minnar að því, að sjerleyfið falli úr gildi, þótt veitt hafi verið, ef virkjun er ekki hafin á umsömdum tíma.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Um hin smærri atriði þarf jeg ekki að eyða mörg-

um orðum. Nefndin þarf ekki að skýra það frekar, að ekki er vert að hafa sjerleyfistímann styttri en 60 ár, þó að það þekkist annarsstaðar, þar sem slíkur rekstur er algengur, að hann sje 40 ár. Að hætt sje við, að lendi í braski, þarf ekki að gera ráð fyrir, því að leyfi ráðherra til framsalsins ætti að vera nægileg trygging fyrir slíku. En um önnur aðalatriði 5. greinar, og svo hina nýju grein, skal jeg bæta við nokkrum orðum.

Háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) sagði um 1. brtt. sína, við 5. gr., að það væri augljóst, hvað í milli bæri honum og nefndinni. Samt var honum það ekki ljóst, því að nefndin heldur því sama fram og hann um það, hvaða gjöldum fjelagið eigi að vera undanþegið. Nefndin heldur fram, að það sje ekki nema tekju- og eignarskattur og útsvar, sem fjelagið sje undanþegið, auk þess sem hún vill takmarka útflutningsgjaldið. Annað er það ekki. Samkvæmt tillögum nefndarinnar á þetta fyrirtæki að búa við sömu kjör og allir aðrir atvinnuvegir landsins, nema hvað snertir hámark útflutningsgjaldsins. *(SvÓ*: Það munar eignarskatti). Jeg get ekki lagt þá áherslu á hann, að hann verði neitt höfuðatriði hjer. Það er því ekki svo mikið, sem í milli ber. Jeg vil halda fast við ósk mína um, að háttv. þm. (SvÓ) taki þessa till. sína aftur til 3. umr., ekki síst vegna þess, að í henni eru 2 atriði, sem heppilegast væri að greiða atkvæði um hvort í sínu lagi. Í fyrsta lagi, hvaða gjöldum sjerleyfishafi skuli vera undanþeginn, og í öðru lagi upphæð árgjalda.

Um hitt aðalatriðið í tillögum hv. þm. (SvÓ), að fjelagið verði að leggja fram 100 þús. kr. tryggingu um leið og sjerleyfi er út gefið, vil jeg taka það fram, að það er rjett hjá hv. flm. (SvÓ), að þó að fjelagið sje búið að eyða meir en ½ milj. kr. til rannsókna, er engin trygging fyrir því, að nokkuð verði úr framkvæmdum. En þó að 100 þús. kr. bætist við, er engin trygging fyrir því heldur. Nefndin hefir ekki leynt því, heldur sagt frá því, að ekki sje trygging fyrir því, að úr framkvæmdum verði. Hjer er um von að ræða, sem fylgismenn frv. vilja gera alt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að rætist. Það frv., sem hjer er flutt, er flutt til þess að varðveita þennan möguleika, en nefndin hefir ekki flutt neinar tillögur, sem gætu skapað tryggingu fyrir því, að alt verði framkvæmt eins og áætlað er, því að það telur hún ekki hægt að gera, enda hefir hv. 1. þm. S.-M. ekki gert það heldur. Ætla jeg svo ekki að hafa þessi orð fleiri.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16:2 atkv.

2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 403,I.1 feld með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, MT, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, HStef, IngB, JakM, JBald.

nei: JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, JAJ, JK, JS, BSv.

Þrír þm. (ÓTh, SigurjJ, BJ) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 16:3 atkv.

Brtt. 403,I.2 feld með 16:7 atkv.

4. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 403,I.3 feld með 15:6 atkv.

— 403,II.a samþ. með 18 shlj. atkv.

— 403,II.b samþ. með 19 shlj. atkv.

— 403,II.c samþ. með 18 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 403,III samþ. með 18 shlj. atkv.

— 403,IV.a feld með 14:5 atkv.

— 403,IV.b tekin aftur.

6. gr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.

Brtt. 403,IV.c feld með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JBald, JörB, MT, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, HStef, IngB.
nei: JK, JS, JÞ, KlJ, MG, MJ, PO, PÞ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HK, JAJ, BSv.

JakM greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (ÓTh, SigurjJ, BJ) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 17:2 atkv.

Brtt. 403,V samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:4 atkv.

Á 63. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. apríl, var frv. tekið til 3. umr. (A. 412, 436).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 436. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram brtt. á þskj. 436 við þessa 3. umr., fyrir þá skuld, að jeg vil ekki trúa því að svo komnu, að Alþingi vilji ekki setja nein öryggisákvæði í lög um slíkar framkvæmdir sem þessar, til tryggingar því, að staðið verði við samninga. Jeg hefi fært upphæðina niður um helming frá þeirri till., er áður lá hjer fyrir háttv. deild um sama efni, eða úr 100 þús. kr. í 50 þús. kr. Aðalatriðið í brtt. — og það, sem jeg legg mikla áherslu á — er ákvörðunin um það, að sjerleyfishafi „deponeri" hjá ríkisstjórninni þetta fje meðan stendur á framkvæmd virkjunar og undirbúningi.

Jafnframt geri jeg að vísu ráð fyrir því, að 3. gr. frv. falli niður. Hún er að minni hyggju óþörf. Ef hún ekki stendur í frv., fer um framsalið eftir sjerleyfislögunum, og leggur þá Alþingi á sínum tíma samþykki sitt á það, ef til kemur. Þetta er þá líka einskonar öryggisákvörðun, sem hvorki er þungbær nje hættuleg fyrir umsækjendur, ef alt fer með feldu. Enda getur mjer ekki skilist, að ástæða sje til fyrir Alþingi að búa ótryggilegar um þetta en gildandi lög mæla fyrir.

Þetta laut sjerstaklega að 1. brtt. minni á þskj. 436. 2. brtt. er aðeins orðabreyting, sem nauðsynleg er vegna 3. og síðustu brtt. Hún er við niðurlag 7. gr., og hv. þdm. munu sjá, að sú grein getur illa staðist óbreytt, ef 3. brtt., um tryggingarfjeð, verður samþykt.

Jeg hjó eftir því við 2. umr., að háttv. frsm. var eitthvað óánægður með það, hve harkalega jeg hefði komist að orði um fjelagið og starfsemi þess. Jeg skal því ekki angra hann nje aðra með því að tala frekar um það. Hinsvegar vil jeg þó skjóta því fram, að upplýsingar, sem jeg hefi aflað mjer um fyrirtæki þetta og fjelagsskap, hafa ekki orðið til þess að auka traust mitt á fjelaginu, nje heldur gefið mjer vonir um, að afgreiðsla málsins í þessari mynd færði sjerstaklega ánægjulegan eða glæsilegan árangur, ef eitthvað skyldi út af bera eða illa takast til í fyrstu. Mjer finst málið þann veg undirbúið, að ógiftusamlega sje til þess stofnað.

Vona jeg því, að brtt. mínar fái góðan byr, eigi frv. að sigla út úr þessari háttv. deild.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Fjhn. hefir ekki náð saman til þess að ræða um brtt. þær á þskj. 436, sem liggja hjer fyrir, og taka afstöðu til þeirra. En eftir því, sem fram kom við 2. umr. þessa máls, þykist jeg þó mega ætla, að nefndin leggist á móti 1. brtt., enda er þar í raun og veru

um sama efni að ræða og fólst í brtt., sem feld var við 2. umr. og fjhn. lagðist þá á móti.

Um afstöðu nefndarinnar til 2. brtt. skal jeg ekkert fullyrða. Fyrir mitt leyti legg jeg hvorki til nje frá um hana, og mun nefndin því hafa óbundnar hendur um hana.

Þá er 3. og síðasta brtt. á sama þskj., um 50 þús. kr. upphæð, er leyfishafi leggi fram til tryggingar því, að efndir verði á virkjun og sjerleyfisskilyrðum. Um hana er það að segja, að jeg tel, að jeg megi hiklaust lýsa því yfir, að fjhn. sje öll á móti því, að nokkur slík breyting verði gerð. Við 2. umr. var brtt. um sama efni feld. Að vísu var þar um 100 þús. kr. upphæð að ræða, enda er nefndinni ekkert aðalatriði, hve fjárhæðin sjálf er há, og þó að upphæðin sje nú færð niður um helming, er nefndin á móti tillögunni eftir sem áður. Jeg þarf vart að minna á það, að skoðun nefndarinnar er sú, að í fyrirtækið sje þegar búið að eyða það miklu fje, að Alþingi gæti vansalaust selt fjelaginu sjerleyfi í hendur án frekari skilyrða, sem ekki er einusinni vikið að í sjerleyfislögum. Það, sem gert hefir verið af hálfu fjelagsins til undirbúnings virkjun, öflun rjettinda, mælingar og áætlanir, sýnir, að fjelagið hefir góðan vilja til þess að virkja þau fallvötn, sem frumvarpið nefnir, og að gera orkuna arðbæra. Ef um tryggingarfje væri að ræða, þá er 50 eða 100 þús. kr. engin trygging fyrir því, að virkjunin yrði hafin, og það mundi sama verða uppi á teningunum, þó upphæðin væri hærri, t. d. 350—500 þús. krónur. Jeg segi þetta aðeins til þess að sýna fram á, að þessi 50 þús. kr. fjárhæð, sem hv. 1. þm. S.-M. ætlast til, að fjelagið leggi fram, felur ekki í sjer neina þá tryggingu, sem hann ætlast til. Nefndin mun því ekki leggja til, að fjelagið setji neina slíka tryggingu, sem felur í sjer tortrygni eina, en ekki trygging.

Um fyrirtækið að öðru leyti hefi jeg við 2. umr. gefið þær upplýsingar, er nefndinni voru kunnar. Hinsvegar skal jeg taka það fram eins og þá, að nefndin viðurkennir, að trygging sje ekki fyrir því, að úr framkvæmdum geti orðið nú þegar — og telur enga slíka tryggingu heldur fást með sektarákvæðum. Það er vonin um, að eitthvað verði aðhafst á næstu árum, sem vakir fyrir nefndinni, er hún leggur til, að þetta sjerleyfi sje veitt.

Að öðru leyti þarf jeg ekki að svara óákveðnum tilgátum hv. flm. brtt. (SvÓ) um fjelagið. Mörgu af því er áður svarað og ástæðulaust að endurtaka það nú.

Jón Baldvinsson: Mjer sýnist nú alt mót á því, að frv. þetta fari út úr þessari háttv. deild. Jeg hefi ekki komið með brtt., enda bjóst jeg, satt að segja, ekki við því, að það mundi ganga svo greiðlega í gegnum deildina, og það þótt frv. sje þvert ofan í lög frá síðasta þingi.

En það er eitt, sem jeg sakna í frv. þessu, og það er það, að ekkert er tekið fram í því, að íslenskur vinnukraftur eigi að sitja fyrir, þegar að framkvæmdunum kemur. Virðist mjer þó full þörf á, að slíkt öryggi væri sett, því annars gæti svo farið, að fjelagið sæi sjer einhvern hag í því að nota að mestu útlendan vinnukraft til þess að framkvæma verkið. Hinsvegar veit jeg, að í sjerleyfislögunum er eitt af skilyrðunum í 9. gr. það, að Íslendingar sitji fyrir vinnu við slíkar framkvæmdir, að því leyti, sem þeir geta komið til greina.

Þess vegna vil jeg beina því til hæstv. atvrh., ef frv. þetta verður að lögum og fjelaginu veitt sjerleyfi, hvort hann mundi

ekki vilja setja það sem skilyrði, er leyfið er veitt og til framkvæmda kemur, að Íslendingar sætu fyrir allri vinnu, nema að því er snertir sjerfræðinga, er ekki fást innanlands.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um málið, en get tekið undir með háttv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), að mjer finst undarlegt að hafa enga tryggingu fyrir því í lögunum, að í slík fyrirtæki sje ráðist, ef leyfi er veitt. Það er búið að gera nóg að því að gabba Alþingi í þessu efni, því ekki mun það þó ætlunin að eiga öll þessi sjerleyfi á „lager". Vanalega hefir það farið svo um þessi sjerleyfi, að framkvæmdirnar hafa orðið þær, að stofnuð hafa verið hlutafjelög, sem aldrei hafa gert neinar framkvæmdir, en aðeins verið „spekúlerað" með hlutabrjef þeirra. Því undarlegra þykir mjer, þegar þessa er gætt, að menn skuli hafa á móti því, að ríkissjóður hafi einhverja tryggingu í höndum fyrir því, að ekki sje sífelt verið að gabba hann með þessum sjerleyfisveitingum.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af fyrirspurn hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vil jeg taka fram, að sá ráðherra, sem gefur út sjerleyfisbrjefið, hver sem það er, mun setja ákveðin skilyrði fyrir því, að ekki verði flutt inn verkafólk að óþörfu. En auðvitað má deila um það, hvað af því fólki sjeu fagmenn og hvað almennir verkamenn. Jeg álít, að gæta þurfi þess vandlega, að ekki verði tekinn vinnukraftur frá atvinnuvegum landsins. Hjer verður að synda milli skers og báru með að gæta hagsmuna atvinnuveganna og hagsmuna þess fólks, er kemur til með að vinna hjá fjelaginu. Það er ekki hægt að segja ákveðið, hve marga verkamenn þurfi við fyrirtækið. En jeg geri ráð fyrir því, að ekki verði fluttir inn erlendir verkamenn eftir að stöðin er reist, nema þá ef vera skyldi fagmenn.

Jón Baldvinsson: Það er rjett hjá hæstv. atvrh., að deila má um það, hverjir sjeu almennir verkamenn. En vitanlega þarf á þeim mönnum að halda, sem hafa sjerþekkingu í þessum málum.

Mjer finst óþarft fyrir hæstv. atvrh. að vera að segja, að komið geti til mála, að sett skuli skilyrði fyrir því, að notað verði aðeins íslenskt verkafólk, því að það á að vera alveg sjálfsagt. Jeg ímynda mjer, að mönnum fyrir vestan kæmi það vel, að geta fengið þarna vinnu tíma og tíma, en þætti það hinsvegar hart, ef flytja ætti inn ódýrara verkafólk, t. d. Pólverja, og taka þannig vinnuna frá landsmönnum. En síðustu 5—6 árin, að undanskildu þó 1924, hefir ekki verið svo mikið um atvinnu hjer, að verkafólk hafi ekki orðið að sitja margan daginn auðum höndum. Ekki eru nú heldur ástæðurnar svo, því miður, að búast megi við því, að mikið verði um vinnu. Þess vegna ætti fjelaginu að bera skylda til að nota aðeins íslenskt verkafólk, ef nokkuð verður þá úr framkvæmdum. En það á nú eftir að sýna sig.

Atvinnumálaráðherra (MG): Út af síðustu ræðu hv. 2. þm. Reykv. skal jeg leiða athygli að því, að það getur ekki komið til mála að einskorða leyfið við, að eingöngu sje notað innlent verkafólk til umræddra framkvæmda. Kemur hjer fram sem oftar, að hv. þm. hugsar eingöngu um verkafólk, en gleymir, að það þarf einnig að hugsa um atvinnurekendur. Jeg vil taka tillit til hvorratveggja og tel, að það megi takast.

Jeg tel ekki ástæðu til að ætla, að fjelög þau, sem hjer ræðir um, muni ekki

hyggja á framkvæmdir, og byggi jeg það á því, hve mikið fje þau þegar hafa lagt fram til rannsókna á þessu fyrirtæki.

ATKVGR.

Brtt. 436,1 feld með 15:7 atkv.
— 436,2 samþ. með 13:7 atkv.
— 436,3 samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HStef, IngB, JakM, JBald, JS, JörB, MT, PO, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt.

nei: HK, JAJ, JK, JÞ, KlJ, MG, MJ, SigurjJ, ÁJ, ÁÁ, BL, BSv.

Þrír þm. (BJ, ÓTh, ÞórJ) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 17:2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 61. fundi í Ed., miðvikudaginn 28. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 440).

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 30. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 11 shlj. atkv.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 7. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 440, n. 500).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Fjhn. hefir haft til meðferðar þetta frv., eins og sjest á þskj. 500. Hefir hún yfir höfuð verið ásátt um að leggja til, að hv. deild veitti þetta sjerleyfi, þar eð auðsætt er, að ef þær verklegu framkvæmdir komast í kring, sem um ræðir í frv., væri það til ákaflega mikilla hagsbóta bæði hvað snertir aukinn iðnað í landinu og aukinn útflutning. Líka myndu þau hjeruð, sem nærri liggja þeim stöðum, þar sem ætlast er til, að virkjunin fari fram, njóta góðs af þessu fyrirtæki.

Það er öllum ljóst, að slíku verður ekki komið til leiðar einungis með þeim fjárafla, sem hægt er að fá hjer á landi, heldur verður að seilast eftir útlendu fjármagni til þess.

Eins og jeg tók fram, vill nefndin veita leyfið. En komið gæti til mála, að sumir nefndarmenn gerðu till. um breytingar á vissum ákvæðum frv.; þó hefir sá hluti nefndarinnar ekki afráðið að gera svo við þessa umræðu, og yrði það því að vera við 3. umr., ef úr því yrði.

Jeg skal ekki að tilefnislausu gera þau ákvæði að umræðuefni við þessa umræðu, með því að mjer virðist ekki þörf á því, nema till. komi fram um að breyta þeim.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 440, 545).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Við 2. umr. þessa máls ljet jeg þess getið fyrir hönd okkar þriggja nefndarmanna, að þótt við þá hjeldum ekki fram neinum brtt. við frv., þá gæti það komið til mála við þessa umr., og brtt. á þskj. 545 sýnir, að svo

hefir orðið. Það var talsvert rætt í nefndinni um þessi ákvæði, sem brtt. lýtur að, sjerstaklega ákvæði 7. og 9. gr., og að því er ákvæði 7. gr. snertir, sem er tímabil það, sem leyfishafar hafa til framkvæmdar þessum mannvirkjum, þá voru allir nefndarmennirnir, að einum undanskildum, á því, að þetta tímabil væri of þröngt, að alls ekki væri þarft að hafa þennan tíma svona nauman. Það er svo mikið, sem ætlast er til að vinna, að fyrst sjerleyfi er gefið á annað borð til virkjunar, þá er ekki rjett að hafa tímann til þess að koma virkjuninni í framkvæmd bersýnilega of stuttan. Þetta sá nefndin og þess vegna höfum við leyft okkur að koma fram með brtt. um, að í staðinn fyrir „til 7 ára" komi: til 9 ára; m. ö. o., að sjerleyfishafi eigi að hafa lokið mannvirkinu innan 9 ára frá því að leyfisbrjefið er gefið út. Hinsvegar sáum við ekki ástæðu til þess að breyta ákvæðinu um, að sjerleyfishafar yrðu að hafa byrjað á mannvirkinu innan 4 ára. Við vildum ekki gera þeim of örðugt fyrir að nauðsynjalausu; að því miðar þessi brtt. Ákvæði 9. gr. er um tryggingu þá, sem sjerleyfishafar setji um endingu framkvæmdar á þessu mannvirki. Þessi trygging á að falla til ríkissjóðs, ef mannvirkinu verður ekki lokið á tilsettum tíma, eða ef einhverjar vanefndir verða. Það getur verið, að ýmsir líti svo á, að þessi trygging sje nauðsynleg í ýmsum tilfellum, en að hún sje hjer nauðsynleg, er meiri hl. nefndarinnar ekki viss um. Við álítum, að öðruvísi standi á með þetta sjerleyfi en mörg önnur, hvað snertir framlag til rannsókna á þessari virkjun, því að fjelagið, sem hjer á hlut að máli, hefir varið miklu fje til þessara rannsókna, og því virðist, að fjelaginu sje full alvara með framkvæmd virkjunarinnar. Fjelagið á virkjunarrjett á þessum fossum, sem er meira virði en sjerleyfið. Er því ekki hægt að búast við því, að aðrir færari menn sæktu um sjerleyfi til að virkja þessa fossa, er hjer um fæðir, á þeim tíma, sem hjer er átt við. Sjer því meiri hl. ekki, að ríkissjóður geti tapað nokkru, þótt þetta sjerleyfi sje veitt og á virkjun byrjað, þótt hún kæmist ekki að fullu í framkvæmd innan hins ákveðna tíma. Sáum við því ekki rjett að setja þetta viðurlag.

Sá maður, sem stendur fyrir framkvæmd þessa mannvirkis, kom á fund nefndarinnar og skýrði frá fyrirætlun sinni. Áleit hann, að ef þessi krafa um tryggingu stæði í lögunum, gæti hún staðið í veginum fyrir því, að erlendir fjáraflamenn legðu fram fje í fyrirtækið. En fjelagið kemst ekki af án erlends fjármagns. Ef þetta tryggingarákvæði yrði skilið þannig, að íslenska þingið hefði frá upphafi haft ótrú á fyrirtækinu, en aðeins veitt sjerleyfið til þess að tryggja sjer 50 þús. kr. upp úr krafsinu, þá gæti það orðið örðugur þröskuldur fyrir framkvæmd mannvirkisins. Hefir því meiri hl. nefndarinnar lagt til, að 9. gr. verði feld burt.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meira að sinni um þetta mál, fyr en þeir hv. þm., sem hafa á móti þessu, hafa fært fram ástæður sínar.

Ingvar Pálmason: Jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara af því að jeg bjóst við, að brtt. myndu koma fram. Það er nú orði áliðið þingtímans, og hefir því verið haldið að hv. Ed. í sambandi við annað mál, að ekki mætti koma fram með brtt., því að þá væri málinu stefnt í voða. Þetta mál er fyrir stuttu komið til þessarar deildar, og að fara að gera breytingar á frv. gæti orðið til þess, að það næði ekki

fram að ganga á þessu þingi. Mjer er þetta mál að vísu ekkert kappsmál, en vildi þó ekki setja fót fyrir það, og er því á móti öllum breytingum á frv.

En gagnvart þessum breytingum vil jeg segja það, sjerstaklega um fyrri brtt., sem er um þann tíma, sem framkvæmd mannvirkisins á að vera lokið á, að jeg er henni ekki mótfallinn. Og ef á að gera nokkra breytingu við frv., gæti jeg greitt þessari brtt. atkvæði. Annars greiði jeg ekki atkvæði með neinum breytingum á frv., því að þær gætu hindrað framgang þess.

Hvað það snertir að fella niður 50 þús. kr., sem viðkomandi setji sem tryggingu fyrir framkvæmd verksins, þá er jeg því algerlega mótfallinn. Því er haldið fram, að ef þetta ákvæði verður látið standa, geti það vakið tortrygni. En mjer þykir undarlegt, að ef fyrirtæki, sem kostar tugi miljóna að koma á fót, verður að greiða 50 þús. kr. tryggingargjald, þá verði ekki neitt úr neinu.

Eftir þeirri litlu þekkingu, sem jeg hefi um þessi mál í Noregi, veit jeg ekki betur en að viðkomendur verði altaf að setja tryggingu fyrir því, að verkið verði framkvæmt. Það má að vísu vel vera, að þegar við erum að veita svona sjerleyfi í fyrsta skifti, þá eigi að hafa kjörin svo aðgengileg, að það verði ekki til þess að hindra framkvæmd verksins.

En það er ekki óhugsandi, að Alþingi veiti fleirum en þessu fjelagi sjerleyfi, og væri þá gefið hjer fordæmi, sem erfitt yrði að breyta í framtíðinni, ef ekki væri sett nein trygging hjer í fyrstu. En þessi upphæð er svo lág, að jeg held ekki, að hún geti orðið fyrirtækinu að falli. Ef alt annað, sem fyrirtækið snertir, svo sem það hvað fyrirtækið gefur í aðra hönd o. fl., er í lagi, verður þessi upphæð aldrei framkvæmd þess til fyrirstöðu. Hinsvegar verður að fara varlega og gefa ekki fordæmi, sem gera myndi aðstöðu okkar erfiðari síðar undir svipuðum kringumstæðum. Fyrirtækið er stórt og krefst mikils höfuðstóls. Verður þá að setja einhverja tryggingu fyrir því, að það verði framkvæmt á tilsettum tíma. Mjer virðist, að það sje eðlilegt, að menn greini á um, hve tryggingarupphæðin skuli vera mikil, en hitt ætti ekki að vera álitamál, að tryggingu sje sjálfsagt að setja. Sem sagt, þetta getur altaf verið álitamál. Jeg vildi aðeins láta hv. deild vita afstöðu mína og gera grein fyrir atkv. mínu. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Hv. þdm. eru sjálfsagt búnir að ákveða atkvæði sitt. Það er tvent, sem hjer kemur til greina. Annarsvegar það, að breytingartill. þessar gætu orðið til þess, að frv. strandaði að þessu sinni, en hinsvegar væri gefið fordæmi, sem ef til vill gæti sett Alþingi í vanda síðar meir.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hv. 2. þm. S.-M. (IP) talaði um, að hjer væri gefið fordæmi. Ætti að leggja það til grundvallar, yrði jafnan að meta, hve mikinn kostnað sjerleyfiseigendur væru búnir að leggja í undirbúning fyrirtækisins. Jeg fellst á, að ekki sje rjett að veita sjerleyfi út í bláinn, án þess nokkuð sje trygt í aðra hönd, ef sjeð verður, að ekki sje um annað að ræða en það, sem einhverjum hefir dottið í hug án þess nokkuð hafi verið lagt til rannsókna eða sýnt, að hlutaðeigandi vildi nokkru offra fyrir málið; undir þeim kringumstæðum gæti tryggingargjald vel komið til greina. En þegar svo stendur á, að málið hefir verið rannsakað í mörg ár og kostað til þess miklu fje, þá er slík krafa ekki sanngjörn. Það

er nú svo með virkjun fossa hjer á landi, að ekkert kapphlaup hefir verið um þá hluti. Okkur ætti að vera áhugamál, að virkjun færi að byrja, þó ekki væri í stórum stíl, enda var hv. þm. (IP) þeirrar skoðunar, að ef úr framkvæmdum yrði, eins og frv. gerir ráð fyrir, þá yrði það til mikilla hagsbóta fyrir hjeruðin, sem þess nytu. Hvort ríkið fengi 50 þús. kr. eða ekki, segir mjög lítið í samanburði við þann hagnað, sem hjeruðin mundu hafa af fyrirtækinu, ef það kæmist á laggirnar.

Jeg held, að hjer sje ekki um neitt hættulegt fordæmi að ræða, ef sá mælikvarði er tekinn að krefjast ekki tryggingar af þeim, sem vitað er um, að lagt hafa stórfje í sölurnar til undirbúnings.

Björn Kristjánsson: Jeg ætla aðeins að minnast á, í hvaða tilfellum verður að telja nauðsynlegt að heimta veð. Það er aðeins þegar svo stendur á, að búast má við, að landið tapi, ef fyrirtækið kemst ekki á fót. Jeg skal taka dæmi: Jeg á námu, sem útlendingur vill taka á leigu. Jeg get ekki lofað honum að rannsaka námuna 3—4 ár, ef svo verður ekki meira úr, því á morgun getur annar maður komið til mín, sem taka vill námuna á leigu fyrir eitthvert verð. Í svona tilfelli er sjálfsagt, að sett sje trygging. En í því tilfelli, sem hjer er um að ræða, eru ekki minstu líkur til, að nokkur maður fari fram á að fá sjerrjettindi. Í fyrsta lagi af því, að fjelagið á fossana. Í öðru lagi hefir það tangarhald á þeim efnum, sem fossunum er ætlað að vinna. Enginn hefir skilyrði til að nota fossana nema þetta fjelag, og þar sem fjelagið auk þess er búið að verja miklu fje til rannsókna, sje jeg í þessu tilfelli enga ástæðu til að heimta veð, þó að í öðrum tilfellum geti verið nauðsynlegt að krefjast þess.

ATKVGR.

Brtt. 545,1 samþ. með 12:1 atkv.

— 545,2 samþ. með 9:2 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 75. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 561).

Á 77. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r. (A. 561, 584).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 584. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta frv. hefir orðið fyrir þeirri breytingu í hv. Ed., að í 7. gr. hefir verið sett „til 9 ára“ í staðinn fyrir „til 7 ára“. Sá tími, sem sjerleyfishafar hafa til að ljúka þessu mannvirki á, hefir verið lengdur um 2 ár. Þetta skiftir ekki miklu, því að aðalatriðið er, að á verkinu verði byrjað, og er sá frestur hinn sami og settur var hjer í deildinni.

Aðalbreytingin, sem hv. Ed. hefir gert, er að fella niður 9. gr. frv., sem sett var inn hjer í deildinni. Nú er sú breytingartill. borin fram aftur af hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg vil geta þess fyrir hönd meiri hl. fjhn., að hann óskar þess, að þessi brtt. verði feld, svo að málið verði ekki hrakið á milli deildanna þess vegna, því svo langt er liðið á þingtímann, að óvíst yrði þá um örlög þess.

Sveinn Ólafsson: Eins og hv. frsm. fjhn. (ÁÁ) hefir getið um, hefir þetta frv. tekið allmiklum breytingum í hv. Ed., og verð jeg að segja, að þær eru ekki til bóta. Jeg tel frv. vera orðið svo óheppilega breytt frá því, sem samþykt var hjer í deildinni, að óumflýjanlegt sje að færa það aftur í þann búning, sem það þá hafði. Þess vegna hefi jeg komið með brtt. á þskj. 584, sem lýtur að því að færa aftur frestinn til byggingar mannvirkjanna vestra úr 9 árum í 7 ár, eins og áður var, og setja aftur inn í frv. þá grein, sem feld var niður í hv. Ed., 9. greinina, og sem lýtur að því að áskilja ríkissjóði tryggingu með 50 þús. kr. fjárframlagi frá umsækjanda gegn vanefndum á sjerleyfisskilyrðum.

Mjer þykir undarlegt, að hv. Ed. skyldi vilja taka út úr frv. einmitt þau ákvæðin, sem helst trygðu það, að eitthvað yrði úr framkvæmd þessa virkjunarfyrirtækis og að heimildin yrði ekki misbrúkuð eða notuð eins og skrumauglýsing utanlands. Það er alkunnugt fyrir löngu, að íslensk vatns- og námurjettindi hafa gengið kaupum og sölum í nágrannalöndunum og farið stöðugt hækkandi í verði. Svo mun einnig vera um vatns- og námurjettindi þau, sem hjer um ræðir, að þau hafa skift um eigendur nokkrum sinnum og eru nú metin margföldu verði við það, sem áður var. Þess vegna finst mjer ekki eiga við að fara öldungis fyrirvaralaust að gefa út sjerleyfi fyrir þessu fyrirtæki, sem gæti, ef svo vildi verkast, orðið notað eins og auglýsing eða stimpill á vatnsrjettindi eða námurjettindi fjelagsins, ef það þyrfti eða vildi selja þau. Verði hinsvegar eitthvað úr framkvæmdum og alt fari með feldu, þá er engin kvöð á fjelagið lögð, þó heimtuð sje trygging, því að fjeð kæmi þá aftur með vöxtum, er skilyrðum 7. gr. væri fullnægt. Það virðist því benda á, að ekki sje tryggilega um búið fjáröflun til fyrirtækisins, ef það vex fjelaginu í augum að setja þessa lítilfjörlegu tryggingu. Hv. deildarmenn muna eflaust, að hjer var áður feld till. um hærri upphæð, sem jeg vildi láta setja til tryggingar efndum af hendi fjelagsins. Því hefi jeg ekki treyst mjer að koma nú með hærri upphæð en þetta, þótt betur hefið á því farið.

Jeg skal ekki að öðru leyti fara neitt út í það, hvaða bendingar og líkur mjer hafa borist fyrir því, að þetta fyrirtæki verði ekkert annað en augnabliksuppþot; en vissulega þætti mjer miður, ef ekkert yrði hjer úr framkvæmdum og þetta fyrirhugaða sjerleyfi yrði af hendi útlendra fjepúka, sem seilast hjer eftir rjettindum, notað eins og gylling á söluvarningi þeirra, en Alþingi, sem í góðri trú býður fram vilkjörin, sýnd sú lítilsvirðing bótalaust, að gengið yrði fram hjá skilyrðum þess og það látið sitja langtímum yfir ónýtri lagasetningu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg greiddi atkv. á móti samskonar till. og þessari, þegar málið var hjer áður til umr., svo það lætur að líkindum, að jeg geti ekki verið með þessari brtt. hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Jeg lít svo á, að þeir menn, sem á annað borð vilja fá svona framkvæmdir, geti naumast farið fram á tryggingu eins og þessa, því að það gæti orðið fjelaginu illur þröskuldur á veginum til fjáröflunar, ef Alþingi hefði ekki meiri trú á fyrirtækinu en svo, að það teldi sig þurfa að leggja við sektir, ef ekki yrði úr framkvæmdum. Það eru víst nógir örðugleikar við að fást, þó að Alþingi búi ekki til slíkan þröskuld. Hv. þm. (SvÓ) virtist halda, að hjer væri um augnabliks-

uppþot að ræða. Jeg held, að flestum, sem hjer eru, sje kunnugt, að svo er ekki. Fjelagið er búið að leggja í kostnað til rannsókna og upplýsinga um 700 þús. krónur, svo að hjer er áreiðanlega ekki um augnabliksuppþot að ræða, og þó að það kunni að láta vel í eyrum einhverra að tala um útlenda fjepúka, sem seilist hjer eftir rjettindum, þá ætti okkur ekki að vera ofvaxið að setja þeim þau skilyrði, sem að haldi kæmu. Þó að þetta fjelag beri eitthvað úr býtum, öfunda jeg það ekkert af því, ef við njótum líka einhvers hagnaðar. — Jeg tek í sama streng og hv. frsm. (ÁÁ) og óska, að brtt. verði feld svo frv. geti orðið að lögum.

Sveinn Ólafsson: Það eru örfá orð út af ræðu hæstv. atvrh. (MG). Hann virtist vilja innræta deildinni trú á þetta fyrirtæki, trú á það, að fyrirtækið yrði til blessunar og þjóðþrifa. Það er ekkert á móti því að hafa trú á þeim möguleikum, sem þarna eru til framkvæmda, en sú trú þarf ekki að verða fyrir neinu áfalli, þótt þetta útlenda fjelag leggi fram tryggingu fyrir efndum samninga. Hæstv. atvrh. vildi líta svo á, sem það væri næg trygging, að fjelagið hefði kostað til rannsókna vestra hundrað þúsund krónum. Í sjálfu sjer þarf ekki að liggja nein trygging í því. Þegar fjelagið er búið að fá sjerleyfisstimpilinn, getur það sennilega selt rjettindi sín fyrir mörg hundruð þúsund krónur og fengið rannsóknirnar og tilkostnað sinn margborgaðan. Hæstv. atvrh. virtist, að hjer ætti að sýna alla linkind í skilyrðum, svo að fjelagið gæti borið eitthvað úr býtum, *ef það tæki til starfa,* og skín þar í efasemd hjá honum um, að nokkuð verði úr virkjun þarna. En hjer er engan veginn um neina afarkosti að ræða fyrir umsækjanda, ef alt fer með feldu. Ef aftur á móti svik eru í tafli, sem vel getur verið, þá er rjett að fjelagið kenni á þeim og sleppi ekki að öllu bótalaust.

Atvinnumálaráðherra (MG): Það eru aðeins fá orð. Það voru 700 þús., sem jeg sagði að fjelagið hefði notað. *(SvÓ:* Jæja, það er nokkuð sama). Nei, það er ekki sama, því þegar búið er að leggja svona mikið fje í fyrirtækið, leiðir það af sjálfu sjer, að meiri hvöt er til þess að koma málinu áleiðis. Jeg held, að hjer sje verið að reyna að búa til nýjan þröskuld, og jeg veit, að hv. þm. (SvÓ) ber þetta fram í því skyni að leggja hindrun á leið fjelagsins, hvað sem hann segir um það. Hann talar um, að þetta sje gert til að fyrirbyggja svik. Till. ræðir ekkert um það. Ef hún væri til að fyrirbyggja svik, gæti jeg verið með henni, en hjer er bara verið að lýsa því yfir, að þingið beri ekki meira traust til þessa fyrirtækis en svo, að heimta verði fje af mönnum þeim, sem fyrir því standa, ef því verði ekki komið fram á tilsettum tíma. Það liggur í þessu sá andi, að verið sje að gera þetta fyrir mennina, sem að því standa. Jeg lít svo á, að við sjeum að gera þetta fyrir okkur sjálfa. Þó þessir „útlendu fjepúkar" kynnu að hagnast eitthvað, sæi jeg ekkert eftir því, ef við nytum líka góðs af. Gott er gott, hvaðan sem það kemur.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Þetta atriði hefir áður verið hjer til umræðu, og er ekki þörf á að endurtaka það, sem þá var sagt. Nefndin lagði á móti því þá, og gerir það öllu fastara nú, þar sem hún lítur svo á, að till. geti verið hættuleg fyrir afgreiðslu málsins. Fjelagið er búið að verja miklu fje til rannsókna, og þó er sumt órannsakað enn, sem óvíst er, hvað kostar. Forgöngumennirnir segja, að þetta trygg-

ingarákvæði muni vekja tortrygni gagnvart fjelaginu og geti spilt lánstrausti þess, enda lítur nefndin svo á, að samþykki ráðherra á framsali ætti að vera næg trygging gegn braski. Þetta ákvæði tryggir heldur ekki framkvæmdir frekar en þær 700 þús. krónur, sem búið er að leggja í fyrirtækið. Þegar fjelagið er búið að festa þannig fje, hefir það auðvitað mikla hvöt til þess að ná því upp aftur. Nefndin leggur því á móti þessari till. og óskar þess, að deildin afgreiði frv. sem lög eins og það nú liggur fyrir, í von um að úr framkvæmdum verði.

Pjetur Ottesen: Þegar samskonar till. og hjer er um að ræða var borin fram um daginn, greiddi jeg henni atkvæði ásamt fleirum. Nú horfir málið svo við frá mínu sjónarmiði, að ekki sje nema um tvent að gera, annaðhvort að samþykkja frv. óbreytt eða þá að það nái ekki fram að ganga. Þar sem ákvæði brtt. eru ekkert höfuðatriði í þessu máli, en hinsvegar er um að ræða mikilsvert fyrirtæki, námuvinslu o. fl., virðist mjer, að varhugavert sje að sporna við því, að slík tilraun sje gerð. Jeg mun því greiða atkv. móti brtt. og með frv. óbreyttu.

ATKVGR.

Brtt. 584,1 feld með 16:6 atkv.

— 584,2 feld með 16:9 atkv.

Frv. samþ. með 18:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 589).

48. Happdrætti fyrir Ísland.

Á 9. fundi í Nd., fimtudaginn 18. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland (þmfrv., A. 38).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 22. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get að mestu leyti skírskotað til greinargerðar þessa frv. Einnig hafa tvisvar sinnum áður verið borin fram hjer á þingi frv. ekki ólík þessu, og get jeg skírskotað til umræðna, sem þá urðu við framsögu um málið.

Eins og hv. þdm. mun vera kunnugt um, hefir verið stunduð sala á erlendum happdrættismiðum í allstórum stíl hjer á landi. Síðastliðið haust voru bornar auglýsingar hjer út um bæinn í þeim tilgangi að hvetja menn til að kaupa erlenda happdrættismiða, og einnig í sveitunum hefir mikið verið gert til að greiða fyrir sölu miðanna.

Jeg skal viðurkenna, að jeg er ekki hrifinn af sölu happdrættismiða yfirleitt. Mundi jeg gjarnan kjósa að vera algerlega laus við hana. Hinsvegar hefir sala erlendra happdrættismiða verið rekin hjer um það langt skeið, að jeg býst ekki við, að hún yrði lögð niður. Þá er að athuga, á hvern hátt salan verði þjóðinni hagkvæmust og sem mestur vinningur fyrir hana.

Sumir vilja ef til vill halda því fram, að löggjöf nægi til að koma í veg fyrir sölu erlendra happdrættismiða. Söluna megi banna með lögum. Þesskonar lög er auðvitað hægt að setja og hægt að gæta þeirra að því leyti, sem í löggæslumanna valdi stendur. En þrátt fyrir löggjöfina

yrði hægt að reka söluna hjer í jafnstórum stíl og áður. Salan mundi halda áfram póstleiðina. Ef miðarnir eru sendir í pósti og frímerktir til viðtakanda sem prívatbrjef, er ekki heimilt að svipast eftir, hvað í brjefinu er.

Þar sem því ekki er hægt að koma í veg fyrir sölu erlendu happdrættismiðanna, virðist liggja nokkru nær að reyna að koma á innlendu happdrætti. Það mundi koma í veg fyrir sölu erlendu miðanna, og á þann hátt fengi ríkissjóður álitlegan tekjuauka, en af erlendu sölunni fær hann vitanlega engar tekjur. Þeir, sem kaupa erlendu miðana, fá og sjaldan vinning, en komi það fyrir, er það aðeins lítið brot af því fje, sem fer út úr landinu til seðlakaupanna.

Ef vel gengur með sölu innlendu happdrættismiðanna, ættu beinar tekjur landsins af happdrættinu að geta orðið um 800 þús. kr. á ári. Þó að menn sjeu nú drjúgir yfir hag landsins, þá skortir samt fje til ýmissa framkvæmda, enda virðist miklu heilbrigðara að leyfa sölu innlendra happdrættismiða en að láta útlendinga sópa greipar um þetta fje.

Að endingu vil jeg gera það að till. minni, að málinu verði vísað til fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14:3 atkv. og til fjhn. með 18:1 atkv.

Á 41. og 48. fundi í Nd., dagana 26. mars og 8. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Nd., miðvikudaginn 14. apríl, var frv. enn tekið til 2. umr. (A. 38, n. 144).

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Það er orðið svo langt síðan þetta mál var afgreitt frá nefnd, að jeg held jeg sje búinn að gleyma því, sem jeg átti að skila frá nefndinni. Eins og nál. á þskj. 144 ber með sjer, hefir fjhn. ekki orðið ásátt um frv. Meiri hlutinn leggur til, að það nái fram að ganga með lítilsháttar breytingum, en þó hafa einstakir menn í meiri hlutanum sjerstöðu um einstök atriði; þar á meðal hefi jeg óbundið atkvæði um, hvernig ráðstafað skuli tekjum happdrættisins. Að öðru leyti býst jeg við, að hinir, sem sjerstöðu hafa, muni gera grein fyrir henni.

Hinar almennu ástæður fyrir frv. þessu eru þegar teknar fram við 1. umr. þess, og auk þess er málið kunnugt frá undanförnum þingum og því óþarft að rifja þær upp. Hinsvegar skal jeg í stuttu máli víkja að ástæðum meiri hluta nefndarinnar til að leggja til, að frv. nái fram að ganga.

Jeg vil þá fyrst geta þess, að meiri hlutinn vill ekki gera málið að verulegu kappsmáli, nje heldur einstök atriði frv., en telur hinsvegar sjálfsagt, að hv. deild gefist kostur á að láta í ljós álit sitt um það, og rjettmætt, að málið gangi fram. Það virðist vera einhver þrái eða tregða í þessu máli, sem veldur því, að það hefir verið borið fram svo að segja þing eftir þing síðustu árin. Í fyrsta sinn, sem það var borið fram — fyrir meira en 10 árum — var því svo vel tekið, að það var samþykt, þó að ekkert yrði úr framkvæmdum. Þetta, hvað málið hefir komið oft fram, virðist benda á einhverja lífseigju í því, sem bendir aftur til þess, að það verði ekki bælt niður til lengdar, enda munu þau kjör, sem nú eru í boði, vera þau bestu, sem kostur hefir verið á hingað til.

Höfuðástæður meiri hlutans til að mæla með frv. eru annarsvegar tekjuvonirnar og hinsvegar tekjuþörfin. Tekjuvonirnar eru á milli 100 þús. kr. og 800 þús. kr. Þótt eitthvað megi finna að þessari leið til þess að afla tekna, hefir hún þó þann stóra kost, að hún aflar þeirra án þess að íþyngja verulega gjaldendum, og þegar litið er til þess, hvað hefir orðið að ganga langt og nærri til þess að afla tekna, t. d. að leggja skatt á ýmsar almennar þurftarvörur, þá má teljast vel forsvaranlegt að fara þessa leið.

Önnur höfuðástæða meiri hlutans er hin sívaxandi ásælni erlendra happdrátta til viðskifta við landsmenn með alveg sömu annmörkum, sem happdrætti og önnur slík fjárhættuspil eru talin hafa, en þeim einum mun, að þau eru rekin fyrir erlenda hagsmuni, en við sitjum með tjónið eitt og ókostina. Íslenskt happdrætti mundi rýma burt að mestu þeim erlendu, einkum nú, þegar búið er með lögum að setja hömlur fyrir opinber viðskifti erlendra happdrátta við landsmenn. Af innlendu happdrætti hefðum við bæði skaðann og ábatann, og virðist það nokkru nær en að sitja uppi með skaðann einan, en erlendir njóti ábatans.

Þá ætla jeg að víkja að brtt. á þskj. 144. 1. og 2. brtt. eru einungis orðabreytingar til skýrari framsetningar á efni frv., en 4. og 6. brtt. eru tilfærslur á greinum frv., sem orsakast af því, að nefndin leggur til, að 2. gr. og 4. gr. falli niður.

Í 3. brtt. er lagt til, að 2. gr. falli niður. Nefndinni þykir ekki viðkunnanlegt að gera ráð fyrir í lögunum sjálfum ásælni við aðrar þjóðir, á sama tíma sem við viljum með lögum banna samskonar ásælni annara þjóða við okkur, enda telja fróðir menn það ólíklegt, að öllu meira myndi seljast innanlands en ákveðið var í greininni.

5. brtt. er um það, að 4. gr. falli niður. Meiri hluti nefndarmeirihlutans vildi ekki fallast á að ráðstafa tekjunum eins og frvgr. gerir ráð fyrir, heldur vill hann, að tekjurnar renni í hinn almenna sjóð, ríkissjóðinn. Aðrar þarfir eru ekki síður brýnar en þær, sem nefndar eru í frv., ef á annað borð ætti að ráðstafa tekjunum fyrirfram. Sumir nefndarmenn vildu, að lágmarkstekjur gengju til ellistyrktarsjóðsins, og mun jeg verða fylgjandi slíkri till., ef hún kæmi fram.

Jeg vænti þess, að hv. þdm. taki frv. skynsamlega og hleypidómalaust, og mun jeg ekki leggja mig fram til að karpa um þær almennu mótbárur, er fram kunna að koma. Þær eru fyrirfram kunnar og margræddar áður.

Tel jeg svo ekki ástæðu til þess að segja fleira að sinni. Happdrættishugmyndin er svo kunn, að hv. þdm. munu þegar hafa tekið afstöðu til hennar og frv. í heild, og langar umræður þess vegna þýðingarlausar.

Frsm. minni hl. (Ásgeir Ásgeirsson): Því er þannig farið, að minni hluti nefndarinnar hefir ekki komið fram með neitt álit, og veit jeg ekki einu sinni, hvort hann muni vera óskiftur, en jeg get þá verið frsm. sjálfs mín.

Fyrir tveimur þingum var jeg flutningsmaður að slíku frv. sem þessu. Og ástæðan til þess, að jeg bar það þá fram, var sú, hvílík vandræði voru þá að fá fje til verklegra framkvæmda, landhelgisvarna og ræktunarmála.

Nú er útlitið dálítið annað, en það veldur þó ekki mestu um skoðanaskifti

mín, heldur hitt, að hugmyndin er sú, að stofnað sje til happdrættis og ætlast til, að mikið af happdrættisseðlum verði selt erlendis, en jafnframt á að banna sölu erlendra happdrættismiða hjer á landi. Í þessu er mótsögn. Höfuðástæða mín er sú, að nota megi happdrættismöguleikann á annan veg heppilegri en hjer er ráð fyrir gert, eða sem svipaðast happadrættum Svía, sem jeg hefi kynt mjer nokkuð. Það eru „obligations"-happdrætti; hefir verið gert ráð fyrir slíku happdrætti í lögum um ríkisveðbanka. Með því móti má vinna að því, að vextir af löngum lánum lækkuðu í landinu. Ríkið hefir ekki mörg meðul til að lækka vexti af ræktunar- eða fasteignalánum, og hygg jeg þennan einna líklegastan til lækkunar svo um muni, og er þá ekki rjett að taka hann úr því sambandi. Ef frv. verður felt, þá mun jeg koma fram með till. um það, að „obligations"-happdrætti verði sett á í sambandi við ræktunarsjóðinn, því að þar eru vextir alt of háir.

Hefi jeg þá skýrt frá minni skoðun á málinu og mun greiða atkv. á móti frv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Sú tekjuöflun, sem frv. fer fram á, getur orðið með tvennu móti. Í fyrsta lagi með sölu happdrættismiða erlendis, en um það efni get jeg tekið undir með hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að á því eru svo miklir annmarkar, að sú sala getur ekki orðið að farsælli tekjulind. Afstaða okkar er sú, að við getum ekki vænst eftir sölu á happdrættismiðum nema í næstu löndum, eða Norðurlöndum eingöngu, en þar er slík sala bönnuð. Og það er varhugavert fyrir lítið land að ætla sjer að fremja lögbrot í nágrannalöndum sínum.

Hinu verður ekki neitað, að afla mætti nokkurs fjár með sölu happdrættismiða innanlands. En ef fara á að stofna happdrætti í þeim eina tilgangi, þá er það ekki annað í raun og veru en að auka nýjum þætti inn í skattalöggjöf landsins, og ráða menn því sjálfir, hverja hugmynd þeir gera sjer um það, hvað sá skattur verði ljúflega greiddur eða komi vel niður. En jeg álít, að það verði ekki með sannindum sagt, að hann komi vel niður, og viðsjárverð sú spilafýsn, sem verið er að örva með þessu, því að hún getur ekki síður bitnað á hinum fátæku heimilum heldur en þeim ríku.

Jeg álít, að skattalöggjöfin sje nú þegar komin svo langt í því að leggja álögur á landsbúa, að sem stendur sje ekki ástæða til þess að fara lengra í þeim efnum.

Út frá þessu sjónarmiði get jeg ekki verið með frv. og get fyrir mitt leyti ekki annað en ráðið hv. þd. til þess að fella það. En ætti því að verða lífs auðið, tel jeg brtt. meiri hl. nefndarinnar til bóta og að það beri þá að samþykkja þær.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir nú lýst sinni skoðun á málinu og bent á nýja leið í því. Jeg verð að játa það, að mjer er ekki ljóst, að hverju leyti sú leið yrði hagkvæmari, og mjer skilst, að ef á að byggja á sölu innanlands eingöngu, þá muni tekjurnar verða svo litlar, að þær komi ekki verulega að því liði, sem hann ætlast til.

En hvað því viðvíkur, er hæstv. fjrh (JÞ) bar fram, þá eru það þessar gömlu ástæður, sem við höfum heyrt áður, og ekkert í endurbættri mynd. Mjer þótti það undarlegt, að hann skyldi halda því fram, að þetta væri nýr skattur. Því að sje þetta skattur, þá hefir hann verið til áður, þar sem hjer hefir verið óhindruð sala á útlendum happdrættismiðum og

mikil viðskifti, en nú skilst mjer, að það innlenda eigi að bola því erlenda út, og þá er fjarstæða að tala hjer um nýjan skatt.

Menn vita það, að mikil viðskifti hafa verið við útlönd á þessu sviði, og eru enn. Og þó banna eigi opinbera sölu á útlendum seðlum, þá er ekki hægt að koma í veg fyrir viðskifti „prívat" í gegnum póst. Þeir, sem hafa vanið sig á að skifta við happdrætti, munu halda því áfram í gegnum póst eftir sem áður, nema því aðeins, að þeir eigi kost á að skifta við innlent happdrætti.

Jörundur Brynjólfsson: Við flutningsmenn frv. getum verið hv. nefnd þakklátir fyrir undirtektir hennar. Þær breytingar, sem hún vill gera á frv., eru ekki þess eðlis, þótt samþyktar verði, að þær hafi nein áhrif á stefnu þess. Okkur er því sama, þótt þær nái fram að ganga.

Við höfðum hugsað okkur, að ágóðinn af sölu miðanna rynni í tvo sjóði, en meiri hl. nefndarinnar vill, að hann renni í ríkissjóð. Þetta má að vissu leyti á sama standa, því þegar ráðist er í framkvæmdir, verður leitað til hans. En við vildum gjarnan efla þessa tvo sjóði, svo að þeir gætu sem fyrst int hlutverk sitt af hendi, en ef mönnum þykir þeim sækjast seint, þá má náttúrlega leita til ríkissjóðs.

Annars er mál þetta svo þrautrætt, að jeg býst ekki við, að neitt nýtt komi fram í því.

Það, sem aðallega hvatti okkur til þess að bera þetta frv. fram nú, var, að landið hefði einhverjar tekjur af þeirri miklu happdrættisseðlasölu, sem hjer er. En þótt hagur ríkissjóðs hafi nokkuð batnað síðan frv. var fyrst borið fram 1924, þá má þó með sanni segja, að fjárhagurinn er ekki svo góður, að ríkissjóður megi ekki taka á móti nýjum tekjulindum.

Jeg skal ekkert fullyrða um það, hvort meira yrði keypt af happdrættisseðlum en nú er vegna þess að happdrættið yrði innlent, en jeg tel það hæpið, og það lasta jeg síst. Jeg hefi heyrt sagt, að það kveði mjög mikið að sölu á útlendum miðum í landinu. Það sagði mjer kunnugur maður í einu kauptúni vestanlands, að þar hefði sænska lotteríið haft 60 þús. kr. tekjur árið sem leið. Og jeg er viss um, að ef maður hefði skýrslur af öllu landinu, þá mundi koma í ljós, að þetta skifti árlega hundruðum þúsunda.

Um ástæður þær, sem hv. frsm. minni hl. (ÁÁ) sagði, þarf jeg ekki að tala langt mál. Þótt hagur ríkissjóðs hafi breyst síðan 1924, eins og jeg drap á áðan, þá finst mjer, að við getum með góðri samvisku tekið á móti þessum tekjuauka og að nóg verði við hann að gera.

Jeg held, að happdrætti með því fyrirkomulagi, er hann talaði um, geti aldrei haft áhrif á vexti í landinu, en fyrir mitt leyti teldi jeg ekki æskilegt, að svo færi, því að þá yrði þetta orðinn tilfinnanlegur skattur á landsmenn. En jeg hygg, að hv. þm. (ÁÁ) geri of mikið úr þessu. Þar, sem fólksfjöldi er mikill, gæti þetta ef til vill hepnast, en salan getur aldrei orðið svo mikil innanlands, að hagur af henni geti haft áhrif á vexti.

Þá andmælti og hæstv. fjrh. frv., en hv. frsm. meiri hl. (HStef) hefir svarað báðum að mestu leyti. En þar sem hæstv. fjrh. talaði um, að ekki væri vert, að löggjöfin stuðlaði að því, að brotin væru lög á öðrum þjóðum, þá er því til að svara, að verði sala á erlendum happdrættismiðum bönnuð hjer með lögum, mundi salan

halda áfram eftir sem áður að einhverju leyti, og á þann hátt mundu aðrar þjóðir brjóta lög á okkur. Og værum við ekki einmitt hjer að verjast erlendri ásælni, þá hefðum við ekki þurft lög um þessi efni.

Hv. frsm. meiri hl. svaraði einnig því, sem sagt var um það, að þetta yrði skattur. Jeg býst ekki við því, að meira yrði keypt af innlendum seðlum en hinum útlendu nú — seðlarnir verða það dýrir — svo að hjer getur aldrei verið um aukinn skatt að ræða. Það hefði mátt kalla þetta nýjan skatt, ef engin happdrættismiðasala hefði átt sjer stað hjer á landi áður.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er misskilningur hjá hv. flm. (JörB), að aðrar þjóðir hafi brotið lög á okkur með sölu lotteríseðla. Hún hefir verið frjáls hjer til þessa, og er það enn. Hitt eru aðeins spádómar, að það verði gert, en jeg hygg, að ekki verði sagt með sanni um neitt happdrætti í nágrannalöndum okkar, að því sje ætlað að brjóta á okkur lög, þótt þau kæmu. Stærð þeirra er ákveðin fyrirfram með það fyrir augum, að þau sjeu hæfileg fyrir innlend kaup. Þó skal jeg játa, að í Danmörku starfar eitt happdrætti, sem ætlað er að selja til annara landa, enda hefir það orðið ákaflega illræmt. Þetta lotterí er misnotað til að selja seðla til landa, þar sem sala er bönnuð, og er altaf eilíf rekistefna út af því. Samskonar rekistefna yrði okkur áreiðanlega til hinna mestu óþæginda. Það kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. (HStef), að þetta væri ekki nýr skattur, þar sem við greiddum þegar álitlega upphæð til erlendra happdrætta, og nefndi hann í því sambandi nokkrar fjárhæðir, sem færu út úr landinu fyrir happdrættismiða. Þetta er að miklu leyti bygt á misskilningi. Það, sem hv. þm. vísaði í, er sala, sem hjer hefir verið leyfð á sænskum ríkisskuldabrjefum. Það er fyrir þessi happdrættisskuldabrjef, sem borgað hefir verið 60 þús. kr. frá einum kaupstað, eins og háttv. frsm. meiri hlutans nefndi. En þessi verslun er ekki happdrætti nema að nokkru leyti. Því að mjer skilst, að trygð sje greiðsla á höfuðstólnum — ríkisskuldabrjefunum, — en aðeins happdrætti um vextina, eða þann hluta þeirra, sem ekki fer í kostnað. Ef því á að meta, hve mikið fje fer úr landinu fyrir þetta „happdrætti", ber aðeins að líta á vaxtaupphæðina. Og þó kemur vitanlega mikið af vöxtunum inn aftur í vinningunum. Það er því í raun rjettri vaxtaupphæðin, sem greidd er, sem sýnir umsetninguna. Jeg vil ekki segja, að jeg sje svo sjerstaklega kunnugur þessum málum, en jeg verð að segja, að jeg veit ekki um marga hjer á landi, sem spila í erlendum happdrættum. Það er rjett einn og einn, sem kemur frá öðrum löndum og heldur því áfram. Held jeg því, að það sje ekki í neinni líkingu við þann skatt, sem hjer á að leggja á þjóðina með þessu happdrætti.

ATKVGR.

Brtt. 144,1 samþ. með 15 shlj. atkv.

— 144,2 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BL, HStef, HK, JAJ, JS, JörB, KlJ, MJ, MT, PO, PÞ, SigurjJ, ÞorlJ, BSv.

nei: IngB, JakM, JBald, JÞ, MG, ÓTh, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÁÁ.

Fjórir þm. (BSt, BJ, JK, ÁJ) fjarstaddir.

Brtt. 144,3 (2. gr. falli niður) samþ. með 15 shlj. atkv.

— 144,4 samþ. án atkvgr.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 14:2 atkv.

Brtt. 144,5 (4. gr. falli niður) samþ. með 13:5 atkv.

— 144,6 samþ. án atkvgr.

5. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 14:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14:10 atkv.

Á 55. fundi í Nd., föstudaginn 16. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 57. fundi í Nd., mánudaginn 19. apríl, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 339, 340, 347, 359).

Björn Lindal: Eins og sjá má á nál. fjhn. á þskj. 144 og brtt. minni á þskj. 340, hefi jeg talið fara betur á því, að einkaleyfið væri ekki veitt á nafn neinna einstakra manna, heldur fjelagi, sem stofnað yrði í þessum tilgangi. Jeg vil taka það fram til þess að firra öllum misskilningi, að jeg ber alls ekki vantraust til þeirra heiðursmanna, er einkaleyfið eiga að fá samkv. frv. Þvert á móti. Jeg álít þá mjög góða og áreiðanlega menn. En það liggur ekki fyrir nein trygging fyrir því, að þessir menn dragi sig ekki til baka þegar til á að taka. — Allir erum við dauðlegir, og dauðinn getur sótt þessa menn, annan eða báða, áður en varir, og ef annar þeirra deyr áður en einkaleyfið er fengið, verður hinum naumast veitt einkaleyfi samkv. frv. Þegar þetta er athugað, álít jeg rjett að binda leyfið ekki við nafn. Þar fyrir tel jeg ekki líklegra, að aðrir fái leyfið en einmitt þessir menn, og jeg tel það sjálfsagt, að þeir gangi fyrir öllum öðrum, að öllu jöfnu. En jeg skil frv. á þann veg, að stjórnin megi leita fyrir sjer, hvort ekki fáist betri tilboð en þetta. Vona jeg, að hv. þdm. geti fallist á brtt. mína.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hefi verið þeirrar skoðunar, að mjög efasamt væri, hvort leyfa skyldi happdrætti hjer á landi, sakir þess, að jeg áleit happdrætti leiðinlega aðferð til að taka fje af mönnum til ríkisþarfa. — En nú hefi jeg sjeð, hvernig fjeð streymir út úr landinu til hinna erlendu happdrætta, og áleit jeg þá að skömminni til skárra að stofna til innlends happdrættis, ef ríkissjóður hefir af því ríflegar tekjur. Jeg held þó, að varla verði seld nein ósköp af happdrættisseðlum innanlands, enda er í frv. því, sem hjer liggur fyrir, gert ráð fyrir, að langmestur hluti miðanna verði seldur í öðrum löndum.

Nú álít jeg rjett, að nokkru af þeim tekjum, sem ríkissjóður hefir af þessu, og tæpast geta talist vel fengnar, sje varið til að styrkja þá, sem erfiðust lífskjör eiga, en það hygg jeg að sjeu gamalmennin. Því ber jeg fram þá brtt., að af hreinum tekjum ríkissjóðs af happdrættinu skuli á næstu 10 árum ganga 100 þúsund krónur árlega til eflingar ellistyrktarsjóðnum. Verði þessi brtt. mín feld, mun jeg ekki fylgja frv.

Jón Kjartansson: Jeg á brtt. á þskj. 347, um það að önnur málsgr. annarar gr. falli niður, sem sagt orðin: „Um sama tímabil skal það og, að viðlögðum 200—2000 kr. sektum til ríkissjóðs, vera bannað að versla með eða selja á Íslandi hluti fyrir happdrætti utan ríkis eða hafa þar á hendi nokkur störf þar að lútandi.“

Jeg fæ ekki betur sjeð en að þessi máls-

grein sje óþörf nú orðið, auk þess sem hún fer í bág við 2. gr. laga um happdrætti og hlutaveltur, er nú hafa verið afgreidd sem lög frá Alþingi, því að þar eru sektir ákveðnar við hinu sama broti 500—5000 kr. Jeg fæ ekki sjeð, hvaða vit getur verið í þessum tvenskonar ákvæðum. Hinsvegar er engin ástæða til að hafa ákvæði um þetta í frv., því að auðvitað verður um það farið eftir ákvæðum happdrættislaganna.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Hv. flm. brtt., sem nú eru fram komnar við frv., hafa nú hver mælt fyrir sinni. Þær eru allar þess eðlis, að vart geta orðið um þær miklar deilur.

Fyrst skal jeg minnast á brtt. hv. þm. Ak. (BL), um það, að leyfið skuli ekki veitt á nafn. Þetta var til umræðu í nefndinni, og gat hún ekki orðið sammála um það. Þótti meiri hlutanum ekki ástæða til að fella niður þetta ákvæði, úr því að frv. má teljast bygt á tilboði þessara manna. Það segir sig sjálft, að dragi mennirnir sig til baka eða devi, þá verður happdrættið ekki stofnað í bili.

Þá er brtt. hv. þm. V.-Sk. (JK), að fella niður sektarákvæðin. Það kom til tals í nefndinni, að þessi málsgr. væri ef til vill óþörf, vegna ákvæðanna í hinum almennu lögum um happdrætti og hlutaveltur. En þó vildi nefndin ekki fella þetta niður, sakir þess, að frv. ber að skoða sem einskonar samning við þessa menn. Það er ljóst, að ekki er næg trygging fyrir mennina að hafa ákvæði um þetta í almennum lögum, því að þeim má altaf breyta. — Hvað því viðkemur, að ósamræmi sje í sektarákvæðunum, þá þarf það alls ekki að saka. Það þýðir aðeins það, að sektarákvæðum almennu laganna má breyta niður að lágmarkssektum þessa frv., en ekki setja þau lægri. En ef menn vilja samrýma þetta strax, þá má það mín vegna.

Þá er brtt. hv. þm. N.-Ísf. (JAJ), að lágmarkságóði ríkissjóðs af happdrættinu renni til ellistyrktarsjóðsins í 10 ár. Jeg hefi minst á þetta við 2. umr. og er því persónulega fylgjandi. Jeg hefi og áður skýrt frá ástæðum nefndarinnar fyrir hennar till. Sje jeg ekki ástæðu til að endurtaka það við þessa umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þykir undarlegt að heyra það fram borið af hv. þm. N.-Ísf. (JAJ) og fleiri háttv. þm., að ástæðan til, að þeir fylgi þessu frv., sje sú, hve mikið fje fari út úr landinu fyrir erlend happdrætti. Þessir hv. þm. vita þó, að nú á þessu þingi hafa verið samþykt lög, sem banna hjer sölu á erlendum happdrættismiðum. Mjer finst því þessi ummæli hv. þm. sýna nokkuð litla trú á því, að bannlagasetning geti gert nokkurt gagn. Þótt jeg sje yfirleitt enginn bannvinur, hygg jeg það nokkuð langt gengið að álíta hana altaf þýðingarlausa. Úr því að hið háa Alþingi vildi fara þessa leið til að útrýma erlendum happdrættum, þá finst mjer það fulllangt gengið að vantreysta svo ógurlega þessum ráðstöfunum, að vilja jafndýra lækningu og að magna farganið svo innanlands, að hið erlenda drukni alveg. Það ætti að minsta kosti að vera óhætt að bíða með þetta uns hin lögin hafa sýnt, hvað þau geta.

Hv. þm. Ak. (BL) vildi taka nöfnin burt úr frv., en gerði þó ráð fyrir, að þessir menn væru látnir ganga fyrir öðrum. Við það var auðvitað ekkert að athuga. En svo kom hv. frsm. meiri hluta (HStef) og sagði, að frv. bæri að skoða sem samning við leyfishafa. Þessu vil jeg algerlega mótmæla. Í þessu frv. er aðeins

gefin *heimild* til stjórnarinnar til að veita þessum mönnum einkaleyfið. Með þessu formi er ekki hægt að skylda stjórnina og því síður að binda hana svo freklega, að frv. sjálft geti talist samningur.

Annars er líka eitt atriði, sem jeg held að sje nokkuð sjerstakt fyrir þessi heimildarlög. Það er, að í þau vantar ákvæði, sem er í flestum öðrum slíkum lögum, sem sje tímatakmarkið, hvenær heimildin falli úr gildi fyrir stjórnina. (*MJ*: 1. mars 1927, tekið fram í e.-lið). Það er dálítið annað. Þá hafa þessir menn mist sín forgangsrjettindi. En verði brtt. hv. þm. Ak. (BL) samþykt, og raunar hvort sem er, er opin leið að þinga þá við aðra um að taka að sjer happdrættið. Það er meira að segja skýrt tekið fram í e.-liðnum, ef einkaleyfishafar fyrirgeri rjetti sínum, þá sje ráðuneytinu heimilt að selja einkaleyfið öðrum í hendur. En það er engin takmörkun á þeim tíma, sem heimild ríkisstjórnarinnar gildir. Þetta finst mjer óvenjulegt, svo og það, að frsm. meiri hl. skyldi ekki geta verið samþykkur brtt. hv. þm. V.-Sk., um að fella 2. málsgr. 2. gr. niður. Sú málsgr. virðist alveg óþörf og fara í bága við ákvæði, sem sett var inn í önnur lög, sem samþykt hafa verið á þessu sama þingi.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal ekki karpa mikið við hæstv. fjrh. Með lögum þeim, sem samþykt voru nú fyrir skemstu hjer á þinginu, var ekki bannað að kaupa erlenda happdrættismiða, heldur aðeins að selja þá. Jeg hygg, að þeim fjölgi, sem kaupa erlenda happdrættismiða; svo er reynsla síðari ára. Jeg hefi ekki trú á banni, þar sem leyfilegt er að kaupa, þótt óheimilt sje að selja.

Frsm. meiri hl. (Halldór Stefánsson): Örstutt aths. út af því, sem hæstv. fjrh. sagði. Hann taldi mig hafa kveðið of fast að orði, er jeg sagði, að frv. væri samningur við leyfishafa. Jeg man ekki, hvernig jeg komst að orði, en jeg meinti það aðeins, að það væri samningsgrundvöllur við leyfishafa; veit jeg þó ekki, hvort hæstv. fjrh. er ánægður með þetta orðalag að heldur. Þá kvað hæstv. fjrh. það undarlegt, að jeg skyldi ekki geta fallist á brtt. hv. þm. V.-Sk. Jeg lagði ekkert harðlega á móti henni, en sýndi hinsvegar fram á, að það væri ekki nauðsynlegt, að sektarákvæðin væru eins, þar sem í öðru tilfellinu væri að ræða um sjerstök lög, en í hinu um almenn lög, og þess vegna væri brtt. óþörf.

ATKVGR.

Brtt. 340 samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngB, JBald, JK, JS, JÞ, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, BL.

nei: HK, JakM, JAJ, JörB, KlJ, MJ, MT, TrÞ, ÁÁ, HStef, BSv.

Þrír þm. (MG, ÓTh, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 359 feld með 13:9 atkv.

— 347 feld með 15:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, KlJ, MJ, PO, PÞ, SigurjJ, ÞorlJ, BL, HStef, HK, JAJ, JK, JS, BSv.

nei: MT, SvÓ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, IngB, JakM, JBald, JÞ.

Þrír þm. (MG, ÓTh, BJ) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 20. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 383).

Á 57. fundi í Ed., föstudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Sigurður Eggerz: Mjer virðist satt að segja, að þetta sje eitt af þeim málum, sem koma ættu frá hæstv. stjórn. Það hefir nú gengið í gegnum háttv. Nd. og verið þar í fjhn., sem klofnaði um málið. Nál. meiri hl. nefndarinnar er svo ófullkomið, að á því er ekkert að byggja. Þar er lítið farið út í málið sjálft og ekkert vikið að því, sem gerst hefir í þessu, eða svipuðu máli, á undanförnum þingum. Ekki minst einu orði á lotterífrv. fræga á þinginu 1912. Jeg verð að segja eins og er, að jeg held jeg hafi aldrei sjeð ljelegra nál. á Alþingi heldur en þetta álit hv. meiri hl. fjhn. Nd. En háttv. minni hl. hefir ekki komið með neitt nál., sem stafar af því, að málinu var ýtt svo áfram, að minni hl. sá sjer ekki fært að semja eins rækilegt nál. og skyldi.

Mjer er ekki kunnugt um, að í hv. Nd. hafi verið gerðir neinir útreikningar um það, hver niðurstaðan mundi verða, yrði frv. þetta að lögum, eða hvað leyfishöfunum mundi áskotnast af happdrættinu. Þetta þarf þó að athuga, ef horfið verður að því ráði að veita þetta einkaleyfi. Eftir frv. virðist mega ætla, þegar tekið er til, hvað mest megi selja, að ágóði leyfishafanna gæti skift mörgum hundruðum þúsunda á ári. En sem sagt, engin rannsókn hefir farið fram á neinum af þessum atriðum, sem byggja megi á.

Sem sagt sje jeg ekki betur en að málið sje í alla staði illa undirbúið og því flaustrað í gegnum hv. Nd. án þess að nokkur hafi getað glöggvað sig á því. Mjer virðist þó, að hjer sje um það stórmál að ræða, sem heimta verði, að fái svo góðan undirbúning sem kostur er.

Ef hjer á að stofna „lotterí“ með líku sniði og tíðkast í öðrum löndum, yrði það til þess að æsa spilafýsn manna, en það getur ekki talist heillavænlegt fyrir þjóðina. Þess vegna held jeg, að menn ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir ganga til atkvæða um að setja slík lög.

Mjer skilst, eftir frv. að dæma, þó að gert sje ráð fyrir, að happdrættismiðar eigi að seljast hjer á landi, þá sje þó ætlast til, að aðalsala þeirra fari fram erlendis. Gæti þá hugsast, að sala þeirra lenti í höndum slíkra manna, hvort sem þeir væru fleiri eða færri í fjelagi, að landið hefði lítinn sóma af að vera nefnt í sambandi við þá verslun.

Það, sem á að hvetja menn sjerstaklega til þess að draga í þessu „lotterii“, er hagnaðarvon ríkissjóðs. En til þess að slíkt verði, þarf að vekja spilafýsn einstakra manna, svo að þeir leggi fram fje úr sínum vasa til miðakaupanna. Og þá er spurning, hvort sje betra, að landið verði af hagnaðinum eða að þjóðin æsist til spilafýsnar.

Hinsvegar lít jeg svo á, að ef stofna á slíkt happdrætti, sem hjer er um að ræða, þá sje rjettara að reka það sem ríkisfyrirtæki heldur en að veita einstökum mönnum einkaleyfi til þess.

Jeg legg aðaláherslu á undirbúningsleysi málsins, eins og jeg hefi vikið að hjer að framan. Efast um, að ýmsir háttv. þm. í Nd. hafi vitað, hvað þeir voru að samþykkja.

Samkvæmt þeim ummælum mínum legg jeg til, að málinu sje þegar á þessu stigi vísað til stjórnarinnar.

Jónas Jónsson: Jeg vil undirstrika alt það, sem hv. 1. landsk. (SE) sagði um þetta mál. Það hefir stungið upp höfðinu öðruhvoru og hefir verið að flækjast fyrir þinginu, en óhætt að segja, að flestum þingmönnum hefir staðið stuggur af að

ljá því liðsinni sitt. Jeg tel það vel ráðið hjá hv. 1. landsk. að vísa málinu til stjórnarinnar. Hún hefir betri aðstöðu til þess að athuga málið og getur rannsakað í næði nú á milli þinga, hvaða afleiðingum mundi mega búast við, ef sett væru lög um stofnun happdrættis.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að gera þetta mál að umtalsefni nú, en aðeins minna á það, sem jeg hefi áður drepið á, að ef hjer á stofna einhverskonar happdrætti, þá mundi jeg telja heppilegast að fara að dæmi Svía um happdrætti í sambandi við fasteignabrjefasölu. En þá yrði ríkið að reka slíkt fyrirtæki. Þeir, sem kaupa þessi fasteignabrjef, hafa oft von um að græða talsvert stóra upphæð, sem að vísu bregst á stundum, en þrátt fyrir það er þó ekki hjer um áhættuspil að ræða, og er heldur ekki fordæmt af neinum frá sjónarmiði þjóðarheiðursins.

En með þessu frv., í því formi sem það er nú, er verið að búa til svikamyllu til þess að ræna fje í öðrum löndum, og það er vafasamt, hvort ekki geti verið varhugavert að leyfa slíkt.

Gunnar Ólafsson: Hv. 1. landsk. (SE) hefir eins og honum er títt risið upp og vandað um við nefndir fyrir illan málsundirbúning. Jeg vil ekki segja, að þetta sje að ástæðulausu gert, en leyfi mjer hinsvegar að benda á það, að þar sem talað er um slæman undirbúning málsins og sagt, að það þurfi að upplýsast betur, hvort ekki væri rjett að senda það til fjhn. í þessari hv. deild, til nánari athugunar. Þó að óðum líði að þinglausnum, ætti að vera hægt að athuga málið eitthvað meira en gert hefir verið í hv. Nd., enda altaf hægurinn hjá að vísa því til stjórnarinnar, ef nægar upplýsingar fást ekki. Álít jeg, að þessi leið sje heppilegri eins og málið horfir nú við, og lofa nefndinni að athuga það.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að fara frekar út í þetta á þessu stigi málsins, enda gerist þess engin þörf. Haldi málið áfram og til nefndar, koma þær upplýsingar í ljós, er nefndin hefir aflað sjer, og þá má taka ákvörðun um, hvort því skuli leyft að halda áfram eða að því verði vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. frá 1. landsk. (SE) um að vísa málinu til stjórnarinnar feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SE, ÁH, EÁ, IHB, IP.

nei: JJós, JóhJóh, JM, BK, EP, GuðmÓ, GunnÓ, HSteins.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:3 atkv og til fjhn. með 9:1 atkv.

Á 72. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 383, n. 527 og 569).

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Jeg ætla ekki að halda langa ræðu, þar sem nefndin hefir gefið út greinilegt nál., sem ætti að nægja til þess að sýna afstöðu hennar til þessa máls. Spurningin er, hvort menn vilja hallast að stofnun happdrættis. Það er tekið fram í nál., að lítil líkindi sjeu til, að það verði til að auka spilafíkn, enda eru nóg happdrætti hjer fyrir, þar sem allir atvinnuvegir landsins eru nokkurskonar happdrætti, einkum þó sjávarútvegurinn. Jeg geri ekki ráð fyrir, að menn geri mikið af því að kaupa hluti, nema þeir hafi ráð á því,

enda er hægt að hafa það skipulag, að bláfátækir menn eigi ekki aðgang að því. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það verði mikil sala hjer á landi, og það er sýnt og sjáanlegt, að það kæmu fleiri peningar inn í landið en þeir, sem fólk mundi eyða í þetta hjer. Ef hægt er að afla landssjóði tekna á þennan hátt fyrirhafnarlaust og ábyrgðarlaust, er það mikilsvert í okkar fátæka landi, þar sem flest verður að vera ógert, sem gera þarf. Leyfistíminn er 15 ár, en landssjóður leggur ekkert til nema heimildina, en fær þó minst 100 þús. kr. á ári meðan fjelagið starfar.

Viðvíkjandi aðalmanni þessa fyrirtækis, hæstarjettarmálaflutningsmanni Winter í Kaupmannahöfn, þá hefi jeg leitað mjer upplýsinga um hann og fengið þær ágætar. Upplýsingarnar hefir Jón Ásbjörnsson gefið, sem hefir haft viðskifti við hann. Hann segir, að svo vel sje valið í Danmörku til hæstarjettarmálaflutningsmanna, að ekki komist aðrir að en þeir, sem hafa bæði góða hæfileika og gott nafn, og ætti það eitt að vera nægileg trygging fyrir því, að hjer sje um ágætan mann að ræða.

Jeg sje það á áliti hv. minni hl. nefndarinnar, að hann er svartsýnn á þetta frv. Hann kemur með allskonar staðhæfingar út í loftið, eins og til dæmis það, að íslenskt happdrætti geti ekki boðið til sölu hluti sína nema með lagabroti, þar sem sett hafa verið lög, sem banna hjer á landi alla verslun með hluti í útlendum happdráttum og nágrannaþjóðirnar hafi sett hliðstæð lög. Þessu er slegið fram út í loftið án raka, enda kemur það í bága við allar upplýsingar, sem nefndinni hafa borist í þessu máli. Í nál. minni hlutans segir svo: „Auk þess mun Alþingi tæplega vilja styðja að aukinni spilafíkn landsmanna.“ Það er nú svo. Að ætla með löggjöf að vera forsjón annara manna í landinu held jeg að hafi litla þýðingu. Reynslan sýnir, að lög, sem stefna í þessa átt, eru mjög vanhaldin, svo sem bannlögin o. fl. Ennfremur er spurt seinna í áliti minni hlutans: „Telur íslenska þjóðin sjer sæmandi að afla ríkinu tekna með því að reka í öðrum löndum verslun, sem er svo óholl, að sjálfsagt hefir þótt að banna útlendum fjelögum að reka hjer á landi?“ Jeg veit ekki hversu óholl þessi verslun er. Jeg held, að það sje ekkert óhollara að kaupa seðla í hlutaveltu en að taka í nefið, drekka eða skoða skrípamyndir á bíó og eyða peningum til þess. Þó að þessi sala verði gefin frjáls, er það ekkert þjóðarböl, heldur þvert á móti styrkur fyrir bæði landbúnaðinn og aðra atvinnuvegi landsins. Þarfirnar eru svo margar og miklar, að það má ekki sleppa tækifæri til að afla landssjóði tekna, þjóðinni að kostnaðarlausu.

Jeg hefi þá ekki meira um þetta að segja. Jeg vil síður vekja langar umræður um þetta mál, en vildi aðeins skýra frá tildrögunum til þess, að meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt.

Jónas Jónsson: Þar sem frsm. minni hlutans, hv. 2. þm. S.-M. (IP) er ekki við, ætla jeg að gera grein fyrir afstöðu minni hlutans til þessa máls.

Það hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir undanfarin ár til þess að koma hjer á lotteríi, en hingað til hafa þær mishepnast, af því að hjer á þingi hafa verið ýmsir menn, sem hafa haft hina megnustu óbeit á þessu. Þó að jeg sje stjórnarandstæðingur, finst mjer ekki rjett eða sanngjarnt að þrýsta upp á stjórnina leyfi eins og þessu, þegar hún af siðferðilegum ástæðum mótmælir. Hæstv. fjrh. (JÞ)

hefir talað á móti þessu máli í fjhn. og borið fram svipaðar kenningar og við minnihlutamenn höldum fram í nál. okkar. Mjer finst, að þar sem hæstv. fjrh., sem oft lítur á peningana, ekki fellur fyrir þeirri freistingu nú, þá muni vera full ástæða til þess. Jeg veit því ekki, hvað þessum fylgismönnum hæstv. stjórnar gengur til með því að vilja samþykkja þetta frv., og sýnist það vera mjög tilgangslaust, þar sem búast má við því, að hæstv. fjrh. vilji ekki nota heimildina. Alt er málið ógnarlega loðið og lítilfjörlegt. Áður hafa nokkrir Íslendingar beðið um þetta leyfi, en nú eru þau nöfn horfin, og alt í einu kemur símskeyti frá Kaupmannahöfn um að peningarnir sjeu til. Hjer er eitthvert baktjaldamakk á ferðinni, og yrði kallaður lítill „forretnings"-bragur á þessu, ef um annað væri að ræða. Við hv. 2. þm. S.-M. höfum haldið því fram, að okkar þjóð sje ekki sæmandi að byrja á þessum hernaði á hendur útlendum mönnum. Víða er þetta bannað og mjer er sagt, að danska stjórnin hafi þráfaldlega verið í mestu vandræðum með þetta lotterí, af því að henni hafa borist kvartanir frá útlöndum. En meirihlutamennirnir segja, að ekki sje hætta á ólöglegri sölu, af því að þessi maður í Kaupmannahöfn segir það. Þetta er alveg það sama eins og ef símað væri til „sprútt"-salanna hjer og þeir spurðir, hvort sala þeirra væri ólögleg. Þeir mundu auðvitað segja nei. Hæstv. fjrh. (JÞ), sem væntanlega tekur til máls, sagði í fjhn., að þetta væri ekki landsmönnum boðlegt. Það væri illa sjeð og svo kæmu kvartanir og vandræði út úr öllu saman og stjórnin hlyti að hafa bölvun af þessu. Við hv. 2. þm. S.-M. lítum á þetta eins og hæstv. ráðherra. Það er landinu til skammar og alls ekki tilvinnandi, þó að eitthvað fáist í aðra hönd.

Þó að ekki sje gert ráð fyrir, að hjer mundu seljast hlutir svo um munaði, verður þó selt það, sem hægt er, og með því reynt að örva spilafíkn manna. Og þó að menn geti verið sammála um, að ekki sje hægt að ráða með lagaboðum öllu, sem gert er, þá er þetta þó reynt, og einkum þótti mjer undarlegt, þegar háttv. frsm. meiri hl. (BK) nefndi bannlögin í þessu sambandi; veit jeg ekki betur en að hann hafi staðið með þeim. Viðvíkjandi þeirri ástæðu, að gott sje að fá fje frá útlöndum, verð jeg að segja, að það eru til menn, sem ekki vilja gera alt fyrir fje.

Hv. frsm. (BK) sagði, að allir atvinnuvegir okkar væru happdrætti, einkum þó sjávarútvegurinn. Jeg vil biðja hv. þm. Vestm. (JJós) að veita þessum orðum eftirtekt, því að hann fordæmdi mig fyrir að segja, að sjávarútvegurinn væri „spekulation". Jeg fjekk þarna óvæntan stuðning frá flokksbróður hv. þm. Vestm.

Jeg get sem sagt lýst því yfir, að jeg er alveg samdóma hæstv. fjrh. í þessu máli og vil styðja hans skoðun, og jeg vil skora á hæstv. ráðh., ef þessi ófögnuður gengur fram, að nota ekki leyfið. Mun það ekki flýta fyrir vantrausti frá mjer.

Sigurður Eggerz: Við 1. umr. tók jeg fram ýmsa annmarka, sem eru á stofnun happdrættis.

Það er ljóst af öllu, enda gert ráð fyrir því í nál. minni hl. fjhn., að selja á sem mest af happdrættismiðunum erlendis. En með því móti getur nafn landsins fljettast óþægilega inn í þetta sölubrask. Jeg sá þess nýlega getið í „Politiken", þar sem talað var um danskt happdrætti — mig minnir það væri Kgl. Kolonial Lotteri

— að miklar kvartanir hefðu komið um sölu seðla þess erlendis, t. d. frá Frakklandi. Og Danmörk hefir haft mikil óþægindi af þessu.

Það er mjög hætt við því, að hið sama verði uppi á teningnum hjer. Því meiri tök sem þeir, er einkaleyfið fá, hafa á því að græða, því meira er auglýst og lengra gengið, og þá er hætt við, að nafn Íslands dragist þar inn í. Þetta er stórvægilegt atriði og nóg til þess, að málið fari ekki lengra.

Jeg hefi heyrt, að hæstv. fjrh. hafi verið á móti frv. í Nd. af þessum ástæðum, og er jeg honum þakklátur fyrir það.

Þetta er eitt af þeim aðalatriðum, er smáþjóð verður að vera aðgætin með, að láta ekki nota nafn sitt svo, að hún bíði tjón við það.

Svo kemur gróðaspursmálið. Það er sagt, að ríkissjóður fái alls miklar tekjur, en það er engin rannsókn á því, hvort það er ekki alt of lítið í samanburði við gróða þess, er einkaleyfið fær.

Jeg veit ekki, hvaða útlendingar eru á bak við þetta, nema þá Philipsen sá, er fyrstur fjekk hugmyndina um að stofna íslenskt happdrætti. Jeg býst við því, að hann sje aðalmaðurinn og að þessi Winter sje aðeins málafærslumaður hans. Menn væru ekki að sækja um þetta, nema því aðeins, að þeir ætluðu sjer að græða, og þá verðum við líka að athuga, hvort hagnaður þeirra verður ekki of mikill. Í nál. er engin rannsókn á þessu. En ef það á endilega að setja hjer upp „lotterí“ — en jeg er á móti því að æsa upp spilagirnd manna — hví þá ekki að stofna ríkislotterí?

Það er varhugavert að afhenda útlendum mönnum þennan rjett og hafa litlar tryggingar fyrir því, hvernig þeir fara með hann. Það segir svo um þetta efni í skeytinu:

„Salget vil foregaa overensstemmende med andre statsanerkendte lotteriers teknik.“

En hvað er á þessu byggjandi? Hvaða trygging er í þessu? Og svo er sagt í skeytinu, að sölunni verði hagað eins og hjá Kgl. Klasselotteríinu, en nú er það einmitt út af því lotteríi, að umkvartanir hafa komið frá Frakklandi.

Jeg hefi þá sýnt fram á:

1. að þetta er hættulegt fyrir nafn þjóðarinnar;
2. að málið er órannsakað og óundirbúið;
3. að ef hjer á að stofna lotterí, þá er betra, að það sje ríkislotterí.

Jeg mun verða mjög ákveðið á móti frv., og það gleður mig sem sagt, að hæstv. fjármálaráðherra hefir tekið sömu afstöðu til málsins.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Hv. 3. landsk. (JJ) áleit málið loðið og lítilsvirði. Það er rjett, að þetta er ekkert stórmál, en það er ekki loðið, heldur er það skýrt.

Hv. þm. (JJ) þótti lítið mark takandi á Winter. En hjer er ekkert í hættunni. Ef menn eru hræddir, þá hefir stjórnin það í sínu valdi að setja í samninginn ákvæði um það, að fjelagið megi ekki selja seðla í þeim löndum, þar sem bannað er að selja útlenda happdrættisseðla. Og með því er girt fyrir þessa hræðslu. Og ef þing og stjórn heldur, að hætta geti stafað af þessu, má setja það í samninginn, að fjelagið missi rjett sinn, ef út af þessu boði er brugðið.

Jeg leiði hjá mjer að tala um spilafíknina.

Að þetta sje skömm fyrir landið, eða geti orðið — jú, ef landið styður vísvitandi að ólöglegri sölu, — annars ekki.

Hv. 1. landsk. (SE) talaði um Kolonial-lotteríið og að það hefði selt óleyfilega, eða að kvartað hefði verið um sölu þess. En hvaða samning hefir það við stjórnina? Það getur verið svo illa um hann búið, að fjelagið geti hagað sjer eins og það vill.

Þá mintist háttv. 1. landsk. á það, að ekki væri að vita, nema Íslendingar fengju of lítið af gróðanum. Eins og stendur í nál. meiri hl. fjhn., er ekki hægt að segja neitt um það með vissu, hvað gróðinn verður mikill. Það kemur undir sölunni. En við fáum aldrei minna en 100 þús. kr. á ári, og það enda þótt hlutafjelagið tapi. Það er komið undir dugnaði þeirra, er selja, hvort nokkur arður verður á fyrirtækinu. Og hagsmunir fjelagsins eru enn ver trygðir þess vegna heldur en hagsmunir ríkissjóðs.

Það er vitanlega rjett hjá hv. þm. (SE), að þetta er „spekulation", gerð í því skyni að græða. Það leggur enginn út í slík fyrirtæki nema hann hafi von um að græða á þeim. En þessi rannsókn, er hv. þm. (SE) talaði um, er ómöguleg.

Þá hefir verið talað um, að varhugavert sje að blanda nafni landsins inn í þetta. En það á ekki við, nema það sje landið sjálft, sem gefur út miðana, en hjer er það bara „privat"-fyrirtæki. *(JJ:* En íslenska stjórnin hefir veitt einkaleyfi). Já, það er eins og gerist í öðrum löndum.

Vegna þess, að þetta er mikið áhættufyrirtæki, vil jeg ekki, að ríkissjóður taki það að sjer. Markaður er þröngur hjer innanlands, og erlendis getur stjórnin ekki selt miða, en það geta aðrir, og undir því er alt komið.

Þetta er ekkert kappsmál fyrir okkur, en við viljum ekki slá hendinni á móti vissum tekjum.

Sigurður Eggerz: Jeg vil benda háttv. frsm. meiri hl. fjhn., sem er svo glöggur fjármálamaður, á það, að erfitt verður að búa svo um samningana, að ekki sje hægt að misbrúka þá. Jeg er ekki í neinum vafa um, að vel sje gengið frá samningum við Kolonial-lotteríið, en þegar gróðafíknin er öðrumegin, þá er erfitt að hafa hömlur á mönnum. Það getur vel verið, að þeir hafi ekki brotið samninginn, en þó hefir sala þeirra getað valdið mikilli óánægju erlendis, eins og t. d. í Frakklandi. Og á „Politiken" má sjá, að lotteríið þykist hafa fullnægt öllum samningum.

Þó að jeg mintist á ríkishappdrætti, þá er það ekki af því, að jeg vilji neitt happdrætti, en ef það á að fara að gefa einstöku fjelagi þannig lagað einkaleyfi, þá álít jeg, að ilt af illu sje þó skárra, að ríkið taki það sjálft.

Það má vera, að erfitt sje að segja um gróðann nema menn hafi kynt sjer happdrætti annarsstaðar, en þau eru þó víst flest stórgróðafyrirtæki.

Jeg býst ekki við því að tala oftar í þessu máli, en að loknum umr. vil jeg, að frv. verði vísað til hæstv. stjórnar, og geri það að till. minni.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Jeg mótmæli því, að frv. verði vísað til stjórnarinnar.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til stjórnarinnar, frá 1. landsk. (SE), feld með 7:3 atkv.

1. gr. samþ. með 8:3 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 7:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 7 : 4 atkv.

Á 76. fundi í Ed., föstudaginn 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Sigurður Eggerz: Jeg get yfirleitt vísað til þess, sem jeg hefi sagt við fyrri umræður þessa mál, en jeg vildi þó áður en endanleg atkvæðagreiðsla fer fram lýsa yfir því, að jeg er hræddur við að láta þetta frv. fara gegnum þingið. Jeg skal ekki hafa mörg orð um þetta. Aðeins skal jeg nefna það, að jeg er hræddur um, að nafni Íslands geti orðið blandað inn í þetta við væntanlega útbreiðslu seðlanna erlendis. Jeg veit til þess, að óánægja hefir orðið í Danmörku út af Kolonial-lotteríinu, og er þó fullyrt, að þeir, sem lotteríið reka, hafi enga samninga brotið. Það gæti verið óþægilegt fyrir okkar unga fullvalda ríki, ef því væri blandað inn í þetta mál. Jeg er ekki fús á að draga einstaka menn inn í umræður, en jeg verð að segja, að sá maður, sem sjest hjer í baksýn, Philipsen, er ekki þektur fjármálamaður, hvorki í Danmörku nje á Íslandi. Í þessu nafni er engin trygging.

Jeg verð að líta svo á, að þessi nýja leið, sem hjer er farin, jafnframt því að banna sölu útlendra happdrættismiða hjer, snúi allmikið að kjósendum þessa lands. Og þar sem kosningar eiga að fara fram eftir eitt ár, sje jeg ekki, að svo brýn nauðsyn sje á að hrinda þessu máli af stað, að það mætti ekki bíða þar til raddir heyrðust um vilja þjóðarinnar. Það getur vel hugsast, að almenningsdómurinn sje sá, að ekki sje nein ástæða til að fara að æsa upp spilafýsn í mönnum, og jeg er viss um, að dómur þjóðarinnar yrði á þá leið. Jeg sje ekki neina ástæðu fyrir hið háa Alþingi til þess að hraða þessu máli, sem er svo illa undirbúið, að það er ekki einu sinni gerð nein tilraun til að sýna, hvort þeim mönnum, sem leyfið eiga að fá, sje ekki ætlaður alt of gífurlegur ágóði.

Jeg er viss um, að þótt þetta frv. verði samþykt, bætir það ekki úr þeim sorglega litla árangri, sem virðist ætla að verða af þessu þingi.

Jeg hefi gert grein fyrir áliti mínu á þessu máli. Ekki veldur sá, er varir.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Jeg bjóst ekki við, að hv. 1. landsk. (S-E) færi að endurtaka nú alt, sem hann sagði um þetta mál við 2. umr. og fjekk fullnægjandi svör við þá. Hann talaði um, að nafni Íslands gæti orðið blandað óþægilega inn í þetta mál. Jeg tók fram þá, að það væri auðgert fyrir stjórnina að fyrirbyggja þetta með því að setja það ákvæði, að svifta mætti lotterístjórnina rjettindum sínum, ef hún seldi seðla í þau lönd, sem bönnuð er sala í. Það má vel vera, að Kolonial-lotteríið hafi óorð á sjer, en það hlýtur þá að vera vegna þess, að samningar þess sjeu eitthvað götóttir. Það er annars ekkert nýmæli, að slíkt leyfi sem þetta sje veitt. Í öllum löndum eru rekin lotterí. Um þennan mann í baksýn, þennan Philipsen, er mjer ekkert kunnugt. Jeg veit aðeins um einn mann, sem leitað hefir verið til. Það er hæstarjettarmálaflutningsmaður, og í Danmörku fá ekki þann starfa nema hæfustu menn. Þegar við slíkan mann er að eiga, þýðir ekkert að vera að tala um þennan Philipsen, sem hv. 1. landsk. veit ekkert um, hvort kemur nokkuð nærri þessu máli.

Hv. þm. (SE) mintist á nýjar kosning-

ar. Jeg skil ekki, að hjer sje um svo stórt mál að ræða, að tala þurfi um nýjar kosningar í sambandi við það. Stjórnin gæti hæglega ákveðið að selja ekki nema ¼ seðla og svo má minka spilafýsnina með því að hafa vinningana jafna, lága og marga, en engar stórar upphæðir, því að það eru þær, sem vekja spilafýsnina. Fólk yfirleitt spilar einungis að gamni sínu.

Að málið sje illa undirbúið, er lítil ástæða til að segja. Frv. er skýrt og ákveðið og stjórnin veit, hvað hún á að gera, og auk þess hefir hún mikið svigrúm utan frv.

Um gróðann er það að segja, að við 2. umr. tók jeg það fram, að jeg gæti ekki sagt neitt ákveðið um hann. Seljist lítið, er gróðinn enginn fyrir hluthafana, en 100 þús. kr. fyrir ríkissjóð. Seljist mikið, er ávinningur fyrir báða parta, hluthafa og ríkissjóð. Seljist allir seðlarnir, fær fjelagið vitanlega allmikinn gróða, sem það þá hefir unnið fyrir, eins og sjerhvert það fyrirtæki, sem leggur fje í hættu og er stjórnað svo vel, að það fær eitthvað í aðra hönd.

Frsm. minni hl. (Ingvar Pálmason) Við 2. umr. þessa máls gat jeg ekki verið sökum veikinda, en mjer var sagt, að frv. hefði verið afgreitt með nokkrum meiri hl. atkvæði. Jeg hefi að vísu í nál. minni hl. á þskj. 569 gert grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, og get jeg að miklu leyti látið nægja að vísa til þess, sem þar er sagt, en jeg kann ekki við annað en að láta frv. fylgja nokkur orð, þar sem jeg var í nefndinni, sem hafði það til athugunar.

Flm. frv. í hv. Nd. telja í greinargerð þess aðalástæðuna fyrir því, að þeir flytja frv., vera þá, að þeir líta svo á, að hjer sje handhæg leið til þess að afla ríkissjóði tekna. Og í niðurlagi greinargerðarinnar benda þeir á, að þessum tekjum sje hagkvæmast varið þannig, að þær renni í ræktunarsjóðinn og landhelgissjóðinn. Fyrir þeim hefir aðeins vakað það, að afla ríkissjóði tekna, og er það út af fyrir sig gott og blessað. En hitt er annað mál, á hvern hátt það er gert. Og það hlýtur að orka tvímælis, hvort gott sje eða jafnvel sæmilegt að gera það á þennan hátt. Jeg vil taka það fram strax, að — eins og sjá má af nál. — jeg álít þetta vont mál. Þetta frv. er eitt af tveimur frv., sem hjer liggja fyrir til úrlausnar í dag um einkasölu, sem á máli þeirra, sem eru fylgismenn frjálsrar verslunar, heitir einokun. Hjá þeim, sem altaf hafa skaðsemi einokunarinnar fyrir augum, ætti þetta ekki að vera meðmæli með frv. En fyrir mjer er þetta ekkert aðalatriði, heldur hitt, að hjer er gengið inn á þá braut að afla ríkissjóði tekna á ósæmilegan hátt. Með frv. gengur ríkissjóður inn á að veita útlendum fjáraflamönnum einkaleyfi til þess að reka hjer þá verslun, sem flestar siðaðar þjóðir telja óalandi. Þess vegna hafa nágrannaþjóðirnar leitt í lög að banna slíka verslun. En frv. gerir ráð fyrir, að í skjóli lagaverndar hins íslenska ríkis sje útlendingum veittur þessi rjettur, og að í skjóli þessa rjettar bjóði þeir þessa seðla út um heiminn, þar sem það er leyfilegt, og jafnvel líka þar, sem það er bannað. Eina skilyrðið, sem sett er, er það, að ríkissjóður fái tekjur. Jeg verð að líta svo á, að þetta sje tæplega samboðið hinu háa Alþingi, og síst á því sama þingi, sem samþykt eru lög um að banna útlendingum alla slíka verslun hjer. Af ýmsum er svo talið, að Alþingi sje spegill þjóðarinnar, en jeg mótmæli því, að hjer sje brugðið upp rjettum spegli og í honum sýndur hinn sanni þroski þjóðar-

innar. Enn er meiri hluti hennar á svo háu þroskastigi, að hann álítur, að ekki sje sama, á hvern hátt fjárins er aflað. Hann vill vinna fje úr skauti náttúrunnar á eðlilegan hátt, enda er það hið eina, sem gildi hefir í þessu efni. Mörgum kann að sýnast, að ekki sje ástæða til að tala hátt um þetta, þar sem hið íslenska ríki hefir nú allverulegan hluta tekna sinna af sölu áfengra drykkja, og má segja, að það sje engan veginn viðeigandi. En þess ber að gæta, að hjer er dálítil afsökun fyrir hendi, þar sem þetta er neyðarástand, sem fjarskyld þjóð hefir knúið fram. Engin slík afsökun liggur til grundvallar fyrir þessu frv. Það má segja, að með þessu frv. sje lögverndað athæfi, sem íslenska þjóðin, eða að minsta kosti Alþingi, hefir talið að væri böl, sem ætti að sporna við, og jeg hygg, að það böl hafi Alþingi talið að lægi í aukinni spilafýsn hjá þjóðinni, einkum yngri hluta hennar, sem hættara er að rasa fyrir ráð fram.

Ef gengið er inn á þá braut að afla ríkissjóði tekna hvernig sem hægt er, þá er ástæða til að spyrja, hvað langt verði gengið í því. Þessu frv. fylgir engin trygging fyrir, að hjer verði staðar numið. Það væri hugsanlegt, að næsta stigið yrði opinber spilabanki og þar næsta stigið einkaleyfi fyrir útlendinga til að reka hjer pútnahús, kannske í hverjum kaupstað, ef aðeins það skilyrði er uppfylt, að ríkissjóður fái tekjur. Jeg verð að segja, að mjer finst engin fjarstæða að láta sjer detta slíkt í hug. Lotterí er spilabanki upp á vissan máta, og að þetta gæti þróast svo, að svo langt yrði gengið, er ekkert ósennilegt; að minsta kosti er engin trygging fyrir því, að það geti ekki orðið. Jeg minnist þess, að fyrir 30—40 árum las jeg í blaði, sem þá var gefið út hjer í Reykjavík, grein, þar sem talað var um, að það væri athugavert, hvort ekki væri rjett að setja hjer á fót stofnun líka þessari, sem jeg nefndi síðast, svo að menn sjá, að þessi hugmynd er ekki ný. Jeg hefi ekki búið hana til. *(Forseti:* Þetta kemur ekki málefninu við). Jeg skal ekki fara langt út í þetta, en mjer finst engin fjarstæða, þó að manni detti slíkt í hug, þegar maður hefir þetta frv. fyrir framan sig. Jeg verð að líta svo á, að bæði mjer og öðrum sje heimilt að bera það traust til Alþingis, að það afgreiði ekki þetta mál, og þá sjerstaklega til Ed., sem af þjóðinni er álitin vera kjarni þingsins. Það skal játað, að mistök hafa orðið um einstök mál á þessu þingi, en þrátt fyrir það þarf ekki að fara svo um þetta mál. Jeg vænti þess fastlega, að hv. deild ljái ekki þessu frv. fylgi sitt. Jeg hefi bent á, að jeg get ekki komið auga á neitt það, sem geti orsakað fylgi við þetta frv., nema tekjuvonina fyrir ríkissjóð. Hve mikil hún er, get jeg ekki um dæmt, enda hirði jeg ekki um hana. Um einstök atriði frv. hirði jeg ekki að ræða. Hjer er um stefnumun að ræða, og þá koma einstök atriði ekki til greina. Ef svo eru þrotin öll ráð með tekjur ríkissjóðs, að grípa verði til þessa, verð jeg að telja, að illa sje farið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil taka það fram út af ummælum hv. 2. þm. S.-M. (IP), að jeg mælti á móti þessu frv. í hv. Nd. og hefi aldrei óskað eftir þessum tekjuauka. Þar að auki vil jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að frv. feli aðeins í sjer heimild fyrir stjórnina, og vænti jeg þess, að ekki þurfi að skilja svo atkvgr. þeirra hv. þm., sem samþykkja frv., að ætlast sje til, að stjórnin

sje bundin við að nota heimildina, ef henni sýnist vera eitthvað því til fyrirstöðu, að henni þyki rjett að nota hana.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Jeg ætla aðeins að lýsa því yfir fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar, að hún álítur stjórnina ekki bundna við að nota heimildina, þó að frv. verði samþykt.

Mjer þykir óþarfi að vera að svara hv. 2. þm. S.-M. (IP), því að þá yrði jeg að hafa upp aftur það, sem jeg er búinn að segja áður. Hjá hv. þm. (IP) kom ekkert nýtt fram annað en það, að engin trygging væri fyrir því, að hjer yrði ekki settur á stofn opinber spilabanki eða jafnvel pútnahús. Mjer finst það ekki leiða af þessu frv., enda hugsa jeg, að slíkt verði ekki gert á meðan hv. 2. þm. S.-M. er á Alþingi og heldur verndarhendi yfir heiðri þjóðarinnar. Hann má ekki hafa mikið traust til Alþingis í þessu máli, þar sem hann veit, að hv. Nd. hefir samþykt frv. Vænti jeg, að hv. Ed. geri hið sama.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg hefi æfinlega verið á móti þessu máli og er það enn. Mjer finst það harla einkennilegt, að á því sama þingi, sem verið er að samþykkja lög, er banna landsmönnum að kaupa happdrættisseðla annarsstaðar að, þá er borið fram frv. til laga um íslenskt happdrætti. Í þessu er mikið ósamræmi. Svo þykir það næg trygging í málinu, þegar maður er nefndur úti í Kaupmannahöfn, sem heitir Winter! En það er ekki nóg sönnun fyrir mig, því að „fjarlægðin gerir fjöllin blá og mennina mikla.“ Snemma á þinginu voru samþykt lög, sem eiga að sporna við spilafýsninni, en svo á að stofna innlent happdrætti, sem hefir ekkert annað til síns ágætis en það, að það verður enn hægra fyrir menn að losna við peninga úr buddunni til þess að kaupa fyrir vafasama happdrættisseðla. Gróðavonin fyrir ríkissjóð er — 100 þúsund krónur. Mig svimar ekkert af þeirri tölu. Og ekki heldur þó að ríkissjóður fengi 800 þúsund krónur. Það er þegar búið að sýna fram á svo marga agnúa á þessu frv., en jeg vil aðeins frá mínum bæjardyrum lýsa viðhorfinu. Jeg tel frv. óþarft og jafnvel hættulegt, og er skringilegt að vera að eyða síðasta degi þingsins til að knýja það fram. Ef 100 þúsund krónur eiga að renna í ríkissjóð, má geta nærri, hvort leyfishafarnir reikna sjer ekki mörgum sinnum 100 þúsund krónur. Þó að stjórnin eigi altaf að ráða, hvernig þessu er skipað, er ekki þar með sagt, að vel sje ráðið. Það er þó síður en svo, að jeg sje með þessum athugasemdum að vantreysta núverandi hæstv. stjórn, en jeg treysti engum til að ráða svo við þetta mál, ef frv. nær fram að ganga, að það verði ekki vandræðamál. En þeir menn, sem nú sækja það svo fast, að Alþingi veiti stjórninni þessa heimild, og hafa gert það ár eftir ár, munu áreiðanlega ekki láta áfergjuna niður falla og sækja engu lakar á stjórnina, að hún veiti þeim leyfið. Jeg tel það því alls ekki meinlaust að samþykkja þessi heimildarlög og greiði óhikað atkvæði á móti þeim.

Jónas Jónsson: Jeg býst við, að hv. frsm. meiri hl. (BK) fari að þykja nóg um, ef allir hv. deildarmenn standa upp og vitna í sömu átt og hv. 1. og 4. landsk. (SE og IHB) hafa nú gert. Þó mun jeg nú segja örfá orð. — Vil jeg fyrst taka það fram, að mál þetta hefir oft

komið í nánd við þingið áður. Hefir oft verið reynt að fá menn til að flytja það, en altaf gengið illa að afla því fylgis. Jeg skal ekki segja, hvernig menn standa hjer að baki, en í hitteðfyrra var sagt, að þeir væru slíkir, að þeir fengju ekki passa milli landa. Í fyrra var maðurinn, sem ætlaði að fá leyfið, að reyna að fá á sig einhvern „officiellan" stimpil, en tókst ekki. Þeir útlendu menn, sem nefndir hafa verið í sambandi við þetta, eru allir til mótmæla, að þessum Winter e. t. v. frátöldum. — Þá er það og athugavert, að hjer er verið að tala um að veita heimild, sem hæstv. stjórn hefir alls ekki beðið um, og sá ráðh., sem hlut á að máli, vill ekki taka við. Það er óneitanlega undarlegt, þegar fylgismenn hæstv. stjórnar, eru að troða upp á hæstv. fjrh. þessum peningum, sem hann vill alls ekki þiggja, að mjer skilst af mórölskum ástæðum. Það eina sálfræðilega, sem gæti staðið á bak við þetta frá hálfu stuðningsmanna hans, er að þeir sjeu að reyna, hvort hæstv. ráðh. getur staðist freistinguna. Vil jeg fyrir mitt leyti flytja honum hugheilar óskir um, að það megi takast.

Jeg hefi átt tal um þetta mál við háttsettan embættismann annars ríkis hjer í bæ, og hirði jeg ekki um að nefna hjer nafn hans. Hann sagði mjer, að í hans landi væru starfrækt lotterí, og hafi verið um alllangan tíma; út af þeim væru eilíf vandræði og kvartanir, og nú mundi hvorki þing nje stjórn leyfa að stofna slík lotterí, ef þau væru þar enn ókomin. Er þetta í fullu samræmi við það, sem hv. 1. landsk. og hæstv. fjrh. hafa haldið fram. Ef hv. Ed. vill ekki síðasta daginn samþykkja það, sem henni er vansæmd að, á hún að fella þetta frv.

Frsm. meiri hl. (Björn Kristjánsson): Hv. 4. landsk. (IHB) talaði um það, að á sama þingi og bannað hafi verið að selja erlend happdrætti vilji menn, að farið sje að stofna hjer til innlends happdrættis. Þótti hv. þm. hið mesta ósamræmi í þessu. En sá er munur á þessu tvennu, að annað varnar mönnum að draga peninga út úr landinu, en hitt dregur þá inn í það. Hv. þm. sagði, að hægra yrði um vik að losna við aura úr buddunni, ef þessi lög yrðu samþykt. En jeg held, að hvorki hv. 4. landsk. nje jeg geti passað budduna fyrir fólk, og sje best að láta allar tilraunir til þess ógerðar. Það var óþarfi fyrir hv. þm. að fara nú að lýsa afstöðunni „úr sínum bæjardyrum", því að það var hann búinn að gera við 2. umr. Þá talaði sami hv. þm. um það, að vel gæti verið, að hæstv. landsstjórn mishepnuðust samningarnir við þá, sem tækju að sjer happdrættið. En jeg held, að ekki sje hætt við því, sakir þess, að slíkir samningar eru afareinfaldir og auðvelt að tryggja, að þeir verði ekki misnotaðir.

Hv. 3. landsk. (JJ) er óþarfi að svara miklu. Hann vill gera alt að flokkapólitík, til þess að geta auglýst í Tímanum, að hann og hans liðar hafi viljað vernda landið fyrir þessu ógurlega skaðræði. — Jeg rengi alls ekki, að hv. þm. hafi talað um þetta mál við einhvern erlendan ræðismann, og hann hafi sagt, að happdrættin væru óþverri. En mjer finst það bara sanna ósköp lítið. Annars ætla jeg ekki að fara í neinar kappræður um þetta mál og get ekki skilið, hvernig hv. 1. landsk. (SE) og aðrir geta gert það að kappsmáli. Mjer er það ekkert kappsmál, en hefi aðeins sagt það af skyldu, sem jeg

hefi fram tekið um þetta, af því að jeg var kjörinn frsm. meiri hl. fjhn. — Eins og jeg tók fram, er mjer hjartanlega sama, hvað hv. deild gerir við þetta frv., og hv. 3. landsk. og aðrir mega gera úr því eins mikla pólitíska kosningabeitu og þeir vilja.

Sigurður Eggerz: Hv. frsm. meiri hl. (BK) sagði í ræðu sinni, að alt, sem jeg benti á, hafi verið sagt áður. Jeg veit það vel og dreg engar dulur á það, en það hefir ekki verið sagt *nógu oft* ennþá, enda segir íslenskt spakmæli: aldrei er góð vísa of oft kveðin. Hv. frsm. meiri hl. sagði, að það mætti búa svo um þessa samninga, að sala miðanna yrði ekki misnotuð. En sannleikurinn er sá, að það má heita nær ómögulegt að búa svo um hnútana, að ekki sje hætta á misnotkun, því að þeir, sem við taka, hafa ákaflega ríka löngun til að koma seðlunum út, og hafa því allar klær úti til að komast kringum samningana.

Jeg verð enn að láta í ljós það, sem jeg hefi sagt áður um Kolonial-Klasselotteríið danska, að það hefir orðið Dönum til hinna mestu óþæginda. Það hefir vakið bæði óánægju og umtal í Frakklandi, að miðar þess hafa verið seldir þar. En þeir, sem fyrir lotteríinu standa, segjast halda alla samninga og vera í fullu samræmi við þá. En það er þessi ákafa og skiljanlega „reklame"-löngun, sem kemur því út á hálan ís. — Hv. frsm. (BK) hjelt því fram, að draga mætti úr því, að almenningur spilaði í happdrættinu með því að hafa miðana nægilega dýra. En jeg held, að hv. þm. hafi ekki gefið því gaum, hve afskapleg spilafíknin getur orðið. Ef hann hefði lesið bók eftir Dostojewsky, sem heitir „Spilarinn", væri hann því ekki fylgjandi að innleiða þennan ósóma hjerna. Í þeirri bók er þessari ógeðslegu ástríðu lýst svo átakanlega, að hver maður hlýtur að fá viðbjóð á henni. Það er því ekki góð gjöf frá Alþingi síðasta daginn að rjetta þennan ósóma að þjóðinni. En ekki verður því um kent, að það hafi ekki verið varað við.

Við hæstv. fjrh. vil jeg segja, að ef hið háa Alþingi samþykkir þetta frv., verður ilt að standa á móti ásókninni. Þetta mál byrjaði með litlu fylgi hjer í þinginu, en það hefir aukist eins og spilafýsnin magnast í mannssálinni. Menn hjeldu, að það væri steindautt eftir að það hafði fyrst verið fram borið, en nú eru allar líkur á, að það muni ganga alvarlega aftur.

Jeg iðrast ekki þeirra ummæla minna, að þetta mál mætti bíða fram yfir kosningar. Jeg segi ekki, að kosið verði um það eitt, en fái þjóðin að segja sitt álit um það, er það áreiðanlega úr sögunni fyrst um sinn.

Ingibjörg H. Bjarnason: Háttv. frsm. meiri hl. (BK) tók það fram, að erfitt væri að banna einstaklingum þjóðfjelagsins að verja fje sínu eftir eigin höfði. Það held jeg líka. Því er jeg á móti öllum hömlum á persónulegu frelsi manna. En þegar búið er að banna hjer erlend happdrætti, held jeg því fram, að engin ástæða sje til að opna dyrnar fyrir jafnvafasömu gróðafyrirtæki og hjer er talað um. Jeg segi *vafasömu*, því að það er vafasamt um fleira en fjárhagshliðina. Þótt það væri rekið af ríkinu, gæti jeg ekki fylgt því að afla ríkissjóði tekna á þann hátt. Fyrir mjer er þetta ekki flokksmál, heldur skynsemismál, og læt jeg leiðast af því einu, sem hún segir mjer. — Hv. frsm. (BK) talaði um, að það væri ákaflega einfalt

mál að ganga frá samningum við happdrættisfjelagið. Jeg hefi nú ekki átt um þetta að fjalla í neinni nefnd og ekki haft sjerstakt tækifæri til að kynna mjer það, en jeg held, að það sje ekki vandalaust eins og það horfir við frá sumum. — Er það von mín, að þetta frv. nái ekki fram að ganga.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnÓ, JJós, JóhJóh, BK, EP, GuðmÓ, HSteins.

nei: IHB, IP, JJ, SE, ÁH, EÁ.

Einn þm. (JM) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A 596).

49. Sala á síld.

Á 63. fundi í Nd., þriðjudaginn 27. apríl, var útbýtt:

Frv. til laga um sölu á síld o. fl. (þmfrv., A. 424).

Á 65. fundi í Nd., fimtudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði með 18 shlj. atkv., að það mætti taka til meðferðar.

Frsm. (Björn Líndal): „Credo ego vos judices mirari —“, sagði Cicero endur fyrir löngu, þegar hann mjög ungur byrjaði sína fyrstu ræðu fyrir rjetti í Róm. Hann bjóst við því, að dómararnir mundu undrast það, að hann jafnungur maður og óreyndur skyldi hafa tekist þann vanda á hendur að flytja slíkt stórmál. Jeg get búist við því, að sumir hv. þm. undrist það, að jeg skuli gerast flm. slíks frv., sem hjer liggur fyrir, ekki fyrir sakir æsku minnar, sem því miður er liðin, heldur vegna þess, að jeg er orðinn talsvert þektur að því að vera fylgismaður frjálsrar verslunar. Sumum kann nú að virðast svo, sem jeg hafi skift um skoðun í þessu efni, en svo er þó í raun og veru ekki. Það út af fyrir sig, að skifta um skoðun, tel jeg hinsvegar engan glæp. Þegar skoðanaskiftin byggjast á aukinni þekkingu og reynslu og samviskusamlegri yfirvegun, eru þau engum manni til vansæmdar, heldur þvert á móti. Í þessu máli verður mjer þó hvorki talið til sæmdar nje vansæmdar að hafa skift um, ef satt er sagt og rjettilega er dæmt. Jeg álít eins og áður, að frjáls verslun eigi að vera aðalregla í öllu viðskiftalífi og að ekki beri að víkja frá henni, nema alveg sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi. Það er svo með þetta eins og annað, að engin regla er án undantekningar. Jeg lít svo á, að rjett sje og sjálfsagt að reyna undantekningarleiðir þegar aðalvegirnir reynast ófærir. Sannur friðarvinur getur stundum ekki komist hjá ófriði, hvað feginn sem hann vill. Það væri alveg jafnfráleitt að telja það á móti lögmáli frjálsrar verslunar, þó að vikið sje frá henni þegar svo sjerstaklega stendur á, að hinir almennu kostir hennar fá ekki að njóta sín, en göllunum stendur aftur á móti byr undir báða vængi, — eins og að kalla þann mann óróasegg, illindamann og friðarspilli, sem neyðist til að verja líf sitt eða hús sitt og heimili í bardagavísu. — Sem sagt, jeg álít, að nauðsyn geti brotið lög, í þessu efni eins og öðrum.

Það er líka ólíku saman að jafna, þeirri hugmynd, sem hjer liggur fyrir, og þeim einkasölum, sem við höfum átt við að búa.

Hjer er aðeins um það að ræða að mynda fjelag til þess að vinna að betri

sölu á síld, en þetta fjelag er ekki hægt að mynda nema með hjálp löggjafarvaldsins. Undrunin yfir því, að jeg skyldi flytja þetta frv., hefir, að því er mjer virðist, orðið minni en jeg bjóst við, og jeg tek það sem vott þess, að hv. þm. skilji, hve mikið nauðsynjamál þetta er. — Mjer er óhætt að fullyrða, að við flm., eða að minsta kosti 3 af okkur, sem erum eindregnir fylgismenn frjálsrar verslunar, höfum mikið um málið hugsað og gert okkur það ljóst, hve mikilvægt spor við stígum, ef þetta frv. verður samþ.

Það væri gott, í sambandi við þetta, að geta gefið þó ekki væri nema stutt yfirlit yfir sögu síldveiðanna hjer við land frá byrjun, en það yrði langt mál, og jeg hefi því miður ekki nauðsynleg gögn við hendina til þess að geta sagt þá sögu til nokkurrar hlítar.

Það mun ekki hafa verið fyrri en um 1870, að farið var að veiða síld til útflutnings hjer við land. Norðmenn byrjuðu þá lítilsháttar á Austfjörðum, en veiðin var stopul og fáir sem hana stunduðu. Árið 1880 tóku fleiri Norðmenn að stunda þessa veiði, og þá var hið mesta aflaár og eins árið eftir. Mjer er ekki vel kunnugt um, hvernig veiðin gekk þar árlega fram að aldamótum, en það vill svo vel til, að einn af flm., hv. 1. þm. S.-M., er fróðari um þetta en jeg og getur gefið betri upplýsingar. Þá var einkum stunduð landnótaveiði, og hafði sú aðferð þann stóra kost, að geyma mátti síldina lifandi í nótinni þangað til úr henni var gengin öll áta. En það er einn höfuðkostur síldar, að hún sje átulaus, þegar hún er sölt uð, því að þá er henni miklu síður hætt við skemdum. Hinsvegar var sá ljóður á þessu, að ekki var hægt að fiska með þessum tækjum nema uppi í landsteinum. Þessi síld þótti góð vara og ruddi sjer til rúms á erlendum markaði, einkum sænskum, svo að segja fyrirhafnarlaust.

Jeg hygg, að það hafi ekki verið fyr en eftir 1902 eða 1903, sem farið var að nota það veiðarfæri, sem nú tíðkast mest og hlotið hefir íslenska nafnið herpinót. Voru það einnig Norðmenn, sem fyrstir reyndu þessa veiðiaðferð hjer og kendu hana. Þetta var mjög stórfeld breyting og gerði það að verkum, að nú var hægt að elta síldina út um allan sjó. En það kom brátt í ljós, að það var vandfarnara með þessa síld en gömlu nótasíldina. Þessi síld var oft full af átu, verkaðist oft illa og fjekk óorð á sig. Smám saman byrjuðu fleiri þjóðir að fást við síldveiðar hjer, auk Norðmanna, bæði Englendingar, Þjóðverjar og Svíar í stórum stíl. Auðvitað höfðu þeir aðeins rjett til þess að fiska fyrir utan landhelgina, en hvort sem þeir hafa nákvæmlega haldið þau landslög eða ekki, fluttu þeir síldina í land og söltuðu þar í eigin tunnur eins og innlendir menn, og fluttu svo út. Þessu hjelt áfram í nokkur ár. Mönnum tókst misjafnlega að vanda nógu vel verkun síldarinnar og hún kom oft skemd á markaðinn, enda biðu sumir menn mikið tap á síldinni, þegar mikið veiddist, eins og 1907 og 1908, bæði vegna þess að hún var ekki nógu vel verkuð og vegna of mikils vaxtar í framleiðslunni. Eftir að þessi reynsla var fengin komu fram raddir um að fá mat á síldinni, og var það gert með lögum nr. 26, 11. júlí 1911. Eins og kunnugt er, komu þessi lög að góðu gagni fyrst og fram á fyrstu ófriðarárin, en úr því breyttist þetta svo, að þau hafa síðan komið að litlu gagni.

Þegar selt var til Englands á ófriðarárunum, var lítið eða ekkert spurt um

gæði síldarinnar. Vöndust menn þessi árin af því að vanda þessa vöru eins og þurfti að vera. Síðustu árin hefir þetta aftur breyst í rjetta átt. En nú er þó svo komið, að ómögulegt má telja að selja síld til útlanda með íslenskum matsvottorðum sem trygging fyrir gæðunum.

Þetta liggur að mjög miklu leyti í því, að kaupendur síldarinnar gera mjög misjafnar kröfur til gæða hennar, eftir því, hvort mikið eða lítið framboð er á markaðnum. Ef síld vantar, er alt þegið og ekki eins vendilega spurt um gæðin, en ef mikið fiskast og þess vegna er úr nógu að velja, þá er ekki hægt að selja nema bestu síld, og er það þá talin annars flokks vara, sem talin mundi vera fyrsta flokks þegar eftirspurnin er meiri en framboðið.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, voru herpinótaveiðarnar aðallega í höndum útlendinga, einkum Norðmanna, en Svíar komu einnig fljótt til sögunnar. Eins og jeg gat um áðan, komu þeir með þeim fyrstu hingað og fiskuðu hjer á eigin skipum, en keyptu líka af íslenskum skipum. Þeim lærðist brátt, að þetta var tryggara, því að afli er oft stopull utan landhelginnar og meir háður veðráttufari en afli í fjörðum inni. Það er vitanlega nokkur áhætta að leggja fje í það að kaupa tunnur og salt og ráða fólk, því altaf má búast við, að afli geti brugðist, einkum utan landhelginnar.

Þetta var byrjunin til þess, sem verða vildi. Sænskir síldarkaupmenn byrjuðu snemma á því að fá sjer umboðsmenn hjer, einkum danska, og ljetu þá kaupa síldina fyrir sig nýja og salta hana fyrir sinn reikning. Á þennan hátt náðu þessir kaupmenn tökum á tiltölulega mjög mikilli síld fyrir lægsta framleiðsluverð. Það er ekki hægt að segja, að þetta sje beinlínis á móti lögum. Það er hægur vandi að gera slíka samninga þannig úr garði, að við þá sje ekkert að athuga frá laganna sjónarmiði. Íslensk löggjöf bannar auðvitað ekki að kaupa tunnur og salt með þeim skilyrðum, að þetta eigi að borga í vertíðarlok með saltaðri síld í sömu tunnum. En afleiðingin af þessu er sú, að þessi framleiðsla er nú að mestu í höndum útlendinga, jafnskjótt og búið er að salta hana í tunnurnar. Sjerstaklega hafa mikil brögð orðið að þessu eftir að okkar núgildandi fiskiveiðalöggjöf gekk í gildi. Það má vera, að önnur ástæða liggi þar að baki, og skal jeg ekki fara út í það nú. Ef tilefni gefst til, skal jeg víkja að því síðar. — Þetta fyrirkomulag á síldarversluninni, sem nú er, gerir það að verkum, að þessir útlendingar, sem kaupa síldina, eru alveg einráðir yfir síldarversluninni, að minsta kosti fram eftir sumri, og hafa dregið hana úr höndum Íslendinga. Þeir geta selt fyrstu framleiðslu með góðum hagnaði og birgt sig upp til bráðabirgða með þessari fyrirfram keyptu síld, og jafnframt geta þeir bægt frá markaðinum þeim Íslendingum, sem reyna að salta fyrir eiginn reikning.

Á síðustu árum hefir vanalega fengist hátt verð fyrir allra fyrstu framleiðslu, og vonin um þetta góða verð hefir gert það að verkum, að allir hafa kepst við að koma síld sem fyrst á markaðinn. Hefir þá stundum borist of mikið að af síld, sem illa þolir geymslu, en það er einkum sú síld, er fyrst fiskast, og hefir hún oft stórskemst í sumarhitanum á hinum erlenda markaði og stundum orðið ónýt með öllu. Eru dæmi til þess, að söluverð hennar hefir ekki einu sinni hrokkið fyrir áföllnum kostnaði á erlendum markaði. Samkv. lögum hinnar frjálsu samkepni myndi það vera erfitt fyrir útlenda síldarkaupmenn að halda uppi verði á sinni

síld, þegar nóg síld önnur er á markaðnum. Auðvitað er þetta líka nokkuð erfitt stundum, og þegar til lengdar lætur getur ekki svarað kostnaði að reyna það. En þetta er tiltölulega ljett að gera hvað snertir fyrstu síldina, því að þeir kaupmenn, sem best hafa samböndin í Svíþjóð, geta venjulega selt sína síld jafnóðum og hún kemur þangað og án þess að kaupendurnir viti, að ódýrari síld standi til boða. En þeir kunna líka ýmisleg ráð til þess að komast hjá óþægilegri samkepni. Þeir eru sjálfir matsmenn og meta síldina eftir eigin geðþótta. Þeir geta ráðið, hvort varan er talin „príma" eða „secunda". Ef hún fær 2. flokks stimpil, er þar með spilt fyrir sölu á henni. Það er óhætt að fullyrða það, að hagnaðurinn af síldarversluninni rennur nær eingöngu í vasa sænskra stórkaupmanna. Og það er ekkert til þessa að segja frá löglegu verslunarsjónarmiði. Þeir eru kaupmenn og hugsa eðlilega mest um það að skara eld að sinni köku eftir mætti. Þeir standa best að vígi, koma sinni síld fyrst á markaðinn og vita altaf, hvernig sakir standa þar.

Þannig gengur þetta þangað til útsjeð er um veiðina. Ef mikið veiðist, þá lækkar verðið og getur endað með því, að sumt af síldinni verði óseljanlegt. En ef lítið veiðist, þá getur verðið hækkað stórkostlega á skömmum tíma. Þá sjá sænskir stórkaupmenn sjer hag í að kaupa upp allar síldarbirgðir og setja þá verðið hátt gagnvart neytendunum. — Stórkaupmennirnir geta vitanlega ekki haldið háu verði þegar mikið fiskast, þeir græða tiltölulega mest þegar lítið fiskast. Þessir menn hugsa auðvitað mest um sjálfa sig, þar næst um sína eigin þjóð og minst um okkar hag. Það er þeim í hag, að ekki sje saltað meira árlega en góðu hófi gegnir, og það er þess vegna ekki nema eðlilegt að þeir geri sitt til að draga úr því, að veiðin verði mikil. Þetta geta þeir líka með ýmsu móti, t. d. með því að láta okkur Íslendinga gefast upp á því að salta fyrir eiginn reikning. Til þess þurfa þeir ekki annað en að setja verð á söltunarsíld svo lágt, að betur borgi sig að selja síldarverksmiðjunum nýju síldina til bræðslu, og setja verð á saltaðri síld svo lágt, að það borgi sig ekki fyrir okkur Íslendinga að salta hana fyrir eiginn reikning. Verksmiðjurnar lækka þá líka verðið, og afleiðingin verður sú, að útgerðin ber sig ekki. Þessi ráð hafa þeir í hendi sjer og þeim er að takast þetta. — Það verður að segja það eins og það er, og það er ekkert launungarmál, að það hefir þótt keppikefli að vera umboðsmaður fyrir þessa menn. Það hefir verið alltryggur atvinnuvegur, og eins og annarsstaðar þar, sem einhvern feitan gölt er að flá, hafa margir viljað vera nærstaddir. — Nú er komið svo, að umboðsmennirnir undirbjóða hver annan, þangað til jafnvel þeir geta engan hagnað af þessum viðskiftum haft.

Síðustu árin hafa Danir aukið síldarútveg sinn hjer við land, en þó einkum Færeyingar að miklum mun og þeir hafa fengið mikinn áhuga á þessari veiði. Þeir fiska hjer fyrir innan landhelgislínuna í fullum lagarjetti, og kemur mjer síst í hug að amast við því. En þeim hefir tæplega skilist það enn þá eins vel og vera þyrfti, að við höfum hjer sameiginlegra hagsmuna að gæta og að það er ekki síður skylda þeirra en okkar að reyna að bæta markaðinn fyrir þessa sameiginlegu framleiðslu, og þá fyrst og fremst með því, að þeir reyni að auka hann í sínu eigin landi.

Færeyingar hafa lag á því að reka ódýra útgerð og geta því selt síldina ódýr-

ara en Íslendingar, og kaupa því sænskir umboðsmenn fremur af þeim. Þetta er auðvitað alt löglegt, en það hjálpar til að koma þessu máli í það horf að gera Íslendinga að hásetum á útgerðum útlendinga hjer við land hvað þessa veiði snertir. Það er ilt til þess að vita, að svo slysalega fari um þessa atvinnugrein, því að það er mín sannfæring, að við Íslendingar eigum enga auðsuppsprettu meiri, að minsta kosti enga, þar sem auðurinn er jafnfljótfenginn og á síldarmiðunum fyrir Norðurlandi — ef rjettilega er á haldið.

Í sambandi við þetta mál má aldrei gleyma frændum okkar Norðmönnum. Þeir hafa kent okkur allar síldveiðar, sem nokkuð hefir kveðið að, og hafa allra manna mesta reynslu við þessa veiði. Þeir eru nægjusamari en við og sparsamari og mjög lægnir fiskimenn. Þangað til núgildandi fiskiveiðalöggjöf gekk í gildi voru þeir vanir því að fá að stunda þessa atvinnu hjer eins og innlendir menn, að öðru leyti en því, að þeir máttu ekki fiska í landhelgi. Á þessu varð mikil breyting með fiskiveiðalögunum frá 1922, og eiga Norðmenn vitanlega síðan miklu verri aðstöðu til þess að stunda þessa veiði hjer við land, þótt þessum lögum hafi aldrei verið stranglega framfylgt gagnvart þeim. En þeim hefir þó einkum verið linlega framfylgt síðan hinn svonefndi kjöttollssamningur var gerður við Norðmenn. Þetta hefir ljett þeim mjög samkepnina við okkur og þeir eru enn þann dag í dag okkar langskæðustu keppinautar. Það er oft tiltölulega ljett að fara kringum lögin, og ekki síður fiskiveiðalög en önnur lög. Jeg fullyrði ekki, að Norðmenn geri þetta, því að jeg hefi engar sannanir í höndunum fyrir því. En jeg vil leyfa mjer að benda á eina aðferð til þessa, sem tiltölulega er ljett að nota. Þegar Norðmenn koma hingað til þess að fiska utan landhelgi, geta þeir flutt með sjer meira að tunnum og salti en þeir geta haft í skipunum meðan þeir eru að fiska, því að rúm þarf að vera á þilfari til þess að unt sje að verka síldina og koma henni fyrir í lestinni. Það getur því komið sjer mjög vel að geta *selt* 500—600 tunnur íslenskum manni í landi, *selt* þessum sama manni seinna síld í þessar sömu tunnur, og *keypt* svo af honum þessa sömu síld í þessum sömu tunnum, þegar þeir leggja af stað heimleiðis. Þetta *getur* alt verið löglegt, en hjer *getur* líka verið um leppmensku að ræða af versta tægi, án þess að ljett sje að sanna það. Þannig geta Norðmenn komið þessu fyrir og siglt síðan með fullfermi beina leið til Svíþjóðar og selt síldina þar sjer að skaðlausu ódýrara en við getum.

Eitt er það, sem jeg vil leyfa mjer að benda á í þessu sambandi og sjerstaklega biðja hæstv. stjórn að athuga vel og vandlega, og það er það, hvort Norðmönnum sje leyfilegt samkvæmt alþjóðaverslunarlöggjöf og venjum að bjóða þá síld, sem fiskuð er utan landhelgi og ekki er verkuð samkvæmt íslenskri löggjöf, á útlendum markaði sem fyrsta flokks íslenska síld. Þetta viljum við banna, ef hægt er að lögum. Vitanlega standa Norðmenn mun betur að vígi að ýmsu leyti en við. Þeir sleppa við útflutningsgjald, tunnutoll og útsvörin, sem eru vægast sagt hóflítil. Enginn má skilja orð mín svo, að jeg vilji setja þránd í götu frænda vorra, svo að þeir njóti ekki fullra laga hjer, en okkur verður ekki láð, þótt við viljum vernda rjett okkar sem lög frekast leyfa. Við getum ekki viðurkent, að þeir hafi

rjett til þess að bjóða sem *íslenska* síld á útlendum markaði síld, sem fiskuð er utan landhelgi og ekki er söltuð samkvæmt íslenskum lögum. Við viljum hindra, að þeir geti farið í kringum íslenska löggjöf okkur til tjóns. Við myndum vitanlega geta litið þetta mildari augum, ef ekki stæði svo á, að markaðurinn er svo lítill, að það má tæplega muna 20—30 þús. tunnum til þess að markaðurinn yfirfyllist ekki og allir, sem við síldarútveg fást, tapi meira eða minna. Það er okkur því lífsnauðsyn að hindra þetta, og það ættu Norðmenn sjálfir að skilja. Jeg skal játa, að Norðmenn hafa gert töluvert að því að reyna að auka markaði fyrir íslenska síld. Þeir hafa boðið hana á nýjum mörkuðum, en það lakasta er, að það hefir stundum orðið til þess að koma óorði á síldina utan Danmerkur og Svíþjóðar, vegna þess, að oftast hefir verið reynt að koma þar út lökustu síldinni, sem ekki hefir verið unt að selja á Norðurlöndum. Þess ber að gæta, að íslenska síldin hefir á mjög skömmum tíma rutt burt allri annari síld úr Svíþjóð, enda er þar í landi eini markaðurinn fyrir íslenska síld, að heita má. En Svíar eru sú þjóð, sem lengst hefir komist í því að neyta síldar og hefir því best skilyrði til þess að meta gæði hennar. En þegar þeir hafa slíkar mætur á íslensku síldinni, þá er ilt til þess að vita, að hún skuli hafa ilt orð á sjer í nágrannalöndunum, af því að sölunni er svo óhyggilega háttað. Ástandið er þannig nú, að það má ekki veiðast nema tiltölulega lítið til þess að ekki verði tap á síldinni.

Jeg sje nú ekki aðra leið út úr þessum ógöngum en öflug samtök þeirra manna, sem hjer eiga rjettmætra hagsmuna að gæta. En slík samtök eru útilokuð nema með lagavernd, því að hjer ráða miklu menn, sem eiga annara hagsmuna að gæta en hagsmuna hinnar íslensku þjóðar. Þetta frv. er samið og flutt í þeirri trú, að það sje eina líklega leiðin út úr þessu öngþveiti. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá, að koma betra skipulagi á söluna í neyslulöndunum. Ennfremur að vanda vöruna, koma henni í álit á erlendum markaði, sjá um, að ekki verði annað en góð vara á boðstólum. Það er ekki meiningin, að hjer eigi að vera neinn okurhringur á ferðinni; þvert á móti. Með þessu er reynt að miðla hagnaðinum af þessari uppgripaveiði rjettlátlega milli framleiðenda og neytenda. Nú er hagurinn eingöngu hjá neytendunum. En neytendurnir verða að skilja það, að við getum ekki til lengdar selt þeim síldina fyrir lægra verð en framleiðslan kostar. Jeg hygg, að það muni auðvelt að sannfæra jafnvitra þjóð og Svía um slíkt. Og líklega mundi meðaltalsverðið verða aðgengilegra fyrir neytendurna, ef hægt væri á þennan hátt að hafa hönd í bagga með sölunni.

Með þessu fyrirkomulagi yrði fyrir það girt, að síldin væri flutt úr landi svo tugum þúsunda tunna skifti og ónýttist þar. Það yrði ekki meira flutt út en von er um, að seljist með sæmilegu verði, þannig að framleiðslukostnaður fáist borgaður. Þá er eitt, sem altaf veltur mikið á í þessu máli, en það er að gera vöruna þannig úr garði, að hún sje að skapi neytenda. Þó að Svíum líki best sú verkunaraðferð, sem hjer er höfð á síldinni, og vilji ekki hafa hana öðruvísi, þá er ekki svo um aðrar þjóðir. Þær vilja sumar hafa aðra meðferð, því að sinn er siður í landi hverju. Það mundi því verða eitt aðalhlutverk fjelagsins að útvega nýja

markaði og jafnframt að kynna sjer, hvernig neytendurnir vilja hafa meðferð vörunnar. Hjer má ekki flana að neinu og enginn má búast við, að slíkt geti tekist á skömmum tíma.

Jeg býst við því, að það þurfi að höggva í sama farið ár eftir ár, því að sjaldan fellur trje við fyrsta högg. Fjöldi þjóða neytir mikið síldar, svo sem Þjóðverjar, Tjekkoslovakar, Pólverjar og Rússar. Þeir, sem best vita, segja, að síld sje mjög mikið borðuð í Rúmeníu. Það er nú næsta ólíklegt, að ekki sje hægt að koma síldinni á markaðinn í þessum löndum, þar sem Svíar, sem hafa mest og best skilyrði til þess að meta síldina, telja hana ágæta vöru. Jeg er sannfærður um, að þetta er hægt, ef rjett er að farið. En ef við gætum útvegað markað fyrir 600 þús. tunnur, þá býst jeg við, að vandræðin væru leyst fyrstu 20—30 árin. Það er ekki nema tæplega helmingur þessa, sem hægt er að fá sæmilegt verð fyrir nú. Mjer er óhætt að hafa það eftir merkum kaupsýslumanni, sem er nýkominn frá útlöndum, að tvö stór verslunarhús í Hamborg fullyrtu við hann, að hægt væri að selja alla íslensku síldina á þýskum markaði, ef hún væri verkuð eins og Þjóðverjar vilja vera láta. Neyslan í Þýskalandi er vitanlega margföld á við framleiðslu okkar.

Jeg gat þess áðan, að okkur flm. væri það fullljóst, að hjer getur verið um hættulegt spor að ræða. Jeg held, að í raun og veru verði aldrei vikið hættulaust frá grundvelli frjálsrar verslunar. En maður verður oft að leggja á tæpt vað og hættulegt til þess að reyna að bjarga sjer frá stærri voða. Hjer er hættan fólgin í því, að ekki verði rjettilega haldið á þeim trompum, sem væntanlegum stjórnendum þessa fjelagsskapar eru fengin í hendur með þessu. Það er vandi að framkvæma þetta, og er enginn öfundsverður af því verki. En jeg vænti þess, að misfellurnar verði ekki stærri en það, að reynslan sýni, að miklu meira vinnist en tapist við þetta örþrifaráð.

Jeg skal taka það fram, að jeg lít á þetta fyrirkomulag hjer sem bráðabirgðafyrirkomulag En upp af þessum fjelagsskap myndi innan skams rísa upp stórt og sterkt íslenskt fjelag, sem myndi ná sterkum tökum á síldarversluninni og aldrei sleppa henni aftur úr íslenskum höndum.

Jeg skal ekki fara mikið út í einstök atriði frv. Jeg vil aðeins benda á tvent. Í 1. gr. frv. er ekki ákveðin tala þeirra manna, er stofnað geti slíkt fjelag sem þetta. Í fljótu bragði kann þetta að virðast mikill galli, en orsökin til þess er sú, að ekki er ljett að vita fyrirfram, hve marga er hægt að fá til þess að stofna þennan fjelagsskap af þeim mönnum, er hjer hafa aðeins íslenskra hagsmuna að gæta.

Einnig virðist heppilegra að láta ríkisstjórnina skipa stjórn fjelagsins í byrjun, til þess að reyna að komast sem mest hjá útlendum áhrifum.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Jeg skal að síðustu taka það fram, að í mínum augum er þetta svo mikið nauðsynjamál, að jeg vil fórna dálitlu af persónulegu frelsi innanlands um stundarsakir, í fullu trausti þess, að við verðum frjálsari út á við eftir en áður.

Jón Baldvinsson: Batnandi manni er best að lifa. Mjer þykir tilhlýðilegt að byrja með spakmæli, eins og hv. þm. Ak. (BL), þótt ekki sje það á latínu. Jeg viðurkenni fullkomlega þá tilraun, sem kemur fram í frv. þessu og ræðu hv. þm. Ak., um að koma skipulagsbundinni sölu á

síldina. En jeg fæ ekki sjeð, að það sje ákaflega mikill munur á fyrirkomulagi því, sem stungið er upp á í þessu frv., og fyrirkomulagi því, sem jeg sting upp á í frv. því, sem er næst á dagskránni. Háttv. þm. Ak. hefir nú lýst ástæðunum, sem hafa orðið til þess, að meiri hl. sjútvn. ber fram þetta frv., og sömu ástæður hafa vakað fyrir mjer. Það er sem sje skipulagsleysið á sölu síldarinnar, mistökin, sem þar af leiðandi verða á henni, og þau stórtöp alls þorra þeirra manna, er útgerðina stunda. Munurinn milli mín og meiri hl. sjútvn. er sá, að meiri hl. sjútvn. vill, að fjelag annist síldarsöluna, en jeg tel heppilegra, að ríkið hafi hana á hendi. Jeg vænti þess, að hæstv. forseti taki ekki hart á mjer, þótt jeg minnist ofurlítið á næsta mál á dagskránni. Það verður til þess, að minni umræður verða um það. Jeg skal þá segja hv. þm. Ak., hvers vegna jeg álít heppilegra, að ríkið taki að sjer söluna en fjelag einstakra manna. Það er af því, að jeg hygg, að ríkið standi styrkara gegn þeim mönnum, sem kaupa, heldur en slíkt fjelag, sem frv. hans vill stofna. Jeg get hugsað mjer, að upp rísi óánægja í þeim löndum, sem kaupa síldina, svo og í Noregi, vegna samkepninnar, og hygg jeg, að ríkið sje öruggara gegn slíkri óánægju og ef til vill tortryggni heldur en lögþvingaður hringur. Þetta hefir gert það að verkum, að jeg hefi ekki getað fylgt meiri hluta sjútvn., en tel rjettara að halda mínu frv. Höfuðkostur þessa frv. er sameiginleg sala, en það er líka í mínu frv. Annars þarf jeg ekki að tala langt mál nú, því að við erum sammála um margt í þessu máli, hv. þm. Ak. og jeg, og hefi jeg því engu að svara. Öll rök hans lutu að því, að ástandið væri óþolandi eins og er, og er jeg honum sammála um það. Jeg skal aðeins víkja að því, að jeg var honum ekki sammála um það, að hjer sje um nokkuð tæpt vað að ræða. Jeg álít einmitt, að hjer sje hin rjetta leið farin, aðeins ekki gengið nógu langt. Ekki get jeg heldur fallist á, að þetta eigi að vera bráðabirgðaskipulag; heldur vil jeg hafa það framtíðarskipulag. Annars skal jeg ekki fara neitt út í einstök atriði við þessa umr. Ef það er vilji hv. deildar, að þetta frv. verði samþykt, þá býst jeg við því, að mitt frv. nái ekki fram að ganga. Áskil jeg mjer því rjett til að taka mitt frv. aftur, ef jeg sje, að þetta fer í gegn. En ef þetta frv. verður ekki samþykt, þá held jeg, að ekki sje rjett að fella mitt frv. Það hefir glatt mig, að menn hafa álitið einkasölu tryggilegustu aðferð til þess að útvega sannvirði fyrir vörur. Þetta tel jeg stefnubreytingu í rjetta átt hjá Alþingi frá öllum þeim hamagangi síðasta Alþingis gegn einkasölum. Þetta er tilraun til þess að bæta fyrir það, sem áður er misgert.

Pjetur Ottesen: Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) þykir þetta frv. vera heldur en ekki vatn á sinni myllu. Jeg skal nú ekki fara neitt út í það, en lofa þeim hv. flm. (BL) og honum að eigast við um það sín á milli.

Hv. frsm. (BL) mintist á sögu síldveiðanna hjer á landi. Fyrst eru það útlendingar eingöngu, sem sleikja rjómann af síldveiðunum, og nota til þess innlendan vinnukraft. Og þó ekki sjeu metin öll þau spjöll, sem orðið hafa á hugsunarhætti fólksins í þessu sambandi fyrir áhrif útlendrar ómenningar, þá verður ekki með sanni sagt, að síldveiðarnar hafi reynst þessu landi nein fjeþúfa nje markað nein heillaspor á framfarabraut þjóðarinnar.

Þær hafa að vísu á stundum gefið allmiklar tekjur til verkafólksins og mjólkað landssjóði drjúgum. En oft hafa líka útgerðarmenn og síldarsölumenn borið skarðan hlut frá borði, og verkafólkið stundum komið aftur með tóma pyngju, og auk heldur með ærna skuldabyrði á baki, og hafi það ekki getað int þær skuldir af hendi, þá hefir það þó orðið einhverra tap. En ríkissjóður hefir oft borið drjúgan skilding úr býtum. Því er ekki að neita. En það er annað atriði í þessu sambandi, sem taka verður einnig til greina, þegar alt er gert upp, og ekki er lítilsvert, en það er sú röskun á atvinnulífi landsmanna, sem síldveiðarnar hafa leitt yfir landið. Þær eru sem sje reknar á þeim tíma, sem mest þörf er fyrir vinnukraft í sveitum, um heyannatímann. Og því verður ekki neitað, að það, sem mest stendur í vegi fyrir framförum landbúnaðar og framfarahug þjóðarinnar á því sviði, er einmitt það, að vinnukraftinn vantar, þegar hans er mest þörf, það er um heyannatímann. Það hefir lamað landbúnaðinn mjög, hversu síldveiðarnar hafa rekist óþyrmilega á hann. Landbúnaðurinn, þessi gamli og tryggi atvinnurekstur, hefir orðið að lúta í lægra haldi fyrir þessum ótrygga atvinnuvegi í samkepninni um að ná í vinnukraftinn. Þó er önnur afleiðing þessa atvinnurekstrar, sem ef til vill hefir litlu minna tjóni valdið. Það er sú breyting á hugsunarhætti þjóðarinnar, sem frá honum stafar. Síldarútgerðinni er þannig háttað, eins og hv. frsm. tók fram, að líkja má henni við teningskast, og þess vegna hefir sá hugsunarháttur vaxið og þróast, að hjer sje annaðhvort alt að vinna eða öllu að tapa, og hinsvegar fyrnst yfir hina gömlu og góðu setningu: að sígandi lukka sje best.

En þótt nú þessi atvinnuvegur hafi gengið æðiskrykkjótt yfirleitt, þá er nú samt svo komið, að mjög mikið fje er í honum bundið, og skil jeg þetta frv. þannig, að það sje tilraun til þess að bjarga því, sem bjargað verður, af því mikla fje, sem því miður er búið að binda á þennan hátt. Þó það fje hefði verið betur komið annarsstaðar, þá verður að taka það eins og það er og þýðir ekkert að sakast um orðinn hlut. Frv. er fram komið til þess að tryggja landsmönnum betri not af þessum atvinnurekstri. Eftir því, sem mjer hefir verið tjáð, þá er það einn mesti agnúinn á málinu, hve markaðurinn fyrir saltsíldina hefir reynst misbrestasamur. Þegar vel veiðist, fellur verðið vegna þess, hve markaðurinn er þröngur. Þetta er versti gallinn. En jeg sje ekki nein ákvæði í frv., sem tryggja þetta. Mjer hefir skilist, að ráðið væri það, að takmarka það, hve mikið væri saltað af síld, en það er hægt að vita svona hjerumbil, hvað markaðurinn þolir af saltaðri síld árlega. Enda hefir það sýnt sig, að þegar framleiðslan er í samræmi við markaðinn, þá er verðið gott. Að vísu er talað um það í frv., að ekki megi byrja á því að salta fyr en 25. júlí, og byggist það á því, að þá er síldin farin að verða feitari en í byrjun veiðitímans og minni áta í henni og hún því betri vara. Þetta sagði hv. frsm., að væri óbein trygging fyrir útflutninginn. En mjer virðist framleiðsla þessi betur trygð, ef það væri ákveðið að salta alls ekki meira en markaðurinn þolir. Því það er tjón að verða að taka eitthvað af síldinni upp úr tunnunum og setja í bræðslu. Það liggur sem sje mikið fje bæði í tunnum og salti og svo vinnunni við þetta. Því er hin leiðin nær en þessi.

Svo er annað; það er talað um að úti-

loka með þessu frv. leppmenskuna, sem vissulega er þjóðarsmán. Mjer skilst samt, að það leiki á tveim tungum, hvort það sje víst, að það náist með þessu frv. eins og það liggur fyrir. Hvað greiðsluna snertir, þá er það ekki nema einstöku maður, sem getur haft innlent rekstrarfje til þess að reka útgerðina með. Nú er hún oft rekin á þann hátt, að menn selja síldina fyrirfram fyrir ákveðið verð og fá tunnur og salt hjá kaupanda, og eins fje til þess að hefja með starfræksluna. Munurinn á þessum mönnum og leppunum er þá sá, að þeir reka sölu og útgerð fyrir eiginn reikning og á eigin ábyrgð, en hafa hinsvegar tryggingu fyrir sölunni. En lepparnir starfa fyrir reikning erlendra síldarkaupmanna. Nú tekur þetta frv. fyrir það, að menn geti selt nokkuð af framleiðslunni fyrirfram, og girðir þannig fyrir, að menn geti aflað sjer rekstrarfjár á þann hátt. Það er því ekki óttalaust, að niðurstaðan af þessu geti orðið sú, að auka leppmenskuna, í stað þess að draga úr henni. Þetta verður að athuga vel. Menn verða með þessu fyrirkomulagi að geta bygt á því, að hægt sje að fá innanlands nægilegt fje til þess að reka útgerðina mestan hluta útgerðartímans, þar sem greiðsla fyrir síldina kemur ekki fyr en seint og síðar meir.

Það á vitanlega ekki við að tala hjer um einstakar greinar frv. En jeg geri ráð fyrir, þar sem frv. kemur frá nefnd, þá verði því ekki vísað til nefndar, og vænti því, að ekki verði hart á því tekið, þótt minst sje á einstakar greinar frv. nú við 1. umr.

Í 1. gr. er svo ákveðið, að ef einhverjir þeirra manna, sem á síðastl. ári fengust við söltun eða útflutning síldar, vilja slá sjer saman um að mynda fjelag til þess að hafa með höndum síldarverslunina, þá sje þeim það heimilt. Þó ekki sjeu nema tveir menn, sem að þessu vilja hverfa, þá geta þeir ákveðið, að slíkur fjelagsskapur skuli tekinn upp. Hv. frsm. (BL) sagði, að það þyrfti ef til vill einhver nánari ákvæði um þetta. Jeg er æðihræddur um, að þetta sje ekki fullhugsað. Þá er það, að eingöngu þeir menn, sem fluttu út síld á síðasta ári, skuli hafa þennan rjett. Jeg skil ekki, hvernig á því stendur, að menn, sem geta sýnt það ljóslega, að þeir ætla að salta eða flytja út síld nú í sumar, skuli ekki fá að vera með í þessari fjelagsmyndun eða ráða um það, hvort fjelag skuli stofnað eða ekki. Það er þó þeirra framleiðsla, sem á að koma undir þetta fjelag. Hitt nær engri átt, að menn, sem að vísu fengust við síldarsölu í fyrra, en ætla nú ekkert við hana að fást, að þeir geti rokið til og myndað slíkan fjelagsskap og gert ráðstafanir um tilhögun á sölu þeirrar síldar, sem þeir eiga ekkert í og hafa ekkert með að gera.

Það er sjálfsagt miklu hyggilegra, að það sje bundið því skilyrði, að það sjeu allmargir menn, sem koma sjer saman um að mynda þennan fjelagsskap, svo að skuldbindandi sje fyrir hina að vera þar með. Einnig, að það sjeu eingöngu þeir einir, sem ætla að salta eða flytja út síld í sumar, sem þar komi til greina, að viðbættu því, að þeir, sem gera út á síld, þó þeir salti ekki eða flytji síldina út, mættu einnig vera þar á meðal. Jeg verð að biðja háttv. meiri hl. sjútvn. að athuga þetta betur.

Þá virðist mjer vera ósamræmi milli 3. og 4. gr. frv. Í 3. gr. er gert ráð fyrir, að þeir sjeu allir fjelagsmenn, sem fjelagið selur fyrir, en í 4. gr. er talað um bæði fjelagsmenn og aðra. Þetta er ósamræmi og verður að lagfæra það. Fleira er hjer að athuga. Í 13. gr. er sagt, að atkvæði fje-

lagsmanna skuli fara eftir því, hvað mikið vörumagnið er. Það getur verið, að það sje rjett. En mjer skilst, að þessi fjelagsskapur sje eingöngu gerður fyrir útflytjendur, því þeir menn, sem veiða og selja til verkunar, hafa engan íhlutunarrjett um þessi mál. Hv. frsm. gat um það, að ætlast væri til þess að skifta ágóðanum bróðurlega milli útgerðarmanna, og er það auðvitað fögur hugsun. En útgerðarmenn eiga hjer alt undir útflytjendum og geta því engu um þetta ráðið. Jeg vil nú skjóta því til hv. flm., hvort ekki muni rjett að tryggja rjett þeirra betur en gert er í frv. eins og það liggur nú fyrir.

Jeg mun svo ekki gera frekari aths. um frv. í bráð og mun ekki taka endanlega afstöðu til þess að svo stöddu, eða fyr en jeg sje, hvernig flm. taka þessum aths. mínum. Jeg viðurkenni það, að síldarútgerðin er nú komin í öngþveiti. En úr hinu getur reynslan ein vitanlega skorið, hvort hagkvæmara er að skipulagsbinda söluna eða láta sitja við það, sem er, í trausti þess, að einstaklingarnir læri af reynslunni.

Tryggvi Þórhallsson: Aðeins örfá orð. Jeg ætla mjer ekki að hætta mjer inn á að tala alment um það mál, sem hjer liggur fyrir. Jeg játa, að til þess er jeg ekki nógu kunnugur þessum atvinnurekstri. Mjer er það ljóst, að hjer er verið að taka upp nýja stefnu og mjög sveigt í einkasöluáttina, og það af mönnum, sem áður hafa mjög tjáð sig andvíga öllu slíku. Jeg segi þetta þessum mönnum til hróss, að þeir hafa látið sannfærast af reynslunni. Og eftir því, sem mjer virðist, þá er stefna frv. alveg rjett frá sjónarmiði íslenskra framleiðenda. En jeg vil ekki láta hjá líða að benda á það, að málið hefir aðra hlið, sem snýr út á við, og jeg vona, að hæstv. stjórn gæti þess, að við verðum ekki fyrir neinum óþægindum út á við sökum afgreiðslu þessa máls. Sú hlið snýr aðallega að þeim, sem síldina kaupa, en það eru Svíar. En Norðmenn, sem stunda þessa veiði allmikið, koma hjer líka til greina. Jeg hygg, að ekki geti hjer orðið um alvarlegan árekstur að ræða. En jeg vil beina því mjög alvarlega til háttvirtrar sjávarútvegsnefndar og hæstv. stjórnar, að það sje vel athugað, að við fáum ekki nein óþægindi vegna þessa máls, einkum frá Norðmönnum. Jeg vil leggja áherslu á það, að þetta komi ekki á neinn hátt í bág við þann samning, sem við höfum gert við þessa þjóð vegna aðalútflutningsvöru landbúnaðarins.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., næsta dag, var framhaldið 1. umr. um frv.

Ólafur Thors: Á meðan hv. þm. Borgf. (PO) var að tala, varð háttv. frsm. (BL) að víkja sjer frá í bili, en bað mig að standa fyrir svörum, og hjet jeg því.

Raunar er það nú svo, að ræða háttv. þm. Borgf. gaf mjer ekki ástæðu til langra athugasemda að þessu sinni. Hann talaði, að mjer skildist, nokkuð á víð og dreif um málið, og virtist mjer í öðru veifinu eins og bregða fyrir, að hann mundi telja skaðlaust, þótt síldveiði legðist niður. En það er hinn mesti misskilningur og furðuleg skammsýni af svo gáfuðum manni að halda slíku fram, enda blandast mjer ekki hugur um það, að síldveiðar munu reynast mikil gullnáma, ef komið verður sæmilegu skipulagi á þennan atvinnuveg.

Mjer skildist, að þessi hv. þm. (PO) vildi, að menn hefðu það hugfast, að „sígandi lukka er best“, og þó að jeg viður-

kenni sannleiksgildi þessa gamla spakmælis, vil jeg þó minna hann á það, að ekki er langt síðan þarfir ríkissjóðs voru aðeins $^1/_{10}$ hluti þess, sem nú er. Og víst er um það, að eigi þjóðin að fá risið undir þeim skattabyrðum, sem nú hvíla á henni, dugir ekki að sníglast áfram, heldur verður að vera járnbrautarhraði á framþróun atvinnulífsins og framkvæmdum.

Háttv. þm. Borgf. gat þess, sem rjett er, að nauðsyn bæri til að tryggja það, að síldarframleiðslan yrði ekki of mikil. En hann vildi gera það með því að hafa stoð í lögunum til þess að stöðva veiði, ef sjerstaklega mikið berst að í einu. Þetta hefir nefndin athugað og komist að þeirri niðurstöðu, að varhugavert geti verið að fara út á slíka braut. Ekki gott að segja með vissu á meðan verið er að veiða, hvenær á að stöðva veiði, eða t. d. að banna að salta á ákveðnum degi, áður en nokkrar skýrslur liggja fyrir um veiði Norðmanna eða annara útlendinga utan landhelgi.

Nefndin hugsar sjer að hafa hemil á, að of mikið berist af íslenskri síld á erlenda markaðinn, og ef það sýnir sig að veiðinni lokinni, að of mikið hafi verið saltað, þá skuli síldin seljast í verksmiðjur innanlands til þess að fyrirbyggja, að of mikill útflutningur felli hana í verði. Jeg álít, að það gæti komið ójafnt niður við ýmsa framleiðendur, ef öllum væri gert að skyldu að hætta að salta síld á ákveðnum degi. Sumir eru hepnari fyrri hluta vertíðarinnar, en öðrum gengur betur seinni hlutann, svo að erfitt yrði að fylgja þessu í framkvæmdinni án þess af hlytist órjettlæti og óvinsældir.

Þá taldi háttv. þm. Borgf. til bóta, ef bannað væri að veiða síld fyrir 25. júlí. En það er nú stundum svo, að einmitt í byrjun vertíðarinnar er lokið við að selja framleiðslu síðasta árs, og er þá verðið á nýju síldinni oft hátt, enda þá mest kapp í útlendum mönnum að veiða utan landhelgi. Væri þá mikils virði fyrir Íslendinga að geta notið þess markaðs, en ætti nú að banna þeim að veiða fyrir 25. júlí, þá lendir aðalgróðinn hjá Norðmönnum eða öðrum þeim útlendingum, sem veiði stunda utan landhelgi.

Nefndinni var það ljóst, að margir og miklir örðugleikar eru á framkvæmdum þessa máls. Einn er sá, að ýmsum vandkvæðum er það bundið að greiða andvirði vörunnar svo snemma, að menn geti notað það fje til áframhalds atvinnurekstrarins. En það verður verkefni þeirra, sem eiga að standa fyrir fyrirtækinu, að ráða fram úr þessu, og verður það þá væntanlega gert með reglugerð, í samráði við atvinnumálaráðuneytið.

Þá fanst mjer hv. þm. Borgf. una því illa, að þeim mönnum væri gert örðugt fyrir, er fengju að láni hjá erlendum mönnum tunnur og salt, gegn því að selja þeim framleiðslu sína. En svona byrjar einmitt leppmenskan, að menn fá tunnur og salt að láni gegn því að selja samtímis ákveðinn tunnufjölda af saltaðri síld. Þegar svo Svíar vildu ekki greiða nóg og skáru við nögl sjer að borga sæmilega fyrir vöruna, breyttist þetta á þá leið, að menn sleptu áhættunni, en fengu í þess stað ákveðna krónutölu af hverri tunnu fyrir það eitt að lána nafn sitt, svo fyrirtækið væri að nafninu til rekið lögum samkvæmt. Það er því síst ástæða til að bera þessa menn svo sjerstaklega fyrir brjósti.

Þá áleit hv. þm. (PO), að misráðið væri af nefndinni að ætla þeim einum rjett til að gerast fjelagar, sem saltað hefðu síld á síðastl. ári, en vildi, að þeir nytu sama rjettar, er ætluðu að stunda þessa atvinnu á komandi ári. Nefndin hafði einmitt athugað þetta og komist að þeirri

niðurstöðu, að með þessu gæti það komið fyrir, að þeir, sem segðust ætla að salta síld, settu hinum stólinn fyrir dyrnar, þó að þeir söltuðu aldrei eina einustu síld, en það taldi nefndin illa farið. Annars vil jeg benda hv. þm. á, að það er ekki mikils virði að teljast fjelagsmaður á fyrsta ári, því að rjettur meðlima er vísvitandi skertur um tvö ár.

Nefndin tók líka til athugunar ósamræmi það í 3. og 4. gr., sem hv. þm. benti á. Getur hún fallist á, að setningin í lok 4. gr. sje óþörf, og mun bera fram till. um að fella hana niður. Á þessu ósamræmi stendur svo, að 3. gr. var breytt á síðustu stundu, en gleymdist að gera tilsvarandi breytingu á 4. gr.

Þá gat hv. þm. Borgf. þess, að lög þessi væru sett fyrir síldarspekúlantana. En það er alger misskilningur. Ef þetta stýrir lukku, sem nefndin hefir borið fram, eru lögin fyrst og fremst sett til hagsmuna fyrir framleiðendurna. Ef þetta fyrirkomulag reynist það bjargráð, sem ætlast er til, þá verður það framleiðendum til meiri hagsmuna en þeim, sem kaupa nýja síld til söltunar. Síldarkaupmennirnir geta hagnast hvort heldur verðið er hátt eða lágt, en framleiðandinn á mest undir því, að verð á framleiðsluvörunni verði sem hæst og sem tryggast.

Fleira var það ekki í ræðu háttv. þm. Borgf., er jeg sje ástæðu til að svara, og sný mjer þá að háttv. 2. þm. Reykv. (J. Bald), en nota tækifærið um leið til þess að segja ýmislegt um málið frá mínu sjónarmiði.

Háttv. frsm. hefir skýrt allítarlega frá sögulegum gangi þessa máls, svo að þá hliðina leiði jeg hjá mjer að tala um, en bendi aðeins á, að þeir hv. þdm., sem tekið hafa til máls, virðast sammála um, að ekki megi við svo búið standa um sölu síldarinnar, heldur verði nú að hefjast handa og gera þær ráðstafanir, sem tryggi fjárhagslega afkomu þessa atvinnuvegar.

En þegar hjer er komið sögunni, skilja leiðirnar. Hv. 2. þm. Reykv. vill, að ríkið taki að sjer einkasölu á síld, og flytur frv. þess efnis. Því er meiri hl. sjútvn. andvígur og ber fram annað frv., sem hjer liggur nú fyrir til umr. Hv. 2. þm. Reykv. telur sig andvígan þessu frv. meiri hl., en lætur þó annað veifið í veðri vaka, að það sje hold af hans holdi og ýmislegt í því undan hans rifjum runnið. Ef þetta væri rjett, væri þessi hv. þm. að afneita sínu eigin fóstri. Næsta mál á dagskránni er skilgetið afkvæmi hv. þm. og algerlega óskylt frv. meiri hl. Jeg þykist vita, að háttv. 2. þm. Reykv. muni skilja þann stefnumun, sem kemur fram í þessum tveimur frv., þar sem annarsvegar er að ræða um ríkiseinkasölu, en um samtök atvinnurekenda hinsvegar. Jeg tel óþarft að benda á alla þá galla, sem eru ríkiseinkasölu fylgjandi, en vil þó benda á einn, sem jeg tel vera höfuðgalla við það fyrirkomulag, sem sje þann, að ríkisvaldið ræður framkvæmdarstjóra og aðra starfsmenn, en það er undir vali þessara manna komið, hvernig fer um afkomu ríkiseinkasölu. Nú er engin trygging fyrir því, að þeir, sem fyrir valinu verða, sjeu búnir þeim hæfileikum, sem nauðsynlegir eru þeim mönnum, sem fyrir slíku eiga að standa, en þessir hæfileikar eru fyrsta og helsta skilyrði þess, að salan fari vel úr hendi. Meðal annars liggja þessar ástæður til þess, að meiri hl. sjútvn. er mótfallinn frv. hv. 2. þm. Reykv. og reynir með frv. því, er hjer liggur fyrir, að benda á önnur ráð, sem við teljum, að rjett sje að reyna, hvort ekki verði síldarútveginum til bóta.

Það, sem um er að ræða í okkar frv.,

eru samtök atvinnurekenda, eða framleiðenda, og þykist jeg geta lesið svo í hug hv. þdm., að enginn þeirra muni amast við því, að framleiðendur bindist samtökum, er miða í þá átt að hækka söluverð vöru þessarar á erlenda markaðinum. Enda mun alment litið á það með velþóknun, að þegnar ríkisins — framleiðendurnir á hvaða sviði sem er — bindist slíkum samtökum.

Undir venjulegum kringumstæðum geta slík samtök framleiðenda verið frjáls, og er það æskilegast og mun gefast best, verði því við komið. En hjer er beðið um lögvernd slíkra samtaka. Nú vil jeg staðhæfa, að ekki sje rjett, að löggjafinn fullnægi slíkri ósk, nema að annaðhvort hafi meginþorri þeirra manna, sem þar eiga hlut að máli, krafist þess, eða þá að alveg sjerstaklega standi á. Hjer liggja nú ekki fyrir óskir sjálfra atvinnurekendanna. Nefndin verður því að minni hyggju að sanna, að hjer hagi sjerstaklega til, en það er einmitt það, sem hv. frsm. hefir bent á með skýrum rökum, nefnilega að meiri hluti þeirra manna, sem að síldarsöltun standa, eru aðeins verkfæri í höndum erlendra síldarkaupmanna, og að vitanlegt er, að lögvernd sú, sem hjer er farið fram á, hlýtur að ganga á bug við hagsmuni útlendinganna. Af þessu leiðir aftur það, að óhugsandi er með öllu, að hægt sje að fá meiri hl. þeirra manna, sem að síldarsöltun standa, til þess að krefjast lögverndar. Því þeir, sem fyrir lítilfjörlega þóknun ganga á mála hjá erlendum húsbændum, hugsa ekki um, hvað landinu er fyrir bestu, heldur munu þeir halda áfram að þjóna þessum erlendu herrum sínum.

Mjer virðist því auðsætt, að þegar svo stendur á, þá verði löggjafarvaldið að víkja frá meginreglunni og veita þá lögvernd, sem frv. fer fram á, þó að ekki liggi fyrir ósk allra þeirra manna, er að síldarsöltun hafa starfað, enda má treysta því, að langsamlega flestir þeirra Íslendinga, er við síldarsöltun hafa fengist fyrir eiginn reikning, eru frv. þessu fylgjandi. Jeg geri ráð fyrir, að lagavernd þessi reynist bráðum óþörf, því að þegar „lepparnir" hafa helst úr lestinni, er annað tveggja, að samtök hinna eru örugg án lagaverndunar, eða þá að svo fer í reyndinni — þvert á móti vonum mínum og annara, sem að frv. þessu standa — að Íslendingar sjálfir, sem við þetta eiga að búa, sætti sig illa við þetta fyrirkomulag, og leiðir þá af sjálfu sjer, að lögin verða numin úr gildi. Ef slíkt fyrirtæki, sem hjer er gert ráð fyrir, blómgast ekki undir stjórn þeirra manna, sem sjálfir framleiðendurnir velja, þá býð jeg ekki mikið í þau fyrirtækin, sem stjórnað er af einhverjum Pjetri eða Páli, sem hið opinbera velur samkv. frv. hv. 2. þm. Reykv.

Jeg hefi talið mig eindreginn stuðningsmann frjálsrar verslunar, og geri það enn upplitsdjarfur og með fullri einurð, þó að jeg eigi þátt í því að snúa þeim snöru um háls, er mestu tjóni hafa valdið síldarútveginum.

Og jeg get sagt hv. 2. þm. Reykv. það, er hann gerir sjer vonir um, að ekki sje nema stutt spor að stíga frá okkar frv. til hans, að jeg geri ráð fyrir, þó að jeg sje á ljettasta skeiði og ekki þungur fótur, að jeg verði orðinn bæði sárfættur og fótfúinn um það, að hann hittir mig í einokunarkoti sínu. Svo löng er leiðin ofan frá björtum og glæstum höllum þeirra, er frelsinu unna, niður til dimmra og sótugra heimkynna hinna, sem eru svo glámskygnir á meginþátt mannlegs eðlis

að keppa altaf og undir öllum kringumstæðum að því að leggja í læðing athafnafrelsi manna, ef takast mætti að draga úr kjarki og dugnaði framsýnna einstaklinga þjóðarinnar.

Bernharð Stefánsson: Jeg tel sjálfsagt, að mál þetta fái að ganga hindrunarlaust til 2. umr., og þess vegna þarflaust að ræða mikið um það nú. Jeg kvaddi mjer hljóðs aðallega til þess að beina fyrirspurn til hv. flutningsmanna.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að veita þessu fyrirhugaða fjelagi einkasölu á síld, og jafnframt að skylda alla þá, sem þennan atvinnuveg stunda, til að ganga í fjelagið. Jeg hefi reyndar litið svo á hingað til, að skilyrði þess, að fjelagsskapur, hver sem hann er, geti komið að notum og þrifist, sje það, að meiri hl. fjelagsmanna vildi vera í fjelaginu og væri ánægður með stofnun þess. Jeg álít því sama gilda hjer, og ef meiri hl. þeirra, sem í fjelaginu eiga að vera, vill ef til vill ekki, að það sje stofnað, þá sje ekki góðu að spá um framtíð fjelagsins.

Þess vegna saknaði jeg þess mjög í greinargerð frv. og einnig í framsöguræðu hv. þm. Ak., að engar upplýsingar liggja fyrir um það, hve almennur vilji þeirra, sem hlut eiga að máli, standi að baki þessu frv.

Því er það, að jeg leyfi mjer að spyrja: Hver er undirbúningur þessa máls, eða er þegar hafinn undirbúningur um stofnun fjelagsins og ýmislegt fleira í því sambandi?

Þessu vildi jeg fá svarað, og eins því, hve góðar undirtektirnar sjeu og hvað mikill áhugi standi hjer á bak við. Jeg skal geta þess, að spurningar þessar eru ekki fram bornar að ástæðulausu. Jeg hefi sem sje orðið þess var, bæði í gær og í morgun, að ýmsir síldarútflytjendur vissu ekki fyr en í gær, að mál þetta væri hjer á ferðinni.

Að vísu hefir hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) svarað að nokkru leyti þessum spurningum. Hann sagði áðan, að ekkert lægi fyrir um það, að þessa væri óskað af öllum þorra útflytjenda. En hann vildi kenna um, að svo mikið væri um leppmensku að ræða í sambandi við útflutning síldar, að ekki mundi vera hægt að fá fylgi slíkra manna með fjelagsstofnuninni. Þetta getur vel verið. En það er erfitt fyrir okkur, sem ekki þekkjum því betur til í þessu efni, að spá, hverjir muni vera leppar og hverjir ekki.

Jeg vil telja það mjög illa farið, ef svo skyldi fara, að fjelagsskapur þessi gæti ekki þrifist, þótt jeg hinsvegar verði að játa, að mjer finst það undarleg braut, sem hjer er verið að leggja út á. Jeg hefði talið það miklu æskilegra, þótt jeg vilji ekki lýsa yfir beinni andúð frá minni hálfu til þessa frv., ef það hefði verið hægt fyrir þá, sem stunda þennan atvinnurekstur, að stofna samvinnufjelag á frjálsum grundvelli, heldur en að taka til þeirra ráða, sem frv. ætlast til.

Jeg ætla ekki við 1. umr. þessa máls að fara að tala um einstök atriði þess. En jeg verð að geta þess, að mjer finst það mjög óheppilegt, hve málið er seint fram komið, og vil láta óánægju mína í ljós út af því, þar sem jeg tel alveg óforsvaranlegt, að þingið hafi ekki nema eina viku til að athuga jafnþýðingarmikið mál.

Þótt jeg ætli ekki að blanda mjer inn í orðaskifti þau, sem farið hafa á milli hv. þm. Borgf. (PO) og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), þá verð jeg þó að segja það, að jeg get tekið undir margt af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, og jeg sje ekki, að það hafi verið ástæðulaust. Ef þetta frv. á að ganga fram, þarf það mikilla breytinga við.

Mjer finst það vera þannig úr garði gert, að það tryggi betur hag hinna stærri atvinnurekenda en hinna smærri. T. d. þykir mjer nokkuð langt gengið í þá átt í 13. gr., þar sem það skilyrði er sett fyrir atkvæðisrjetti, að hafa selt 300 síldartunnur í fjelaginu. Einnig get jeg tekið undir það með hv. þm. Borgf., að það er eins og þeir, sem ætla að flytja út síld, t. d. næsta ár, eigi að vera rjettlausir, ef þeir hafa ekki flutt út á síðastl. ári. Það eru aðeins þeir, sem hafa þegar flutt út síld, sem hafa atkvæðisrjett.

Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sagði, að þetta ákvæði yrði að hafa. Annars gætu þeir, sem segðust ætla að flytja út síld, ráðið lögum og lofum í fjelaginu. Auðvitað væri það ekki ráðlegt að ganga svo langt að leyfa öllum, sem segðust ætla að flytja út síld, að hafa atkvæðisrjett í fjelaginu. En hjer mætti fara millileið. Það mætti krefja þessa menn sannana fyrir máli sínu og, ef þeir gætu sýnt þær, hefðu þeir atkvæðisrjett.

Hv. 2. þm. G.-K. neitaði því, að frv. liti fyrst og fremst á hag síldarspekúlantanna. Hann sagði, að þetta frv. væri einkum til hagsmuna fyrir framleiðendurna. Það er gott, ef því má treysta. En jeg hefi ekki fundið þá stefnu í frv.. Það tekur aðeins til sölu síldarinnar til útlanda. Hinsvegar sje jeg engin ákvæði í frv., er tryggi það, að framleiðendur fái sannvirði fyrir vöru sína.

Það eru ákvæði um það í frv., að síldarútflytjendur skuli fá alt andvirði síldarinnar, sem fjelagið hefir selt, en þeir eru flestir kaupmenn, sem kaupa síldina af framleiðendum, og hvort þeir gefa framleiðendunum sannvirði fyrir hana, það lætur frv. alveg afskiftalaust. Og jeg hygg, að eftir að slíkt fjelag væri stofnað, mundu síldarkaupmennirnir verða einráðir um verðið á nýrri síld, því útgerðarmennirnir gætu þá ekkert við hana gert, annað en selja kaupmönnunum.

Þótt jeg hafi nú gert þessa aths. við frv. eins og það liggur fyrir og gert fyrirspurnir til hv. flm. um það, þá ber ekki að taka orð mín svo, að jeg sje með því að taka afstöðu móti málinu. Jeg segi að svo stöddu ekkert um það, hvort jeg að lokum greiði atkvæði með eða móti málinu. Það fer eftir því, hvernig frv. lítur út þegar endanlega ákvörðun á að taka um það við 3. umr.

Jeg efast ekkert um, að tilgangur flutningsmanna þessa máls sje góður, og jeg viðurkenni fúslega, að hefjast þurfi handa til að bjarga þessum atvinnuvegi. En jeg efast um, að þetta sje besta leiðin til þess.

Jakob Möller: Jeg skal ekki rengja það, að tilgangurinn með þessu frv. sje góður. Háttv. flm. þess virðast vera hálf-„nervösir“ fyrir því, að það sje eignað öðrum. En jeg sje, að hv. 2. þm. Reykv. (JBald) unir því vel, þótt honum sje ekki eignað það opinberlega, og mun hann hugsa sem svo, að ættarmótið sje svo glögt, að ekki verði um vilst. Jeg hefi ekki mikið um málið að segja. Hv. þm. Borgf. hreyfði mörgu af því, sem jeg hefði þurft að spyrja hv. flm. um. Þó er það eitt atriði sjerstaklega, sem mjer finst ekki lögð nógu mikil áhersla á. Það er talað um, að þessi fjelagsskapur skuli vera lögboðinn sem fjelag framleiðenda. En samkvæmt frv. er þetta ekki fyrst og fremst fjelagsskapur þeirra. Í 1. gr. stendur: „Ef einhverjir þeirra, sem á síðastliðnu ári fengust við söltun eða útflutning síldar, stofna fjelag“ o. s. frv. Það er alveg gengið fram hjá þeim, sem hafa veitt

síldina. Ef einhverjir hafa saltað síld, hvort sem þeir eiga framleiðsluna eða hafa keypt hana, og eins þeir, sem hafa flutt út síld, þeir eiga að vera með í þessum fjelagsskap, en þeir, sem eingöngu hafa veitt síldina, hafa ekki rjett til að ganga í fjelagið. Þetta er einkennilegt, þar sem hv. flm. tala í öðru orðinu um leppa og skaðleg áhrif þeirra á síldarútveginn. En samkv. frv. er öllum leppum opnaður greiður aðgangur að fjelagsskapnum, en framleiðendunum er hann meinaður, þó að vitanlegt sje, að í þeirra hóp eru leppar aðeins hrein undantekning. Mjer virðist auðsætt, að til þess að slíkur fjelagsskapur geti náð tilgangi sínum, verði hann fyrst og fremst að vera fyrir framleiðendurna.

En hvernig stendur á þessu? Er þetta ekki gert fyrir framleiðendurna? Og ef þetta er gert með hagsmuni þeirra fyrir augum, — hví ráða þeir því ekki sjálfir, hvort þessi fjelagsskapur skuli settur á stofn? Samkv. 1. gr. frv. á að stofna fjelag, ef „einhverjir", sem hafa fengist við söltun eða útflutning á síld, vilja, þó að þeir hafi aldrei veitt eina einustu síld, aðeins braskað við að kaupa og selja. Hæstv. stjórn hefir ekkert látið í ljós um þetta; það veit enginn, hvaða kröfur hún muni gera til þessara manna, hvað margir þeir eigi að vera eða hvaða skilyrði þeir eigi að uppfylla. Myndi stjórnin láta sjer nægja, að í þessum fjelagsskap væru aðeins 2 menn, sem hefðu spekúlerað í síld, en aldrei veitt hana? Jeg held, að það sje rjett, sem bent hefir verið á af hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Eyf., að með þessu væri ekki vel sjeð fyrir hag hinna smærri framleiðenda, sem veiða síld og selja hana nýja til söltunar. Það er óumflýjanlegt, að með þessu minkar eftirspurnin og þar af leiðandi söltunin á síldinni og útflutningurinn kemst á færri hendur, sem eiga ofurhægt með að setja á stofn hring til þess að ákveða verðið. Nú er það vitanlegt, að fjöldinn allur af þeim, sem veiða, salta og flytja út síld, stendur í sambandi við útlend firmu, sem selja fyrir þá og fá fje hjá þeim til atvinnurekstrarins. Með þessu móti geta þeir verið, og eru margir, sem kaupa síld og salta til útflutnings, en með þessari fjelagsskapareinkasölu er algerlega girt fyrir þessa möguleika, og hlýtur þá eftirspurnin eftir nýju síldinni að minka stórum og örfáir menn að ná fullkomnu valdi á markaðnum innanlands.

Svo er spurningin: Er þetta nauðsynlegt? Er ekki hægt að ná þessum tilgangi á annan hátt? Er það ekki hægt t. d. með frjálsum samtökum? Jeg hefi nú heyrt, að það sje ekki hægt. Þó sagði hv. frsm. í fyrri ræðu sinni, og hafði það eftir þýskum manni, að hægt væri að selja alla síldina í Þýskalandi. Það er merkilegt, að hann skuli fyrst hafa fengið þessar upplýsingar nú síðustu dagana, eða eftir að frv. þetta er komið fram. Það lítur út fyrir það, að síldarútflytjendur hafi lítið litið í kringum sig á undanförnum árum. Jeg þori nú lítið um það að tala, hvaða verð er á síldinni í Þýskalandi, hvort þeir, sem þar kaupa síld, geti borgað það verð fyrir hana, sem framleiðendur hjer þurfa að fá. Eflaust geta þeir, sem þessa atvinnu stunda, gefið upplýsingar um það. En geti þeir það ekki og hafi þeir ekkert víkkað markaðinn, þá er undarlegt, að þeir, sem ekkert hafa gert í þessu máli, skuli nú eiga að fá lögvernd, einkaleyfi til þess að auka sölumöguleika síldarinnar. Mjer er nú kunnugt um það, að nokkuð hefir verið flutt til Þýskalands af síld hjeðan, og Þjóð-

verjar hafa sjálfir veitt hjer síld, en um markaðsverðið veit jeg ekki eða hvort þeir veiða nóg fyrir sig. En mjer finst rjettmætt að fá upplýsingar um þetta áður en maður fer að krossbrjóta öll sín „princip.“

Það er líka annað undarlegt. Frv. kemur fram eftir að þingið er búið að sitja 2½ mánuð, þegar aðeins er eftir í mesta lagi hálfur mánuður af þingtímanum og þegar þeir, sem þessa atvinnu stunda, eru farnir að búa sig undir hana fyrir sumarið; þeir eru ef til vill búnir að útvega sjer sambönd erlendis og búnir að selja það, sem veiðast kann. Þegar þetta alt er komið í kring — þá kemur þetta frv. fram. Jeg vil nú spyrja hæstv. stjórn og hv. flm. að því, þar sem framleiðendur kunna að vera búnir að gera sölusamninga, hvort þeir samningar verði ónýtir við það, að þetta frv. verður samþ. Jeg efast um, að svo verði. Hitt veit jeg, að ef það er meiningin að samþykkja þetta frv. með þeim skilningi, að allir slíkir samningar verði ógildir, þá er það nokkuð langt gengið að gera menn að óheilindamönnum eftir á að gerðum sínum.

Annars er það aðalgalli frv., að það virðist vera óhjákvæmilegt að hafa það alveg óákveðið, hvenær hafist skuli handa. Það er alveg óviðunandi, að frv. skuli vera svo ófullkomið, að ef „einhverjir“ o. s. frv. stofna þetta fjelag, þá skuli það fá þetta einkaleyfi.

Hvað verður svo framhaldið? Það er ekkert ákvæði um það, hvenær slíta megi fjelaginu, eða hvort það geti sjálft leyst sig upp. Alþingi getur vitanlega afnumið lögin, og væri það rjettmætt, þegar alt væri komið í lag, öll leppmenska útilokuð. En mundi því ekki verða haldið áfram alveg eins og það var stofnað, meðan *„einhverjir“* vilja halda fjelaginu við? *(MJ:* Þetta er aðeins heimild fyrir stjórnina). Já, en eins og stjórnin notar heimildina til þess að stofna fjelagið, eins mun hún nota hana til þess að halda því áfram, þegar ekkert er um það í lögunum, að slíta megi eða skuli fjelaginu.

Jeg vil taka það fram, að enginn má skilja orð mín svo, að jeg sje með getsakir til hv. flm., að þeir ætli að nota aðstöðu sína á þennan hátt. Jeg vildi aðeins benda á, að þetta gæti orðið svona.

Jón Baldvinsson: Eins og við er að búast, eru ekki allir á eitt sáttir í jafnmiklu stórmáli og þessu. Það hafa nú komið fram talsverðar aðfinslur við þetta frv., og ætla jeg ekki að fara að verja það. En jeg vil benda á það, að úr því, sem einkum er fundið að frv., er bætt með frv. mínu um einkasöluna, sem er á dagskrá næst á eftir þessu frv. Menn hafa einkum fundið það að frv., að margir hinir smærri framleiðendur væru útilokaðir, þeir hafi enga hönd í bagga með sölunni og komi ekki nærri henni. Úr þessu er bætt með mínu frv., þar eru allir jafnt settir, svo að þeir, sem hafa aðfinslur við þetta frv., ættu að geta gengið inn á mitt frv.

Hv. þm. Borgf. hafði margt á móti frv. Hann ljet orð falla í ræðu sinni, sem mjer þykja mjög óþörf og óviðeigandi. Hann var að tala um síldarútveginn og taldi þann atvinnuveg, að því er mjer skildist, mjög óþarfan, vegna þess, hvað hann tæki mikið vinnukraft frá landbúnaðinum.

Jeg er sammála hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) og hv. þm. Ak. (BL) um það, að síldveiðin er svo mikill þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar, að það væri verulegt tjón fyrir þjóðina, ef hún fjelli niður. Því er það rangt af hv. þm. Borgf. að ráðast að því fólki, sem stundar hana, og kalla það

landshornafólk, ruslaralýð og öðrum þesshátttar nöfnum. Svona orðbragð er mjög óviðeigandi að viðhafa á Alþingi. Það kom líka fyrir í fyrra á einu þskj., og vítti jeg það þá líka. Það sæmir síst alþm. að víkja svona orðum að fólki, sem er að leita sjer atvinnu til þess að geta sjeð fyrir sjer og borgað tolla og skatta í ríkissjóðinn, sem mjer finst hv. þm. Borgf. ekki hafa verið ófús að leggja á.

Hv. 2. þm. G.-K. vjek ögn að ræðu minni, rakti sögu málsins og sagði, að ástæðan til þess, að bæði þessi frv., mitt og þeirra, væru fram komin, væri skipulagsleysi það, sem hefði átt sjer stað með síldarsöluna, og hve lítið væri gert til þess að útvega nýja markaði fyrir síldina, því að áhættan væri svo mikil við þessa útgerð, að menn gætu aðeins gert út, en treystu sjer ekki til þess að útvega nýja markaði, vegna þess að þeir hefðu ekki nægilegt fje til þess. Er það því höfuðkostur beggja þessa frv., að það á að leggja fram mikið fje til þess að útvega nýja markaði. Hinsvegar er skiljanlegt, að hv. 2. þm. G.-K. vilji gera sem mest úr muninum á frv. En bæði eru þó svipuð, nema hvað mitt er öllu fyllra.

Það stendur í 1. gr. frv. á þskj. 424, að ráðherra sje heimilt að veita fjelagi einkasölu. En í frv. mínu er það aftur á móti ríkissjóður, sem tekur að sjer alla sölu á útfluttri síld. Í báðum frv. er um einkasölu að ræða. Hjá sjútvn. eru það þeir menn, sem áður hafa fengist við söltun og sölu síldar, sem framkvæma þetta. Þá ber það að athuga, að fyrstu 2 árin skipar ríkisstjórnin framkvæmdarstjórn þessa fyrirhugaða fjelags, alveg eins og eftir mínu frv. Jeg fæ ekki sjeð neina frambærilega ástæðu hjá háttv. 2. þm. G.-K. fyrir þeim mun, er sje á því, að ríkisstjórnin skipi framkvæmdarstjórn fjelagsins eða þá hreint og beint skipi menn til þess að annast einkasöluna í umboði ríkissjóðs. Hv. 2. þm. G.-K. játaði þó, að þetta ætti ekki að vera svo til frambúðar. En meðan verið er að koma skipulaginu á og þegar mest ríður á, að örugglega sje um hnútana búið, þá á ríkisstjórnin að skipa þá menn, er framkvæma eiga verkið, alveg eins og í frv. mínu. En það er annars langt frá því, að jeg ætli að fara að tileinka mjer nokkuð úr frv. meiri hl. Það er alls ekki þess vert.

Þessi hugmynd, sem hjer kemur fram, er alls ekki ný. Hún kom fram á þinginu 1921, þegar samþykt var í frv.formi, eða að minsta kosti sem varatill. við það, að stjórnin gæti tekið að sjer einkasölu á síld, ef þurfa þætti.

Þá komst háttv. 2. þm. G.-K. í lok ræðu sinnar upp á háa tóna hinnar frjálsu samkepni. En það er þó meiri skerðing á persónulegu frelsi í frv. nefndarinnar heldur en í mínu frv. Því eftir frv. sjútvn. er aðeins fáum útgerðarmönnum ætlaður umráða- og sölurjettur á síldaraflanum, en allur fjöldinn af útgerðarmönnum og þeim, er að veiðinni vinna, er enginn rjettur ætlaður.

Svo kom nú þessi hv. þm. með sterka yfirlýsingu um, að enn væri langt til þess að hann kæmi til einkasölupostulanna. Lýsti hann síðan mjög skáldlega, að hann byggi nú í björtum sölum frjálsrar samkepni, en jeg í dimmum húsum einkasölunnar. En mjer fanst lýsingin benda til þess, að hann væri nú kominn í glerhús og væri að mælast til þess, að menn köstuðu ekki steinum að sjer. Og skal jeg taka það til greina hjá hv. þm. En hinsvegar þarf jeg ekki að biðja neins slíks, því þótt jeg gangi inn á þá lýsingu hans, að jeg sje ekki í neinum björtum sölum og ekki sjeu þar eins margir glergluggarnir, þá

þolir það vígi, er jeg bý í, þótt kastað sje að því steinvölu.

Ólafur Thors: Það verður aðeins stutt athugasemd, þar sem jeg sje, að hv. frsm. (BL) hefir ritað ýmislegt niður hjá sjer og mun svara fyrir sig.

Jeg vil þá fyrst víkja lítilsháttar að hv. 2. þm. Eyf. (BSt). Hann tók það rjettilega fram, að lepparnir myndu valda hjer erfiðleikum. En örðugleikarnir liggja ekki í því, að örðugt sje að fara nærri um, hverjir sjeu leppar. Vandinn er sá, að mjög torvelt er að sanna það. Annars væri hægurinn hjá að ákveða í lögunum, að leppar sjeu ekki atkvæðisbærir þegar um er spurt, hvort stofna beri slíkt fjelag og veita því umrædd rjettindi.

Þá þótti mjer kenna nokkurs misskilnings hjá hv. 2. þm. Eyf. um eðli málsins. Í frv. er aðeins farið fram á það, að ef fjelag verði stofnað, þá fái það lögvernd, ef atvrh. þykir ástæða til og öll skilyrði eru uppfylt. Auðvitað getur hann og ber skylda til að leita álits sem flestra þeirra Íslendinga, er atvinnuveg þennan stunda fyrir eiginn reikning. Ef lögin sæta almennri óvild hjá þessum mönnum, geta þeir vitanlega einnig sent ráðherra áskorun um að veita ekki þessi rjettindi. En ef nú einmitt lepparnir bæru fram þessar óskir, þá ætti, ef jeg mætti ráða, að virða þær að vettugi.

Þá vildi þessi hv. þm. eins og hv. þm. Borgf. (PO) miða atkvæðisrjett í fjelaginu við þá, sem salta síld á þessu ári. En það er erfitt að færa sönnur á, hverjir þeir menn eru. Það er jafnvel ekki hægt að sanna það, enda þótt þeir væru búnir að útvega sjer tunnur, fólk og skip, því afli getur brugðist. Jeg skal játa, að ýmislegt mælir með því að fara eftir því, hverjir ætla sjer að salta, vegna þess, að þeir, sem salta á árinu, eigi einmitt á því ári hagsmuna að gæta, og er af þeim ástæðum rjettara, að þeir hafi atkvæðisrjett um tilhögunina á því ári. Er jeg því reiðubúinn til að taka þetta til gagngerðrar athugunar, þótt jeg einnig, svo sem jeg hefi tekið fram, sjái ágallana á því skipulagi.

Jeg verð að halda því fram, að það er misskilningur hjá hv. 2. og 3. þm. Reykv. (JBald og JakM), ef þeir hyggja, að það sje ekki sjerstaklega til hagsmuna þeirra, er síld veiða, ef varan hækkar í verði að staðaldri. Öðru máli er að gegna, ef varan hækkar mikið eftir að vertíð er á enda. En svo á að reyna að búa um, að varan hækki ár frá ári og að verðið verði sem tryggast og sveifluminst, en það er auðvitað misskilningur, að hugsanlegt sje, að maður geti alveg ráðið verðlaginu á saltaðri síld. Öllum er opin þátttaka í fjelaginu. Það er því með öllu ástæðulaust að óttast, að þeir, sem síld salta, okri á þeim, er selja nýju síldina, því þá mundu hinir síðarnefndu allajafna grípa til þess að salta sjálfir og gerast meðlimir í fjelaginu. Háttv. 2. þm. Reykv. sagði, að af þessu mundi leiða, að eftirspurnin eftir síldinni yrði minni. Þykir mjer það einkennileg rökfærsla. Því hækki verðlag saltaðrar síldar, má einmitt vænta meiri eftirspurnar eftir nýrri síld, og þar af leiðandi hærra verðs. Þetta er því alveg þveröfugt.

Þá var hv. 3. þm. Reykv. að draga dár að hv. frsm. fyrir það, að honum höfðu borist nýjar upplýsingar frá manni nokkrum um markaðsmöguleika fyrir síld í Þýskalandi, og þótti háttv. þm., sem hv. frsm. hefði borið skylda til að þekkja málið betur en svo, að um nýjar frjettir gæti verið að ræða. Ætti maður þá eftir þessu að liggja á hverri nýrri vitneskju

eins og á mannsmorði, til þess að forðast þá skömm að hafa ekki vitað alt áður. Þetta er rökrjett afleiðing af orðum hv. þingmanns.

Háttv. 2. þm. Eyf. og fleiri fundu að því, hve seint frv. væri fram komið og mönnum hefði ekki verið kunnugt um það áður. En þetta er ekki rjett. Það var fyrir löngu ljóst orðið, að von var á slíku frv. Flestir þeirra manna, er búa hjer sunnanlands og síldarsöltun hafa stundað, eru þakklátir nefndinni fyrir að frv. þetta er fram komið. Hafa þeir átt fund með sjer og sent valda fulltrúa á fund nefndarinnar. Færðu þeir nefndinni þakkir fyrir gerðir hennar í þessu máli, að undanskildum einum manni, sem fanst of skamt farið og vildi láta ná tökum á síldarverksmiðjunum líka.

Það er misskilningur hjá háttv. 3. þm. Reykv., að ekki sje hægt að leysa upp fjelagið. Jeg skil svo lögin, að ráðherra sje heimilt að veita fjelagi einkasölu, en í lögum fjelagsins á aftur að vera ákvæði um, á hvern hátt það skuli leyst upp. Og ef meiri hluti fjelagsmanna óskar þess, skal það auðvitað gert. Kæmi þá til álita, hvort ráðherra gæti veitt öðru fjelagi þessa heimild. Hygg jeg, að það sje ekki hægt. Sje jeg því ekki, að hjer sje neinn voði á ferðum.

Að síðustu ætla jeg að víkja örfáum orðum að hv. 2. þm. Reykv. Hann sagði, að útgerðarmenn hefðu lítið gert til þess að útvega markað. Þeir tala mest um Ólaf konung, sem hvorki heyrðu hann nje sáu. Háttv. þm. er alls ekkert um þetta kunnugt. En það er altaf ljett verk að finna nóg rök, meðan maður rekur sig ekki á sker reynslunnar. Sannleikurinn er sá, að á fáum árum hefir markaður sjávarafurða tvöfaldast, og er það ekki venjulegt um útflutningsvörur annara þjóða, að þær ryðji sjer svo fljótt til rúms. Þetta er auðvitað ekki eingöngu að þakka hinum innlendu útgerðarmönnum, en sinn fulla hluta eiga þeir þó af því afreki. En ef frv. þetta verður samþykt, er aðstaðan enn betri til þess að vinna nýjan markað.

Þessi háttv. þm. sýnist fyrir hvern mun vilja blanda blóði við okkur meðnefndarmenn sína. En jeg færist undan því; við munum aldrei af því vaxa. Hjer er annarsvegar ákveðin ríkiseinkasala, með öllum hennar annmörkum, en hinsvegar lögvernd, til þess að snúa leppunum snöru. Lengur er sú lögvernd ekki nauðsynleg. Jeg játa manna fúsastur, að það er ágalli, að stjórn fjelagsins skuli skipuð af ríkisstjórninni fyrstu tvö árin. En þetta er nauðsynlegt til þess að fyrirbyggja áhrif leppanna á framkvæmdir fjelagsins. Að tveim árum liðnum er þess vænst, að áhrifa þeirra gæti síður eða ekki. Hitt hljóta allir að skilja, að það er sitt hvað að una því, að sá ráðherra, sem maður ber fult traust til, skipi framkvæmdarstjórn fjelagsins til einna tveggja ára, og hitt, að einhver og einhver ráðherra, sem í þann svipinn fer með völd á hverjum tíma, ráði framkvæmdarstjórn, og þar með framkvæmdum fjelagsins, en svo yrði, ef frv. hv. þm. (JBald) yrði að lögum.

Í lok ræðu sinnar var hv. þm. fyndinn. Líkti hann „björtum sölum frelsisins“ við glerhús. Læt jeg honum fúslega eftir að gera þetta að gamni sínu, en það skil jeg til, að mjer sje þá heimilt að velja heiti hinum „dimma verustað einokunarinnar“. Nefni jeg hann gröf, því þar lendir sú stefna fyr en varir.

Atvinnumálaráðherra (MG): Mjer skildist á háttv. 3. þm. Reykv. (JakM), að

hann óskaði, að stjórnin ljeti til sín heyra um þetta mál. Það er varla von, að stjórnin hafi látið hjer uppi álit sitt, þar sem frv. er ekki flutt fyrir hana og þar sem þetta er aðeins 1. umr. málsins. En af því að hann spurði, er sjálfsagt að svara honum.

Fyrsta atriðið var um skilning 1. gr. Hann spurði, hve marga þyrfti til þess að mynda þetta fjelag. Jeg verð að segja, að eftir greininni þarf í rauninni ekki nema 2 menn, ef uppfylt eru önnur skilyrði. Heimildin er svona víð, en reyndar skil jeg ekki hv. flm. þannig, að 2 menn sjeu nóg, heldur er það tilætlun þeirra að leggja málið að þessu leyti á vald stjórnarinnar. Það er þó ekki gott, að stjórnin fái of víða heimild. Vil jeg þess vegna skjóta því til hv. flm., að þeir þrengi þetta dálítið.

Þá spurði háttv. þm. (JakM) um það, hvort gerðir samningar um sölu og söltun á síld yrðu ógildir, ef frv. yrði samþykt. Þessu er því að svara, að í 2. gr. felst það óneitanlega, að samningarnir geti orðið ógildir. Stjórnin getur ákveðið svo, að fjelagið selji alla síld. En auðvitað er henni líka heimilt að láta slíka samninga standa. En hjer er aftur atriði, sem gæti sett stjórnina í vanda. Mundi oft erfitt að sjá, hvaða samningar væru raunverulegir og hverjir „pro forma". Allir gætu líka sagt, að þeir væru búnir að semja. Þá er og ekki gott að greina milli skriflegra og munnlegra samninga, því að skriflegir samningar eru heldur ekki alveg tryggir.

Þá virtist hv. þm. halda, að sala fjelagsins hlyti að halda áfram meðan fjelagið lifði. Það er rjett, að engin ákvæði eru um þetta í frv. En eins og hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) sagði, ættu að koma ákvæði um þetta inn í sjálf fjelagslögin, og á hvern hátt ætti að uppleysa það o. s. frv. Annars lít jeg svo á, að stjórninni sje leyfilegt að veita þessa heimild til ákveðins árabils.

Jeg held, að háttv. þm. hafi ekki spurt um meira, og ætla jeg því ekki að blanda mjer neitt í frv. að svo stöddu. En það er rjett, sem hv. þm. Borgf. (PO) sagði, að ákvæðin í 3. og 4. gr. eru mjög óskýr. Eðlilegast er, að fjelagið taki yfir alla þá, sem fást við þessa sölu, ef þeir vilja, en undarlegt, ef á að neyða menn til að ganga í það. Það er nóg að skylda menn til að selja í gegnum það. Mjer finst rjett, að menn sjeu ekki lengur í fjelaginu en þann tíma, sem þeir fást við þessa atvinnu. Fjelagið sje þannig með breytilegri fjelagatölu. Ef menn hætta við þessa atvinnu, eiga þeir ekki að geta verið lengur í fjelaginu.

Pjetur Ottesen: Jeg ætla að minnast nokkrum orðum á ræðu hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh), þá, sem hann hjelt rjett áðan. En jeg get verið stuttorður, af því að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefir árjettað rækilega ýmislegt af því, sem jeg sagði í gær um frv., og hv. 2. þm. G.-K. hafði lofað að taka til athugunar.

Hv. 2. þm. G.-K. sagðist hafa skilið mig svo, að rjett væri að leggja síldarútgerðniður. Jeg sagði það nú reyndar ekki, en hitt sagði jeg, að mjer litist svo á þessa atvinnugrein, að enginn skaði hefði verið fyrir þjóðina, þótt hún hefði aldrei rekin verið. En jeg tók það fram, að eins og nú er komið er svo mikið fje bundið í þessum atvinnuvegi, að eigi verður hjá því komist að halda síldarútgerðinni áfram. Enda ber að líta svo á frv., að það sje

tilraun til þess að bjarga því, sem bjargað verður.

Þá þótti háttv. 2. þm. G.-K. sú skoðun vera orðin nokkuð á eftir tímanum, að sígandi lukka væri best, því að nú yrði alt að ganga með járnbrautarhraða, eins og t. d. tekjur ríkissjóðs. Jeg neita því ekki, að ríkissjóði hefir áskotnast mikið fje af síldveiðunum, og ætti það því ekki að koma vel heim, að þjóðinni væri skaði að þessum atvinnurekstri. En jeg vil benda mönnum á það, að oft getur það verið tap frá þjóðhagslegu sjónarmiði, enda þótt ríkissjóður græði, ef atvinnurekendur tapa á því.

Hv. þm. áleit ekki þörf á að takmarka söltunina og sagði, að mikil vandkvæði væru á því, og má vera, að svo sje. Nú er það viðurkent, að það stendur síldarútgerðinni mest fyrir þrifum, að of mikið af saltsíld berst á markaðinn þegar mikið aflast. Þess vegna hlýtur það að vera eitt helsta viðfangsefnið, þegar um er að ræða endurbætur á síldarsölunni, að tryggja, að ekki berist of mikið á markaðinn. Þess vegna er nauðsynlegt, að stjórn þessa væntanlega fjelagsskapar hafi heimild til þess að takmarka, hvað mikið skuli saltað til útflutnings, því þó það sje vitanlega á valdi stjórnarinnar að senda ekki meira á markaðinn en góðu hófi gegnir, þá er ótækt að vera að binda mikið fje í salti og tunnum um þá síld, sem aldrei fer á erlendan markað í þeim umbúðum. Eins er það mjög óhyggilegt að vera að binda vinnukraft við það verk, sem svo aldrei kemur að neinu liði.

Jeg vil benda háttv. 2. þm. G.-K. á það, að í frv. því um síldarsamlag Íslands, sem lá fyrir þinginu 1921, voru hliðstæð ákvæði og talið, að þau væru einna veigamesti þátturinn í skipun þessara mála samkvæmt því frv. Þá barst þinginu skjal frá nokkrum útgerðarmönnum í Reykjavík um þetta efni, og var einn þeirra mjög nákominn háttv. 2. þm. G.-K., þar sem sjerstök áhersla var lögð á nauðsynina á því að reisa skorður við því, að of mikið væri saltað til útflutnings. Jeg held, að höfuðgallinn á síldarsölunni nú sje sá, að of mikið sje saltað til útflutnings, og á því kýli þurfi að grípa. Hv. 2. þm. G.-K. sagði, að til mála gæti komið að setja takmörkun í þessu efni, en eigi slík takmörkun að styðjast við lögvernd, þá vantar alla heimild til hennar í frv. eins og það kemur frá hendi flm. Jeg gat þess í gær, að jeg væri hræddur um, að þetta frv. mundi ef til vill ekki ná þeim tilgangi sínum að útiloka leppmensku. Fyrirframsala er bönnuð, svo menn geta ekki aflað sjer rekstrarfjár með þeim hætti. Eftir þessu frv. geta því þeir einir rekið þessa atvinnu, sem fengið geta innlent fje, er nægir meiri hluta veiðitímans. En nú er innlent fje af skornum skamti og því fáir, sem þess njóta. Nú munu einhverjir vera búnir að tryggja sjer pláss til veiði og söltunar og semja um sölu. Mjer skilst, að þessir menn verði að gera annaðtveggja, hætta við atvinnureksturinn og gjalda skaðabætur fyrir að ganga frá samningum, eða selja útlendingum rjettindi sín og gerast staðgenglar þeirra. Jeg er ekki óhræddur um, að þetta kynnu einmitt að verða afleiðingarnar, og næði þá frumvarpið ekki þeim lofsverða tilgangi sínum að útiloka leppmensku. Jeg ætlast ekki til, að það verði tekið sem andúð gegn frv., þó að jeg bendi á þetta til athugunar. Þó að af þessu leiddi, að síldveiðin takmarkaðist eitthvað, væri ekkert við það að athuga, ef reksturinn færi ekki inn á þá hættulegu braut, sem jeg hefi bent á, og leppmenska færðist í aukana.

Viðvíkjandi athugasemd minni við 1. gr. sagði hv. 2. þm. G.-K., að hún yrði tekin til greina að því leyti, sem ófært þætti að útiloka þá, sem ráðið hefðu að stunda veiðar á þessu sumri. Hann tók fram, að erfitt mundi að greina milli manna, en auðvitað ætlast jeg til, að þeir einir fái inngöngu í fjelagið, sem sýnt geta svart á hvítu, að þeir hafi skilyrði til að vera í því. Þá er eftir að leyfa þeim, sem stunda veiði og selja aflann hjer, að eiga hlut að máli. Jeg skal benda á, til hvers þingið 1921 ætlaðist í þessu efni. Þar var ákveðið í frv. til laga um síldveiðifjelag Íslands eins og það var samþ. í Nd., að „hver sá, er veiða vill í landhelgi síld til útflutnings eða verka útflutningssíld í landi eða landhelgi, skal hafa til þess sjerstakt leyfi" o. s. frv.

Þessir menn áttu einnig að vera með í því að sækja um leyfi og mynda fjelagsskap. Hv. þm. (ÓTh) sagði, að það væri ekki svo mikils virði að vera með í að mynda fjelagsskapinn, þar sem atvrh. ætti í fyrsta sinn að skipa stjórn fjelagsins. Það er *víst* nokkurs virði, því fjelagið á að gera tillögur og ráðh. að gefa út reglugerð með hliðsjón af þeim tillögum. Jeg skal ekki deila um, hvort rjettara sje, að atkvæði fari eftir vörumagni eða höfðatölu. En samkv. frv. frá 1921 áttu allir fjelagsmenn að hafa jafnan atkvæðisrjett.

Jeg þarf ekki neinu að bæta við það, sem jeg sagði í gær viðvíkjandi því, að þetta væri frekar gert fyrir útflytjendur en útgerðarmenn. Hv. 3. þm. Reykv. hefir skýrt það rækilega og einnig hv. 2. þm. Eyf. Jeg þarf aðeins að segja nokkur orð við hv. 2. þm. Reykv. Hann hneykslaðist á því, að jeg hefði talað hjer um landshornafólk og tók það mjög óstint upp. Þetta er gamalt orð í málinu *(JBald*: Það er notað í niðrandi merkingu.), og jeg held, að í því þurfi alls ekki að felast nein ill merking. Það er einmitt sannnefni um fólk, sem fer landshornanna á milli, og er alls ekki óviðeigandi orð. Þetta er áreiðanlega gott og gamalt íslenskt orð. Jeg held, að viðkvæmni þessa hv. þm. hefði heldur átt að koma fram í gær, þegar rætt var um að skattleggja kaupstaða- og kauptúnabúa um land alt til þjóðleikhúss í Reykjavík. Hefði það áreiðanlega setið betur á honum. Hv. þm. lítur svo á, að þær athugasemdir, sem gerðar eru við þetta frv., sjeu meðmæli með sínu frv. og viðurkenning fyrir því, að það sje betra. En það er mesti misskilningur. Megingallarnir á þessu frv. eru líka í frv. hans, og að sumu leyti meiri þar. Það er hvorki í þessu frv. nje hans stefnt að því meginatriði að takmarka söltunina. Þó skal játað, að frekar er viðleitni í þá átt í frv. nefndarinnar.

Frsm. (Björn Líndal): Það hefir nú verið talað lengi og ítarlega um þetta mál. Eftir öllum kringumstæðum er jeg ánægður og þakka þær góðu undirtektir, sem þetta stórmál hefir fengið. Það hafa komið fram ýmsar athugasemdir, en mjer finst flestar þeirra vera bygðar á misskilningi að meira eða minna leyti. Þeim hefir nú flestum verið svarað, og nenni jeg ekki að elta ólar við þær frekar, en ætla þó að víkja að einstökum atriðum. Jeg ætla fyrst að svara hv. þm. Borgf. Honum virðist, — og sömuleiðis þeim hv. 3. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Eyf. — að hjer sje einkum verið að hlynna að útflytjendum síldar. Jeg hefi ekki nógu sterk orð til að mótmæla þessu svo sem þyrfti. En þetta er tvímælalaust hinn fáránlegasti misskilningur. Annars vita þeir, sem kunnugir

eru þessum atvinnurekstri, að það er oftast eða jafnvel altaf skynsamlegt fyrir útgerðarmenn að salta einhvern hluta aflans fyrir eiginn reikning, þótt þeir selji megnið af honum nýtt. Ef lítið aflast, verður hagnaður af því, sem saltað er. Ef hinsvegar aflast mikið, gætir þess lítið þó tap verði á því, sem saltað er fyrir eiginn reikning. Æskilegast gæti kannske talist, að útgerðarmenn söltuðu allan afla sinn fyrir eiginn reikning og hefðu enga milligöngumenn. En til þess þarf mikið fje og þetta er venjulegast mikið áhættuspil. Milliliðirnir geta þess vegna verið nauðsynlegir til þess að dreifa áhættunni, enda hafa þeir venjulegast betri aðstöðu til þess að gera síldina að góðri vöru. Ástandið, sem nú er, verður að bera saman við það ástand, sem æskilegt þykir að skapa. Nú er valdið á þessu sviði í höndum manna, sem engra hagsmuna hafa að gæta fyrir Íslendinga, heldur hugsa mest um það að græða sjálfir fje. Það hefir verið talað um, að þetta frv. væri seint á ferð og gæti komið í bága við þá, sem þegar væru búnir að gera samninga um söltun eða sölu síldar. Þetta getur vel verið. En að svo miklu leyti, sem mjer er kunnugt, væri það ísl. umboðsmönnum hreinn og beinn hagur, ef þessum samningum væri riftað. Sannleikurinn er sá, að þeir undirbjóða hver annan þar til verðið er orðið óhæfilega lágt. Jeg held það væri hreint og beint góðverk að leysa þá frá samningum sínum, sem útvegað hafa stórkaupmönnum í Svíþjóð þessa ódýru síld. Það er enginn hægðarleikur að lyfta verðinu þegar búið er að bjóða það niður úr öllu viti.

Hv. þm. Borgf. talaði um, að þetta frv. gæti orsakað leppmensku. Jeg verð nú að segja, að jeg geri yfirleitt lítinn mun á þeim, sem lána aðeins nafn sitt útlendum mönnum, og hinum, sem reka atvinnuna með útlendu lánsfje og selja jafnframt síldina fyrirfram fyrir framleiðsluverð. Þetta er nokkuð svipað og tíðkaðist hjer áður, þegar menn töldu sig reka íslenska verslun, en voru svo háðir útlendum lánardrotnum, að þeir voru í raun og veru ekki annað en þjónar þeirra. Sami hv. þm. talaði um að takmarka veiðina. Jeg held, að þeir, sem til þekkja, sjeu allir sammála um, að þetta sje enginn hægðarleikur. Síðan við fengum núgildandi fiskiveiðalöggjöf veiða Norðmenn utan landhelginnar og salta á skipum úti, og við vitum ekkert, hvað afla þeirra líður, fyr en eftir dúk og disk. Okkur vantar því öll skilyrði til þess að vita í tíma, hvenær við eigum að hætta. Það er líka besta síldin, sem veiðist síðast, og á henni þurfum við að halda til þess að ryðja nýjum markaði braut.

Hv. 3. þm. Reykv. var að hnýta í okkur fyrir það, að við hefðum lítið gert til þess að útvega nýja markaði. Háttv. 2. þm. Reykv. hefir svarað því að mörgu leyti rjettilega. Til slíkra hluta sem markaðsleitar þarf meira en lítið fje og mikið áræði. Við vitum aldrei fyrirfram, hvenær sjerstök þörf er á nýjum markaði, því sum árin aflast of lítið til þess að fullnægja þeim markaði, sem fyrir er, önnur ár aflast of mikið, en þá er of seint að hefjast handa. Jeg hefi ekki trú á því, að „privat"-menn sjeu þess megnugir að hefja markaðsleit. Jeg get fullyrt, að það er ekki í þeirra þágu, sem nú hafa aðaltökin á þessari verslun, að útvega nýjan markað. Jeg býst við, að í hvert skifti, sem Íslendingar reyndu að koma síld á framfæri á nýjum markaði, mundu koma samkepnistilboð frá síldarkaupmönnum í Svíþjóð.

Það getur verið, að jeg hafi gleymt

einhverju, sem jeg vildi segja, en það verður þá að bíða. Jeg endurtek þakklæti mitt fyrir þær góðu undirtektir, sem þetta frv. hefir fengið.

Bernharð Stefánsson: Jeg vildi aðeins segja fá orð, aðallega út af þeim ummælum, sem hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) beindi til mín. Hann sagði út af því, sem jeg mintist á „leppmensku", að það væri ekki erfitt að þekkja leppana, en það væri ekki hægt að sanna leppmensku þeirra. Ef hægt er að þekkja þá, skilst mjer, að þeir hljóti að hafa eitthvert ákveðið einkenni. Hvernig stendur þá á því, að ekki er hægt að sanna sekt þeirra? Það væri fróðlegt, ef hv. þm. (ÓTh) vildi kenna mjer og öðrum að þekkja þessa menn.

Þá sagði sami háttv. þm., að kent hefði misskilnings hjá mjer og fleirum að því er frv. snerti. Frv. færi fram á að skylda menn til þátttöku því aðeins, að fjelagið yrði stofnað. Mjer fanst hann vilja telja það tryggingu fyrir því, að enginn yrði kúgaður. En þegar hæstv. atvrh. talaði, fanst mjer hann fallast á, að ekki þyrfti samkv. frv. nema 2 menn til að stofna fjelagið, og ef ráðh. vildi fallast á að veita fjelagi þessara tveggja manna einkasölu á síld og samþykti lög þess, þá yrðu allir aðrir að beygja sig undir það. Mjer skilst, að möguleikar sjeu til þess, að þetta fjelag geti orðið stofnað án þess að það hafi verulegt fylgi þeirra manna, sem í því eiga að starfa. Út af því, sem jeg vjek að þeim mönnum, sem ætluðu að salta, en ekki hefðu gert það áður, sagði hv. þm., að erfitt væri að sanna, hvað menn *ætluðu* að gera. Mjer fanst hann þó fallast á athugasemd mína og hann hafði góð orð um að athuga þetta í nefndinni, svo jeg fer ekki út í það frekar.

Þá hjelt hann því fram, að það væri misskilningur hjá mjer og fleirum, að þetta fjelag trygði betur hag síldarkaupmanna en síldarframleiðenda. Hann færði engin rök fyrir þessu önnur en þau, að ef síldarútflytjendur gerðu sig líklega til að okra, þá gætu þeir, sem veiddu, saltað síldina sjálfir. Já, það er auðvitað hægt að segja þetta, en með svipuðum rökum og sagt var við manninn, sem ekki náði hestinum sínum, að hann skyldi taka helv. hestinn og ríða honum. Mjer skilst, að það yrði erfitt fyrir æðimarga að breyta þannig til við atvinnurekstur sinn. Það þarf töluvert fjármagn til þess að salta síld, — og hvar eiga útgerðarmenn að fá nægilegt fje til þess? Þá hjelt hann því fram, að engum erfiðleikum væri bundið að stofna fjelagið; margir, sem eiga hlut að máli, hefðu athugað málið og væru ánægðir með frv. Jeg átti við, að erfitt væri fyrir Alþingi að átta sig í skjótri svipan á svo stóru máli rjett í þinglokin, samhliða því að taka ákvörðun í stærstu málum þingsins, bankamálinu og gengismálinu. Mjer finst tíminn vera heldur naumur bæði fyrir sjálfan mig og aðra hv. þdm. að taka endanlega afstöðu til þessa máls. Jeg vil auk heldur efast um, að þeir, sem þarna eiga einkum hlut að máli, sjeu búnir að athuga það eins nákvæmlega eða sjeu eins ánægðir með þetta skipulag eins og hv. flm. segja. Jeg veit til þess, að það eru til síldarútflytjendur, sem lítið vita um þetta mál, annað en að eitthvert frv. um síldarsölu sje komið fyrir þingið. En þeim hefir ekki verið kunnugt um efni þess. Jeg get ekki annað en látið í ljós óánægju mína yfir því, að frsm. nefndarinnar í þessu máli (BL) hefir ekki gert neina tilraun til þess að gefa mjer og öðrum þdm. þær upplýsingar, sem

beðið var um. *(BL:* Jeg skal gera það við 2. umr.).

Áður en jeg skilst við þetta mál að sinni, vil jeg enn drepa á eitt atriði, sem hv. þm. Str. vjek að í ræðu sinni um þetta mál í gær. Hann vakti athygli á því, að um leið og málið væri afgreitt, þá yrði að gæta vel að því, að það kæmi ekki í bága við hagsmuni þjóðarinnar að öðru leyti nje í bága við þá samninga, sem vjer höfum gert við aðrar þjóðir. Þegar hæstv. atvrh. talaði, þá bjóst jeg við því að heyra eitthvað frá honum um þetta atriði, einhvern vott þess, að hæstv. stjórn hefði veitt þessu athygli eða vildi athuga það síðar. En þar sem jeg varð ekki var við neitt, sem benti til þess, að hæstv. atvrh. hefði neitt um þetta að segja, þá vil jeg taka undir með háttv. þm. Str. og minna enn á það, að hæstv. stjórn láti athuga þetta sem allra best. Jeg tel þetta mjög þýðingarmikið, og það gerum við sjálfsagt allir.

Jakob Möller: Hæstv. atvrh. svaraði að vísu öllu, sem jeg spurði um, en þó á þann veg, að þessi atriði eru jafnóljós og áður. Hann sagði, að hjer væri aðeins um heimild að ræða og stjórnin væri ekki skyld til þess að veita þessi fríðindi hvað lítilfjörlegu fjelagi sem væri og um það sækti. Mjer skilst líka á umr., að það sje ætlun hv. flm. að gera einhverja umbót á þessu fyrir 2. umr., og mun þá frv. skána eitthvað. Hitt hefi jeg ekki enn heyrt, að gefið hafi verið neitt fyrirheit um að láta þennan fjelagsskap ná alment til allra þeirra, sem framleiða þessa vöru.

En sje það ekki gert, eða ef fjelagið er ekki stofnað sem framleiðendafjelag, þá er ekki hægt að losna við hina svokölluðu leppa. Því hefi jeg undrast það, að hv. flm. hafa ekki vikið að þessu einu orði. Hitt hafa þeir sagt, og þó einkum hv. 2. þm. G.-K., að þessi fjelagsskapur ætti að verða til þess að lyfta undir með hinum raunverulegu framleiðendum, því að starfsemi fjelagsins ætti að miða að því að hækka verð vörunnar. Þetta getur verið. Hinsvegar skildist mjer á hv. þm. Ak., að hann gerði eiginlega ekki ráð fyrir, að svo mundi verða, heldur mundi fjelagið verða til þess að jafna og tryggja verðið. Hjer er altaf talað um það, að það sje um að gera að tryggja verðið, svo að það geti undir flestum kringumstæðum ríflega numið framleiðsluverði. Mjer skilst því, að hjer sje ekki reiknað með verulegri verðhækkun, heldur verðjöfnuði, svo verðið sje ekki annað árið geysihátt, en hitt neðan við allar hellur, eða að öðrum kosti mjög misjafnt á sama ári, þannig, að það sje hátt framan af, en falli svo óhæfilega þegar á líður. Ef síldin hækkar, þá ætti það að koma framleiðendum að gagni. En þó er ekki trygging fyrir því, að svo verði eins og vera ætti, vegna þess, að hjer er kaupendum fengin í hendur aðstaða til þess að ráða verðinu á nýju síldinni.

Hv. frsm. vjek að því, að menn ættu að salta altaf dálítið fyrir eiginn reikning, og má vera, að þá sje hagur þeirra tryggari. En þá er hitt, að til þess þarf ýmiskonar aðstöðu, sem margir geta ekki haft. Það er svo takmarkað, hvað margir geta stundað söltun, en fjöldinn allur, sem veiðina stundar og engin tök hefir á að salta og verður að selja aflann jafnóðum og veiðist.

Hv. flm. leggja mikla áherslu á það, að valdið sje í höndum fárra manna. En hvaða breyting verður á því? Ef valdið yfir erlenda markaðsverðinu er nú í höndum fárra manna, þá er það víst, að það verður það alveg eins eftirleiðis. En þar

við bætist þá aðeins, að valdið yfir innlenda verðinu, á nýju síldinni, kemur líka í örfárra manna hendur.

Þá sagði hv. frsm., að jeg hefði verið að hnýta í síldarútgerðarmenn fyrir það að hafa ekki aflað sjer markaðs fyrir vöru sína; og hv. 2. þm. G.-K. fanst jeg vera að draga dár að hv. frsm. fyrir það að hafa ekki vitað um söluhorfur í Þýskalandi. Jeg vil benda á eitt, sem fram hefir komið í þessum umr., og það er það, að ekkert hefir verið upplýst um það, hve mikið væri hægt að selja af síld í Þýskalandi. Það nægir ekki að vitna í ummæli einhvers manns í Hamborg, sem hafi sagt, að hann mundi geta selt alla síld, sem hjer er verkuð. Jeg veit til þess, að Þjóðverjar hafa aflað hjer síld og verkað hana alveg á sama hátt og Íslendingar að nokkru leyti, en sumt þó með nokkuð öðru móti en hjer tíðkast. En hvernig stendur þá á því, þar sem menn hafa vitað svo lengi um þennan markað, a. m. k. frá því nokkru fyrir 1910, að ekkert hefir verið gert til þess að koma íslenskri síld þangað? Setjum nú svo, að stjórnin styrkti síldarútgerðarmenn til þess að reyna þennan markað og þeir hefðu samtök um að verka einhvern hluta framleiðslunnar þannig, að hann væri seljanlegur á þessum markaði. Eftir því, sem hv. frsm. segir, þá þarf verðið, sem fæst, að vera rösklega framleiðsluverð. En væri ekki rjett að reyna þessa leið til að tryggja söluna áður en gripið er til örþrifaráða?

Hvað viðvíkur upplausnarmöguleikum þessa fjelagsskapar, þá hefir skotist yfir að setja ákvæði um það í þessi lög. Ef þau eru ekki sett í þessi lög, þá verða þau að vera í lögum fjelagsins. Það er nú að vísu tekið fram hjer, að stjórnin skuli samþykkja fjelagslögin, svo hún getur að vísu haft nokkuð um það að segja, hvernig þau verði úr garði gerð. En það er vitanlega spurning, hvað stjórninni sýnist að samþykkja. Ákvæðin gætu t. d. verið þannig, að fjelagið skyldi halda áfram meðan einhverjir fjelagsmenn vilja, að það haldi áfram. Slíkt er hugsanlegt, og þá er í raun og veru ekki hægt að leysa fjelagið upp. Þegar lepparnir eru farnir, svo sem til er ætlast nú, þá er við því að búast, að það komi einhver fjandinn annar, sem nái í tögl og hagldir í þessum fjelagsskap, og vilji þá auðvitað halda honum sem lengst áfram, þó byrjunin sje góð og bygð á einlægum ásetningi til umbóta. En það er ekki hægt að segja fyrirfram, þegar slíkur fjelagsskapur er stofnaður, hvernig hann kunni að breytast með tímanum. Það er engin trygging fyrir því, að hann geti ekki orðið enn skaðlegri en lepparnir eru nú. Slíkt er ekki einsdæmi. Við þekkjum hliðstæð dæmi annarsstaðar frá. Í sumum öðrum löndum eru sett sjerstök lög til þess að tryggja þjóðirnar gegn slíkum fjelögum. Og það voru hjer nýlega töluð orð úr ráðherrasæti um tryggingarráðstafanir, sem ef til vill þyrfti að gera, að vísu gegn erlendu en ekki innlendu fjelagi. En að því getur komið, að hjer gefist sjerstök ástæða til slíkra ráðstafana, og menn ættu að varast að vekja hjer upp þann draug, sem síðar gæti orðið ilt að ráða við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd. mánudaginn 3. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 69. fundi í Nd., næsta dag, var frv.

aftur tekið til 2. umr. (A. 424, 475, 479).

Frsm. (Björn Lindal): Eins og sjá má á þskj. 475, hefir okkur flm. frv. komið saman um að flytja brtt. við það. Eru sumar þeirra þannig tilkomnar, að við höfum verið að reyna að gera þeim mönnum til geðs, er ýmislegt höfðu við frv. að athuga við 1. umr.

Við 1. gr. höfum við gert breytingu sökum þess, að sumir fundu frv. það til foráttu, að 2 eða 3 menn gætu stofnað fjelagið. Nú er lagt til, að til þessa þurfi að minsta kosti 20 menn.

Þá var fundið að því við 1. umr., að ekki væri gætt nóg hagsmuna þeirra útgerðarmanna, er fást við síldarútgerð en salta ekki fyrir eiginn reikning. Þeim er nú samkv. brtt. gefinn kostur á að stofna fjelagið eða eiga þátt í því. Samkv. frv. gátu allir komist í fjelagið með því að leggja þar inn eitthvað af útflutningshæfri síld. En jeg hefi ekkert á móti því, að síldarútvegsmenn geti verið fjelagsmenn án þessa.

Þá er brtt. við 4. gr., að niður falli af enda greinarinnar orð, sem eru í raun og veru þýðingarlaus og óþörf.

Næst er brtt. við 5. gr. 2. málsgr. Er þar lagt til, að í lögunum sjálfum standi heimild fyrir því, að fjelagsstjórnin geti bannað síldarsöltun og kryddun á tímabilinu frá 15. mars til 25. júlí, í stað þess að í frv. er aðeins að ræða um reglugerðarheimild til þess að banna þetta fyrir 25. júlí ár hvert. Þessi breyting er lögð til sakir þess, að stundum veiðist síld í landnætur, net og með fyrirdrætti á þessu tímabili, sem mjög getur verið áhættusamt að salta eða krydda til útflutnings. En ákvæði frv. eru aðeins miðuð við herpinótaveiði. Þá þótti rjett að hafa nokkurn fyrirvara fyrir banninu, til þess að þeir, sem ætla að salta síld til útflutnings, vissu fyrirfram, hvort það væri leyfilegt eða ekki, og þykir eftir atvikum mega nægjast með mánaðar fyrirvara.

Þá er 4. brtt., er jeg tel skifta miklu máli. Hún tekur af allan efa um það, hvort fjelagsstjórninni sje heimilt eða ekki að selja síld innanlands til fóðurs eða í verksmiðjur. Er það alveg sjálfsögð heimild, enda var það meining okkar, að hún feldist í frv. Að öðrum kosti er ekki hægt að koma í veg fyrir of mikinn útflutning á erlendan markað.

Þá er 5. brtt. Í frv. er ákveðið, að verja skuli ákveðnum hluta af framleiðslu hvers árs til þess að leita að nýjum markaði. En þá síld hefir fjelagsstjórnin ekki heimild til að láta verka á neinn sjerstakan hátt og verja til þess fje úr fjelagssjóði. Hjer getur verið að ræða um sjerstakan síldarflokk, með sjerstöku verði, sem enginn einstakur maður þorir að gera tilraun með fyrir eiginn reikning, og eiga þannig á hættu að fá aðeins það verð fyrir, sem sá flokkur fengi að lokum. Stjórninni þarf því að vera heimilt að verja fje til þessara tilrauna. Þeir, sem þekkja til á hinum erlenda markaði og vita, hversu mismunandi kröfur eru gerðar til verkunar síldarinnar í ýmsum löndum, ættu að geta skilið nauðsyn þessa.

Að síðustu er það brtt. við 13. gr., þannig að hverjum 200 tunnum fylgi eitt atkvæði, en ekki hverjum 300 tunnum, eins og nú er í frv. Einnig er hámark atkvæða, sem einn maður má hafa, fært úr 25 upp í 35. Þessar till. eru ekki frá mjer og jeg tel þær hvorki til góðs nje ills, og þess vegna læt jeg þær afskiftalausar.

Áður en jeg held lengra, ætla jeg að

víkja lítillega að brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 479. Nefndin, eða meiri hluti hennar, hefir ekki haft tækifæri til þess að koma saman og athuga till. þessar, og verður það, sem jeg segi um þær, að standa fyrir minn eiginn reikning.

Fyrri till. hv. þm. Borgf. útilokar alveg þá menn, sem hafa margra ára reynslu í þessum efnum, frá því að taka þátt í stofnun fjelagsins. Þeir einir, sem á þessu ári ætla að salta síld, eiga því að ráða. En þetta er alt of langt gengið. Er spurning, hvort ekki ætti að taka þá jöfnum höndum, en þá þarf að orða till. á annan hátt. Eins og hún nú er, er jeg algerlega á móti henni. Jeg vildi samt heldur óska þess, að flm. tæki hana aftur til 3. umr. Gæti ef til vill orðið samkomulag milli okkar um að rýmka hana nokkuð, svo að hún útilokaði ekki eldri menn og reyndari í þessari atvinnugrein. Þá er seinni brtt., um takmörkun síldveiðinnar. Um hana höfum við flm. mikið hugsað og vorum oft að því komnir að setja slíkt ákvæði í frv., en þó varð aldrei af því. Jeg hefi tekið fram áður ástæðurnar fyrir því, og get gert það nú aftur að nokkru leyti. Það er nefnilega ekki hægt að vita um það fyrirfram, hve mikið við fiskum, og þó sjerstaklega ekki, hve mikið Norðmenn kunna að fiska fyrir utan landhelgi. Við getum ekki fengið vissu okkar í þessum efnum fyr en í fyrsta lagi í október ár hvert, þegar hinar norsku fiskiskýrslur koma út. Þetta yrði aðeins handahófsráðstöfun, og gæti vel farið svo, að hún yrði til tjóns. En ef hægt væri að áætla rjettilega, hve mikið fiskaðist, væri þetta auðvitað sjálfsagt ákvæði. En hvað mig snertir, geri jeg þetta ekki að neinu kappsmáli. Annars vildi jeg nú helst óska þess, að háttv. flm. (PO) tæki báðar till. sínar aftur til 3. umr. og reyndi að komast að samkomulagi við okkur. Hygg jeg ekki, að neitt sje því til fyrirstöðu, að það geti gengið.

Þá vildi jeg víkja örfáum orðum að hv. 2. þm. Eyf. (BSt), út af fyrirspurnum, sem hann gerði um undirbúning þessa máls. Reyndar fanst mjer honum að nokkru leyti vera svarað með ræðum sumra hv. þm. við 1. umr. Undirbúningur þessa máls er ekki lakari en undirbúningur slíkra mála er yfirleitt, og hafa verið teknir til greina hagsmunir allra þeirra, er hlut eiga að máli. Ef tekið er tillit til afstöðu þeirra útgerðarmanna, sem ekki hafa annara hagsmuna að gæta en íslenskra, þá má segja, að flestir þeirra hafa lýst velþóknun sinni yfir þessu frv. Reynt hefir verið að blása út símskeyti frá kjördæmi mínu, sem mótmælir þessu frv. Þess ber þó að gæta, að þar voru aðeins 10 menn að verki, og voru sumir þeirra ekki fjarri þeim flokki manna, er hafa annara hagsmuna að gæta en þeirra, sem frv. á að gæta, en það eru hagsmunir íslensku þjóðarinnar. Á þessum fundi á Akureyri var feld með jöfnum atkvæðum, 5:5, traustsyfirlýsing til nefndarinnar, og einnig var feld þar með 7:3 atkv. vantraustsyfirlýsing og mótmæli gegn gerðum hennar. Á þessum 10 manna fundi voru þannig aðeins 3 menn, sem mótfallnir voru frv., og ef nöfn þeirra eru nefnd, býst jeg ekki við, að menn verði mjög undrandi yfir afstöðu þeirra til málsins. Hjer í Reykjavík hefir enginn útvegsmaður mótmælt frv., heldur hafa útgerðarmenn hjer þvert á móti mælt eindregið með því. Sama er að segja um Ísfirðinga. Jeg hefi ekki enn heyrt neitt frá Siglufirði, en hygg þó, að þar verði hið sama uppi á teningnum. Þannig er þá undi-

búningur frv. Það hefir fengið góðan dóm þeirra manna, sem mest er að marka og sem hafa ekki annara hagsmuna að gæta en íslenskra. Að því á líka frv. að miða.

Áður en jeg hætti skal jeg geta þess, að sendimaður stjórnarinnar, sem utan fór í vetur til þess að opna nýjan markað fyrir síld, kom í dag. Jeg hafði þá ánægju að tala við hann, en samtalið varð þó ekki eins ítarlegt og jeg hefði viljað. En hann mun bráðlega leggja fram skýrslu sína og þær tillögur, er hann hefir. Hann hefir mikla trú á, að takast megi að útvega markað, ef rjettilega er að farið. Þá sagði hann, og er það mjög eftirtektarvert, að íslensk síld væri ekki nærri eins mikil „sæsons"-vara og hingað til hefir verið haldið. Hann fullyrti, að selja mætti síldina í Rússlandi, þó að hún væri búin að liggja lengi í tunnunum og væri jafnvel orðin að hálfgerðu mauki. Er búinn til úr henni sjerstakur rjettur, er rússneskir bændur borða mikið. — Er engum efi á því, að gera má góðan mat úr henni, þótt ársgömul sje eða meira.

En málið þarf að komast í fast horf; það þarf ákveðið skipulag. Hjer dugir ekkert kák eða að hlaupið sje í eitthvað um stund og hætt svo þegar við það aftur. Þetta verður að reka með skynsemi og það þarf að haga sjer eftir óskum þeirra manna, sem síldina nota, og ekki fara eingöngu eftir hinni gömlu venju með verkun síldarinnar, og bundin er við aðeins einn markað, Svíþjóð.

Jeg ætla að víkja lítillega að símskeytinu frá Akureyri, vantraustinu, eins og eitt blaðið hjer kallar það. Þar er sagt, að það sje álit manna, að síldarmálinu sje með frv. okkar stefnt í tvísýnu. Mjer varð alls ekkert ilt við að heyra slíkt orð. Jeg tók það einmitt skýrt fram í minni fyrstu ræðu, að við legðum hjer á hæpið vað, en að það væri óverjandi að reyna ekki neitt, þegar voði stæði fyrir dyrum. Okkur flm. öllum var það líka ljóst, að þetta var hæpin leið og hættuleg, ef ekki væri rjett á haldið. Við höfum afarmikið um þetta hugsað, og jeg leyfi mjer að halda því fram, að þeir, sem hafa látið uppi skoðun sína um það utanþings, hafi ekki hugsað málið eins til hlítar. Jeg skal játa, að það getur verið nokkur tvísýna, hvort þetta leiði til bóta, en jeg tel þó alveg sjálfsagt að leggja út í þetta, úr því sem komið er. Og ef menn standa hjer einhuga saman og setja markið hátt, þá mun þetta ábyggilega verða leið til sigurs.

Bernharð Stefánsson: Jeg ljet þá skoðun í ljós við 1. umr. þessa máls, að þessi fjelagsstofnun mundi ekki koma að fullum notum nema því aðeins, að hún hefði allmikið fylgi þeirra, sem hlut eiga að máli. Jeg spurði því hv. nefnd, hvað þessu liði. Nú hefir hv. frsm. nefndarinnar (BL) svarað þessu að nokkru, en fullnægjandi svar hefi jeg þó ekki fengið.

Hv. frsm. hjelt því fram, að þetta mál hefði eindregið fylgi þeirra manna, sem hefðu aðeins innlendra hagsmuna að gæta í þessari atvinnugrein. En nú hefir hann sjálfur játað, að erfitt geti verið að vita, hverjir það eru, sem svo er ástatt um, og hverjir hinir, sem að einhverju leyti hafa útlendra hagsmuna að gæta. En úr því svo er, að erfitt er að greina þarna á milli, þá hygg jeg, að hv. frsm. geti heldur ekkert fullyrt um það, að fylgi við málið byggist á þessu.

Hv. frsm. sagði, að á Siglufirði mundi vera tiltölulega fátt þeirra manna, sem aðeins hefðu innlendra hagsmuna að gæta. Jeg veit ekki vel, hvað hv. þm. á við með þessu. Jeg leyfi mjer að halda því ákveðið

fram, að útgerðarmenn á Siglufirði sjeu alls engir „leppar“ útlendinga, enda bar hv. frsm. það ekki á þá. En hvað átti hann þá við?

Jeg veit, að margir hafa tilhneigingu til að kalla það „leppmensku“, þegar síldarútgerðarmaður fær tunnur og salt frá útlöndum gegn væntanlegum síldarafla. En er það rjett, þegar atvinnan er að öðru leyti rekin á eigin ábyrgð? Jeg hygg ekki.

Eins og frv. sjálft er orðað, þá er það ómótmælanlegt, að samkv. því geta aðeins 2 menn stofnað þetta fjelag, sem ætlast er til, að fái einkasölu á allri síld. Fyrir því yrðu allir hinir, sem þennan atvinnuveg stunda, að beygja sig, hvort sem þeim væri það ljúft eða leitt. En nú hefir hv. nefnd tekið þau mótmæli til greina að nokkru leyti, sem fram komu gegn þessu, og flytur nú tillögu um, að ekki færri en 20 þeirra manna, er á síðastliðnu ári fluttu út síld eða gerðu út skip á síldveiðar, þurfi til að stofna fjelagið, ef það á að fá einkasölu. Jeg skal fúslega játa, að þessi tillaga er til bóta frá því, sem er í frv., en jeg álít þó, að hún gangi ekki nógu langt. Jeg hefi fengið upplýsingar um, að þeir, sem söltuðu og fluttu út síld í fyrra, hafi verið um 100, og svo bætast við margir, sem gerðu út skip til síldveiða. Ef einir 20 af þessum mönnum eiga að geta kúgað alla hina til að ganga í slíkt fjelag sem þetta, þá þykir mjer það nokkuð hart. Mjer finst, að ekki hefði mátt minna vera en að krefjast meirihlutafylgis, því að kúgunin kæmi þá a. m. k. niður á færri mönnum, þó um kúgun væri að ræða.

Eftir þeim frjettum að dæma, sem jeg hefi enn fengið um undirtektir síldarútgerðarmanna og annara, sem þetta mál varðar mest, þá virðast þær ekki vera neitt góðar. Jeg get ekki haft sama skilning á samþykt útgerðarmannafjelagsins á Akureyri eins og hv. frsm. Samkv. símskeytinu er fjelagið að vísu þakklátt hv. sjávarútvegsnefnd fyrir áhuga hennar á þessu máli. Undir þau orð geta sjálfsagt allir tekið. Jeg fyrir mitt leyti efast líka ekkert um, að nefndinni hefir gengið gott eitt til að flytja þetta frv., hvort sem hún hefir hitt heppilegustu leiðina eða ekki. En hvað sem því líður, get jeg ekki sjeð, að símskeytið frá Akureyri sje meðmæli með þessu máli. Þar stendur, að samþykt þessa frv. mundi tefla atvinnuveginum í tvísýnu. Eru það meðmæli? Og fjelagið ræður þinginu beinlínis frá að samþykkja þetta frv. Það finst mjer miklu fremur mótmæli en meðmæli. Hv. frsm. játaði, að með þessu frv. væri farið út á hæpna leið og að það væri tvísýnt, hvernig þetta mundi gefast. En hann taldi samt ekki áhorfsmál að leggja út í þessa tvísýnu, til þess að gera tilraun til að komast út úr því öngþveiti og ógöngum, sem þessi atvinnuvegur væri nú kominn í. En úr því sjálfur aðalflutningsm. telur þetta hæpið og tvísýnt mál, — er þá nokkur furða, þó að við hinir sjeum ofurlítið hikandi?

Þá skal jeg víkja að nokkrum atriðum í frv., sem jeg vil vekja athygli hv. nefndar og annara þm. á.

Í fyrsta lagi skal jeg benda á það, að í frv. er ekki gert ráð fyrir því, að þetta fyrirhugaða fjelag eigi að hafa umráð yfir öðru fje en andvirði seldrar síldar, þegar að því kemur. Í byrjuninni, eða áður en nokkur síld er seld, er því ekki hægt að sjá, að fjelagið eigi að hafa nokkurt rekstrarfje undir höndum. Jeg get þó ekki annað skilið en fjelaginu sje

nauðsynlegt að hafa umráð yfir einhverju starfsfje frá upphafi. Mjer finst t. d. líklegt, að fjelagið muni þurfa að senda mann eða menn til útlanda þegar á fyrsta starfsári, til þess að greiða fyrir sölu síldarinnar o. s. frv. Ýmsar fleiri ráðstafanir mun fjelagið þurfa að gera, sem kosta peninga. En hvaðan á að taka þessa peninga í byrjun, þar sem ekki er gert ráð fyrir, að fjelagið eigi neinn sjóð eða fái neitt annað fje til umráða en andvirði síldarinnar?

Í 8. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að heimili og varnarþing fjelagsins skuli vera á Akureyri. Jeg tel víst, að Akureyri hafi verið valin vegna þess, hvað hún er nærri síldveiðunum. En jeg vil leyfa mjer að benda á, að annar bær er ennþá nær, og það er Siglufjörður. Þar er miðstöð þessa atvinnuvegar og þar ætti því heimili og varnarþing fjelagsins að vera. Vona jeg, að hv. nefnd taki þetta til athugunar.

Þriðja atriðið, sem jeg ætla að drepa lítillega á, er það, að þó þetta fjelag verði stofnað og þó það fái einkasölu á saltaðri síld, sem aðalvandræðin eru með, þá þyrfti einkasalan ekki að vera eins víðtæk og frv. gerir ráð fyrir. Hv. nefnd ætti að taka til athugunar, hvort ekki mætti undanskilja einkasölunni kryddsíld og aðra síld, sem verkuð er á alveg sjerstakan hátt, t. d. sykursaltaða síld, flatta og linsaltaða síld, sem ætluð er til reykingar, o. s. frv. Jeg hygg, að ekki sje bein þörf að taka þessar tegundir í einkasölu. Jeg flyt ekki nú neina till. um þetta atriði, en jeg óska, að hv. nefnd taki þetta til athugunar.

Þó jeg hafi ýmislegt við þetta frv. að athuga, þá hefi jeg þó ekki flutt neinar brtt. við þessa umr. Ástæðan til þess er einkum sú, að jeg er enn mjög í efa um, að rjett sje að afgreiða lög um þetta á þessu þingi, eins lítinn undirbúning og málið hefir fengið. En ef málið gengur ekki fram, er þýðingarlaust að vera að flytja brtt. við það. En ef jeg hinsvegar sje, að málið hefir svo mikið fylgi í hv. deild við atkvæðagreiðslu þá, sem hjer fer fram að þessari umræðu lokinni, að búast megi við, að það gangi fram, þá má vera, að jeg flytji brtt. við frv. til 3. umr.

Pjetur Ottesen: Jafnvel þó jeg búist við, að það komi í sama stað niður að því leyti, að jeg mun halda brtt. minni á þskj. 479 fast fram, ætla jeg þó að verða við tilmælum háttv. frsm. um að taka hana aftur nú að þessu sinni, svo að hv. nefnd gefist kostur á að ræða þetta atriði nánar og taka afstöðu til hennar.

Hv. nefnd hefir að sumu leyti tekið til greina athugasemdir, sem gerðar voru við 1. gr. frv. við 1. umr., þannig að nú hefir þessum ákvæðum verið breytt svo, að fleiri menn þarf til að stofna fjelagið og þátttakan í stofnun fjelagsins ekki bundin því skilyrði, að þeir hafi flutt út síld, en lengra nær þó þessi ívilnun ekki en það, að samkvæmt 13. gr. frv. hafa þeir ekki atkvæðisrjett og fá ekki að hafa hönd í bagga með framkvæmdum fjelagsins. En þetta er vitanlega öldungis ófullnægjandi. Við þessa fjelagsstofnun eiga þeir einir að koma til greina, sem ætla að flytja út, salta eða veiða síld á þessu sumri. Þetta verður að telja alveg sjálfsagðan hlut, og ekki síst af því, að háttv. frsm. hefir játað, að það væri jafnvel hæpið, að tilgangi fjelagsstofnunarinnar yrði náð; ef eitthvað ber út af, þá bitnar það vitanlega fyrst og fremst á þeim, sem láta síld sína í einkasöluna. Hv. frsm. talaði um fjelagsstofnunina sem tvísýna tilraun, og því tel jeg óeðlilegt, að þeim mönnum, sem ekki ætla að gera út í ár, verði leyft að

taka þátt í fjelagsstofnuninni, enda þótt þeir hafi áður gert út á síldveiðar, t. d. síðastliðið ár. Jeg tel þátttöku slíkra manna mjög óeðlilega. Þar sem telja má víst, að ýmsir þeirra, sem gerðu út á síðastliðnu sumri, muni einnig halda útgerðinni áfram í ár, þá þarf ekki að óttast, að þessi fjelagsskapur hafi ekki við næga reynslu að styðjast. Jeg vænti því, að þetta verði tekið til greina og samkomulag náist milli mín og nefndarinnar um þetta. Jeg hefi þegar talað um þetta við tvo nefndarmenn, og hafa þeir tjáð sig þessu samþykka. Það er alment viðurkent, að einn aðalþátturinn í því að tryggja þessa atvinnugrein og fá betri markað, er að offylla ekki markaðinn. En um hitt er deilt, hvernig þetta verði gert. Hv. frsm. sagði, að þetta væri sjerstaklega erfitt, vegna þess að aldrei yrði vitað með vissu um veiði Norðmanna utan landhelgi, fyr en orðið væri um seinan. Samkvæmt upplýsingum, sem jeg hefi fengið um þetta, mun veiði Norðmanna utan landhelgi undanfarin ár hafa verið um ⅔ af allri framleiðslunni hjer við land. Þetta er að vísu talsvert breytilegt ár frá ári, en þó tel jeg, að nokkra hliðsjón megi af þessu hafa.

Eftir því sem mjer er sagt, er nú tryggður allöruggur markaður fyrir kryddsíld í Svíþjóð, og mun mega áætla, að jafnaðarlega seljist þar um 40 þús. tunnur á ári. Nú er vitanlega nauðsynlegt að halda þessum markaði framvegis, en mjer skilst, að engin takmörk sjeu sett um kryddsíldarsöltunina, og þá gæti svo farið, að meira yrði verkað af síldinni á þennan hátt en markaðurinn þyldi. Þó ganga megi út frá því, að stjórn fjelagsins sendi ekki meira af kryddsíldinni en nokkurn veginn væri víst um að markaðurinn þyldi, þá skilst mjer, að svo mikill kostnaður muni vera á kryddsöltun, að sjálfsagt sje að girða fyrir það, að verið sje að leggja í slíkan kostnað með þá síld, sem svo yrði ef til vill að láta í bræðslu á eftir. Því tel jeg nauðsynlegt, að fjelagið fái heimild til að takmarka kryddsöltunina. Jeg tel, að það mundi koma að góðu gagni, að heimild sje til að takmarka, hvað mikið er saltað af síld. Það er altaf nokkur kostnaður, þó ekki sje nema um venjulega söltun að ræða, að þurfa að taka þá síld til bræðslu. Það er því allverulegt hagsmunamál að geta stilt svo í hóf með söltunina, að ekki sje saltað meira en það, sem hinn raunverulegi saltsíldarmarkaður leyfir.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um þetta, en mun verða við tilmælum hv. frsm. og taka brtt. mína aftur til 3. umr., og mun jeg verða fús til að ræða þetta mál við hv. nefnd, en jeg mun halda fast fram þessari skoðun minni og vænti, að brtt verði tekin til greina, því jeg hygg, að þetta sje til bóta fyrir málið.

Jakob Möller: Mjer þykir vænt um að sjá, að hv. nefnd hefir tekið til athugunar, að minsta kosti að nokkru leyti, það, sem jeg hafði við frv. að athuga. 1. brtt. hv. meiri hluta nefndarinnar fer í þá átt að opna þetta fyrirhugaða fjelag fyrir þeim, sem stunda þennan atvinnuveg. Eins og frv. var, var það aðeins fyrir þá, sem söltuðu síld. Það er samt sá ljóður á þessari brtt., að þeir menn, sem nú eiga að fá inngöngu í fjelagið, verða atkvæðislausir, nema þeir jafnframt salti síld eða flytji hana út. Mjer finst enn sem fyr, að það hljóti að vera aðalatriðið að sjá borgið hag þeirra manna, sem stunda síldveiðar, en það er ekki tilgangur frv. í raun og veru, heldur eru þar látnir varða mestu hagsmunir þeirra manna, sem kaupa upp. Nú hafa hv. flm. viðurkent, að það sje

ekki óframkvæmanlegt að haga fyrirkomulaginu meira með tilliti til sjálfra framleiðenda en verið hefir. Mjer skildist fyrst, að þeir hefðu ekki stílað frv. þannig, af því að einhverjir örðugleikar virtust vera á því að koma þeim mönnum inn í fjelagið. Nú hafa þeir breytt 1. gr. frv. En hví á þá ekki að breyta því líka þannig, að mennirnir fái atkvæðisrjett, sem virðist ofurauðvelt með því aðeins að miða atkvæðisrjettinn við tunnufjölda aflaðrar eða saltaðrar síldar? Þessu vil jeg skjóta til hv. nefndar að athuga fyrir 3. umr. Svo er annað við þetta að athuga, en það er það, að úr því að komið er inn á þessa braut, að víkka út fjelagið, skilst mjer það hljóti að vera óhætt, ef hjer er virkilega um nauðsynjamál eða jafnvel lífsspursmál þessa atvinnuvegar að ræða, að ákveða tölu þeirra manna, sem vilja hafa þetta fyrirkomulag, hærri en 20. Tala þeirra, sem veiða og salta síld, hygg jeg að verði nær 200, og sje svo, er hjer aðeins gert ráð fyrir tíunda hlutanum, sem á svo að ráða niðurlögum í þessu máli. Þetta er því frekar ástæða til að athuga, sem áskorun hefir komið frá útgerðarmannafjelagi Akureyrar, sem var lesin hjer upp í gær og hv. frsm. talaði um. Þar koma fram — enda var það skilið svo — eindregin mótmæli. Að vísu eru þau ekki nema frá 10 mönnum, en það eru þá væntanlega fleiri þar á staðnum, sem þetta mál varðar. Allir þessir 10 menn eru sammála um, að með þessari aðferð sje síldarútveginum teflt í ennþá meiri tvísýnu en nú er útlit fyrir. Hv. frsm. vildi draga úr þessu með því að benda á, að bein harðorð mótmæli gegn frv. hefðu verið feld með 5:3 atkv. En hv. frsm. tekur ekki tillit til þess, að það eru hans eigin kjósendur, sem eru að mótmæla frv., sem hann hefir flutt. Það er skiljanlegt, að kjósendur hans vilji ekki fara harkalega í sakirnar gagnvart sínum ágæta þm. Þeir efast ekkert um, að tilgangur hans sje að bæta hag þeirra. Hvernig mundi hv. frsm. haga orðum sínum, ef honum mislíkaði eitthvað við hæstv. stjórn? Ef hann beindi harðorðum mótmælum í hennar garð, mundi stjórnin skoða það sem vantraustsyfirlýsingu. Eins er um kjósendur hv. frsm. Þeir vilja ekki senda honum vantraustsyfirlýsingu, þó að þeir geti ekki orðið honum sammála um þetta frv. Mjer skildist, að hv. frsm. teldi þessa þrjá menn, sem greiddu atkvæði með mótmælunum, tæplega sjálfstæða atvinnurekendur. En þá eru eftir sjö, sem hv. frsm. efaðist ekki um, að væru sjálfstæðir atvinnurekendur. Meðmæli hafa hinsvegar ekki komið frá neinum að norðan. Hv. frsm. sagði, að Ísfirðingar væru ánægðir með þetta fyrirkomulag. Um það liggur ekkert fyrir. Jeg spurði af tilviljun mann, sem ætti að vera því kunnugur, um, hvort nokkuð lægi fyrir þaðan, og hann vissi ekki til þess.

Hv. frsm. sagði, að nefndin hefði fengið vitneskju um, að allir, sem hefðu sömu hagsmuna að gæta og þeir, sem frv. væri samið fyrir, litu eins á þetta mál. Það kann að vera, en jeg verð að leggja áherslu á, að um tvenskonar hagsmuni er að ræða: þeirra, sem „spekúlera“ í síld, og þeirra, sem veiða síld. Það mætti ætla, að þetta væru sömu hagsmunirnir, en svo gæti farið, að með því að stofna til þessarar einkasölu eða einræðis yfir útflutningnum yrði þrengt að þeim mönnum, sem ekki hafa tök á að salta síld sjálfir. Af þeim 200 mönnum — eða hátt á annað hundrað er óhætt að segja —, sem gera út fleiri eða færri skip, eru aðeins fáir menn, sem hafa tök á að salta. En fjöldi þeirra, sem hafa keypt síld til söltunar,

fær fje til þess frá útlöndum, í meira eða minna hreinum viðskiftum, enda gætu þeir ekki fengið peninga til þess í bönkum hjer. Ef einkasalan kæmist á, og þar með lokað fyrir þann möguleikann að fá fje frá útlöndum, yrðu ekki eftir nema örfáir menn, sem hefðu aðstöðu til þess að kaupa síld til söltunar, og þá mundi myndast enn þá þrengri hringur, sem hefði fullkomlega tökin á síldarverðinu innanlands.

Fyrir þessari hv. deild lá hjer um daginn frv. um einkasölu á tilbúnum áburði. Það mál snerti sjerstaklega bændur. Jeg veit ekki betur en að allir bændurnir í deildinni greiddu atkvæði með því frv. (*BL*: Ekki jeg). Jeg greiddi ekki atkvæði, af því að jeg sá, að bændur úr báðum aðalflokkum þingsins voru máli þessu fylgjandi. Þá sá jeg mjer ekki fært að greiða atkvæði á móti, þó að jeg í hjarta mínu sje á móti allri einkasölu. En af þessum sömu ástæðum verð jeg að gera kröfu til þess, að fram komi eitthvað almennari vilji fyrir þessu frv. heldur en enn er kominn í ljós, til þess að jeg geti greitt atkvæði með því. Hv. frsm. greiddi atkvæði á móti þessu áhugamáli bænda um daginn, enda þótt allir aðrir bændur hjer í hv. deild greiddu atkvæði með því. Samt vill hann nú stofna til einkasölu, þó að hann fái ekki áskorun um það nema frá 2 mönnum, sem málið snertir. Það er ekki vel gott samræmi í þessu. Jeg get ekki að því gert, að mjer finst þetta mál liggja dálítið óþægilega fyrir, þar sem því er annarsvegar haldið fram, að hjer sje um lífsspursmál þessa atvinnuvegar að ræða, en hinsvegar þykir ekki fært að krefjast frekari upplýsinga um það, hver sje vilji þeirra manna, sem þarna eiga hagsmuna að gæta. Mjer finst, að á bak við þetta sje ótti um, að menn geti ekki fallist á, að það sje samrýmanlegt við þeirra hagsmuni. Jeg sje því ekki, hvernig hv. deild á að geta sætt sig við að afgreiða þetta mál, nema því aðeins, að um það komi ósk frá meiri hluta þeirra manna, sem hjer eiga hagsmuna að gæta, og á jeg þar einkum við framleiðendur, en ekki hina, sem kaupa. Meðal þeirra manna, sem stunda síldveiðar, þarf ekki að óttast leppmensku nema í örfáum tilfellum. Er því fjarri því, að hættan verði meiri á því, að leppar nir geti ráðið í fjelaginu með því móti. Jeg get ímyndað mjer, að því verði haldið fram af nefndarinnar hálfu, að á þessu sjeu einhverjir örðugleikar, en jeg trúi því ekki. Það ætti að vera hægðarleikur að skora á alla, sem ætla að stunda síldveiðar næsta ár, að tilkynna það og láta í ljós, hvort þeir vildu slíkan fjelagsskap. Jeg skil ekki þá afstöðu hv. nefndar, að geta ekki fallist á brtt. hv. þm. Borgf. Mjer finst það varða mestu að gæta hagsmuna þeirra, sem ætla að stunda útgerð áfram, en ekki hinna, sem hafa gert það. Það er ekki ástæða til að útiloka þá, sem einungis eru milliliðir, þó að jeg verði að álíta, að það sje minni hluti þeirra, sem hjer eigi verulegra hagsmuna að gæta. Um hinar aðrar brtt. nefndarinnar hefi jeg ekkert að segja. Þær fjalla aðeins um smávægileg fyrirkomulagsatriði.

Verði nú frv. samþykt svo breytt, verð jeg að leggja áherslu á það, að það er fullkomin óhæfa að útiloka þá framleiðendur frá atkvæðisrjetti, sem ekki salta síld, vegna þess, að hjer er ekki síður um að ræða þeirra hagsmuni en hinna. Til þess að veita þeim atkvæðisrjett þarf ekki annað en að breyta skilyrðunum þannig, að hann verði miðaður við tunnufjölda aflaðrar eða saltaðrar síldar. Út af síðari brtt. hv. þm. Borgf. vil jeg aðeins geta þess, að jeg hygg, að það sje rjett hjá

hv. frsm., að erfitt verði fyrir menn að vita fyrirfram, hvernig markaðurinn verður, og því erfitt að ákveða, hve mikla síld megi salta, ef ómögulegt er að geyma síldina frá ári til árs. Sje það með einhverju móti hægt, væri öðru máli að gegna.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vildi aðeins taka það fram, að jeg tel brtt. hv. meiri hl. til bóta, en jeg er líka samþykkur hv. 3. þm. Reykv. (JakM) um, að athuga þurfi betur ákvæðin um, hverjir skuli vera fjelagsmenn og að hve miklu leyti þeir skuli hafa atkvæðisrjett. Jeg sagði við 1. umr. þessa máls, að það væri eðlilegast, að þeir einir væru fjelagsmenn, sem þess óskuðu, en ekki ætti að neyða menn til þess að ganga í fjelagið. Menn eiga heldur ekki að geta verið fjelagsmenn lengur en þeir vinna að þessum atvinnuvegi.

Jeg sje ekki ástæðu til að vera á móti brtt. hv. þm. Borgf. Í seinni brtt. er aðeins tekið fram, að stjórn fjelagsins sje *heimilt* að ákveða fyrir eitt ár í senn, hve mikla síld megi salta til útflutnings. Það gæti komið fyrir, að ástæða væri til að banna frekari söltun, t. d. ef ágætlega veiddist innan og utan landhelginnar og búið væri að salta kannske 250—300 þúsund tunnur. Jeg tel því ekki rjett að vera á móti slíkri heimild.

Frsm. (Björn Líndal): Þessar síðustu ræður, ræður þeirra hv. 2. þm. Eyf. (BSt) og hv. 3. þm. Reykv. (JakM), hafa báðar gefið tilefni til margra orða. En jeg ætla í þetta sinn að fara sem fljótast yfir sögu. Hv. 2. þm. Eyf. taldi sig ekki hafa grætt mikið á mínum svörum um undirbúning málsins. Jeg get ekki frætt hv. þm. meir. Það má undarlegt heita, ef margir af þeim mönnum, sem ekki hafa sjerstakra hagsmuna að gæta, en eru á móti frv., hafa ekki látið til sín heyra. Það hefði mátt búast við mótmælum, en þau hafa ekki komið.

Hv. þm. (BSt) gat þess, að það mundi erfitt að ákveða, hverjir þarna ættu eigin hagsmuna að gæta og hverjir annara, og þetta er satt. En þó að við tækjum alla þá, sem síldveiðar stunduðu, eða um 200 manns, eftir því sem hv. 3. þm. Reykv. hefir komist næst, tel jeg það undrum sæta, ef óánægja væri mikil, að andmæli hafa komið aðeins frá örfáum mönnum. Á Akureyri var haldinn fundur af 10 mönnum og þar voru mótmæli gegn frv. felld með 5:3 atkv. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa hjer upp símskeyti frá stjórn útgerðarmannafjelags Akureyrar:

„Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir viðleitni Alþingis til þess að reyna að bæta úr þeim vandkvæðum og skipulagsleysi, sem nú er á síldarútgerð og síldarsölu, sem kemur fram í fyrirliggjandi frumvarpi, og treystir því, að við meðferð málsins á þingi takist að bæta úr göllum þeim og agnúum, sem á því eru. Sjerstaklega vill fjelagið benda á nauðsyn þess, að skipum, er hafa rjett til að veiða í landhelgi og nota sjer þau rjettindi, sje bannað að hagnýta sjer veiðina annarsstaðar en í landi; ennfremur telur fundurinn nauðsynlegt, ef unt sje, að takmarka söltun og kryddun síldar. Tillagan felld með 5 atkvæðum gegn 5, næsta tillaga felld með 5 atkvæðum gegn 3. Útgerðarmannafjelag Akureyrar tjáir sig eindregið mótfallið hinu framkomna frumvarpi sjávarútvegsnefndar um einkasölu á síld, en er því meðmælt, að bönnuð verði söltun herpinótarsíldar fyrir 25. júlí ár hvert, ennfremur að reynt verði að úti-

loka sölu Norðmanna á síld til söltunar og kryddunar í landi —“ o. s. frv.

Fyrri tillagan er hrein og bein traustsyfirlýsing og er aðeins feld með jöfnum atkvæðum. Jeg hefi ekki enn orðið var við, að það væru aðrir, sem hafa hreyft andmælum. En það er einkennilegt, að þeir, sem krefjast þess, að það þurfi meira en helming útgerðarmanna til þess að stofna þetta fjelag, en vilja svo ekki sinna frv., þegar aðeins 3 menn eru á móti því. Það er lítið samræmi í þessu. Það hefði ekki undrað mig, þó að 30 menn hefðu mótmælt, því að þetta er stórmál og eðlilegt, að margir sjeu hikandi við að stíga slíkt spor.

Þá er þess og að gæta, að hagsmunir Siglufjarðar eru fyrst og fremst þeir, að þar sje veidd og söltuð síld, og sá kaupstaður gæti ekki staðið árinu lengur, ef síldveiðin liði undir lok. Hitt skiftir Siglufjörð minna máli, hverjir það eru, sem síldina veiða, því að hann græðir altaf á því, að útgerðinni sje haldið áfram. Það er nú að vísu svo, að á Siglufirði eru fáir menn búsettir, er salta nokkuð að ráði fyrir eiginn reikning, og þar eru fáir útgerðarmenn. Hagsmunir hans liggja fyrst og fremst í verslun, bryggju- og hafnargjöldum og útsvörum, sem lögð eru á aðkomumenn. Þess vegna tek jeg minna mark á þeim röddum, er þaðan heyrast í þessu máli, heldur en áliti manna annarsstaðar, enda veit jeg — og það er ekkert efamál, — að Siglfirðingum var meinilla við það, er Norðmönnum var bannað að salta síld í landi. Þeir töldu sjer meiri hagsmuni að síldveiðum Norðmanna heldur en Íslendinga.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) gat um það, að það væri stór agnúi á þessu einkasölufyrirkomulagi, að fjelagið hefði ekki neitt handbært fje í byrjun. Það er rjett, að þetta getur verið slæmt, en þó hygg jeg ekki, að sú ástæða ætti að verða frv. að falli. Að sjálfsögðu verða fjelagslögin þannig, að þau heimila stjórn fjelagsins að taka lán upp á væntanlegan síldarafla.

Þá er og hitt aukaatriði, sem deila má um óendanlega, hvar fjelagið eigi að hafa heimilisfang, á Akureyri, Siglufirði, Ísafirði eða í Reykjavík. En þeir, sem virkilega bera heill atvinnuveganna fyrir brjósti, ættu ekki að láta þetta atriði verða að sundrungarefni.

Þá sagði hv. þm. (BSt), að einkasalan yrði of víðtæk. Nefndin hugsaði mikið um þetta atriði og jeg var sjálfur lengi þeirrar skoðunar, að einkasalan ætti ekki að ná til kryddsíldar. En eftir því, sem jeg hugsaði betur um málið, sá jeg, að ekki varð hjá því komist. Ef frv. þetta verður að lögum og fjelagið á að geta leyst hlutverk sitt vel af hendi, þá verður það að ráða yfir allri síld, hvernig sem hún er verkuð.

Okkur háttv. þm. Borgf. (PO) ber ekki mikið á milli, en þó var eitt atriði í ræðu hans, er ekki var rjett. Hann áætlaði sem sje, að Norðmenn veiddu $^2/_5$ hluta allrar síldar hjer við land. Það er hæpið að áætla slíkt. Norski flotinn, sem síldveiðar stundar hjer, er misjafnlega stór frá ári til árs. Hann er auk þess meir háður vindi og veðri heldur en íslensku skipin, sem leggja afla sinn á land. Það er því engin leið að áætla fyrir lok síldveiðatímans, hve mikið Norðmenn muni veiða, nje hvert hlutfall er milli veiðar þeirra og Íslendinga. Og þetta verður enn erfiðara vegna þess, að ómögulegt er að fá nákvæmar skýrslur um það, hve mörg skip fari frá Noregi hingað til síldveiða, fyr en eftir vertíðarlok.

Við ræðu hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hefi jeg margt að athuga. Hann endurtók það nú, að upphaflega frv. hafi ekki að neinu leyti haft fyrir augum hagsmuni veiðimanna, heldur aðeins „spekulanta“. Þessu mótmæli jeg algerlega, því að það hlýtur að verða beggja hagur, að síldin hækki í verði. Það getur að vísu komið fyrir, að fyrsta árið verði ekki jafnmikil eftirspurn eftir nýrri síld til söltunar og verið hefir, en þá er líka síður hætt við, að of mikið verði saltað og allir tapi fje. En verði frv. þetta ekki samþykt, geta örfáir útlendingar skamtað síldveiðimönnum verð úr hnefa, og jeg álít, að þótt verðið sje í fyrstu lágt hjá innlendum mönnum, þá sje það betra heldur en láta útlendinga gína yfir gróðanum, enda mun verð á nýrri síld hækka á næsta ári, ef sæmilega gengur með fjelagsskapinn, enda er þetta einn aðaltilgangur með frumvarpinu.

Þá talaði sami hv. þm. (JakM) mikið um það, að allir útgerðarmenn, þ. e. a. s. þeir, sem gera út skip til veiða, hafi ekki atkvæði í fjelaginu. Þetta finst mjer ekki skifta svo miklu máli, enda ekki hægt að koma því svo við, að í lagi sje. Og mjer finst ekki nein sjerstök ástæða til þess að láta t. d. 20—30 útgerðarmenn, sem aðeins veiða síld til bræðslu, hafa atkvæðisrjett í fjelagi útflytjenda. Þeir ættu þá aðallega að hafa atkvæðisrjett um verð á nýrri síld, en mikið efamál, hvort það væri rjett, því að verð á henni gæti þá farið upp úr öllu valdi, enda þótt verð á saltsíld væri fyrir neðan allar hellur.

Í byrjun verða allir að vera samtaka um það að gera síldina svo ódýra, að hún geti verið samkepnisfær á erlendum markaði. Af þeirri ástæðu má því fyrir mitt leyti samþykkja það, að útgerðarmenn hafi líka atkvæðisrjett í fjelaginu, og sje það eitt nægilegt til þess að útiloka ágreining um málið hjer, þá skal jeg greiða því atkvæði.

Þá skal jeg minnast á undirbúning þessa fjelagsskapar. Hv. 3. þm. Reykv. hneykslaðist mjög á því, að við hefðum ekki safnað saman helmingi þeirra manna, er við síldveiðar og verslun fást. Það er erfitt að gera það í einu hendingskasti, en ekki er útilokað, að það verði gert. Frv. er ekki komið í gegnum þingið ennþá, og verður hægt að ná til fleiri manna áður en það verður að lögum, og eins má safna mönnum í fjelagið á eftir. Þó er í þessu efni eitt athugavert atriði. Samkvæmt núgildandi löggjöf eru Danir og Færeyingar jafnrjettháir og Íslendingar og hafa stundað hjer þessa atvinnu síðastliðið ár og ætla sjer að gera það í sumar. Ef á að leita til allra, sem uppfylla skilyrðin fyrir því að ganga í fjelagið, áður en það er stofnað, yrði þá líka að leita til þessara manna, en það getur tekið tíma að smala þeim saman.

Jeg er þakklátur háttv. 3. þm. Reykv. fyrir það, að hann játaði, að fyrir okkur mundi ekki vaka annað en umhyggja fyrir þeim mönnum, er þessa atvinnu stunda. Því að það hefði að sjálfsögðu mátt gera okkur getsakir, og eins og umr. fara stundum hjer á hinu háa Alþingi, megum við vera þakklátir fyrir það að hafa sloppið enn brigslyrðalaust.

Jeg get fullvissað háttv. þm. (JakM) um það, að við sjáum nú sem stendur engin önnur ráð en þetta til þess að bjarga íslensku síldarútgerðinni. Og þótt nú sje kvartað um fólksleysi í sveitunum, þá ber þess að gæta, að allur þorri þess fólks, sem síldaratvinnu stundar, er algerlega óvanur sveitavinnu og getur því ekki horfið að henni, ef síldarvinnan bregst. En þótt svo væri ekki, gæti ekki helmingurinn af síldarvinnufólki fengið atvinnu

í sveitunum, skyldu síldveiðarnar leggjast niður. Og reynslan hefir sýnt, að ekki er í annað hús að venda fyrir þetta fólk, því að um síldveiðitímann er mjög örðugt að reka nokkra aðra útgerð. Þess vegna verður að neyta allra bragða til þess að bjarga síldarútveginum frá kaldakoli.

Umr. frestað.

Á 70. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 424, 475, 479, 496).

Jakob Möller: Það er nú orðið nokkuð seint að svara því, sem sagt hefir verið hjer áður við þessa umr. Hv. frsm. furðaði sig á, að ef rjett væri það, sem jeg hefði sagt, að illa væri borgið hag framleiðenda, skyldi ekki hafa komið frá þeim mótmæli. Því er þar til að svara, að þeir eru dreifðir um land alt, hafa ekki ástæður til að kynna sjer málið og vita jafnvel ekki um frv. sumir hverjir. En ef frsm. og flm. eru sannfærðir um, að þetta sje atvinnurekendum til mikilla hagsbóta, ættu þeir ekki að vera hræddir við að gefa þeim kost á meiri hluttöku í fjelaginu en gert er ráð fyrir. Því hefir ekki verið mótmælt, að upp undir 200 menn hefðu skilyrði til að taka þátt í þessum fjelagsskap, svo það ætti að vera auðgert að fá fleiri en 20 menn til að fallast á að fara þessa leið. Það er einmitt þetta, sem mig greinir á um við hv. flm., að mjer finst ekki fært að setja lög um þetta efni, nema a. m. k. helmingur síldarútgerðarmanna vilji taka þátt í fjelagsskapnum. Háttv. frsm. sagði, að erfitt væri að ná til þessara manna. Mjer skilst, að með einfaldri auglýsingu væri hægt að skora á menn að tilkynna stjórnarráðinu, hvort þeir ætli að gera út á síld í sumar og að láta uppi álit sitt um þetta efni, og ef meira en helmingur þeirra manna, sem gæfu sig fram, fjellust á frv., þá teldi jeg fært að láta málið ganga fram.

Jeg skal ekki deila við hv. frsm. um, hve vel væri borgið hagsmunum útgerðarmanna með þessu fyrirkomulagi. Líklega yrði lítil eftirspurn eftir síld fyrsta árið, en ef vel tækist með fjelagsskapinn, kynni það að breytast til batnaðar. Annars verð jeg nú að segja, að jeg er ekki ákaflega trúaður á, að slík einkasala gefist sjerlega vel. Mjer þykir ekki ólíklegt, að stofnað verði til einhverra mótbragða, sem erfið kynnu að reynast. Mjer þykir ekki víst, að síldarkongarnir í Svíþjóð, sem hjer hefir verið gert svo mikið úr, sætti sig við að láta setja sjer stólinn fyrir dyrnar á þennan hátt. Ef þeir eru svo fjesterkir, sem sagt er, ætti þeim að veitast auðvelt að reka veiðar utan landhelgi með enn fullkomnari tækjum en Norðmenn, og jeg gæti trúað, að erfitt reyndist fyrir Íslendinga að standast þá samkepni. Hv. frsm. gat fallist á þá breytingu, að útgerðarmenn, sem gengju í fjelagið, þótt þeir ekki söltuðu síld, fengju atkvæðisrjett. Annars gerði hann ekki mikið úr því gagni, sem þeir hefðu af atkvæðisrjetti, því þeir gætu ekki haft áhrif á verð nýrrar síldar. En þeir gætu þó a. m. k. haft áhrif á stjórn fjelagsins og þannig gætt hagsmuna sinna. Sem sagt, með þessu fylgir sú hætta, að þeir menn, sem fyrst og fremst vilja gæta sinna einkahagsmuna, fá aðstöðu til að ná valdi yfir fjelagsskapnum á einn eða annan hátt. Hv. frsm. var að óttast það, að Danir og Færeyingar ættu að koma til greina í þessum fjelagsskap. Vel gæti jeg hugsað mjer, að fjelagsskapurinn væri

bundinn við búsetu hjer á landi. Jeg skil ekki annað en það væri fær leið. En hvort sem að því verður hallast eða ekki, þá er að minsta kosti engin trygging fyrir, að þeir komist ekki inn í fjelagsskapinn eins og til hans er stofnað með frumvarpinu óbreyttu, ef þeir aðeins fást við að salta eða flytja út síld. En til þess hafa þeir fullan rjett. Og eins og frv. var, þá er sannleikurinn sá, að það er engin trygging gegn því, að þeir menn, sem frv. er borið fram af ótta við, „lepparnir", næðu ekki öllum tökum á fjelaginu. Ef það er rjett, sem mjer skildist á hv. frsm. bæði nú og fyr, að meiri hluti þeirra manna, sem salta síld, sjeu í raun og veru leppar, þá er bersýnilegt, að meiri hluti þeirra, sem komast í fjelagið, yrðu leppar. Það, sem á að bjarga þessu máli, er það, að hæstv. stjórn skipi stjórn fjelagsins. En eftir tvö ár á fjelagið að kjósa stjórn sína sjálft. Og með því fyrirkomulagi er engin trygging fyrir, að leppar nái ekki tökum á því eins og áður, ef þeir sættu sig við fjelagsskapinn og biðu eftir tækifæri. Það er ekki ósennilegt, að Svíar hugsi sjer einmitt þá aðferð, ef þeir ekki gengju á móti þessu með einhverjum öðrum brögðum. Og þá er ekki sjáanlegt, að þessi fjelagsstofnun geti orðið til mikilla heilla.

Frsm. (Björn Lindal): Eins og sjá má af brtt. á þskj. 496, höfum við flm. enn þá reynt að verða við þeim óskum og athugasemdum, sem komið hafa fram við hið upphaflega frv. okkar. Og mjer er óhætt að lýsa því yfir jafnframt, að hv. þm. Borgf. og nefndin eiga sameiginlega þessa brtt. Það er með öðrum orðum tekið upp, sem hv. þm. Borgf. lagði til, að þeir gætu verið með í fjelagsstofnun, sem ætluðu sjer að stunda útveg eða síldarsöltun á yfirstandandi ári, ef þeir geta lagt fram sannanir fyrir því. Hinu ákvæðinu er líka haldið, að þeir geti líka verið með, sem fengust við slíkt á síðastliðnu ári, án þess þeir geti nú þegar fært verulega ábyggilegar sannanir fyrir að ætla að gera þetta í ár.

Þá er önnur brtt. á þskj. 496, þar sem líka er tekin upp brtt. hv. þm. Borgf. um heimil á, hve mikið megi salta. Sá galli er á, að þar hefir fallið úr eitt orð. Í brtt. stendur: „Fjelagsstjórninni er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn, hve mikla síld megi salta til útflutnings." Þarna vantar inn á milli „og krydda." Eins og hv. þm. Borgf. benti á, þá er hjer einna mest þörf á að takmarka framleiðslu kryddsíldar. Fyrst og fremst er svo miklu til hennar kostað, að það myndi verða mjög mikið tjón, ef nokkurntíma kæmi að því, að slíka síld þyrfti að setja í verksmiðju. En aftur á móti má benda á það, að síld, sem er sæmilega krydduð, endist miklu lengur en söltuð síld. Og það er vitanlegt, að ef fyrir liggja birgðir frá næsta ári óseldar, er minni hvöt fyrir menn að krydda mikið árið eftir. Þetta gæti orðið til að fyrirbyggja allan háska, sem af þessu gæti stafað. En af því að komið hafa fram raddir frá þeim mönnum, er talsvert skyn bera á þessa atvinnugrein, að heimilað væri í lögunum að takmarka veiðina, þá þótti rjett að taka þessa heimild inn í lögin, í trausti þess, að hún verði varlega notuð.

Þessar brtt. koma í stað brtt. á þskj. 475,1 og 4, sem eru teknar aftur.

Jeg vil taka það skýrt fram, að þó í frv. sjeu aðeins nefndir 20 menn, þá er átt við fjelög líka, á þann hátt, að fyrir hvert einstakt fjelag geti ekki mætt nema

einn maður. Okkur finst ekki nauðsynlegt að hafa lagatexta um þetta, því að það er undantekningarlaus regla, að slík fjelög geta ekki mætt nema fyrir munn eins fulltrúa.

Hv. 3. þm. Reykv. kom með ýmsar athugasemdir við frv., sem reyndar hafa allar við einhverja möguleika að styðjast. En jeg verð að segja, að mjer virðast þær yfirleitt allar vera með sama óheppilega markinu brendar, að þar er dregið fram alt það, sem þessum fjelagsskap gæti orðið til falls, en ekki það, sem gæti orðið honum til hags. Hv. þm. er óhætt að trúa okkur til þess, að við höfum opin augun fyrir athugasemdum hans. En við vonum, að fram hjá þessu öllu verði stýrt, ef hyggilega er að farið. Hvað snertir stofnun fjelagsins, þá er það ekki af vantrú, að við búumst við, að erfitt verði að fá nógu marga menn, og því síður sem skilyrðin eru rýmileg um það, hverjir geti verið með. En við það, sem stungið var upp á upprunalega, er búið að bæta við svo mörgum, ekki einungis þeim, sem hafa við þennan atvinnurekstur fengist á síðastl. ári, heldur þeim, sem ætla sjer það á næsta ári. Jeg tel það mikið álitamál, hvort það sje rjett að ætla sjer að safna helmingi þeirra manna, sem ætla að salta síld til útflutnings á þessu ári.

Þar sem ekki hafa komið mótmæli frá fleiri mönnum en þetta, þá finst mjer sannast að segja minni ástæða til að heimta meðmæli mjög margra manna; því að vitanlega er það erfiðara að safna meðmælum fjölda manna heldur en að safna mótmælum fjölda manna. Það er yfirleitt svo miklu auðveldara að vekja tortrygni gegn allri nýbreytni heldur en að safna mönnum undir merki fjelagsskapar.

Annars vil jeg benda á það, að Alþingi afgreiðir árlega mikið af bæði merkilegum og ómerkilegum lögum, sem meira og minna grípa inn í persónulegt frelsi manna í atvinnulífinu, án þess að þinginu detti í hug að spyrja borgarana alment. Vitanlega er ekki altaf tekið tillit til þingmálafundargerða, þegar til löggjafar kemur á þingi. Jeg játa að vísu, að hjer er um svo þýðingarmikil lög að ræða, að lengra bæri að fara en venjulega í þessu efni. Jeg hefi bent á erfiðleikana á þessu, en jeg hygg, að um leið og þetta fjelag verður stofnað verði reynt að safna svo mörgum sem unt er undir þess merki.

Áður en jeg lýk máli mínu, ætla jeg að fara örfáum orðum alment um málið, sjerstaklega vegna þess, að mikið kann að þykja í lögin vanta, þegar ekki er tillit tekið til þess, að gert er ráð fyrir stórri og mikilli reglugerð í skjóli laganna. Vitanlega eru þetta ekki ótæmandi lög. Við flm. litum líka svo á, að rjett væri að gefa atvinnumálaráðuneytinu, sem stendur í sambandi við fjelagsstjórnina, rjett til þess að skipa fyrir um einstök framkvæmdaratriði fjelagsskaparins. Það hefir t. d. verið fundið að lögunum, að engin ákvæði væru um það, hvernig útborga skuli fje fyrir síldina. En þetta á vitanlega best heima í reglugerð. Það verður að haga sjer eins og reynslan kennir, og auðvitað reyna að teygja sig sem allra lengst til þess að borga síldareigendum svo mikið og fljótt sem unt er, til þess að hjálpa við þeirra atvinnurekstri. Það hefir líka verið talinn ágalli af ýmsum, sem sjerstaklega óttast útlent fjármagn til þessa atvinnurekstrar, að ekki væri á neinn hátt sjeð fyrir lánum til þess að halda honum áfram. Jeg get sagt það, að fyrir mjer vakir að reyna að hjálpa þessum mönnum til þess að komast hjá þeim vandkvæðum, sem þeir kunna annars að lenda í af því að þeir eiga ekki

aðgang að fje frá útlöndum. Fyrir mínum augum liggur það alls ekki fjarri, að þetta fjelag geti selt fyrirfram svo og svo mikla síld og fengið fyrirfram borgun. Þessu fje mætti verja til þess að styrkja þá menn, sem ætla að stunda þennan atvinnuveg framvegis, og sjerstaklega til þess, að sem allra flest skip geti gengið á síldveiðar á næsta sumri. Það er aðalatriðið.

Jeg tók það fram í framsöguræðu minni við 1. umr. — og hv. 3. þm. Reykv. hefir líka bent á það —, að jeg álít eitthvert vandamesta atriðið í framkvæmd þessara laga að láta Svía skilja það, að hjer er ekki verið að stofna neinn okurhring til þess að gera þeim erfiðara að kaupa þessa neysluvöru sína, heldur þvert á móti. Jeg legg mikla áherslu á, að samvinna við Svía takist á þessum grundvelli. Jeg efast ekki um, að það megi takast, enda er það báðum aðiljum í hag. Og þá er engin ástæða til að óttast, að þeir fari að leggja sjerstaka áherslu á að salta síld sjálfir, eða fá Norðmenn til þess fyrir utan landhelgi. Það vita allir, sem þekkja þennan atvinnurekstur, — og Svíar eru búnir að sjá það fyrir löngu og viðurkenna —, að það er útilokað, að Norðmenn geti verkað síld fyrir utan landhelgi líkt því eins vel og við getum á landi. Svo að það er óhætt fyrir okkur að treysta því, að ef við getum boðið okkar framleiðslu fyrir líkt verð og Norðmenn, þurfum við ekki að óttast neina samkepni.

Þessi mótmæli, sem enn hafa komið fram gegn þessu fyrirhugaða fyrirkomulagi, virðast mjer harla veigalítil, og sum virðast benda á, að menn hafi ekki fylgst með þeim brtt., sem fram hafa komið. Í sambandi við það vil jeg ennþá einu sinni leyfa mjer að vekja athygli á því, að þrátt fyrir það, að mjög alvarlega hefir verið reynt að vekja andúð gegn þessu frv., — sem mjer er persónulega kunnugt um — hefir það þó ekki tekist, nema að því leyti, að einum 5 nöfnum tókst að safna á tveim stöðum undir mótmælaskjöl. Sama nafnið eitt er undir báðum skjölunum. Og þeir, sem mest mótmæla, hafa aldrei átt við síldarútgerð, heldur bara keypt síld, mest af útlendingum.

Þetta finst mjer bera órækan vott um það, að menn eru að minsta kosti mjög hikandi við að mótmæla. En mjer er kunnugt um fjölda útgerðarmanna, sem eru þessu máli eindregið fylgjandi. Og jeg vil segja, að það ættu þó að vera dálítil meðmæli með frv., þegar menn leggja jafnvel sín „princip“ í sölurnar fyrir þetta mál. Það ætti að vera sönnun fyrir því, að þeir telji það þjóðarnauðsynjamál.

Tryggvi Þórhallsson: Það eru aðeins örfá orð, sem jeg vildi segja í beinu framhaldi af því, sem jeg sagði við 1. umr. Jeg ætla ekki að koma inn á málið sjálft; jeg geri ráð fyrir að vera því fylgjandi, en áður en jeg get ráðið það fullkomlega við mig, vildi jeg fá svar við spurningu, sem jeg bar fram við 1. umr. og beindi til háttv. nefndar og hæstv. stjórnar. Jeg vakti máls á því, að málið gæti haft tvær hliðar, ekki einungis þá, sem snýr að framleiðendum hjer á landi, sem jeg geri ráð fyrir, að sje vel fyrir komið og tryggilega í frv. hvað hagsmuni þeirra snertir, og gerir mig að því leyti mjög fúsan til að fylgja frv. Jeg geri sem sje ráð fyrir, að málið hafi líka aðra hlið, sem snýr út á við, og þá sjerstaklega gagnvart frændþjóðum okkar í Skandinavíu. Jeg beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort hún vildi segja álit sitt um það, hvort samþykt þessa máls gæti ekki haft

einhver áhrif á aðstöðu okkar gagnvart Norðmönnum. Jeg vil mjög óska eftir að fá álit hæstv. stjórnar og háttv. nefndar, sem jeg geri eindregið ráð fyrir, að hafi um þetta hugsað. Vitanlega fer jeg ekki fram á annað en álit. Fái jeg ennþá ekkert svar um þetta hjá hæstv. stjórn, þá vil jeg þegar bæta því við, að þessi lög eru heimildarlög; og jeg vil krefjast þess, að það verði fullkomlega athugað, áður en farið er að framkvæma þessi lög, að ekki verði neinn árekstur út af þessu.

Jeg vil krefjast þess sömuleiðis, að hæstv. stjórn noti ekki þessa heimild nema því aðeins, að hún telji sig alveg vissa í sinni sök á þessu sviði.

Með þessu fororði geri jeg ráð fyrir að greiða atkv. með þessu frv.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg býst ekki við, að það hefði mikið að segja, þótt jeg færi að segja mitt álit á, hvernig kynni að verða litið á þetta frv. í öðrum löndum. En jeg get gjarnan sagt, að jeg get ekki sjeð, eins og frv. er nú, að það gangi á neinn lagalegan rjett annara þjóða. Hvernig þær kunna að líta á það, get jeg ekkert ábyrgst um.

Út af áskorunum hv. þm. (TrÞ) skal jeg geta þess, að það verður auðvitað athugað atriðið, sem hann nefndi. Og jeg var búinn að segja honum áður, að það yrði rækilega athugað. En hann getur líklega ímyndað sjer, að það sje ekki sjerlega hyggilegt að fara að ræða mjög mikið um slíkt í opinni deild.

Frsm. (Björn Lindal): Vitanlega hefði flm. þessa frv. aldrei komið í hug að flytja það, hefðu þeir ekki verið sannfærðir um, að ekki kæmi til mála, að á neinn hátt yrði skertur lögmætur rjettur manna hjer á landi. Jeg bendi á þetta sjerstaklega í því sambandi, að þar sem Norðmenn eru taldir eiga rjett á að selja eitthvað af sínum síldarafla til þessa lands, þá eiga þeir enga kröfu til Íslendinga um að þeir kaupi. En það er ekkert í þessum lögum, sem bannar neinum íslenskum eða dönskum borgara, — sem hafa sama rjett og við —, að kaupa af Norðmönnum hjer eftir eins og hingað til. Jeg sje því ekki, að komið geti til mála, að Norðmenn hafi nokkra rjettmæta ástæðu til þess að kvarta.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. frá meiri hl. sjútvn. (verður þskj. 502) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 496,1 samþ. með 17 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 17:1 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 475,1 tekin aftur.

— 475,2 samþ. með 16 shlj. atkv.

4. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 475,3 samþ. með 20 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 502 samþ. með 18 shlj. atkv.

— 496,2 (ný gr., verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 475,4 tekin aftur.

— 475,5 samþ. með 18 shlj. atkv.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

8.—12. gr. (verða 9.—13. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 475,6.a samþ. með 18 shlj. atkv.

— 475,6.b feld með 13:10 atkv.

— 475,6.c samþ. án atkvgr.

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

14.—16. gr. (verða 15.—17. gr). samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:1 atkv.

Á 71. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 503, 504, 505).

Of skamt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 504 og 505. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg hefi við þessar tvær umr., sem liðnar eru um þetta mál, ekki tekið til máls. En þar sem skoða má þetta frv. sem svar við þáltill., sem jeg flutti snemma á þinginu, get jeg tæplega látið málið fara út úr deildinni án þess að segja örfá orð.

Jeg vildi þá fyrst þakka háttv. sjútvn. fyrir það, að hún vill reyna að greiða úr þessu máli, bæta úr þeim agnúum, sem verið hafa á þessum atvinnuvegi undanfarin ár. En jeg býst við, að þetta verði erfitt í framkvæmdinni og hæpið, að þetta verði til nokkurra verulegra bóta, eða geti orðið til þess að styðja þessa atvinnugrein eins og þörf væri á, gera hana tryggari og öruggari. Jeg lít svo á, að fullkomnar endurbætur geti ekki komist á nema gengið sje enn lengra í þessum umbótum. Jeg hygg, að ekki verði hægt að koma góðu skipulagi á þennan atvinnurekstur nema þjóðfjelagið eða fjelög kaupi síldarverksmiðjurnar. Meðan útlendir menn hafa öll ráð á rekstrinum, býst jeg ekki við, að þetta geti orðið að fullkomnu gagni. Það má vera, — og vona jeg það með hv. meiri hl. nefndarinnar, — að þetta sje spor í rjetta átt og bæti að einhverju leyti úr. En jeg vona það, ef önnur heppilegri leið verður fundin, þá verði hún undir eins tekin og alt gert, sem hægt er, til þess að ráða hjer bót á. Nefndin á þakkir skilið fyrir, að hún vill gera sitt til þess að koma betra skipulagi á síldarmálin. Mjer er það vel ljóst, að það er ekki hægt á stuttum tíma að koma hjer skipulagi á, sem að haldi má koma. Það tekur vafalaust nokkurn tíma að koma þessu í kring, með kaup á verksmiðjunum o. fl., hvort sem það er nú ríkið eða fjelag einstakra manna, sem gerir það. Og það myndi kosta mikið fje. En væri hægt að ráða fram úr þessum málum á annan hátt, teldi jeg það vel farið. En jeg verð að játa, að sú leið, sem hjer er lagt til, að farin verði, að jeg hefi ekki trú á, að hún komi að fullu haldi, en jeg vona þó, að hún bæti nokkuð úr mestu ókostunum á því skipulagi, er verið hefir og mönnum hefir lítt verið viðráðanlegt.

Jeg býst við, eigi gott skipulag að komast hjer á, að þá þurfi þeir menn, er mál þetta hafa til meðferðar, að hafa heimild til þess að takmarka síldarsöltunina og grípa inn í, ef nauðsyn þykir. Þó eigi sje hjer farin sú leið, er jeg benti á og sem jeg hefi mesta trú á, að að gagni megi koma, þá harma jeg það ekki svo mikið í sjálfu sjer í þetta sinn. Jeg vona, að hjer sje spor stigið í rjetta átt til frekari undirbúnings og fullkomnunar þessa atvinnuvegar. Með þetta fyrir augum ætla jeg að greiða frv. atkv.

Jón Kjartansson: Jeg býst við, að fáir hefðu trúað því í þinglokin í fyrra, þegar síðasta einkasala ríkisins var kveðin niður, að hið sama þing ætti eftir að knýja fram einkasölufrumvarp, með afbrigðum frá þingsköpum, og það þegar á næsta ári. Maður hefði ekki búist við því þá, að

einkasölufrv., í hverri mynd sem er, ætti afturkvæmt á Alþingi. En nú hefir reyndin orðið önnur, eins og háttv. þdm. hafa orðið varir við. Ekki er langt síðan samþykt var hjer í deildinni frv. um að veita Búnaðarfjelagi Íslands einkasölu á tilbúnum áburði, og í kvöld á svo að samþykkja heimild til að veita fjelagi einstakra manna einkasölu á útfluttri síld.

Áður en fundur þessi kom saman, sagði einn reyndasti þm., er nú á sæti á þingi, að einkasölufrv. gengju svo fljótt í gegnum þingið, að maður hefði ekki áttað sig á þeim fyr en þau væru orðin að lögum. Eru þetta orð að sönnu.

Jeg hefi ekkert lagt til þessa máls fram að þessu. Afstaða mín hefir verið sú, að jeg greiddi atkvæði móti frv. við 1. umr., en við 2. umr. ljet jeg það afskiftalaust. Jeg vil nú gera nokkra grein fyrir atkv. mínu.

En áður en jeg kem að málinu sjálfu, finst mjer rjett að minnast lítillega á eitt atriði, sem oft kom fram í ræðu háttv. frsm. (BL) bæði við 1. og 2. umr. Hann talaði mikið um fórn af hálfu sjávarútvegsins, einkum síldarútvegsins, til landbúnaðarins vegna kjöttollssamningsins norska. Mjer kom þetta mjög á óvart, því að jeg kannast ekki við, að Alþingi hafi látið neina fórn í tje. Mjer er óhætt að fullyrða, að þegar Alþingi lagði síðustu hönd á kjöttollssamninginn, þá var það ákveðið tekið fram, að að engu leyti skyldi haggað grundvallaratriðum fiskiveiðalaganna. Og til þess að sanna mál mitt vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr tilkynningu stjórnarinnar um kjöttollssamninginn. Þar segir fyrst:

„Gegn þeirri niðurfærslu á kjöttollinum, sem áður hefir verið auglýst, hefir Norðmönnum verið heitið því, sem hjer greinir, um framkvæmd fiskiveiðalaganna m. m., um leið og það hefir verið tekið skýrt fram, *að ekki væri unt að slaka neitt til á grundvallaratriðum fiskiveiðalöggjafarinnar,* meðal annars því grundvallaratriði, að erlendum fiskimönnum er óheimilt að nota land eða landhelgi, beinlínis eða óbeinlínis, til þess að reka fiskiveiðar þaðan eða þar.“

Síðast segir svo:

„Þess er sjerstaklega getið, að engin tilslökun hefir verið gerð um veiði eða verkun eða umhleðslu í landhelgi eða á höfnum inni, og þá eigi heldur um verkun í landi eða flutning á veiði í land.“

Eins og hv. þdm. muna, voru það aðallega 4 atriði eða ívilnanir, sem um ræðir í samningnum. Jeg ætla ekki að taka þau upp nú, því að þm. kannast víst við þau. En jeg vil minna á, að það var skýrt tekið fram af Alþingi, og þar á meðal hv. þm. Ak., að hjer væru engar nýjar ívilnanir á ferðinni og ekki aðrar en þær, sem útlendingar höfðu áður og hafa enn. Af þessu sjest, að það er ekki rjett hjá hv. frsm., að hjer hafi verið um fórn að ræða til landbúnaðarins vegna afgreiðslu kjöttollssamningsins. Alþingi ætlaðist a. m. k. ekki til þess, að nokkur slík fórn væri þar látin í tje. Hafi framkvæmd fiskiveiðalaganna farið á annan veg en Alþingi ætlaðist til, þá er það alls ekki af því, að Alþingi hafi í nokkru slakað til eða að það hafi fórnað neinu. Því verður þar engu um kent. *(TrÞ*: Hverjum er það þá að kenna?). Hverjum er það þá að kenna, spyr hv. þm. Str. Jeg veit ekki, hvort framkvæmd þessara laga er á nokkurn annan hátt en á að vera. En ef svo er, þá er það ekki að vilja Alþingis, að svo er, og þá fyllsta ástæða til þess, að

Alþingi taki þessa hlið málsins til sjerstakrar athugunar.

Jeg taldi rjett, að þetta kæmi hjer fram, þar sem hv. frsm. hefir talað svo mikið um fórn í þessu sambandi.

Þá kem jeg að frv. því, sem hjer liggur fyrir. Jeg játa, að jeg hefi ekki þá þekkingu á þessum málum, sem æskilegt væri. Þó óttast jeg, að hv. flm. nái ekki öllu, sem þeir vildu hafa náð, með að fara þessa leið. Einnig óttast jeg, að mál þetta kunni að hafa hlið, sem snýr út á við.

Mjer hefir skilist, enda kom það skýrt fram bæði hjá hv. frsm. og einnig hjá hv. 3. þm. Reykv., að aðalvandræði þessa atvinnuvegar, síldveiðinnar og síldarverslunarinnar, væru hin sömu og víða á sjer stað með aðrar framleiðsluvörur okkar, sem sje þau, að markaðurinn er of þröngur, aðeins bundinn við eitt land, Svíþjóð. Þetta er alveg sama aðstaðan og var og er enn að miklu leyti með kjötið, þar sem kjötmarkaðurinn er einnig aðeins bundinn við eitt land, Noreg. En hvernig fór Alþingi að, þegar það vildi reyna að bæta úr vandræðunum með kjötmarkaðinn? Engum kom víst til hugar þá, að ríkið færi að taka einkasölu á kjöti, og því síður að það færi að fela fjelagi einstakra manna einkasölu á öllu kjöti. Nei, Alþingi fór þar aðra leið, og hárrjetta að mínu áliti. Það fól Sambandi íslenskra samvinnufjelaga að afla nýrra markaða fyrir kjöt og tók á sig kostnað þann, er af þessu leiddi. Og nú á þessu þingi hefir verið stigið enn stærra spor í þessa átt, þar sem lagt hefir verið fram mikið fje til byggingar kæliskips. Jeg hygg, að þessa eða svipaða leið hefði átt að fara hjer, en alls ekki að setja á einkasölu, hvorki ríkiseinkasölu eða einstakra manna, til þess að annast sölu síldar. Jeg tel það uppgjöf á stefnu hinnar frjálsu samkepni, ef þessi leið er farin. Það á að styrkja einstaka menn eða fjelög til þess að leita nýrra markaða.

Það má vel vera, að ýmsar aðrar umbætur þurfi að gera á síldarsölunni, en jeg fæ ekki skilið, að til þess þurfi einkasölu, heldur megi vel gera þær umbætur á annan hátt.

Á þinginu 1921 var svipað frv. á ferðinni í þinginu, sem fór fram á veitingu svipaðrar heimildar og þetta til handa stóru fjelagi. Þó var þar betur tryggður rjettur hinna smærri útgerðarmanna en hjer er gert. En fyrir þessu frv. fór svo, að þegar það hafði gengið í gegnum Ed., var það gerbreytt. Var úr því orðin algerð ríkiseinkasala. Jeg vil ekki spá því, að eins fari í þetta sinn, en ekki kæmi mjer á óvart, að sá yrði endir málsins. Þó frv. fari út úr þessari hv. deild aðeins í heimildarformi, eða verði þannig afgreitt frá Alþingi, þyrfti engan að undra, þótt endirinn yrði algerð ríkiseinkasala eins og 1921. Mjer hefir virst, sem sigurbros leika um andlit hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald), og vænti jeg, að það sje ef til vill fyrirboði þessara tíðinda.

Jakob Möller: Við hv. 2. þm. Eyf. eigum saman nokkrar brtt. á þskj. 505, en jeg tel óþarft að vera fjölorður um þær, þar sem jeg hefi lýst þeim áður, og koma þær því ekki háttv. þingdeildarmönnum á óvart, og vita þeir vel, hvað þær fjalla um. Jeg vil aðeins geta þess, að brtt. 3—4 eru báðar um eitt og hið sama og eru bornar fram sjerstaklega af hv. 2. þm. Eyf., — að heimili og varnarþing fjelagsins sje á Siglufirði, í stað Akureyrar í frv., en háttv. þm. (BSt) mun sjálfur mæla fyrir þeim. Þá er brtt. við 3. gr. frv. frá mjer, er jeg tel mjög nauðsynlega, hvort sem hún verður samþykt

eða ekki, að „allir, sem gera út skip á síldveiðar, eða salta síld eða krydda til útflutnings, eigi rjett á að vera fjelagsmenn", í stað þess að frv. segir „skuli teljast", enda er það vafasamt, hvort það gefur öðrum rjettinn en þeim, sem salta og krydda síld til útflutnings. Samkv. 1. gr. verða þeir einir meðlimir, sem taka þátt í stofnun fjelagsins, en aðrir ekki. Jeg álít, að þessi brtt. mín sje til talsverðra bóta og sje svo augljós, að ekki þurfi að skýra hana frekar.

Um atkvæðisrjettinn held jeg að verði ekki ágreiningur, að þeir, sem setja aflann á land, en salta ekki til útflutnings, komi einnig þar til greina. En um hitt mun verða talsverður ágreiningur, að til þess að fjelagið geti öðlast rjett til að taka að sjer sölu síldarinnar þurfi fullur helmingur þeirra, sem þessa atvinnu stunda, að hafa tekið þátt í stofnun fjelagsins. En þar eð jeg hefi áður talað fyrir þessari breytingu á frv., orðlengi jeg ekki um það að þessu sinni.

Að öðru leyti get jeg tekið undir orð hv. þm. V.-Sk. (JK) um þetta, sem bæði jeg og aðrir hafa líka áður bent á, og jeg vil bæta því við, að mjer þykir ekki ósennilegt, að verði frv. þetta samþykt, muni fleiri slík frv. koma á eftir og að farið verði fram á, að heimild þessari verði breytt í ríkiseinkasölu, enda er það fyrirkomulag eðlilegast, ef einkasala á að viðgangast á annað borð. Jeg tel t. d. ekki ólíklegt, að upp verði teknar einkasölur á fleiri útfluttum afurðum, t. d. á saltfiski, sem er mjög skylt mál. Þar eru mjög svipaðar ástæður oft og tíðum, framleiðslan verður meiri eitt árið en annað og verðfall verður oft mikið og stórkostlegt á saltfiski, svo að framleiðslukostnaður, sem er ennþá meiri en á síldinni, fæst naumlega og alls ekki endurgreiddur af söluverði fisksins, og er þar ennþá meiri hagsmuna að gæta, vegna þess að bæði er þessi vara, saltfiskurinn, miklu verðmætari vara en síldin og framleiðsla og vörumagn miklu stórfeldara. Háttv. deild ætti því að gefa nánari gaum að þessu og athuga vel, inn á hvaða braut verið er að fara með þessu frv.

Bernharð Stefánsson: Háttv. 3. þm. Reykv. hefir nú gert grein fyrir brtt. okkar á þskj. 505, og þarf jeg því ekki að ræða þær að mun. Jeg mun því aðeins fara nokkrum orðum um þær þeirra, sem sjerstaklega koma mjer við.

Þegar þetta mál var til 2. umr., hafði jeg kvatt mjer hljóðs, en fjell frá því aftur af sjerstökum ástæðum. Hafði jeg þá ætlað mjer að gera nokkrar athugasemdir við ræðu hv. frsm. (BL), en jeg get þá alveg eins notað þetta tækifæri til þess.

Hv. frsm. sagðist þá (við 2. umr.) ekki geta frætt mig meira um það, hvaða fylgi þessi fjelagsstofnun hefði meðal þeirra manna, sem atvinnuveginn stunda, en hann hefði þegar áður gefið upplýsingar um. En hann hjelt því hinsvegar fram, að málið hefði mikið fylgi meðal þeirra manna, sem aðeins hefðu innlendra hagsmuna að gæta, en hv. frsm. lagði engin gögn fram til sönnunar þessari staðhæfingu sinni, eða skýrði frá, hvernig hann hefði komist að raun um þetta. Hann játaði einnig, að það væri rjett, sem jeg hafði sagt, að erfitt væri að vita, hverjir það væru, sem aðeins hefðu innlendra hagsmuna að gæta, og hverjir ekki. En þá hygg jeg líka, að erfitt sje að segja, hvort fylgi við málið fer eftir þessu. Úr því að erfitt er að þekkja þessa tvo flokka (sauðina og hafrana), verður einnig erfitt

að vita, hvort fylgið er eingöngu frá þeim heilögu.

Þá sagði hv. frsm. einnig, að þó teknir væru allir, sem þennan atvinnuveg stunda, hefðu ekki komið fram mótmæli nema frá einum 3 mönnum, en í dag hefir hv. frsm. þó bætt 2 nýjum mönnum við, samkvæmt nýjum upplýsingum, og verða þá mótmælendur 5 alls, samkv. sögn hv. frsm., og hann gat þess líka, að hann mundi ekki hafa látið undan, þótt þeir hefðu verið 30, sem mótmæltu frv. hans. En við þetta er það að athuga, að það liggja heldur engar upplýsingar fyrir um, að nein meðmæli hafi komið fram. Því eftir því, sem þinginu er frekast kunnugt um, hafa enn til þessa tiltölulega fáir af þessum atvinnurekendum látið uppi álit sitt um þetta mál. Annars verð jeg að segja það, að jeg legg annan skilning í samþykt útgerðarmannafjel. á Akureyri en háttv. frsm., og jeg lít svo á, að fjelagið sje að minsta kosti ekki fylgjandi þessu máli, og að því leyti er jeg sammála hv. 3. þm. Reykv., að jeg eins og hann tel símskeytið frá Akureyri frekar mótmæli en meðmæli með frv.

En svo höfum við þm. Eyf. nýlega fengið skeyti frá stjórn útgerðarmannafjelagsins á Siglufirði, þar sem hún mótmælir þessu frv. Mjer skilst, að þetta skeyti sje sent fyrir hönd alls fjelagsins, fyrir hönd nær allra útgerðarmanna á Siglufirði. Jeg tel því ekki rjett, að það sjeu aðeins 5 menn, sem hafi mótmælt frv.; hitt er víst, að þeir eru miklu fleiri. Jeg veit að vísu ekki, hversu fjölment útgerðarmannafjelagið á Siglufirði er, en fleiri munu þó í því vera en stjórnin ein. Samkvæmt þeim gögnum, sem þegar liggja fyrir í þessu máli og jeg veit um, verð jeg því að líta svo á, að það sje mjög vafasamt, hvort fjelagsstofnunin hefir meirihlutafylgi rjettra aðilja. En eins og jeg hefi áður tekið fram, verð jeg að telja það skilyrði fyrir því, að fjelagið komi að tilætluðum notum. Nokkuð öðru máli væri að gegna, ef hjer væri um ríkiseinkasölu að ræða. Þá þyrfti ekki að taka eins mikið tillit til vilja þeirra, sem hlut eiga að máli, því að stjórn fyrirtækisins væri þá í höndum ríkisins. En hjer er um fjelagsstofnun að ræða, og fjelagið á sjálft að ráða sínum málum, þegar stundir líða. En hvernig getur sá fjelagsskapur blessast, ef meiri hluti fjelagsmanna er nauðugur í fjelaginu?

Svo að jeg víki aftur að mótmælum Siglfirðinga, skildist mjer á hv. frsm., að hann vildi ekki taka mikið tillit til álits þeirra; því þó hagur allra Siglfirðinga væri bundinn við síldina, þá væri það þó tiltölulega lítið við síldveiðar þeirra sjálfra, heldur við ýmislegt annað. Hv. frsm. nefndi útsvör í því sambandi o. fl. Mjer þykir nú undarlegt, ef ekki á að taka neitt tillit til þeirra manna, sem eiga allan sinn hag undir síld, eins og hv. frsm. orðaði það, og þá sjerstaklega til álits síldarútgerðarmanna, þó að þeir eigi heima á Siglufirði. Jeg skal taka það fram, að þótt jeg sje af sumum kallaður þm. Siglfirðinga, geri jeg ekki kröfu til, að tekið sje meira tillit til Siglfirðinga en annara, sem hlut eiga að máli, en jeg verð að krefjast þess, að þeir njóti jafnrjettis á móts við aðra og vilji þeirra tekinn til greina jafnt og annara. Hv. frsm. tók það fram til að forðast misskilning, að hann sagði, að hann væri alls ekki að bera útgerðarmönnum á Siglufirði leppmensku á brýn, og er þá af þeirri ástæðu engin ástæða til að taka ekki fullt tillit til álits þeirra.

Vegna þessa vafa um fylgi rjettra aðilja við málið tel jeg of lítið, að einir 20 menn geti skyldað alla aðra til að ganga í fjelagið eða hlíta gerðum þess. Jeg tel það ekki mega minna vera en helming allra, sem þessa atvinnu stunda, og þess vegna hefi jeg gerst meðflm. að brtt. á þskj. 505 við 1. gr. frv. Jeg get ekki skilið, að máli þessu þurfi að verða það eitt að falli, þó brtt. þessi verði samþykt, ef það á annað borð hefir það fylgi atvinnurekenda, sem af er látið. Það ætti því ekki að geta neitt ilt af því hlotist, þó að svo sje ákveðið, að helmingur þessara atvinnurekenda verði að taka þátt í fjelagsstofnuninni, ef veita á fjelaginu algerða einkasölu á síld. Þess vegna tel jeg nauðsynlegt, að þessi brtt. okkar verði samþykt.

Jeg hefi áður bent á það, að frv. er svo seint fram komið, að engin tök eru á að athuga það sem skyldi, þegar um slíkt stórmál er að ræða sem þetta. Jeg hefði því talið rjettara að samþykkja till. frá hv. 2. þm. Árn. (JörB) um skipun milliþinganefndar til að athuga þetta mál, og jeg tel ekki forsvaranlegt að samþykkja frv., nema brtt. okkar hv. 3. þm. Reykv. verði samþykt.

Út af því, sem jeg talaði um, að fjelagið hefði ekkert fje til umráða í byrjuninni, játaði hv. frsm., að það gæti verið óþægilegt og sagði, að vel mætti bæta úr þessu með reglugerð. Nefndin hefir þó ekki gert neitt til að ráða fram úr þessu. Jeg hefi aðeins bent á þetta, en sje svo ekki ástæðu til að skifta mjer af þessu frekar.

Þá kem jeg að þeim brtt. á þskj. 505, sem jeg ber sjerstaklega fram, um að varnarþing og heimilisfang fjelagsins skuli vera á Siglufirði, í stað Akureyrar. Þetta var eitt af því, sem jeg vjek að við 2. umr., og jeg spurði þá, hvers vegna þetta ákvæði hefði verið sett þannig í frv. Hv. frsm. sagði, að um þetta mætti deila í það óendanlega, og hann færði engin rök fyrir því, að Akureyri væri sjálfsagður staður til þessa. En þessi tillaga mín byggist á því, að Siglufjörður er, eins og kunnugt er, miðstöð þessa atvinnuvegar, og tel jeg því eðlilegast, að heimili og varnarþing fjelagsins sje þar og álít, að þar mundi aðstaðan verða hægust. Hinsvegar viðurkenni jeg, að þetta er ekki svo stórt atriði, að bein ástæða sje til að gera það að kappsmáli; en úr því að ekki hafa komið fram neinar ástæður fyrir því, að annar staður sje betri, vildi jeg ekki láta undir höfuð leggjast að bera fram þessa brtt.

Þá hefi jeg óskað eftir, að nefndin taki til athugunar beiðni, sem mjer hefir borist úr mínu kjördæmi, um að undanskilja einkasöluákvæðunum kryddsíld og aðra síld, sem verkuð er á alveg sjerstakan hátt, svo sem sykursaltaða, flatta og linsaltaða síld. Jeg fjekk leyfi hv. nefndar til að koma á fund til hennar og ræða þetta atriði við hana þar. Hv. nefnd kvaðst mikið hafa um þetta mál hugsað, en kvaðst þó ekki sjá sjer fært að taka þetta upp í frv. og vildi ekki fallast á ástæður þær, sem jeg bar fram. Jeg sá því, að það var ekki til neins að bera fram brtt. um þetta efni gegn eindregnum vilja nefndarinnar.

Jeg tel, eins og jeg þegar hefi tekið fram, forsvaranlegt að samþykkja þetta frv., ef aðalbrtt. mínar og hv. 3. þm. Reykv. verða samþyktar, en verði þær ekki samþyktar, mun jeg greiða atkvæði á móti frv. Milliþinganefnd hefði verið æskileg í þessu máli, til þess að það kæmi þá betur undirbúið og athugað fyrir næsta þing, og jeg tel ekki líklegt, að það velti á mjög miklu, hvort þessar ráðstafanir verða gerðar í ár eða næsta ár. En ef

hv. deild vill láta þetta mál ganga fram nú á annað borð, þá vona jeg, að hún fallist á brtt. okkar hv. 3. þm. Reykv., því með því eina móti álít jeg, að frv. megi ganga fram nú.

Magnús Torfason: Jeg stend ekki upp til þess að halda neinar hrókaræður; heldur aðeins til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu. Jeg hefi ekki getað sannfærst um, að frv. þetta komi að tilætluðum notum fyrir síldarútveginn, og auk þess eru í frv. ýms fyrirkomulagsatriði, sem mjer geðjast ekki að. Hinsvegar verð jeg að játa, að síldarútvegsmenn eigi mest á hættu í þessu efni og eigi mest um þetta að vjela sjálfir. En af því að jeg er ekki viss um, að frv. verði að neinum notum, vil jeg enga ábyrgð bera á lagasmíð þessari, og greiði því ekki atkvæði um frv. Þó áskil jeg mjer rjett til að greiða atkv. um einstakar brtt.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi ekki skift mjer neitt af samningu þessa frv. nje gert við það brtt. fyr en nú, enda þótt í því sjeu ýmisleg ákvæði, sem jeg hefi illa getað felt mig við. Hinsvegar ber jeg nú fram eina brtt. um stjórn fjelagsins. Eftir frv. sjútvn. er ætlast til, að atvrh. skipi fyrstu stjórn fjelagsins til 4 ára, en þá verður búið að draga út alla þá stjórn, og er ætlast til, að fjelagsmenn kjósi ætíð nýja menn í stað hinna, er fara. Er eftir frv. ætlast til, að smámsaman verði eingöngu fjelagsmenn í stjórninni. En nú þykir það hlýða, að verkalýðurinn, sem hagsmuna hefir að gæta í þessum málum, hafi nokkurt atkvæði um þessi mál, og því er þessi tillaga fram borin. Hún fer fram á það, að þriðja mann í stjórn fjelagsins skipi ráðherra eftir tillögum stjórnar verklýðssambands Norðurlands á Akureyri. Og er sá maður fer frá eftir hlutkesti, skal fjelagið velja mann í stjórnina eftir tillögum stjórnar verklýðssambandsins. Í því sambandi eru verkalýðsfjelög um alt Norðurland, en helstu og stærstu fjelögin eru á Akureyri og Siglufirði. Eru því í sambandinu menn, sem hlut eiga að máli, og full vissa fyrir, að þeir gætu lagt til mann, sem fult vit hefir á málinu og veit, hvað verkalýðnum er fyrir bestu. Menn hljóta að sjá það, að oft getur verið freisting fyrir fjelagsstjórnina til að halda síldinni í fullháu verði, enda þótt hv. flm. og frsm. þeirra (BL) leggi áherslu á, að svo verði ekki. Held jeg, að maður frá verkalýðnum gæti orðið til hinnar mestu þurftar í slíku tilfelli.

Jeg skil ekki í öðru en að hv. flm. frv. geti fallist á þessa brtt. Ef þetta skipulag kemst á, verður það til stuðnings fyrir fjelagsskapinn og til þess að gera hann vinsælari — enda mun síst af veita.

Þá vil jeg víkja að einu atriði í 14. gr. frv. Það er þetta ákvæði, að menn eiga að greiða atkvæði eftir tunnum, en ekki eftir höfðatölu. Þetta mun sett í líkingu við hlutafjelögin, þar sem ákveðið er, að krónurnar greiði atkvæði, en ekki mennirnir. Eins er það hjer, að í raun og veru eru það tunnurnar, sem greiða atkvæði. 200 tunnur hafa þannig 1 atkv., þó þannig, að enginn má fara með fleiri en 35 atkv., hvað sem hann hefir umboð fyrir margar tunnur. Þetta fyrirkomulag er mjög óheppilegt. Vitanlega er ákvæðið um 35 atkvæði helber hjegómi, og sá maður, sem hefir 10 þús. tunnur, getur auðveldlega hagað því svo, að hann fengi 50 atkv., með því að skifta atkv. sínum á aðra. Slíkt er algengt í hlutafjelögum, og fyrirkomulagið í 14. gr. gefur óneitanlega tilefni til, að svo verði einnig hjer. Álít jeg þetta vera eitt af lakari ákvæðum frv. —

Þess má geta, að flm. hafa sjálfir verið svo hræddir við þetta, að þeir ákveða í frv., að landsstjórnin skipi fyrstu stjórn fjelagsins, því að annars var hætta á, að enginn Íslendingur kæmist í stjórnina.

Sje jeg ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Vænti jeg þess, að hv. þdm. taki brtt. mína til greina, því að hún er áreiðanlega til bóta.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg er hræddur um, að ekki náist allur sá góði tilgangur, sem hv. flm. hafa með frv. þessu. Held jeg, að þeir verði fyrir vonbrigðum, ef þeir gera sjer miklar vonir um gagnsemi þessa frv. fyrst um sinn. Þó held jeg, að það sje spor í rjetta átt, og mun jeg því greiða atkvæði með því. Þetta er spor, sem þarf að stíga, til þess að útiloka óeðlilega samkepni þeirra manna, sem ekki eiga að hafa leyfi til að stunda veiðar eða keppa við Íslendinga um síldarsöluna, sem sagt, spor til að eyða leppunum. En þeir held jeg, að sjeu fleiri hjer á landi en flesta grunar, og skaðlegri atvinnuvegum vorum en menn hafa alment gert sjer grein fyrir.

Frsm. (Björn Líndal): Þess er ekki að vænta, að jafnstórt mál og þetta gangi orðalaust gegnum deildina, enda hefir nú verið allmikið um það rætt, og ekki enn sjeð fyrir endann á þeim umræðum. Býst jeg við að þurfa að tala nokkra stund, því að mörgu er að svara.

Fyrst mun jeg snúa mjer að brtt. þeim, sem fram eru komnar, og tek jeg fyrst þá, sem hendi er næst, brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) á þskj. 504. — Verð jeg að segja, að mjer þykir undarlegt, þegar ekki er farið fram á það í frv., að þeir, sem mest eiga á hættu, fái nokkru að ráða um fyrstu stjórn fjelagsins, að þá eigi verklýðssamband Norðurlands að ráða, hver verður einn fulltrúi í stjórninni. Fjöldi þeirra manna, sem í því sambandi eru, kemur aldrei nærri síldarvinnu, heldur stundar öll verk önnur. Það hefði ekki verið bein fjarstæða að stinga upp á því, að Sjómannafjelagið kysi einn fulltrúa, en hitt nær auðvitað engri átt, og það því síður, sem hvorki framleiðendur nje síldarkaupmenn eiga nokkru að ráða um fyrstu stjórnina.

Þá eru brtt. á þskj. 505, frá þeim hv. 3. þm. Reykv. (JakM) og hv. 2. þm. Eyf. (BSt). Hinni fyrstu þeirra er jeg í raun rjettri búinn að svara við 2. umr. þessa máls. Till. vill sem sagt breyta 20 í helming allra, er í fyrra ljetu salta síld eða krydda eða gerðu út skip á síldveiðar, eða ætla að stunda slíka atvinnu á yfirstandandi ári. Það er sem sagt ómögulegt að vita, hverja á að taka með og hverja ekki, og enn síður unt að safna þeim saman. Þeir eru úti um alt, utan lands og innan. Auk þess getur fjöldi manna ekki sagt neitt ákveðið um það ennþá, hvort þeir muni stunda þessa atvinnugrein í sumar eða ekki. Auk þess eru margir, sem ekkert ákveðið geta um þetta sagt fyr en sjeð er, hvernig fer um þetta frv. Jeg held, að samþykt þessa frv. sje skilyrði fyrir því, að þeim mönnum geti fjölgað, sem við síldarverkun og síldarsölu fást. Ástandið, sem nú er, er ískyggilegt; líkur eru nú fyrir því, að mikið af síldveiðaflotanum standi uppi í sumar, ef ekkert er að gert. Jeg tel því þessa till. bein fjörráð við frv. Það er alveg ómögulegt að fullnægja skilyrðum hennar svo snemma, að hægt verði að stofna fjelagið á þessu ári. Fjelagið þarf að stofna sem allra fyrst, en það tæki tíma, þótt framkvæmanlegt væri, að safna saman helmingi þeirra, sem söltuðu o. s. frv. síðasta sumar og ætla að gera

það nú. 2. brtt. á þessu þingskjali skiftir engu máli fyrir mig, ef hún ætti ekki að koma í stað 3. gr. Mjer virðist það auðsætt, er 1. gr. er athuguð, að allir þeir, sem rjett hafa til að stofna fjelagið, hafi einnig rjett til að vera fjelagsmenn. Lít jeg því svo á, að brtt. sje algerlega öþörf. En hún má alls ekki koma í stað 3. gr. Jeg álít, að hver maður, sem felur fjelaginu síld til útflutnings, eigi að vera fjelagsmaður. Þeir menn eiga meiri hagsmuna að gæta en útgerðarmenn, sem aðeins veiða síldina, en eiga ekkert við sölu hennar nje hafa af henni nokkra áhættu. Jeg verð að segja, að jeg get ekki sjeð í fljótu bragði, að rjett sje að láta menn, sem aldrei koma nálægt síldarverslun, hafa atkvæðisrjett um hana. — Þá eru 3. og 4. brtt. Jeg bjóst altaf við, að þær mundu koma fram, en því er fljótsvarað, af hverju jeg valdi heldur Akureyri. Af því að síldin er nær eingöngu veidd fyrir Norðurlandi, virðist sjálfsagt að hafa aðsetur fjelagsins þar. En það virðist heppilegra að hafa það á Akureyri en Siglufirði af ýmsum rökum. Í fyrsta lagi eru þaðan greiðari samgöngur og betra símasamband um landið. Í öðru lagi eru bankar á Akureyri, og skiftir það mjög miklu máli. Í þriðja lagi er hægara að fá gott húsnæði fyrir skrifstofur á Akureyri, þótt það megi að vísu frekar teljast aukaatriði. Loks hygg jeg, að ljettara verði að fá þar vel hæfa menn til starfsins. Jeg hygg, að vandfengnir verði vel hæfir menn í stjórnina, en að Siglfirðingum alveg ólöstuðum, hygg jeg, að betra mannval sje á Akureyri og ljettara verði að fá þangað góða menn. — Jeg geri ráð fyrir, að fjelagsstjórnin hagi framkvæmdum sínum sem haganlegast fyrir alt fjelagið, en á Siglufirði eru dýrari lóðir og minna pláss, svo að leggja verður áherslu á að senda síldina sem fyrst frá Siglufirði, en láta Eyjafjarðarsíldina mæta afgangi. Eyjafjarðarsíldin verður því sennilega lengst geymd og þarf því mests eftirlits við af stjórnarinnar hálfu. Þá er og hægara að koma við þar og annarsstaðar við Eyjafjörð tilraunum um nýjar verkunaraðferðir, en það er einmitt takmark fjelagsins að stuðla að þeim. — Þá er 5. brtt. á þessu þskj., um að bæta við þá, sem atkvæðisrjett hafa á aðalfundi, þeim, sem hafa veitt sem svarar 200 tunnum saltaðrar síldar. Það er það sama á móti þessari brtt. og þeirri við 3. gr. Eiga þeir menn, sem hvorki koma nærri síldarverkun nje síldarverslun, að hafa atkvæði í fjelaginu, ef þeir aðeins hafa einhvernveginn veitt 200 tn. af síld og selt þær til skepnufóðurs eða í verksmiðjur? Að mínu viti hafa þeir enga sanngirniskröfu til slíks. Er jeg því á móti þessari brtt.

Þá þykir mjer rjett að fara fám orðum um þau andmæli, sem fram hafa komið gegn frv. í heild sinni, og þær aths., sem gerðar hafa verið við það. — Hv. 3. þm. Reykv. hefi jeg engu sjerstöku að svara. Honum svara jeg um leið og jeg svara hv. 2. þm. Eyf. Hann sagði, að undirbúningur undir frv. væri í engu lagi og að við gætum ekki sagt, að þeir útgerðarmenn, sem andmælt hafa frv., hefðu annara hagsmuna að gæta en íslenskra. Þeir, sem hann virðist taka mest tillit til, eru 3 útgerðarmenn á Siglufirði, sem sent hafa skeyti um málið. Mjer er nú sönn ánægja að kryfja þetta skeyti til mergjar. Í fyrsta lagi stendur aðeins undir skeytinu „Í stjórn útgerðarmanna í Siglufirði.“ En þeir koma ekki fram fyrir hönd fjelagsins, eins og m. a. má marka af því, hvernig þeir byrja skeytið: „Undirritaðir útgerð-

armenn í Siglufirði.“ Hvergi er heldur talað um neina atkvgr. eða umboð. Og hverjir eru þessir menn, sem skrifað hafa undir? Sá fyrsti er norskur konsúll á Siglufirði, annar er verslunarstjóri fyrir útlenda selstöðuverslun og sá þriðji er skrifstofumaður hjá norskum kaupmanni. Það virðist því ekki ofmælt, þótt sagt sje, að þessir herrar hafi fleiri hagsmuna að gæta en íslenskra. Tveir þessara manna hafa aldrei nálægt útgerð komið, svo jeg viti. Með leyfi hæstv. forseta vildi jeg mega lesa upp þetta ágæta Siglufjarðarskeyti. Þar stendur í upphafi:

„Undirritaðir útgerðarmenn í Siglufirði telja frumvarp það til einkasölu á síld, er fram er komið á Alþingi, stefna síldarsölumálum Íslendinga yfir höfuð mjög í tvísýnu meðan ekki er ráðin betri bót á landhelgisgæslu fyrir Norðurlandi um síldveiðitímann, bæði að því er snertir veiðina sjálfa og þó einkum verkun á afla útlendra skipa innan landhelgi.“ — Menn athugi þetta „*meðan* ekki er ráðin betri bót en nú er“ o. s. frv. Rökrjett hugsun skeytisins er sú, að þegar búið er að ráða betri bót á landhelgisgæslunni fyrir Norðurlandi, sje síldarsölumálum Íslendinga ekki stefnt í tvísýnu. Síðan heldur skeytið áfram: „Einnig fyrirbyggir frv. ýmiskonar nýjar verkunartilraunir á síld, sem nú er í aðsigi hjá ýmsum síldarframleiðendum, bæði ýmiskonar kryddun, flatningu o. fl. Af þessum ástæðum meðal annars leyfum vjer oss að skora á Alþingi að samþykkja ekki framannefnt frumvarp.“

Ef þetta er borið saman við frv. það, sem hjer er til umræðu, mega menn sjá það glögt, að hjer er um beina rangfærslu að ræða, því að alvarlegar og margvíslegar tilraunir til nýrrar verkunar er einmitt einn aðaltilgangur frv. Ef á að fara að gera mikið úr svona skeyti, þá held jeg, að bjóða megi Nd. Alþingis flest. Þá heldur skeytið áfram: „Aftur á móti teljum vjer nauðsynlegt, að unnið sje að því að útvega markað fyrir síld utan Svíþjóðar“ — einmitt það, sem frv. fer fram á — „sömuleiðis að hindra síldarsöltun til útflutnings fyrir 20. júlí“ — mjög svipað fer frv. fram á — „og að skerpa eftirlitið með ólöglegri síldveiði og síldarverkun útlendinga“, — það vakir einmitt fyrir okkur flm. með frv. — „ennfremur að útflutningsgjald á síld verði lækkað að miklum mun og Íslendingar með því gerðir samkepnisfærari en nú er við útlendinga, er fiska utan landhelgi. Teljum þessar ráðstafanir til stórra bóta og skorum á Alþingi að vinna að þeim.“

Svo mörg eru þessi orð, og vona jeg, að hv. þdm. sjái, að þetta er allmerkilegt skjal. Alt þetta vakir fyrir okkur flutningsmönnum frv. og er tilgangur þess, enda felst flest af því beinlínis í orðum frv., nema lækkun á útflutningstolli, sem vitanlega á ekki heima í þessu frv. Aftur á móti er nú verið að afnema tunnutollinn með vörutollslagabreytingunni. Ástæður þessara manna til að vera á móti frv. eru því á engum rökum bygðar.

Hv. 2. þm. Eyf. gat um það, að ekki lægju fyrir nein meðmæli með þessu frv. frá neinum, sem hlut ættu að máli. Jeg hefi víst þegar tekið fram, að ef ekki koma mótmæli, þá áliti jeg, að það megi telja sama sem meðmæli. En nú get jeg upplýst það, að svo að segja allir útgerðarmenn í Reykjavík eru þessu máli fylgjandi, og fjelag íslenskra botnvörpuskipaeigenda hefir jafnvel gert samþykt um það. Ef hv. 2. þm. Eyf. er svo vantrúaður, að hann trúir ekki fyr en hann tekur

á, get jeg útvegað honum skrifleg gögn um þetta. (*BSt*: Jeg sagði aðeins, að jeg hefði ekki sjeð nein meðmæli með frv.). Annars vil jeg leyfa mjer að vekja athygli á því, að það var ekki jeg, sem byrjaði að nota orðið „leppar.“ En sjeu til hjer á landi menn, sem eiga slíkt nafn skilið, þá eru þeir einkum á Siglufirði. Og jeg held, að háttv. 2. þm. Eyf. (BSt) geti ekki kvartað undan meðferðinni á Siglfirðingum, þótt ekkert tillit sje tekið til skeytis þessa. Ef allir hefðu skrifað undir það, bæði þeir, sem eiga skip og gera út, og hinir, sem versla með síld, þá væri alt öðru máli að gegna.

Þá kem jeg að ræðu hv. þm. V.-Sk. (J-K). Við hana hefi jeg svo margt að athuga, að jeg treysti mjer til þess að halda klukkutíma svarræðu. En það ætla jeg þó ekki að gera nú, því að búast má við, að tækifæri gefist til þess síðar. En það vil jeg segja hv. þm., að það er mikill munur á ríkiseinkasölu og lögverndduðum sölufjelagsskap eins og hjer ræðir um. Og þótt jeg viðurkenni, að einkasala sje óheppilegt spor, þá er þó engin regla án undantekningar. Þetta þekkir hv. sessunautur minn.

Um kjöttollinn er erfitt að tala í heyranda hljóði hjer á hinu háa Alþingi, því að það mál snertir of mikið viðskifti okkar við eina sjerstaka þjóð, en ef hv. þm. (JK) vildi leita álits þeirra manna vestan og norðan, sem við þessa atvinnugrein hafa fengist, þá er jeg sannfærður um, að það verður einróma á þá leið, sem jeg hefi lýst.

Þá sagði háttv. þm., að tilganginum með frv. mundi ekki náð. Það má vel vera, að hann náist ekki allur, en þótt hann næðist ekki nema að hálfu leyti, tel jeg ekki áhorfsmál að samþykkja frv.

Þá sagði hv. þm., að of þröngur markaður bagaði framkvæmdir fjelagsins. En þess ber að gæta, að markaðurinn er þröngur einmitt vegna þess, að við höfum ekki lært að verka síldina eins og óskað er. Þetta hefi jeg áður tekið fram og skal ekki fjölyrða meira um það.

Þá var hv. þm. að tala um, að ekki væri einkasala á kjöti. Jú, það er að vísu rjett, að svo er ekki, en það stappar þó mjög nærri því. Nú á að kaupa sjerstakt skip til flutninga á kældu kjöti, og jeg veit ekki betur en að S. Í. S. eigi að hafa allan veg og vanda af þeirri kjötsölu og að ríkissjóður hafi lagt fram fje til skipskaupanna. Við erum ekki að biðja um neitt tillag frá ríkissjóði, því að það væri tilgangslaust. Við viljum aðeins reyna að draga örlítið úr útgjöldum okkar og reyna að fá betri markað fyrir síldina. Það er ekki von, að þessi atvinnuvegur geti blessast, þegar síldin er seld ár eftir ár langt undir framleiðsluverði. Og þar að auki ber að gæta þess, að ríkissjóður tekur stundum 15%—20% af söluverði síldarinnar, svo að hann mundi missa spón úr askinum sínum, ef atvinnuvegurinn færi í kaldakol. Nei, við erum ekki að biðja um neinn styrk, heldur ofurlitla lagavernd fyrir atvinnuveg okkar.

Að endingu vil jeg benda hv. þm. (J-K) á það, að jeg hefi reynt að gera mjer það að reglu síðan jeg eignaðist sæti hjer á hinu háa Alþingi, að leggja ekki mikið til þeirra mála, sem jeg verð að viðurkenna, að jeg ber lítið skyn á, og jeg vil gefa honum það heilræði, að fylgja mínu fordæmi í þessu efni.

Jakob Möller: Þótt jeg vissi, að ekki mundi blása byrlega fyrir brtt. á þskj. 505, þá þykir mjer furðulegt, hve veigalitlar ástæður hafa komið fram gegn þeim. Ef háttv. flm. frv. hafa trú á því, að

þetta mál hafi fylgi meðal síldarútgerðarmanna, þá virðist eiga að vera vandræðalítið að fá helming þeirra til þess að ganga í fjelagið. Þeir segja, að enginn tími sje til þessa, en þarna liggur á bak við *ótrú* þessara manna á því, að fjelagsskapurinn verði almennur, og hún veikir afstöðu þeirra í mínum augum. Það er háttv. flm. að kenna, ef ekki er nægur tími til að koma málinu sæmilega í framkvæmd. Það er þeim að kenna, að frv. er svona seint á ferðinni, og er það þegar næg ástæða til að fresta því að þessu sinni. Hinsvegar hygg jeg, að einn mánuður ætti að nægja til þess að leita álits manna um málið um land alt, og yrði þá enn 1½ mánuður þangað til síldveiðar ættu að byrja, svo að þessi mótbára háttv. frsm. er ljettvæg, þó að auðvitað væri æskilegra, að undirbúningstíminn hefði getað verið lengri.

Hv. frsm. sagði, að samþykt þessa frv. væri skilyrði fyrir því, að gert yrði út á síld í sumar. Jeg held nú satt að segja, að útgerðin yrði lítil, ef þessi fjelagsskapur kæmist á fót, enda hefir háttv. frsm. viðurkent það í öðru orðinu, að síldveiði mundi verða lítil, ef frv. yrði samþykt.

Jeg sje þess vegna enga ástæðu til þess að falla frá brtt. minni, og er samþykt hennar skilyrði fyrir því, að jeg greiði frv. atkvæði. Og jeg fæ ekki sjeð, hvernig hv. deild ætlar að leyfa þetta fyrirkomulag, þvert ofan í vilja þeirra, sem atvinnureksturinn stunda, eða án þess að vita um vilja þeirra.

Hv. frsm. rekur altaf tærnar í, þegar hann er að tala um, hverjir eigi að hafa atkvæðisrjett í fjelaginu. Nú vill hann ómögulega, að þeir, sem veiða síld til bræðslu, fái þar atkvæðisrjett, en jeg fæ ekki sjeð, að nein minsta ástæða sje til þess að undanþiggja þá atkvæðisrjetti. Það er auðvitað, að verðlag á bræðslusíld fer mjög mikið eftir því, hvert verðlag er á útflutningssíld, og eiga þeir því sömu hagsmuna að gæta og þeir, sem veiða til útflutnings. Tel jeg því, að brtt. við 3. gr. megi samþykkja, en hún hefir engin ákvæði um neinar undantekningar í þessu efni.

Í sambandi við símskeytið frá Siglufirði, sem háttv. frsm. hefir talað mjög óvirðulega og raunar ósæmilega um, skal jeg vekja athygli á því, að „Hinar sameinuðu ísl. verslanir“ hafa sömu hagsmuna að gæta eins og aðrir, sem þennan atvinnuveg stunda. *(TrÞ:* Eru þær ekki meðeigendur að Morgunblaðinu?). Það veit jeg ekki, en jeg hefi aldrei heyrt það, að þær væru leppar. *(BL:* Hver hefir sagt það?). Verslanirnar veiða síld og hafa til þess sama rjett eins og aðrir gjaldþegnar þessa lands. Hina útgerðarmennina þekki jeg ekki svo, að jeg geti neitt fullyrt um atvinnurekstur þeirra, en það skiftir í raun og veru litlu, því að undir skeytið hafa þeir skrifað ekki aðeins fyrir sína hönd, heldur sem stjórn útgerðarmannafjelagsins, og það er ósæmilegt að vjefengja það, að þeir hafi gert það í fullu umboði fjelagsins, því að annars væri um fals að ræða.

En hinu mátti búast við, er mótmæli komu frá Siglufirði, að hv. frsm. reyndi að gera lítið úr þeim.

Jón Baldvinsson: Mjer kom það á óvart, að hv. frsm. skyldi hafa á móti svo sjálfsagðri till. sem brtt. minni á þskj. 504, að verkalýðssamband Norðurlands skuli fá að hafa mann í stjórn fjelagsins. Hv. frsm. veit þó, að fjelögin hafa hæfum mönnum á að skipa. Það má búast við því,

að nefndin verði að öðrum kosti skipuð eintómum síldarútgerðarmönnum, en það virðist alveg sjálfsagt, að verkamenn, sem eru annar aðili, hafi þar fulltrúa. Jeg skil ekki í því, að það sje margt af verkafólki á Akureyri og Siglufirði, konum jafnt sem körlum, sem ekki hefir fengist við síldarverkun. Mjer sýnist því, að ástæður þær, sem hv. flm. hafa borið fram á móti tillögu minni, á engan hátt geta hrundið henni. Mjer virðist beinlínis gert ráð fyrir því, að stjórnin skipi í fyrstu stjórnina menn eftir tillögum stofnendanna, og eflaust verða þeir úr þeirra hópi, ef ekki verður annað ákveðið. Því er till. þessi fram borin, og hafa engin gild rök komið gegn henni, hvorki hjá hv. frsm. nje öðrum. Þykist jeg nú hafa fært næg rök fyrir, að ekki er hægt að neita verkalýðnum um þessa sjálfsögðu rjettarkröfu.

Jón Kjartansson: Mjer þykir leitt, að hv. frsm. er ekki viðstaddur, því að jeg þarf að svara honum nokkrum orðum. Hv. þm. vildi gera mikinn mun á ríkiseinkasölu og „lögvernd", sem hann kallaði. En þegar þessi lögvernd heimtar einkasölu, þá fæ jeg ekki sjeð, að munurinn sje annar en sá, að í fyrra tilfellinu er það ríkið, sem hefir öll ráðin, en í því síðara er það meiri eða minni fjöldi einstaklinga. Sje jeg ekki, að þar á sje neinn ógnar munur.

Hv. frsm. fór enn nokkuð út í „fórn" sjávarútvegsins vegna kjöttollsmálsins, sem jeg mintist á. Sagði hann, að varla ætti við að ræða viðskiftin við útlönd á opnum fundi. En jeg get ekki fundið neina ástæðu til að þegja um þetta, þar sem aðalatriði kjöttollssamningsins hafa verið birt almenningi hjer og í Noregi. Jeg benti aðeins á, að það hefði ekki verið vilji Alþingis, að þar væri um nokkra fórn að ræða. Háttv. frsm. bar ekkert á móti þessu, og verð jeg því að líta svo á, að hann hafi viðurkent, að jeg hafi þarna farið rjett með.

Þá kom hv. frsm. inn á öflun nýs markaðs fyrir síld. Taldi hann þar hin mestu vandkvæði á fyrir einstaka útflytjendur, sakir þess, hve dýrt það væri. Öðru máli væri að gegna um kjötið; þar hefði öflugt fjelag tekið að sjer markaðsleitina og nyti til þess styrks úr ríkissjóði. Það skal viðurkent, að erfitt er fyrir einstaklinga að gera mikið í þessu máli. En hinu mótmæli jeg, að tilgangslaust sje fyrir síldarframleiðendur að leita til ríkissjóðs um hjálp í þessu skyni. Alþingi hefir sýnt vilja sinn í sambandi við kjötið, og svo mundi fara um þetta. Og þó það hafi kostað ríkið allmikið fje þær tilraunir, sem gerðar hafa verið með kjötið, mun það sýna sig, að slíkt borgar sig, þegar fram í sækir. Við biðjum ekki um peninga, segir háttv. frsm. En hvað biðja þeir um? Fullkomin umráð yfir einum atvinnuvegi þjóðarinnar! Og er það þá a. m. k. gullsígildi.

Það er algerlega ómaklegt af hv. frsm. að halda því fram, að þýðingarlaust sje fyrir síldarframleiðendur að leita til Alþingis. Það hefir áður á þessu þingi sýnt, að það vill ljetta undir með sjávarútveginum, með því að ljetta á honum skattabyrðina. Finst mjer lítið þakklæti koma fram frá háttv. frsm. fyrir þessar gerðir þingsins.

Loks fór hv. frsm. að kenna mjer heilræði, og krefst víst þakka fyrir. Sagðist hann aldrei vera vanur að leggja neitt til þeirra mála, sem hann hefði ekki vit á. Á þingi í fyrra stóð hv. þm. Ak. (BL) í

þeim sporum, sem nú stendur hann, og barðist drengilega fyrir frjálsri verslun, þar sem var afnám á einkasölu með tóbak og steinolíu. Taldi hann þá alt óhæfu, sem ekki væri í anda fríverslunarinnar. Nú stendur hann þarna aftur, — en nú á fríverslunin að víkja. Vil jeg því spyrja, hvar leita á visku hans um það, hvenær höfð skuli frjáls verslun og hvenær einkasala.

Loks vil jeg undirstrika það, sem hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að það er óviðeigandi að vera með aðdróttanir til þeirra, sem hafa mótmælt frv., með því að gefa í skyn, að það sje ætlun þeirra að vernda leppana, en ekki Íslendinga sjálfa. — Mun jeg svo ekki tala fleira um þetta mál.

Tryggvi Þórhallsson: Það er alveg sjerstök ástæða, sem veldur því, að jeg stend upp í þessu máli. — Jeg mun ekki blanda mjer neitt í deiluna milli þeirra manna, er óhappaverkið unnu í fyrra, er þeir lögðu niður einkasölur landsins. Þeir mega skifta með sjer heiðrinum af því. — En það kom fram hjá hv. frsm. og hv. þm. V.-Sk., að Samband ísl. samvinnufjelaga hefði fengið einhver sjerstök fríðindi hjá ríkinu til að leita markaðs fyrir sjálft sig. Þetta er fullkominn misskilningur. Það hefir engan styrk fengið, enda ekki beðið um neinn styrk. Alþingi hefir ákveðið að láta fara fram tilraunir um að afla markaðs fyrir kjöt, og hefir Sambandið *tekið að sjer* að framkvæma þær. Þetta átti og að vera í því fólgið, að Sambandið hefði notið einhverra sjerstakra lánskjara til þess að byggja íshús. Þetta leiðrjetti hv. frsm. raunar sjálfur síðar í ræðu sinni og sagði, að kaupfjelag hefði fengið slíkt lán. Í fyrsta lagi hefir aðeins eitt íshús verið bygt, sem hv. frsm. getur átt við. Og samkvæmt heimild í fjárlögunum, 22. gr., er lán til þess veitt sýslufjelagi, en ekki kaupfjelagi. En samvinnufjelögin hafa þarna, eins og oft áður, tekið að sjer framkvæmdirnar og forystuna.

Sigurjón Jónsson: Aðeins örfá orð til að prófa huga hv. 3. þm. Reykv. (JakM). Það er rangt hjá honum, að hjer sje verið að neyða upp á síldarútvegsmenn fyrirkomulagi, sem þeim sje mjög á móti skapi. Má þar t. d. benda hv. þm. á þingmálafundargerð frá Ísafirði, sem legið hefir frammi í lestrarsal frá því í þingbyrjun. — Það hefir komið fram hjá sumum hv. þdm., að ekkert hljóð hafi heyrst frá síldarútgerðarmönnum, sem sjeu fylgjandi þessu frv. Er því rjett, ef hæstv. forseti leyfir, að lesa upp úr fundargerðinni nokkur orð. Þar segir svo:

„Fundurinn skorar á Alþingi að taka í lög, að allur síldarútflutningur verði á næsta ári í höndum þriggja manna nefndar, og sjeu tveir mennirnir kosnir af síldarútvegsmönnum og síldarkaupmönnum, en þriðji maðurinn skipaður af stjórninni".

Þessi tillaga var borin fram af einum síldarútflytjanda á Ísafirði og samþykt án mótmæla með öllum greiddum atkvæðum. Jeg held, að þetta sje bending um, að málið sje síldarútflytjendum ekki mjög á móti skapi. Er því óþarfi að hampa því, að við höfum látið undir höfuð leggjast að leita álits þeirra, sem mestan hlut áttu að máli.

Frsm. (Björn Líndal): Jeg heyrði ekki ræðu hv. 3. þm. Reykv., en mjer skildist á hv. þm. V.-Sk., að þeir vilja halda því fram, að jeg hefði farið með dylgjur um þá menn á Siglufirði, sem sent hafa andmæli gegn frv. Þessu vil jeg eindregið mótmæla. Jeg gat þess aðeins, hverjar

stöður þessir menn hefðu og að þess vegna væri eðlilegt, að þeir hefðu ekki eingöngu hag Íslendinga fyrir augum. Ef þetta eiga að teljast dylgjur, þykir mjer, að menn sjeu orðnir allorðsjúkir og undarlegur skilningur þeirra.

ATKVGR.

Brtt. 505,1 feld með 15:3 atkv.

— 505,2 samþ. með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JakM, JBald, JK, JÞ, MG, MJ, MT, PO, PÞ, TrÞ, BSt, HStef, BSv.

nei: JAJ, JS, KlJ, ÓTh, SigurjJ, SvÓ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, IngB.

Þrír þm. (JörB, ÞórJ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 505,3 feld með 16:3 atkv.

— 505,4 sjálffallin.

— 504 feld með 16:1 atkv.

— 505,5 feld með 14:3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 19:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 6. maí, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 511).

Á 69. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. maí, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 73. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 511, n. 542).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Þetta frv. er borið fram af meiri hl. sjútvn. í Nd. og felur í sjer heimild fyrir ríkisstjórnina að veita fjelagi, sem á að fullnægja ákveðnum skilyrðum, einkasölu á útfluttri síld, að því tilskildu, að ráðherra samþykki lög þess.

Á þskj. 542, sem er nál. sjútvn. Ed., er gerð grein fyrir þeim ástæðum, er hafa knúð nefndina til þess að leggjast ekki á móti frv. eins og sakir standa nú.

Það er vitanlegt um síldarútveginn, að hann á við alveg sjerstaka erfiðleika að stríða, sem ekki koma fyrir hjá hinum atvinnuvegum landsins, og það er hin svokallaða leppmenska. Er svo að heyra á mönnum, sem kunnugir eru fyrir norðan, að allur fjöldi þess fólks, sem fæst þar við útflutta síld, sjeu leigðir þjónar útlendinga eða leppar. Þetta ástand á ekki sinn líka við útflutning neinna annara afurða lands vors. Mun það vera tilætlun þeirra, sem að frv. standa í Nd., að því sje aðallega stefnt til höfuðs leppmenskunni. Sje það svo, að þeir hafi rjett fyrir sjer og að frv. verði bót á böli þessu, þá getum við, enda þótt við sjeum andvígir öllum takmörkunum á athafnafrelsi manna, fylgt þessu máli fram. Þegar svo er komið, að hjerlendir menn sjá sjer ekki annan kost vænni en að gefast upp við að stunda þennan atvinnuveg eða gerast leppar útlendra stórgróðamanna, er það full rjettlæting fyrir menn að vera með frv. og stuðla að því að koma í veg fyrir ófögnuð þennan, enda þótt þetta brjóti í bága við skoðanir, sem þeir eru fylgjandi.

Nefndin hefir, eins og segir í nál., ekki sjeð sjer fært, þar eð hana vantar sjer-

þekkingu á þessu máli, að leggja stein í götu frv. En reynslan ein mun skera úr, hvort það kemur því til leiðar, sem menn hafa ætlast til. Jeg vil fyrir mitt leyti, og jeg held jeg megi segja það líka fyrir hönd nefndarinnar, ekki leggja neinn dóm á það.

Önnur ástæðan fyrir því, að nefndin er ekki á móti frv., er sú, að hjer er um heimildarlög að ræða fyrir stjórnina. En það er ekki svo langt síðan mál þetta komst í hámæli, að ekki geti eitthvað það komið fyrir, er geri stjórninni ómögulegt að láta lög þessi koma til framkvæmda. En auðvitað getum við ekkert um það sagt. Og þau mótmæli, er borist hafa til Alþingis gegn frv., eru ekki svo rökstudd, að hægt sje að taka svo mikið tillit til þeirra, að málið verði eyðilagt af þeim sökum einum.

Í einu mótmælaskjalinu er sagt, að með þessari ráðstöfun sje síldarsölumálinu stefnt í tvísýnu. En svo mikið vita menn þó um þetta mál, að það er ekki hægt að segja, að því með þessu sje stefnt í tvísýnu, þar sem það nú er, sannast að segja, í miklum voða. Jeg veit ekki betur en að það sje nú hreinasta vandræðamál. En þótt till. sjútvn. í Nd. geti að því er þetta snertir ekki verið þær heppilegustu, er þó ekki úr háum söðli að detta fyrir síldarsölumálið.

Það verður auðvitað að vera á valdi stjórnarinnar, hvort hún treystir sjer til þess að framkvæma þessi lög eða ekki. Og jeg sem stuðningsmaður stjórnarinnar treysti henni til þess að gæta hjer allrar varúðar, bæði að því er snertir málið innanlands, og einnig þá hlið þess, sem að útlendingum snýr.

Jeg held, að jeg hafi þá skýrt afstöðu nefndarinnar til þessa máls. Það þurfa að vera mikil rök til andmæla, sem koma ósjerfróðum mönnum til þess að leggjast gegn áliti hinna sjerfróðu manna í Nd. og leggja stein í götu þeirra fyrirrætlana, er þeir hafa gert. Vegna þessa vill nefndin ekki vera á móti málinu, þó að henni sje af ýmsum ástæðum óljúft, að farið sje inn á þessa braut. En þar sem svo alvarlegar ástæður eru fyrir hendi, sem hjer virðast vera, getur þetta verið afsakanlegt.

Einar Árnason: Það er svo að sjá, sem eigi að verða nokkuð hastarleg afgreiðsla þessa máls. Mig furðar á, að nefndin skuli svo fyrirvaralaust mæla með frv. Ef jeg man rjett, var málið hjer í deildinni til 1. umr. fyrir einum 5 dögum. Og sama dag og það var til 1. umr. held jeg, að nefndin hafi gefið út nál. um málið. Hún hefir því ekki haft nema örlitla stund til þess að athuga það. Þetta væri nú sök sjer, ef málið væri búið að dvelja svo lengi í þinginu, að nefndin og þdm. hefðu getað haft tíma til þess að átta sig á því. En frv. kom fyrir stuttu fram í þinginu; það má segja, að það hafi komið eins og þjófur á nóttu.

Jeg held, að fáir eða engir af þeim mönnum, sem frv. snertir, hafi haft hugmynd um, hvað væri á seiði. Og jafnóvitandi munu þingmenn hafa verið um þetta mál.

Þegar frv. var svo tekið fyrir í hv. Nd., var það rekið áfram með afbrigðum frá þingsköpum. En undir þessari hröðu meðferð voru þó gerðar á því allverulegar breytingar, bæði við 2. og 3. umr. Eftir að málinu var lokið í hv. Nd., var það tekið fyrir hjer og sett í nefnd. Samdægurs kom svo nál., eins og jeg gat um áðan, þess efnis, að nefndin leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt. Þar sem nú í Nd. þótti ástæða til að breyta frv. all-

verulega, gæti maður ætlað, eftir afgreiðslu þess þar, að það væri ekki svo fullkomið, að ekki mætti betur gera, og enn væru gallar, sem nauðsynlegt væri að laga. En sjútvn. leist þetta á annan veg.

Hv. frsm. (JJós) hefir nú gert nokkra grein fyrir afstöðu nefndarinnar til þessa máls. En jeg gat þó ekki betur fundið á ræðu hans en að honum væri óljúft að mæla með því. Aðalröksemd hans fyrir því, að rjett væri að samþykkja frv., var sú, að það kæmi í veg fyrir leppmensku. Ef svo væri, þá verður því ekki neitað, að frv. á rjett á sjer. En jeg geri mjer nú ekki mikla von um, að leppmenskunni verði útrýmt með því. Jeg held, að örðugt sje að gera sjer grein fyrir því, hverjir eru leppar og hverjir ekki. Mörkin eru ekki svo skýr, að hægt sje að greina þar á milli.

Háttv. frsm. tók það fram, að frv. væri aðeins heimild, sem ekki þyrfti að koma til framkvæmda, og virtist hugga sig við það, að ábyrgðin hvíldi á stjórninni. En jeg verð nú að segja það, að jeg held, að stjórninni verði enginn greiði gerður með því að fá málið þannig í sínar hendur, þegar svo allri skuldinni verður skelt á hana, ef óhönduglega tekst til.

Þá mintist háttv. frsm. á það, að mótmæli hefðu komið fram gegn frv., en heldur þótti honum þau þróttlítil og ekki á rökum bygð. Hann tók það fram, að í einu mótmælaskjalinu væri sagt, að síldarsölumálinu væri með frv. þessu stofnað í tvísýnu. Vildi hann álíta, að það, að stofna málinu í tvísýnu, væri betra en það ástand, sem nú er. Jeg held, að þetta sje nú alls ekki rjett útskýring á hugtakinu „að stofna í tvísýnu“. Jeg held, að það verði alment skoðað svo, að það, að stofna einhverju í tvísýnu, væri að gera ástandið verra en það er. Jeg get að minsta kosti ekki skilið það á annan veg.

Þó að þetta sje nú 2. umr., ætla jeg ekki að fara neitt út í hinar einstöku greinar frv., af því að engar brtt. liggja fyrir. Jeg vil þó aðeins drepa á stærstu drættina í málinu eins og það kemur mjer fyrir sjónir. En því er nú eins farið með mig og háttv. sjútvn., að jeg hefi ekki mikla sjerþekkingu á þessu máli, en jeg hefi kynt mjer ýmislegt, sem skrifað hefir verið um það, t. d. ýmsar uppástungur, sem nauðsynlegar hafa þótt til þess að koma fastara skipulagi á síldarverkun, síldarsöltun, sölu og útflutning. Mörgum þeirra, er við þessi mál hafa fengist, hefir fundist, að þessum hlutum sje ekki eins fyrir komið og þeir ættu að vera og hafa sjeð, að umbætur eru nauðsynlegar; en skoðanirnar eru mjög skiftar um það, hvernig ráðin skuli bót á því skipulagsleysi, sem nú á sjer stað í þessum efnum. Það er og ofur eðlilegt, að skoðanir manna um þetta sjeu skiftar; þetta eru mikil hagsmunamál fyrir mörgum, og hagsmunirnir eru ekki nærri alstaðar þeir sömu. Þetta er eitt hið mesta vandamál og mjög er erfitt að finna það skipulag eða koma því á, sem allflestum, er þessa atvinnu stunda, geti geðjast að eða orðið ánægðir með; en það er svo með þetta sem annað, að sá einn fjelagsskapur gengur vel, sem af viljugum er til stofnað.

Þá er eitt atriði viðvíkjandi þessu frv., sem jeg vil víkja að nokkrum orðum. Það er þátttaka útgerðarmanna í undirbúningi þessa máls og við samning frv. þessa. Jeg gat þess áðan, að þeir mundu fáir hafa komið þar að og yfir höfuð lítt verið kvaddir til ráða, en jeg álít, að það megi ekki gleyma útgerðarmönnunum í

þessu sambandi, og allra síst smærri útgerðarmönnunum, því útgerðin er þó og verður ávalt undirstaðan undir allri síldarverslun.

Það er greinilegt, að útgerðarmenn yfirleitt, og sjerstaklega á Norðurlandi, eru mjög andvígir þessu máli. Jeg er því hræddur um, að afleiðing þess, ef frv. verður samþ., verði sú, að ýmsir menn, sem áður hafa rekið útgerð, og ef til vill hafa einnig ætlað að gera út í sumar, hætti algerlega við þennan atvinnuveg, og verða það sjerstaklega ýmsir hinir smærri útgerðarmenn. — Nú er þess að gæta, að þetta mál er svo seint fram komið, að allflestir, sem hugsa til útgerðar í sumar, eru þegar farnir til eða búnir að búa sig undir útgerðina á ýmsan hátt. Jeg get ekki í svipinn sjeð annað en að samþykt þessa frv. hljóti að koma í bága við ýmsa samninga, sem nú er líklegt, að þegar hafi verið gerðir, og geti orðið til þess, að ókleift verði að halda þá. Því er svo varið með marga, sem fást við þessa tegund útgerðar, að þeir geta ekki fengið nægilegt fje til rekstrar útgerðinni hjer innanlands. Jeg veit, að margir hafa aðeins getað gert út með þeim hætti, að þeir hafa fengið að láni tunnur og salt gegn tryggingu í veiðinni; þó þannig, að þeir hafa verið frjálsir um alla sölu á síldinni.

Jeg get vel hugsað mjer, að öllum slíkum samningum yrði riftað, ef frv. verður að lögum og þeir útgerðarmenn, sem þarna eiga í hlut, verða að hætta við alla útgerð.

Þá er enn annað atriði, sem jeg vil minnast á. Það virðist ekki á neinn hátt vera trygt í frv., að þeir, sem láta af hendi síld til sölu, geti fengið nokkurn hluta af andvirði síldarinnar um leið og hún er afhent, og þeir verða því að bíða lengi og um óákveðinn tíma eftir því að fá að vita, hvernig salan gengur, og þeim verður ókleift að greiða starfsfólki sínu vinnulaun eða að inna af hendi aðrar greiðslur, sem á útgerðinni hvíla, vegna þess að þeir hafa bundið alt sitt fje í henni. Jeg þori ekki að fullyrða, að fjelagið geti ekki aflað sje fjár til að greiða eitthvað af andvirði síldarinnar fyrirfram, en um þetta stendur ekkert í frv. En jeg geri ráð fyrir, eins og ástæður bankanna eru nú, að þetta muni ganga allerfiðlega. Þá gæti jeg trúað, að samþykt frv. gæti orðið til þess, að útgerð erlendra manna, sem stunda veiðar utan landhelgi, mundi aukast að mun, og við það mundi ríkissjóður missa mikilla tekna, og auk þess yrði þessi útgerð ekki síður til þess að fylla um of síldarmarkaðinn en innlenda útgerðin.

Þar sem komið er svo nærri þinglokum, hefi jeg ekki getað sjeð, að það væri til neins að bera fram brtt. við frv.: annaðhvort verður það að samþykkjast í þeirri mynd, sem það nú er í, eða það gengur ekki fram að þessu sinni, og af því að jeg tel þetta mál hvorki hafa verið nógu vel athugað hjer í þinginu nje nógu vel undirbúið áður en það kom inn á þing, get jeg ekki greitt því mitt atkvæði eða mælt með því á neinn hátt, jafnvel þó að hugmynd sú, sem að baki því stendur, eigi nokkurn rjett á sjer. Þar sem fæstir þeirra, sem frv. þetta tekur til, hafa haft tækifæri til að láta skoðun sína á málinu í ljós, legg jeg til, að málið verði afgreitt með svofeldri rökstuddri dagskrá:

Með því að mörgum þeim útgerðarmönnum, er stunduðu síldveiði á síðastliðnu ári, eða ætla að stunda hana á þessu sumri, hefir ekki gefist kostur á að taka

þátt í undirbúningi þessa frv., og þeir hinsvegar hafa mælt eindregið á móti framgangi þess, og með því ennfremur, að svo fyrirvaralitlar ráðstafanir hljóta að kollvarpa ýmsum þeim ráðstöfunum og samningum, sem þegar kunna að hafa verið gerðar af hálfu ýmsra útgerðarmanna vegna síldveiða á þessu ári, þá sjer deildin ekki fært að samþykkja nú þetta frv., og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Sigurður Eggerz: Þetta er nú annað einokunarfrumvarpið í röðinni, sem háttv. Nd. hefir afgreitt frá sjer á þessu þingi, og enda þótt háttv. Nd. hafi á ýmsan hátt sýnt það, að hún tekur mikið tillit til gerða okkar hjer í þessari hv. deild og hefir farið að vilja okkar í ýmsum málum, sem okkur hefir þótt máli skifta, svo sem í afgreiðslu fjárlaganna og öðrum stórmálum, að ógleymdu hinu mikla „princip"-máli þessarar deildar — kvenfrelsismálinu — þá get jeg þó ekki, þrátt fyrir þetta alt, tekið vel í þetta nýja einokunarfrumvarp frá Nd. Áburðarfrv. sæla fjekk skjótan dauðdaga hjer í deildinni, og ekki hygg jeg ástæðu til að láta þetta frv. sæta öðrum úrslitum.

Jeg sje því miður engan hæstv. ráðherra hjer viðstaddan, en jeg ætlaði að beina þeirri spurningu til hæstv. stjórnar, hvort engin hlið væri á þessu máli, er viti út á við, er athuga þyrfti. Jeg fullyrði ekki, að svo sje í þessu frv., en ekki veldur sá, er varir, og stjórninni er skylt að athuga þessar hliðar málanna.

Jeg ætla ekki að fara að rifja upp gamlar almennar mótbárur gegn einokunarstefnunni, en læt mjer aðeins nægja að benda á, að það hlýtur að vera nokkuð óviðfeldin tilhugsun fyrir atvinnurekendur, að einir 20 menn, sem verða sammála um að taka þetta mál í sínar hendur, skuli hafa öll þeirra ráð í hendi sjer.

Það er margkunnugt, að á meðal síldarframleiðenda er allmikill ágreiningur um þessi mál, og meðal þeirra manna, sem sjerstaklega má kalla sjerfræðinga á þessu sviði, er einnig mikill ágreiningur. Jeg leyfi mjer einnig að benda á takmarkanir þær, sem gerðar eru á atkvæðisrjetti manna, sem í fjelagið ganga.

Að lokum vil jeg taka fram, að hjer er verið að smeygja inn stefnumáli, sem Alþingi hefir áður lýst sig mótfallið, og verð jeg því eindregið að mæla á móti samþykt þessa frv. og er óhræddur við að taka á mig þá ábyrgð, sem því kann að vera samfara.

Jónas Jónsson: Af því jeg hafði lofað hv. 1. þm. G.-K. (BK) í umræðum um annað mál að drepa örlítið á eitt atriði skylt þessu máli, samvinnufjelagsskapinn, en þá var jeg „dauður" í þeim umræðum, vil jeg nota þetta tækifæri til þess. Þegar samvinnulögin voru hjer á ferðinni um árið, sýndi þessi hv. þm. mikinn áhuga á því máli, enda var það frv. samþykt með öllum atkvæðum við aðra umræðu hjer í deildinni. *(Forseti*: Jeg vil biðja hv. þm. að halda sjer við það mál, sem er til umræðu). Jeg mun og gera það, en mál það, sem hjer er til umræðu, er einskonar samvinnufjelagsskapur, en þessi háttv. þm. (BK) hefir játað, að hann var með því máli við 2. umr. þess, þó hann hafi snúist í því síðar.

Jeg sá hæstv. fjrh. (JÞ) greiða atkv. í Nd. á móti samvinnulögunum 1921, aðeins til að standa við sitt „princip", að vera móti öllu, sem ekki er hrein og bein samkepniskaupmenska. Hv. 1. þm. G.-K. hefir talið frv. þessu til gildis, að það væri samvinna. Hann mun því ætlast til, að þegar hann snýst þannig endanlega til fylgis við þá stefnu, sem hann af veikum mætti

hefir hatað og ofsótt, verði samvinnumenn að styðja hann og fjelaga hans á hinni nýju dygðabraut. Munum við margir gera það, þó að margir annmarkar sjeu á þessu kjöltubarni samkepnismanna. Hjer er um að ræða sambland af einkasölu, hring og samvinnufjelagsskap, og þó að þetta sambland sje ekki gott, er það þó spor í rjetta átt.

Jeg get fullkomlega tekið undir með þeim, sem styðja þessa tilraun, og játað, að ástand síldarverslunarinnar er ekki gott. Jeg sagði, að frv. væri spor í rjetta átt út úr því ástandi, sem nú er; hjer er ella völ á tvennu öðru, hvorutveggja illu — útlendri leppmensku eða skipulagsleysi meðal innlendra framleiðenda, sem svo eiga að keppa við erlenda síldarhringa, en eru algerlega vanmáttugir. Fyrirkomulag frv. er að vísu ekki gott, en þó játa jeg, að þetta er góð tilraun, og ætla ekki að þessu sinni að tefja það með brtt.; annaðhvort verður nú þegar að samþykkja þetta frv. eða það dagar uppi. Þetta verður að þokast í þá átt með tímanum, að sem allra flestir atvinnurekendur taki þátt í þessum fjelagsskap, líkt og í samvinnufjelögunum. Þar sem þetta er tilraun til að brjótast út úr þeirri ófæru, sem þessi atvinnuvegur er kominn í, tel jeg, að það sje rjett hjá nefndinni að binda ekki leyfið við langan tíma.

Þessi fjelagsskapur hlýtur að verða með tilraunablæ fyrst um sinn, og getur verið, að það gangi illa að ná mönnum saman í fjelagið, þar sem margt þessara manna hefir áður átt í samkepni hverjir við aðra, og því getur verið erfitt fyrst í stað að fá þá til að sameina sig í eitt fjelag.

Jeg vil í þessu sambandi benda á, að það var hjer einu sinni einskonar einkasala á útfluttum fiski, og kom þá upp allmikil tortrygni gegn nefnd þeirri, sem sá um söluna, vegna þess að í henni átti sæti maður, sem var fiskkaupmaður. En þetta eru barnasjúkdómar, sem menn verða að vaxa upp úr. Mjer skilst, að frv. sje borið fram af útgerðarmönnum vegna þess að þeir hafi tapað á útgerðinni og telji þetta eina ráðið til bjargar, ef þeir eigi ekki að gefast upp eða sligast í samkepninni. Það hefir oft komið fyrir, að útlendir atvinnurekendur hjer og „leppar" þeirra hafa selt sína síld með ágóða, en innlendir menn hafa ekki getað selt nema með stórtapi. Jeg hefi t. d. heyrt getið um einn mótorbátseiganda, sem var orðinn auðugur af mótorbátaútgerð, að hann hafi skaðast á síldarútgerð frá Siglufirði í fyrra um ca: 40 þús. krónur. Þessi maður var í fyrstu mjög andstæður steinolíueinkasölunni, en þegar honum gekk illa í frjálsri samkepni með síldina, gerðist hann þar einkasölumaður.

Björn Kristjánsson: Mál þetta á lítið skylt við fyrirkomulag samvinnufjelaganna. Að vísu er það samvinna, en er þó gagnólíkt samvinnufjelagslögunum. Háttv. 3. landsk. (JJ) mun ekki sjá neitt ákvæði í þessu frumvarpi um *samábyrgð*. En það er hin víðtæka samábyrgð, sem jeg hefi ráðist á að maklegleikum, en ekki á kaupfjelagsskap eða samvinnu, enda er hin víðtæka samábyrgð hreinn *„Communismi"*, sem hvergi hefir tekist að innleiða nema á Rússlandi og á Íslandi.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) talaði um það, að þetta mál hefði komið hingað allsnögglega og væri afgreitt með mikilli skyndingu. Þessu er nú svo varið, eins og háttv. þm. veit, þessa síðustu daga þingsins, þegar mörg

mál koma fyrir deildina í senn, þá er ekki nema um tvent að gera, annaðhvort að afgreiða þau fljótt eða alls ekki. Af þessum ástæðum, sem jeg nú tók fram, sá sjútvn. sjer ekki fært annað, af því hún vildi ekki láta fella þetta frv., en að flýta sem mest fyrir afgreiðslu þess. Brtt. sá hún, að enginn tími var til að bera fram við frv. hjeðan af. Um það, hvernig þetta mál yfir höfuð kom fyrir deildina, ætla jeg ekki mikið að ræða við hv. þm.; hann sagði, að það kæmi eins og þjófur á nóttu. Jeg hygg, að það hafi komið eins og venja er til, að mál komi.

Þá sagði hv. þm., að hann hefði ekki getað fundið, að okkur væri óljúft að mæla með frv.; jeg tók fram þegar í byrjun ástæður nefndarinnar fyrir því, að hún mælti fram með frv. við þessa hv. deild, og tel jeg óþarfa að fara að endurtaka það aftur. Jeg get þó lýst yfir því að nýju fyrir hönd nefndarinnar, að þó að við höfum talið rjett að mæla fram með þessu frv., höfum við þó alls ekki þar með gert þá játningu, að við teljum einokun besta verslunarfyrirkomulagið. En við verðum að horfast í augu við það ástand, sem nú er á þessu sviði viðskiftanna, og þegar það virðist vera komið í algert óefni með þessa útflutningsvöru, finst mjer það vel geta komið til mála, að slík tilraun sem þessi verði gerð. Þetta á ekkert sameiginlegt við einokunarstefnu í verslunarmálum. Aðalatriðið í þessu máli er það, að þeir, sem best vit hafa á þessum málum, telja, að með lagasetningu eins og þessari verði „leppum" og „leppmensku" allri afstýrt, en hún er, eins og allir vita, mesta vandræðaástand. Það er vandræðaástand, þegar menn, sem annars ættu að geta rekið þessa atvinnu á frjálsum grundvelli, neyðast til að leigja sig útlendingum á laun.

Hv. þm. áleit, að stjórninni væri enginn greiði gerður með þessu frv.; þetta getur vel verið. Stjórnin verður að taka við vandanum í þessu máli eins og öðrum málum, sem henni eru falin til meðferðar, þótt vandræðamál sjeu. Þegar vandræði standa fyrir dyrum, verður stjórnin að vera við því búin, að reynt sje að finna einhver úrræði. Að þetta sje mikið hagsmunamál margra manna, er alveg satt. Það snertir líka útlenda atvinnurekendur og leiguþjóna þeirra hjer, en við megum ekki gleyma, að málið er líka hagsmunamál allra innlendra atvinnurekenda, sem eru að reyna að bjargast upp á eigin spýtur. Það er og hagsmunamál fyrir alla þjóðina í heild; það er spurningin um það, hvort þessi atvinnuvegur okkar, sem gæti verið blómlegur, ef rjett er að farið, eigi að leggjast í dróma leynilega af útlendingum og innlendum hjálparmönnum þeirra.

Í þessu sambandi get jeg ekki komist hjá að minna á mótmælin, sem komið hafa fram gegn þessu máli frá Norðurlandi. Jeg bar þetta eitt sinn undir hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og spurði hann, hve mikið mundi mega taka tillit til þessara mótmæla, og jeg verð að segja það, að svar hans gaf ekki tilefni til að ætla, að mikið mætti byggja á mótmælum þessum. Hann játaði, að ástandið væri þannig lagað, að það væri ákaflega erfitt að fara eftir þessum mótmælum. Þó hann að vísu viðhefði ekki beinlínis þessi orð, skildi jeg hann þó svo, að hann legði ekki mikla áherslu á þessi mótmæli. Hafi jeg misskilið hann, vænti jeg, að hann leiðrjetti það, sem jeg kann að fara rangt með; en jeg leitaði til hans sem kunnugs og þekts manns á þessu sviði.

Viðvíkjandi því, er menn fá að láni frá útlöndum tunnur og salt, gegn veði í

veiðinni, verð jeg að segja, að þetta gæti mikið ýtt undir „leppmensku“; er þó að vísu ekki ávalt það sama, en þó er þetta ein leiðin, sem þangað getur legið.

Um einstök atriði starfrækslu fjelagsins væntanlega ræði jeg ekki. Allir hljóta að sjá og skilja, að hjer er aðeins um heimildarlög að ræða og ríkisstjórninni er ætlað að semja eða samþykkja reglugerð handa væntanlegu fjelagi, sem stofnað yrði samkvæmt þessum lögum, áður en leyfið er veitt, og það verður að treysta stjórninni til að veita ekki þetta einkasöluleyfi, nema trygð sjeu þau skilyrði, sem nauðsynleg verður að telja, t. d. viðvíkjandi þeim atriðum, sem hv. þm. mintist á.

Nefndin ber fyrir sig sömu ástæður og háttv. 1. þm. Eyf. viðvíkjandi því, að hún bar ekki fram brtt. við frv. Nefndinni var það ljóst, að annaðhvort varð að gera, að afgreiða það tafarlaust eða breyta því, sem var hið sama og hindra framgang þess á þessu þingi, eins og áliðið er, þar eð tími er enginn, er leyfi slíkar tafir, og yrði það því aðeins til falls málinu.

Hv. 1. landsk. (SE) vjek að þeirri hlið málsins, er snýr út á við, og sagði sem satt var, að það væri allalvarlegt íhugunarefni. Jeg drap á það í ræðu minni áðan, að jeg er honum fyllilega sammála um þetta. Stjórnin verður vandlega að gefa gætur að þeim áhrifum, sem þessi tilraun kann að hafa á viðskifti vor við erlendar þjóðir. Jeg tek undir þetta með honum og endurtek hjer með það, sem jeg hefi áður sagt um þetta atriði.

Aftur á móti get jeg ekki verið sammála hv. 1. landsk. þm. um það, er hann ljet ummælt viðvíkjandi lágmarki því, sem sett er í frumvarpið til þess að menn geti orðið fjelagsmenn í fjelaginu. Háttv. 1. landsk. þm. telur 200 tunnur of hátt lágmark, en jeg verð að vera á öðru máli. Flestir, sem við þennan atvinnuveg fást, munu hafa mun meiru en þessu úr að spila, að minsta kosti á Norðurlandi. Þar er þetta vissulega svo, að langflestir munu vera langt fyrir ofan þessa tölu.

Jeg hefi svo ekki fleira að svara að sinni. Jeg hefi tekið fram, að slík tilraun sem þessi getur verið rjettmæt, þegar í annað eins óefni er komið og nú er raun á orðin, og er ekki við neitt annað saman jafnandi á öðrum sviðum atvinnurekstrar hjer á landi. Þetta verður að telja forsvaranlegt, þegar slíkt neyðarástand virðist yfirvofandi og nú er í þessum rekstri, ef menn ekki vilja sætta sig við að verða að öllu leyti „leppar“ og undirtyllur útlendra atvinnurekenda.

Einar Árnason: Jeg skal vera mjög stuttorður, því að jeg vildi gjarnan, að umræðu þessari yrði lokið áður en fundi verður frestað. Það eru aðeins fáein orð, sem jeg þarf að víkja að hv. þm. Vestm. (JJós). Hann sagði, að hann gerði sjer von um, að „leppmenskunni“ yrði afstýrt með samþykt þessa frv. *(JJós*: Þeir, sem að frv. standa, gera sjer von um þetta). Jeg held, að hv. þm. sje þarna fullbjartsýnn á þetta mál. „Leppar“ þeir, sem til eru, færa sig aðeins til, er lög þessi gera þeim erfiðara að starfa á sama hátt og áður. Þeir færa sig aðeins til og munu gera sitt til í því að offylla síldarmarkaðinn fyrir okkur eftir sem áður. Þegar búið verður að taka fyrir kverkar á allri „leppmensku“ á landi, færa þessir náungar sig aðeins út fyrir landhelgislínuna og starfa þar, fylla markaðinn, en svifta ríkissjóð miklum tekjum af veiðunum.

Hv. frsm. (JJós) mintist á þá menn,

sem fengju sjer tunnur og salt gegn tryggingu í aflanum, og vildi telja þá meðal „leppanna“. En þetta er allmikið efamál, hvort rjett er, því að það er yfir höfuð mjög erfitt að þekkja þá frá, sem eru „leppar“, og þá, sem ekki eru það.

Háttv. frsm. sagði, að ríkisstjórnin yrði að bera veg og vanda af þessu máli. Jeg held þó, að ef þingið afgreiðir þetta frv., þá geti stjórnin ekki skorast undan að löggilda fjelag, sem stofnað er samkvæmt þessum lögum og vill starfa samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Jeg held, að þingið geti ekki á neinn hátt skotist á bak við stjórnina í þessu máli. Hann mintist á mótmælin gegn þessu frv., sem komið hafa að norðan, og hann fór rjett með samtal það, sem átti sjer stað milli okkar um þetta. Hann taldi mótmælin órökstudd. Jeg játa, að mótmælin voru ekki eins vel rökstudd og jeg hafði vænst eftir. En það er, þegar betur er að gáð, ekki svo auðvelt í fljótu bragði að rökstyðja mótmæli gegn svo vandasömu máli og þessu, og ekki síst, er menn hafa ekki annað til að styðjast við en óljósar símfregnir um málið. Enda er það og erfitt að hlaupa saman allra snöggvast og samþykkja rökstudda ályktun á aðeins einum fundi. En það hefir skýlaust komið í ljós, að fjöldi útgerðarmanna þar norður er andvígur þessu frv. og að þeir hafa stungið upp á öðrum aðgerðum í þessu máli af hálfu þess opinbera, sem þeir telja mundu vera affarasælli fyrir almenning. En af því mjer er þetta persónulega ekkert kappsmál, þá ætla jeg ekki að lengja þessar umræður frekar.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg vil aðeins leggja áherslu á það, út af orðum hv. 1. þm. Eyf., og jeg skírskota til þess, sem nefndin hefir í nál. sínu sagt um þetta, að hjer er aðeins um heimildarlög að ræða, en það er óþarfi að skilja þau svo, að um skipun sje að ræða til ráðherra um að veita sjerleyfi samkv. lögum þessum. Auk þess hafa stjórninni verið gefnar ýmsar bendingar og ráðleggingar í umræðunum um þetta mál, sem jeg vænti, að verði teknar til greina áður en ákvörðun verður tekin um þetta mál.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 1. þm. Eyf. (EÁ) feld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhJóh, SE, ÁH, EÁ, HSteins.

nei: GuðmÓ, GunnÓ, IHB, IP, JJós, JJ, BK, EP.

Einn þm. (JM) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 8:5 atkv.

2.—17. gr. samþ. með 8:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:5 atkv.

Á 76. fundi í Ed., föstudaginn 14. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg skal ekki tefja hv. deild með langri ræðu, en þar sem jeg tók fram við 2. umr., að jeg greiddi frv. atkv. til 3. umr., þykir mjer hlýða að gera nokkra grein fyrir atkvæði mínu nú. Jeg vil lýsa yfir því, að jeg er yfirleitt á móti einkasölu eftir sem áður, en mjer virðist, að fyrir þessu frv. sjeu svo góðar og gildar ástæður færðar, að jeg og aðrir liðsmenn frjálsrar verslunar geti samþykt það með góðri samvisku, og það því fremur, sem það á aðeins að gilda í 5 ár. Mun jeg því greiða atkv. með frv.

Sigurður Eggerz: Jeg get vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál. Aðeins vil jeg taka það fram, að vígi hinnar frjálsu verslunar er tekið að veikjast í Íhaldsflokknum. Því að altaf þegar eitthvert vandamál kemur fyrir, finnur flokkurinn ekkert annað ráð til að leysa hnútinn en einokun. Jeg get ekki öfundað stjórnarflokkinn af þessu stefnuskrármáli(!). Því að þeir eru nú víst orðnir nauðafáir, sem halda þar uppi vörnum fyrir frjálsa verslun. En jeg hefi ekki trú á því, að nokkurt bjargræði sje í því að mynda hjer síldar-„trust", því að það er það, sem farið er fram á í frv. — Annars vil jeg í fullu bróðerni ráða stjórnarflokknum til að ganga til kosninga næst undir einhverju öðru merki en hinni frjálsu verslun.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg hefi áður lýst ástæðum nefndarinnar fyrir því að fylgja þessu frv. Þær eru þess eðlis, að ef hv. 1. landsk. (SE) hefði gert tilraun til að benda á heppilegri lausn á þessu máli, þá gætu hin stóru orð hans nú um frjálsa verslun ef til vill verið á rjettum stað. En hjer er því ekki til að dreifa. En nú er ástandið svo, sem lýst hefir verið fyrir norðan, og veit jeg ekki til, að neinn hafi gert tilraun til að afsanna, að mikið af síldarversluninni sje komið á hendur útlendinga undir íslenskum dulnefnum. Þegar svo er komið, er til lítils að ætla sjer að fljóta á upphrópunum, heldur verður að horfast í augu við veruleikann eins og hann er. — Jeg skal viðurkenna, að það er leitt fyrir fylgismenn frjálsrar verslunar að þurfa að greiða atkvæði með öðru eins neyðarúrræði og þessu. En jeg hugsa, að hv. 1. landsk. viti betur en margir aðrir, hvernig útlitið er fyrir síldarútveginum. Jeg hugsa að hann viti, hve ilt það er að stunda þann atvinnuveg án þess að selja erlendum síldarkaupmönnum nafn sitt á leigu. Þegar hann ber okkur á brýn, að við brjótum bág við frjálsa verslun, sem sje á stefnuskrá okkar, verður hann því að athuga þær ástæður, sem liggja til þess. Það kann að vera, að hv. 1. landsk. vilji loka augunum, en jeg vil ekki líta fyrst og fremst á það, hvort þetta eða hitt setji hömlur á frjálsa verslun, áður en jeg lít á nokkrar aðrar ástæður. Jeg þori ekki að lofa honum því. Jeg tel hv. þm. ekki hafa bent á neina betri leið en þá, sem farið er fram á í frv. Þar með segi jeg ekki, að frv. sje einasta heppilega lausnin á þessu máli, en það hefir fylgi margra á sviði útvegsins, og mótmælin gegn því eru ekki svo rökstudd, að hægt sje að taka fult mark á þeim. Þetta verður að nægja sem ástæður fyrir því, að sjútvn. þessarar deildar hefir ekki viljað leggja stein í götu þessa frv. Það kann að vera, að hv. 1. landsk. taki þær ekki gildar, en okkur virðast þær svo þungar á metunum, að við yrðum að geta bent á eitthvað annað en orðatiltæki eins og „frjáls verslun" áður en við vildum gerast Þrándur í Götu þeirra manna, sem vilja reyna að halda síldarsölunni á íslenskum höndum og koma í veg fyrir, að hún verði ofurseld útlendingum, þó þeir leynist á bak við nöfn íslenskra ríkisborgara.

Sigurður Eggerz: Mjer skildist það helst á hv. þm. Vestm., að þetta frv. væri gert til þess að koma í veg fyrir leppa. En jeg sje ekki nokkurn skapaðan hlut í vegi fyrir því, að 20 leppar myndi fjelag með sjer og taki í sínar hendur alla síldarsöluna. Hvar er það útilokað? En ef þeir fá verslunina, hvaða gagn er þá að frv.? Mjer sýndist líka svitadropar

drjúpa af enni hv. þm., er hann talaði á móti frjálsri verslun. En þá er líka sannarlega betra að tala frá hjartanu og taka hreinni afstöðu. Ef vandræðin leysast altaf best með einokun, þá er betra að stíga sporið hreinlega og setja á stofn ríkiseinokun, eins og hv. 2. þm. Reykv. (JBald) vill gera. Hv. þm. Vestm. sagði, að frjáls verslun væri bara orð. Það eru sannarlega lítil meðmæli með frjálsri verslun, þegar maður, sem altaf hefir haldið henni fram, segir, að hún sje bara orð, orð. Jeg skal svo ekki fjölyrða um þetta frekar. Jeg skal bara geta þess aftur, að jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að útlendir leppar geti tekið í sínar hendur alla síldarverslunina samkv. þessu frv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg sagði, að þegar hv. 1. landsk. mótmælti eingöngu á grundvelli frjálsrar verslunar í máli sem þessu, án þess að gera tilraun til þess að benda á aðrar úrlausnir, þá væri slíkt bara orð. Hann verður að viðurkenna það, að vilji maður ekki aðhyllast slíkt frv. sem þetta, þá verður maður að leggja eitthvað meira til málanna en aðeins að fella það vegna þess, að það stríði á móti frjálsri verslun. Jeg veit, að hv. 1. landsk. er þetta eins ljóst og mjer. Það er skýrt í nál., að sjútvn. skorti sjerþekkingu til þess að leggja á móti tillögum allra þeirra manna, sem með þessu hafa mælt. En ef hún hefði getað bent á betri lausn á málinu, þá má vel vera, að hún hefði snúist öðruvísi í máli þessu. En við teljum, að hæstv. stjórn gæti vel að því, bæði inn á við og út á við, áður en sjerleyfi er gefið, hvaða áhrif það geti haft á atvinnuvegi landsins.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÓ, GunnÓ, IP, JJós, JJ, BK, EP.

nei: JóhJóh, JM, SE, ÁH, EÁ, HSteins.

Einn þm. (IHB) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 598).

50. Seðlaútgáfa.

Á 72. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. maí, var útbýtt:

Frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1924 [*Seðlaútgáfa*] (þmfrv., A. 578).

Á 73. fundi í Ed., næsta dag, var frv. tekið til 1. umr.

Frv. of seint fram komið. — Deildin leyfði í e. hlj., að það mætti taka til meðferðar.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Eins og endranær, þegar sjeð er fyrir, að endurbætur á skipulagi seðlaútgáfunnar ná ekki fram að ganga, er komið fram með frv. um framlengingu á lögum frá 4. maí 1922 um seðlaútgáfurjett Íslandsbanka. Þetta frv., er hjer liggur fyrir, er því framlenging eins og áður hefir verið og gildir aðeins til ákveðins tíma. Þó hafa nú verið settar inn í frv. 2. greinar, sem ekki voru þar áður. Það er ákvæðið í 2. gr. um, að gjald það, er Landsbankanum ber að greiða ríkissjóði, skuli frá ársbyrjun 1926 vera lagt á sjerstakan reikning og megi verja því eftir ákvörðun stjórnarinnar til þess að bæta Landsbankanum halla, er hann kann að verða fyrir af gengisbreytingum frá sama tíma.

Í 3. gr. er ákvæði um inndráttarskyldu

Íslandsbanka og kveður svo á, að Íslandsbanka sje ekki skylt að draga neina seðla úr umferð þetta ár. En eftir núgildandi lögum á hann að draga inn 1 milj. á ári. Þykir þetta nauðsynlegt, til þess að bankinn eigi ekki of erfitt uppdráttar vegna yfirstandandi kreppu í atvinnuvegum landsins. En ef hann þyrfti að draga inn eins og ákveðið er, yrði hann að þrengja mikið að atvinnuvegunum, og gæti það haft illar afleiðingar. Líka styðst þetta ákvæði við það, að það borgar sig illa fyrir bankann að „diskontera" upp á þau kjör að fá 1% í sinn hlut. Ef um stóra upphæð er að ræða, er ekki hagkvæmt að lána með svo litlum mismun.

Frv. er flutt eftir beiðni stjórnarinnar af meiri hl. fjhn. Leyfi jeg mjer að vænta þess, að deildin geti aðhyllst það.

Ingvar Pálmason: Eins og frv. ber með sjer, er það flutt af meiri hl. fjhn. En jeg tilheyri minni hl., sem ekki getur aðhyllst að flytja það eins og það nú liggur fyrir. — Jeg játa, að eins og málum er nú komið er óhjákvæmilegt að framlengja ákvæðin um seðlaútgáfuna.

Eins og tekið hefir verið fram, felur frv. í sjer meira en þetta. Jeg hefi ekkert að athuga við 2. gr. eins og hún er í frv. Það var ekki af þeim ástæðum, sem jeg gat ekki aðhyllst það, heldur sökum ákvæðis 3. gr.

Jeg hefi ætlað mjer að flytja brtt. En þar sem það kemur í sama stað niður, ætla jeg að láta það bíða til 2. umr. heldur en að vera nú að koma með skriflega brtt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Frv. er þannig háttað, að jeg þarf ekki að tala nema um einstakar greinar þess. Tel jeg rjett að geyma það heldur til 2. umr., en vildi aðeins mæla með því að þdm. láti það fara til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 578, 586).

Of skamt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu brtt. 586. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Ingvar Pálmason: Eins og jeg gat um við 1. umr., hefi jeg borið fram brtt. á þskj. 586. Jeg hefði í rauninni viljað hafa hana víðtækari, þannig að fella niður 3. gr., en taldi það þó ekki vænlegt, vegna þess, að eins og frv. stjórnarinnar hljóðaði, þegar það kom til fjhn., þá var gert ráð fyrir, að 3. gr. hljóðaði eins og ef brtt. *mín* verður samþykt. Meiri hl. nefndarinnar breytti frumvarpsgreininni í það horf, sem hún nú er í, og þess vegna tók jeg það ráð að koma fram með brtt. við 3. gr., og býst jeg við, að hún verði samþykt. Mjer virðist 3. gr. vera óþörf. Það má að vísu segja, að með því að Íslandsbanki stöðvi inndrátt seðla sinna verði meira gulltrygt af seðlum í umferð. En svo þarf ekki að verða. Það gull, sem losnar við inndráttinn, getur landsstjórnin keypt samkvæmt heimild laganna frá 1922. En þar sem stjórnin hefir viljað haga þessu á þennan veg, þá geri jeg það ekki að kappsmáli og fjölyrði ekki um það. Það orkar ekki tvímælis, að framlenging á heimild landsstjórnarinnar til að gefa út nýja seðla þarf að ganga fram á þessu þingi, þar sem nú er útsjeð um, að seðla-

útgáfunni verður ekki ráðstafað að þessu sinni. En jeg vil benda á það til fylgis þessari brtt., að þótt 3. gr. verði samþykt eins og hún er nú, þá er það víst, að stjórnin verður að gefa út mikið af seðlum til þess að fullnægja þörfinni, því að seðlar Íslandsbanka verða alls ekki fullnægjandi. Jeg sje því ekki, hvað það þýðir að stöðva inndrátt, þegar hvort sem er þarf að gefa út seðla. Þetta gerir óþarfa truflun á inndrætti seðla Íslandsbanka. Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Jeg vænti þess, að hv. þm. geti skilið þessa till. og myndað sjer skoðun um málið.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil þakka hv. meiri hl. fjhn. fyrir að flytja þetta frv. Um efni 1. gr. þarf jeg ekkert að segja. En ákvæði 2. gr., að leggja afgjald það, sem bankanum ber að greiða ríkissjóði, á sjerstakan reikning í Landsbankanum, svo að tiltækt sje til þess að bæta bankanum halla þann, sem hann kann að verða fyrir af gengisbreytingum ísl. krónu, er bygt á þeirri almennu meginreglu, að seðlabankinn eigi að njóta nokkurs arðs af seðlaútgáfu sinni, til þess að geta haldið uppi gjaldeyrinum. Nú er seðlaútgáfunni skift á milli Landsbankans og Íslandsbanka, og nýtur Íslandsbanki arðs af því, sem eftir er á hans höndum, og má því gera þá kröfu á hendur þeim banka, að hann haldi gjaldeyrinum uppi að sínum hluta.

Hinn bankinn greiðir samkvæmt lögum frá 1922 gjald af seðlum sínum, sem er 2% undir forvöxtum bankans, en þessi 2% fara í kostnað. Hefir því Landsbankinn engan arð af seðlaútgáfunni, en ber hinsvegar byrðarnar af því að halda gjaldeyrinum uppi. Er því meiningin með 2. gr. að koma rjettingu á þetta, að þetta seðlaafgjald renni ekki beint í ríkissjóð, heldur til þess, sem það með rjettu á að ganga.

Um 3. gr. má segja, að þótt hún kunni að virðast vera sett inn fyrir tilmæli Íslandsbanka, þá er svo ekki. Jeg setti hana inn eftir bendingu frá Landsbankanum, því að það eru óþægindi að því fyrir báða bankana að halda lengur áfram þessum inndrætti seðlanna í því formi, sem það hefir verið framkvæmt. Þessi grein hefir engin áhrif á seðlaveltuna í heild, því að eftir að seðlavelta Íslandsbanka nú er komin niður í 5 miljónir, er ávalt nokkuð af hinum seðlunum í umferð til viðbótar. Frekari inndráttur af hálfu Íslandsbanka þýðir ekki annað en það, að jafnmikið kemur af seðlum ríkissjóðs í staðinn fyrir það, sem dregið er inn, því að Landsbankinn fær seðla sína hjá ríkissjóði. Þessi viðskifti fara svo fram, að Landsbankinn hefir enga hagsmuni af þeim. En skuld Íslandsbanka við Landsbankann hækkar sem þessari útgáfu nemur, og það er ekki eftirsóknarvert fyrir Landsbankann að hækka hana eins mikið og lögin frá 1922 gera ráð fyrir. Hinsvegar hafði jeg ekki stungið upp á meiri breytingu en þeirri, sem felst í brtt. hv. 2. þm. S.-M. (IP), sem vill ekki, að inndrátturinn falli alveg niður þetta árið. Lögin mæla svo fyrir, að 1 milj. skuli draga inn árlega, þangað til seðlaútgáfa Íslandsbanka er komin niður í 2½ milj. kr. Samkvæmt þessu er eftir að draga inn 2½ milj. kr. á þennan hátt. Færi þá vel á því að taka ½ milj. af þeirri upphæð eitt árið. En jeg skal játa, að frekar er það tilfinningamál, hvort inndrátturinn skuli minka um ½ milj. kr. eða falla alveg burtu þetta árið.

Aðalatriðið er, að ekki líði á löngu, að endanleg skipun sje bundin á þessi mál,

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Jeg vil fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar geta þess, að eins og hæstv. fjrh. gat um, var í upphafi gert ráð fyrir því, að Íslandsbanki drægi inn ½ miljón í ár, en nefndin áleit, að fyrir þennan takmarkaða tíma og með hliðsjón af þeim kringumstæðum, sem nú eru, að rjettast væri, að bankinn væri losaður við þennan inndrátt í eitt ár, og breytti því þessu ákvæði eins og það er nú í frv. Jeg sje ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta. Þessar ástæður nefndarinnar eru svo ljósar, að þær þurfa engra skýringa við. Landsbankinn hefir sjálfur stungið upp á, að slakað væri til í þessu efni, til þess að Íslandsbanki þurfi ekki að sækja eins mikið og áður til sín. Og eftir atvikum er ekki ósanngjarnt að stöðva inndráttinn um þennan takmarkaða tíma, en hinsvegar hefir það enga hættu í för með sjer. Mæli jeg því með því, að frv. verði samþykt óbreytt.

Ingvar Pálmason: Jeg hefi ekki fengið nein rök fyrir því, að ástæða sje til þess að stöðva inndrátt seðlanna. Hæstv. fjrh. hefir skýrt frá því, að ef brtt. verður samþykt og seðlar bankans í umferð minki um ½ milj., þá breyti það engu um inndrátt þeirra í sjálfu sjer. Þessi ½ milj. færist bara milli ára, en árin verði jafnmörg. En verði nú 3. gr. samþ. eins og hún er, þá leiðir það af henni, að inndráttartími Íslandsbanka framlengist um eitt ár. Sje jeg því ekki annað en að rjettara sje að samþykkja brtt. en að láta frv. ganga fram eins og það er.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. gr. samþ. í e hlj.

Brtt. 586 feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JJ, ÁH, **EÁ**, GuðmÓ.

nei: GunnÓ, IHB, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, EP, HSteins.

3. gr. samþ. með 12:2 atkv.

4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 75. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Nd.

Á 77. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 578).

Á 78. fundi í Nd., föstudaginn 14. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (JÞ): Af því umr. um þetta frv. hljóta að snúast um einstakar greinar þess, þá vil jeg að þessu sinni aðeins leggja til, að frv. fái að ganga til 2. umr., *(KIJ:* Ekki til nefndar?) því að frv. þarf að fá afgreiðslu. Jeg skal ekki setja mig á móti því að vísa því til nefndar, ef fært þykir að afgreiða það alt að einu áður en þingi verður slitið.

Jón Baldvinsson: Er það ekki ætlunin að ljúka við málin í dag hjer í hv. deild.

svo að á morgun verði ekki annað en fundalok? Er það ekki meiningin að halda svo marga fundi um þetta mál, sem þarf til afgreiðslu, ef fást til þess afbrigði frá þingsköpum? Ef svo er, vildi jeg leyfa mjer að styðja þá till., að málið færi til hv. fjhn., en að hún yrði þá búin að afla upplýsinga og athuga málið seinna í dag, svo að það gæti komið þá fyrir.

Klemens Jónsson: Mjer finst sjálfsagt um slíkt mál sem þetta að vísa því til fjhn., og þess vegna greip jeg fram í fyrir hæstv. fjrh. Hinsvegar álít jeg það sjálfsagt, að nefndin þurfi ekki að skila prentuðu áliti, heldur nægilegt að hún gefi munnlegt álit. Mjer hefir nýlega borist erindi, sem gerir það nauðsynlegt, að fjhn. komi á fundi í dag, svo að það er ekkert ómak fyrir nefndina að taka þá þetta mál til umræðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjhn. með 13:2 atkv.

Á 79. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 2. umr. (A. 578, 590, 594).

Of skamt var liðið frá 1. umr. og frá útbýtingu brtt. 590 og 594. — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer þykir ástæða til að gera nokkra grein fyrir frv. þessu.

1. gr. frv. er ekki annað en samskonar ársfrestur á endanlegri skipun seðlaútgáfunnar og á þrem undanförnum þingum, og er því aðeins bráðabirgðaráðstöfun, sem er nauðsynleg meðan þessum málum er ekki ráðið til lykta. Nú hefir það enn ekki tekist, og er því þetta frv. fram komið.

2. gr. frv. er ný. Er hún þar komin vegna þess, að nú er inndrætti Íslandsbanka svo langt komið, að hann hefir ekki í umferð nema 5 milj. Verður því altaf meiri og meiri seðlaumferð Landsbankans, sem fer með seðlaútgáfuna fyrir hönd ríkissjóðs. Það má því segja, að nú sje seðlaútgáfan komin í hendur beggja bankanna. En seðlaútgáfunni fylgir sú skylda að halda uppi gjaldeyri landsins. Þarf oft fjárútlát til þess, enda hefir seðlabankinn vanalega arð af seðlaútgáfunni. Eftir núgildandi lögum hefir Íslandsbanki að því er þetta snertir stuðning af arði þeim, er seðlaútgáfan gefur, en Landsbankinn aftur á móti ekki, þar sem allur arðurinn af henni rennur í ríkissjóð. En þetta er óeðlilegt og órjettlátt, þar sem Landsbankinn hefir tekið að sjer þær skyldur seðlabankans að halda uppi gildi gjaldeyrisins. Ef arðurinn rennur í ríkissjóðinn, má líta svo á, að honum beri þá einnig að taka á sig skyldur seðlabankans. Í frv. er stungið upp á, að arðurinn verði lagður í sjerstakan reikning, til þess að vera tiltækur í því skyni, sem greinin hermir. Það er auðvitað sama og að arðinum megi verja til þess kostnaðar, sem Landsbankinn kann að hafa af því að halda uppi gjaldeyri landsins. Þetta er og bráðabirgðaráðstöfun, til þess að gera jöfnuð á aðstöðu Landsbankans til seðlaútgáfu ríkisins og aðstöðu Íslandsbanka til seðlaútgáfu sinnar.

3. gr. frv. fer fram á, að feldur verði niður frekari inndráttur á seðlum Íslandsbanka þetta ár. En eftir lögunum frá 1921 á hann að draga inn 1 miljón á ári. Það er þó ekki eftir ósk Íslandsbanka, að þetta er sett í frv., heldur eftir bendingu frá einum af bankastjórum Lands-

bankans, sem sjer fram á, að óþægindi muni leiða af inndrættinum sem stendur. Inndrátturinn hefir ekki aðra þýðingu en að Íslandsbanki verður skuldunautur Landsbankans fyrir jafnhárri upphæð og inndrættinum nemur, en Landsbankinn fær tilsvarandi seðlaupphæð frá ríkissjóði. En það mun valda óþægindum fyrir Landsbankann að fara lengra inn á þá braut að gerast lánveitandi Íslandsbanka meðan ekki er komið endanlegt skipulag á seðlaútgáfuna.

Jeg hefi gert grein fyrir brtt. á þskj. 590, sem fer fram á, að 3. gr. falli burt. Svo er hjer brtt. á þskj. 594 frá minni hl. fjhn., sem jeg skal um leið taka afstöðu til. Brtt. fer fram á, að í staðinn fyrir, að Landsbankinn á nú að greiða gjöld af seðlum í umferð 2% undir forvöxtum, skuli hann greiða 2%. Það hafði komið til orða í Ed. að slaka þannig til, að bilið milli forvaxta og seðlagjalds hækkaði upp í 3%. Þetta var borið undir einn af bankastjórum Landsbankans, og benti hann á, að eini hemill í lögum á seðlaútgáfu hjer væri sá, að Landsbankinn yrði að greiða svo hátt gjald, að honum væri ekki gróði að því að gefa út seðla. Væri vikið frá þessu án gulltryggingar, væri úr löggjöfinni slept öllum hömlum á seðlaútgáfu, en það getur ekki talist rjett. Því síður væri rjett að samþykkja þessa brtt., þar sem með því væri seðlagjaldið fært enn þá meira niður og seðlaútgáfan gerð arðvænlegri. En sjerhver aukning seðlaútgáfunnar ætti að heimta aukna gulltryggingu.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg ætla aðeins að víkja nokkrum orðum að brtt. á þskj. 594, frá minni hl. fjhn. Það bar vel í veiði, að hæstv. fjrh. lýsti afstöðu sinni til þessarar brtt. Hann hefir það eftir Landsbankastjórninni, að eini hemillinn á seðlaútgáfunni sje þessi 5%, sem bankinn greiðir ríkissjóði. En þessir hemlar eru fleiri. Einn þeirra er fjármálaráðherrann, og þeim hemli er ekki slept, þó okkar till. verði samþykt. Okkar till. miðar að því að láta Landsbankann standa eins að vígi og venjulegan seðlabanka. Þetta gjald er miðað við gulltrygginguna, sem venjulega er ⅓ af seðlamagninu. Þetta er því nákvæmlega sami hemill og seðlabankar hafa yfirleitt, hið sama og gert var ráð fyrir í Landsbankafrumvarpi meiri hl. bankanefndarinnar og hæstv. stjórnar, sem svæft var í Ed. Við gerum í till. okkar Landsbankann á þessu ári að seðlabanka með seðlabankaaðstöðu. Hæstv. fjrh. hlýtur að játa, að till. okkar er ekki hættuleg frá „bankatekniskum“ sjónarmiði. En þetta snertir nokkuð gengismálið, og því flytjum við flutningsmenn nú þessa tillögu. Við viljum amast við, að verið sje að mynda gengissjóð, og við viljum gera Landsbankanum mögulegt að verða seðlabanki á þessu ári og reka þá gengispólitík, er hagsmunir þjóðarinnar heimta. Það er engin freisting, sem hjer er verið að leggja fyrir þá bankastofnun, sem var við því búin að taka að sjer alla seðlaútgáfuna á þessu ári, að dómi hæstv. fjrh. og yfirgnæfandi meiri hluta þessarar deildar.

Jakob Möller: Jeg á aðeins að skila frá meiri hl. fjhn., að hann leggur til, að frv. verði samþykt óbreytt. Að öðru leyti hefir hæstv. fjrh. tekið af mjer ómakið að lýsa ástæðunum, sem til þess liggja. Aðalbreytingin er fólgin í 3. gr., þar sem gert er ráð fyrir frestun á inndrætti seðlanna. Þegar sett var reglugerð um seðlainndrátt Íslandsbanka, var auðvitað gert ráð fyrir, að mjög fljótt yrði sett á fót

stofnun, sem tæki við seðlaútgáfunni. Þetta hefir dregist og nú vantar viðtakanda, sem taki við seðlaútgáfunni af Íslandsbanka. Þetta er óhentugt, ekki einungis Íslandsbanka, heldur einnig stjórninni og Landsbankanum. Það, sem Íslandsbanki má nú hafa í umferð af seðlum, er komið niður fyrir það, sem óhjákvæmilegt er að hafa vegna gjaldmiðilsþarfar landsmanna. Hjer er aðeins farið fram á það að fresta inndrætti seðlanna. Hæstv. fjrh. hefir skýrt frá, að þetta væri borið fram í samráði við stjórn Landsbankans, enda er ekki ágreiningur um þetta í fjhn. Um brtt., sem fyrir liggja, ætla jeg ekki neitt að segja. Það má gera ráð fyrir, að ekki komist skipulag á seðlaútgáfuna fyr en eftir almennar kosningar. Till. hv. 2. þm. Reykv. er því rjettmæt. Till. minni hl. fjhn. hefir hæstv. fjrh. gert að umtalsefni, og get jeg því slept að minnast á hana.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil aðeins taka það fram, að það er heldur ofmælt, að þetta sje borið fram í samræmi við stjórn Landsbankans. Frv. er samið í flýti og hefi jeg aðeins borið mig saman við einn bankastjóranna. Auðvitað má segja, að þetta sje allri bankastjórninni kunnugt, þó að hún hafi ekki beinlínis tekið afstöðu til þess.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg ætla aðeins að undirstrika frekar það, sem hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir sagt út af brtt. á þskj. 594. Þegar gengismálið var afgreitt hjer með rökstuddri dagskrá, var það skýrt tekið fram, að ekki mætti eyða neinu fje úr ríkissjóði til þess að halda genginu uppi. Nú er aftur með þessu frv. gerð tilraun til að verja allmiklu fje úr ríkissjóði til þess að halda við núverandi gengi. Það er ekki Landsbankinn, sem á að leggja fram þetta fje, heldur ríkissjóður. Hann á að afhenda bankanum þessa peninga til þess að halda við núverandi gengi. Það er verið að stofna til þess að fá samþ. till. þvert ofan í þann vilja, sem áður hefir komið fram hjer í deildinni. Brtt. minni hl. fjhn. samþykki jeg með glöðu geði. Jeg vil leyfa mjer að biðja hæstv. forseta að bera upp 2. gr. frv. sjerstaklega. Mun jeg þá greiða atkvæði á móti henni og vænti þess, að deildin haldi fast við þá skoðun sína, sem áður hefir komið fram í þessu máli.

Jón Baldvinsson: Jeg hefi borið fram tvær brtt. við þetta frv. Mjer skilst, að tímatakmarkið, sem sett er, geti orkað tvímælis, hvort það er nógu rúmt. Það hefir sýnt sig hjer, hve treglega gengur að koma bankamálunum áleiðis. Stjórnin hefir ekki sýnt þann áhuga til að hrinda því áfram, sem vænta hefði mátt um jafnmerkilegt mál. Það gæti vel farið svo, að næsta þing afgreiddi ekki heldur þetta mál. Það er ómögulegt að sjá, hvernig afstaða Ed. er. Mjer skilst, að hún hafi felt að taka Landsbankafrv. fyrir með 9 atkv. gegn 2. Mjer þykir ekki ólíklegt, að svo kunni að fara, að afgreiðsla þessa máls dragist fram á árið 1928. Jeg get hugsað mjer, að þeir, sem ekki vilja afgreiða það nú, kæri sig ekki um, að það sje afgreitt rjett fyrir kosningar. Jeg vil því setja tímatakmarkið við 1928. Þá hefi jeg gert brtt. um að fella niður 3. gr., sem raunar hefði ekki þurft, þegar gr. frv. eru bornar upp hver fyrir sig. En jeg vildi bara leggja áherslu á, að þessi grein frv. ætti að falla niður. Mjer skilst, að sá samningur, sem gerður hefir verið við Íslandsbanka um innlausn seðla, mætti standa áfram óbreyttur, og því sje óþarfi að vera að gera þar á

neina breytingu. Enda hefir Íslandsbanki ekki, mjer vitanlega, æskt neinna breytinga. Og ætti á þessu nokkur breyting að verða, þá ætti að ákveða vissa fjárupphæð, sem bankinn skyldi draga inn á árinu. Jeg get skilið, að erfitt muni vera að draga inn mjög mikið, en að fella inndráttarskylduna alveg niður tel jeg ekki rjett, og því kem jeg með þessa brtt. um að fella 3. gr. frv. niður.

Fjármálaráðherra (JÞ): Ákvæði 1. gr. um það, að framlengja skuli frestinn á skipun seðlaútgáfunnar um 1 ár, er í samræmi við það, sem hefir verið gert. Það er ekki rjett að setja tveggja ára frest. Því lengur sem líður, því erfiðara er að bjargast við það fyrirkomulag, sem nú er.

Að 3. gr. breyti samningum við Íslandsbanka, held jeg að ekki sje rjett. Þetta er aðeins tilslökun frá hendi annars samningsaðilja. Þingið getur altaf haft full tök á þessu með því að fella burt undanþáguna frá gullinnlausn seðlanna.

Það var kátlegur misskilningur hjá þeim háttv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) og háttv. þm. Str. (TrÞ), að hjer væri að ræða um gengismálið. Ef svo væri, þá gengur brtt. minni hl. fjhn. lengra heldur en ákvæði frv. Ákvæði frv. þýðir ekki það, að ríkissjóður eigi að sleppa þessu fje úr hendi sjer; það er aðeins heimild til að verja fjenu að seðlabankahætti, ef með þarf.

Því fer fjarri, að till. minni hl. fjhn. feli í sjer endanlegt skipulag á seðlaútgáfunni. Mjer sýnist lítið samræmi í því að vilja ekki verja neinu fje úr ríkissjóði til að varna gengisbreytingu, en vilja hinsvegar gefa bankanum eftir meiri hluta af þessu fje.

Till. minni hl. fjhn. fer fram á að setja inn ákvæði, sem hvorki eru leyfileg nje nýtilegur grundvöllur seðlaútgáfu. Freistingin til seðlaútgáfu yrði of mikil. Jeg er að vísu ekkert hræddur um, að slíkt vald yrði misbrúkað af núverandi bankastjórn eða landsstjórn. En svona ákvæði á jafnan að miða við það, sem alment talið þykir rjett vera.

Jörundur Brynjólfsson: Mig langar til að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjrh., hvort þetta frv. er borið fram í samráði við stjórnir beggja bankanna. Það skiftir miklu máli, sjerstaklega að því er snertir inndrátt seðlanna. Á það hefir verið bent, að búið væri að draga inn svo mikið af seðlum, að ekki væri unt að taka meira af þeim úr umferð; og það, sem Íslandsbanki tæki úr umferð af seðlum, yrði Landsbankinn að lána út vegna viðskiftaþarfarinnar, annaðhvort sjálfur beint til þeirra, er peninganna þurfa nauðsynlega með, eða til Íslandsbanka. Og þess vegna skifti litlu þó Íslandsbanki væri undanþeginn þeirri skyldu, er á honum hvílir nú að draga inn 1 miljón kr. á yfirstandandi ári. En jeg vil leyfa mjer að benda á, að ríkissjóði getur ekki á sama staðið, hvernig um þetta fer, því hann á þarna hagsmuna að gæta. Dragi Íslandsbanki inn seðlana eins og lög áskilja og Landsbankinn lánaði fjeð út, næmi það víst nær 60 þús. kr. tekjum, er ríkissjóði áskotnaðist, en þeirra fer hann alveg á mis, ef Íslandsbanki verður undanþeginn því að draga inn seðlana. Mjer hefir skilist, að svo geti farið, að Íslandsbanki eigi erfitt með að fullnægja lögunum um inndrátt seðlanna, og því kemur mjer í hug, hvort ekki mætti leyfa honum að draga inn aðeins helminginn af þeirri upphæð, sem lögin tiltaka.

Um gulltrygging seðla þeirra, er Landsbankinn gefur út, er ekki að ræða. Fyrst um sinn verður ríkissjóður að ábyrgjast

seðlaútgáfu Landsbankans, og þar með eru þeir gulltrygðir.

Jeg get ekki fallist á brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald). Um fyrri brtt. er það að segja, að það ætti ekki að gera gyllingar til þess að hafa seðlaútgáfuna lengi í óreiðu, og síðari brtt. get jeg heldur ekki fallist á, því jeg álít, að það gæti farið svo, að það væri rjett að veita Íslandsbanka einhverja ívilnun um seðlainndráttinn, ef brýna nauðsyn ber til þess.

Jakob Möller: Viðvíkjandi því, sem þeir hafa sagt hv. þm. Str. (TrÞ) og hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), en þó sjerstaklega hæstv. fjrh. (JÞ), vil jeg taka það fram, að áhættan við seðlaútgáfu og gengisverslun Landsbankans getur alveg eins stafað af því, að gengið lækki, og því er það augljóst, að það væri ranglæti að neita þeim banka, sem á að hafa hemil á genginu, um einhverjar tekjur af seðlaútgáfunni, því bankinn þarfnast auðvitað talsverðs fjár til að standast þessa áhættu. Það er satt, sem hæstv. fjrh. sagði, að brtt. 594 tekur ekki þessar tekjur af bankanum nema að nokkru leyti og hann hefir vald til að verja þessum tekjum að nokkru leyti til að halda við genginu, en gegn því hafa komið fram ákveðin mótmæli af flm. frv. o. fl. Þeir vilja ekki verja til þess einum eyri, en þó segjast þeir vilja láta halda því föstu, sem alls ekki er hægt nema með því að verja til þess einhverju fje. Hinsvegar hafa komið raddir um það í þessum umræðum, að stjórnin ætti að styðja bankann með fjárútvegun til að halda genginu föstu, en jeg vil benda á, að það má alveg eins búast við, að gengið leiti niður eins og upp á við, og í báðum tilfellum kostar það fje að halda því föstu.

Hv. 2. þm. Árn. (JörB) vil jeg svara því, að það er talsvert meira en hæpið að telja seðlaútgáfuna tekjugrein fyrir ríkissjóð. Um leið og hinir gulltrygðu seðlar Íslandsbanka eru dregnir inn verður að gefa út ógulltrygða seðla, sem ríkissjóður verður að bera ábyrgð á, og það er ærið hæpin leið, sem seðlaútgáfunni þannig er beint út á.

Hv. 2. þm. Reykv. (JBald) þarf ekki að óttast það, að þetta hafi neina raunverulega breytingu á samningnum við Íslandsbanka í för með sjer; bankinn er aðeins leystur frá því í svip að draga inn alla þá seðla, sem honum var gert að draga inn; en ef bankinn kýs það sjálfur, má hann auðvitað draga þá inn. Honum er þetta aðeins í sjálfsvald sett, í stað þess að hann var skyldur til þessa áður.

Tryggvi Þórhallsson: Hæstv. fjrh. benti á það, og það var rjett, að með brtt. 594 eru Landsbankanum veitt betri kjör en áður um seðlaútgáfuna og að hann mundi hafa talsverðan hagnað af henni. Þá sagði hæstv. fjrh., að þessum gróða bankans yrði varið til að bæta upp halla, sem bankinn kynni að verða fyrir af því að viðhalda genginu; en í 2. gr. frv. sagði hæstv. fjrh., að bankanum væru veitt of góð kjör, sem gætu leitt til þess, að of mikið yrði gefið út af seðlum. Jeg er þó alveg sammála hæstv. ráðh. um það, að núverandi stjórn Landsbankans fellur ekki í þessa freistni, en með þessu gefur hæstv. ráðh. í skyn, að hlunnindi frv. til bankans hafi verið ennþá meiri, ef brtt. fer nærri því fulllangt.

Mótmæli hæstv. ráðh. gegn brtt. minni hl. eiga ekki við rök að styðjast, og ber hjer að þeim sama brunni og áður í umræðunum um þetta mál, að hjer er ekki

um neinn árekstur í deildinni að ræða út af gengismálinu. Jeg endurtek því áskoranir mínar til háttv. deildar að halda fast við yfirlýsta stefnu í þessu máli og skora eindregið á menn að veita ekki stórfje til þeirra framkvæmda, sem áður er búið að mótmæla, að verði framkvæmdar.

Jón Baldvinsson: Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) mælti á móti brtt. mínum og sagði, að bankanum væri þetta aðeins í sjálfsvald sett, hve mikið hann drægi inn af seðlum á árinu. Þetta var mjer vel ljóst; jeg vissi, að hann getur dregið inn seðlana eftir vild sinni, en mjer skilst, að með þessu sje ákvæðum og orðalagi gerðs samnings breytt. Og þó að þetta sje aðeins í vil Íslandsbanka, getur hann þá ekki, ef þetta er gert að honum fornspurðum, sagt, að nú sje án bankans samþykkis breytt þeim samningi, er áður hefir verið gerður um seðlainndráttinn, og bankinn þannig losni við að standa við hann og haldi sig aðeins að sjerleyfinu, er veitt var í upphafi? Jeg vil ekki fullyrða, að bankinn geti losnað undan kvöðum þeim, er lögin frá 1922 leggja honum á herðar gagnvart ríkinu. En eins og jeg hefi áður á minst. þykir mjer rjettara að fella niður þessa 3. gr. frv. og láta haldast þau ákvæði, er nú eru í lögum um inndrátt seðla hjá Íslandsbanka.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það er misskilningur hjá hv. þm. Str. (TrÞ), að 2. gr. frv. veiti bankanum betri kjör en brtt. 594, og jeg held fast við það, að næsta þing verður að binda endahnútinn á þetta seðlaútgáfumál, þó að okkur hafi ekki tekist það á þessu þingi. Þetta fje er ekki eyðslufje samkvæmt brtt., nema bankinn endilega þurfi þess með vegna gjaldeyrisráðstafana, en brtt. hv. minni hl. fjhn. gefur bankanum beinlínis allmikið fje, hvort sem hann þarf þess eða ekki. Þetta er og í ósamræmi við meiri hluta þingsins, sem hefir lýst því yfir, að genginu skuli haldið föstu eins og það er nú, nema þá hv. þm. Str., sem vill alls ekki festa gengið. Það er eðlilegt, að hann vilji ekki setja ákvæði í frv., sem geri það viðunanlegt fyrir bankann að taka á sig áhættuna af væntanlegum gengissveiflum.

ATKVGR.

Brtt. 590,1 feld með 18:1 atkv.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 594 feld með 13:9 atkv.

2. gr. samþ. með 14:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HK, JakM, JAJ, JBald, JK, JÞ, MG, MJ, ÓTh, SigurjJ, SvÓ, ÞórJ, ÁJ, BL.

nei: IngB, JS, JörB, MT, PO, PÞ, TrÞ, ÞorlJ, ÁÁ, BSt, HStef.

BSv. greiddi ekki atkv.

Tveir þm. (KlJ, BJ) fjarstaddir.

Brtt. 590,2 tekin aftur.

3. gr. samþ. með 15:4 atkv.

4. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 20:1 atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Það er aðeins um þetta eina atriði, sem jeg drap á við 2. umr. málsins. Mjer finst, að þar sem

Íslandsbanki hefir ekkert óskað eftir því að vera laus við að draga inn þá upphæð, sem honum er áskilið með lögum, þá muni meir en nægja, að hann verði undanþeginn því að draga inn ½ milj. Leyfi jeg mjer því að leggja fram skriflega brtt.

Jakob Möller: Viðvíkjandi brtt. hv. 2. þm. Árn (JörB) er í raun og veru alveg sama að segja og við brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), sem vildi láta fella niður 3. gr. frv.

Jeg vjek að því við 2. umr. þessa máls, að það væri tæplega forsvaranlegt að breyta þessari seðlaútgáfu úr gulltryggðum seðlum í ógulltryggða. En það er það, sem verður, ef inndrætti Íslandsbanka er haldið áfram áður en einhver seðlastofnun er komin fram, sem gefur út gulltryggða seðla, eins og vitanlega hefir verið gert ráð fyrir, þegar lögin frá 1921 voru sett. Till. hv. 2. þm. Árn. fer því fram á að koma seðlaútgáfunni í miður viðunandi horf heldur en hún er, það er að segja, láta koma ógulltryggða seðla í staðinn fyrir gullgilda. Þess vegna verð jeg fyrir hönd meiri hl. fjhn. að mótmæla þessari brtt. alveg eins og hinni.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg hafði hugsað mjer að bera fram svo látandi skriflega brtt., að orðin í niðurlagi 2. gr. „og má verja því“ og út greinina falli burt. Þá getur þingið ráðstafað þessum peningum; með öðrum orðum: Það er bara felt niður, að þingið taki ákvörðun um, að þessum peningum skuli varið til þess að borga tap á gengisverslun.

Mjer þykir ólíklegt, að hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) geti ekki gengið inn á þessa till. Þá er þetta lagt í vald þingsins síðar. Það er til þess að halda áfram sömu stefnu og hv. þm. Borgf. (PO), sem flutti dagskrána í gengismálinu, hjelt fram, og hv. 2. þm. G.-K. tók þá algerlega undir.

Fjármálaráðherra (JÞ): Brtt. hv. 2. þm. Árn. (JörB) get jeg ekki annað en látið alveg hlutlausa; hún er í samræmi við það, sem jeg hefi stungið upp á án þess í rauninni að bera mig saman við stjórn Landsbankans um það. En jeg tel hinsvegar efasamt, hvort borgar sig að hrekja þetta frv. milli deilda fyrir hana.

Hv. 3. þm. Reykv. (JakM) gerði fullmikið úr þeirri breytingu á tryggingunni, sem leiðir af þessum inndrætti. Það er sem sje svo, að sá gullforði, sem er til tryggingar seðlaútgáfu landsins í heild, breytist ekkert við þennan inndrátt, af því Íslandsbanki samkv. lögum selur ríkissjóði það gull, sem losnar úr tryggingu, og fer það yfir til Landsbankans.

En um brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) við 2. gr. verð jeg að segja það, að samþykt hennar er sama sem að fella greinina burt; því það þarf virkilega ekki að vera með lagasetningu um það að leggja eitthvað af fje ríkissjóðs á sjerstakan reikning í Landsbankanum. Það er alveg sama, hvort það er þar á sjerstökum reikningi eða á reikningi, sem ríkissjóður hefir yfir fje, sem geymt er þar.

Spurningin er aðeins þessi: Vilja menn, að þetta fje sje tiltækt með samþykki ríkisstjórnarinnar til þess að standast áhættu, sem bankinn telur sig þurfa að leggja sig í til þess að hindra gengisbreytingu? Og mjer skilst, að um það hafi verið gengið til atkv. áður.

Ólafur Thors: Örstutt athugasemd vegna þess, að hv. þm. Str. (TrÞ) bar á mig, að jeg hefði við 3. umr. um frv. til laga um að stöðva verðgildi ísl. krónu lýst yfir, að jeg væri sammála hv. þm.

Borgf. (PO) um það að bera fram þá ósk til hæstv. stjórnar, að hún verði ekki neinu af fje ríkissjóðs til þess að hindra breytingu á verðgildi krónunnar á komandi ári. Jeg skal nú ítreka það, sem jeg þá tók fram og lagði áherslu á, að jeg álít, að sú skoðun, sem lýsti sjer í hv. deild við umræður málsins, hafa hnigið eindregið að því, að ríkisstjórnin hefði fulla heimild til þess að verja nokkru af fje ríkissjóðs til að sporna við hækkun krónunnar. Þetta var mín skoðun þá, og er það enn — og samkv. henni er það rökrjett að samþ. 2. gr. eins og hún nú liggur fyrir. Því þótt mjer sje það fyllilega ljóst, að ástand atvinnulífsins býður ekki hækkun krónunnar heim á þessu ári, þá hefi jeg enga tryggingu fyrir því, að valdhafar peningamálanna líti sömu augum og jeg á það. Þess vegna gæti vel svo farið, að einhverntíma á árinu sýnist þeim áhætta fylgja því að hækka ekki krónuna, og tel jeg þá heppilegt, að þeir eigi að baki sjer sjóð þann, sem um ræðir í 2. gr. Þingviljinn er eindregið gegn hækkun, og er það ærið aðhald. Sjóðurinn er enn viðbótar stífla. Hann er að vísu smár, en hann nægir ef til vill til að fyrirbyggja órjettmæta hækkun, þótt hann hrökkvi skamt, ef lækkunin leitar á.

Jeg nota tækifærið til þess að mæla eindregið móti brtt. hv. 2. þm. Árn. (JörB). Mjer skilst á umræðunum, sem hjer hafa farið fram, að það sje að vilja beggja bankanna, að inndráttur seðlanna verði stöðvaður á árinu, en auk þess er jeg því meðmæltur af ýmsum öðrum ástæðum, en hirði ekki um að lengja umræður með því að greina frá þeim. Læt nægja, að það komi fram í umræðunum, að báðir bankarnir óska eftir þessu.

Jeg leyfi mjer að benda á, að frekar væri ástæða til að samþykkja nú þessi lög óbreytt, til þess að þurfa ekki að tefja tímann með því að senda þau til hv. Ed., þar sem ekki ber meira á milli en raun ber vitni. Jeg segi þetta vegna brtt. hv. 2. þm. Árn., en hinsvegar geri jeg ráð fyrir, að tillaga hv. þm. Str. verði feld, því í raun og veru er búið að fella hana að mínum skilningi við atkvgr. hjer í deildinni áður.

Jakob Möller: Hæstv. fjrh. sagði, að jeg hefði gert fullmikið úr þessari breytingu, sem varð á seðlaútgáfunni með inndrætti Íslandsbanka, meðan seðlaútgáfunni er ekki öðruvísi ráðstafað. Jeg sagði það, sem rjett er, að í stað gulltryggðra seðla eru gefnir út ógulltryggðir seðlar. *(Fjrh. JP*: Þetta er ekki alveg rjett). Jú, þetta er einmitt nákvæmlega rjett. Því að þótt Íslandsbanka sje skylt að selja ríkissjóði það gull, sem hann losnar við, eftir því sem það losnar frá því að gulltryggja seðla, þá er í fyrsta lagi engin skylda fyrir ríkissjóð að kaupa; en þó hann keypti, er það gull alls ekki til tryggingar þeim seðlum, sem gefnir eru út. Þeir eru ógulltrygðir, en gefnir út á ábyrgð ríkissjóðsins. Þótt ríkissjóður eigi eitthvert gull einhversstaðar geymt, þá breytir það engu. Það mundi hvergi vera talin fullnægjandi gulltrygging á seðlum, sem seðlabanki gæfi út, þótt það væri beinlínis gefið, að hann setti svo og svo mikið gull, ef það gull er ekki sett til tryggingar seðlunum. Gulltryggingin er ekki til staðar, nema til sjeu ákvæði um, að gullið sje til tryggingar. En það er ekki hjer.

Þetta er kannske ekki höfuðatriðið, sem kemur hjer til greina, heldur er það miklu fremur annað, sem athuga þarf. Viðskiftum landsmanna er gert miklu erfiðara

fyrir með því að koma seðlaútgáfunni þannig fyrir, að henni sje alveg óráðstafað, heldur en hún sje að meira leyti í höndum seðlabanka. Þær breytingar með inndrátt Íslandsbanka, sem farið er fram á, eru, að í staðinn fyrir að seðlabankinn gefi út seðlana og hafi fulla ábyrgð á gulltryggingu þeirra, þá sje seðlaútgáfunni kastað út á gaddinn að nokkru leyti. — Hæstv. stjórn má ekki firtast, þó að jeg segi „að kasta út á gaddinn“ um það, sem henni er fengið í hendur; en hún veit það, hæstv. stjórn, að með þessum orðum, sem í lögunum eru, að seðlaútgáfan sje í höndum ríkisstjórnarinnar, þá er það ákaflega lítið, sem henni er fengið í hendur til þess að standa straum af henni. Og þó það fylgi, að ríkisstjórnin eigi að hlutast til um, að Landsbankinn gefi út seðla, þá er þess að gæta, að bankanum er ekki fenginn í hendur nokkur skapaður hlutur til þess að geta borið þá ábyrgð, sem fylgir seðlaútgáfunni. Þess vegna er seðlaútgáfan með þessu fyrirkomulagi fullkomlega út í loftið, eins og mjer hefir líka skilist koma allgreinilega fram í umræðunum um fyrirkomulag seðlaútgáfunnar. Og mjer skilst jafnframt, að ef nokkru af seðlunum er óráðstafað, þá sje því verra, sem meira er.

Pjetur Ottesen: Jeg hafði kvatt mjer hljóðs við 2. umr. Það, sem jeg ætlaði að benda á í ákvæðum 2. gr. um heimild ráðherra til að verja þessum tekjum ríkissjóðsins af þessum seðlum til þess að borga halla af gengi, er það, að þetta er gagnstætt minni skoðun á þessu máli og því, sem jeg bar fram í málinu. Mín skoðun er sú, að jeg vil ekki láta setja neitt af ríkissjóðsfje í hættu. Greiddi jeg því vitanlega atkvæði móti 2. gr. Nú sje jeg ekki annars úrkosta en að vera með till. hv. þm. Str. (TrÞ) og fella þetta aftan af. Þótt greinin að vísu verði nokkuð óviðkunnanleg eftir þetta, þá mun jeg hverfa að því ráði að greiða henni atkv. mitt.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vil fyrst segja það, að menn þurfa ekki að hafa það á móti minni brtt., að slæmt sje að hrekja málið milli deilda. Efri deild mun halda fund í kvöld, og eins og við höfum hespað af þessar tvær umræður á einum degi og afgreitt málið hjeðan, þá verður hv. Ed. lítið verk að afgreiða málið á kvöldstund.

Hæstv. fjrh. og hv. 2. þm. G-K. (ÓTh) sögðu það um mína till., að hún væri fallin áður. Mjer þykir það ekki undarlegt, þótt þetta komi frá hv. 2. þm. G.-K., en geta vil jeg þess í því sambandi, að mjer þykir hv. 2. þm. G.-K. hafa látið beygja sig alllangt niður í þessu gengismáli, og þó lengst nú.

Til hæstv. fjrh. vil jeg segja, að hann veit vel, hvernig hann hefir „praktiserað“ á þessu þingi, — að það má fara tvær leiðir til að ná sama marki. T. d. var um eina till., sem okkur var mjög ant um, sem bárum hana fram, að hún var samþ. í Nd. í einu lagi og sömuleiðis í Ed. við 2. umr. fjárlaganna. Síðan kemur hæstv. fjrh. með brtt. um að fella hvern lið till. út af fyrir sig, og þannig var hún feld. Jeg vil benda á, að jeg fer að þessu leyti í för hæstv. ráðherra. Jeg bjóst við, að hv. 2. þm. G.-K. og ýmsir fleiri gætu orðið samferða mjer um þetta, en þar hefi jeg orðið fyrir mjög miklum vonbrigðum.

Jeg ætla ekki að rökræða sjerstaklega till. hv. 2. þm. Árn. (JörB), en vil aðeins geta þess, að mjer þykir ekki undarlegt, þótt hæstv. ráðherra leggi ekki mikið móti

þeirri till. En 3. gr. frv. eins og hún er nú orðuð — að heimila Íslandsbanka að þurfa ekki að draga inn 1 milj. kr. af seðlum árlega — er í beinu samræmi við stefnu mína í gengismálinu, en í beinu ósamræmi við stefnu hæstv. fjrh. Vilji hæstv. ráðherra halda áfram að hækka krónuna, þá á hann að stuðla að inndrætti seðlanna og minka útlán.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg þarf ekki að svara hv. 3. þm. Reykv. (JakM); hæstv. fjrh. gerði það áðan. Jeg hygg, að ábyrgð ríkissjóðs fyrir útgáfu seðlanna megi vera næg trygging fyrir þeim. Og þá má áreiðanlega telja til viðbótar það gull, sem Íslandsbanki kann að losna við, svo óþarft er að fjölyrða um þetta frekar. Hv. 2. þm. G.-K. (ÓTh) kvað þetta frv. borið fram í samráði við báða bankana. Jeg get náttúrlega ekki gert upp á milli meininga manna um þetta atriði. Hæstv. ráðh. svaraði mjer áðan viðvíkjandi minni fyrirspurn, að frv. væri borið fram án þess að bera það undir Íslandsbanka og gat þess jafnframt út af ummælum annars þingmanns, að við að minsta kosti tvo menn úr stjórn Landsbankans hefði ekki verið talað um þetta. Getur því ekki heitið, að frv. sje borið fram samkvæmt samkomulagi milli beggja bankanna.

En þetta skiftir ekki svo miklu máli út af fyrir sig. Hitt skiftir náttúrlega mestu máli, — rjettlæti frv. á þeim grundvelli, sem það er borið fram. Hefði jeg fyr vitað það, sem hvíslað var að mjer af bankastjóra Íslandsbanka, hv. 1. landsk. (SE), eftir að brtt. mín kom fram, — að Íslandsbanki legði hina mestu áherslu á að vera laus við inndrátt þessara seðla á yfirstandandi ári, — þá er ekki víst að jeg hefði borið brtt. fram. En nú er hún fram komin, og jeg læt skeika að sköpuðu, hvernig menn snúast við henni.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það var alls ekki mín meining að hafa neitt á móti, að brtt. hv. þm. Str. (TrÞ) gæti komist að. Jeg álít hana þinglega og alveg rjett fram borna. En verði hún samþykt, er ekki eftir neitt af greininni, sem ástæða er til að halda í lögum.

Hitt er misskilningur, að inndráttur Íslandsbanka eða undanþága frá inndrætti standi í nokkru sambandi við gengismálið. Sá inndráttur, sem hjer er um að ræða, hefir ekki minstu áhrif á seðlaveltuna í landinu. Hann þýðir ekkert annað en það að taka Íslandsbankaseðla úr umferð og setja Landsbankaseðla í staðinn. En vitanlega er það fjárhagslegur vinningur fyrir Íslandsbanka að fá eins árs frest með þennan inndrátt.

Ummæli mín um það, að hv. 3. þm. Reykv. (JakM) hafi gert fullmikið úr vöntun á gulltryggingu bygði jeg á því, að eftir lögunum frá 1922 og eftir því, sem þetta er framkvæmt, þá er gulltrygging fyrir nokkru af þessum ríkissjóðsseðlum, og gjald til ríkissjóðs fellur niður af jafnmikilli seðlafúlgu og gulltryggingunni nemur.

Jakob Möller: Jeg var að skoða einn seðil, sem jeg hafði í vasa mínum. Það stendur ekkert á honum, að hann sje gulltrygður. Hann er ógulltrygður. Ekkert spursmál um það. Í lögunum frá 1922 eru engin ákvæði um það, að þeir skuli vera gulltrygðir. Eins og hæstv. fjrh. sagði, hefir verið gengið inn á þá braut, að ríkissjóður hefir tekið við þessu gulli,

lagt út verð fyrir það og borgað vexti fyrir samsvarandi upphæð af seðlum. En seðlarnir eru jafnógulltrygðir eftir sem áður. Ríkissjóður getur selt gullið þegar honum sýnist. *(Fjrh. JP*: Bannað í lögunum). Þó að það sje bannað í lögunum, þá er það ekki til tryggingar seðlunum; seðlarnir eru ógulltrygðir samkvæmt því, sem á þeim stendur. Þetta ákvæði segir bara: „þeim seðlum, sem gulltrygðir kunna að verða.“

En þetta er ekki höfuðatriðið, heldur hitt, sem jeg drap á síðast, erfiðleikarnir í viðskiftalífinu, sem af þessu leiða, — óþægindin, sem viðskiftum landsmanna eru gerð með ógulltrygðum seðlum.

Auk þessa ákvæðis um seðlaútgáfuna má gjarnan segja það, sem hæstv. fjrh. sagði, að ljett er erfiðleikum af Íslandsbanka með því að ljetta tryggingu af honum. En hitt er víst, og stórt atriði í þessu máli, að þessi inndráttur, meðan ekki er sjeð fyrir seðlaútgáfunni endanlega, orsakar mikla örðugleika viðskiftamönnum Íslandsbanka; því að örðugleikarnir hljóta að lenda á þeim. Hinsvegar er hjer um gulltrygða seðla að ræða, meðan þeir eru í höndum Íslandsbanka.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. frá þm. Str. (verður þskj. 601,1) og frá 2. þm. Árn. (verður þskj. 601,2) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 601,1 feld með 13:9 atkv.

— 601,2 feld með 14:6 atkv.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 602).

51. Útsvör.

Á 1. fundi í Nd., mánudaginn 8. febr., var útbýtt:

Frv. til laga um útsvör (stjfrv., A. 15).

Á 5. fundi í Nd., föstudaginn 12. febr., var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Á síðasta þingi samþykti þessi hv. deild að skipa milliþinganefnd til þess að taka til athugunar sveitarstjórnar- og fátækralöggjöfina, og skyldi nefndin leggja fyrir þetta þing eða hafa lokið samningu frv. um útsvör og frv. um kosningar í málefnum bæjar- og sveitarfjelaga. En hv. Ed. lauk þessu máli þannig, að því var vísað til stjórnarinnar og henni falin endurskoðun nefndrar löggjafar. Stjórnin hefir því samið frv. það um útsvör, sem hjer liggur fyrir, og annað frv. um kosningar í málefnum sveitar- og bæjarfjelaga, er lagt hefir verið fyrir hv. Ed.

Því verður ekki neitað, að það er mjög aðkallandi nauðsyn að setja nýja útsvarslöggjöf, bæði vegna þess, að gildandi ákvæði um útsvör eru dreifð í ekki minna en 20 lagaboðum, og sjerstaklega vegna þess, að mjög mismunandi ákvæði gilda í hinum ýmsu stöðum á landinu, og er varla ofmælt, þótt sagt sje, að sumstaðar sje komið í hreinustu ógöngur, og á jeg þar sjerstaklega við Reykjavík. Eitt af því, sem allra mestri óánægju hefir valdið, er það, að leggja má eftir gildandi lögum á sama manninn jafnvel í mörgum stöðum, og hefir þótt við brenna, að þeir menn, sem fyrir því hafa orðið, hafi orðið mjög hart úti og ósjaldan óhæfilega hart.

Jeg hygg, að það sje ekki ofmælt, að útsvarslöggjöfin sje einhver allra erfið-

asti kafli löggjafarinnar, og held jeg, að útsvarslöggjöfin undanfarið sýni það mjög greinilega, því að stöðugt hefir Alþingi breytt henni, þing eftir þing, og altaf hefir verið óánægja með hana. Og jeg er sannfærður um, að eina leiðin til þess að fá bundinn enda á þessa sífeldu, ef jeg mætti svo að orði kveða, breytingarsýki, er sú, að brjóta nýjar leiðir og hverfa frá þeirri aðferð, sem hingað til hefir verið höfð, að reyna að gera sem flesta útsvarsskylda á sem flestum stöðum. Jeg skal ekki um það dæma, hvort hjer er fundin sú rjetta leið í þessu frv., en jeg geri mjer sterka von um, að frv. verði til stórra bóta, ef það verður að lögum. Mjer dettur að sönnu ekki í hug að halda því fram, að frv. geti ekki staðið til bóta, og er það vitaskuld, að jeg mun taka vel öllum skynsamlegum breytingum og er fús til samkomulags um smærri atriði, en jeg mun eiga mjög erfitt með að víkja frá aðalstefnum frv.

Frv. breytir í engu grundvellinum fyrir álagningu útsvara. Það byggir á því, að útsvör verði lögð á eftir efnum og ástæðum, eins og hingað til hefir verið. Víðast mun nú vera horfið frá þessum grundvelli og í þess stað bygt á framtali til tekjuskatts og eignarskatts, en það tel jeg ekki fært að gera hjer á landi, bæði vegna þess, að framtal hjá oss til skatts er ekki enn orðið svo ábyggilegt sem víða annarsstaðar, þar sem tekjuskattsfyrirkomulagið er orðið þrautreynt um langan tíma, og vegna þess, að atvinnuvegir vorir eru svo misbrestasamir, að nær ókleift mundi í vondum árum að ná inn nægilega miklu í útsvörum, ef aðeins mætti leggja á tekjur og eignir. Hjer við bætist, að víðast á landi hjer er fámenni svo mikið og útsvarsumdæmin svo lítil, að niðurjöfnunarnefndir þekkja allnákvæmlega til um efni og ástæður manna og geta því tekið fyllra tillit til ástæðnanna en ef eingöngu væri farið eftir tekjum og eignum.

Aftur á móti er í frv. þessu algerlega horfið frá þeirri reglu, að leggja megi á sama gjaldþegn útsvar á fleirum stöðum en einum. Í þess stað er sú regla upp tekin að leggja á hvern og einn útsvar eftir efnum hans og ástæðum að öllu leyti þar, sem hann er heimilisfastur eða dvelur. Undantekningar frá þessari reglu eru þó fáeinar í 8. gr. frv., en þær eru svo takmarkaðar, að þær skifta litlu máli og í eðli sínu þannig, að þær eru allar óhjákvæmilegar.

En af reglunni um það, að útsvar skuli venjulega aðeins lagt á á einum stað, leiðir það óhjákvæmilega, að alloft verður að skifta útsvari milli heimilissveitar og atvinnusveitar, því að ella mundi atvinnusveitin oft og tíðum verða mjög hart úti, og sumar sveitir, eins og t. d. Siglufjörður, alls ekki fá staðist. Þessi aðferð um skifting útsvara er tekin upp á öllum Norðurlöndum, að því er jeg best veit, og þykir þar eina færa leiðin. Hinsvegar verður því ekki neitað, að skifting þessi er talsvert erfið. Það er örðugt að finna reglur, sem í öllum atriðum hitti hið rjetta, enda hlýtur það að vera svo í allri skattalöggjöf, að reglurnar verða á stundum nokkuð grófar, og er það eðlileg og óhjákvæmileg afleiðing þess, að reglurnar verða að miðast við heildina og hið venjulega.

Þegar skifta á útsvari milli sveita, er gerður í frv. skarpur greinarmunur á því, hvort atvinna er rekin eða stunduð í atvinnusveitinni. Um það fjallar 9. gr. frv. Ýmislegt í þessum reglum er mjög mikið álitamál, en jeg sje mjer ekki fært við 1. umr. málsins að fara nánar út í þau atriði,

Enn er eitt vandamálið um það, hversu taka beri tillit til mismunandi sveitarþyngsla, þegar skifta á útsvari. Um þetta eru reglur í 12. gr. frv., en þar hefir slæðst inn villa í enda greinarinnar. Þar stendur „tekjum", en á að vera „eignum", og sjest það greinilega á sambandinu. Annars tel jeg ekki heldur, að viðeigandi sje vegna þingskapa að fara lengra út í þetta atriði við þessa umræðu, en jeg læt þess aðeins getið, að hjer geta ýmsar leiðir komið til athugunar.

Að síðustu vil jeg taka það fram, að jeg tel mikla nauðsyn á, að ný útsvarslöggjöf verði samþykt á þessu þingi, því að eins og jeg tók fram áður, er hin gildandi útsvarslöggjöf svo ranglát, að varla má við una, og veit jeg, eftir þeim röddum, sem komu fram á síðasta þingi, að margir hv. deildarmenn eru mjer sammála um það.

Ýms fleiri nýmæli eru í frv. þessu en þau, sem jeg hefi hjer talið, en jeg tel ekki fært að tína það alt til, enda yrði það mjög langt mál.

Jeg legg til, að frv. verði, að lokinni þessari umræðu, vísað til allshn.

Klemens Jónsson: Þetta er svo mikilsvert mál, að mjer finst það ekki vera alveg rjett að láta það ganga orðalaust til 2. umr. Það er að vísu ekki heimilt að ganga inn á málið í einstökum atriðum, og satt að segja ekki svo auðvelt heldur að nokkru ráði að taka málið til meðferðar frá almennu sjónarmiði, svo að í raun og veru verða allar umr. um þetta mál að bíða til 2. umr.

Það er rjett, sem hæstv. atvrh. (MG) tók fram, að þetta mál hefir verið stöðugur gestur á öllum seinustu þingum, einkum, viðvíkjandi útsvarsskyldu og álagningu, svo að það er fullkomin nauðsyn fyrir þingið að fara að binda enda á þetta mál.

Það var talað um það á síðasta þingi, að ekki yrði hjá því komist að skipa milliþinganefnd í málið. Var það samþykt hjer í þessari hv. deild, en svo fór í Ed., að þar var það felt. Í umr. um þetta mál í fyrra lýsti jeg yfir því, að jeg væri samþykkur því að kjósa milliþinganefnd, en jeg bætti því við, að svo framarlega sem stjórnin treysti sjer til að undirbúa þetta mál svo vel sem skyldi, myndi jeg vel geta sætt mig við það, en því bætti jeg enn við, að það væri ekki nóg, að stjórnin tæki málið í sínar hendur, heldur yrði hún líka að gera það svo úr garði, að það gæti náð samþykki þingsins. Hæstv. stjórn hefir nú sjeð sjer fært að koma fram með frv. í þessa átt, en jeg get ekki fyrir mitt leyti sagt um, hvort það er þess eðlis, að það nái að ganga í gegn, en hinsvegar þykist jeg fullviss um, að málið er ekki þannig komið frá stjórnarinnar hendi, að það verði samþykt óbreytt. Hæstv. atvrh. tók það líka fram, að hann væri viss um, að ýmislegt væri athugavert í þessu máli og að hann vildi semja um þau atriði, svo að frá því sjónarmiði mætti ætla, að hægt yrði að koma þeim breytingum á frv., að það gæti gengið frá þinginu í sæmilegu formi.

Það voru tvær aðalreglur, sem hæstv. atvrh. mintist á og taldi alveg óbreyttar eftir þessu frv. Fyrri reglan var sú, að fylgja sömu reglu um grundvöll fyrir álagningu útsvara og áður, fara eftir efnum og ástæðum. Jeg er samdóma hæstv. atvrh. um það, að rjett er að fylgja sömu grundvallarreglu, því að jeg álít, að að svo stöddu sje ekki hægt að víkja frá þeim grundvelli. En svo var hin megin-

reglan, sem hæstv. atvrh. mintist á, sú, að leggja mætti ekki útsvar á mann nema á einum stað. Þar er jeg ekki samþykkur hæstv. atvrh. Þetta hefir verið mesta vandræðamál fyr, og því heldur hjer áfram, því þessari reglu er alls ekki haldið, heldur eru ekki færri en 4 undantekningar eftir 8. gr. frv., og eftir c-lið megi leggja alstaðar á hann þar, sem hann hefir lögheimili, og það megi eftir 9. gr. skifta útsvarinu milli fleiri sveita. Jeg álít ekki eiga við að fara inn á einstök atriði nú, en verð þó að segja, að jeg álít þetta atriði í 8. gr. c. mjög athugavert. Maður getur átt heima á tveim stöðum, og sú sveit, sem verður á undan, leggur auðvitað alt útsvarið á hann, og það er hægt fyrir sveitirnar að keppa um þetta, þar eð álagningin fer fram frá því í febrúar til í maí, sbr. 21. gr. Þetta er því mjög athugavert. Annarsstaðar hygg jeg, þegar svo stendur á, að menn eigi tvö lögheimili, eigi þeir að velja um, hvort skuli vera aðallögheimilið.

Í sambandi við þetta vildi jeg líka minnast á skiftingu útsvara eftir 9. gr., sem jeg hygg, að verði mjög erfið; þar mun verða óþrjótandi efni til málaferla milli sveitanna og gjaldendanna. Þar er haldið þeirri reglu, að ekki megi leggja útsvar á atvinnu, sem rekin er skemri tíma en 8 vikur. Þetta tímatakmark, sem á að gera menn úr öðrum sveitum útsvarsskylda, hefir verið mjög mismunandi. Það byrjaði með 3 mánuðum, en er nú komið niður í 8 vikur, eða 4 vikur að nokkru leyti. Ef aðeins þetta tímatakmark á að fá að haldast, þá tel jeg það ekki varhugavert, en þetta tímatakmark er svo strax rofið í sömu grein, því hún verður ekki skilin öðruvísi en svo, að líka sje hægt að leggja útsvar á mann, þótt hann hafi jafnvel ekki starfað í umræddri sveit nema einn einasta dag, t. a. m. keypt síld á Siglufirði. Þetta er mjög athugavert. Vænti jeg, að allshn. taki þessa 9. gr. rækilega til athugunar, því að það verður annars að verulegu ágreiningsatriði milli gjaldenda annarsvegar og sveitanna hinsvegar.

Jeg hefði nú annars viljað gera ýmsar athugasemdir hjer, til athugunar fyrir nefndina, ekki síst af því, að jeg veit, að hæstv. forseti (BSv) hefir oft verið mjög frjálslyndur í því atriði að leyfa að fara langt, en jeg vil þó ekki níðast á frjálslyndi hans frekar, og læt mjer því nægja að gera aðeins þessar fáu athugasemdir, en jeg vil taka undir það, sem sagt hefir verið, að jeg vildi óska þess, að Alþingi gæti nú tekist að binda enda á þetta mikilsverða mál, og vona jeg, að svo verði, eftir ummælum hæstv. atvrh., með því að hann er mjög fús til samvinnu um öll þau atriði, sem þetta mál skifta.

Magnús Torfason: Það er enginn vafi á því, að ástæðan til þess, að þetta frv. er fram komið, eru Reykjavíkurlögin frá 1924, og þá sjerstaklega þetta atriði um útsvar utansveitarmanna. Óánægjan með það er orðin ákaflega mikil; hún var fullmikil í fyrra, en jeg verð að segja það, eftir því sem mjer er kunnugt, að sú óánægja hefir vaxið allmikið í ár, og til vitnis um það get jeg vísað til þingmálafundargerða úr Árnessýslu, þar sem sjerstaklega var talað um útsvarsmálið. Á þeim fundum, sem jeg var mættur, voru hvergi eins fastar raddir með neinum till. eins og með því að mótmæla atvinnuútsvörunum. Þetta er líka eðlilegt, því að kaupstaðirnir hafa dregið ennþá meira af fólki til sín nú í góðærinu heldur en

áður, og því færri verða mennirnir eftir heima í sveitunum til að bera byrðarnar, en þær aukast ár frá ári, svo að menn fá ekki undir risið. Jeg er því ekki í neinum vafa um það, að viðtökur þingsins við frv. fara mikið eftir því, hvernig tekist hefir að greiða fram úr þessu atriði.

Jeg skoða nú svo, að hæstv. atvrh. hafi gert heiðarlega tilraun til að sljetta yfir þær misfellur, sem hjer eru, og að hann hafi hagað sjer sem nokkurskonar jafnaðarmaður eða jöfnunarmaður og frv. megi þess vegna skoðast sem einskonar sáttasamningur frá hans hendi. En ef frv. gengur fram eins og það er nú, þá myndu kaupstaðirnir hrósa happi, en sveitirnar telja, að þær hafi orðið að bera skaðann af því, og ástæðan til þess er sú, að stefna þess er röng. Það hefir verið allsherjarregla hjer á landi, að útsvar fylgdi lögheimili í sveitinni. Þetta er sú góða gamla venja, sem var allsráðandi hjer á landi, og þær undantekningar, sem komið hafa síðan, hafa aðeins orðið síðustu áratugi, og jeg veit ekki betur en að einmitt þessi regla sje viðurkend í flestum menningarlöndum, því jeg get ekki kannast við það, sem hæstv. atvrh. sagði, að það mundi vera líkt háttað um útsvarsálagningu á Norðurlöndum. Í Danmörku veit jeg, að farið er eftir skattstiga, og nú nýlega hefir því verið lýst yfir af lögfróðum manni, sem hefir kynt sjer þessa hluti, að þessi stefna hjer, að leggja atvinnuútsvar á menn annarsstaðar en þar, sem lögheimili þeirra væri, myndi vera einsdæmi. En frá þeirri reglu, að láta útsvar fylgja lögheimili, finst mjer ekki rjett að víkja, nema hrein og bein nauðsyn krefji. Og þó jeg játi, að það geti verið ýmsar ástæður í einstökum hreppum, sem geta gert það nauðsynlegt, vers jeg að krefjast þess, að færðar verði knýjandi ástæður fyrir því, að það þurfi að breyta út af þessu lögmáli. En eins og málið er hjerna fram borið, þá verð jeg að segja það, að þessar knýjandi ástæður eru hvergi bornar fram, og það var einmitt það, meðal annars, sem millilinganefndin í fyrra átti að athuga, hvaða knýjandi ástæður væru til þess að breyta út af þessari reglu og til að komast inn á þessi tvískiftu útsvör. Þess vegna verð jeg að segja það, að þegar þessi regla er tekin upp í sveitarstjórnarlöggjöf alls landsins, þá sje það gert hreint og beint út í bláinn. Og jeg sje miklar og margar ástæður til þess að fylgja henni ekki, t. d. það, að bæirnir græða einmitt á þessum vinnuafla, sem til þeirra kemur, en sveitirnar bíða stórtjón af. Þar af leiðir blátt áfram, að ekki er annað að gera en að afnema Reykjavíkurlögin og koma öllu í sama farið aftur.

Jeg benti til þess áðan, að hæstv. atvrh. hefði komið fram sem samningsmaður í þessu efni, og þar á jeg þá sjerstaklega við það, þar sem hann setur tvö þúsund króna fjárhæð sem þann minsta tekjustofn, sem á megi leggja. Jeg skoða það svo, að með því móti hafi hæstv. atvrh. ætlað sjer að draga úr þessum tvískiftu útsvörum, því að af öðru getur það ekki verið. En með þessu takmarki er komin fram ný regla fyrir sveitaálagningu. Í Reykjavíkurlögunum er það aðeins tíminn, sem á er litið, en ekkert tillit tekið til krónutalsins, en hjerna er það líka krónutalið, sem á að taka tillit til, og þá verður það hvorki tímabil eða krónur, sem ráða, heldur verða það tímakrónurnar, sem ráða, eða krónutímarnir, ef það skal heldur þannig orðað.

Af þessu misrjetti, ef ekki er við gert, sjáum vjer t. d., að maður getur verið 8 mánuði í sveitarfjelagi og unnið sjer inn 2 þús. kr., og þó ekki verið útsvarsskyld-

ur. Svo hefi jeg dæmi fyrir mjer austan úr Árnessýslu, að bændur þaðan eru frá því seint í september og fram undir Jónsmessu á togurum hjer og búa svo búum sínum að sumrinu. Á þessa menn á eftir þessu ákvæði að leggja skatta hjer, en aftur á mann, sem t. d. vinnur sjer inn 2200 kr. á 8 dögum, á engan skatt að leggja. Af þessu má sjá, að hjer er atriði, sem þarf að leiðrjetta og samræma.

Ennfremur má geta þess, að ef maður er 3 mánuði að vinna sjer inn 2000 kr., og annar maður er utansveitar 8 mánuði að vinna sjer inn 2000 kr., þá sje jeg ekki, hvernig hægt er að jafna þann mun á skatti, sem þeir eiga að bera. En vitaskuld skal jeg játa það, að þetta er hægt að laga í meðferð laganna, og kann vera, að þar standi eitthvað, sem þarna eigi við, en ljóst er það ekki.

Eitt atriði í jöfnunarstefnu hæstv. atvrh. er, að hann hefir sett upp stórt bákn um það, hvernig ætti að jafna atvinnuútsvari milli sveita, sem hafa miklar og litlar álögur. En jeg er nú mjög hræddur um, að það verði tafsamt í vöfunum, þetta mikla bákn, og hræddur um, að þessi grundvöllur, sem á að byggja á, sje hæpinn. Grundvöllurinn á að vera eignir, tekjur og manntal sveitanna; þar með er hreint og beint vikið frá þeim grundvelli að eiga að leggja á eftir efnum og ástæðum. *(Atvrh. MG*: Hjer er um að ræða skiftingu útsvara milli sveitanna). En ef það eru mikil útsvör þar, sem maður á lögheimili, en lítil þar, sem hann vinnur, verður það vitanlega í óhag vinnusveitinni; en hinsvegar, ef lítil útsvör eru þar, sem hann á lögheimili, en mikil útsvör þar, sem hann vinnur, verður það lögheimilissveitinni í óhag. En hjer er ýmislegt, sem komið getur til greina, þegar þessi mælikvarði er hafður. T. d. getur verið kyrstaða í einu sveitarfjelagi og þess vegna lítil útsvör; aftur miklar framkvæmdir í öðru sveitarfjelagi og tiltölulega mikil útsvör þess vegna, og þá á utansveitarmönnum að blæða vegna þeirra framkvæmda. Jeg skal í þessu sambandi benda á Ísafjörð, því að jeg er þar kunnugur.

En svo er eitt í öllu þessu. Jeg held, að þessi jöfnuður geti orðið til þess, að það hallaðist sjerstaklega á þá, sem verða fyrir því óláni að þurfa að leita sjer atvinnu utan sinnar sveitar, því að það gerir enginn maður nema því aðeins, að hann sje til neyddur að vera frá heimili sínu. Jeg er hræddur um, að það geti orðið til þess, eftir því sem á stendur, að það verði reynt að kemba á kúluna, til þess að sveitin fái eitthvað.

Þessi fáu orð mín á ekki að skoða sem árás, heldur vildi jeg aðeins benda á þessi atriði.

Þá er enn ný regla tekin upp í frv.; að vísu er hún ekki mikilvæg, en jeg tel hana góða og gilda. Á jeg þar við það ákvæði, að ekki skuli jafna niður minna útsvari en 5 kr. Líkar mjer þetta mjög vel, og hefi jeg í þessu sambandi verið að hugsa til tekjuskattsins, þar sem menn eru eltir með 60 aura álagningu. Segi jeg þetta hjer til þess, að þetta atriði verði athugað, ef hreyft verður við skattamálunum, því jeg er viss um, að hinn mikli gjaldendafjöldi á sinn þátt í því, að skattanefndir kasti frekar höndunum til starfsins. Jeg hygg því, að það myndi á engan hátt skaða ríkissjóð, þó að hinum smæstu gjaldendum væri slept. Það myndi vinnast upp í nákvæmara og betra starfi skattanefndanna.

Annars skal jeg taka það fram, að stefna mín í máli því, sem hjer er til um-

ræðu, er sú, að takmarka sem mest útsvar til dvalarsveitar, því að heimilissveitin ber altaf mestar byrðar af manninum og á því að fá gjaldið.

Að síðustu skal jeg taka það fram, að jeg lít svo á, að þetta mál eigi að verða samningamál í þinginu, og vænti jeg, að hæstv. atvrh. geri líka sitt til þess, að svo megi verða, því að jeg veit ekkert það mál, sem með jafnmikilli athygli er fylgt í sveitunum sem þessu.

Jakob Möller: Ástæðan fyrir því, að jeg stend upp, er sú, að svo mjög hefir verið minst á Reykjavík í sambandi við þetta mál. Og það fanst mjer undarlegast, að hæstv. atvrh. skyldi gera það að umtalsefni, hve ágeng útsvarslöggjöf Reykjavíkur væri orðin við aðrar sveitir. Hann sagði meðal annars, að síðustu áratugina hefði útsvarslöggjöfinni verið breytt í það minsta margsinnis. En hann gat þess ekki, að við útsvarslöggjöf Reykjavíkur hafði bókstaflega ekkert verið hreyft í 50 ár, er núgildandi löggjöf var sett. En allar breytingarnar, sem gerðar hafa verið undanfarna tvo áratugi á hinni almennu útsvarslöggjöf, hafa meira og minna miðað að því að ná útsvari af Reykvíkingum til annara sveita. Þegar svo útsvarslöggjöf Reykjavíkur er breytt í samræmi við það, sem hinni almennu útsvarslöggjöf hefir verið breytt áður, þá er fyrst farið að tala um þá ringulreið, sem útsvarslöggjöfin sje komin í, þá er allri skuld á því slengt á Reykvíkinga og bæjargjaldalögin frá 1924 talin aðalorsök þess, að nú verði að taka í taumana. Annars get jeg fullvissað um það, að Reykvíkingar eru ekkert á móti sanngjörnum breytingum á útsvarslöggjöfinni, ef þær eru látnar ganga jafnt yfir. En þá tjáir ekki að undanþiggja aðeins alla lausamenn utan af landinu útsvari í Reykjavík, en láta Reykvíkinga borga útsvar í sveitunum, ef þeir aðeins bregða sjer að heiman dagstund með laxastöng.

Annars er jeg hræddur um, að töluverður hængur verði á framkvæmd þessara laga, ef gengið verður mjög langt í þessum breytingum. En það óttast jeg ekki, að sveitirnar beri skarðan hlut frá borði, heldur hitt, að erfitt verði að ná rjettum hlut kaupstaðanna, þar sem t. d. hagar til eins og hjer, að nærsveitamenn geta stundað hjer atvinnu allan árshringinn, þó að þeir sjeu búsettir annarsstaðar. En höfuðgalla tel jeg það vera á frv., að það leggur ekki tekjur og eignir til grundvallar fyrir útsvarsálagningunni, og virðist mjer það ekki geta orðið annað en kák eitt að endurbæta það handahófsfyrirkomulag, sem nú er búið við.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal strax taka það fram, að jeg hefi ekki ástæðu til að vera óánægður með þær undirtektir, sem frv. þetta hefir fengið hjá þeim háttv. deildarmönnum, sem talað hafa.

Mjer var það ljóst í upphafi, að þetta væri flókið mál. Er jeg því ekkert undrandi, þótt menn greini á um það, enda er mjer næst að halda, að skoðanirnar á því hjer sjeu jafnmargar og þingmennirnir eru margir, því að engir tveir munu vera sammála um það að öllu leyti. Er það því rjett hjá hv. 2. þm. Rang. (KlJ), að frv. þetta mun ekki verða samþykt óbreytt, enda hefi jeg aldrei gert mjer von um, að svo yrði; því að það er tæplega hægt að búast við, að einn maður geti samið slíkt frv. í þessu máli.

Aðfinslur háttv. 2. þm. Rang. við 8.

gr. c. mega vel vera rjettmætar að því leyti, að greinin þurfi frekari skýringa við. Annars held jeg, að þeir menn, sem eiga fleiri en eitt lögheimili, sjeu mjög fáir í landinu; að minsta kosti hefi jeg ekki fundið nema einn eða tvo „forretnings"-menn, sem þannig er ástatt um. En svo geta vitanlega verið hjú, sem eru að hálfu sitt í hvorum hreppi. Tilgangurinn með þessu ákvæði er sá, að maður, sem þannig er ástatt um, geti fengið að ráða, í hvorri sveitinni hann greiðir útsvarið.

Þá mintist þessi sami háttv. þm. á 9. gr. frv. og taldi þar of langt gengið í útsvarsálagningu, því að eftir henni mætti t. d. leggja á mann útsvar, sem aðeins hefði fengist stuttan tíma við t. d. síldarkaup. Þetta er rjett, en jeg vil benda hv. þm. á það, að til eru þau sveitarfjelög, eins og t. d. Siglufjörður, sem svo mjög eru bygð aðkomufólki, að á það verður að leggja. Hvort rjett takmörk eru sett hjer fyrir því, skal jeg ekki fullyrða. En hitt er víst, að fult tillit verður að taka til slíkra sveitarfjelaga.

Háttv. 1. þm. Árn. (MT) byrjaði á því að segja, að frv. þetta væri gert fyrir kaupstaðina, og skildist mjer helst, að hann bygði það á ákvæðum 12. gr. En hv. 3. þm. Reykv. (JakM) sagði, að það myndi sjerstaklega reynast gott fyrir sveitirnar. Hjer hafa því tveir lýst skoðunum sínum, og báðir halda, að gullið fari til hins. Það er því gamla sagan: „Margur hyggur auð í annars garði", sem hjer er endurtekin. Mjer virðist þetta því benda um, að jeg hafi hitt hjer á meðalveginn, því oft er sá dómur rjettastur, sem báðir aðiljar eru óánægðir með.

Út af því, sem háttv. 1. þm. Árn. (MT) sagði um 2000 kr. takmarkið, skal jeg taka það fram, að jeg mun geta vikið frá því, ef jeg get sannfærst um, að það gangi of skamt, því að jeg er í hjarta mínu á móti því að vera að elta atvinnuleitarmenn með útsvarsálögum. En þess ber að gæta, að taka verður tillit til sveitanna, sem mestmegnis lifa á aðfengnum vinnukrafti um stuttan tíma, og jeg held, að þau tvö takmörk, sem sett eru, hljóti að fyrirbyggja mestu annmarkana. Það stoðar ekkert, þó að þessi háttv. þm. komi með dæmi á móti, því að eins og hann veit, eigum við að setja lög fyrir heildina, en ekki undantekningarnar. Þær má vitanlega oft finna, eins og t. d. mann, sem vinnur sjer inn 2000 kr. á nokkrum dögum fyrir utan lögheimili sitt. Jeg get ekki sjeð, að það sje beint ósanngjarnt, þótt hann sje útsvarsfrí, enda þótt hinn greiði útsvar, sem dvelur 3 mánuði við að vinna sjer inn sömu upphæð, því að sá, sem dvelur 3 mánuði, nýtur ýmsra hlunninda, sem hinn fær ekki. *(HK*: Hann borgar það alt með sjerstöku gjaldi). Það er ekki víst; og greiði hann ekki útsvar, er sennilegt, að hann geri það ekki.

Þá sagði þessi háttv. þm., að jeg hefði komið fram sem jöfnunarmaður í frv. þessu. Jeg tek þetta ekkert illa upp, því að jeg tel það einmitt skyldu mína að koma fram sem jöfnunarmaður milli sveita og kaupstaða í þessu máli.

Háttv. 3. þm. Reykv. vjek að mjer nokkrum orðum og var óánægður með mig fyrir hönd Reykjavíkur. En það var alls ekki mín meining að vera að saka hann eða Reykjavíkurbæ, þó að jeg teldi löggjöfina ekki sanngjarna. Jeg sagði og, að það færi í bága við mína skoðun að taka nú þegar upp þá reglu að jafna niður útsvörum eftir tekju- og eignarskattsfyrirkomulaginu, enda mundi það í sumum árum hjer í Reykjavík vera óframkvæmanlegt að ná inn nægilegum útsvör-

um, t. d. þegar öll útgerð mishepnaðist og tap yrði á henni. Þá yrði hún útsvarsfrjáls eftir tekjuskattsfyrirkomulaginu.

Magnús Torfason: Það hefir engum hnútum til mín verið kastað. Hefi jeg því litlu að svara.

Háttv. 3. þm. Reykv. gat þess, að sveitirnar hefðu fengið útsvarslöggjöf sinni breytt miklu oftar en Reykjavík. Út af þessum ummælum skal jeg taka það fram, að jeg hefi ekki verið að tala um útsvör af atvinnurekstri, heldur um útsvör, sem lögð eru á svita manna.

Þessi hv. þm. vildi telja, að útsvör til sveita væru miklu lægri en hjer í Reykjavík. Það má vel vera, að svo sje sumstaðar, en það er ekki alstaðar, t. d. ekki í Árnessýslu; þar eru útsvör hærri en hjer. Þannig ber jeg t. d. hærra útsvar en bróðir minn hjer, sem þó hefir hærri laun. Stafar þetta af því, að þessar sveitir þurfa að róa undir ómögum, fyrst og fremst hjeðan frá Reykjavík.

Að kaupstaðirnir þurfi að fá útsvar af vinnukrafti þeim, sem þeir fá frá sveitunum, get jeg ekki skilið, því að þeir fá þann vinnukraft fyrir ekkert, hvað það opinbera snertir, og jeg hefi altaf litið svo á, að það væri happ fyrir hverja sveit, sem væri, að fá aðkominn vinnukraft til þess að reka arðsama atvinnu. En hinsvegar verða laun verkamannsins stundum ærið misjöfn. Jeg get nefnt dæmi. Jeg veit af manni, sem varð að búa í kjallaraholu við þriðja mann og borga 30 krónur á mánuði í leigu. Afleiðingarnar urðu þær, að hann kom berklaveikur heim á sveit sína.

Eitt atriði enn er skylt að minna á, en það er, að 9. gr. 2. liður undantekur ekki þingmenn. Jeg veit ekki, hvort það er gert til þess, að stjórnin geti verið viss um, að þingmenn sitji ekki á þingi fulla þrjá mánuði.

Jakob Möller: Hæstv. atvrh. (MG) hafði það eftir skattstjóra, að ómögulegt væri að ná nægum tekjum fyrir bæinn eftir tekjuskattsframtalinu. Hæstv. ráðh. heldur því fram, að ekki verði hjá því komist að taka skatt af mönnum, sem engar tekjur hafa, heldur jafnvel tap. Það liggur þó í augum uppi, að þetta er enn óframkvæmanlegra heldur en að taka skatt af fyrirtækjum, sem græða, þó að þau hafi tapað áður. Hæstv. stjórn virðist því ekki vera í sem bestu samræmi við sjálfa sig, er hún vill láta fyrirtæki, sem er að tapa, greiða jafnvel há útsvör til bæjar- og sveitarsjóða, en í landsskattalöggjöfinni heldur hún því fram, að slík fyrirtæki geti ekki borgað skatt jafnvel þegar þau eru farin að græða. Það er nú annars fljóðsjeð, að bæjar- og sveitarfjelög lifa ekki til lengdar á því að taka útsvör af fyrirtækjum, sem tapa, svo að þetta er hreinasta uppgjöf. Í undirbúningi þessa frv. fyrir þing mun hafa komið fram tillaga um, að bygt skyldi á tekjuskattsframtalinu, og það ætti að vera hægt með því að gefa tekjunum mismunandi gildi, eftir því sem á stendur. Með þeim hætti hlyti rjettlætið að verða betur trygt en nú er gert með þessari handahófsniðurjöfnun eftir efnum og ástæðum.

Hv. 1. þm. Árn. (MT) talaði um vinnukraft, sem bærinn fengi fyrir ekkert. Það geta nú verið skiftar skoðanir um, hve ódýr sá vinnukraftur er, því að hann sviftir bæjarbúa sjálfa atvinnu. Annars er enginn ágreiningur frá minni hálfu um þetta atriði. Mjer er ekkert ant um, að verið sje að elta lausamenn með útsvör, en jeg vil þá ekki láta elta Reykvíkinga heldur. Þetta, sem hv. þm. (MT)

var að tala um svitaskatt, getur engu síður átt við Reykvíkinga en sveitamenn. Má minna á dæmið um manninn, sem fór hjeðan austur í sveit til þess að heyja nokkra heyhesta. Það var þá svitaskattur, sem honum var gert að greiða þar eystra.

Bernharð Stefánsson: Eins og minst hefir verið á, samþykti þessi deild í fyrra að skipa milliþinganefnd til þess að undirbúa löggjöf um þetta efni og fleira. En þessu var breytt í hv. Ed. og stjórninni falið að undirbúa málið. Mun það hafa átt að vera sparnaðarráðstöfun. Jeg býst nú við, að undirbúningur stjórnarinnar og aðstoð sú, sem hún hefir fengið, muni hafa kostað eitthvað, og af byrjuninni hjer má ráða, að meðferðin í þinginu muni kosta eitthvað töluvert. Mjer sýnist útlit fyrir, að rætast muni það, sem jeg sagði um þetta efni í fyrra.

Jeg ætla ekki langt út í efni frv. við þessa 1. umr. Það eru aðeins tvö atriði, sem jeg vildi drepa á. Hið fyrra er það — og á það hefir ekki verið minst hjer — að frumvarpið gerir ráð fyrir, að reikningsár sveitarfjelaganna skuli vera almanaksárið, en ekki fardagaárið eins og verið hefir. Jeg mælist til þess, að nefnd sú, sem fær málið til meðferðar, athugi vandlega, hvort þessi breyting geti talist heppileg. Jeg get búist við, að heppilegt muni þykja, að reikningsár þeirra sveitarfjelaga, sem kauptún fylgja, sje almanaksárið, en í sveitum efast jeg um, að það gefist vel. Það er svo margt í sveitunum, sem miðað er við fardaga, og eftir minni reynslu tel jeg fardagaárið heppilegra þar. Það má benda á fátækraframfærslu, sem miðuð er við fardaga. Sama er að segja um fræðslukostnað. Hann verður til að vetrinum og er miðaður við veturinn, en ekki almanaksárið. Jeg óska, að nefndin athugi, hvort ekki geti komið til mála, að reikningsár þeirra hreppa, sem eru kauptún, sje almanaksárið, en í sveitahreppum gildi fardagaárið eins og verið hefir.

Þá er hitt atriðið, og hefir þegar verið á það minst. Jeg viðurkenni, að sú skifting útsvaranna milli heimilis- og atvinnusveitar, sem frv. gerir ráð fyrir, geti í fljótu bragði virst rjettmæt, en jeg er hræddur um, að þetta fyrirkomulag muni reynast ærið þungt í vöfum, og því fylgir talsverð skriffinska. Í sumum tilfellum getur þetta ef til vill orðið óframkvæmanlegt. Vona jeg, að hv. nefnd athugi þessi atriði vel. — Skal jeg svo ekki lengja umræður frekar að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. mars, var frv. tekið til 2. umr. (A. 15, n. 124, 125, 127, 134, 149, 154, 156).

Frsm. (Pjetur Ottesen): Í nál. allshn. á þskj. 124 er gerð grein fyrir aðalstefnubreytingu þessa stjfrv. frá gildandi lögum um útsvör. En af þessum stefnubreytingum leiða margar og allmismunandi aukabreytingar og lagfæringar á lögunum.

Jeg lít svo á, að það yrði ilt og flókið og seinlegt að rekja allar breytingar frv. frá núgildandi lögum, og þar sem ganga má að því vísu, að hv. þingdeildarmenn hafi kynt sjer bæði frv. sjálft og nál. allshn., vil jeg að svo vöxnu máli ekki ræða þær sjerstaklega. Eins og nál. ber með sjer, hefir nefndin fallist á stefnu

frv. í öllum aðalatriðum, t. d. í því, að haldið sje framvegis þeim grundvelli, sem bygt hefir verið á til þessa í niðurjöfnun útsvara, — að jafna þeim niður eftir efnum og ástæðum.

En einn nefndarmanna, hv. þm. Mýr. (PÞ), bar fram tillögu um að kveða nokkru nánar á en í frv. um niðurjöfnunina, setja ítarlegri reglur um, hvernig jafna skuli niður útsvörum og ákveða gjaldstiga við niðurjöfnunina. Þetta gat nefndin ekki fallist á, og þess vegna eru hjer komnar fram sjerstakar brtt. um þetta frá þm. Mýr., og liggja þær brtt. einnig hjer fyrir til umræðu. Annars ætla jeg ekki að svo stöddu fyrir hönd nefndarinnar að fara neitt út í að ræða brtt. frá einstökum þingmönnum, fyr en þeir hafa sjálfir gert grein fyrir þeim. Ætla jeg svo ekki að hafa þennan formála lengri, en læt mjer nægja að vísa til þess, sem nál. segir um þessi efni, en sný mjer nú að þeim brtt., sem meiri hl. nefndarinnar hefir orðið ásáttur um að bera fram við frv.

1. brtt. nefndarinnar er við 8. gr. frv. og á við niðurlagsorð 1. málsgreinar. Þar sem ákveðið er í þessari grein, að leggja skuli á mann, sem lögskráður er á skip, í heimilissveit skips, geta allir sjeð, að svo getur farið, að af einhverjum ástæðum hafi það farist fyrir hjá einhverjum manni að afla sjer heimilisfangs; gæti svo farið, að hann slyppi við að greiða útsvar, og ákveður því þessi grein, að leggja skuli á slíkan mann þar, sem hann er staddur; en nefndinni finst ekki nógu greinilega kveðið að orði um þetta, þó að svo sje til orða tekið, að leggja skuli á hann í heimilissveit skipseiganda, eða ella í heimilissveit útgerðarmanns. Því svo gæti staðið á, að slíkur maður væri lögskráður á skip frá Danmörku eða Færeyjum, því samkvæmt sambandslögunum hafa menn þaðan rjett til að reka hjer útgerð. Í þessu tilfelli væri ekki hægt að leggja á manninn í heimilissveit skipseiganda eða útgerðarmanns, og þess vegna vill nefndin breyta þessu þannig, að ef ekki sje kostur útsvarsálagningar í heimilissveit skipseiganda eða útgerðarmanns, skuli leggja á hann í þeirri sveit, þar sem útgerðin er rekin.

2. brtt. er um að bæta nýjum staflið á eftir a-lið 8. greinar. Það er sem sje meginregla í frv. að leggja á menn þar, sem þeir hafa heimilisfang; en þó er brugðið út frá þessari meginreglu í 8. gr. frv. Samkv. a-lið 8. gr. má leggja útsvar á heimilisfasta atvinnustofnun, útibú o. s. frv., í þeirri sveit, þar sem atvinnan er rekin eða stofnunin er, og þá má ekki að því leyti leggja á hann í heimilissveit hans, t. d. ef kaupmaður hefir verslunarútibú í annari sveit en heimilissveit sinni, má að því leyti leggja á hann útsvar þar í sveit, sem útibúið er.

Nefndin álítur, að þessi sömu ákvæði eigi einnig að gilda um sumt af þeim atvinnurekstri, sem upp er talinn í 9. gr. frv. og skifta á útsvörum af. Nefndin leggur því til að flytja nokkurn hluta þessa atvinnurekstrar undir ákvæði 8. greinar, sem sje leiguliðaafnot af landi, þó ekki fylgi ábúð, laxveiði, ábúð á jörð eða jarðarhluta, lóðarafnot, sem gefa arð, o. s. frv. — og að ekki megi leggja útsvar á sama mann að þessu leyti í heimilissveit hans. Hvað þessu viðvíkur, byggir nefndin tillögur sínar einkum og sjer í lagi á því, að óheppilegt sje, að skifting á útsvari komi til greina af fasteignarafnotum o. s. frv. Nefndin sjer ekki mun á því, hvort það er utan- eða innansveitarmaður, sem hefir afnot af jörð, og því sje ekki hægt að gera mun á álögunum í þessu efni. Nefndin álítur, að atvinnusveitin

eigi að hafa hliðstæðan rjett til álagningar á þessa menn eins og aðra heimilisfasta atvinnurekendur innansveitar, og það því fremur, sem sýslusjóðsgjaldið, er jafna skal niður á hreppana, er að nokkru leyti bygt á fasteignamatinu, án tillits til, hvernig eignirnar eru notaðar eða nýttar. Þar sem nokkur munur getur orðið á því, hvort lagt er sjálfstætt á þennan atvinnurekstur í þeirri sveit, sem atvinnan er rekin í, og hinu, að láta hann koma undir skiftingarákvæðin, þykir meiri hl. nefndarinnar rjettara og sanngjarnara að skipa þessu svo, sem í brtt. segir. Það kemur og skýrt fram, að stjórnin, sem leggur þetta frv. fram, viðurkennir og rjettmæti þessarar tilhögunar, en nefndinni fanst hún ekki hafa gengið nógu langt í þessum efnum.

Þá eru brtt. við 9. gr. a- og b-liði afleiðingar af þessari breytingu.

Þá kem jeg að brtt. við 9. gr., staflið c. og d. í brtt. nefndarinnar. Í frv. er gert ráð fyrir, að á menn, sem stunda atvinnu utan heimilissveitar, geti atvinnusveit ekki lagt útsvar, nema þeir hafi haft tekjur, sem nemi 2000 kr., þar í talin hlunnindi, svo sem fæði o. fl., reiknuð eins og skattanefnd þeirrar sveitar reiknar þau til skatts. Það var yfirleitt álit meiri hluta nefndarinnar, að er menn greiða útsvar af atvinnu utan sveitar, ætti að tryggja hagsmuni heimilissveitar mun betur en gert er í frv. Nefndin hafði tilhneigingu til að láta atvinnudvöl utansveitar ekki vera útsvarsskylda, en sá þó, að þetta gæti orðið ósanngjarnt að sumu leyti; sjerstaklega gæti það orðið til þess, að mjög tekjuháir menn, sem stunda atvinnu á skipum, t. d. yfirmenn á togurum, gætu smeygt sjer undan greiðslu rjettmætra gjalda. Nefndin vill hækka útsvarsskyldar lágmarkstekjur upp í 3 þús. kr. Samkv. frv. eru þeir menn, sem lögskráðir eru á skip utan heimilissveitar, útsvarsskyldir þar, sem útgerðin er rekin, en eins og kunnugt er, hefir Reykjavíkurbær einn allra bæja á landinu þennan rjett nú. Nefndin álítur, að rjett sje að gera greinarmun á atvinnu í landi og atvinnu manna, sem lögskráðir eru á skip, því það mun vera venja, að atvinnusveit hefir lagt ýmislegt í kostnað, sem kemur þeim mönnum að gagni, sem þar stunda atvinnu í landi. Þess vegna ætti útsvarsálagningarrjetturinn að vera ríkari með tilliti til þeirra, sem stunda atvinnu í landi, en með tilliti til manna, sem lögskráðir eru á skip. Atvinnu á skipum er þannig háttað, að hún er nær eingöngu stunduð og rekin utan þeirrar sveitar, sem hefir rjettinn til að leggja útsvar á hinn lögskráða mann. Af þessum ástæðum, og auk þess vegna þess, hve mismunandi mikið það er, sem menn þessir, er leita sjer atvinnu utan sinnar heimilissveitar, þurfa að leggja í kostnað til þess að geta stundað atvinnuna — menn, sem láta lögskrá sig á skip, þurfa meiri og dýrari útbúnað en þeir, sem stunda landvinnu, — hefir nefndin orðið ásátt um að hækka hinar útsvarsskyldu tekjur upp í 3000 kr. við landvinnu, en í 5000 kr. á skipum. Jeg drap á það áðan, að þó að nefndin teldi stjórnina ekki hafa gengið nógu langt í því að tryggja rjett heimilissveitar, viðurkennir hún þó, að samkv. frv. verði þessi rjettur miklu betur tryggður en í núgildandi lögum, sbr. ákvæðin um 2000 kr. tekjuupphæð sem lágmark útsvarsskyldra tekna í atvinnusveit. Nefndin taldi því rjett, úr því að mismunur var gerður á þessu tvennu, að hafa í sjerstökum staflið menn, sem lögskráðir eru á skip. Þetta er gleggra.

Brtt. við 10. og 11. gr. frv. eru afleiðingar af áður nefndum brtt. við 8. og 9. gr., og þarf jeg ekki að fara frekar út í þau atriði að sinni.

Næsta brtt. nefndarinnar er við 12. gr. frv., en sú grein hljóðar um skifting útsvara milli heimilis- og atvinnusveitar og setur reglur um framkvæmd þessarar skiftingar. Eins og jeg gat um áðan, er aðalregla frv. sú, að leggja skuli á menn í heimilissveitum, og verður það að gerast eingöngu með þarfir heimilissveitarinnar fyrir augum. Nú eru þarfir sveitarfjelaganna mjög mismunandi, en til þess að hvert sveitarfjelag fái sinn hlutfallslega skerf af útsvarinu, miðað við álöguþörfina á hverjum stað, á að haga skiftingunni svo: Sjeu t. d. minni þarfir í atvinnusveit en heimilissveit, á heimilissveitin að endurgreiða gjaldþegni mismuninn. En sjeu aftur á móti meiri þarfir í atvinnusveit en heimilissveit, ber heimilissveitinni ei að síður að inna af hendi full skil til atvinnusveitar, en hefir rjett til að fá hallann bættan með aukaniðurjöfnun á gjaldþegn.

Sömu aðferð á samkv. frv. að hafa, þegar gjaldþegn flyst búferlum milli sveita. Þá er vitanlega lagt á hann með þarfir þess sveitarfjelags fyrir augum, sem hann er búsettur í, þegar niðurjöfnun fer fram. Ef svo stendur á, að þarfir þess sveitarfjelags, sem hann flytur í, eru meiri en þarfir sveitarinnar, sem lagði útsvarið á, þá lítur nefndin svo á, að það sje miklu hallkvæmara að heimila þeirri sveit, sem hann er þá orðinn búsettur í, að leggja á hann mismuninn með aukaniðurjöfnun, heldur en að sú sveit, sem hann er fluttur úr, geri það. Breytingin miðar því eingöngu að því að gera þetta auðveldara í framkvæmdinni, þegar svo stendur á.

Þá er enn brtt. við sömu (12.) gr. frv., sem er aðeins leiðrjetting á prentvillu. Í 3. málsgr. þessarar greinar hefir misprentast orðið „tekjum“, en þar á að standa: eignum.

Þá er brtt. við 16. gr. frv. Í frv. eins og það er nú er gert ráð fyrir því, að niðurjöfnunarnefnd hafi aðgang að framtalsskýrslum manna, á sama hátt og skattanefndir hafa nú, en til þess að tryggja, að hún geti notfært sjer þetta, á hún, þegar enginn úr hreppsnefnd er um leið í skattanefnd, að hafa heimild til þess að kveðja með sjer einn mann úr skattanefnd, og skal sá maður hafa 8 kr. þóknun úr hreppssjóði dag hvern eða hluta úr degi, er hann starfar að þessum málum með hreppsnefnd. Nú leit nefndin svo á, að ekki væri frekari ástæða til að ákveða þessum manni slíka þóknun, þar sem hans starf væri alveg hliðstætt skyldustarfi hinna, sem vinna kauplaust, auk þess sem hann getur skorast undan starfanum eftir 2 ár, en hreppsnefndarmenn ekki fyr en eftir 6 ár. Nefndin vill því fella þetta ákvæði burtu, enda fer það oft saman, að hreppsnefndarmaður er skattanefndarmaður um leið.

Í 16. gr. frumvarpsins er einnig kveðið svo á, að í hreppum með yfir 800 manns geti hreppsnefnd ákveðið sjer þóknun úr hreppssjóði fyrir niðurjöfnunarstarf sitt, er ekki fari fram úr 1 krónu fyrir gjaldanda hvern, sem á aðalskrá útsvara er tekinn. Þegar á að fara að draga svona takmarkalínu, er hætt við, að ósamræmi verði í, og ef til vill ósanngirni, og áleit nefndin því rjettara að leysa úr þessu þannig, að sýslunefndum sje heimilað að ákveða þóknun fyrir niðurjöfnunarstörf í hreppum, sem þó ekki fari fram úr 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns, og gengur nefndin út frá því, að þetta komi aðeins

til greina í þeim hreppum, þar sem lengstur tími fer til niðurjöfnunarstarfsins, sem sje í fólksflestu hreppunum.

Þá er brtt. við 21. gr. frv. Með breytingunni á reikningsárinu fer niðurjöfnun aukaútsvara fram fyr á árinu, eða á tímabilinu febrúar—maí. En nú er nefndinni kunnugt um, bæði af eigin reynd og af aðfengnum upplýsingum, að svo getur staðið á í sumum hreppum, að allmargir hreppsbúar sjeu staddir utanhrepps á þessum tíma árs, þar sem þeir verða að leita til annara veiðistöðva til þess að stunda sjómensku, og getur þetta ákvæði því komið þeim óþægilega. Nefndin leggur til, að atvinnumálaráðuneytið megi heimila, ef ríkar ástæður eru til, að aðalniðurjöfnun fari fram síðar á árinu, og á öðrum stað gerir nefndin breytingu, samsvarandi þessu, um ákvörðun gjalddaga. Nefndin sjer ekki, að það geti valdið neinum óþægindum, þó að niðurjöfnun fari fram seinna á árinu. Að vísu hefði mátt bæta úr þeim galla, sem er á 21. gr. frv., með því að ákveða varahreppsnefndarmenn, en nefndin taldi rjettara að fara hina leiðina.

Næst er brtt. við 22. gr. frv., á þskj. 154. Hafði fallið niður í frumvarpshandritinu að taka upp ákvæði um kærur. Eru þau tekin hjer upp, og eru það sömu ákvæði og í núgildandi lögum.

Síðasta brtt. er við 27. gr. Í frv. er ákveðinn einn gjalddagi á útsvörum í hreppum, en tveir í kaupstöðum. Þessu hefir verið þannig fyrir komið í reyndinni nú að undanförnu í kaupstöðunum, sumum a. m. k., fyrir þá sök, að útsvör í kaupstöðum eru svo há, að mönnum er þannig gert hægra fyrir með greiðslu, enda hefir reynslan orðið sú, að skilsemi er miklu betri með þessu móti. En nú er það þannig, bæði í kauptúnum og sveitum, að útsvör eru einnig víða há, og virðist nefndinni sanngjarnt, að þar gildi sömu reglur viðvíkjandi greiðslu eins og í kaupstöðunum. Mjer er persónulega kunnugt um það í einu kauptúni, þar sem jeg þekki vel til, að hreppsnefnd breytti út af þessu og ákvað tvo gjalddaga, enda reyndist það miklu betur en hitt fyrirkomulagið. Í brtt. er því farið fram á, að gjalddagarnir verði tveir í hreppunum líka, 15. júlí og 15. október, sem einmitt er sá tími, sem bændur eiga hægast með að greiða útsvörin á.

Jeg hefi þá minst á brtt. nefndarinnar, og skal jeg geta þess, að um sumar þeirra eru að nokkru leyti óbundin atkv. Einnig eru í frv. 2 prentvillur, í 3. og 35. gr., sem að sjálfsögðu verða leiðrjettar við endurprentun þess.

Þá skal jeg geta þess, að enda þótt ekki væru bornar fram fleiri brtt. af hálfu nefndarinnar, eru þó í frv. nokkur atriði, sem ýmsir nefndarmenn eru ekki ánægðir með, t. d. það, að yfirskattanefnd eigi að skera úr útsvarskærumálum, í stað sýslunefndar. Þá breytingu álít jeg ekki til bóta, því að bæði ætti sýslunefnd að vera miklu kunnugri þessum málum, og auk þess getur þetta haft í för með sjer kostnaðarauka fyrir sýslufjelögin. Þó er þetta í mínum augum svo mikið aukaatriði, að mjer finst ekki vert að koma með brtt. við það, en þar sem þetta mál bíður úrlausnar og er á því stigi nú, að úrlausn verður að fást, álít jeg það mikla bót og verulega, ef frv. verður samþykt með þeim breytingum, sem nefndin leggur til og jeg hefi nú lýst. Það má gera ráð fyrir og búast við því, að þar sem svona mismunandi hagsmunir koma til greina, eins og hjer er um að ræða, verði aldrei hægt að

finna þann grundvöll, sem allir eru ásáttir um. Þó er það eitt ákvæði í frv., sem einkum og sjerstaklega er þyrnir í augum manna, en það er skifting útsvars milli sveita. En verði brtt. nefndarinnar samþykt, kemur þetta ekki til framkvæmda nema í fáum atriðum, og þá sjerstaklega á milli kaupstaða og kauptúna.

Jeg á hjer sjálfur eina brtt. á þskj. 125, og ætla jeg þegar um leið að minnast svolítið á hana. Þess er getið í nál., að frv. geri ráð fyrir allmikilli breytingu á einu atriði, er snertir atvinnurekstur, með því ákvæði 9. gr., að það er heimilað að leggja útsvar á afla, sem lagður er á land utan heimilissveitar að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu. Þetta er veruleg breyting frá því, sem er í núgildandi lögum. Hjer er gert hvorttveggja í senn, styttur sá tími, sem til þess þarf, að heimilt sje að leggja útsvar á menn utan heimilissveitar þeirra fyrir þennan atvinnurekstur, og kipt í burtu því ákvæði, sem nú hefir verið lengi í lögum, að ekki sje heimilt að leggja útsvar á menn fyrir það, þó þeir leggi afla á land um stundarsakir utan heimilissveitar, ef útgerðin er rekin við sama fjörð eða flóa. Þetta ákvæði í núgildandi lögum byggist meðal annars á því, að ekki sje sanngjarnt, að menn verði útsvarsskyldir utan heimilissveitar, þó þeir sökum staðhátta og af knýjandi ástæðum verði um stundarsakir að leggja afla á land í öðru plássi, þegar hans var aflað á miðum, sem eru innan sama fjarðar og flóa, sem heimilissveitin liggur við. Síðan þessi ákvæði voru í lög tekin, hefir sú breyting orðið á útgerðinni víða, sem gerir það enn sanngjarnara, að þetta ákvæði sje látið standa áfram, sem sje sú, að við það að útgerðin á opnum bátum hefir að mestu leyti lagst niður, hagar þannig til, að ekki er hægt að reka útgerð frá eins mörgum veiðistöðvum og áður. Hjer við Faxaflóa er það t. d. þannig, að það er aðallega einn staður, sem hægt er að reka vjelbátaútgerð frá á aðalaflatímanum hjer við flóann, sem sje á tímabilinu frá áramótum til aprílloka, og líkt er þessu háttað með sumar aðrar veiðistöðvar, t. d. Hornafjörð o. fl.

Þar sem svo stendur á, að slíkir staðir eru eign eða undir yfirráðum eins eða fárra manna, þá hafa þeir aðstöðu til þess að gera sjer dvöl aðkomumanna þar arðberandi á ýmsan hátt. Þar sem hlutaðeigandi menn gera sjer far um að neyta þessarar aðstöðu — og það virðast þeir gera sumstaðar, eftir skýrslum þeim að dæma, sem Fiskifjelagið hefir aflað um kjör útvegsmanna í ýmsum veiðistöðvum og nú liggja hjer hjá sjávarútvegsnefndum — þá er það óneitanlega æðihart, bæði gagnvart aðkomumönnum og heimilissveit þeirra, að þeir skuli í ofanálag verða útsvarsskyldir í þessum stöðum, og það oft á tíðum fyrir það að leggja aflann á land aðeins um örstuttan tíma. Þó ekki sje nú því til að dreifa, að hægt sje að bjóða aðkomumönnum beinlínis birginn með viðlegugjaldið, þá njóta sveitarfjelögin æfinlega mikilla tekna af dvöl þessara manna, og því berlegar kemur það í ljós, hve ósanngjarnt það er að heimila að leggja útsvör á þennan atvinnurekstur, þegar það er athugað, hvaða útgjöld það eru, sem útsvörin bera uppi, því aðkomumaðurinn nýtur einskis góðs af því, sem fyrir þá peninga fæst. Það er líka svo um þessa breytingu, að hún brýtur algerlega í bág við aðalstefnu frv., sem sje þá, að tryggja betur en nú er rjett heimilissveitar. Hjer er þessi rjettur að verulegum mun skertur frá því, sem er í núgildandi löggjöf. Því er það, að jeg ber fram þessa brtt. og vænti þess, að háttv. deild hafi sann-

færst um rjettmæti hennar og samþykki till. Jeg skal þess vegna taka það fram, að ef menn gætu bent á einhverja aðra leið, svo að hægt væri að ná því marki, sem stefnt er að í till., þá myndi jeg fús til samkomulags á því sviði. Svo vil jeg einnig benda á það, að samkv. frv. gætu þeir menn, sem tengdir eru við þennan atvinnurekstur, orðið tvískattaðir. Fyrst hefðu þeir orðið að greiða útsvar á þeim stað, ef þeir hefðu 2000 kr. tekjur, og auk þess útsvar sem hluthafar í afla skipsins. Því það mun víða haga svo til, að menn eru upp á hlut, og í þessu tilfelli er lagt á hann. Með brtt. nefndarinnar er mjög mikið dregið úr þessu, þótt það kannske geti ekki verið útilokað algerlega. Jeg bendi á þetta í sambandi við það, að þegar frv. var samið, hefir það ekki verið nægilega athugað, hvaða áhrif það hefði á einstaka gjaldendur að kippa þessum ákvæðum burt.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þessa till. mína að sinni, og ekki heldur um málið yfirleitt, því eins og jeg gat um í upphafi, mun jeg ekki tala um brtt., sem einstakir nefndarmenn hafa komið fram með, fyrir hönd nefndarinnar, fyr en þeir hafa reifað málið og gert grein fyrir till.

Pjetur Þórðarson: Áður en jeg kem að hinum einstöku brtt., vil jeg leyfa mjer að fara fáum orðum um stefnu frv. og aðalatriði þess, með hliðsjón af núverandi löggjöf í heild sinni.

Í áliti nefndarinnar á þskj. 124 er tekið fram í 4 töluliðum, hver atriði í núverandi löggjöf um útsvör sjeu gerð að aðalatriðum í breytingum þeim, sem í frv. felast. Jeg er samþykkur aðalstefnu frv. að því, er snertir þessi 4 aðalatriði, þó ekki fyllilega 2. liðnum, sem hljóðar svo: „Að heimildin til að leggja útsvar á menn utan heimilissveitar sje orðin alt of víðtæk.“ Þessi skýring nefndarinnar finst mjer ekki ná nógu langt; að því leyti er jeg ekki vel ánægður með hana. Jeg álít ekki einungis, að heimildin sje orðin alt of víðtæk, heldur einnig, að heimildin hafi orðið þess valdandi, að þar sem slíkt útsvar hefir verið lagt á, verði það venjulega af mjög miklu handahófi, eins og búast má við. Þá kemur venjulega til greina tilhneiging til að leggja meira á þessa menn heldur en þá, sem heima eiga í hreppnum.

Jeg hygg, að flestum komi saman um, að þessi heimild sje of víðtæk, en þó má segja, að í sumum atriðum nái ákvæði þarna of skamt. Það er sýnilegt, að höfundur frv. hefir ætlað að stefna mitt á milli þeirra öfga, hvað útsvarsálöguheimildin gagnvart utansveitarmönnum næði langt og líka þess, hvað hún næði skamt.

Um þessi höfuðatriði, sem í frv. felast til þess að breyta núverandi löggjöf, skal jeg segja það, að jeg er því alveg samþykkur, að það eigi að gera yfirgripsmiklar ákvarðanir um það að takmarka heimildina. Og jeg skal viðurkenna um leið, að frv. gerir ítarlega ákvörðun um þetta. En jeg held, að það megi ná rjettu markmiði á miklu auðveldari hátt en frv. gerir ráð fyrir, og miklu sanngjarnari.

Þetta eru höfuðatriði í þeim brtt., sem jeg hefi borið fram og sjá má á þskj. 127. Jeg bið hv. deildarmenn sjerstaklega að veita því athygli, að í þessum aðalatriðum eru fólgnar þær breytingar, sem jeg kem fram með. Það er að fá auðveldari leið og jafnframt ennþá sanngjarnari en frv. gerir ráð fyrir.

Að svo mæltu skal jeg koma að einstökum greinum frv. og brtt. mínum.

Jeg hefi enga brtt. við 1. kafla frv., sem er aðeins 3 greinar. Þó get jeg ekki látið hjá líða að minnast á 2. gr. Fyrsta ákvæði hennar er stutt og laggott: „Reikningsár sveita er almanaksárið.“ Þótt minst hafi verið á þetta í flutningsræðu hæstv. atvrh. (MG), í ummælum fleiri háttv. þm. við 1. umr. málsins og að nokkru leyti í framsöguræðu hv. frsm. (PO), þá þykir mjer nokkur ástæða til að minna á þetta enn, vegna þess, að jeg veit, að mjög er deilt um þetta atriði. Jeg veit, að einstakir menn líta svo á, að þetta væri óheppilega ráðið að því er snertir landbúnaðarsveitir. Það er vitanlegt, að þetta er orðið að lögum hjá öllum bæjarfjelögum hjer á landi, og það er margskonar nauðsyn, sem dregið hefir til þessa. Að sjálfsögðu er þetta ákvæði mjög hentugt fyrir mannmörg kauptún, sem eru hreppar út af fyrir sig. Óánægju með breyting á reikningsárinu hefir ekki orðið vart, nema ef væri í einstökum landbúnaðarhjeruðum. Hver ætli sje ástæðan til þess, að mönnum hrýs hugur við breytingu á reikningsárinu? Að því leyti, sem jeg þekki til eða hefi orðið var við, þykir ýmsum ekki hentugt að gera upp búreikninga sína á öðrum tímum en um fardaga eða að vorinu. En jeg held þetta atriði sje ekki mikils virði, þegar þess er gætt, að vorið og sumarið eru miklir annatímar, ekki síst fyrir landbúnaðinn. En veturinn eða áramótin er vissulega sá tími, sem menn hafa mest næði til þess að gera upp fjárhag sinn, og sá tími hefir einnig fallið saman við löggjöfina um skattaframtalið. Í frv. er gert ráð fyrir, að skattaframtalið verði meðal annars notað til þess að byggja útsvarsupphæðina á. Þetta virðist því falla mjög vel saman. Hreppsnefndir geta ekki fengið betri gögn að styðjast við, hvað eignir manna snertir, en skattaframtalið. Enda þótt sumir álíti það ekki nógu nákvæmt, þá held jeg, að núverandi ástand leyfi engri hreppsnefnd að fá ábyggilegri skýrslur um eignir manna og fjárhag allan en þessar skýrslur. Svo þessi ástæða, að það standi betur á fyrir bændum að gera upp fjárhag sinn að vorinu til en um áramótin, til þess að leggja til grundvallar fyrir útsvari, held jeg ekki, að sje á neinu bygð. Reynslan hefir líka sýnt, að mörg fjölbygð landbúnaðarhjeruð hafa fallist á þetta, og má þar til benda á það, sem fram hefir komið í svörum þeim, sem atvinnumálaráðuneytið fjekk við spurningum viðvíkjandi breytingum á sveitarstjórnarlögunum á síðastliðnu ári.

Þá kem jeg að aðalbrtt. Jeg skal strax geta þess, að í fyrstu brtt. minni á þskj. 127 er þegar gengið inn á að breyta 4. gr. í 6 atriðum. Og flestar þessar breytingar, eins og allar aðrar brtt., eru bundnar svo hver við aðra, að jeg geri ráð fyrir, að þær verði að fylgja hver annari að mestu leyti, hvort sem þær verða samþyktar eða feldar.

Fyrsta brtt. mín, við fyrstu málsgrein í 4. gr., er aðallega um það að bæta við þá útlistun, hvað niðurjöfnunarnefnd á að taka til athugunar, áður en hún hefir ákveðið, hve miklar eignir aðiljar hafi, til þess að leggja á útsvar; jeg vil bæta því við upptalninguna, að taka skuli til greina, ef sjerstakir skattar til sveitarsjóðs hvíla á eignum manna. Þessi breyting snertir auðvitað ekki grundvallarbreytingar mínar, og má því reyndar samþykkja hana eða fella án tillits til hinna brtt. Jeg geri ráð fyrir, að þegar farið er að jafna niður eftir efnum og ástæðum, þá verði hver og ein niðurjöfnunarnefnd að gera sjer glögga grein fyrir, hvernig ástatt er, og meta gjaldþol hvers manns aðallega í

tvennu lagi. Fyrst og fremst gjaldþol hans efnalega og í öðru lagi eftir tekjum hans. Það má kannske segja, að þetta megi gera í einu lagi. En því óglöggara svið, sem niðurjöfnunarnefnd tekur sjer til að meta gjaldþol manna eftir, því erfiðara verður að gera sjer fullkomlega nákvæma og sanngjarna grein fyrir, hvert gjaldþolið er í raun og veru. Og því óglöggara, sem mat niðurjöfnunarnefndar er, því ómögulegra er fyrir einstaklinga að kæra. Það getur farið fram allskonar misrjetti, þegar ekkert er til þess að miða við, engar tölur, ekki annað en það, sem nefndin hefir sjálf komist að. Hún metur ekki gjaldþolið, en hefir aðeins í huga, misjafnlega ljóst, eins og gerist og gengur, hvað gjaldþolið er. Þess vegna er hverjum manni örðugra að fá leiðrjetting mála sinna, þótt ósanngjarnlega sje á lagt. Að gera þetta sanngjarnara og einfaldara um leið, það er aðalatriðið í mínum till.

Þá kem jeg að 2. lið í brtt. við þessa gr. Jeg hefi eftir vandlega íhugun komist að þeirri niðurstöðu, að það sje ekki rjett að setja niðurjöfnunarnefnd fyrir neinar fastákveðnar reglur til að meta gjaldþol eftir. En það eina og minsta, sem ætti að mega setja henni fyrir, er það, að hún sje skyld að ákveða gjaldþol hvers aðilja með tölum. Á því byggist svo margt annað út í gegnum brtt., sem jeg mun koma að síðar. Nefndin verður eftir þessu alveg sjálfráð, hvernig hún framkvæmir matið. Henni eru ekki lagðar aðrar skyldur á herðar heldur en að ákveða matið í tölum eftir bestu samvisku. Af ásettu ráði og að sjálfsögðu hefi jeg í þeim brtt., sem hjer koma á eftir, lagt til, að þessar tölur, sem nefndin ákveður, sjeu í tvennu lagi. Í öðru lagi ákveðin eignaupphæðin, sem talin er undirstaða gjaldþolsins, og í hinu lagi, eftir e,-lið í þessari brtt. við 4. gr. frv., að ákveða líka gjaldþol manna að því er snertir tekjur. Þetta er aðalgrundvöllurinn, sem jeg álít, að megi og sje sjálfsagt að lögbjóða, því að á því byggist fyrst og fremst það að vera laus við skiftingu á útsvari. Og það álít jeg einn höfuðkost. En áður en niðurjöfnunarnefnd ákveður gjaldþol tekna aðilja, þá á að byggja á því tilliti, sem á að taka til 2. og 3. liðar í greininni, sem jeg vil að nokkru leyti breyta. Jeg hefi lagt til grundvallar um niðurskipun þessara liða í greininni, að með tekjum eigi að telja alt það í ástæðum manna, sem maður gæti kallað „positivt", eins og það er orðað hjer í brtt. minni við þessa grein, að eftir orðunum „síðastliðið ár" komi: „Til þeirra teljast hverskonar arður, höpp og hagsmunir, sem metnir verða til verðmætis." Þegar tekjur eru metnar, þá á að telja alt slíkt til tekna. Aftur á móti hefi jeg breytt 3. liðnum í gr. samkv. d.-lið í till. mínum, að hann yrði eins og þar er, að þar verði ekki taldar aðrar en „negativar" ástæður, þær, sem koma fram sem nokkurskonar útgjöld og rýra tekjurnar. Auðvitað felst í frv. eins og það er að telja sjálfsögð útgjöld, svo sem kostnað við að afla teknanna o. s. frv. Það er sjálfsagt að telja með útgjöldum kostnaðinn við að afla teknanna. En um aukaútgjöld, svo sem vexti og kostnað af skuldum o. fl., er ekkert nefnt í frv. Jeg álít, að fyrst og fremst beri að telja allar „negativar" ástæður, svo sjá megi, hverjar hinar raunverulegu tekjur eða eignir eru, sem niðurjöfnunin verður að byggjast á. Og það er á þessu, sem jeg hefi nú nefnt, að brtt. mínar byggjast.

Hinar smærri brtt. á 2. lið 4. gr. eru í samræmi við það, sem jeg vil síðar breyta í frv., og snertir lítið þetta aðalatriði. Þó skal minna á, að ein þeirra, d.-liðurinn,

miðar þó í þá átt, því þar er farið fram á, að á eftir orðinu „kostnaður“ „og áhætta“ falli niður. Með því að það er sjálfsagt, eins og gefur að skilja, að áhætta við einhvern atvinnuveg, sem er hjá liðin þegar niðurjöfnun fer fram, á ekki að koma til greina.

Í þessu sambandi skal jeg geta þess, að sumir hafa haldið fram, að ástæða væri til að taka til greina við niðurjöfnun, hve mikil velta hafi verið hjá atvinnurekanda, og hefir því sama verið haldið fram um smærri verslanir, að veltu þeirra megi taka til greina við niðurjöfnun útsvara. Í upphafi fanst mjer, að þetta mundi ef til vill vera á rökum bygt, en við nánari athugun komst jeg að þeirri niðurstöðu með sjálfum mjer, að það væri ekki rjett. Hinsvegar á að taka til greina við niðurjöfnun útkomuna eins og hún verður að viðskiftum loknum, því sje það ekki gert sjerstaklega, getur hæglega komið fyrir, að misvægi valdi í álagningunni. Og skyldi nú svo fara, að útkoma einhvers atvinnuvegar reyndist „negativ“, sje jeg ekki ástæðu til að leggja á veltuna, eins og líka hitt, að á þá verslun, sem engum arði svarar, á ekki að því leyti að vera hægt að leggja neitt útsvar.

Jeg vík þá frá þessu að sinni, og ætla sömuleiðis að hlaupa yfir að minnast á hinar aðrar smærri brtt. við 4. gr. Þó verð jeg að vekja eftirtekt á því, að 4. og 5. gr. frv. eiga ekki heima undir þeim kafla, sem þær eru nú í frv. Samkvæmt brtt. mínum legg jeg því til, að IV. kafli verði gerður að V. kafla, og greinar þessar því færðar aftur, eins og sjá má á þskj. 127.

Þegar þessum brtt. við 4. gr. sleppir, koma 2 nýjar gr., sem eiga heima í þessum kafla, sem sje um niðurjöfnun útsvara. Brtt. þessar eru merktar með grísku stöfunum a. og b. Sú fyrri, sem verða á 10. gr., verði brtt. minar samþyktar, kveður svo á, að „heimilt sje að jafna niður nokkrum hluta útsvara með persónugjaldi á hvern verkfæran mann, heimilisfastan í sveitinni, þó ekki yfir 10 kr. á hvern.“ Það, sem jeg hafði fyrir augum með þessu, er það, að hreppsvegagjaldi er jafnað niður á verkfæra karlmenn á aldrinum 20—60 ára, og að jeg vildi heimila þetta persónugjald, kemur til af því, að eins og hv. þdm. vita og aðrir, er gjöldum sveitarsjóðanna til almennra þarfa að nokkru leyti jafnað niður eftir tölu þessara manna, og verður því eins eftir vegalögunum persónugjald. Þetta hvorttveggja gerir það að verkum, að hver 20—60 ára karlmaður í sveit, sem ekki er fatlaður eða hindraður frá störfum, verður þess valdandi, að sveitin verður að gjalda fyrir hann persónulega sama gjald og jeg legg hjer til, að megi jafna niður á hann. Þetta er svo augljóst mál, og að minsta kosti ætla jeg þeim hv. þdm. að skilja það, sem komið hafa eitthvað nálægt sveitastörfum, að jeg hirði ekki um að fara frekar út í það.

Þá er það seinni brtt., sem yrði þá 11. gr. En um hana verð jeg að eyða nokkrum orðum, því að það er eitt meginatriðið í mínum brtt., að niðurjöfnunarnefnd sje skylt að „finna meðalhundraðshluta þeirrar upphæðar, er jafna þarf niður, í mismunandi hlutfalli við eign annarsvegar og tekjur hinsvegar.“ Og reglan, sem sett er fyrir því, hvernig jafna skuli niður, kemur fram í þessari grein. Og jeg verð að segja, að hún sje tiltölulega einföld, þessi regla, eins og hún er fram borin í brtt. mínum. Þar er ætlast til, að lægra hundraðshlutfallið miðist við eign,

en hærra hlutfallið við tekjur; þó má munurinn aldrei vera meiri en 1 á móti 7. Jeg skal kannast við, að tölur þessar eru settar af handahófi, enda hefi jeg orðið þess var, síðan jeg fór að fást við málið, að ýmsum finst það töluvert viðsjárvert að taka til greina eign við niðurjöfnun útsvara eftir efnum og ástæðum, nema þá að hverfandi litlum hlut. Jeg er á annari skoðun og álít t. d. hlutfallið 1 á móti 5 mjög sanngjarnt. Enda veit jeg, að þó brtt. mín yrði að lögum, þá mundi í mörgum sveitum ekki notaður meiri mismunur á hlutfallinu en 1 á móti 5.

Jeg vona því, að hv. þdm. skilji, hvað liggur í þessum brtt., en til þess að gera afsökun mína og skýra þetta atriði nokkru nánar, hefi jeg reiknað út eitt dæmi, sem hæstv. stjórn hefir notað í öðru sambandi og er að finna í ástæðum hennar fyrir þessu frv. Dæmið, eins og jeg hefi reiknað það, verður á þessa leið:

Sveitarfjelag með eignir, sem nema 200 þús. kr., tekjur, sem nema 100 þús. kr., og upphæð, sem jafna þyrfti niður, 5 þús. kr. Nú virðist mjer sanngjarnast að hafa hlutföllin milli eigna og tekna 1 á móti 5. — 1% af 200 þús. kr. þ. e. 2 þús. kr. — og 5% af 100 þús. kr., en þ. e. 5 þús. kr. — Þetta samanlagt verða 7 þús. kr., og er 2 þús. kr. of mikið, og þarf þá að lækka hundraðstölurnar um $^2/_7$ hluta. Það er auðvelt að finna hinar rjettu hundraðstölur, og verða þær 0,7% á eign, en 3,6% á tekjur, eða m. ö. o. rjettar 1400 kr., sem leggja skal á allar eignirnar, en 3600 kr. á tekjurnar, sem verður samanlagt 5 þús. kr., eða samhljóða upphæðinni, sem jafna þurfti niður.

Að finna þessi hlutföll er mjög auðvelt, enda gefur brtt. nákvæmar reglur um það. „Þegar finna skal útsvarsupphæð hvers gjaldanda, skal hækka og lækka meðalhundraðshluta eftir því, sem hæfa þykir, þ. e. búa til gjaldstiga, þó þannig, að eign með lægsta hundraðsgjaldi má eigi meiri vera en 5000 kr. og stigmunur eigi minni en 5000 kr. Tekjur með lægsta hundraðsgjaldi mega ekki meiri vera en 1000 kr. og stigmunur ekki minni en 1000 kr.“

Nú skal jeg halda áfram sama dæminu, sem jeg nefndi, en til þess að finna útsvarsupphæðina, þar sem svo stendur á, tel jeg hæfilegt að hafa 5 stigin á eignum en 6 á tekjum. Þó skal jeg taka fram, að gjaldstiginn þyrfti oft eða víða að verða miklu lengri, og t. d. hjer í Reykjavík mundi láta nærri, að tekjuskattstiginn yrði helmingi lengri. Í þessu sama dæmi, sem jeg nefndi, verður gjaldstigi á þessa leið:

1. Eign.

5000 kr. og lægri	= 100000 kr.	með	0.66%	= 660 kr.
5—10 þús. kr.	= 55500 —	—	0.71%	= 394 —
10—15 — —	= 29500 —	—	0.76%	= 224 —
15—20 — —	= 11500 —	—	0.81%	= 93 —
20 þús. kr. og yfir	= 3500 —	—	0.86%	= 30 —
Alls	200000 kr.	með	0.7%	= 1401 kr.

Hjer eru gjaldstig aðeins 5 og hundraðsgjaldsmunur 0,05, og tel jeg hvorttveggja hæfilegt.

Útsvör.

2. Tekjur.

1000 kr. og lægri	=	40000 kr.	með	3%	=	1200 kr.
1—2 þús. kr.	=	23000 —	—	3,5%	=	805 —
2—3 — —	=	19000 —	—	4%	=	760 —
3—4 — —	=	12000 —	—	4,5%	=	540 —
4—5 — —	=	5200 —	—	5%	=	260 —
5 þús. kr. og hærri	=	800 —	—	5,5%	=	44 —
Alls		100000 kr.	með	3,6%	=	3609 kr.

Hjer eru gjaldstig 6 og hundraðsgjaldsmunur 0.5%.

Þegar búið er að reikna dæmið á þennan hátt, þá er álagningin á einstaklingana ekkert annað en einfaldur reikningur, og þar með búið. Þessi aðferð er þá fyrst og fremst fólgin í því, að niðurjöfnunarnefnd metur sanngjarnlega og rjett efni manna og ástæður og ákveður jafnótt matið hjá hverjum einum með tölum, svo niðurjöfnunin verður sem sagt ekkert annað en einfaldur útreikningur. Og jeg beini þeirri fullyrðingu til hv. þdm., að þeir geti ekki nefnt neina átyllu fyrir því, að það sje ekki sanngjarnt að heimta af hvaða niðurjöfnunarnefnd sem er að nota reglur þessar, sem jeg nú hefi útskýrt, að loknu mati á efnum og ástæðum manna, og að það sje rjettasta og þó um leið hið auðveldasta ráð til að fyrirbyggja misrjetti.

Og hvað sanngjarnar, sem niðurjöfnunarnefndir vilja vera um þetta mat, eins og nú er og verður eftir frv. óbreyttu, þá er sjaldgæft, að þeim takist að gera slíkt mat í huganum og óskráð eins og eftir ákveðinni reglu. Þetta get jeg dæmt um af eigin reynslu. Jeg hefi nú fengist meira og minna við niðurjöfnunarstörf í þriðjung aldar og undantekningarlaust reynt að gera þetta mat sem sanngjarnlegast. En jeg hefi rekið mig á allmikla erfiðleika í þessu efni, og þó langmesta hafi jeg ekki skrásett matið jafnóðum.

Hæstv. atvrh. (MG) segir í aths. frv., að þessi aðferð, að jafna niður eftir efnum og ástæðum, sje margreynd og hafi gefist vel. Það má segja kannske, að til sveita hafi þetta mat niðurjöfnunarnefnda staðist oft á tíðum, ef miðað er við það, að sjaldnast er mikið hróflað við útsvörum, þó skotið sje þeim til æðra dóms.

En hvers vegna hefir útsvörum oft ekki verið breytt, sem kærð hafa verið til sýslunefnda? Vegna þess að kærandinn hefir aldrei átt kost á að vita um matið á efnum sínum og ástæðum, auk þess sem sýslunefndin á mjög oft erfitt með að gera sjer grein fyrir því, hvort matið er sanngjarnt eða ekki, af því að fáar tölur er við að styðjast.

Af þessum ástæðum verð jeg því að álíta, að þetta ákvæði sje afarnauðsynlegt, enda sje jeg ekki, að það sje ósanngjarnt að leggja niðurjöfnunarnefndum þessa skyldu á herðar, sem er í sjálfu sjer ekkert annað en að matið, sem á að vera grundvöllurinn undir þyngsta skattinum til opinberra gjalda, sje sanngjarnt og á rökum bygt, en ekki lagt á eftir einhverjum handahófságiskunum, auk þess sem gjaldendunum eða þeim, sem greiða eiga skattinn, er gert hægra fyrir um allan samjöfnuð við það að fá að vita um matið ítarlega.

Þetta eina ákvæði er nóg út af fyrir sig til þess að útrýma allri skiftingu útsvara, því þá getur engin atvinnusveit lagt

þyngri skatt á aðkomumenn heldur en sína heimilisföstu gjaldendur. Svo að ef þetta atriði verður tekið upp í frv., er fengin lausn á þessu máli, og þá mun falla niður skifting útsvara; en það mál hefir miklum deilum valdið og óánægju margra í millum.

Annars hirði jeg ekki um að eyða fleiri orðum um þetta efni eða útlista nánar, hvað í gjaldstiganum eigi að standa, því jeg endurtek það, sem jeg sagði fyr: Þetta er svo ljóst, að öllum hv. þdm. hlýtur að skiljast, hvað átt er við.

Þetta var þá 1. brtt. á þskj. 127, og kem jeg þá að þeirri næstu í röðinni, sem fer aðeins fram á það að flytja 5. gr. aftar, eða þannig, að hún verði 12. gr. frv. samkvæmt hinum öðrum brtt. mínum.

Þá kemur 3. brtt., sem er við 6. gr. frv. Áður en jeg byrja að tala um 6. gr., sem jeg álít vera aðalgrein þessa kafla frv. (því að þar er sagt, hverjir sjeu útsvarsskyldir), þá vil jeg taka það fram, að jeg hefi forðast að breyta orðalagi eða setningaskipun, nema það, sem minst verður komist af með. Þess vegna hefi jeg ekki haggað neitt sjerákvæðum greinarinnar um útlendinga. Aðalbrtt. mín við þessa grein er sú, að aftan við hana vil jeg bæta nýjum lið, e.-lið, sem nefni aðeins þá, sem hvergi eru heimilisfastir. Mjer þykir fara betur á því, úr því að nefndir eru í sjerstökum liðum þeir, sem hjer á landi eru heimilisfastir, og þeir, sem erlendis eru heimilisfastir, að þá sjeu þeir, sem hvergi eru heimilisfastir, einnig taldir undir sjerstökum lið. Þetta álít jeg, að eigi að standa í kaflanum um útsvarsskyldu.

Þá kem jeg að öðru aðalatriðinu í mínu kerfi. Það er það, að jeg vil færa alla, sem nefndir eru undir 3. lið 9. gr., yfir í 8. gr. Þar með vil jeg heimila að leggja útsvar á víðar en í einni sveit, er svo á stendur. Því að það er mín skoðun, að leggja skuli útsvar á hvern mann í þeirri sveit, sem það á í að gjaldast. Jeg hefi fært nokkuð af 1. lið 9. gr. inn undir a.-lið 8. gr., í stað þess, að meiri hl. háttv. nefndar vildi hafa það sjerstakan staflið. En það atriði skiftir ekki miklu máli. — B.-lið 8. gr. hefi jeg ekki viljað hagga. Þá hefi jeg viljað breyta c.-lið 8. gr. og færa undir hann nokkurn hluta af 1. lið 9. gr. Jeg hefi fært undir ákvæði 8. gr. alla 3 liði 9. gr.; en það er meira fólgið í till. mínum en það eitt að færa á milli. Fyrst og fremst er það undantekningin í 1. lið 8. gr., að telja ekki ítök í annari sveit, sem metin eru með jörð eða heimatekjum embættis í heimilissveit, til afnota lands og lóða. Á 3. lið (e-lið) var jeg búinn að minnast. Þá kemur 4. liður, og hefi jeg þar gert allverulegar brtt. Jeg vil sem sagt, að það, sem lagt verður á, sje ekki annað en það, sem maðurinn fær fram yfir 3000 kr. — Á þskj. 159 hefi jeg komið með þá brtt. við það, að upphæðin sje ákveðin aðeins 2000 kr., en það er atriði, sem ekki skiftir miklu máli fyrir mjer. Meira að segja gæti jeg gengið að því að ákveða þessa upphæð ennþá lægri. — En hvort sem talan, sem miðað er við, er 2 eða 3 þús. eða eitthvað annað, þá er það miklu betur í samræmi við anda laganna, að atvinnusveitin fái aðeins að leggja útsvar á það, sem þar er fram yfir. Hins á sveitin, þar sem maðurinn er búsettur, að njóta. Því að það virðist vera hið mesta misrjetti gagnvart heimilissveit mannsins, að hún eigi að missa rjettinn til útsvars af öllu því, sem hann vinnur sjer inn annarsstaðar, ef tekjur hans þar komast upp yfir 2 eða 3 þús. krónur. Jeg álít því rjett að tiltaka einhverja

sanngjarna upphæð, sem atvinnusveitin megi ekki taka útsvar af. En svo sem jeg hefi sagt, þykir mjer ekki skifta miklu máli, hve há sú upphæð er. Eins og nú er ástatt um frv., álít jeg, að fulllangt hafi verið gengið í því að svifta atvinnusveit útsvari af utansveitarmönnum, sem fá þar kannske ríflegar tekjur. Jeg hefi lagt það til, að lagt sje á utansveitarmenn eftir sama mælikvarða og innansveitarmenn. Þarf þá auðvitað ekki að taka tillit til þess, hver efni og ástæður þeirra eru utansveitar, heldur aðeins til þeirra efna og ástæðna, sem þeir hafa í þessari sveit. Þá hefi jeg lagt til, að bætt verði við 8. gr. tveim nýjum liðum. Er sá fyrri um það, þegar skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda. Ákvæðin í þessum lið eru alveg á annan veg en í frv. hæstv. stjórnar, og einnig á annan veg en hv. frsm. (PO) vildi vera láta. Jeg vil, að höfð sjeu alveg sjerstök ákvæði um þessi tilfelli, og sje með hæfilegri sanngirni tekið tillit til allra, sem hlut eiga að máli. Eftir minni tillögu má þá fyrst og fremst leggja á útsvar, ef skipið hefir lagt upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns 4 vikur eða lengur samtals á árinu. En þá má ekki leggja útsvar á skipverja eftir næsta lið á undan, heldur eingöngu á aflann. Þá er í brtt. minni sjerstakt ákvæði um það, hvað mest megi leggja á aflann: hygg jeg, að það sje sanngjarnlega ákveðið, eftir öllum málavöxtum, en vík nánar að því síðar. Það getur auðvitað verið nokkurt deilumál, hve langt eigi að fara í því að leggja á þá menn útsvar utan heimilissveitar sinnar, sem stunda sjósóknir og leggja aflann upp annarsstaðar. En þegar svona stendur á hafa margir hagræði af því að þurfa ekki að fara heim með afla sinn. Er því ekki nema sjálfsagt, að eitthvað komi á móti frá þeirra hálfu. Það er því aðalatriði fyrir mjer, að núverandi löggjöf hafi gengið of skamt í heimild útsvarsálagningar undir þessum skilyrðum, þar sem hún undanþiggur alla þá, sem heima eiga við sama fjörð eða flóa, eða í sömu sýslu, útsvarsskyldunni. En jeg fæ ekki sjeð, að það sje næg ástæða til að vera undanþeginn útsvari.

Jeg álít, að núgildandi lög hafi gengið of langt í tvær áttir: bæði í því að undanþiggja menn útsvarsskyldu og eins í því að leggja á menn útsvör. Er það mitt álit, að frv. hæstv. stjórnar gangi í rjetta átt, er það vill jafna þessar sakir. En þó er jeg ekki alveg ánægður með frv. og hefi því borið fram brtt. mínar um þessi atriði. Jeg veit, að útsvör á útgerðarmönnum eru nokkuð há, en þarna er farið fram á, að þau verði í samræmi við verð aflans, og hygg jeg, að það sje sanngjarnt. Jeg held, að varla verði álitið, að of langt sje gengið, þótt þessi tala sje ákveðin 1% af verði aflans, en geti hæstv. atvrh. eða hv. þdm. bent á aðra tölu, sem sje sanngjarnari, bind jeg mig ekki við þessa.

Þá er brtt. mín um síðasta lið þessarar greinar. Hefi jeg þar tekið upp þá menn, sem flytjast búferlum milli sveita eða samtímis eiga lögheimili í tveim sveitum, og hefi jeg þar farið eftir ákvæðum stjfrv. Jeg skal játa, að e. t. v. vantar nánari ákvæði um þessa aðilja í frv., en þó hefi jeg ekki getað sjeð, að það sje tilfinnanlegt við athugun mína á frv. Jeg hefi þá farið yfir aðalbrtt. mínar við þetta frv. Hinar allar eru smærri og leiða aðeins af þessum.

Kem jeg þá aftur að því, að frv., eins og það verður, ef brtt. mínar verða samþyktar, verður lausara við misfellur, ein-

faldara og meira í samræmi við það, sem venja hefir verið, og að mörgu leyti sanngjarnara en frv. hæstv. stjórnar. Einkum er það kostur, að lagt verður á mann eftir gjaldþoli hans, eignum og tekjum. Þá eiga sveitirnar einnig að hafa jafnan rjett til að leggja á alt, sem þar er á lagt, án þess að taka tillit til þess, hvaða útsvar gjaldþegninn greiðir annarsstaðar. Jeg þykist vita það alveg fyrirfram, hvað verður sterkasta ástæðan á móti mínum till. En hún er sú, að eftir mínu kerfi verður ekki lagt á utansveitarmenn eftir efnum þeirra og ástæðum heima fyrir, heldur aðeins eftir tekjum þeirra í atvinnusveitinni. En jeg held, að það sje ekki nægilega sanngjarnt gagnvart sveitunum, að þær þurfi að taka tillit til alls efnahags manna, heldur verða þær að fara eftir því, hvernig ástæður manna eru þar í sveit. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta ákvæði geti heldur á nokkurn hátt orðið til þess, að utansveitarmenn verði ósanngirni beittir, þar sem sjeð er við því, að hærra verði lagt á utansveitarmenn en þá, sem innansveitar eru.

Þá kem jeg að þeim hluta í brtt. mínum, er jeg legg til, að þessi aðferð að skifta útsvörunum verði þurkuð burt. Það mætti nú tala langt mál um það, sem mælir á móti þessari skiftingu, en jeg vil ekki tefja tímann með því. Það nægir aðeins að drepa á það, að skiftingin á fyrst og fremst að fara fram eftir hæpinni reglu og alls ekki nákvæmri. Þó er það ekki hið lakasta, heldur er hitt verra, að skiftingin kemur svo löngu eftir á, að ekki er hægt að byggja tekjur og gjöld viðkomandi sveitarsjóða á henni. Þetta gerir alla áætlun sveitarsjóðanna óábyggilega, og þó ekki síst, ef einhver kærir útsvar sitt og mál hans verður að útkljást kannske hjá 2 eða 3 úrskurðarvöldum; þá getur þetta dregist von úr viti, hvort þessar tekjur fást í sveitarsjóðinn, og verður úr þessu hið mesta vafstur og vafningar. Eftir mínu kerfi kemst maður að sama marki, en losnar við alt vafstrið og vafningana.

Jeg geri ráð fyrir því, að mjer hafi sjest yfir einhver atriði, er hægt væri að segja brtt. mínum til stuðnings, en jeg býst við, að hv. þdm. hafi nú kynt sjer þær, svo að þeir hafi getað skapað sjer hugmynd um, hvort þær eru á rökum bygðar eða ekki. Jeg geri það af ásettu ráði að sleppa að útlista ýmsar smærri brtt. eftir 9. gr. Þær eru flestar þannig vaxnar, að þær eru aðeins til samræmis við hinar stærri brtt., og því einfaldar og ljósar. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta að sinni.

Jón Baldvinsson: Það er mjög eðlilegt, að það sjeu skiftar skoðanir um þetta mál og furða, að allshn. skuli hafa komist með álit sitt á einu skjali, eins mikið og deilt hefir verið um þetta á undanförnum þingum. Mjer finst það höfuðkostur þessa frv. samræmingin og takmörkun á þeim eltingaleik um útsvör á einstaka menn, sem átt hefir sjer stað á síðustu árum. Þess hefir verið getið hjer, að menn hafa þóst kenna þessa eltingaleiks síðan samþykt var lagaheimild fyrir Reykjavík til þess að leggja útsvör á menn, sem lögskráðir eru á skipin. En með því var ekki annað gert en það að veita Reykjavík jafnrjetti við aðrar sveitir landsins, þótt það væri öðruvísi orðað, og var það ekki nema sjálfsagt og eðlilegt. En þetta á að hverfa eftir frv., og tel jeg það rjett eins og högum er háttað hjer á landi, að þeir, sem stunda atvinnu utan heimilis síns, sjeu útsvarsfrjálsir.

Áður en jeg vík að mínum brtt., skal jeg geta þess, að jeg er ekki sammála

meiri hluta allshn. um tvær brtt., er hann flytur á þskj. 124. En það er 2. og 3. brtt. Það er vikið að þessu í nál. og þess getið, að nefndin sje ekki sammála um þetta. Jeg vildi fylgja stefnu frv. um það að láta sem minst leggja á einstaka menn utan heimilissveitar þeirra. En annars er það eðlilegt í umræðum um svona mál sem þessi, að það komi fram sín skoðunin fyrir hvert kjördæmi. Það eru fá mál, sem eru eins undirorpin hreppapólitík sem útsvarsmálin. Það á sitt við á hverjum stað, og svo verður togstreita um það.

Þá skal jeg leyfa mjer að víkja að brtt. mínum á þskj. 134, en þær eru hvorki margar nje flóknar. Þess er getið í 3. gr. frv., ef sveitarstjórn þyki sýnt, að innheimtar tekjur hrökkvi ekki til greiðslu gjalda, þá geti hún ákveðið framhaldsniðurjöfnun til greiðslu þess, sem á vantar, þannig, að því verði bætt við útsvar hvers einstaks gjaldanda eftir ákveðnu hundraðshlutfalli. Mjer þykir þetta óþarflega langt gengið og vil undanþiggja þá fátækustu frá þessu viðbótarútsvari. Það mun vera svo um þessi lægri útsvör, að þar er farið svo langt, sem álitið er, að menn þessir geti borið. Það er eignalaust fólk, sem ekki er fært um að bera hærra útsvar. Auk þess mundi það oft og einatt ekki svara kostnaði að innheimta þessa viðbótarálagningu á þessum lágu útsvörum, sem mundi kannske ekki nema nema nokkrum aurum eða fáum krónum. Því hefir mjer fundist rjett og lagt svo til, að ekki skuli leggja þetta viðbótarútsvar á 80 króna útsvar eða lægra í kaupstöðum eða kauptúnum og 40 króna útsvar eða lægra annarsstaðar.

Önnur brtt. mín er við 6. gr. II. 1. Þar segir, að ekki megi leggja bæði á fjelag og fjelagsmann vegna eignar hans í fjelagi o. s. frv. Þetta legg jeg til, að verði felt niður. Þessi heimild virðist að vísu vera sanngjörn, þegar fljótt er á litið, en er mjög varhugaverð. Það getur vel verið, að sinni reglunni sje fylgt í hverju sveitarfjelagi, og svo ef til vill sinni reglunni hvert árið. Svo getur þetta líka orðið til þess að skaða sveitarfjelögin. Í skattalögunum er gert ráð fyrir því, að hlutafjelög greiði hærri skatt en einstakir menn. Ef sá siður yrði upp tekinn að leggja eingöngu á mennina, en sleppa fjelögunum, þá gæti það orðið til þess, að sveitarfjelögin töpuðu miklu fje. Þessi fjelög eru vitanlega ekkert annað en samsafn af eign einstakra manna. Jeg sje ekki annað en það sje rjett hjer að leyfa niðurjöfnunarnefndum að leggja hjer á eftir efnum og ástæðum eins og áður, og gera ekki þá undantekningu, sem felst í þessu ákvæði.

Þriðja brtt. mín er við 17. gr. og er þess efnis að fella burt, að konur geti skorast undan að vera í kjöri til niðurjöfnunarnefndar. Mjer finst engin ástæða til þess, að þeim sje leyft að skorast undan þessum starfa frekar en karlmönnum. Ef menn vilja kjósa þær, þá verða þær að sætta sig við það, enda hygg jeg, að konur hirði ekki um að fá þetta ákvæði inn.

Fjórða, fimta og sjötta brtt. mín hljóða um það sama, að fella niður ákvæði frv., er lúta að því, að atvinnumálaráðuneytið hafi fullnaðarúrskurð um útsvarsupphæð. Jeg get tekið undir með hv. frsm. (PO), að mjer hefði fundist eðlilegast, að gamla reglan hefði haldist, að sýslunefndir og bæjarstjórnir hefðu haft æðsta úrskurðarvald um útsvarskærur eins og tíðkast hefir. En í stað þess hefir það verið sett inn í frv., að yfirskattanefnd skuli úrskurða um þessi mál. Þetta hefir verið sett líklega vegna þess, að mönnum hafa fundist sumar bæjarstjórnir ekki fara vel með

þetta vald sitt, og því viljað fá rjettlátari aðilja. En jeg hygg nú, að úrskurðir bæjarstjórna og sýslunefnda hafi oftast verið nærri lagi. Þó jeg sje þeirrar skoðunar, að gamla reglan hefði vel getað gilt, þá hefi jeg ekki haft á móti því, að yfirskattanefndirnar úrskurði um útsvarskærurnar, úr því það er nú einu sinni komið á, því jeg býst varla við, að hægt sje að færa það aftur í gamla horfið, sem jeg þó hefði frekar kosið. En hitt finst mjer alveg ótækt, að hægt sje að skjóta úrskurði þeirra til atvinnumálaráðuneytisins. Ráðuneytin eru pólitískustu stofnanirnar, sem til eru í landinu, og treysti jeg þeim alls ekki til þess að fella rjettlátan dóm um þessi efni. Það finst mjer betra, að yfirskattanefndirnar hafi fullnaðarúrskurðarvald, og sje alls ekki hægt að fara með það lengra. Mjer skilst líka, að það geti ekki verið neitt aðalatriði fyrir stjórnina að halda í þetta ákvæði. Gjaldendum ætti að geta verið sæmilega borgið, þótt málin yrðu ekki rekin lengra en til yfirskattanefndar.

Jeg hefi nú hraðað orðum mínum til þess að vera búinn að ljúka máli mínu áður en fundartími væri á enda. En jeg hefði þó gjarnan viljað víkja að einstöku tillögum, sem fram eru komnar.

Vil jeg þá fyrst víkja að brtt. á þskj. 125, frá hv. þm. Borgf. (PO). Það er að vísu rjett hjá hv. þm. Borgf., að útsvarsálagning á atvinnurekstur er nokkuð miklu þrengri en í núgildandi lögum. Í fyrstu var ákveðið, að ekki skyldi leggja á báta, sem stunduðu veiði við sama fjörð og heimilissveit lá við; svo var þetta rýmkað og sett: við sama fjörð og flóa. En það hefir á undanförnum árum verið hringlað mikið í þessu og svo langt gengið, að fram komu tillögur, sem breyttu nöfnum á stöðum frá því, sem stendur í landafræðinni. En verði nú þessi ákvæði öll feld niður, þá fæ jeg ekki betur sjeð en að sum sveitarfjelög verði alhart úti, t. d. Reykjavík og Siglufjörður. Það verður áreiðanlega talsverður skaði fyrir þessa staði. En hitt skal jeg játa, sem háttv. þm. Borgf. vjek að, að þau kjör, sem útgerðarmenn verða að sæta í sumum útgerðarplássum, eru afarhörð. Hjer var samþ. till. á þingi í fyrra, að stjórnin skyldi rannsaka, hvaða kjörum útvegsmenn yrðu að sæta í verstöðvum umhverfis land. Það getur verið, að stjórnin hafi nú fengið þessar upplýsingar og geti skýrt frá þeim nú. En jeg álít, að það sje ekki rjetta leiðin að fella niður útsvarsskylduna í þessu tilfelli, heldur setja takmörk fyrir því, hversu mjög megi íþyngja mönnum með útsvörum í slíkum uppsátursstöðum. En rjett er, að þessir staðir hafi einhverjar tekjur af útveginum, og því má þessi till. engan veginn ná samþykki.

Jeg skal nú víkja örfáum orðum að brtt. hv. minni hl. nefndarinnar, hv. þm. Mýr. (PÞ). Þær eru margar, sem von er, því hann fer fram á svo gagngerða breytingu á frv., að hann vill algerlega breyta reglunum um álagningu útsvara. Jeg vil ekki segja, að sú tilhögun, er háttv. þm. Mýr. hugsar sjer, sje mjög miklu ósanngjarnari en hin. En jeg er hræddur um, að hún verði erfið í framkvæmd, eins og nú stendur. Annars verð jeg að telja það galla á till. hv. þm. Mýr., að ef ekki er hægt að koma þeim að öllum, þá er enga þeirra hægt að samþykkja, vegna þess, hvernig þær eru upp settar, enda þótt hægt væri að fallast á eitthvað af þeim út af fyrir sig. Það gerir sá grundvöllur, sem þær yfirleitt byggja á.

Lýk jeg svo máli mínu með þeirri ósk, að hv. þd. fallist á till. mínar. Og svo vil

jeg sjerstaklega taka það fram, að 2. og 3. till. nefndarinnar eru ekki í samræmi við stefnu frv., og má því ekki samþykkja þær.

Umr. frestað.

Á 33. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. mars, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 15, n. 124, 125, 127, 134, 149, 154, 156, 169).

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vil byrja mál mitt með því að þakka háttv. allshn. fyrir alúð þá, sem hún hefir lagt við þetta mál, og jafnframt vil jeg þakka fyrir þau viðurkenningarorð, sem hún hefir látið falla í nál. um það, að málið hafi verið vel undirbúið.

Háttv. nefnd hefir nú haft mál þetta alllengi til athugunar. En slíkt er ekki að undra, því að það er kunnara en frá þurfi að segja, hversu mjög mál þetta er viðkvæmt. Öll skattamál eru viðkvæm, en þó eru útsvarsmálin þeirra viðkvæmust, því að þau snerta svo að segja hvern mann í landinu og koma þar við, sem flestum okkar er sárast, en það er við *pyngjuna*, eftir efnum og ástæðum.

Mjer þykir vænt um að sjá í nál., að háttv. allshn. hefir gengið inn á öll grundvallaratriði frv., og þó að henni finnist sumstaðar ekki nógu langt gengið, en annarsstaðar heldur langt, er það ekki nema eðlilegur skoðanamunur, sem jeg mun taka fult tillit til, og mun við atkvgr. sýna það með atkvæði mínu um brtt. Aftur á móti mun jeg eiga bágt með að ganga inn á þær brtt., sem eru brot á þeim grundvallarreglum, sem frv. er bygt á.

Skal jeg þá snúa mjer að þeim brtt. háttv. nefndar, sem hún er sammála um, og skal fyrst nefna fyrstu brtt. hennar. Mjer væri þökk á, ef hv. nefnd vildi taka hana aftur til 3. umr., því að mjer virðist hún ekki, með því orðalagi, sem á henni er nú, ná þeim tilgangi, sem henni er ætlað að ná.

Þá kem jeg að 2. og 3. brtt. nefndarinnar, eða rjettara sagt meiri hluta hennar. Um þær er það að segja, að þær raska að nokkru leyti þeim grundvelli, sem frv. er bygt á, sem sje þeim, að sem allra sjaldnast sje lagt á sama gjaldþegn í fleiri stöðum en einum. Mjer er að sönnu ekki vel við þessa breytingu, en get þó sætt mig við hana, ef við þetta verður látið sitja. Hinsvegar get jeg ekki neitað því, að talsverð hætta er á, að meira verði flutt milli 8. og 9. gr. frv., ef þessar brtt. verða samþyktar, og teldi jeg það illa farið, því að þá er hætt við, að raskist mjög þau grundvallaratriði, sem frv. er bygt á, og að vjer lendum þá í sama feninu og nú er, eða svipuðu, um álagning á sama gjaldþegn á fleirum en einum stað. En einmitt þetta hefir þótt verstur og tilfinnanlegastur megingallinn á útsvarslöggjöf vorri, vegna þess, hve óvægilega hefir verið lagt á utansveitargjaldendur.

Jeg get vel gengið að c- og d-lið 3. brtt., því að þeir miða að því að draga úr álagningu á utanhreppsmenn. Ástæðan til þess, að jeg fór ekki lengra í frv., var sú, að jeg taldi hæpið, að sama þingið, sem samþykti útsvarslög Reykjavíkur 1924, vildi ganga svo langt, sem frv. gerir ráð fyrir, hvað þá heldur lengra.

Fleiri af brtt. nefndarinnar snerta ekki aðalgrundvöll frv., og tel jeg ýmsar þeirra til bóta og get greitt þeim öllum atkvæði.

Hv. frsm. allshn. (PO) kveðst í raun og veru vera óánægður með ýmislegt fleira, svo sem með nýmæli frv., að yfir-

skattanefnd skuli úrskurða kærur í stað sýslunefnda. En hann hefir þó ekki komið fram með brtt. um þetta efni. Jeg get að vísu tekið undir þetta með honum, og lýsti yfir því áður, að jeg mundi ekki hafa ráðið til að breyta þessu, ef ekki hefði verið nauðsyn á því vegna breytingar á niðurjöfnunartíma útsvara, því að úrskurða mun þurfa kærur á árinu eftir að sýslufundur er afstaðinn, en hinsvegar alt of kostnaðarsamt að kalla saman aukasýslufundi út af þessum ástæðum.

Þá er brtt. á þskj. 125, frá hv. þm. Borgf. (PO), og um hana verð jeg að segja það, að jeg get ekki felt mig við hana og tel, að ýmsum stöðum, eins og t. d. Siglufirði, væri gerður órjettur með henni. Í sambandi við þetta hlýt jeg að taka það fram, að ástæðan til þess, að reglan um, að ekki megi leggja útsvar á upplagðan afla, ef eigandi er búsettur við sama fjörð eða flóa, var feld burtu úr frv. af því, að hún virtist ekki geta staðist samkvæmt þeim grundvallaratriðum, sem frv. er annars bygt á.

Þá kem jeg að brtt. hv. þm. Mýr. (PÞ), á þskj. 127 og 149, en jeg skal lofa hv. deild því að vera ekki eins langorður og hv. flm. í gær. En þó kemst jeg ekki hjá því að ræða þessar brtt. Þær sýna án efa, að höfundur þeirra hefir talsvert um þetta mál hugsað og lagt mikla vinnu í það, og þó eru brtt. hans yfirleitt þannig, að jeg get ekki fylgt þeim.

Mjer virðist, að þessum brtt. megi skifta í 2 flokka. Annar flokkurinn á að gefa nákvæmar reglur um, hvernig jafna skal niður, en hinn flokkurinn miðar að því að fella burtu ákvæðin um skiftingu útsvara milli atvinnusveitar og heimilissveitar.

Jeg mun tala um þessa flokka hvorn um sig, en fyrst vil jeg þó geta þess, að mjer þykir hv. flm. (PÞ) hafa gert till. sínar ákaflega og óþarflega flóknar, sjerstaklega með því að flytja til greinar frv. Og satt að segja öfunda jeg ekki hæstv. forseta, þegar að atkvæðagreiðslunni kemur og hann á að skera úr um það, hvernig á að bera þessar brtt. undir atkvæði. Hvernig á t. d. með atkvæðagreiðslu að slá því föstu, að 6. gr. verði 4. gr. og 25. gr. verði 22. gr., meðan óvíst er, hvort eftirfarandi brtt. verða samþyktar? Það hefði verið hægt að komast hjá þessu með því að segja bara, að greinatalan breyttist eftir atkvæðagreiðslunni.

Nokkrar greinar frv. vill háttv. flm. flytja til í frv., ýmist fram eða aftur, og sje jeg ekki ástæðu til að ræða mikið um það, en get þó ekki talið neina nauðsyn á því, enda mun hætt við ruglingi út af slíku. T. d. vil jeg spyrja hv. flm. að því, hver þörf sje á, að 4. gr. eigi að verða 9. gr. og upphaf 4. kafla. Hún verður því aðeins 9. gr., að ýmsar aðrar brtt. verði samþyktar. Mjer finst því, að hv. flm. ætti að taka allar þessar brtt. aftur og laga þær til 3. umr. Jeg skal t. d. benda honum á það, að veslings 4. kaflinn verður fyrirsagnarlaus, ef 10. brtt. verður samþykt.

Að því er mjer skilst, lúta brtt. við 4. gr. að því að gefa nánari reglur um, hvernig eigi að jafna niður „eftir efnum og ástæðum.“ Þessi grein verður mjög hart úti hjá hv. þm., því að það er ekki nóg með það, að hann geri við hana 8 brtt., heldur ætlar hann líka að flytja hana úr stað.

Mjer skildist á hv. þm. í gær, að hann þættist hafa fundið nýtt niðurjöfnunarkerfi, er kæmi fram í 1. brtt. með öllum hennar töluliðum og undirliðum, latneskum og grískum bókstöfum. En þetta er

alger misskilningur. Hjer er ekki um neitt nýtt kerfi að ræða, heldur eina af ótal mörgum aðferðum til þess að jafna niður útsvörum eftir efnum og ástæðum. Jeg get fullvissað hv. flm. um, að eftir frv., eins og það nú liggur fyrir, er alls ekkert því til fyrirstöðu, að sú aðferð sje viðhöfð, sem gert er ráð fyrir í 1. brtt. B. Það, sem skilur, er því ekki annað en það, að hann vill lögbjóða, að allar niðurjöfnunarnefndir hafi þessa aðferð, en jeg og meiri hl. nefndarinnar viljum, að niðurjöfnunarnefndum sje það í sjálfsvald sett. Jeg verð að segja, að jeg tel mjög varhugavert að setja flóknar reglur um niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum, því að slík niðurjöfnun á að vera bygð á mati, enda er það viðurkent í brtt. hv. þm.

Jeg hlýt því að leggja á móti öllum brtt. hans og tel, að þær myndu fremur rugla en skýra.

Jeg varð hálfhissa að sjá till. um 10 króna nefskatt á hvern verkfæran mann, og vil í því sambandi benda á, að í kaupstöðum eru ekki gerðar skýrslur um verkfæra menn. Jeg skal geta þess, að 1. brtt. við 4. gr. er meinlaus, en alveg þýðingarlaus og spursmál, hvaða skatt á að leggja til grundvallar. En frádrátturinn verður aldrei svo mikill, að hann skifti neinu máli, enda kemur hann fram við framtal til tekju- og eignarskatts. Annars skal jeg geta þess í sambandi við brtt. við 4. gr., að jeg legg ekki mikið upp úr þeirri grein og var satt að segja í efa um það, hvort hún ætti að standa í frv.

3. brtt. a. er alveg óþörf, sbr. 6. gr. III. b. og c., og 3. brtt. c. er bygð á misskilningi, því að sjerhver maður hlýtur að vera heimilisfastur annaðhvort hjer á landi eða erlendis. Sú upptalning er alveg tæmandi, — tertium non datur. Hitt er annað mál, að ekki er víst, að einhver ákveðinn maður eigi neinstaðar lögheimili.

Þá kem jeg að öðrum aðalflokki brtt. hv. þm. Hann er þess efnis að útiloka skiftingu útsvara milli sveita, er hann telur mjög erfiða og þunga í vöfum. Jeg skal viðurkenna, að það er talsvert í þessu og að best væri að geta verið laus við skiftinguna. En benda má þó á það, að t. d. Danir og Norðmenn hafa tekið upp þessa skiftingu í lögum um „den interkommunale Beskatning". Aðalreglurnar, sem þeir hafa farið eftir, eru teknar upp í þetta frv. Þeir hafa reynt þær í mörg ár, og hafa þær gefist vel. Eins held jeg, að hjer muni fara, að þær hljóti að gefast vel hjer líka, þegar stundir líða. Má búast við, að þetta verði þungt í vöfum í fyrstu og að óánægja komi í ljós, en það er ekkert annað en það, sem venjulegt er í þessum og þvílíkum tilfellum, eins og t. d. þegar tekjuskattsframtalinu var komið á. En það hverfur með tímanum, enda sje jeg ekki, að hjer sje um meiri fyrirhöfn að ræða en í rekistefnu þeirri, sem oft verður milli sveita um viðurkenning á sveitfesti manna.

En úr þessum höfuðgalla á núverandi útsvarslöggjöf, að of mikið er lagt á utansveitarmenn, vill háttv. þm. Mýr. bæta með því ákvæði, að ekki megi leggja á þá í heimilissveit að því leyti, sem lagt er á þá í atvinnu- eða dvalarsveit. Jeg álít þetta ákvæði lítilsvirði, og mætti nefna dæmi til að sýna það. Hv. þm. játaði, að það væri einn galli á þessu fyrirkomulagi eins og hann hugsar sjer það, sem sje sá, að ekki yrði hægt að taka tillit til ástæðna manna, sem leggja á á utansveitar. Þetta gerir það að verkum, að ómögulegt er að sýna fram á, hvort utansveitarmönnum sje gert rangt til eða ekki, ef tekið er

tillit til efna og ástæðna. Þess vegna held jeg, að eina rjetta reglan sje sú, sem frv. gerir ráð fyrir, að lagt sje sem mest á menn á einum stað og í einu lagi og að tekið sje fult tillit til alls efnahags og ástæðna allra.

Jeg held, að 11. brtt., við 16. gr. a., hafi ruglast eitthvað, líklega í prentun, nema svo sje, að meira eigi að fella burt úr gr., og veit jeg ekki, hvort hv. þm. hefir athugað það, því að annars kemur til að standa þarna meiningarlaus greinarpartur.

Jeg hlýt að leggja á móti þessum flokki brtt. háttv. þm. Mýr. Þær eru um atriði, sem snerta grundvallaratriði frv. mjög verulega, það, að leggja sem sjaldnast annarsstaðar á menn en í heimilissveit þeirra. En þeirri reglu vill hv. þm. gerbreyta.

Þá sný jeg mjer að brtt. háttv. 2. þm. Reykv. (JBald), á þskj. 134. Þær eru ekki margar. Sú fyrsta er um það, að ef hafa þarf aukaniðurjöfnun, þá komi ekki niðurjöfnun á 80 kr. eða lægra aðalútsvar í kaupstöðum og annarsstaðar ekki á 40 kr. eða lægra útsvar.

Út af þessu vil jeg segja það, að ef rjett er jafnað niður aðalútsvari, þá verður hitt ekki rjettlátt, að litlu útsvörin hækki ekki eins og hin stóru. En þessi brtt. hefir eitt til síns ágætis, og það er það, að alloft myndi reynast erfitt að innheimta þessi litlu viðbótarútsvör. En jeg býst við, að ekki yrði að jafnaði búið að greiða aðalútsvarið, þegar aukaniðurjöfnun færi fram, svo að viðbótin gæti komið til með að innheimtast með því, svo að þessi brtt. er ekki á rökum bygð frá því sjónarmiði.

2. brtt. get jeg ekki skilið, nema það sje meining hv. þm. að leggja bæði á eign manns í fjelagi og hann sjálfan, eða tvíleggja á hann. En í frv. er það óbundið, hvort niðurjöfnunarnefndirnar vilji heldur leggja á fjelagið eða manninn, sem hefir tekjur sínar af fjelaginu.

En annars þarf ekki að kenna niðurjöfnunarnefndunum að leggja á útsvörin. Jeg vil, að þær sjeu sem óbundnastar í því efni, og þann rjett vil jeg ekki taka frá þeim.

3. brtt. er um það, hvort konur geti skorast undan kosningu. Það er gott, að þessi till. kom fram, til þess að fá nú þegar úr því skorið, hvernig þessi háttv. deild lítur á þetta mál, sem var svo umþráttað í hv. Ed. Í stjfrv. er heimilað, að konur megi skorast undan kosningu, og tel jeg frjálslegast að leyfa þeim það. Þetta snertir að vísu ekki málið, en það er gott að fá atkvgr. í eitt skifti fyrir öll um þetta efni, til þess að hafa hana til hliðsjónar, þar sem annað mál, þessu skylt, kemur bráðum til þessarar hv. deildar, og vona jeg þá, að háttv. deildarmenn verði sjálfum sjer samkvæmir.

3 síðustu brtt. eru allar um sama efni, að úrskurði yfirskattanefndar skuli ekki áfrýjað til atvinnumálaráðuneytisins. Þetta ákvæði var sett af því það var álitin rjettarbót fyrir hlutaðeigendur, þó að hinsvegar sje hjer um að ræða starf, sem ekki ætti að liggja undir atvinnumálaráðuneytið. Þó er í þessu ákvæði fólgin trygging fyrir hlutaðeigendur, að þeir nái rjetti sínum fremur, en hinsvegar er ekki svo mikið starf um að ræða, að erfitt verði að inna það af hendi. En jeg læt það ráðast, hvað hv. deild vill hjer að gera. Fyrir mjer er þetta ekkert „princip“-atriði.

Jeg sá hjer í morgun 2 brtt. frá háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), og held jeg, að jeg sje þeim samþykkur.

Þá eru hjer nokkrar brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. (HStef), sem jeg ætla ekki strax að taka afstöðu til. Jeg býst við, að hann tali bráðlega fyrir þeim, og ætla jeg að sjá, hvort hann getur sannfært mig um ágæti þeirra. Ætla jeg því ekki að óreyndu að leggja á móti þeim.

Halldór Stefánsson: Jeg læt mjer nægja að tala um brtt. mínar án þess að fara út í almennar umræður um málið, þótt jeg hafi nokkra tilhneigingu til þess.

1. brtt. mín er við 3. gr. og fer fram á það, að niðurlag fyrri málsl. 3. gr. falli burt, að útsvör megi ekki fara fram úr ½ af meðaltali þriggja síðustu ára, nema með samþykki sýslunefnda eða atvrh.

Það er um þetta ákvæði að segja, að með því eru sveitar- og bæjarstjórnir gerðar ómyndugar um fjárhagsmálefni sín. Jeg býst ekki við, að nokkurn tíma yrði farið fram á, að útsvör hækkuðu meira en um fimtung, nema brýn ástæða væri fyrir hendi. Væri þá þetta ákvæði óþarft, því ekki myndi verða neitað um heimild, þegar svo væri ástatt.

En hinsvegar er alveg óviðunandi, að hreppsfjelög og bæjarfjelög sjeu gerð ómyndug. Þetta eru gömul ákvæði, sem ættu ekki að standa lengur.

Síðari brtt. við 3. gr. er aðeins afleiðing af hinni.

Þá kem jeg að 2. brtt., við 6. gr., þar sem farið er fram á, að niðurlag 1. málsgr. falli burtu, að menn þurfi að hafa verið 3 mánuði eða meira heimilisfastir hjer á landi til þess að verða útsvarsskyldir. Það er m. ö. o. enginn munur gerður á því, hvort hlutaðeigendur hafa haft miklar eða litlar tekjur, rekið eða stundað atvinnu mikla eða litla. Með þessu ákvæði er skapað misrjetti milli þeirra, sem búsettir eru hjer alt árið, og hinna, sem búsettir eru hjer skemur. Sá, sem er búsettur hjer alt árið, er gjaldskyldur fyrir hvern einn tíma — hversu stuttur sem hann er —, sem hann hefir atvinnu. *(Atvrh. MG*: Hinn verður að borga erlendis). Nei. Við eigum að fá rjett til þess að leggja á menn, þótt þeir hafi verið skemur en 3 mánuði hjer á landi, ef menn aðeins hafa stundað eða rekið svo mikla atvinnu, að taki að leggja á hana lágmarksútsvar.

Þetta ákvæði frv. gæti líka valdið misrjetti milli manna, sem aðeins hefði vantað lítið á að hefðu dvalið 3 mánuði, og annara, sem dvalið hefðu fulla 3 mánuði. Sá, sem dvalið hefði tæpa 3 mánuði, gæti hafa haft miklu álagshæfari atvinnu en hinn, sem dvalið hefði 3 mánuði eða lengur.

Jeg hefi heyrt það sagt, að þetta ákvæði frv. sje í samræmi við það, sem tíðkast erlendis. Jeg veit ekki, hvort svo er, en jeg álít ekki nauðsynlegt að haga löggjöfinni að þessu leyti eins og aðrar þjóðir. Jeg kann ekki við, að þeir, sem búsettir eru hjer stuttan tíma og hafa álagshæfa gjaldstofna, fái forrjettindi fram yfir hina, sem búsettir eru alt árið. Þetta, sem hjer hefir verið sagt, tekur einnig til 3. brtt., við 6. gr. B. 1, um sjómenn, sem stunda hjer atvinnu stuttan tíma. Jeg læt það, sem nú var sagt, gilda um þá brtt. líka.

4. brtt. er afleiðing af 2. og 3. brtt. og frvgr. orðuð upp með tilliti til þess, sem fjelli úr 6. gr., ef 2. og 3. brtt. yrðu samþyktar.

Þá er 5. brtt., við 7. gr. frv., um það, að niðurlagsorðin í b.-lið „eða í hlutfalli við dvöl" fjelli niður. Hjer lítur út fyrir, að tímalengdin ein sje gerð að mælikvarða

fyrir útsvarsálagningu. Annarsstaðar í frv. er tiltekið, að efni og ástæður ráði útsvarsálagningu, og annað ekki. Enda á það að vera tæmandi. En hjer virðist vera bætt við einu atriði: tímalengd. Jeg álít næst að skilja þetta svona, og ætla þá með dæmi að sýna, hve þetta ákvæði er varhugavert. Jeg tek tvo menn; annar er búsettur árlangt, en hinn 3 mánuði. Þeir hafa jafnar eignir og tekjur, jafnar ástæður. Þá vil jeg spyrja, hvort leggja ætti 4 sinnum minna á þann, sem var aðeins 3 mánuði að byggja upp jafngóðar ástæður, en hinn, sem var heilt ár að því. Nei, hjer kæmi fram ranglæti gagnvart þeim, sem var 4 sinnum lengur að byggja upp jafngóðar ástæður, í því að verða að bera 4 sinnum meira útsvar. Sje þetta rjett skilið, álít jeg, að þessi orð eigi ekki rjett á sjer. Þetta ákvæði er líka í 8. gr. b., og þess vegna gerði jeg brtt. við þá grein, þar sem hún er orðuð um, svo það fellur niður af sjálfu sjer hjer.

Þá kem jeg að hinni brtt. við 8. gr., þar sem jeg legg til, að tryggingarfjelög, sem starfa á mörgum stöðum, sjeu útsvarsskyld á hverjum stað hlutfallslega eftir því, hve mikil starfsemi þeirra hefir verið þar. Í frv. er ætlað, að þau beri útsvar aðeins þar, sem aðalumboðsmaður þeirra á heima. Mjer finst, að hver staður eigi að njóta hlutfallslega þess starfs, sem þar er rekið, en aftur á móti engin ástæða til þess að draga útsvarstekjur af starfsemi, sem rekin er víðsvegar um landið, til eins staðar.

Jeg hefi sett þessa brtt. undir 8. gr., þótt óvíst sje um röðina á frvgr. og hvernig fer um hinar ýmsu brtt. En vegna þess, að jeg býst við að fylgja þeim brtt., sem ganga svo langt að afnema með öllu skiftingu útsvars, þá hefi jeg sett þessa brtt. undir 8. gr., þótt hún að vísu fjelli betur undir 9. gr., ef skifting útsvara verður látin standa að einhverju eða öllu leyti, en þá mætti laga það til 3. umr.

Jeg hefi þá stuttlega drepið á þessar brtt. mínar. Veit jeg ekki, hvort jeg hefi getað gert þær skiljanlegar, eða hvort menn hafa getað sannfærst af máli mínu.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal svara strax hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Hann hefir ekki getað sannfært mig um það, að óþarft sje að hafa í frv. ákvæði það, er hann vill nema í burtu, að hreppsnefndir þurfi að fá samþykki sýslunefnda og bæjarstjórnir atvrh. til þess að leggja á viðbótarútsvar, sem nemi ⅕ af aðalútsvari.

Þetta er gamalt ákvæði, sem miðar að því að láta æðri stjórnarvöld hafa íhlutunarrjett um fjármál hreppa. Það gerir ekki hreppana ómynduga, enda hafa þeir þá verið það hingað til, þar sem þetta ákvæði er í núgildandi lögum. Mjer finst þetta ákvæði vera frekar til bóta, því að það gefur æðri stjórnarvöldum tækifæri til að grípa fram í, ef óvarlega er farið með fjármál hreppanna. Og svo er þess að gæta, að þar sem hreppsnefndir hafa rjett til að leggja á beina skatta, þá er eðlilegt að setja einhvern hemil á þær, og væri því skemd á frv., ef þetta ákvæði væri felt í burtu.

2., 4. og 5. brtt. eru um menn, sem eru að flytja til landsins eða fara úr landi, og um erlenda menn búsetta hjer á landi. Út af því vil jeg aðeins taka það fram, að ákvæði frv. um þetta eru í samræmi við reglur, sem yfirleitt er fylgt við sveitarútsvarslöggjöf annara þjóða. Í reglum þessum er gengið út frá því, að maður, sem flytur, fái að vera skattlaus á nýja heimilinu part úr ári, af því hann geldur skatt á hinu fyrra heimili árið sem er að

líða. Þetta er viðtekin regla. Nú erum við að semja við Dani um skattamálin, og jeg býst við, að þessari reglu verði þá slegið fastri.

4. brtt. er bygð á dálitlum misskilningi. Mjer skildist á hv. 1. þm. N.-M., að hann áliti, að þessi orð: „í hlutfalli við dvöl þar", ættu við atvinnurekstur, en þau eiga við „eða dvelst hjer á gjaldárinu." Þetta getur átt við útlendinga, sem dvelja hjer án þess að stunda atvinnu, t. d. auðuga menn, sem eru hjer sjer til gamans. Eftir brtt. hv. 1. þm. N.-M. sleppa slíkir menn við útsvar, en eftir stjfrv. má leggja á þá útsvar, ef þeir dvelja hjer ⅓ ársins. Hv. þm. blandaði þessu saman við menn, er reka hjer atvinnu, en ef hann lítur á 6. gr. 2, getur hann sjeð, að ekkert tímatakmark er sett, þegar um atvinnurekstur er að ræða.

Þá er síðasta brtt., og er það sú, sem helst kemur til mála að samþykkja. Skal jeg ekki gera það að kappsmáli, hvort verður. Þessu gætu þó fylgt ýmsir vafningar í framkvæmd, en í raun og veru er hugsunin í brtt. rjett.

Bernharð Stefánsson: Jeg skal ekki tefja tímann lengi, enda tel jeg ekki þörf á að tala mikið um einstakar greinar frv. Aftur á móti hefði jeg ýmislegt að segja um málið alment, en það á ekki við við þessa umræðu. Þó að jeg hafi ýmislegt við frv. að athuga, hefi jeg ekki borið fram neinar brtt., en vel má vera, að jeg geri það við 3. umr.

Í nál. allshn. á þskj. 124 eru taldir í 4 liðum helstu gallar, sem nefndin telur vera á núverandi útsvarslöggjöf. Um 1. liðinn er jeg samþykkur nefndinni og viðurkenni, að nauðsyn sje á að fá ein lög um þetta efni fyrir alt land, og að frv. fullnægir þessu, tel jeg þess helsta kost, því að þannig er bætt úr ósamræmi, sem verið hefir á þessari löggjöf. Um hina liðina getur frekar orkað tvímælis, hvort eins mikil þörf er þar á breytingum og haldið hefir verið fram.

Í 2. gr. frv. er ákveðið, að reikningsár sveita skuli vera almanaksárið. Jeg drap á þetta atriði við 1. umr. og ljet í ljós það álit, að þó að jeg gæti fallist á, að þetta væri hagkvæmt fyrir hreppa, sem eru kauptún, þá efaði jeg, að það væri heppilegt til sveita. Nefndin hefir nú samt sem áður öll fallist á að halda þessu ákvæði, enda hefði þurft að umsteypa frv. töluvert, ef þessu hefði verið breytt. Jeg verð samt að segja, að hvorki ræður hv. frsm. nje annara hafa sannfært mig um nauðsyn þessa ákvæðis. En jeg kannast við, að hjer er ekki um svo þýðingarmikið atriði að ræða, að ástæða sje til þess að gera veður út af því, og þó að telja verði þetta sveitunum frekar til óþæginda, býst jeg ekki við, að af því hljótist nein veruleg vandræði, og mætti því sætta sig við það, ef aðrar rjettarbætur fylgdu, sem gerðu meira en vega móti þessum galla; en jeg er því miður ekki viss um, að þær sjeu til í frv.

Nefndin telur einn af göllum núgildandi löggjafar þann, að heimildin til þess að leggja á menn útsvar utan heimilissveitar sje orðin alt of víðtæk. Úr þessu á frumvarpið að bæta, og hefir nefndin fallist á þá stefnu. Jeg get fallist á, að takmörkun í þessu efni hafi verið nauðsynleg, en jeg verð að segja, að mjer finst frv. sjálft og tillögur nefndarinnar, einkum meiri hluta hennar, ganga of langt í þessu efni. Sjerstaklega er það athugavert, að það er ekki aðeins dregið úr rjetti atvinnusveitar til útsvara, heldur fylgja þessum litla rjetti, sem atvinnusveitin hefir eftir, mjög mikil óþægindi.

Jeg á við skiftingu útsvaranna eftir 9. gr. Jeg held, að af þessari skiftingu leiði óþolandi vafstur og skriffinsku, sem hægt hefði verið að komast hjá. Mjer hefði fundist rjettara, að atvinnusveitin, að svo miklu leyti sem hún hefir rjett til útsvara, legði þau á sjálf. Það hefði átt að færa öll ákvæði 9. gr. undir 8. gr. Mjer finst þetta fyrirkomulag, eins og gert er ráð fyrir því, muni vera nær því óframkvæmanlegt. Hæstv. atvrh. telur þetta fyrirkomulag gott og heldur, að mönnum þyki það betra en hitt, þegar þeir fara að venjast því. Hann segir, að svipað fyrirkomulag muni vera í Danmörku og Noregi. Jeg er því ekki vel kunnugur, en jeg held, að í Noregi sje skattur til sveitarfjelaga lagður á með líku móti og tekju- og eignarskattur, það er að segja, ekki með handahófsálagningu, heldur hundraðsgjaldi af tekjum og eignum, og er þá miklu hægara að fást við þetta heldur en hjer, þar sem um niðurjöfnun er að ræða eftir efnum og ástæðum. Þó að þetta gangi sæmilega í Noregi, er ósannað, að það gangi vel hjer, þar sem um öðruvísi niðurjöfnun er að ræða. Að því leyti, sem tillögur hv. þm. Mýr. (PÞ) ganga í þá átt að fella niður þessa skiftingu, þannig, að atvinnusveitin leggi á alt það útsvar, sem henni ber að fá, þá tel jeg þær til bóta og mun greiða þeim atkvæði. Jeg tel það fyrirkomulag ganga skemmra í að skerða rjett atvinnusveitarinnar. Þó þykir mjer lágmarkið sett og hátt. Mjer þætti hæfilegt lágmark 1000 kr., og kem líklega með brtt. í þá átt við 3. umr.

Þó að frv. og till. meiri hl. nefndarinnar gangi yfirleitt í þá átt að draga úr rjetti atvinnusveitarinnar til útsvara, hefir einum nefndarmanni þó ekki þótt nógu langt gengið og flutt tillögu um að undanþiggja skip greiðslu af upplögðum afla. Hæstv. atvrh. hefir lagt á móti þessari till. og bent á, að Siglufjörður t. d. yrði hart úti, ef þessi till. næði samþykki. Jeg er hæstv. atvrh. þakklátur fyrir þetta. Það er svo um Siglufjörð og aðra staði, þar sem líkt er ástatt, að þeir myndu verða mjög hart úti, ef þetta yrði samþykt. Jeg álít því tillöguna hættulega. Af henni mundi leiða svo stórfeldan tekjumissi fyrir sum sveitarfjelög, að miklum vandkvæðum yrði bundið að breyta niðurjöfnun útsvara svo, að þær tekjur næðust upp á öðrum sviðum. Undanfarið hefir viðleitnin altaf stefnt að því að auka rjett atvinnusveitar. Tel jeg því ekki rjett að snúa við blaðinu eins greinilega og hjer er gert. Það er síður en svo, að atvinnusveitin eigi engar kröfur á hendur aðkomufólks og atvinnurekstrar utansveitarmanna, sem þar fer fram. Það má benda á margskonar kostnað, sem leggja verður í og aðkomufólk nýtur engu síður en íbúar sveitarinnar, t. d. vegi, vatnsleiðslu, götulýsingu o. fl. Á Siglufirði bætist einn liður við, að mestu leyti vegna aðkomufólks, og hann nokkuð hár. Það er kostnaður við löggæslu.

Mjer finst ekki fult samræmi í tillögum þeim, sem hv. þm. Borgf. (PO) hefir gert með samnefndarmönnum sínum um ýmsar gjaldakvaðir, og þessari undanþágutill. sama hv. þingmanns. Hann telur t. d. rjett, að útsvar sje goldið af laxveiði í atvinnusveit. Jeg held þó, að oft megi telja laxveiðina einskonar leik, og varla getur þar verið um mikinn atvinnurekstur að ræða. Mjer finst, að atvinnusveitin ætti ekki að vera rjetthærri gagnvart laxveiði en upplagningu á afla skipa.

Þar sem jeg á sjálfur enga brtt. við frv., sje jeg ekki ástæðu til að fara frekar út í það að þessu sinni, en mun leggja fleira til við 3. umr. Það er þessi till. hv.

þm. Borgf., sem jeg vil sjerstaklega mótmæla, þar sem hún mundi m. a. koma mjög hart niður á mínu kjördæmi, ef hún yrði samþykt.

Þorleifur Jónsson: Jeg á ekki neinar brtt. við frv. að þessu sinni. Vil jeg þó leyfa mjer að gera fáeinar athugasemdir. Mjer finst engum efa bundið, að ýmislegt sje í þessu frv. mjög athugavert. Jeg gæti best trúað, að ekki liðu mörg ár þar til kröfur kæmu um breytingar, ef það yrði samþykt nú eins og það liggur fyrir.

Það er sjerstaklega eitt atriði, sem jeg vildi minnast á. Það er þessi skifting útsvaranna milli sveitarfjelaga. Jeg hjó eftir því hjá hæstv. atvrh., að hann sagði, að þetta fyrirkomulag væri þekt á Norðurlöndum og hefði gefist nokkurnveginn vel. Mjer fanst felast í orðunum, að hann væri ekki allskostar ánægður með þetta. Það er líka svo, að þetta fyrirkomulag er óþekt hjer, og þó að það kunni að eiga við í nágrannalöndunum, er óvíst, að það eigi við okkar landshætti. Ef skifta á útsvörunum milli sveita eftir ákvæðum frv., leiðir óhjákvæmilega af því vafstur og skriffinsku og tímatöf fyrir hlutaðeigandi sveitarfjelög, og jeg held, að þetta fyrirkomulag muni fljótt mæta óánægju.

Jeg skal nefna þann stað, sem jeg þekki best til, Hornafjörð. Þaðan er haldið úti bátum frá Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Mjóafirði og Seyðisfirði, og jafnvel frá Eyjafirði. Jeg er hræddur um, að það verði tafsamt, þegar farið verður að heimta part úr útsvörum á öllum þessum stöðum. Jeg álít rjett að takmarka, að sveitum sje íþyngt vegna aðkomufólks, og það er gert í þessu frv. En þar sem atvinna er stunduð fleiri mánuði, tel jeg rjett, að sveitarstjórnir hafi leyfi til að leggja á hlutaðeiganda, eins og verið hefir. Hjer er aðalgallinn á frv. Þótt hæstv. atvrh. teldi þetta grundvallaratriði, sem ekki mætti missast, tel jeg, að það eigi að fara. Hinsvegar vil jeg geta þess viðvíkjandi brtt. hv. minni hl. allshn. (PÞ), á þskj. 127, við 8. gr. frv., þar sem talað er um skip, sem leggja afla á land og hvernig ná skuli af þeim útsvari, og er þar sagt, að útsvarsupphæðin megi aldrei hærri vera en sem svari 1% af verði afla, sem lagður hefir verið á land, að jeg tel þarna ekki nógu nákvæmlega til orða tekið og hefi það aðallega að athuga við þetta, að ekki verður sjeð af orðalagi brtt., hvort miða skal við verð aflans óverkaðs — þ. e. blautfisksverðið — eða hvort það á að miða við verð aflans í verkuðum fiski, þegar þetta 1% útsvar er reiknað út. Þetta bið jeg hv. minni hl. að taka til athugunar til næstu umræðu, hvort ekki megi orða þetta ljósar.

Þá vil jeg geta þess í sambandi við þetta, að það getur ekki komið til mála, að hægt verði að fallast á brtt. hv. þm. Borgf. á þskj. 125, um að láta slíka báta, sem leggja afla á land og dvelja í veiðistöðvum svo og svo lengi, sleppa alveg við að greiða útsvar. Það var að vísu til í lögum áður, að ekki mætti leggja útsvar á skip eða báta nema sjerstaklega stæði á. *(PO*: Þetta er hliðstætt því). Nei, enda var þá ekki um neina stórútgerð að ræða, þegar þetta var sett í lög; þá var ekki til nema smábátaútgerð (róðrarbátar), og var átt við það með þessum ákvæðum. Þá er og þess að gæta, að þeir, sem útgerð stunda í öðrum hjeruðum en þeir eiga heima í, njóta allra þeirra hlunninda, sem þau hjeruð hafa að bjóða, er þeir hafast við í, og auk þess geta þessir aðkomumenn valdið hjeraðsbúum ýmsum óþægindum með þarveru sinni. Jeg get t. d. tekið það

fram, þessu til skýringar, að í Hornafirði þýðir nú alls ekki að fara á sjó á róðrarbátum síðan aðkomumenn fóru að stunda þaðan mótorbátafiski, en áður en þeir komu til, var þar góður afli oft og tíðum á róðrarbáta. Á róðrarbátunum stunduðu menn handfæraveiði, en nú þýðir ekki neitt að reyna með handfærum innan um alla línukássuna. Þá geta og þessir aðkomumenn orðið til þess að spilla eða eyðileggja önnur hlunnindi, sem þar eru, t. d. æðarvarp. Bátafjöldinn og alt það ónæði, sem af honum stafar, fælir fuglinn á brott af varpstöðvunum, svo eftirtekjan af varpinu verður minni eða alls engin. Það nær því engri átt að nema alveg úr lögum skyldu þessara manna til að greiða útsvar; jeg verð ákveðið á móti því.

Þá er enn eitt atriði, sem jeg vil fara um nokkrum orðum, þ. e., að jeg tel það töluvert óhagkvæmara að fela yfirskattanefndum að skera úr útsvarsþrætum, í stað þess að sýslunefndir geri það framvegis eins og hingað til. Þetta mundi t. d. verða mjög óþægilegt í framkvæmd í Austur-Skaftafellssýslu, ef menn þyrftu að sækja kærumál sín fyrir yfirskattanefndinni, sem þar er í Vestur-Skaftafellssýslu, í stað þess að geta skotið þeim til sýslunefndarinnar í Austur-Skaftafellssýslu. Það getur staðið svona á víðar, þar sem tvær sýslur eru um einn og sama sýslumann, að yfirskattanefndin sje aðeins á einum stað. Jeg veit heldur ekki til þess, að sýslunefndir hafi farið þannig að ráði sínu í þessu, að það þurfi að taka af þeim það vald, sem þær hafa áður haft í þessum málum, Skattanefndir, sem eiga heima langt í burtu, hljóta að hafa verri aðstöðu að ýmsu leyti að úrskurða sanngjarnlega heldur en sýslunefndir. Þess vegna tel jeg skattanefndirnar miður hæfar til að fjalla um þessi kærumál.

Jeg hafði ýmislegt fleira að athuga, bæði við frv. og þær brtt., sem fram hafa komið við það, en af því að jeg á sjálfur enga brtt. og málið sjálft er svo stórt og umfangsmikið, að erfitt er að átta sig á því í skjótu bragði, læt jeg hjer staðar numið að þessu sinni.

Klemens Jónsson: Eins og jeg sagði við 1. umr. þessa máls, verð jeg að álíta, að þetta sje afarmerkilegt mál og mjög víðtækt, og tel jeg því rjett, að þingið sýni því alla virðingu og leitist við að ganga vel frá því. Jeg efast heldur ekki um, að hv. allshn. hefir lagt mikið verk í að athuga þetta frv., enda sýna það hinar mörgu brtt., sem hún ber fram við frv., en sjerstaklega bera þó brtt. hv. minni hl. (PÞ) vott um mikla vinnu og athugun. Auk þess eru og komnar fram ýmsar aðrar brtt. frá einstökum þm.

Hæstv. atvrh. gat þess í ræðu sinni áðan, að hann öfundaði ekki hæstv. forseta þessarar deildar af því starfi að þurfa að bera allar brtt. upp til atkvæða, og get jeg vel tekið undir það. En væri þá ekki fremur full ástæða til að vorkenna hv. þm., sem þurfa að brjóta til mergjar og greiða atkvæði um allar þessar brtt.? Jeg efast fullkomlega um það, að öllum hv. þm. hafi tekist að átta sig til fulls á þessum sæg af brtt. og brtt. við brtt., og jeg mun ekki undrast mjög, þótt einhverjar misfellur verði á atkvæðagreiðslum. *(PO:* Það er ekki svo erfitt að átta sig á brtt. á þskj. 124). Jeg beini því til hv. nefndar að athuga þetta vel, þegar málið kemur aftur úr þessum hreinsunareldi, að þessari umræðu lokinni. Að svo mæltu ætla jeg að snúa mjer að nokkrum þeim brtt.,

sem hjer liggja fyrir, og minnast fyrst á þær, sem jeg tel til bóta.

Þá er fyrst 3. brtt. á þskj. 124, um flutning ýmissa gjaldstofna úr 9. yfir í 8. gr. frv., og verð jeg að telja þessa tilfærslu til verulegra bóta; mun jeg fúslega greiða þessari brtt. atkvæði.

Næst er 9. brtt. á sama þskj., um gjalddagana. Þeir skulu samkv. frv. vera tveir, bæði í kaupstöðum og eins til sveita. Þetta síðasta er nýmæli og er til bóta, því að það ljettir undir greiðslunni. Sú sama regla, sem nú gildir um vaxtagreiðslu af útsvörum í Reykjavík, ef ekki eru greidd í tæka tíð, á nú að gilda sömuleiðis í sveitunum. Þetta tel jeg varhugavert og bið nefndina að taka það til yfirvegunar á ný. En þótt frv. verði samþ., vil jeg að hv. nefnd athugi, hvort ekki sje fært að lækka þessar rentur, sem nú eru alt of háar.

Þá er brtt. á þskj. 127, aðalbreytingartillagan, sem komið hefir fram við frv. og sem mest hefir verið rætt um, þ. e. um skifting útsvaranna. Jeg drap á það við 1. umr., að jeg teldi þessa skiftingu mjög varasama. Í sama streng hafa flestir þeir háttv. þm. tekið, sem talað hafa til þessa; telja þeir flestir skiftinguna síður en svo til bóta. Jeg endurtek það, sem jeg sagði um þetta við 1. umr., að jeg tel það verði vafalaust erfitt og vafningamikið að koma þessari skiftingu í framkvæmd. Hæstv. atvrh. benti á, að þessari reglu væri fylgt í Noregi og gengi vel þar, og má það vel vera; getur vel verið, að þetta gefist vel hjer líka, þegar fram í sækir, en það er engin vafi á því, að þessi aðferð er mjög flókin og erfið, og því kæmi mjer ekki á óvart, þó að þyrfti að bæta einum manni við í skrifstofu atvinnumálaráðuneytisins aðeins vegna þessa. Jeg hefði helst viljað vera laus við þessa skiftingu, en brtt. hv. þm. Mýr. er ekki síður flókin, og jeg held því, að öllu þessu athuguðu, að jeg greiði atkv. með skiftingu samkv. frv. til 3. umr., og ef ekki fæst þá annað betra, þá með frv. áfram, því jeg er ekki hræddur við það eins og hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), þó að þurfi að breyta lögunum aftur mjög bráðlega. Þetta ber svo oft við, að maður er orðinn vanur því, að frá ári til árs er ávalt verið að breyta einhverju af lagasmíðum undanfarandi þinga. Jeg álít því enga hættu því samfara að láta reynsluna skera úr um þetta atriði.

Þessu næst kem jeg að brtt. á þskj. 134, sem hv. 2. þm. Reykv. ber fram, um það, að ekki megi leggja útsvar bæði á fjelag og fjelagsmann í einu, vegna eignar hans í fjelaginu o. s. frv. Þessi brtt. á við 6. gr. frv. II,1. Jeg hafði ásett mjer að bera fram brtt. um þetta sama efni, en af því hv. 2. þm. Reykv. hefir orðið fyrri til þessa, hlýt jeg að sjálfsögðu að greiða þessari brtt. atkvæði mitt, því jeg tel þessa brtt. sjálfsagða og mjög til bóta á frv. Enn er brtt. frá sama hv. þm., 1. brtt. á sama þskj., og get jeg ekki aðhyllst hana. Hv. þm. (JBald) vill binda viðbótarútsvar við 80 kr. lágmarksútsvar í kaupstöðum, en við 40 kr. útsvar annarsstaðar. Jeg sje ekki, að ástæða sje til að takmarka þetta þannig eða að vera að grípa fram fyrir hendur niðurjöfnunarnefnda í þessum efnum. Jeg sje ekki, að ástæður sjeu til þess að setja þeim reglur, sem þær sjeu rígbundnar við að fara eftir. Það getur verið, að þetta hefði einhvern rjett á sjer, ef upphæðin hefði verið sett að mun hærri, en ella ekki.

Sami hv. þm. (JBald) leggur til að fella niður þau ákvæði frv., að úrskurði yfirskattanefnda megi áfrýja til atvinnumálaráðuneytisins. Hv. 2. þm. Reykv. hef-

ir oftlega sýnt það í orði og æði, á þessu þingi sem öðrum, að hann ber ekki neitt sjerlegt traust til landsstjórna yfirleitt. En jeg verð að segja honum fyrir mig, að eftir minni þekkingu á þessum hlutum vil jeg heldur eiga undir úrskurði stjórnarráðsins en úrskurði niðurjöfnunarnefndar eða yfirskattanefndar. Ef mikið fje er í húfi, treysti jeg betur skrifstofustjórum atvinnumálaráðuneytisins en yfirskattanefnd.

Hv. þm. hugði, samkvæmt því, sem fram kom í ræðu hans, að atvinnumálaráðh. sjálfur mundi fella þessa úrskurði, en jeg hygg, að hann hafi nóg annað og þarfara að fást við en starfa að þessu. Jeg veit ekki til, að ráðherra hafi nokkurntíma lagt hönd á úrskurði í sveitarmálefnum. En jeg hygg, að þetta vantraust hv. 2. þm. Reykv. á stjórnunum stafi af því, að hann sje hræddur um, að úrskurðirnir verði gerðir að pólitískum málum, þ. e., að ráðherrarnir muni hlynna að sínum flokksmönnum, en gera hinum órjett, sem á móti eru. Jeg er ekkert hræddur við þetta; en þó svo færi, að þeir gerðu það, væri það eitt hið besta tilefni til eldhúsdagsárása á stjórnina. Jeg held því fram, að þessu sje betur ráðið samkv. frv. en þó brtt. hv. þm. næði samþykki.

Um hitt atriðið, hvort það sje rjett að taka úrskurðarvaldið frá sýslunefndum og fá það í hendur yfirskattanefndum, er jeg í meiri vafa. Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) kom með dæmi úr sínu kjördæmi, sem sýndi, að þetta gat verið óheppilegt, en þar sem jeg þekki til, gerir þetta minni mun. Þó er sá kostur við yfirskattanefndirnar, að þær eru skipaðar færri mönnum en sýslunefndir, og skattanefndarmenn eru yfirleitt kunnugri högum manna en aðrir. (*HK*: Þetta er ekki rjett). Jeg skal ekki segja neitt um, hversu þessu er varið í kjördæmi hv. þm. Barð. og rengi hann því ekki, en jeg miða við þær sýslur, sem jeg hefi þekt. Það veit jeg, og jeg giska á, að fleiri hv. þm. þekki svipuð dæmi, að þessi mál um útsvaraálagningu eru sótt af ákaflega miklu kappi. Það eru dæmi til, að menn hafa kært yfir útsvari til 1 kr. eða 1,50 kr. lækkunar, og hafi þeir ekki fengið áheyrn, hafa þeir óðar skrifað kæru til sýslunefndar, — skrifað álnalöng skjöl út af þessu, og þeir hafa ekki látið þar við sitja, heldur lagt á sig langferðalög til að ná tali af sýslunefndarmönnunum um þetta og til að „agitera" í þeim, ef hægt væri að bjarga þessari einu krónu, eða kr. 1,50, sem í húfi var. Svona var þetta fyrir liðugum 20 árum.

Það eru nokkur atriði í frv., sem hv. allshn. hefir ekki hreyft við, en jeg vildi gjarnan, að henni hefði þóknast að krukka eitthvað í. Jeg tók það fram við 1. umr., að jeg teldi það óviðfeldin ákvæði í frv., að heimilt væri að leggja útsvar á mann fyrir að stunda atvinnu í annari sveit eða hreppi, jafnvel þó hann hefði ekki dvalið þar nema einn dag eða tvo; en jeg get ekki skilið 9. gr. frv. á annan hátt. Tökum til dæmis síldarkaupmann, sem kemur til Siglufjarðar, dvelur þar einn dag og kaupir síld sjer til mikils hagnaðar. Jeg sje ekki betur en á hann megi leggja þar útsvar fyrir þetta.

Sama gegnir um 6. gr. frv. B. 2. um útsvarsskyldu erlendra laxveiðileigjenda. Mjer þætti gaman að spyrja hv. þm. Mýr. um þetta, eftir hvaða reglum þeir þar í hans kjördæmi fara í álagningu þessara útsvara. Englendingar koma þangað oftlega til veiða, en oftast aðeins stuttan tíma í senn, og jeg veit ekki, hvernig far-

ið er að því að jafna niður „eftir efnum og ástæðum“ útsvarinu á viðkomandi „lávarð“, sem þar var við veiðar eina eða tvær vikur. Þetta er að elta menn alt of langt með útsvarsálagningar og þetta er ekki í samræmi við það, sem segir í nál. allshn. um frv., að meðal mestu galla á núverandi löggjöf sje, að heimildin til að leggja útsvör á menn utan heimilissveitar sje alt of víðtæk. Jeg tek undir þetta með nefndinni, en sjálf fer hún þó alt of langt í því að elta menn með útsvarsálagningum, jafnvel þó ekki sje nema um eins dags atvinnu að ræða. Jeg vil skjóta því til nefndarinnar að athuga þetta.

Að síðustu fáein orð um tvær brtt. frá sjálfum mjer, á þskj. 169.

Um aðra þeirra þarf ekki að fara mörgum orðum; hún er borin fram til skýringar annari málsgr. í 3. gr. frv., en mjer þykir viðkunnanlegra, að svo skýrt sje að orði kveðið, að ekki leiki vafi á, og hefir hæstv. atvrh. fallist á þessar brtt. báðar.

En síðari brtt. er um hækkun útsvara. Ef hækka skal útsvar á manni, sem kært hefir útsvar sitt til lækkunar, má ekki hækka útsvar hans, nema hann hafi verið heyrður fyrst. En þetta er á alt annan veg nú. Hafi t. d. einhver kært útsvar sitt til lækkunar og borið sig saman við einhvern góðan kunningja sinn, sem lægra útsvar hafði eða betri kringumstæður, má kærandinn eiga von á því að fá útsvar sitt hækkað, máske um helming, án þess hann hafi hugmynd um það eða hafi átt kost á að gefa upplýsingar um efnahag sinn. Þetta er afarósanngjarnt, og brtt. mín miðar til þess, að mönnum skuli tilkynt um þetta áður, ef í ráði er að hækka á þeim útsvar. Hæstv. atvrh. hefir sagt mjer, að svona lagað mál hafi nýlega komið fyrir dómstólana, og að hæstirjettur hafi „statuerað“, að niðurjöfnunarnefndin hafi haft lög að mæla. Við þessu er í rauninni ekkert að segja. Þetta eru þau lög, sem nú gilda. En það eru þessi lög, sem jeg vil breyta.

Jeg fjölyrði ekki meira um þetta, en jeg vænti þess, að brtt. mínar verði samþyktar og að frv. verði tekið til rækilegrar athugunar á ný í allshn., þegar það er komið úr 2. umr., því jeg tel þess enga vanþörf.

Pjetur Þórðarson: Jeg ætla að byrja á því að beina nokkrum orðum til hv. 2. þm. Rang. (KlJ), ef ske kynni, að hann yfirgæfi sæti sitt áður fundi væri lokið.

Viðvíkjandi vorkunnsemi við þingmenn, þegar kemur til að greiða atkvæði um þessar brtt., verð jeg að segja það út af ummælum hv. 2. þm. Rang. og ummælum hæstv. atvrh. um örðugleika fyrir hæstv. forseta, að jeg tel það alt of mikið siðferðilegt hirðuleysi, ef hv. þm. yfirleitt eru ekki færir um að athuga sig um þessar brtt. áður en þær eru bornar upp til atkvæða. Ef þeir eru ekki færir um það, þá eru þeir ekki færir um að gera sjer grein fyrir, hvernig málinu víkur við yfirleitt.

Annað atriði, sem jeg vildi beina til hv. 2. þm. Rang., var það, að hann ljet í ljós, að þrátt fyrir það, að honum litist örðugt að ganga að því að greiða atkv. með frv., að því leyti sem það hefir ákvæði um að skifta útsvörum milli sveita, þá mundi hann þó heldur taka þann kost að fylgja þessu ákvæði en að ganga að breytingum mínum um að fella þessi ákvæði niður. Það væri af þeirri ástæðu, að mínar breytingar myndu valda meiri örðugleikum. Það myndi verða flóknara

að fara eftir þeim, til þess að rjettlátlega væri skipað þessum málum, heldur en ef skiftingarákvæðin kæmust í kring. Þetta hlýtur að stafa af því, að hv. þm. hefir ekki nægilega sett sig inn í samband minna brtt. við aðalefni frv. Jeg veit, að þetta er ekki sprottið af skilningsleysi hv. þm. nje heldur af því, að hann vilji ekki setja sig inn í samband till. við frv., heldur af því, að hann hafi litið of fljótlega yfir það, hversu nauðsynlegt er að gera það.

Þriðja atriðið, sem jeg vildi beina til hv. þm., er það, að hann virtist taka feginshendi á móti og aðhyllast brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um það, að fella niður það ákvæði frv., að ekki megi leggja á sömu eignir og sömu tekjur hjá hlutafjelagi og hluthafa. Þetta finst mjer enn sanna það, að háttv. þm. hafi ekki nægilega sett sig inn í þessi ákvæði. Að lokum vildi jeg mælast til þess, að hann tæki sjer enn tíma til að yfirvega þetta mál. Þetta mál er — eins og hann sjálfur sagði — svo mikils vert, að það mun ekki af veita, að góðir menn sem hann gefi sjer tíma til að athuga það ítarlega, svo menn viti, hvað meint er. Og ef eitthvað er óljóst orðað í mínum till. eða annara, að leggja sinn skerf til þess, að það verði leiðrjett.

Að svo mæltu skal jeg snúa mjer að hæstv. atvrh. Eftir að hann hafði farið nokkrum lofsorðum um það, að jeg hefði sett mig inn í málið og jafnvel skilið það til hlítar, þá sneri hann sjer að því að skipa brtt. mínum í þrjá flokka. Þessi skifting hjá honum var að sönnu vel skiljanleg og að mörgu leyti greinileg. En mjer er ekki grunlaust um, að hann hafi sjálfur vitað betur en hann ljet í ljós um það, að það má ekki gera neina skiftingu á þessum brtt. Þær eru í svo nánu sambandi hver við aðra, að ef sú fyrsta er feld, þá álít jeg þar með sjálfsagt að taka hinar hjer um bil allar aftur. Fyrsti flokkurinn, sem hann nefndi, á svo skylt við annan flokk, að þar má ekki á milli sjá; hvorugur má án annars vera. (*Atvrh. MG*: Ætlar þm. að taka allar till. aftur, ef ein er feld?). Að minsta kosti til 3. umr. Jeg sagði, að mjer væri ekki grunlaust um, að hæstv. atvrh. hefði skilið betur en hann hefði látið í veðri vaka. Því mjer þótti hann verja furðu miklum tíma og mörgum orðum til að gera mikið úr því, að jeg hefði með fyrsta flokknum, sem hann svo nefndi, þóst finna upp eitthvert nýtt kerfi, áður óþekt. Jeg ætla ekki að segja margt um þau mörgu orð hæstv. atvrh. til að sýna, að það hafi löngu áður verið kunnugt um þetta kerfi, sem í fyrsta flokki ræðir um. En jeg skal segja honum það aðeins, að þetta var mjer fullkomlega ljóst, að jeg var ekki að finna upp nýtt kerfi, og jeg þóttist ekki í framsöguræðu minni í gær halda því fram, að jeg hefði fundið upp nýjan mælikvarða, sem öðrum var ókunnugt um. Nei, það er þvert á móti. Þessi fyrsti flokkur, sem hæstv. ráðh. talaði um, er aðeins undirstöðuatriði undir þær meginbreytingar, sem jeg vil gera á frv., að útsvarsskiftingin geti fallið niður. Hafi hæstv. atvrh. ekki skilið þetta, þá þykir mjer nokkur ástæða til að ætla, að aðrir hv. deildarmenn hafi ekki skilið það.

Um þessar brtt. minar, sem hann setti í fyrsta flokk, sagði hæstv. atvrh. það, — sem jeg auðvitað áður vissi —, að hver niðurjöfnunarnefnd gæti tekið sjer hvaða reglur sem væri við niðurjöfnun, þessar eða aðrar. Þetta er mjer ljóst, og jeg veit, að það er búið að framkvæma það fyrir löngu í ýmsum sveitum landsins, og er altaf hægt, hvort sem frv. gengur fram

óbreytt að því er snertir skiftingu útsvara. En það var ekki þess vegna, að jeg áleit nauðsynlegt að setja í lögin þessar reglur, að jeg álíti nauðsynlegt að framkvæma þær í hverju sveitarfjelagi. Það gæti líka komið einhver annar mælikvarði í staðinn fyrir þessar reglur. En jeg álít hinsvegar engu spilt, þótt slíkur mælikvarði væri ákveðinn með lögum, að svo miklu leyti sem jeg hefi gert í mínum brtt. Það er sannarlega ekki þröngur mælikvarði, að leggja á eftir efnum og ástæðum. Það er aðeins þetta, að það, sem niðurjöfnunarnefndin er vön að skrifa á bak við eyrað svo að segja, eða geyma á vitundinni, — og þá oftast nær nokkuð óljóst —, það ætlast jeg til, að hún sje skylduð til að ákveða og skrá með tölum. Hún á ekki að ákveða þetta fyr en hún er búin að framkvæma alt, sem tilheyrir því að taka til greina alt hugsanlegt, sem tilheyrir gjaldþolinu. Þetta verður hver niðurjöfnunarnefnd að gera, og hjer er engin breyting á öðru en því, að nú á að ákveða niðurstöðu með skráðum tölum, í staðinn fyrir að hafa þetta óskráð á vitundinni, sem engir aðrir geta áttað sig á. En hjer er ekki neitt nýtt kerfi fyrir því, hvernig eigi að meta gjaldþolið.

Þá kem jeg að því, sem hæstv. atvrh. vildi hálfpartinn gera gys að, sem mjer fellur svo sem ekki illa, ef aðalatriðið verður skilið. Hann fór að tala um, að það ætti að hækka og lækka þessa meðalhundraðstölu eftir því, sem hæfa þykir. Hjer kem jeg enn að því, að jeg ætlast ekki til, að settar verði neinar þröngar skorður, sem ekki sje hægt að rýmka eftir því, sem á þarf að halda. Það er aðeins hemill, en ekki fastar skorður, og hver niðurjöfnunarnefnd getur hreyft sig eftir því, sem henni þykir við eiga. Þessi hemill er það, að hún á sjálf að búa til gjaldstiga, sem gildi fyrir hundraðsgjald á útsvörum fyrir eitt ár í senn.

Þá var jeg áður búinn að útlista, hvaða atriði það eru í þessum flokki brtt. minna, sem eru undirstöðuatriði fyrir því, að ekki verði lagt hlutfallslega hærra útsvar á nokkurn gjaldanda í annari sveit en hann á heima í heldur en lagt er á gjaldendur í þeirri sveit. Því það er sama hundraðsgjald, sem gengur yfir hann og alla aðra í þeirri sveit. Það er rangt, frá mínu sjónarmiði, að ætlast til annars frekar en að lagt sje sama hundraðsgjald á þá og hina, sem heima eiga í sveitinni. Þar með er rutt úr vegi þeim galla, sem nú þykir áberandi í framkvæmdinni, að það sje lagt hlutfallslega hærra á þessa menn en í heimasveitinni. *(Atvrh. MG:* En ástæðurnar, koma þær til greina?). Jeg sagði, að það væri ekki sanngjarnt að ætlast til þess, að ástæður manna annarsstaðar sjeu teknar til greina í þessari sveit. Jeg álít fullkomlega rjettlátt og sanngjarnt, að aðeins sje litið á eignir og tekjur manna þar og að því leyti sem þær koma fram þar. Meira sje ekki sanngjarnt að taka til greina um ástæður hans. Það er einmitt vegna þessarar ástæðu, að allir liðir 9. gr. eru færðir í 8. gr., til þess að fella niður skiftingu.

Jeg álít það sanngjarnt, að heimasveitin fái þær tekjur allar sem álögustofn, sem ekki eru gjaldskyldar í atvinnusveitinni. Þannig álít jeg, að með öllu þessu sje alveg fyrirbygt, að það sje lagt á sama gjaldþol hjá einum manni í einni sveit og það sem lagt er á hann í annari sveit, og það er sanngirniskrafan á báða bóga í þessu máli.

Jeg vil leyfa mjer að nefna dæmi um skiftingu, ósanngirnina, sem felst í henni. Tveir menn, sinn úr hvorri sveit, t. d. í Mýrasýslu, leita sjer atvinnu í Reykja-

vík og þeir fá 2000 kr. í kaup, en annar er aðeins tæpa 3 mánuði. Hinn maðurinn er rúma 3 mánuði og fær sömu upphæð. Sú sveit, sem á manninn, sem ekki var fulla þrjá mánuði, missir einskis í eftir ákvæðum frv. En hin sveitin verður að líkindum að missa ⅔ af því, sem á þennan mann verður lagt. Þetta er ekki sanngjarnt. Jeg álít miklu sanngjarnara að ákveða, að einungis skuli heimilt að leggja í atvinnusveitinni á það, sem er umfram þessar 2000 kr., en alls ekki á þessar 2 þús. kr. í neinum kringumstæðum.

Með því að jeg kemst ekki af með mjög stutta ræðu, en hefi orðsendingu fengið frá hæstv. forseta, hvort ekki sje best að fresta umr., þá fellst jeg á það. Jeg þarf enn ýmislegt að segja, en mjer hættir ekki til að gleyma neinu í þessu máli, þótt jeg geymi það til næsta dags.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., fimtudaginn 18. mars, var enn fram haldið 2. umr. um frv.

Pjetur Þórðarson: Jeg vil byrja með því að endurtaka það, sem jeg áður hefi sagt í heildardráttum um samhengið í brtt. mínum. Að vísu þykir mjer verra, að hæstv. atvrh. virðist ekki viðstaddur, eða svo nærri, að hann heyri mál mitt, því til hans þyrfti jeg að beina orðum mínum sjerstaklega, þótt þau vitanlega snerti ýmsa fleiri hv. þdm.

Jeg hefi áður minst á þetta samhengi í brtt. mínum og bent á, að ef 1. brtt. verður samþykt, þá leiðir af sjálfu sjer, að samþykkja verður allar hinar. Sama er og að segja um það, ef 1. brtt. fellur, að þá tel jeg tilgangslaust að samþ. hinar, og geta þær því skoðast að nokkru leyti sjálffallnar.

Jeg verð að segja, að jeg hefi borið heldur mikið traust til hátt. þdm. um að athuga þetta samband, sem í brtt. liggur, með því að skjóta inn á milli þeirra smærri breytingum, sem gjarnan hefðu mátt missa sig. Enda býst jeg við, að það, sem mjer þykir máli skifta í heild hvað brtt. mínar snertir, hefði legið ljósar fyrir ýmsum hv. þm., ef aðalatriðin hefðu verið dregin saman, en þeim smærri slept. Því vitanlega eru smærri atriðin lítilsvirði hjá þeim stóru. Þessi atriði er að finna í 1. brtt. minni á þskj. 127 undir stafliðunum b. og c., og þó aðallega í gríska bliðnum, eða í gr. þeirri, sem jeg legg til, að verði 11. gr.

Þessu næst er það 5. brtt. mín á sama þskj., frá e-lið að telja, ásamt öllum þeim breytingum, sem þar fara á eftir, svo að segja til enda.

Þessar eru þá aðalbreytingar mínar á frv., sem mjer er áhugamál, að nái fram að ganga, og eins og jeg hefi margtekið fram, er samband þeirra svo náið, að þær verða allar að fylgjast að, svo að ef sú fyrsta fellur, eru hinar gagnslausar og sjálffallnar.

Í þessu sambandi ætlaði jeg að minnast nokkru nánar á afstöðu mína til frv. gagnvart brtt. mínum, en þeim orðum liggur nánast við að beina til hæstv. atvrh. Nú er hann ekki við, svo að jeg kem þá ekki að þessu atriði að svo stöddu. Annars lít jeg svo á, að frv. sje þannig vaxið, að betra sje að gera það að lögum að viðbættum brtt. á þskj. 124 en una við það ástand, sem er, þó mjer hinsvegar blandist ekki hugur um, að betra mundi það verða, ef hv. þdm. sæju sjer fært að hverfa að því ráði að fylgja mínum brtt.

Þess vegna hefi jeg ákveðið með sjálf-

um mjer, hvernig svo sem fer um mínar brtt., að greiða frv. atkv. til 3. umr., og jafnvel út úr hv. deild. En ánægður verð jeg ekki, þó frv. nái fram að ganga með breytingum nefndarinnar, sem jeg tel að mörgu leyti til bóta. Jeg álít, að markið náist betur með mínum brtt., og sú leið, sem jeg vil að farin sje í þessu efni, sje sanngjarnari og þó um leið auðveldari. En þá verða þær líka allar að fylgjast að, mínar brtt., til þess að ná því takmarki.

Annars finst mjer ástæða til að útlista dálítið nánar skiftingu útsvara milli sveita. Því eins og því er komið fyrir í frv., þá tel jeg það stærsta galla þess og örðugast í framkvæmdinni, enda mun það reynast kostnaðarsamt, þungt í vöfum og langt frá því að geta komið sanngjarnlega niður. Ýmsir hv. þdm. hafa að vísu látið þetta í ljós, en hitt er mjer til efs, að þeir hafi komið auga á ósanngirnina í þessu máli. Jeg skal t. d. benda á, hvaða takmörk eru fyrir því um mann, sem stundar atvinnu utan heimilissveitar, að atvinnusveit geti fengið hluta í útsvari hans. Eftir frv. er það alt að 2000 kr., sem maðurinn verður að fá í kaup til þess að vera útsvarsskyldur í atvinnusveit, og þá getur hún (atvinnusveitin) fengið hlutdeild í útsvari þessa manns, alt að ⅔ þess, sem á hann er lagt, en annar maður, sem að öðru jöfnu fær í kaup 1999 kr., sleppur undan útsvarsskyldu í atvinnusveitinni, og sjá allir, að hjer er um ósanngirni að ræða, eins og jeg benti frekar á í gær og leiddi þá rök að því, að í heimilissveit þessara manna mundi verða lagt á báða jafnt, en heimilissveitin missir ⅔ hluta útsvars þess mannsins, sem aðeins bar 1 kr. meira úr býtum.

Í þessu felst svo mikið misrjetti, sem allir sanngjarnir menn hljóta að koma auga á; því undarlegra finst mjer, ef hv. þdm. geta ekki greitt mínum brtt. atkv., því þær eru eingöngu bornar fram til þess að leiðrjetta þetta misrjetti.

Setjum svo, að mínar brtt. næðu fram að ganga og frv. þannig breytt yrði að lögum, þá fær atvinnusveit útsvar aðeins af því kaupi, sem er umfram 2000 kr., og mundi þar af leiðandi engan hlut fá af útsvari þessara tveggja manna, sem jeg tók dæmið af.

Mjer hefir verið bent á það, að eftir frv. og núverandi ástandi geti atvinnusveit lagt næstum því ótakmarkað á þann hluta atvinnuteknanna, sem er umfram 2000 kr., og það svo, að hún geti — ef t. d. um 3000 kr. kaup væri að ræða — jafnvel lagt eins hátt á þær 1000 kr., sem umfram eru, eins og alla upphæðina (3000) eða þá upphæð, sem frv. miðar við. En þá er ekki annað en setja skorður í þessu efni og gefa niðurjöfnunarnefndum fastar reglur til þess að fara eftir, fastar að því leyti, að ekki væri unt að leggja hærra hundraðsgjald á þessar 1000 kr. hjá utansveitarmanni en á innsveitismann, sem aðeins hefði 1000 kr. tekjur, að öðru jöfnu; og þær reglur þykist jeg hafa fullkomlega bent á með brtt. mínum. Vitanlega getur niðurjöfnunarnefnd, þrátt fyrir það, farið eftir sínu höfði um matið á tekjum og eignum manna í sinni sveit; sömuleiðis hefir hún fríar hendur um gjaldstigann, að hækka hann eða lækka eftir þörfum, en það, sem mest er um vert, eða vinst með mínum brtt., er það, að niðurjöfnunarnefnd getur ekki skotist hjá því að fara eftir sínum eigin fyrirfram ákveðnu reglum um matið og niðurjöfnun hundraðsgjalds, og kaup goldið í krónum verður aldrei hækkað í mati.

Jeg vil fyrirbyggja það, að atvinnu-

sveit geti lagt hærra hundraðsgjald á utansveitarmenn en þá, sem heimilisfastir eru í sveitinni. Jeg vil, að rjettlætið ráði og að fullkomins jafnrjettis gæti í þessu efni sem öðru. Jeg hefi tekið það fram áður, og endurtek það nú, að jeg er hræddur um, að hv. þdm. hafi ekki gert sjer ljóst, hve stór rjettarbót sje fólgin í brtt. mínum. Dæmi jeg það eftir því, hvernig orð hafa fallið hjer í hv. deild. Þó ber jeg enn það traust til þeirra, eftir að jeg hefi nú betur árjettað það, sem jeg hafði áður að segja til stuðnings máli mínu, að þeir athugi betur brtt. mínar, því hjá því getur ekki farið, að við nánari athugun skýrist það fyrir hv. þdm., að þær, sem mestu máli skifta, eru fyllilega á rökum bygðar.

Annars hafði jeg ætlað mjer að ræða um brtt. mínar á víð og dreif í sambandi við það, sem hæstv. atvrh. hafði við þær að athuga í gær. En af því að hann er ekki viðstaddur, verður það að bíða, og get jeg þá látið máli mínu lokið um sinn.

Sigurjón Jónsson: Það er aðallega vegna einnar brtt., brtt. á þskj. 125, frá háttv. þm. Borgf. (PO), að jeg tek til máls. Hv. flm. hefir mælt fyrir þessari brtt., og er hann að vísu einkar fær um að halda einn uppi svörum fyrir henni, en sakir þess, að tveir eða þrír hv. þdm. hafa andmælt þessari brtt., þótti mjer ekki fjarri sanni, að eitt hljóð heyrðist með henni, svo að sýnt yrði, að till. mætir ekki andúð allra hjer í hv. deild.

Þessi brtt. fer fram á það, að felt sje niður það ákvæði 9. gr., að skifta skuli útsvari, „ef skip leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns eða eiganda að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu.“

Sú skoðun hefir komið fram hjá a. m. k. tveim af hv. þdm., sem til máls hafa tekið, að þessi brtt. sje ósanngjörn, þar sem hún fari fram á það, að svifta kaupstaðina allríflegum tekjum. Það get jeg fúslega gengið inn á, að tekjur kaupstaðanna mundu minka nokkuð við þetta, þó að jeg vilji halda því fram, að þeir geti vel unnið það upp á annan hátt. En það virðist mjer ekki vera aðalatriðið, heldur hitt, hvort sanngjarnt sje, að kaupstaðirnir megi leggja útsvör á skip, þótt þau leggi þar upp afla sinn 4 vikur eða meira. Og það er þetta, sem jeg fæ ekki sjeð sanngirnina í. Í þessu sambandi væri það ekki úr vegi að hugleiða, til hvers kaupstaðirnir nota peninga þá, sem þeir ná með útsvörunum. Stærsti liðurinn er víðasthvar fræðslumálin. Þá koma ýmsir aðrir liðir, ekki allsmáir: heilbrigðismál, gatnagerð, götulýsing, að ógleymdum fátækramálunum. Þá má geta um löggæslu, vatnsveitur og hafnarmál. Nú vil jeg aðeins skjóta því til hv. þdm., hverra af þessum gjöldum skipin njóti, þótt þau leggi þar upp afla sinn um takmarkaðan tíma. — Háttv. 2. þm. Eyf. (BSt) mótmælti þessari brtt., sjerstaklega með tilliti til Siglufjarðar, sem vitanlega hefir haft miklar tekjur af því að leggja útsvör á aðkomuskip, sem þar hafa lagt upp afla sinn. En jeg fæ ekki komið auga á sanngirnina í því, að skip eigi að greiða útsvar, þótt þau leggi þar upp afla sinn í 4 vikur og selji (jeg kem að því síðar, ef þau láta verka aflann fyrir sig í landi). Því að hvorki þau nje útgerðarmenn þeirra njóta á nokkurn hátt þessara gjalda. Skipin borga í hvert skifti alt, sem þau njóta. Þau eru aðeins eins og gestir, sem koma snögga ferð. — En láti skipin verka afla sinn í landi, þá nást útsvör

af verkuninni, hvort sem þau verka afla sinn á eiginn reikning eða láta annan gera það fyrir sig.

Jeg fæ ekki sjeð mikinn mun á því að leggja á skip, sem svona kemur með afla sinn, og því, ef lagt væri útsvar á bónda þar, sem hann leggur inn ullina eða ketið. Eða ef jeg á að taka annað dæmi, þá finst mjer þetta ekki ýkjafjarri því, ef lagt væri á millilandaskip þar, sem það leggur á land vörur.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) gekk svo langt, að hann hjelt því fram, að aðkomubátar í Hornafirði mundu eyðileggja æðarvarpið. Það ætti þá aðallega að vera sakir þess, að skipalægið væri svo nærri varpstöðvunum, og má vera, að þetta sje rjett. En um leið og Hornafjörður var löggiltur sem höfn, tók hann auðvitað að sjer að leyfa þar frjálsar skipaferðir. Ætti ekki að orka tvímælis, að hann yrði að bera áhættuna af því sjálfur. Jeg lít svo á, að því skemra sem gengið er í því að taka útsvör af aðkomumönnum, því rjettari leið sje farin. Og einkum er það atriði, sem líta verður á, hvers aðkomumenn eða atvinnurekstur þeirra fær notið af því, sem þeir gjalda. Því að allir hljóta að krefjast þess að fá, þótt ekki sje nema að einhverju litlu leyti, að njóta þess, sem þeir borga í sveitarsjóði. Sje jeg ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, enda vildi jeg aðeins sýna það, að brtt. hefði ekki tóma andúð í hv. deild.

Jeg vil aðeins bæta því við um þessi mál yfirleitt, að mjer eru það nokkur vonbrigði, að hv. allshn. gat ekki farið lengra inn á sömu braut og hv. minni hl. (PÞ): því að inn á hana hljótum við fyr eða síðar að komast, ef við viljum fá traustan grundvöll undir útsvarsálagningar, eins og niðurjöfnun tekju- og eignarskatts. Jeg verð því með brtt. hv. minni hl. við 4. gr. Álít jeg, að það sje aðalbrtt., sem skeri úr, hvaða stefnu deildin vilji taka um þessi mál.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Það fór að vonum, að ýmsar raddir hafa heyrst í hv. deild og ýmsar till. fram komið um þetta mál. Hafa ummælin vitanlega fallið á ýmsa vegu, en bæði af því, að umræður eru orðnar ærið langar og búast má við því, að málið verði einnig rætt allmikið við 3. umr., fer jeg fljótt yfir sögu, og það ljettir allmikið fyrir mjer, að hæstv. atvrh. hefir talað um flestar brtt. Mun jeg víða láta mjer nægja að skírskota til hans, þar sem skoðanir hans falla saman við skoðanir nefndarinnar.

Eins og jeg gat um í framsöguræðu minni í fyrradag, hreyfði háttv. þm. Mýr. (PÞ) því í allshn. að setja í frv. ákveðna reglu, sem fara ætti eftir við niðurjöfnun útsvara. Var það víst meining hans, að útsvörunum væri jafnað niður með nokkuð svipuðum hætti og nú gildir um ákvörðun tekju- og eignarskatts. — Síðar varð það svo, að hann vildi gefa niðurjöfnunarnefndum nokkuð rýmra svið, eins og brtt. hans bera nú vitni um. Eins og jeg gat um í fyrradag, gat nefndin ekki fallist á, að tiltækilegt væri að setja allsherjarreglu, er niðurjöfnunarnefndir væru bundnar við og mættu ekki frá víkja — sem sagt eina ófrávíkjanlega reglu, sem gilda ætti um land alt. Jeg skal ekki segja, hvort þetta hefir sannfært hv. þm. Mýr. eða hvað því veldur, en það eitt er víst, að þessar till. hans eru ekki nema svipur hjá sjón hjá því, sem hann virtist hugsa sjer það í upphafi. Því að enda þótt hann hafi ekki algerlega horfið frá þessari hugmynd sinni, eru þessar till. hans miklu ýmri og víðtækari en upphaflega var von á. En þar eð hv. þm. hefir

lýst því yfir, að hann álíti þessar föstu reglur, sem í brtt. hans felast, mjög til bóta, þykir mjer hlýða að gera grein fyrir því með nokkrum orðum, af hverju allshn. gat ekki fallist á þær.

Í ræðu sinni í fyrradag taldi hv. þm. það raunar einn höfuðkost á sínum till., hve rúmar þær væru, hve mikið svigrúm niðurjöfnunarnefndir hefðu, eftir sem áður, til þess að leggja á eftir efnum og ástæðum: en þá grundvallarreglu *viðurkendi hann rjettmæta.* Var hann því sammála meiri hl. nefndarinnar um það meginatriði. Hv. þm. Mýr. sagði, að það væri ekki rjett að setja niðurjöfnunarnefnd neinar fastar reglur, aðeins skylda þær til þess að ákveða gjaldþolið í tölum. Hvort sem þessari reglu er nú fylgt, eða aðeins þeirri gömlu og góðu reglu að leggja á eftir efnum og ástæðum, þá hygg jeg, að það muni bera að sama brunni — að gjaldþolið verði ákveðið í tölum. Hver gjaldþegn á að borga þetta margar krónur, sem venjulega eru táknaðar með tölustöfum. Jeg þykist nú raunar vita, að þegar hann talar um að ákveða gjaldþolið með tölum, eigi hann við aðferðina, sem á að viðhafa samkv. 11. gr. í brtt. hans.

Þá er að athuga, hver hann er, sá raunverulegi grundvallarmunur á því að ákveða gjaldþolið þannig — með því að setja upp reikningsdæmi í hverju einstöku tilfelli — eða að það sje framkvæmt með venjulegri aðferð. Hv. þm. sagði, að munurinn væri mikill á því að nota þessa aðferð eða þá, sem tíðkanlegust er. Með þessari aðferð hefðu menn aðeins gjaldþolið í huga. En hvað er gjaldþolið annað en mat á efnum og ástæðum? Og verður ekki jafnt að hafa gjaldþolið í huga, þegar verið er að finna útsvarsgrundvöllinn samkv. þessari reglu og þegar verið er að meta stigmuninn við ákvörðun á útsvari hvers einstaks gjaldanda? Jeg sje ekki annað en að svo hljóti að vera. Það kemur alveg í sama stað niður, hvort þessi aðferð er notuð eða ekki. Í báðum tilfellum er lagt á eftir efnum og ástæðum. Niðurjöfnunarnefnd verður altaf að hafa gjaldþolið á tilfinningunni.

Það fer alveg eftir því, hvernig tekst til með þessa útreikninga, hvort á þann hátt verði hægt að komast nær því rjetta en ella mundi. Það gæti meira að segja tekist svo til, að það gagnstæða yrði ofan á. Menn eru misjafnlega hæfir til að leysa af hendi vandasama útreikninga, og gæti það stundum farið í handaskolum.

Hv. þm. hefir sett fram tölur um hlutfallið milli tekna og eigna. Hann viðurkennir nú sjálfur, að tölurnar sjeu settar nokkuð af handahófi, og meira að segja að sjer þætti sanngjarnara að hafa aðrar tölur. Þetta bendir fullkomlega til þess, að niðurjöfnun eftir þessari reglu gæti ekki síður orðið handahófskend en þótt engin slík regla væri notuð. Háttv. þm. hjelt því fram, að það væri hægara að kæra útsvör, ef slík regla væri viðhöfð, en þó væri þetta einkum mikill hægðarauki fyrir sýslunefndir og yfirskattanefndir, er þær skyldu fella úrskurð í slíkum málum. — Það má vera, að þetta væri rjett, ef sýslunefnd eða yfirskattanefnd gætu lagt þessa útreikninga til grundvallar við mat sitt eins og þeir liggja fyrir. En það er nú síður en svo, að á það sje treystandi, að því er mjer virðist. Það, sem sýslunefnd eða skattanefnd verður að gera, er að kynna sjer frá rótum efni og ástæður þess manns, sem kærir, og þeirra manna, sem hann ber sig saman við, og byggja síðan úrskurð sinn á því.

Það er nefnilega alveg sama í þessu til-

felli, hvort þessi meginregla í brtt. háttv. þm. Mýr. er viðhöfð eða ekki; sýslunefnd verður að kryfja málið til mergjar eins og engri slíkri reglu væri fylgt.

Auk þessa fæ jeg ekki sjeð, að þótt engin ákvæði sjeu um það í frv., þá geti niðurjöfnunarnefnd sett upp reglu sem þessa, eða yfir höfuð hvaða reglur sem henni sýnast. En sje einhver sjerstök regla lögboðin, eru menn útilokaðir frá að nota aðra reglu, sem kynni að vera hentugri.

Þá segir hv. þm. Mýr., að með hans fyrirkomulagi sje maður alveg laus við skiftinguna á útsvörum. Já, þetta er mikið rjett. En með þessu fyrirkomulagi hans á líka að halda dauðahaldi í einhvern mesta annmarkann, sem er á núgildandi útsvarslöggjöf, heimildina til að leggja á menn, *sem stunda atvinnu* utan heimilissveitar sinnar, í atvinnusveitinni En niðurjöfnunarnefnd þar brestur venjulega allan kunnugleik til þess að geta lagt á menn eftir efnum og ástæðum þeirra. — Hv. þm. sagði, að með þessu fyrirkomulagi gæti atvinnusveit ekki lagt þyngri skatta á utansveitarmenn en þá, sem heimilisfastir væru í sveitinni. Þetta er vitanlega alveg rangt, því að þegar lagt er á heimilisfasta menn, er fult tillit tekið til efna þeirra og ástæðna, en um utansveitarmenn er venjulega alveg gengið framhjá þessu. Það skiftir miklu máli. Við skulum taka til dæmis mann, sem er 10 barna faðir; í heimilissveit er vitanlega fult tillit tekið til ómegðarinnar, en ekkert líklegra en að í atvinnusveit yrði lagt á hann sem einhleypan mann.

Jeg get bent á annað dæmi. Það voru tveir bræður, sem skrásettir voru á skip hjer í Reykjavík. Á annan þeirra voru lagðar 80 kr. og 90 kr. á hinn. En þessir menn vinna fyrir gömlum og uppgefnum foreldrum og þess vegna treystist niðurjöfnunarnefnd í heimasveit þeirra ekki til að leggja á þá eða heimilið nema 40 kr. Þó hafði hún ekki heyrt um útsvarið, sem á þá var lagt í atvinnusveitinni. Það sjá allir, hversu ranglátt þetta er, og það er alveg furðanlegt, að hv. þm. Mýr. (PÞ), jafnsanngjarn maður og hann er, skuli halda fram till., sem ganga í þá átt að heimila þetta, jafnframt því, sem hann viðurkennir það rjettmætan grundvöll að byggja á, að leggja á menn eftir efnum og ástæðum, því að það hefir hann altaf viðurkent.

Því skýrar kemur það í ljós, hversu rjettmætt og sjálfsagt það er, að rjettur heimilissveitar sje sem best tryggður, þegar það er athugað, til hvers útsvörunum er varið, hverskonar útgjöld það eru, sem þau eiga að bera uppi. Þetta var að nokkru leyti tekið fram af hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), en jeg get þó ekki gengið alveg framhjá þessu. Útgjöld þau, sem útsvörin eiga að bera uppi, eru vitanlega fyrst og fremst fátækraframfærslan, sýslusjóðsgjöldin, vegabætur, barnafræðsla o. s. frv. Síðan sú breyting var gerð á fátækralögunum að stytta sveitfestistímann, er það vitanlega í flestum tilfellum, að framfærsluskyldan hvílir á heimilissveitinni. Hv. þm. Mýr. hefir best lýst því sjálfur, hvaða gjöld hvert sveitarfjelag verður að inna af hendi fyrir hvern heimilisfastan mann, sem verkfær getur talist. Það eru sýslusjóðsgjöld, sýsluvegagjöld o. fl. þesshättar. Kostnaðurinn við barnafræðsluna, sem er mjög stór liður í útgjöldum sveitar- og bæjarfjelaga, er vitanlega skyldukvöð, sem hvílir á sveitinni gagnvart innansveitarmönnum. Engar slík ar skyldur hvíla á atvinnusveit gagnvar utansveitarmanni, er þar stundar atvinnu

Það dylst því engum, hvílíkur geysimunur er á skyldum heimilissveitar gagnvart slíkum mönnum og skyldum atvinnusveitar. Þar af leiðir vitanlega, hversu nauðsynlegt það er, að rjettur heimilissveitarinnar sje sem best trygður, og að hún á fyllstu sanngirniskröfu á því, að svo sje gert. Meiri hluti allshn. lítur svo á, að till. hv. þm. Mýr. nái ekki tilgangi sínum að því er reglurnar snertir. En að því leyti, sem þær eiga að koma í staðinn fyrir skiftinguna, þá álítur meiri hlutinn, að í þeim sje viðhaldið of miklu af því misrjetti, sem er í núgildandi útsvarslöggjöf, og felst það í því, hversu rjettur heimilissveitar og hvers einstaks gjaldþegns, sem stundar atvinnu utan heimilissveitar, er illa trygður samkv. þeim.

Hv. þm. Mýr. og öðrum hv. þm. hefir orðið tíðrætt um ókosti skiftingarinnar í frv. Það er að segja, þá erfiðleika, sem skiftingin muni hafa í för með sjer. Nefndin viðurkennir fúslega, að þetta muni valda nokkrum erfiðleikum, sjerstaklega fyrst í stað, meðan venjur eru að myndast. En jeg veit, að hv. deildarmenn hljóta að hafa gert sjer grein fyrir því, að ef till. meiri hl. allshn. verða samþyktar, fækkar mjög þeim tilfellum, að til kasta komi með skiftingu útsvars. En það verð jeg þó að segja, að ókostir skiftingarinnar vaxa meiri hluta nefndarinnar þó engan veginn eins mikið í augum og hv. þm. Mýr. og ýmsum deildarmönnum. Hv. þm. Mýr. sagði, að hún gerði fjárhagsáætlun sveitanna óábyggilega. Það kann að vera, en þó held jeg, að ekki sje mikið gerandi úr þessu eða verulegur bagi verði að. Nú á að leggja útsvar á tekjur manna á árinu næsta á undan niðurjöfnuninni, og niðurjöfnun fer fram á tímabilinu febrúar—maí. Mjer skilst því, að menn geti undir venjulegum kringumstæðum gert sjer grein fyrir, hvað muni koma til skiftingar á gjaldárinu og hver tekjuaukning eða tekjurýrnun muni verða á þennan hátt. En þegar talað er um galla og ókosti skiftingarinnar og þá fyrirhöfn, er af henni leiðir, þá má ekki loka augunum fyrir kostum hennar. Það verður vel að athuga, að með skiftingunni er ráðin bót á verulegum galla á útsvarslöggjöfinni, sem jeg hefi áður lýst, og þarf því ekki að fjölyrða frekar um það. Eins og getið er um í nál., sá meiri hl. nefndarinnar ekki aðra leið heppilegri, sem trygði það betur, að hver sveit fengi sinn hlutfallslega skerf af útsvarinu og jafnframt trygði rjett gjaldþegns, sem atvinnu stundar utan heimilissveitar, að hann verði ekki alt of hart úti.

Þá eru í brtt. hv. þm. Mýr. ákvæði um það, hvernig atvinnusveit skuli leggja útsvar á afla lagðan þar á land, og hugsar hann sjer, að það sje lagt á 1% af verði aflans. En það er ekkert tekið fram, hverskonar verð það sje, en það skiftir þó máli, hvort það er verð aflans eins og hann er lagður á land, eða verð á honum fullsöltuðum eða fullverkuðum. Hv. þm. sagði, að sjer væri ekki fast í hendi með upphæðina, enda er mjer kunnugt um, að hann mun fyrst hafa ætlað sjer að hafa hana 2%. Jeg álít, að það sje nú erfitt að fá nokkra tryggingu fyrir því, þegar farið er að jafna niður útsvörum í heimilissveitinni, að þessar tekjur af utansveitaraflanum renni ekki saman við aðrar tekjur og lagt verði líka á þær í heimilissveitinni.

Það hefir verið minst á brtt. við 4. gr. Hv. þm. Mýr. hreyfði þessu í nefndinni, en nefndin áleit, að upptalningin í 4. gr. væri alls ekki og gæti ekki verið tæmandi, heldur ætti hún að greiða fyrir niðurjöfnunarnefndinni, er hún væri að leggja

niður fyrir sjer, hvernig ætti að jafna niður útsvörunum. Nefndin sá því ekki neina nauðsyn á þessum breytingum.

Þá skal jeg stuttlega víkja að nokkrum ræðumönnum og brtt. þeirra. En jeg skal geta þess, að þó jeg hafi beint máli mínu til hv. þm. Mýr., getur mál mitt til hans vel átt við mótmæli margra annara, sem fram hafa komið.

Hæstv. atvrh. áleit, að orðalag 1. brtt. nefndarinnar væri ekki nógu ljóst og hún mundi ekki ná tilgangi sínum eins og hún væri orðuð, og fór hann því fram á, að hún yrði tekin aftur til 3. umr. Það geri jeg hjer með og vil biðja hæstv. forseta að athuga það, er atkvgr. fer fram. Jeg mintist á það í framsöguræðu minni, að jeg persónulega væri ekki ánægður með það að láta yfirskattanefndir úrskurða um útsvarskærur, í stað sýslunefnda og bæjarstjórna áður, en jeg bar þó ekki fram brtt. um það, því að eftir öðrum ákvæðum þessa frv., þá er það óhjákvæmilegt, að svo sje. Sýslufundir eru sem sje um garð gengnir, þegar kærufrestir eru útrunnir; því hefði orðið að bíða í eitt ár með þetta, og varð þess vegna að breyta þessu eins og gert er í frv.

Hæstv. atvrh. hefir svarað hv. 2. þm. Reykv., og get jeg að mestu látið mjer nægja að skírskota til andmæla hans, því að hann bygði á þeim sömu rökum, sem gerðu það að verkum, að meiri hl. allshn. vildi ekki flytja þær brtt.

Jeg skal þó minnast fyrst á brtt. hans við 17. gr. frv., um að fella niður, að konur skuli undanþegnar því að vera í kjöri. Meiri hluti nefndarinnar áleit sjálfsagt, að þær hjeldu þeim rjetti, þótt hann væri hlyntur kvenfólkinu, og gat ekki sjeð, að þetta væri nein skerðing á kvenfrelsinu. Eins og ástatt er í sveitunum, telur hann þetta leiða af sjálfu sjer. Svo varð það líka til þess að styrkja meiri hlutann, að það er, eins og kunnugt er, komin stefnubreyting í þessu máli í hv. Ed.

Út af brtt. við 6. gr. frv., um að fella niður, að ekki megi leggja bæði á fjelag og fjelagsmann, vegna eignar hans í fjelagi, þá er því og fullsvarað af hæstv. atvrh., og jeg held, að það hljóti að stafa af misskilningi hjá hv. 2. þm. Rang., að hann taldi sig fúsan að fylgja þessari brtt. (*KlJ*: Nei, nei; það held jeg ekki!). Jeg skal bæta því við hjer, út af ummælum hv. 2. þm. Reykv., að hann sagði, að það skini út úr nál., að menn þættust hafa orðið hart úti vegna laganna, sem sett voru fyrir Reykjavík um að heimila að leggja á menn, sem lögskráðir eru þar á skip. Það er ekki rjett, sem hann sagði, að Reykjavík hefði engin sjerrjettindi í þessu efni, heldur hefði henni verið veittur sami rjettur og aðrar sveitir landsins hefðu. Jeg veit hvergi til, að það sje heimild til þess nema hjer í Reykjavík, að halda eftir 10% af brúttóaflanum til þess að annast útsvarsgreiðsluna, svo Reykjavík hefir að þessu leyti sjerrjettindi. En þetta er úr sögunni, ef frv. verður samþykt.

Sama er að segja um brtt. hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Meiri hluti allshn. getur fallist á röksemdir þær, sem hæstv. atvrh. hefir fært fram gegn þeim. Í frv. er svo ákveðið um útlenda menn, sem dvelja hjer, að þeir verða útsvarsskyldir á þrennan hátt, fyrir atvinnurekstur, fyrir að stunda hjer atvinnu og fyrir dvöl, þótt þeir hafi enga atvinnu. Í því tilfelli er talað um að miða útsvarsskylduna við dvöl mannanna. Ef það verður felt niður, er með því tekinn möguleikinn af sveitarfjelögunum til þess að ná útsvari af slíkum mönnum.

Út af síðustu brtt. hv. 1. þm. N.-M., um

vátryggingarfjelögin, þá er svo ákveðið í frv., að útsvarið skuli þar á lagt, sem aðalumboðsmaðurinn á heimili, en hann vill breyta því og leggja líka á umboðin úti um land. Nefndin fellst á rjettmæti þessarar brtt., en eins og hún er orðuð nær hún naumast takmarki sínu. Hún segir, að útsvarið eigi að miðast við skattaframtalið, en um skattaframtal er aðeins að ræða þar, sem aðalumboðsmaðurinn á heima. Það verður því að breyta orðalagi till., og vildi jeg því skjóta því til hv. 1. þm. N.-M., hvort hann vilji ekki taka till. þessa aftur til 3. umr.

Þá skal jeg víkja fáum orðum að ræðu hv. 2. þm. Eyf. (BSt). Hann talaði dálítið um frv. alment og þar á meðal drap hann á það atriði að breyta reikningsári sveitanna úr fardagaári í almanaksár. Þótti hv. þm. þetta vera vafasöm breyting, en þar sem hann tjáði sig þó ekki með öllu fráhverfan því og hann færði ekki fram neinar sjerstakar ástæður gegn breytingunni, skal jeg ekki fara nánar út í það, því fremur sem sú breyting er allvel rökstudd í nál., og enda hefir hv. þm. Mýr. árjettað það nú fyrir skömmu.

Þá þótti hv. þm. (BSt) yfirleitt heldur langt gengið í frv. og till. meiri hluta nefndarinnar í að takmarka útsvarsálagningarrjettinn í atvinnusveit. Hann viðurkendi raunar, að sá rjettur væri nú helsti víðtækur, en þótti gengið heldur langt í því að takmarka hann í frv. En jeg hefi áður tekið það fram, að frv. tekur sjerstakt tillit til þess, að rjettur heimilissveitar verði sem best trygður, og hefi jeg áður gert svo rækilega grein fyrir þeirri skoðun, að jeg sje ekki ástæðu til þess að fara lengra út í það. Jeg skal líka benda hv. þm. á, að það er ekki nema að sumu leyti, sem um mikla takmörkun er að ræða frá því, sem nú er, því eins og hv. 2. þm. Rang. (KlJ) benti á í gær, má eftir frv. leggja útsvar á atvinnurekstur, þó hann sje auk heldur ekki rekinn nema einn dag. — Þá talaði hv. þm. um skiftingu útsvaranna og taldi á henni mörg vandkvæði. Því máli hefi jeg lýst áður frá sjónarmiði meiri hluta allsherjarnefndar. Jeg hygg, að hv. 2. þm. Eyf. geri sem ýmsir aðrir alt of mikið úr þeim örðugleikum, sem þessu fylgi, þó reynslan ein geti skorið úr því. Að því leyti sem hv. þm. vjek að brtt. minni, þá mun jeg bíða að svara því þangað til jeg hefi lokið að tala um brtt. meiri hluta allsherjarnefndar, og svara aths. hans í sambandi við aths. annara hv. þdm. við þá till.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) talaði um, hvað það væri óhagkvæmt, a. m. k. hvað snerti Austur-Skaftafellssýslu, að láta skattanefnd úrskurða um kærur yfir útsvörum, einkum sökum þess, hvað oddviti skattanefnda byggi langt frá. Má vera, að nokkuð sje til í þessu hvað snertir þetta sýslufjelag. En yfirleitt fæ jeg ekki betur sjeð en að aðstaða skattanefnda til þess að úrskurða slík mál sje mun lakari en sýslunefndanna, en hinsvegar alveg hliðstæð því, sem venja er um dómara, sem dæma eiga í málum. Þær hafa fyrir sjer málsskjöl og öll gögn, svo ekki ætti að vera þörf á neinum sjerstökum kunnugleika.

Út af ræðu hv. 2. þm. Rang. skal jeg strax taka það fram, að nefndin hefir algerlega fallist á brtt. hans og telur þær allar til bóta, og það var aðeins vegna tímaskorts, að hún hafði ekki athugað þetta nógu rækilega. Er hún því þakklát hv. þm. fyrir till. hans. Hv. þm. leit svo á, að það væri ef til vill spurning um það, hvort heimilt væri eftir frv. að leggja dráttarvexti á útsvör, er fallin væru í gjalddaga. Nefndin lítur svo á, að eftir

30. gr. frv., þá sje það fullkomlega heimilt, og það því fremur, sem þetta hefir verið framkvæmt hjer í Reykjavík a. m. k. eitt ár með svipuðu fyrirkomulagi og ráðgert er í þessu frv. Álítur nefndin því, að þetta sje fullkomlega heimilt. En aftur á móti getur það verið álitamál, hvort þessir dráttarvextir eru ekki fullháir, því þeir munu svara til 12%, og má athuga það til 3. umr. Jeg get bætt því við viðvíkjandi þessari vaxtagreiðslu, að mjer er sagt, að hún hafi verið mjög stórt spor í þá átt að ljetta innheimtuna hjer í Reykjavík.

Hv. þm. hafði ýmislegt að athuga við skiftingu útsvaranna, en taldi þá leið þó greiðari en þá, sem hv. þm. Mýr. leggur til, og skildist mjer, að hann mundi greiða atkv. með frv., en móti till. hv. þm. Mýr. Það er rjett, að skiftingunni fylgir talsverð fyrirhöfn, að minsta kosti fyrst í stað, og átti hv. þm. von á því, að það kæmi nokkuð hart niður á stjórnarráðinu. En jeg held nú, að sú fyrirhöfn muni einkum liggja í skrifum milli sveita og milli sveita og skattanefnda, sem skiftinguna hafa með höndum; en að það komi nokkuð verulega til kasta stjórnarráðsins, því býst jeg ekki við.

Þá kom það fram hjá hv. 2. þm. Rang., að hann áliti núgildandi útsvarslöggjöf — og eins ákvæði þessa frv. — of nærgöngul atvinnurekstrinum í ýmsum tilfellum. Þannig þyrfti maður ekki að reka atvinnu á einum stað lengur en einn dag til þess að verða útsvarsskyldur eftir bókstaf laganna. En nú er vitanlega nokkuð öðru máli að gegna, hvort um stórútgerð er að ræða eða mann, sem aðeins stundar einhverja atvinnu, enda hefir nefndin gert mun á þessu. Þá hefir hv. 2. þm. Rang. mikið til síns máls í því, að það verði að gilda sömu eða svipuð lög um innlenda menn og útlenda. En nú er það kunnugt og algengt víða kringum land, einkum t. d. á Siglufirði um síldartímann, að þangað kemur útlendingur og gerir stórfeld kaup eða atvinnurekstur, sem ekki tekur hann nema stuttan tíma. En þá fanst meiri hluta nefndarinnar, að varhugavert væri að leggja stein í götu þess, að viðkomandi bæjarfjelag hefði álögurjett á slíka verslun eða atvinnurekstur.

Jeg mun nú ekki fara frekari orðum um þetta mál að sinni fyrir hönd nefndarinnar, en sný mjer að ummælum hv. þdm. um till. mína á þskj. 125, og get jeg verið fáorður, ekki síst þar sem hæstv. atvrh. hefir minst á hana og lagt henni gott lið og fært fram skýr og sannfærandi rök fyrir því, að hún ætti mjög mikinn rjett á sjer, þó hann gæti ekki fallist á hana, vegna þess að hann var hræddur um það, að hún kæmi hart niður á einstökum kaupstöðum. Jeg vil benda hæstv. atvrh. á það, að hann hefir sjálfur, með því að leggja þetta frv. fyrir þingið, sem einmitt tryggir rjett heimilissveitarinnar meir en áður, stuðlað að, að tekjur atvinnusveitar minkuðu að sama skapi. Og þetta hefir hann gert af því að honum hefir fundist það sanngjarnt, eins og það líka óneitanlega er.

Nú er það svo um þessa till., að hún er alveg í samræmi við stefnu frv., og furðar mig því stórlega á því fyrst og fremst, að hæstv. atvrh. skyldi ekki taka þessi ákvæði upp í frv., og úr því það varð nú ekki, að hann skuli þá ekki vilja greiða þessari tillögu atkvæði. Og þó hægt væri að benda á, að þessi brtt. hafi það í för með sjer að svifta einstaka sveitarfjelög einhverjum tekjum, þá verður líka að líta á sanngirnisástæður þær, sem mæla

með því, að hún nái fram að ganga. Því þó afli sje lagður á land í einhverju sveitar- eða bæjarfjelagi aðeins um stundarsakir, á það sveitarfjelag engu meiri rjett til þess að leggja útsvar á þann afla heldur en utansveitarmann, sem stundar þar atvinnu um skamman tíma. Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) mótmælti till. og sagði, að þó hann áliti, að nefndin yfirleitt hefði gengið of langt í því að takmarka álögurjett atvinnusveitar, þá væri þó einn í nefndinni, sem ekki gæti sætt sig við till., heldur vildi ganga ennþá lengra. Jeg vil nú benda þessum hv. þm. á það, ef hann hefir ekki veitt því eftirtekt, að í stjfrv., sem yfirleitt gengur í þá átt að færa saman heimildina til þess að leggja á menn utan heimilissveitar, þar er í þessu tilfelli heimildin færð út frá því, sem nú er, að því er snertir útgerðarmenn. En minni hlutinn, eða brtt. mín, miðar aðeins að því að færa þetta í sama eða svipað horf og núgildandi lög mæla fyrir. En eins og kunnugt er, þá er ekki heimilt að leggja útsvar á mann utan heimilissveitar, sem stundar útveg við sama fjörð eða flóa eða innan sama sýslufjelags. Hv. þm. áleit, að þetta kæmi mjög hart niður á Siglufirði. Jeg vil benda hv. þm. á það, að í 9. gr. eru einmitt taldar undir skiftinguna þær tekjugreinar, sem Siglufirði munu vera arðsamastar, en það eru útsvör af ýmiskonar síldaratvinnurekstri. En þó að stundum sje máske talsverð fiskveiði á Siglufirði af utanbæjarmönnum, þá kveður mest að síldveiðunum. Mjer skilst því, að með þessari upptalningu sje hag Siglufjarðar mjög vel borgið, svo hann missi ekki mikils, þótt brtt. mín yrði samþ. Eftir þeim upplýsingum, sem hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) gaf, þá býst jeg við því, að Siglufjörður taki sinn skerf af tekjum þeirra manna, sem þaðan stunda veiðar á sumrin, þó að eitthvað kynni að sleppa undan samkvæmt till., ef hún næði samþykki. Þess ber og að gæta, að hagurinn af hinum aðkomna atvinnurekstri er ekki eingöngu falinn í útsvarsgjaldi. Þar sem fólk þyrpist saman líkt og á Siglufirði, kemur mikið fjör í verslun og viðskifti, sem er staðnum til stórhagnaðar. Jeg tala nú ekki um samkvæmislífið, sem kve vera mjög fjörugt á Siglufirði. Og mjer skilst, að ef lagður væri þarna á skemtanaskattur samkvæmt lögunum frá 1918, þá mundi mega ná álitlegum tekjum af þessum dansandi og syngjandi mönnum. En þá verður auðvitað að sjá svo um, að sá skattur falli þeim í skaut, sem til hans hafa unnið. Þá má enn nefna þá sjerstöku aðstöðu, sem þetta aðstreymi fólks til atvinnurekstrar veitir þeim, sem fyrir eru, til að afla sjer stórtekna, t. d. með lóða- og bryggjugjaldi. Það er kunnugt, að ýmsir einstakir menn á Siglufirði leigja lóðir af ríkinu fyrir mjög lítið gjald, en selja svo þau rjettindi öðrum fyrir 2—300% hærra gjald.

Þá þótti hv. þm. (BSt) ekki góð samkvæmni hjá nefndinni, þegar hún er að færa til milli 8. og 9. gr. frv., að láta t. d. laxveiði ganga undan skiftingunni. Jeg vil minna hv. þm. á það, að ástæðan til þess er sú, að það á sjer víða stað, að einstakir menn utansveitar hafa keypt laxveiðiár. En þau hlunnindi eru metin með fasteignum viðkomandi sveitarfjelags, en fasteignamatið er að ⅓ lagt til grundvallar fyrir niðurjöfnun sýslusjóðsgjalda, og eru laxveiðaafnot engu síður rjettmætur tekjustofn viðkomandi sveitarfjelags, eins og önnur fasteignarafnot.

Hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) andmælti till. mjög, en þar sem það voru að mestu leyti

sömu ástæðurnar, sem hann bar fram, og aðrir voru búnir að gera á undan honum, og einnig af því, að hv. þm. Ísaf. hefir svarað flestu af því, sem hann sagði, þá get jeg látið hjá líða að bæta þar nokkru við.

Að svo mæltu vil jeg vænta þess, að menn við atkvgr. geti fallist á þau rök, sem jeg hefi nú fært fram um nauðsyn þess að tryggja rjett heimilissveitarinnar í útsvarsmálum á þann hátt, sem meiri hl. nefndarinnar leggur til, og það því fremur, sem hæstv. atvrh. hefir fallist á þessar ástæður, er hann tjáði sig mundu fylgja öllum till. meiri hl.

Bernharð Stefánsson: Jeg vil gera mitt til þess, að atkvgr. um þetta mál geti farið fram í dag, og mun því verða mjög stuttorður og eingöngu snúa mjer að því, sem hjer hefir fram komið til andmæla ræðu minni í gær, enda þótt ýmislegt væri fleira, einkum út af ræðu hv. frsm. (PO), sem jeg hefði minst á, ef tími hefði verið til.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) vjek að ýmsu, sem jeg sagði í gær út af till. hv. þm. Borgf. (PO) á þskj. 125. Hann kvaðst geta gengið inn á það, að ef till. yrði samþ., þá mundi það svifta suma kaupstaði landsins tekjum, sem þeir hafa áður haft. En hann sagði jafnframt, að hann sæi enga sanngirni í því, að þeir hjeldu þeim tekjum áfram, og mundi hann því fylgja till. Jeg vil nú benda hv. þm. á það, að sá tekjumissir, sem af samþykt till. mundi leiða fyrir sum bæjar- og sveitarfjelög, mundi valda mjög óþægilegri röskun á fjárhagsástæðum þeirra. En vitanlega er það ekki hlutverk löggjafanna að gera ráðstafanir, sem stofna einstökum hlutum landsins í hættu. En svo get jeg heldur ekki fallist á það, að þessar tekjur sjeu svo ranglega fengnar eins og hv. þm. hjelt fram. Hann sagði, að þessi gjöld gengju til heilbrigðismála, fátækraframfæris ó. s. frv., sem skip, er stunduðu þar veiði, nytu einskis góðs af. Ennfremur sagði hann, að skipin borguðu fullkomlega fyrir sig þar, sem þau legðu upp. Það er rjett, að þau borga fyrir sumt, en ekki fyrir alt. Þegar skipshöfn kemur í land, þarf hún á vegum að halda, aflanum þarf að aka o. s. frv. Eins er það rangt, að skipshafnirnar geti ekki haft gott af heilbrigðisráðstöfunum í kaupstöðum, eins og t. d. Siglufirði. Mjer er það kunnugt, að sjúkrahúsið, sem ráðgert er að byggja þar, og mun kosta bæinn mjög mikið fje, er engu síður ætlað aðkomufólki, sem dvelur þar yfir síldveiðitímann og á hvergi höfði sínu að að halla, ef það veikist, en Siglfirðingum sjálfum. Enda verður húsið mikið stærra en þörf væri á vegna bæjarbúa einna. Svo er einn útgjaldaliður, sem kemur til greina, og ekki síst á Siglufirði, og það er lögreglan. Bærinn þarf að kosta lögreglulið, einkum og sjerstaklega vegna aðkomufólksins. Hv. þm. (SigurjJ) vildi halda því fram, að ef rjett væri að leggja á skip þar, sem það leggur upp afla sinn, þá mætti alveg eins leggja á bónda, sem kemur með afurðir sínar til þess að selja þær. En þetta finst mjer fjarstæða, því að þegar skip er gert út frá staðnum, þá skapar hann skipinu aðstöðu til framleiðslunnar, en þetta gerir bærinn alls ekki gagnvart bóndanum, þó hann selji þar afurðir, sem framleiddar eru langt í burtu.

Þá vjek hv. frsm. nefndarinnar (PO) nokkrum orðum að mjer. Hann sagðist hafa skilið mig þannig í gær, að jeg myndi verða því fylgjandi að breyta reikningsári sveitanna. Það sagði jeg ekki: jeg

sagði aðeins, að jeg teldi þá breytingu heldur til hins lakara, en að jeg teldi það þó ekki svo mikinn galla, að ekki væri hægt að sætta sig við það, ef um aðrar rjettarbætur væri að ræða. Hvað snertir ágreining okkar hv. frsm. um rjett atvinnusveitar yfirleitt, þá vil jeg ekki tefja tímann með því að fara langt út í það. Jeg viðurkenni, að þörf væri á nokkurri takmörkun á þeim eltingaleik um útsvör, sem verið hefir, en jeg vil fara varlegar heldur en nefndin, og þó sjerstaklega heldur en hv. frsm. vill fara; jeg vil ekki fara svo langt, að það raski stórkostlega því skipulagi, sem nú er, því að það verð jeg að telja skaðlegt. Út af því, sem hv. frsm. vjek að brtt. sinni á þskj. 125 í sambandi við *mína* ræðu, *get jeg farið* mjög fljótt yfir, sökum þess að því hefi jeg að nokkru leyti svarað með því, sem jeg svaraði hv. þm. Ísaf. Hv. frsm. sagðist vilja benda mjer á, að brtt. sín færi aðeins fram á það að halda því við, sem nú væri í gildandi lögum, og átti þar við ákvæðin um það, að menn eru undanþegnir útsvari, ef þeir reka fiskiveiðar við sama fjörð eða flóa og þeir eru frá. Jeg veit það vel, að þetta er rjett, sem hv. frsm. segir, að því er snertir Akranes, sem hv. þm. mun hafa haft í huga, en þetta er ekki alment fyrir alt landið. Hv. þm. hjelt, að jeg bæri sjerstaklega hag Siglufjarðar fyrir brjósti, en jeg skal benda hv. þm. á, að Siglufjörður hefir engan hag af þessu ákvæði. Hv. þm. hjelt því fram, að Siglufjörður mundi ekki missa miklar tekjur, þótt þessi brtt. yrði samþ., en hæstv. atvrh. hefir bent á, að einmitt Siglufjörður mundi þá missa töluverðar tekjur og jeg vil líka, að svo er. Jeg skil ekki, að hv. frsm. nefndarinnar viti þetta betur en hæstv. atvrh. og jeg og Siglfirðingar sjálfir.

Hv. þm. vjek að því, sem jeg hefði sagt um laxveiðarnar í sambandi við þetta. Þarf jeg ekki að fjölyrða um það. Jeg fjekk þar auðvitað nýja staðfestingu á því, sem jeg vissi áður og ekkert er hægt við að gera, að hv. þm. Borgf. vill, að Borgfirðingar geti lagt útsvar á Reykvíkinga og aðra, sem stunda laxveiðar í Borgarfirði, en hann vill ekki, að Akurnesingar þurfi að borga útsvar í Miðneshreppi, þótt þeir geri þar út, en þetta finst mjer ósamræmi. Hv. þm. fór að benda mjer á leiðir fyrir Siglfirðinga til þess að afla tekna í staðinn fyrir það, sem þeir mistu, ef brtt. hans yrði samþ., og sagði, að þeir gætu lagt á skemtanaskatt hjá sjer og gætt að því að tapa honum ekki hingað til þjóðleikhússins. Jeg skal taka þetta til athugunar, og þakka jeg hv. þm. fyrir þann velvildarhug, sem hann sýnir Siglfirðingum að þessu leyti, en mjer fyndist hv. þm. sýna hann þó enn betur, ef hann vildi taka þessa brtt. sína aftur, og vil jeg benda hv. þm. á, að ef hann vill sýna virkilega sanngirni, bæði Siglfirðingum og öðrum, sem hlut eiga að máli, þá ætti hann að gera það.

Halldór Stefánsson: Út af ummælum hæstv. atvrh. og nokkurra annara hv. þm. um brtt. mínar á þskj. 156 vildi jeg segja nokkur orð. Það er þá fyrst viðvíkjandi fyrstu brtt., við 3. gr., um myndugleika eða ómyndugleika sveitarstjórna í fjármálum sveitanna. Hæstv. atvrh. vildi styðja þessi ákvæði frv. við það, að þetta ákvæði væri gamalt í lögum og að slík ákvæði væru í öðrum lögum, svo sem

sveitarstjórnarlögunum, og svo í þriðja lagi með því, að það væri rjettmætt, að ákvörðunarrjetturinn væri tekinn af sveitarstjórnum. Það, að þetta sje gamalt, eru engin meðmæli með því að setja það í lög, en það getur verið afsökun fyrir því, að það hefir verið liðið í lögum, en engin fyrir því að setja það í ný lög. Það er líka rjett, að það eru víða í lögum ákvæði sem þessi, en jeg álít, að þó að þau hafi verið liðin, þá eigi ekki að taka þau upp aftur, þegar þau lög koma til endurskoðunar, og því legg jeg á móti því, að þau verði tekin upp í ný lög. Það getur verið afsakanlegt, að það var sett í lög í upphafi, áður en nokkur reynsla var komin fyrir því, hvort sveitarstjórnir væru færar um að fara með fjármál sveitanna. Það er vitanlegt, að það eru sveitarstjórnirnar, sem hafa besta þekkingu á sínum sveitarmálum, og líka mesta ábyrgðartilfinningu fyrir fjármálum sveitarfjelagsins og einstaklinganna, og þess vegna getur það ekki náð nokkurri átt að gera heil sveitarfjelög ómyndug um fjármál sín. Það er vansæmandi að setja það í lög og vansæmandi að þola það í lögum. Ef nokkurt málskot ætti að eiga sjer stað um slík atriði, þá ætti það að vera lagt undir borgarana sjálfa á almennum borgarafundi í sveitum og bæjum. Það er nú altítt, að Alþingi leggur sveitarfjelögunum auknar byrðar á herðar, og vil jeg þar benda á till. frá stjórninni í fyrra um að færa nokkuð af útgjöldum ríkissjóðs yfir á sveitarfjelögin, og ef það hefði náð fram að ganga, þá hefði það eitt getað orðið næg ástæða til þess að hækka útsvör manna um meira en fimtung. Og svo hefðu þau vesalings sveitarfjelög þurft að sækja um leyfi til að leggja á þau gjöld, sem Alþingi sjálft hefði skipað þeim að taka á sig! *(Atvrh. MG*: Það var sjeð fyrir tekjum í móti).

Þá er 2. og 3. brtt. mín, við 6. gr., sem sje um þriggja mánaða búsetuskilyrðið til þess að vera útsvarsskyldur. Hæstv. atvrh. studdi þetta skilyrði með því, að þetta væri almenn venja og væri ekki rjett að brjóta hana. Jeg tók ekki eftir því, að hæstv. ráðherra rökstyddi mótmæli sín með öðru. Mjer virðist það ekki vera næg ástæða, vegna þess að jeg tel þetta mikilsvert atriði, og aðalatriðið er það, að þetta veldur svo miklu misrjetti, fyrst og fremst milli þeirra, sem hafa verið búsettir rjett við þessi tímatakmörk tæpa 3 mánuði og fulla 3 mánuði, og ennfremur getur það valdið miklu misrjetti gagnvart þeim, sem hafa fasta búsetu hjer á landi og litlar tekjur, en þeir, sem hafa verið hjer minna en 3 mánuði, hafa kannske haft geysimiklar tekjur, og eru þó undanskildir. Hæstv. atvrh. sagði, að þetta ætti aðallega við þá, sem væru að flytja til eða frá landinu og hefðu ekki verið hjer 3 mánuði af gjaldárinu, hvort sem þeir nú væru að flytja eða koma. Mjer sýnist, að útlendingar, sem ekki ætla að setjast hjer að, geti vel komið hjer og stundað eða rekið hjer mikla vinnu á ekki lengri tíma en þrem mánuðum. Þeir geta tekið sjer hjer búsetu eða kallað það svo, eða dvalist hjer undir því yfirskini, að þeir ætli að setjast að, en farið svo með óskertan afla sinn. Mjer virðist, að með þessu sje verið að gefa útlendingum forrjettindi fram yfir innlenda menn, sem vitanlega verða að greiða útsvar einhversstaðar af öllu því, sem þeir afla. *(Atvrh. MG:* Þetta er misskilningur alt saman).

Þá er jeg kominn að atriðinu um að miða útsvar við dvöl. Þetta taldi hæstv. atvrh., að væri bygt á misskilningi hjá

mjer. Á tveim stöðum í frv. er kveðið svo á, að menn skuli greiða útsvar í hlutfalli við dvöl, sem sje í 7. og 8. gr. Jeg skal viðurkenna, að það muni mega segja, að brtt. mín viðvíkjandi þessum orðum í 8. gr. sje kannske ekki beint þörf, en jeg álít þó, að orðalag frv. sje svo óskýrt, að það sje þörf á að gera það skýrara, en í 7. gr. fæ jeg ekki skilið, að brtt. sje ástæðulaus. Í 7. gr. segir svo (með leyfi hæstv. forseta):

„Nú hefir aðili dvalist hjer svo lengi, að hann verður útsvarsskyldur (6. gr. A. I. niðurl. og B. 1), og skal þá leggja á hann útsvar hlutfallslega eftir dvalartíma hans.“

En hvað segir nú í 6. gr. B. 1? Þar er talað um „..... þá, er verið hafa sjómenn á skipi skrásettu hjer á landi, eða gerðu út hjeðan 3 mánuði á gjaldárinu eða lengur, eða hafa stundað hjer atvinnu eða dvalist hjer ekki skemri tíma.“

Jeg get ekki betur sjeð en að þessi orð hljóti að eiga við þetta alt, hvort sem menn hafa rekið hjer atvinnu, stundað hjer atvinnu eða hafa orðið útsvarsskyldir fyrir það eitt að hafa dvalið hjer. En nú skal jeg viðurkenna það, eftir þær skýringar, sem hæstv. atvrh. hefir gefið, og sömuleiðis hv. frsm. allshn., að það eru minni ástæður til þessara brtt. En mjer finst að frv. sje ekki svo skýrt orðað hjer, að full þörf sje á að orða þetta betur. En jeg mun því, vegna þess hvað þetta er óljóst, taka þessar brtt. mínar aftur, 4. og 5. brtt., og ef til vill athuga þær til 3. umr.

Þá er það loks síðasta brtt., en henni hefir verið heldur vel tekið, bæði af hæstv. atvrh. og hv. frsm., að efni til, en verið talað um, að hún væri ef til vill ekki rjett orðuð eða ætlaður rjettur staður, eins og jeg hefi líka minst á við fyrri hluta þessarar umr. Jeg viðurkenni það, að jeg hefi sett brtt. við 8. gr. með tilliti til þess, að jeg vildi breyta frv. svo, að skifting þyrfti aldrei að vera, og þá getur hún ekki verið í 9. gr. En hinsvegar, ef frv. fær þá afgreiðslu úr deildinni, að skifting verði að einhverju leyti, þótt hún verði minni en nú er, þá skil jeg það, að þetta muni heyra betur undir 9. gr., og mundi þá þurfa að orða hana öðruvísi, og af þessum ástæðum tek jeg aftur 6. brtt. mína, líka til 3. umr.

Jeg skal þá minnast á einstök atriði í þessu frv., sem miklu máli skifta. Það er þá aðallega um skiftingu útsvara. Með skiftingunni er ætlað að bæta úr einum af þeim fjórum aðalagnúum, sem menn hafa álitið, að væru á þessari löggjöf áður, og sem sumir hafa sagt, að væru mestu agnúarnir, þ. e. ókunnugleik og óhlífni í útsvarsálagningu á utansveitarmenn. Það er nú líklegt, að þetta mætti takast á þennan hátt, en skiftingu fylgja stórir ókostir. Hún verður ákaflega umsvifamikil og margt í vafa, ef skiftingin yrði eins almenn og ætlað er í frv. sjálfu. Mjer skilst, að í frv. sje reynt að gera fleira til að bæta úr þessum ágalla, sem hjer ræðir um, þar á meðal sú nánari skilgreining, sem gerð er í 4. gr. frv. um hvað meint sje með orðunum „efni og ástæður.“ Slík nánari skilgreining hefir ekki verið fyr í lögunum. Annað, sem mjer virðist frv. gera líka í sömu átt, er það, að meðferð á útsvarskærum verður betri eftir þessu frv. heldur en eftir fyrri lögum. Jeg tel, að það myndi verða öruggara málsskot heldur en eins og nú er, þrátt fyrir það, að jeg heyri hjer, að það orkar nokkurs tvímælis. Svo ef skiftingin fjelli alveg niður, væri ekki loku fyrir það skotið, að finna mætti fleiri leiðir til að draga úr þessum galla. Jeg get bent á það, sem hv.

þm. Mýr. hefir gert til þess að bæta úr þessu, sem sje að setja hámark fyrir útsvarsálagningu á menn í atvinnusveit, þó að þar sje hámarkið aðeins sett í einu tilfelli, þegar lagður er upp afli fyrir utan heimilissveit útgerðarmanns; slíkt hámark mætti hugsa sjer að gera almennt. Á líkan hátt vildi jeg bæta úr þeim agnúa, að hægt sje að leggja óhlífnislega á utansveitarmenn í atvinnusveit. Og eftir frv. stjórnarinnar er það langt frá útilokað, að lagt sje á menn í fleiri stöðum en einum. Að minsta kosti finst mjer, að í 8. gr. sje undantekning frá því.

Brtt. háttv. allshn. ganga í þá átt að draga úr skiftingu útsvara milli heimilis- og atvinnusveitar. Mun jeg því geta fallist á þær, svo framarlega sem þær tillögur, er lengra ganga, verða ekki samþyktar, en það eru tillögur hv. þm. Mýr., því að þær ganga í þá átt að afnema skiftinguna með öllu; en því fylgi jeg fyrst og fremst.

Atvinnumálaráðherra (MG): Háttv. 1. þm. N.-M. (HStef) hefir andmælt því, sem jeg sagði um brtt. hans í gær. Hann byrjaði á því að tala um fyrstu brtt. sína, sem gengur í þá átt að fella niður síðari málsl. fyrri málsgr. í 3. gr. frumvarpsins. Taldi hann það ákvæði með öllu óþarft og úrelt, því að sveitirnar myndu fara svo nærri um fjárhag sinn, að þess væri ekki þörf. Út af þessum ummælum vil jeg benda þessum hv. þm. á, að ákvæði þetta hefir staðið í sveitarstjórnarlögunum frá því fyrsta, og jeg þekki engin dæmi til, að það hafi komið að ógagni, heldur veit jeg, að það hefir á ýmsan hátt orðið að gagni. Sje jeg því enga ástæðu til að afnema það nú.

Viðvíkjandi útsvarsálagningu á þá erlenda menn, sem hingað flytja og hverfa hjeðan aftur án þess að dvelja hjer 3 mánuði af árinu, skal jeg geta þess, að það er nær því orðið að alþjóðareglum að leggja ekki útsvar á slíka menn, nema þeir reki atvinnu. Það er að minsta kosti mjög víða komið í lög, og sumstaðar eru beinlínis samningar á milli ríkja um það. Mjer fanst því ekki hægt að ganga lengra en frv. gerir, enda ekki sanngjarnt, því að þessir menn verða altaf að greiða fult útsvar í sínu eigin landi, án tillits til þess þó að þeir greiði eitthvað hjer.

Hitt er aftur misskilningur hjá hv. 1. þm. N.-M., að eftir frumvarpinu sje ekki hægt að leggja hjer útsvar á útlendinga, sem hingað koma og reka hjer atvinnu í þrjá mánuði, því að það stendur skýrum stöfum í 6. gr. frv.

Út af því, sem þessi hv. þm. sagði um undantekningarnar í 8. gr. frv., vil jeg taka það fram, að þær eru alls ekki víðtækar. Eftir a-lið greinarinnar má aðeins leggja á útibú, þegar það er heimilisfast á þeim stað, þar sem það er rekið. Er þar því ekki um undantekningu að ræða, því að slíkt útibú er hægt að skoða sem sjálfstæða atvinnustofnun.

B.-liður 8. gr. á aðeins við útlendinga, og um erlend tryggingarfjelög er svipað að segja og erlenda gjaldendur. Undantekningarnar í 8. gr. eru því eftir hlutarins eðli alveg óhjákvæmilegar.

Margir hafa minst á skiftingu útsvaranna og talið hana óhagstæða og illa í flesta staði. Jeg get vel viðurkent, að hún muni geta orðið töluvert vafningasöm stundum. En jeg vil aðeins benda á, að sje það ætlunin að lagfæra þann meginingalla á útsvarslöggjöf okkar, að utanhjeraðsmenn verði hart úti þegar lagt er á þá útsvar í atvinnusveit, þá er ekki önnur leið til en þessi skifting útsvaranna, og þá leið hafa margar aðrar þjóð-

ir farið. Vitanlega væri hugsanlegt að taka upp þá reglu, að útsvar skyldi aldrei greiðast í atvinnusveit, en margar sveitir myndu alls ekki þola það.

Á undanförnum þingum hefir mjög verið um það talað, hve ósanngjarnt væri að leggja á utansveitarmenn, og því til sönnunar hafa verið nefnd mörg dæmi, en nú er alveg eins og menn sjeu búnir að gleyma þessu og haldi, að hægt sje að bæta úr þessu órjettlæti með því að taka upp 20 ára gamalt lagaákvæði, sem aldrei hefir komið að gagni.

Háttv. þm. Ísaf. (SigurjJ) sagðist geta fylgt till. hv. þm. Mýr., af því að þær væru bygðar á tekjuskattsfyrirkomulaginu. En þetta er ekki rjett. Eftir tillögum hans eiga útsvörin ekki að miðast við ákveðna upphæð, heldur á hún að hækka og lækka í „prósent"-tali eftir því, sem talið er hæfilegt. Það er því alveg sami grundvöllurinn, sem þm. Mýr. vill byggja útreikning sinn á, og liggur til grundvallar fyrir frumvarpi þessu. Hjer er því alls ekki um þann grundvöll að ræða, sem hv. þm. Ísaf. heldur.

Annars get jeg vel viðurkent, að þegar tekju- og eignarskattslöggjöfin verður komin í gott horf hjá okkur, þá er það sanngjarn mælikvarði, en það held jeg, að eigi enn langt í land.

Jeg gat því miður ekki verið hjer í deildinni, þegar hv. þm. Mýr. hjelt seinni part ræðu sinnar í dag. Get jeg því látið nægja að svara honum aðeins fáum orðum, og það því fremur, sem háttv. frsm. svaraði honum allítarlega.

Honum þótti hvorttveggja, að jeg hafa verið langorður og lengi að andmæla tillögum hans í gær. Það má vel vera. En þó er víst, að jeg notaði ekki til þess helming af þeim tíma, sem hann notaði til að mæla fyrir þeim.

Mjer finst háttv. þm. Mýr. gera of mikið úr sambandinu milli brtt. sinna, því að hann sagði, að þær væru allar fallnar, ef ein fjelli. Jeg held, að sambandið sje ekki svo náið, og hefi jeg því bent honum á, að þeim megi skifta í 2 flokka, og fanst mjer hann ekkert hafa við það að athuga.

Hann taldi ekki rjett hjá mjer, að hann væri hjer að koma með nýtt kerfi. En það er nú eftir því sem það er tekið. Jeg lít svo á að minsta kosti, að hann vilji lögleiða hjer sjerstakt kerfi. Við það hafði jeg ekkert að athuga annað en það, að margar aðrar aðferðir væru til betri. Er jeg því samþykkur hv. frsm., að þetta sje frekar til ruglings en leiðbeiningar.

Þá vil jeg skjóta því til háttv. 2. þm. Rang. (KlJ), sem mjer virtist annars tala svo vel í gær, hvort hann hafi ekki litið helst til fljótlega á 2. brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald), því að hún gengur í öfuga átt við stefnu frv. En fyrir þá sök spyr jeg þessa, að mjer skildist hann vera brtt. samþykkur.

Háttv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) mælti á móti skiftingu útsvaranna. Jeg sje enga ástæðu til að svara honum ítarlega, því jeg tel ekkert eftir hreppsnefndum, þó að þær þurfi að skrifa brjef til 6—7 staða og skýra frá, hverjir þar hafi stundað atvinnu. Jeg met miklu meira, að útsvarsálagningin geti orðið rjettlát, því að jeg hefi enga trú á því, að niðurjöfnunarnefndir leggi sanngjarnlega á utansveitarmenn, enda er reynslan margbúin að sýna það og sanna.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð að taka í sama strenginn og hæstv. atvrh. og háttv. 2. þm. Rang. um það, að vorkunnarmál sje, þótt eitthvað kunni að verða áfátt við atkvæðagreiðsluna, þegar að henni kem-

ur í þessu máli, því að mjer finst það komið inn á þá braut og þannig búið í hendurnar á hv. deildarmönnum, að ekki sje auðvelt að greiða atkvæði um allan tillögufjöldann og andstæðurnar án þess að mistök verði. Satt að segja finst mjer hæstv. stjórn hafa unnið einskonar hermdarverk með því að velta þessu máli — jafntyrfið eins og það er — á háttv. allshn., því að hún hefir bersýnilega víxlast öll í því, og eftir því sem mjer skilst, þá hefir enginn komist óskemdur út úr þeirri baráttu nema háttv. þm. Mýr.

Í sjálfu sjer er aðalágreiningsatriðið mjög einfalt í þessu máli, það atriðið, sem mest er um deilt, hvort taka eigi upp þessa nýju reglu um álagningu útsvara, að láta heimilissveitirnar leggja alt útsvarið á og skifta því svo eftir flóknum reglum milli atvinnusveitar og heimilissveitar, eða halda sig nærri hinum eldri ákvæðum um útsvarsskyldu. Eins og kunnugt er, er það aðeins einn maður úr nefndinni, sem horfið hefir að því að fella þetta nýja ákvæði um skiftingu útsvaranna niður úr frv. En að það sje felt niður, álít jeg svo mikils vert, að jeg tel vafasamt, að jeg geti fylgt frv. út úr deildinni, ef það verður ekki gert. Jeg álít þetta svo varhugavert ákvæði, að það megi með engu móti lögfestast án þess að betri undirbúningur sje fenginn og álit sveitarstjórna. Mjer er sem jeg sjái, hvernig muni verða umhorfs hjá niðurjöfnunarnefndum úti um sveitir, þegar þær í marsmánuði eiga að fara að jafna niður útsvörunum, og eiga í vændum, ef til vill, ⅓ af útsvörunum hjá mönnum, sem stundað hafa þar sjóróðra eða aðra atvinnu sumarið áður, en þá eru komnir út og austur um allar sveitir. Jeg held, að nefndunum veiti erfitt að ætlast á um það, hvað gjaldast kann frá öðrum hreppum, og þá um leið að ákveða útsvörin heima fyrir, er ókunnugt er með öllu um útsvarsupphæð þeirra, sem að vísu eru gjaldskyldir, en greiða eftir niðurjöfnun í heimilissveit. Auk þess fylgja slíkri skiftingu eftir á ókleifir vafningar og skriffinska. Jeg verð því að álíta, að reglan um skiftingu útsvaranna eftir á verði með öllu óframkvæmanleg, og fyrir þá skuld mun jeg ekki geta fylgt frv., ef hún verður ekki feld úr því.

Nú getur farið svo við atkvgr., að það beri fyr að, sem mjer er óhægara að greiða atkvæði um, og hefði jeg því viljað, að ákvæðið um skiftinguna væri borið fyrst undir atkvæði. Hefði jeg verið í sporum flm. tillögunnar, hv. þm. Mýr., mundi jeg mælast til þess, að svo yrði gert.

Með því að jeg hefi hugboð um, að fleiri hafi kvatt sjer hljóðs, skal jeg ekki hafa þessi orð mín lengri.

Umr. frestað.

Á 35. fundi í Nd., næsta dag, var frv. enn tekið til frh. 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 36. fundi í Nd., næsta dag, var enn fram haldið 2. umr. um frv. (A. 15, n. 124, 125, 127, 134, 149, 154, 156, 169, 183).

Pjetur Þórðarson: Jeg vildi leyfa mjer að benda hæstv. forseta á það, að útbýtt var á fundi í gær brtt. frá mjer, á þskj. 183, og eru þar með brtt. á þskj. 127 og 149 teknar aftur.

Jeg skal lofa því að takmarka mig eins og jeg get með það, sem jeg þarf að segja. Býst við, að komið sje mál til að hætta umr. Jeg ætla mjer ekki sjerstaklega að

fara að rekja andmæli hæstv. atvrh. og hv. frsm., heldur læt jeg það, sem jeg hefi þeim að svara, koma fram nú í einu lagi með því, sem jeg segi um brtt. Jeg hefi nú fækkað brtt. mínum og breytt þeim og farið þar eftir því, sem jeg áleit, að ekki skifti aðalatriði málsins. Jeg vil enn þá halda fram þeim meginatriðum, sem jeg áður vildi láta breyta í frv. og jeg álít til mestra bóta.

Við heyjum þar ójafnan leik, jeg og hæstv. atvrh., þar sem hann hefir alls ekki tekið brtt. mínum sæmilega, en jeg tekið frv. hans vel og vinsamlega og gert alt, sem jeg hefi getað, til að bæta úr göllum þess, og hann hinsvegar óbeinlínis viðurkent, að margt í brtt. mínum væri til bóta. Jeg hefi gert þetta í góðri trú, þótt jeg hinsvegar viðurkenni, að frv. með smærri breytingum en mínum aðalbreytingum væri betra en það ástand, sem nú er, en gæti verið miklu betra með mínum aðalbreytingum. Hæstv. atvrh. vildi finna brtt. mínum við 4. gr., eða öllu heldur nýjum greinum næst á eftir henni, það til foráttu, að ákvæðin væru of rúm, eins og t. d. það, að meðalhundraðsgjald mætti hækka og lækka. En það er einmitt kostur við hundraðsgjaldsákvæðin, að ekki má taka sama eða jafnhátt hundraðsgjald af miklum og litlum eignum eða háum eða lágum tekjum. Það gerir að líkindum heldur engin niðurjöfnunarnefnd, þótt ákveðinn gjaldstigi sje ekki notaður. Það getur því ekki verið ókostur að hafa svigrúm í þessu efni. Út af því, sem orð hafa fallið, bæði frá hæstv. atvrh. og hv. frsm., um þessar aðalbrtt. mínar, að fá ákveðinn, fastan mælikvarða fyrir útsvarsálagningu, hefir mjer fundist koma fram talsverður misskilningur um þýðingu þeirra. Mjer hefir fundist, að sumir, sem ekki hafa viljað ganga inn á skiftingu útsvaranna eftir frv., hafi heldur ekki viljað ganga inn á þessar brtt., sem þó eru ómissandi, ef rjettlætis á að vera sæmilega gætt í álagningu á menn utan heimilissveitar. Mjer finst slíkur mælikvarði vera rjettmætur, jafnvel þótt skiftingin fjelli ekki niður, en alveg ómissandi, ef skiftingin fellur niður. En sje nú skift, eins og frv. vill vera láta, þá er það vitanlegt, að til þess að skiftingin komi að tilætluðum notum, er nauðsynlegt að hafa einhvern mælikvarða. Sje jeg því ekki annað en sanngirni í því að hafa hann, þótt skiftingin falli ekki niður, og vil jeg þess vegna ekki taka brtt. mínar aftur, þótt skiftingin verði ekki feld. Jeg verð að láta það vera komið undir áliti hvers einstaks þm., hvernig þetta verður afgreitt, en vænti nú betri undirtekta en síðast. Upp í þessar tillögur á þskj. 183 hefi jeg tekið aðeins þær till. úr hinum fyrri till. mínum, sem ekki má án vera. Hefi jeg helst felt niður tillögur, sem miða að því að laga orðfæri og skipulag efnisins, en er annars minna um vert, og vil jeg gera hæstv. atvrh. það til geðs að róta ekki við orðalagi hans, t. d. þar sem í 2. lið 4. gr. er talað um að taka til greina „áhættu“ við öflun teknanna, áhættu, sem hjá er liðin, og í 3. lið sömu greinar, þar sem ákveðið er að taka til greina „fjárskaða af veðri eða vötnum“. Slíkur skaði er hjá liðinn og fram kominn, þegar lagt er á. Og þótt þetta ákvæði standi í frv., þá tel jeg, að það skaði ekki, því að enginn fer eftir því, og þess vegna hefi jeg tekið brtt. um þetta efni aftur; og eins hefi jeg tekið aftur aðrar smærri brtt., sem litlu máli skifta.

Fyrsta brtt. á þskj. 183, við 4. gr., er ekki í neinu sambandi við hinar aðrar

brtt., og skiftir ekki miklu máli, hvort hún verður samþykt eða ekki. Hinar brtt. við þá grein eru aðalatriðin, sem jeg hefi nú þegar rætt um.

Þá eru 2 brtt. við 6. gr., sem ekki skifta miklu máli, og læt jeg vera að minnast meira á þær en jeg hefi áður gert. Þá kem jeg að 3. brtt., og er hún við 8. gr. Allir liðir hennar eru aðalatriði brtt. minna. Þó má segja, að með 1. og 2. lið sje litlu breytt frá því, sem er í frv., en það skifti miklu, að þeir sjeu í sambandi og samræmi við liðina, sem á eftir koma. En 3., 4. og 5. liðurinn eru aðalatriðið í brtt. mínum og svo mikils verðir, að þeim má ekki sleppa, ef ekki á að verða skamt öfganna milli, þeirra öfga, sem nú heimila atvinnusveit að leggja á útsvör eftir geðþótta, og þeirra, sem koma fram í frv. og hjá meiri hl. nefndarinnar í því að svifta atvinnusveit þessari heimild. Það hefir með rjettu verið reynt í frv. að koma í veg fyrir, að menn væru eltir með útsvörum í atvinnusveit. En ef frv., með brtt. meiri hl. við 8. og 9. gr., yrði samþykt, þá er komið út í öfgar á hinn bóginn. Rjett spor hefir verið stigið, en alt of langt. Þessar öfgar ber um fram alt að varast. Það skiftir mestu máli að breyta ekki svo miklu, að frv. fari svo langt í öfuga átt við það, sem nú er, að úr verði ranglæti. En það er einmitt aðalatriðið í brtt. mínum að fyrirbyggja þetta ranglæti og fyrirbyggja, að alt of lítið útsvar komi niður annarsstaðar en í heimilissveit. Í sambandi við þetta vil jeg minnast á örfá atriði, sem hv. frsm. sagði síðast í 2. ræðu sinni. Hann fann brtt. mínum við 4. gr. það til foráttu, að þær væru í ónógu sambandi við brtt. við 8. gr., sem gengju of langt til að takmarka útsvör á atvinnustundendum annarsstaðar en í heimilissveit, og að sama handahófið yrði eftir sem áður við útsvarsálagninguna.

Það má segja, að ástæður hv. frsm. og eins hæstv. atvrh. gangi út á það, að ekki sje hægt að taka tillit til efna og ástæðna, þegar lagt sje á menn í atvinnusveit. Hann tók t. d. mann, sem á fyrir mörgum börnum að sjá og stundaði atvinnu í annari sveit en þar sem hann á heima. Út af þessu vil jeg segja það, að þessi maður yrði að hafa mikið upp úr sjer og atvinnu sinni, ef hann yrði útsvarsskyldur í atvinnusveit eftir mínum till. Samkvæmt brtt. minni yrði hann að hafa haft mikið kaup. Það má gera ráð fyrir, að það, sem hann hefði fram yfir lágmarkið, væri 1000 kr. Segjum, að hann hefði fengið 3000 kr., að meðtöldum hlunnindum; þá yrði lagt á 1000 kr., og útsvarið yrði ekki ýkjamikið, ef tekið væri tillit til kringumstæðna, aðeins lagt á þessar 1000 kr. Sje nú alls ekki lagt á þennan mann heima, má gera ráð fyrir, að hann sje eignalaus og hafi ómegð. En eftir brtt. mínum verður lagt á 7% af tekjum hans. Útsvarið getur orðið í hæsta lagi, ef alt er teygt sem lengst, 7%—10%, eða 70—100 krónur, í atvinnusveitinni. Þetta er ekki ósanngjarnt, þó svo standi á, að ekki sje hægt að leggja á hann heima. Þetta er sanngjarnt vegna aðstöðumunar atvinnunnar fyrir manninn. Þetta dæmi má líka miklu fremur skoða sem undantekningu, og hana mjög sjaldgæfa. Hitt mundi verða algengara, að útsvarið yrði sanngjarnt. Jeg skal taka dæmi: Tveir menn stunduðu atvinnu síðastl. ár í annari sveit en þeir áttu heima. Þeir höfðu jafna aðstöðu, unnu jafnlangan tíma og höfðu jafnmikið upp úr atvinnu sinni. Í atvinnusveitinni var lagt á þá jafnhátt útsvar, en í heimilissveitinni var ekkert útsvar lagt á ann-

an þeirra, sem var bláfátækur ómagamaður, en á hinn voru lagðar 130 krónur. Jeg lít svo á, að sanngjarnt hafi verið að leggja þetta útsvar á manninn, sem ekkert útsvar fjekk í heimilissveitinni. Gagnvart sveit hans var það ekki nema sanngjarn skattur fyrir það, að hann fjekk að stunda þarna atvinnu. Ef hann hefði ekki notið atvinnunnar, mundi heimilissveitin hafa orðið að hjálpa honum um margfalt hærri upphæð en þá, sem hann varð að greiða í útsvar til atvinnusveitarinnar. Jeg lít svo á, að hvernig sem högum mannsins er háttað í heimilissveitinni, sje aldrei nema sanngjarnt, að hann greiði útsvar til atvinnusveitarinnar. Jeg vil taka svo djúpt í árinni að segja, að það geti ekki staðið svo illa á fyrir neinum í heimilissveitinni, að útsvar í atvinnusveitinni verði ósanngjarnt, ef farið er eftir mínum reglum. Jeg hefi áður sýnt fram á þau óþægindi, sem fylgja því að hafa útsvörin skift. Að bæta við útsvörin síðar vegna atvinnusveitarinnar mun hvorki reynast sanngjarnt nje vinsælt.

Háttv. frsm. lagði áherslu á, að tryggja þyrfti rjett heimilissveitarinnar. En eins og jeg hefi tekið fram, má ekki heldur ganga of langt í því efni. Jeg held, að ef frv. verður samþykt með þeim breytingum, sem hv. meiri hl. leggur til, þá verði það óvinsælt, er til framkvæmda kemur, einmitt vegna þess, hve rík áhersla er lögð á að tryggja hag heimilissveitarinnar, en lítið hugsað um að sjá borgið hagsmunum atvinnusveitarinnar. Við þessu vildi jeg setja skorður strax.

Jeg lofaði að verða ekki langorður. En það er ekki mín sök, þó svo þurfi að vera. Jeg álít skyldu mína að gera alt, sem jeg get, til þess að sem best verði gengið frá málinu. Jeg hefi gleymt að minnast á 8. brtt. mína á þskj. 183, við 16. gr. Fyrri liður hennar hljóðar um að fella greinina niður, nema eina setningu. Það er efni greinarinnar, að kveðja skuli mann úr skattanefnd til þess að vera við niðurjöfnunina. Jeg tel rjett, að þetta ákvæði falli niður. Mjer finst ekki þörf á að fjölga nefndarmönnum, og auk þess stendur víða svo á, í sveitum a. m. k., að einhver úr skattanefnd á líka sæti í niðurjöfnunarnefnd. Jeg held, að þessi maður gæti ekki gefið nefndinni neinar upplýsingar um tekjur manna eða eignir, sem ekki væri hægt að fá annarsstaðar frá.

Síðari liður brtt. er um þóknun til hreppsnefnda fyrir niðurjöfnunarstörf. Jeg tel ekki nógu sanngjarnt að fara eftir fólksfjölda. Niðurjöfnunarstarfið getur orðið engu fyrirhafnarminna í fámennum sveitum en fjölmennum. Ef lengri tími gengur til niðurjöfnunarinnar í fjölmennari sveitunum, fá líka nefndarmennirnir meira fyrir starf sitt eftir minni till. Jeg vona, að hæstv. atvrh. geti fallist á þetta. Hitt, sem hv. meiri hl. leggur til, að hafa heimild handa sýslunefndum til að ákveða þessi gjöld, gerir hreppsnefndirnar miklu ófrjálsari.

Þá skal jeg víkja snöggvast aftur að ákvæðinu um atvinnu utansveitar, sem gerir ráð fyrir, að ekki megi leggja útsvar á lægri kaupupphæð en 2000 kr. Jeg var að hugsa um að færa þetta lengra niður. En af því jeg veit, að skoðanir eru skiftar um, hvar setja skuli þetta mark, og til þess að ganga ekki um of í berhögg við hæstv. atvrh. og hv. frsm. að því er snertir stefnu þeirra, fjell jeg frá því. Aðalatriðið fyrir mjer er það, að sem best sje tryggður hagur heimilissveitarinn-

ar, *án þess* að gengið sje á rjett atvinnusveitarinnar. Atkvgr. veltur öll á því, hve langt skuli gengið í þessu efni.

Mjer þykir leitt að hafa orðið var við, að sumir háttv. þm. virðast vera hræddir um, að eitthvað kunni að misfarast, ef farið er eftir þeim mælikvarða, sem er gert ráð fyrir í mínum tillögum. Um þeim er óhætt að trúa því, að ekki verður erfiðara að fara eftir þessum mælikvarða heldur en reikna út tíundir eins og áður var gert. Og það er þó víst, að hver hreppsnefnd gerði það. Í fyrstu framsöguræðu minni um daginn kom jeg með dæmi um þetta efni, og geta hv. þm. kynt sjer það, ef búið er að leggja ræðuna fram.

Jeg hirði ekki um að svara öllu því, sem hv. frsm. nefndarinnar (PO) hafði móti tillögum mínum, nje heldur aðfinslum hæstv. atvrh.

Jeg ætla að nota það hljóð, sem nú gefst, til að lýsa því yfir, að jeg hefi lokið máli mínu.

Forseti (BSv): Mjer hefir borist svo hljóðandi tillaga frá sex háttv. þdm. (JörB, JS, JK, MT, BL, ÁJ):

„Vjer undirritaðir óskum hjer með eftir, að umræðum verði þegar í stað slitið.“

Mun jeg bera þessa tillögu undir atkv., með þeim fyrirvara þó, samkv. þingvenju, að þeir háttv. þdm., sem þegar hafa kvatt sjer hljóðs, fái að taka til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, PO, PÞ, ÞorlJ, ÁJ, BL, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ.

nei: MJ, SigurjJ, TrÞ, ÁÁ, HStef, HK, IngB, JBald, BSv.

Átta þm. (BSt, BJ, JakM, JAJ, MT, ÓTh, SvÓ, ÞórJ) fjarstaddir.

Jón Baldvinsson: Það hafa orðið nokkrar umræður um brtt. mína við 6. gr. þessa frv., um að fella niður, að ekki megi leggja bæði á fjelag og fjelagsmann hjer heimilisfastan. Jeg hefi orðið þess var, að þetta hefir verið misskilið. En þó að þetta sje niður felt, er alls ekki þar með sagt, að lagt skuli á hvoratveggja. Í 4. gr. er lagt svo fyrir, að taka skuli allar ástæður til greina, og samkv. því verður að sjálfsögðu tekið tillit til fjelagseignar við niðurjöfnun. Jeg vil aðeins fyrirbyggja með þessu, að tekin sje upp sú regla, að ekki megi leggja á fjelög.

Jeg gerði ráð fyrir, að þegar um þannig löguð ákvæði um útsvarsálagningar væri að ræða, þá yrði tekið tillit til þess, hvort eða hvað þessir menn væru færir um að leggja af mörkum við sveitarsjóðina, og jeg áleit því, að það tæki því ekki að bæta aukaútsvari við lægri upphæðir en þetta. Það getur vel borið við, að aukaútsvari verði ekki fyr jafnað niður en búið er að innheimta aðalútsvarið, og þarf þá að kosta til sjerstakrar innheimtu á aukaútsvarinu. Það hefði því ef til vill verið rjettara að setja lágmarksupphæðina hærri, þó að jeg hafi ekki borið fram brtt. í þá átt í þetta sinn.

Þá var það hin brtt. mín á þskj 134, við þau ákvæði frv., er fela atvinnumálaráðherra að úrskurða þrætur í útsvarsmálum og menn hafa haft ýmislegt við að athuga. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) kvaðst heldur vilja hlíta við úrskurð skrifstofustjóra í atvinnumálaráðuneytinu en eiga það mál undir skattanefndum. Jeg held nú, að það verði oftar atvrh. sjálfur en skrifstofustjóri hans, sem felli þessa úrskurði. Hv. 2. þm. Rang. miðar of mikið við umliðna tíma, meðan hann sjálfur hafði fast embætti í stjórnarráðinu, og þá þurfti auðvitað ráðherrann síður að

láta öll mál til sín taka. En nú er öldin önnur; þeir há-„pólitisku“ ráðherrar, sem við nú lifum undir, koma auðvitað við flest mál, er til stjórnarráðs koma; sjerstaklega gæti oft svo farið um útsvarsúrskurði, að til ráðherranna yrði leitað af þeim, er hlut ættu að máli. Hv. 2. þm. Rang. treystir vel þeim ágæta manni, sem nú er skrifstofustjóri í atvinnumálaráðuneytinu, og er það auðvitað rjettmætt, — en ráðherrarnir hafa vald, ef þeir vilja neyta þess, til að skifta sjer af þessum málum og kveða upp úrskurði í þeim. Þess vegna vildi jeg fella þessi ákvæði burt úr frv.

Með þessum orðum mínum hefi jeg líka svarað andmælum hv. frsm. allshn. gegn brtt. mínum; en jeg vil aðeins taka það fram, að þessi margumtöluðu sjerrjettindi Reykjavíkurkaupstaðar eru í raun-inni alls engin sjerrjettindi. Það eru aðeins ákvæði um hliðstæðan rjett til þess, sem á sjer stað annarsstaðar, að mega leggja á menn útsvar eftir 3 mánaða dvöl í atvinnusveit. En svo er ástatt í Reykjavík, að þar eru engin tök á að ná í aðra en þá, sem látið hafa lögskrá sig á skip hjeðan. Þó að aðrir menn dvelji hjer í Reykjavík langdvölum við atvinnu eða þesshättar, fæst aldrei neitt tilkynt um veru þeirra í bænum; hvorki lögreglustjóri nje skattanefnd vita af því, að þeir sjeu hjer, og því eru engin tök að ná til þeirra. Og viðvíkjandi því, sem hv. þm. Borgf. sagði um vantraust á og óánægju yfir gerðum niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur, hefir það ekki neitt sjerstakt gildi. Hann getur farið og spurt sig fyrir í hvaða hreppi sem er á landinu, og jeg er viss um, að hann getur fengið alla, sem hann nær til, til að bölva niðurjöfnunarnefndunum fyrir útsvarsálagningarnar. Jeg hygg, að mikill meiri hluti almennings á landinu hafi þannig lagað hugarfar í garð niðurjöfnunarnefnda, og ekkert frekar hjer í Reykjavík en annarsstaðar, og svona hygg jeg, að það verði framvegis um æðilangan tíma. *(PO)*: Þegar jeg sagði formanni niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur frá dæmi því, sem jeg nefndi, þá hristi hann höfuðið). Þótt menn hristi höfuðið, hefir það ekki ávalt sömu merkingu. Það getur þýtt afarmargt, og í þessu tilfelli ef til vill ekki það, sem þm. (PO) vildi vera láta. En að öðru leyti held jeg fast við þá skoðun mína, að í Reykjavík sje ekki um nein sjerrjettindi að ræða, — það sje aðeins rjettur, sambærilegur og hliðstæður við það, sem á sjer stað víða annarsstaðar á landinu.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg skal vera mjög stuttorður, því jeg veit, að mönnum eru farnar að leiðast hinar löngu umræður um þetta mál. Mjer er það gleðiefni, — og svo er um fleiri, sem hafa svipaðar skoðanir og jeg, — að frv. þetta fer í rjetta átt. Það ætlast ekki til, að framvegis verði verið að elta menn með útsvarsálagningar, þó þeir snúi sjer eitthvað við í atvinnurekstri sínum. Jeg ætla ekki að tala um frv. alment, en víkja nokkrum orðum að einstaka brtt. frá nokkrum hv. þm.

Er þá fyrst brtt. á þskj. 156, frá hv. 1. þm. N.-M. (HStef). Hann vill fella úr frv. ákvæði um, að atvinnumálaráðh. hafi vald til að hindra það, að útsvar fari fram úr tilteknum hundraðshluta af meðaltali tekna fyrirfarandi þriggja ára. Jeg álít, að þetta sje mjög nauðsynlegt ákvæði, og miklu fremur nú og framvegis en verið hefir til þessa. Það er of kunnugt til þess, að þurfi að minna á það, að Alþingi hefir veitt ýmsum sveitum lán og ábyrgðir til ýmsra framkvæmda, svo hundruðum þús,

kr. nemur, og búast má við, að enn meira verði um þessar lánveitingar og ábyrgðir framvegis, er rafvirkjunum fer að fjölga. Því er það ekki nema eðlilegt, að ríkisstjórnin hafi eftirlit með því, að sveitar- og bæjarstjórnir hagi fjármálum sínum með skynsemd og ráðist ekki í framkvæmdir, sem sýnilega geta stofnað fjárhagslegu sjálfstæði þeirra í tvísýnu eða voða, og þar með veikt eða eyðilagt þá tryggingu, sem ríkissjóður hafði fyrir láni sínu eða ábyrgð. Jeg álít því ekki áhorfsmál að fella þessa brtt.

Hv. þm. (HStef) hefir nú að vísu tekið aftur til 3. umr. 4.—6. brtt. sína á þskj. 156, en viðvíkjandi 6. brtt., sem hv. allshn. ætlar að athuga til 3. umr., vil jeg benda hv. nefnd á, að ef brtt. verður samþykt, er þar með spilt þeim grundvelli, sem frv. er bygt á, — að leggja skuli útsvar á menn eða fjelög þar, sem þeir eða þau eru til heimilis, en brtt. þessi leggur útsvarsskyldu á erlend tryggingarfjelög þar, sem umboðsmenn — aðal- eða undirumboðsmenn — eru búsettir. Jeg tel sjálfsagt að leggja þar útsvar á þessi fjelög, sem aðalumboðsmenn þeirra eru búsettir. Úti um land er heldur ekki um neinar tekjur að ræða af erlendum tryggingarfjelögum. Það mætti kannske í hæsta lagi ná af þeim 20—30 kr. í útsvar í stærstu kaupstöðunum. En það ber að athuga, að það er mjög erfitt að leggja á tryggingarfjelög, því þau geta vel tapað á einu ári upphæðum, sem þau hafa verið um 20 ár að draga saman í iðgjöldum. Niðurjöfnun á slík fjelög getur því aðeins orðið sanngjörn, að hægt sje að hafa til hliðsjónar yfirlit yfir allar tekjur, sem hvert fjelag hefir á öllu landinu. Að fara að taka þessa starfsemi eina undan, nær ekki neinni átt.

Þá kem jeg að fyrstu brtt. á þskj. 134. Það má kannske segja, að nú sem stendur sje svo ástatt í flestum hreppum landsins, að allur fjöldinn greiði hærra útsvar en 30—40 kr.; en við það er það að athuga, að ef peningarnir færast aftur í sama eða svipað horf að verðgildi og þeir höfðu áður, fer svo, að allur þorri manna ber lægri útsvör en hjer er gert ráð fyrir. Sveitarþyngsli eru víða ekki meiri en svo, að meiri hluti gjaldenda greiðir lægri útsvör en þetta. Jeg þekki t. d. hreppa í Norður-Ísafjarðarsýslu, þar sem útsvörin voru svo lág um eða fyrir aldamótin síðustu, að aðeins 3 eða 4 menn höfðu hærri útsvör en 30 krónur. Væri þá vit í því, að svo fáir gjaldendur bæru alla aukabyrðina. Hv. þdm. verða að gæta þess, að hjer er verið að semja lög, sem helst ættu að standa áratugi.

Hv. 2. þm. Eyf. (BSt) andmælti brtt. hv. þm. Borgf. (PO) (þskj. 125), um undanþágu útsvarsskyldu skipa, sem koma inn til afgreiðslu utan heimilissveitar, og má auðvitað ýmislegt um þetta segja. Það getur vel átt sjer stað, eins og hv. þm. (BSt) benti á, að ætti sjer stað með Siglufjörð, að atvinnusveit þurfi að fá tekjur af þessum atvinnuleitendum, en þá ber einnig að líta á hitt, hvort útgerðin eða aðrar slíkar verklegar framkvæmdir í landinu þola þessar álögur á mörgum stöðum í senn. Það er vel hægt að sjá, að það er ekki til að ýta undir framtakssemi manna, ef þeir geta átt von á að verða að greiða útsvör á 2—3 stöðum á landinu á hverju ári. Við skulum taka sem dæmi útgerðarfjelag með heimilisfangi í Hnífsdal við Ísafjarðardjúp. Það hefir útibú í Álftafirði við Ísafjarðardjúp, stundar veiðar á vetrarvertíð við Faxaflóa (í Miðnessjó), seinni hluta er farið til Vestmannaeyja, og þar stundaðar netaveiðar, og að sumrinu stundaðar síldveið-

ar á Siglufirði. Fjelag þetta verður því að gjalda útsvar af skipum sínum á 5 stöðum á landinu. Mjer finst því vera öllu nær að taka til athugunar brtt. hv. þm. Borgf. og íhuga, hvort yfir höfuð eigi að gera útsvarsskyldu á hendur þessum mönnum. En ef það á að vera heimilt að leggja á þá víðar en á einum stað, er sjálfsagt og skylt að tryggja hagsmuni heimilissveitarinnar og fela henni álagningu, því hún þekkir best allar ástæður atvinnurekandans. Atvinnusveitin þekkir aftur á móti venjulegast ekkert til efnahags útgerðarmanns, veit aðeins, að báturinn, eða bátarnir, hafa aflað vel eða sæmilega, — og leggur útsvarið á samkvæmt þessu.

Hákon Kristófersson: Frv. það, sem hjer liggur fyrir til umr., er víst óhætt að telja, að sje árangurinn af áður framkomnum óskum um breytingar á nokkrum atriðum í núgildandi sveitarstjórnarlöggjöf, er síðasta þing gekk frá á þann hátt að fela hæstv. stjórn að leggja frv. til breytingar fyrir þing það, sem nú situr.

Jeg skal taka það strax fram, að þótt jeg geri ekki ráð fyrir því, að þau orð, sem jeg segi að þessu sinni, beri mikinn árangur, kann jeg þó ekki við að láta álíka mál og þetta fara svo frá þessari umr. að segja ekki álit mitt um það. Og jeg verð að lýsa yfir því, að jeg tel það í alla staði óverjandi að skera niður umræður um svona stórmál og meina þingmönnum að láta í ljós skoðanir sínar. Sjerstaklega verð jeg að víta það, að hæstv. stjórn, sem borið hefir fram frv., og hv. nefnd, er hefir haft það til athugunar, greiða atkvæði með því að skera niður umræður. Lítur hæstv. stjórn og hv. nefnd svo á, að þingmönnum sje ekki heimilt að ræða um dýrgrip þennan, heldur beri að samþykkja orðalaust frv. og brtt. nefndarinnar eins og fyrir liggur? Það er álit mitt og margra annara, að frv. þetta, er það kom frá hæstv. stjórn, hafi verið sá gallagripur, að ótækt hefði verið að samþ. það, og óhætt mun að fullyrða, að það var — og er að ýmsu leyti enn, þó að brtt. þær, sem fram eru komnar og til bóta eru, verði samþyktar, — í ýmsum greinum miklu verra en hin gamla og að mörgu leyti góða sveitarstjórnarlöggjöf, sem gilt hefir nú að undanförnu milli 20—30 ár.

Að þessi orð mín sjeu ekki sögð alveg að ástæðulausu, vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, styðja með ummælum úr nál. hv. nefndar, er um málið hefir fjallað:

„..... og telur, ef brtt. nefndarinnar verða samþ., að veruleg bót verði ráðin á *verstu annmörkum* á núgildandi útsvarslöggjöf.“

Þegar hv. nefnd kemst að þessari niðurstöðu samkvæmt nál., að þá fyrst sje bætt úr *verstu* göllum núgildandi sveitarstjórnarlaga, ef brtt. hennar verði samþ., má það vera ljósasti vottur um, hvaða álit hún hefir á frv. eins og það kom frá hæstv. stjórn. Að vísu segir nefndin seinna í nál. sínu, að frv. sje vel undirbúið, en þar sem þau orð falla ekki sem best saman við hið fyrra í áliti hv. nefndar, geri jeg lítið úr því eða tek það ekki alvarlega.

Í áliti sínu telur hv. nefnd galla þá, er hún telur, að verstir hafi verið taldir á gildandi sveitarstjórnarlögum, og eru þeir fjórir. Um þrjá fyrstu liðina get jeg að miklu leyti verið sammála nefndinni. Aftur á móti verð jeg að neita því, að fardagaárið sem reikningsár hreppanna hafi verið talið verulegur galli, í það minsta ekki til sveita. Þó má vera, að í einstöku sveitum hafi komið fram óskir um breyt-

ingu, en af hverju þær hafi komið, hafa enn ekki verið færð sæmileg rök fyrir.

Aftur á móti er það alveg rjett hjá hv. nefnd, að mjög mikil óánægja hefir verið yfir hinni víðtæku heimild atvinnusveitar til að leggja útsvar á utansveitarmenn. Ef vel er athugað, hygg jeg, að þessi heimild, sem sjerstaklega kemst í algleyming með hinum svokölluðu Reykjavíkurlögum, er samþ. voru á þinginu 1924 og sköpuðu afskaplegt misrjetti, hafi orðið til þess, að óánægjan varð jafnalmenn og raun varð á yfir útsvarslöggjöfinni. Hefði þeim lögum verið breytt á þinginu í fyrra, hygg jeg, að óánægju hefði nær alstaðar verið niður slegið, því að það var alkunna, að menn voru mest óánægðir yfir því, hve menn voru oft og einatt svívirðilega eltir með ósanngjörnum útsvörum sveit úr sveit. *(JakM*: Ætlar hv. þm. að nota sjer það, að búið er að skera niður umr., og því ekki hægt að svara honum?). Jeg vænti, að hv. 3. þm. Reykv. taki það ekki illa upp af mjer, þó að jeg segi honum það, að jeg viti ekki til þess, að jeg þurfi hans leyfi til að segja það, sem mjer sýnist, hjer í þessari hv. deild, ef jeg stilli orðum mínum í hóf; jeg hefi látið ummæli, er fallið hafa frá honum hjer í hv. deild, alveg óátalin undanfarið, og vænti því, að hv. þm. geri mjer það sama. Annars hefði hv. þm. með atkv. sínu getað komið í veg fyrir það, að umræður væru skornar niður, ef hann hefði verið staddur hjer í deildinni við atkvæðagreiðsluna.

Jeg vil taka það fram, að jeg treystist ekki til að koma með brtt. að þessu sinni við frv., vegna þess að mjer þótti óvíst, hvaða svip frv. fengi við þessa umræðu. *(KlJ*: Alveg rjett). Það verður fyrst hægt að gera sjer nokkra grein fyrir útliti frv., þegar þessari umr. er lokið, því að þá verður það sýnt, hverjar af brtt. háttv. nefndar og einstakra þm. verða samþyktar.

Meðal margra annara galla í mínum augum á þessu frv. er það, að saman er blandað ákvæðum um sveitir og kaupstaði. Það er svo alkunnugt, að því þarf ekki að lýsa, hve ólík er tilhögun á ýmsum atriðum viðkomandi stjórn á sveitar- og bæjarmálefnum, að nauðsynleg skilgreining verður þar að eiga sjer stað í ýmsum tilfellum. Að laga galla á frv. að þessu leyti sýnist nefndin alls ekki að hafa reynt til. Annars virðist mjer, að hún hafi ekki lagt neina alúð við það að laga frv. svo að vel væri, nema að því er hún leggur til breytingar á 9. gr. Ef dæma skal eftir því, hve vel nefndinni hefir tekist hvað lögun á þeirri grein snertir, þá hefði mátt vænta þess, að nefndinni hefði vel tekist að laga frv., hefði hún viljað vel gera. Það hefði hún þó vitanlega getað gert tímans vegna, því að hún er búin að hafa frv. til athugunar í fullar 4 vikur, og hefir þó ekki treyst sjer til að koma fram nema með 9 brtt.

Það er mjög svo greinilegt, hvar sem maður lítur á frv., að það er búið til af manni, sem kunnugri er í kaupstöðum en sveitum. Jeg verð því að slá því föstu, að svipur frv. mundi hafa orðið alt annar, ef hæstv. atvrh. hefði búið það sjálfur til, eins og jeg og fleiri munu hafa ætlast til í fyrra.

Auk þess, sem í frv. eru mörg algerlega óþörf ákvæði, kemur fram í því ákveðið vantraust til hreppsnefnda. Á jeg þar sjerstaklega við ákvæði 3. gr., að ekki megi jafna niður meiru en meðaltali undanfarinna þriggja ára, að viðbættum ⅕ hluta, o. s. frv. Telur nú nokkur þm. lík-

legt, að hreppsnefnd jafni nokkru sinni hærri upphæð niður á hreppsbúa en hún telur ítrasta nauðsyn til bera?

Þá verð jeg einnig að telja upptalninguna í II. kafla frv. algerlega óþarfa. Það segir sig nokkurnveginn sjálft, að hreppsnefnd metur ástæður og efni hvers eins eftir bestu samvisku, án þess að fá uppgjöf um það frá löggjafarvaldinu, innan hvaða ramma álagningin skuli vera. Orðið niðurjöfnunarnefnd í frv. kann jeg ekki við, þar sem átt er við hreppsnefnd. *(PO*: Aðeins með tilliti til þessa eina máls). Orðið hreppsnefnd er svo fast hugtak í meðvitund manna, að það er óþarfi að breyta því, en þetta bendir á það, sem jeg hefi áður sagt um frv., að það er sniðið eftir því, sem til hagar í bæjunum. Þar er t. d. bæjarstjórn alt annað en þeir, sem jafna niður útsvörum. Aftur á móti fer hreppsnefnd með sveitarmálefni hvers hrepps í heild, hverju nafni sem nefnast. Sannleikurinn er sá, að frv. þetta er, eins og gjarnan fleira í löggjöf vorri, fult af óþarfa ákvæðum, sem til einskis gagns eru, auka skriffinsku og erfiði þeim, sem framkvæmdina eiga að hafa á hendi.

Það má alls ekki búast við því, að allir sjeu jafnfærir til að fara með flókin lagaákvæði og formaður niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur, en frv. virðist næstum því vera sniðið með það fyrir augum, að sá maður verði að vera formaður allra niðurjöfnunar- og hreppsnefnda á landinu. Það er heldur ekki furða, þó að þessi smíðisgripur beri einhvern svip þess, er var aðalsmiðurinn.

Hv. frsm. nefndarinnar sagði fyrir skömmu, að nefndin vildi jafna niður eftir efnum og ástæðum. Um þetta er ekkert að segja, og jeg býst við, að við verðum sammála um það. En hún byggir á skattskýrslunum sem aðalgrundvelli. En jeg fyrir mitt leyti held, — þótt jeg slái því vitanlega ekki alveg föstu, — að þær sjeu svo óábyggilegar, að þær geti ekki verið nein veruleg undirstaða til að byggja útsvarsálagningu á. Mig minnir það standi á hverri skattaskýrslu, að framtalið sje gefið upp á æru og samvisku, — held að jeg fari rjett með það. *(PO*: Formaður skattanefndar ætti nú að vita þetta). Jeg man ekki satt að segja, hvernig orðin hljóða, en þetta mun vera meiningin. Það er rjett, að jeg ætti að vita þetta, eins og hv. þm. Borgf. benti á, en jeg veit líka annað. Jeg veit, að það er ekki ótítt, og það hjá embættismönnum þessa lands, að strika yfir þessi orð áður en þeir skrifa undir. Hvaða meining skyldi svo liggja í þeirri yfirstrikun? *(KlJ*: Að framtalið sje ekki upp á æru og samvisku. — *Atvrh. MG*: Þá er það sama og ekkert framtal). Mjer þykir vænt um, að hæstv. atvrh. úrskurðar þetta. En þá vil jeg segja honum það í allri vinsemd, að það væri ástæða til að grenslast eftir, hvort þetta ætti sjer ekki stað, sem jeg hefi sagt, og það í mörgum tilfellum. *(Atvrh. MG*: Formaður yfirskattanefndar á að gera það). Í hverri sýslu? *(Atvrh. MG*: Já). Þá vil jeg leyfa mjer að upplýsa það, að einn virðulegur form. yfirskattanefndar hefir sagt mjer, að hann gerði þetta sjálfur. *(PO*: Tilgangurinn helgar meðalið. — *Atvrh. MG*: Vill ekki þingmaðurinn segja fjármálaráðherra frá því?). Hæstv. fjrh. heyrir nú, hvað jeg hefi sagt, og hann getur þá ráðið því, hvort hann vill grenslast eftir þessu. Jeg er ætíð reiðubúinn að gefa, sannleikans vegna, allar upplýsingar, ef henta þykir að krefjast þeirra.

Þá kem jeg að einu meginatriði í frv.,

sem nefndin hefir að mínum dómi ekki treyst sjer til að laga. Hún fylgir frv. í því, sem jeg tel með allra verstu göllum þess, sem sje að útsvörin sjeu lögð á síðla vetrar eða snemma að vorinu, í febrúar—maí.

Þá eru ákvæðin fyrir því, ef maður flytur í aðra sveit að vorinu. Segjum, að það sje lagt á hann í mars í heimasveitinni, en hann flytji sig fyrstu dagana í júní. Hafi verið of lítið lagt á hann í hlutfalli við gjöld í sveitinni, sem hann flytur inn í, þá er þeirri hreppsnefnd samkvæmt frv. heimilt að bæta við útsvar hans. Jeg er alveg hissa á, að hæstv. stjórn og háttv. nefnd hafi virkilega getað gengið inn á þessa braut. Með þessu er það ekki slegið niður, að ekki megi elta menn ósanngjarnlega með útsvarsálagningum, en sú var þó meginhugsun mín og annara, að með þessari löggjöf væri komið í veg fyrir það.

Jeg þarf ekki að taka það fram hjer, þótt mjer hinsvegar þyki það rjett vegna aðstöðu til málsins, að þau meginatriði, sem jeg er ánægður með, — en þar eru ákvæðin um reikningsárið undanskilin, — vil jeg þakka nefndinni fyrir. Jeg hefi besta vilja til að fella mína skoðun við skoðun nefndarinnar og hæstv. atvrh. En þrátt fyrir það er mjer ómögulegt að sjá, hvað virkilega mælir með breytingunni. Hv. frsm. sagði, að reikningsuppgerð væri tíðari á þessum tíma, og að því leyti fjelli þetta betur saman. En þetta kemur í rauninni ekkert við reikningsuppgerð hvers einstaks manns, en að innheimta verði nokkuð ljettari, — jeg leyfi mjer að slá því föstu, að svo sje ekki. Það er altaf sama tregðan að innheimta útsvörin, hvenær sem þau eru lögð á. Og þess ber að gæta, að einmitt að vorinu til flyst fólk mest til sveita á milli.

Þar sem hreppar eiga jarðir og afgjaldið er í tvennu lagi, þá þarf að miða afgjaldið við tvenskonar verðlag. Þetta sýnist náttúrlega ekki mjög verulegt atriði, en er þó til þess að valda óþægindum.

Jeg álít, að undirstöðuatriði hverrar löggjafar ættu að vera þau, að um leið og hún sje sem rjettust sje hún einföld og sem hægust til framkvæmda. Það er að vísu svo, að það hefir komið fram, eftir þeim upplýsingum, sem nefndin byggir á, að 38 af svörum gagnvart færslu reikningsársins voru meðmælt, í 14 stöðum var engu svarað, en 8 svör voru á móti. Vel gæti það átt sjer stað, að ef miklu fleiri hefðu látið uppi vilja sinn í þessu máli, þá hefði meiri hlutinn ekki verið þeim megin. Það er engin sönnun til fyrir því, að bak við þetta standi þjóðarvilji almennur. Jeg býst ennfremur við, — þótt jeg þori ekki að slá því föstu, en hv. frsm. leiðrjettir mig, ef jeg fer ekki með rjett mál, — að 10 af umsögnum þessum sjeu frá fundi, sem haldinn var á Egilsstöðum, þar sem voru saman komnir oddvitar úr 10 hreppum. Að hreppsnefndirnar standi svo á bak við, er ekki frekar víst heldur en ef skírskotað er til vilja einnar nefndar úr þinginu og sagt, að það sje vilji þingsins. Jeg segi ekki, að þetta sje rangt, en það liggur engin sönnun í þessum svörum. En með þessari ályktun þess fundar, er jeg nefndi, telur nefndin, að þar hafi 10 hreppar tjáð sig fylgjandi færslu reikningsárs hreppanna.

Þó að jeg sje nefndinni sammála um ýmsa agnúa, sem hún telur vera í gildandi sveitarstjórnarlögum, þá verð jeg að mótmæla því algerlega, að jeg hafi talið meðal agnúanna, að reikningsár hreppa væri fardagaárið. Jeg hefi einmitt haldið því fram, að það væri hagstæðara fyrir sveitahreppsnefndir að geta jafnað nið-

ur um mánaðamótin okt. og nóv. Og enn vantar rök til að hrekja þetta. En með færslu reikningsársins sýnist það útilokað. Einmitt á þeim tíma álít jeg, að bændur hafi bestan tíma til að snúa sjer að slíkum málum. Miklu síður, þegar komið er fram í maímánuð. Einmitt þessi óhentugi tími gerir það að verkum, að það er ómögulegt að kæra útsvör sín. Því það mundi oft verða svo, að menn verða farnir frá heimili sínu löngu áður en útsvarið er lagt á, og vita því ef til vill alls ekki um það fyr en löngu á eftir að kærufrestur er útrunninn. *(PO:* Ekki annað en leggja á í febrúar). Hví er það þá ekki beint tekið fram, að leggja skuli á í febrúar? Nefndin hefir ekki teygt sig langt í því atriði. Þarna hefir hún gefist upp. Það er af engu öðru en því, að hún byggir á skattaframtali sem aðalgrundvelli. Að öðru leyti væri ekkert á móti því að breyta þessu. Menn byggja á því — og jeg hefi háttv. frsm. fyrir mjer í því, — að það sje ekki fyr en í þessum mánuði, sem skattaskýrslurnar sjeu fram komnar. Jeg skal ekki segja, að háttv. frsm. (PO) hafi kveðið eins sterkt að orði og háttv. þm. Mýr. (PÞ), sem sagði, að skattaframtalið væri ábyggilegasti grundvöllurinn til að byggja útsvarsálagningu á. *(PÞ:* Hefi jeg sagt það?). Jeg tók svo eftir. *(PÞ:* Að minsta kosti hefir mjer aldrei dottið það í hug). Þá verð jeg að slá því föstu, að það hafi þá komið einhvern veginn öðruvísi fram hjá háttv. þm., sem jeg hjelt, að hugsaði venjulega áður en hann talaði. Jeg skrifaði orðin jafnskjótt og þau komu fram: skattaframtal ábyggilegasti grundvöllur útsvara. Jeg myndi alls ekki leyfa mjer neina fölsun í þessu tilfelli eða öðru og vil alls ekki fara rangt með orð háttv. þm.

Frv. þetta, sem er talsvert gallað að mínum dómi, lagast dálítið, ef till. háttv. meiri hl. verða samþ., en sjerstaklega ef ein till. hv. minni hl. nær fram að ganga, till. við 16. gr. a., í fyrri málsgrein, svo hljóðandi: „Skal nú kveðja einn úr skattanefnd“ falli niður. — Jeg álít þessa till. mjög viðeigandi. Að vísu kann jeg ekki við ákvæði frv. Það er svo fráleitt að ætlast til þess, að þessi maður úr skattanefnd skuli hafa 8 kr. þóknun úr hreppssjóði, en aðrir niðurjöfnunarmenn engan eyri. Ein fjarstæðan af mörgum. Ef hv. meiri hl., sem vill fella þetta, hefði lagt eins mikla rækt við að athuga alt frv. eins og þetta, þá hefði frv. komið þannig frá honum, að vel hefði mátt við það una. En ef það verður samþ. eins og það kemur frá þessari umr., þó að till. hv. meiri hl. nái fram að ganga, þá vantar enn mikið til, að það verði viðunandi.

Þótt það sje ekki meginatriði, þá vil jeg enn taka það fram, hversu fáránlegt það er að ætlast til þess, að þessi maður úr skattanefnd fái 8 kr. á dag, sem á að sitja með nefnd, er starfar kauplaust. Jeg tel alls ekki neina nauðsyn að launa hreppsnefnd á niðurjöfnunarfundi. Það er skyldukvöð, sem hefir hvílt á mönnum frá fornu fari, og getur það alveg eins gengið hjer eftir. Hvorki jeg eða aðrir eru neitt of góðir til að gera slíkt fyrir sveitarfjelagið án endurgjalds, sjerstaklega þegar tillit er tekið til þess, að það er ekki hægt að skylda neinn mann til slíkra starfa nema um ákveðið árabil. Jeg veit, að menn hljóta að kannast við það, — og jeg skírskota til hv. þm. Mýr., sem lengi hefir starfað í sveitarmálum, að það er ekki mest verkið fyrir hreppsnefnd að jafna niður, sem auðvitað þarf þó að gera með mikilli samviskusemi. Jeg byggi það

á mínum kunnugleika á þessum málum, að jeg tel niðurjöfnunarstarf hreppsnefnda vera það minsta. Viðskifti við hreppa út á við, fjallskil og ómagaframfærsla eru aðalverk hreppsnefnda. Fyrir það fá þær enga borgun. Það er aðeins fyrir þetta eina starf, sem jeg hefi áður bent á, að ekki er það umfangsmesta, sem hv. minni hl. leggur það til, að þeir megi ekki fá 5 kr. á dag. Þótt máske dálítið rjettlæti felist í till. þessari, get jeg ekki fallist á hana, sjerstaklega af því, að hreppsnefndir starfa að öðru leyti kauplaust.

Þá kem jeg að því atriði, sem talsvert greinir á um, en það eru útsvarskærurnar. Það á að skjóta þeim til yfirskattanefndar eftir frv. Jeg fyrir mitt leyti er ákvæði þessu algerlega mótfallinn. Það er af því, að ef maður á að slá því föstu, að betur sjái augu en auga, þá er að minnast þess, að í sýslunefnd sitja jafnmargir menn og hreppar í sýslunni, og einum betur. Við verðum þó að vænta fyrst og fremst meiri kunnugleika og meira rjettdæmis í því, sem fleiri menn fjalla um, heldur en það verði aðeins skattanefndirnar, sem allan kunnugleika brestur, nema að því leyti er þeir sjá af skattaskýrslunum.

Jeg get sannað það fullkomlega með því að draga skjal hjer upp úr skúffunni, að ein skattanefnd á landi hjer hefir mælst til þess við stjórnarráðið, að það fengi lögákveðin einhver sektarákvæði gagnvart þeim, sem leyfa sjer að koma með kærur, sem yfirskattanefnd telur ekki rjettmætar. Með öðrum orðum, ef maður fær ekki leiðrjetting mála sinna hjá nefndinni, þá á að sekta hann. Undir dóm þessarar nefndar á að leggja útsvarskærur, sem jeg skal raunar viðurkenna, að eru mikið að minka frá því sem var. Áður voru menn að kæra út af 2—3 krónum, og fóru oft langar leiðir til þess að fá leiðrjettingu. Nú hafa menn sjeð, að slíkar umkvartanir voru svo lítils verðar, að slíkt hefir alveg fallið úr sögunni í seinni tíð.

Þá get jeg ekki fallist á, að neitt sje betra að hafa tvo gjalddaga fyrir útsvörin. Jeg er sannfærður um, að það er verra. Geti einhver ekki borgað alt útsvarið í einu, þá er jeg viss um, að engin hreppsnefnd mun ganga harðara að hlutaðeiganda fyrir því, og að vinsamlegt samkomulag geti orðið um greiðslufrest.

Löggjöf sem þessi, sem jafnvíðtæk verður í framkvæmdinni, hún á að vera sem allra einföldust og ljettust í vöfum. Hv. frsm. sagði í því sambandi, að hann hefði búist við, að einhverjir væru óánægðir með niðurjöfnun í maí, og að atvinnumálaráðuneytið hefði heimild til, ef ástæða þætti, að ákveða niðurjöfnun seinna á árinu. Hvenær þá? Það er ótiltekið. En að það fari fram seinna, er engin bót í máli, nema þá um mánaðamótin okt. og nóv. Nú vil jeg skjóta því til hæstv. atvrh., sem jeg treysti vel bæði í þessu máli og öðrum, hvort hann myndi geta samþ., að niðurjöfnun færi fram um mánaðamótin okt. og nóv. Í annan stað vil jeg spyrja hann, hvaða viðurlög eru fyrir því, ef hreppsnefnd skeytir ekkert um lögin og jafnar niður þegar henni sýnist. „Þá eru líklega sektarákvæði,“ segir einn háttv. deildarmanna. Það má nú vera; en væri ekki öllu vissara að setja slík sektarákvæði í frv.? *(PO*: Ætli það hafi ekki verið sjeð fyrir þeim á einum stað?). Það er skylda nefndarinnar að hafa slík ákvæði þar, sem þau eiga að vera.

Jeg vil beina þeirri ósk til háttv. nefndar, þótt hún hafi gert, að því sem hún

álítur, hið besta gagnvart frv., að hún taki það til rækilegrar íhugunar til 3. umr. Jeg vil ennfremur beina þeirri áskorun og ósk til hæstv. atvrh., ef hann sjer sjer fært, að breyta því ákvæði frv., að reikningsárið mætti vera fardagaárið.

Í 6. gr. er smávægilegt ákvæði um það, að útsvar skuli vera minst 5 kr. Sveitarstjórnarlöggjöfin, sem nú er, hefir staðið milli 20 og 30 ár, og það hefir ekki verið farið enn svo langt inn á svið hreppsnefnda, að ákveða þetta með lögum. Jeg hygg óþarft að efast um, að hreppsnefndir hafi jafnað niður eftir efnum og ástæðum af bestu samvisku, og þess vegna tel jeg óþarft að lögbjóða neitt um þetta.

Jeg vil svo enda mál mitt með því að þakka nefndinni það, sem hún hefir gert til að bæta frv. Jafnframt verð jeg að lýsa því yfir, að þegar frv. um þetta efni var í meðferð í fyrra, var jeg með till. um að vísa því til stjórnarinnar. En jeg byggði á því, að hæstv. atvrh. myndi sjálfur vinna mest að málinu, því að honum treysti jeg til að hafa bestan kunnugleika í þessum efnum, sjerstaklega að því er snertir sveitirnar.

Það er sá rauði þráður í frv., að það er frekar sniðið við hæfi kaupstaða en sveita. Og væri frv. samþ. eins og það nú liggur fyrir, þá tel jeg það óhæft hjer um bil í alla staði.

Jeg get aldrei þakkað honum nógsamlega fyrir þessa viðleitni, en jeg vil ávíta hann fyrir að hafa ekki treyst sjer til að koma með nema 9 brtt.

Þann mismun, sem gerður er á landvinnu og sjávarvinnu, kann jeg ekki vel við, en það stefnir þó í rjetta átt, að heimilissveitin njóti sem mests af því, sem hver og einn vinnur sjer inn. En jeg er hv. meiri hl. nefndarinnar ósammála hvað snertir álit hans um atvinnusveit og heimilissveit. Um leið og atvinnusveitin á að fá tekjur, ætti hún að hafa einhverjar skyldur gagnvart gjaldendum, en þær hefir hún engar. Skyldurnar hvíla allar á heimilissveitinni. Ef maður verður veikur í atvinnusveit, kemur það á heimilissveit að sjá fyrir honum, ef hann á annað borð getur það ekki sjálfur. Jeg álít því rjettast, að megnið af útsvarinu falli í skaut heimilissveitarinnar.

Jeg kann mjög illa við það nafn á hreppsnefndum til sveita, sem notað er í frv., og mælist jeg til, að hv. nefnd lagi það. Skal jeg svo láta máli mínu lokið að þessu sinni.

Klemens Jónsson: Jeg skal ekki þreyta hv. þm. með langri ræðu. Jeg geri ráð fyrir, að þeim sjeu farnar að leiðast þessar löngu umræður, en hinsvegar ber að því að gæta, að þetta er afarmikilsvert mál, sem ekki má kasta höndunum til að afgreiða. Því fremur get jeg verið stuttorður, sem hæstv. atvrh. og hv. nefnd hafa tekið vel í mínar brtt. En það var háttv. þm. Mýr. (PÞ), sem fyrsta daginn, þegar þetta mál var hjer til umræðu, mintist á tvö atriði í minni ræðu. Hann tók það fram, að jeg mundi hafa misskilið brtt. hv. 2. þm. Reykv. (JBald) við 6. gr., og sama hefi jeg heyrt úr annari átt, að hv. 2. þm. Reykv. leggi aðra meiningu í sína brtt. en jeg geri, en jeg held nú samt, að jeg hafi skilið hana rjett.

Mín meining er sú, að það megi ekki leggja útsvar *bæði* á fjelag *og* fjelagsmenn út af arði þeirra af fjelaginu. En þetta finst mjer ekki koma nógu nákvæmlega fram í 6. gr., eins og hún var orðuð, enda er berlega gert ráð fyrir því í greinargerðinni, að svo geti farið, að tvívegis sje lagt á sömu mennina. Þar stendur: ..... Það er hjer sjerstök ástæða til

að taka niðurjöfnunarnefnd *vara* fyrir að leggja tvisvar á sömu eign og sömu tekjur, svo framarlega sem aðiljar gera glögga grein fyrir þessum atriðum.“ Ef ekki er gerð glögg grein fyrir þessu, verður lagt tvisvar á sömu mennina.

Setjum nú svo, að lagt sje á hlutafjelag, sem er heimilisfast hjer. Nú á þetta fjelag kannske meðlimi úti um alt land. Verður það þá að skýra þeim öllum frá því, að búið sje að leggja á það, eða eiga hluthafarnir sjálfir að útvega sjer skírteini? Annaðhvort verður að eiga sjer stað, til þess að þeir sleppi við að borga líka. Nú lít jeg svo á, að í 6. gr. sje sett aðalregla fyrir því, hverjir sjeu útsvarsskyldir. En þar stendur fyrst: „..... Útsvarsskyldir eru allir *einstaklingar*“ o. s. frv., og ennfremur: „útsvarsskyld eru *öll fjelög*, með allri þeirri *getu*, sem þau hafa.

Þannig álít jeg, að megi skilja þetta, og svona skildi jeg það og með þessum skilningi greiði jeg atkvæði með tillögu hv. 2. þm. Reykv. Þyki þetta ekki nógu skýrt, vil jeg skjóta því til hæstv. atvrh. og hv. nefndar að athuga til næstu umr., hvernig orða beri greinina, svo að það komi ótvírætt í ljós, að ekki verði lagt bæði á fjelög og fjelagsmenn. Skil jeg ekki annað en að það megi takast.

Jeg skal ekki halda því fram, að þessi skilningur minn sje óyggjandi, en hinsvegar finst mjer hann vel geta staðist.

Þá vil jeg drepa á eitt atriði í 17. gr., um að konur geti skorast undan kosningu. Jeg vil aðhyllast þá brtt., sem komið hefir fram um þetta. Ef konur ekki treysta sjer til að gegna skyldunum, verða þær að missa rjettindin, því að þetta tvent verður að fylgjast að.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal ekki vera langorður. Það eru þegar flestir hv. þdm. farnir og uggir mig, að ekki verði helmingur þeirra við, þegar á að fara að greiða atkvæði.

Mjer skildist á háttv. þm. Mýr., að hann væri sár við mig út af ummælum mínum um brtt. hans. Mjer fanst jeg ekki viðhafa nein sterk orð, en jeg ljet í ljós álit mitt á brtt. hans og að jeg væri andvígur þeim, en til þess hefi jeg fullan rjett, engu síður en hann hefir rjett til að finna að frv. mínu. Jeg viðurkenni því ekki, að jeg hafi tekið brtt. hans óvinsamlega, en jeg benti honum á, að þær væru flóknar og ruglingslegar. Þetta hefir hann viðurkent með því að taka þær aftur og koma með aðrar nýjar. Þetta er sem sje 3. útgáfan af brtt. hans, endurbætt, en ekki aukin, því að margar hefir hann tekið aftur. Vona jeg svo, að mál þetta verði ekki fleiri daga til umræðu, því að jeg er ekki viss um nema hv. þm. Mýr. kæmi þá með 4. útgáfuna.

Jeg ljet í ljós undrun mína yfir hinu nána sambandi, sem hann taldi vera milli brtt. sinna — að ekki væri hægt annað en samþykkja annaðhvort allar eða enga. Jeg skifti brtt. hv. þm. í flokka og áleit, að hægt væri að fella eða samþykkja hvorn flokkinn fyrir sig, og virtist mjer hann viðurkenna þetta í dag. Sje jeg því ekki annað en að hv. þm. hafi farið eftir aðfinslum mínum og sýnt það í verkinu, að þær voru rjettmætar.

Hann sagði það kost á hundraðstölunni, sem hann vill finna út, að hægt sje að hækka hana og lækka, eftir því sem við á. Þetta sýnir, að það er engin trygging fengin með henni. Þá sagði háttv. þm., að það væri skakt í frv., að taka mætti

tillit til áhættu atvinnuveganna, af því að, áhættan væri þá hjá liðin. Þetta er algerlega rangt hjá hv. þm. Það er hættan framundan, sem taka verður tillit til. Og einmitt á að taka tillit til hennar í skatti, sem jafnað er eftir efnum og ástæðum. Háttv. þm. sagði, að tryggja þyrfti bæði atvinnusveit og heimilissveit, en í frv. væri gengið lengra í því að tryggja heimilissveitina. Jeg vildi tryggja hvoratveggja jafnt, en 3. aðilinn, sem þarf að tryggja, eru gjaldendur, og mörg ákvæði frv. miða að því að tryggja þá. Það hefir einmitt verið höfuðgallinn á útsvarslöggjöfinni, að gjaldendur hafa ekki verið nægilega tryggðir. Mörg ákvæði, sem hv. þm. heldur að sjeu til þess að tryggja heimilissveitina, miða í raun og veru að því að tryggja gjaldendur.

Þá held jeg, að jeg þurfi ekki að svara þessum hv. þm. fleiru. Hans brtt. eru ekki nýjar; hann hefir felt niður brtt., en ekki bætt nýjum við.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. Reykv. (J-Bald). Hann spurði, hvort ekki væri hætta á því eftir frv., að sú regla yrði tekin upp eftirleiðis, að hætt væri að leggja á fjelög og aðeins lagt á einstaklinga. Jeg álít á því enga hættu. Báðir aðiljar eru útsvarsskyldir. Annars breytir þessi brtt. hans ekki frv. Hann er þeirrar skoðunar, að ekki megi leggja bæði á fjelög og einstaka menn, en eftir frv., eins og það er frá mjer, yrði það alls ekki gert. Þetta ákvæði, sem hv. 2. þm. Reykv. vill nema burtu, er því sett sem varúðarregla, og eins og háttv. 2. þm. Rang. vjek að, er skilyrðið fyrir notkun þess það, að gjaldendur gefi nægar upplýsingar sjálfir.

Þá vil jeg segja hv. 2. þm. Reykv. það, að það er af ókunnugleika í atvinnumálaráðuneytinu, ef hann heldur, að atvinnumálaráðherra færi að skifta sjer mikið af útsvarskærum. Hann hefir heimild til þess, en honum mundi aldrei detta í hug að gera mikið að því. Slík mál eru afgreidd eftir föstum reglum, og verður því hreinasta skrifstofuverk, er skrifstofustjóri annast. Ef hv. 2. þm. Reykv. vill ekki trúa þessu, þá heldur hann bara fram sinni brtt., og svo sker atkvgr. úr.

Þá var hv. þm. Barð. (HK) mjög argur yfir frv. og finnur á því marga og mikla galla. Jeg er honum auðvitað þakklátur fyrir vinsamleg ummæli í minn garð persónulega, en jeg get varla tekið þau til mín, vegna viðbótarinnar. Hann segir, að jeg sje ekki höfundur frv. Rjett er það, jeg hefi ekki sett það í letur, en jeg hefi verið með í ráðum um samning þess og er samþykkur öllum ákvæðum þess. Annars finst mjer ekki ástæða til að fara að tala um þau atriði, sem hann er óánægður með, en hefir ekki komið með neinar brtt. við. Hann áleit skattskýrslurnar aðalgrundvöllinn. Ekki er svo sagt í frv., en niðurjöfnunarnefnd á að hafa þær til hliðsjónar. Sjeu þær rangar, á hún ekki að fara eftir þeim.

Annars verð jeg að segja það, að hv. þm. Barð. miðar sína andstöðu gegn þessu frv. við alveg sjerstakar ástæður, sem jeg veit hverjar eru, og get sagt honum, ef hann vill.

Þá get jeg ekki sjeð, af hverju hv. þm. er því svo mótfallinn að hafa reikningsárið almanaksárið. Flestar hreppsnefndir eru þó sammála mjer. Jeg get ekki sjeð, að það sje ósanngjarnt að taka upp í löggjöfina vilja meiri hlutans. *(HK*: Það er enginn þjóðarmeirihluti fram kominn).

Þá taldi hann þóknunina til skattanefndarmanna ósanngjarna. En hún er þannig til komin, að jeg bjóst við, að á næsta þingi kæmi fram frv., sem ákvæði hreppsnefndum þóknun fyrir störf sín,

Það heyrast sterkar raddir um, að það þurfi að minsta kosti að bæta laun oddvita, því að þau hafa staðið óhreyfð síðan 1905.

Hv. þm. spurði, hvort jeg mundi leyfa niðurjöfnun í október—nóvember, ef hreppsnefnd sýndi mjer fram á nauðsynina til þess að gera það. Jeg get ómögulega skilið, að það sje ekki gerlegt fyrir hreppsnefndina að jafna niður á tímabilinu 1. janúar—1. júlí, en ef svo gæti staðið á í einstökum tilfellum, mundi jeg auðvitað ekki setja mig upp á móti því.

Þá var hv. þm. Barð. illa við nafnið niðurjöfnunarnefnd, og vill heldur halda hreppsnefndarnafninu. En sje honum þetta jafnmikið áhugamál og hann lætur, ætti hann að koma með brtt.

Ástæðan til þess, að þetta nafn var tekið upp í frv., var sú, að losast við það að vera altaf að nota jöfnum höndum í frv. niðurjöfnunarnefnd og hreppsnefnd.

Hinsvegar mun það verða svo í reyndinni, þó frv. þetta verði að lögum, að hreppsnefndin missir ekki sitt forna heiti. *(HK*: Jú, jú). Hún mun áreiðanlega halda áfram að heita hreppsnefnd og verða kölluð það í daglegu tali, þó hún nefnist niðurjöfnunarnefnd þessa tvo eða þrjá daga á ári, sem hún er að jafna niður útsvörunum.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Þar sem umræðan hefir nú staðið í fjóra daga og menn eru eðlilega þreyttir orðnir, en hinsvegar nauðsyn á því, til þess að málið gangi fram, að þessari umr. verði lokið á þessum fundi, þá mun jeg, þótt jeg að vísu hafi ærna ástæðu til að svara nokkrum hv. þdm., sem veist hafa að frv. og brtt. nefndarinnar á þessum fundi, einkanlega hv. þm. Mýr. (PÞ) og hv. þm. Barð. (HK), láta það hjá líða að þessu sinni. Mun jeg fresta því til 3. umr. að drepa á það, sem máli skifti í ræðum þeirra.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 18:1 atkv.

Brtt. 156,1.a feld með 14:9 atkv.

— 169,1 samþ. með 20:1 atkv.

— 156,1.b tekin aftur.

— 134,1 feld með 17:3 atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 183,1.a feld með 14:9 atkv.

— 183,1.b feld með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BSt, HK, JakM, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ.

nei: BL, HStef, IngB, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, PO, ÞórJ, ÁJ, BSv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 183,1.c feld með 16:7 atkv.

4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 183,1.d feld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, BSt, JakM, PÞ, SigurjJ.

nei: ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HStef, HK, IngB, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, MG, MJ, MT, PO, BSv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 156,2 feld með 15:3 atkv.

— 134,2 feld með 14:4 atkv.

— 183,2.a samþ. með 14:7 atkv.

— 156,3 feld með 16:5 atkv.

— 183,2.b feld með 14:9 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 156,4 tekin aftur.

7. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 124,1 tekin aftur.
— 183,3.a feld með 13:8 atkv.
— 124,2 samþ. með 17:3 atkv.
— 183,3.b sjálffallin.
— 156,5 tekin aftur.
— 183,3.c feld með 14:6 atkv.
— 183,3.d feld með 18:4 atkv.
— 156,6 tekin aftur.
— 183,3.e.α feld með 15:5 atkv.
— 183,3.e.β tekin aftur.

8. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 124,3.a samþ. án atkvgr.
— 183,4 tekin aftur.
— 124,3.b samþ. án atkvgr.
— 125 feld með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁÁ, BL, HK, JakM, JAJ, JS, KlJ, MT, PO, SigurjJ, ÞórJ, BSv.

nei: BSt, HStef, IngB, JBald, JK, JÞ, JörB, MG, MJ, PÞ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 124,3.c samþ. með 17:4 atkv.
— 124,3.d samþ. með 16:2 atkv.

9. gr., svo breytt, samþ. með 16:2 atkv.

Brtt. 183,5 tekin aftur.
— 124,4.a samþ. án atkvgr.
— 124,4.b samþ. án atkvgr.

10. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 124,5 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 183,6 tekin aftur.

11. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 183,7 tekin aftur.
— 124,6.a samþ. með 14:7 atkv.
— 124,6.b samþ. án atkvgr.

12. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

13.—15. gr. samþ. með 16:1 atkv.

Brtt. 183,8.a samþ. með 14:9 atkv.
Brtt. 124,7.a sjálffallin.
— 183,8.b feld með 13:11 atkv.
— 124,7.b samþ. með 16:4 atkv.

16. gr., svo breytt, samþ. með 17:3 atkv.

Brtt. 183,8.c sjálffallin.
— 134,3 feld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KlJ, MJ, MT, ÞórJ, HK, JakM, JBald.

nei: MG, PO, PÞ, SigurjJ, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÁJ, ÁÁ, BSt, BL, HStef, IngB, JAJ, JK, JS, JÞ, JörB, BSv.

Tveir þm. (BJ, ÓTh) fjarstaddir.

17.—20. gr. samþ. með 15:1 atkv.

Brtt. 124,8 samþ. með 19:1 atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 154 samþ. með 18:1 atkv.
— 169,2 samþ. með 18 shlj. atkv.

22. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 134,4 feld með 16:5 atkv.

23. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 134,5 feld með 13:5 atkv.

24. gr. samþ. með 14:2 atkv.

25. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 134,6 sjálffallin.

26. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 124,9 samþ. með 19:1 atkv.

27. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

28. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 183,9 tekin aftur.

29. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

30.—35. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv., kaflaskifting og fyrirsagnir kaflanna samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Á 48. og 53. fundi í Nd., dögana 8. og 14. apríl, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 55. fundi í Nd., föstudaginn 16. apríl, var frv. enn tekið til 3. umr. (A. 188, 216, 226, 284, 287, 288, 296, 328, 334, 352, 361, 362, 363).

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 352, 361, 362 og 363). — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Það er nú liðinn alllangur tími frá 2. umr. þessa máls. Hefir háttv. deildarmönnum því gefist kostur á að athuga málið nákvæmlega, enda hafa nú komið fram brtt. á 9 þskj. Og svo bar við, að tveimur þeirra var ekki útbýtt fyr en á þeim sama fundi og málið átti að koma til umræðu; sakir þess var það tekið út af dagskrá hjerna á dögunum.

Skal jeg þá minnast nokkrum orðum á brtt. nefndarinnar. Eru þá fyrst brtt. á þskj. 287.

Við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni var felt niður það ákvæði 16. gr. frv., að einn maður úr skattanefnd skyldi starfa með niðurjöfnunarnefnd, en þess var ekki gætt þá, að í 1. gr. frv. var ákvæði í sambandi við þetta. Fyrsta brtt. nefndarinnar er því að fella niður úr 1. gr. orðin: „ásamt tilkvöddum skattanefndarmanni".

Þá er 2. brtt. nefndarinnar, við 8. gr. frv. Hún var tekin aftur við 2. umr., af því að hæstv. atvrh. mæltist til þess; þótti hún ekki nægilega skýrt orðuð. Brtt. þessi snertir ákvæðið um útsvarsálagningu á heimilislausa menn, sem lögskráðir eru á skip. Eftir frv. er talið vafasamt, að leggja megi útsvar á slíka menn, ef þeir eru lögskráðir á færeysk eða dönsk skip, því að ákvæði frv. um þetta atriði er á þá leið, að þar skuli leggja á slíka menn, sem eigandi skips eða útgerðarmaður á heimili. Úr þessu er bætt með brtt. þessari. Þar er svo ákveðið, að leggja skuli á þá í útgerðarstað skips hjer á landi, ef eigandinn er útlendur.

Þá er enn brtt. frá nefndinni. Hún er á þskj. 296 og gengur í þá átt, að inn í ákvæði 9. gr., þar sem rætt er um skiftingu útsvara á milli sveita, skuli bæta orðinu „verslun". Eftir frv. eins og það er nú er ekki heimilt að leggja útsvar á verslunarrekstur, sem rekinn er skemur en 8 vikur, en nefndinni fanst sanngjarnt, að um slíkan verslunarrekstur giltu sömu ákvæði og t. d. um síldarkaup, og það því fremur, sem hliðstætt ákvæði er í gildandi lögum.

Þá er 2. brtt. nefndarinnar á þskj. 296, við 30. gr. frv. Hún er í nánu sambandi við brtt. á þskj. 284, frá hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Brtt. hans fer fram á, að mánaðarlegir dráttarvextir útsvara sjeu lækkaðir úr 1% niður í ½%. Nefndin er þessum háttv. þm. sammála um, að það sje ef til vill of hátt að taka 1% mánaðarlega í dráttarvexti, eða sem samsvarar 12% á ári. En hinsvegar virðist henni ekki fært að lækka þetta til helminga, því að hún telur með því ekki nægilegt aðhald fengið fyrir greiðslu útsvara í tæka tíð. Vill nefndin því til samkomulags setja þessa dráttarvexti ¾% fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði, sem líður frá gjalddaga, uns gjaldið er greitt.

Þó jeg ætli ekki að tala um brtt. einstakra þm., fyr en þeir hafa gert grein fyrir þeim, þá vil jeg þó taka það hjer fram, að nefndin fellst á tvær fyrstu brtt. háttv. 2. þm. Rang. á þskj. 284. Henni finst það ákvæði 6. gr. frv., sem mest var um deilt við 2. umr., koma skýrar fram eins og það er orðað í brtt. háttv. þm.

Enda er skýringin alveg hliðstæð skilningi nefndarinnar á ákvæðinu.

Þá er hin brtt. líka til skýringar. Hún er við 27. gr. frv. og hljóðar svo: „Eigi getur gjaldandi vegna kæru eða áfrýjunar losast undan að greiða útsvarið á ákveðnum gjalddaga, en verði það fært niður, skal mismunurinn endurgreiddur honum.“ Nefndin hafði líka lagt þennan skilning í þetta ákvæði frv., en telur skýrara, að það komi svona fram. Fellst hún því á þessa brtt.

Þá á nefndin enn brtt. á þskj. 328, við 6. gr. Er það heimild fyrir atvinnumálaráðherra að undanþiggja útsvari björgunarstarfsemi á sjó, hvort heldur einstaklingar eða fjelög reka hana.

Það var eftir tilmælum sjávarútvegsnefnda, að allshn. tók upp þessa breytingu. Eins og kunnugt er, hefir björgunarskip verið hjer við land mörg undanfarin ár, og hefir haft mikið að gera og oft komið að góðum notum. En svo hvarf skip þetta hjeðan mjög skyndilega, og eftir því, sem frá hefir verið skýrt, mun orsökin hafa verið ósamkomulag við Reykjavíkurbæ út af útsvarsgreiðslu.

Menn þeir, sem töluðu við allshn. um þetta, töldu mjög þýðingarmikið að hafa björgunarskip hjer við land. Meðal annars sökum þess, að vátryggingargjöld skipa myndu hækka, ef hjer væri ekki björgunarstarfsemi. Til þess að koma í veg fyrir þetta, er brtt. þessi fram komin. Annars býst jeg við, að einhver úr sjútvn. geri frekari grein fyrir þessu.

Þá vil jeg gera lítilsháttar grein fyrir brtt. á þskj. 288, sem jeg er flm. að ásamt fjórum háttv. deildarmönnum. Till. þessi er um það, að útgerðarmaður sá, sem leggur afla á land utan heimilissveitar sinnar samfleytt fjórar vikur af gjaldárinu, skuli því aðeins útsvarsskyldur, að hann láti sjálfur fullverka aflann á staðnum. Eins og mönnum mun kunnugt, er aðalstefna frv. þessa sú, að draga úr heimildinni til að leggja útsvör á menn utan heimilissveitar þeirra. En eins og jeg benti á við 2. umr. þessa máls hjer í deildinni, er ein undantekning frá þessu, og hún er einmitt fólgin í þessu ákvæði frv., þegar afli er lagður á land samtals mánaðartíma. Aðeins í þessu eina tilfelli er útsvarsskyldan færð út frá því, sem hún er í gildandi lögum.

Okkur flm. þessarar brtt. finst þetta mjög varhugavert atriði, því að það kemur niður á atvinnurekstri manna einmitt á þeim stöðum, þar sem aðstaða er til að leggja á hann ýmsa aðra þungbæra skatta. Að það sje mjög varhugavert að færa útsvarslöggjöfina út að þessu leyti, er hægt að sanna með skýrslum, sem liggja fyrir um kjör þau, er útvegsmenn eiga við að búa í verstöðvum víðsvegar um landið.

Við flm. brtt. á þskj. 288 viljum, að útsvarsskyldan í þessu tilfelli sje bundin því skilyrði, að jafnframt því, sem aflinn er lagður á land, þá sje hann einnig verkaður þar, því að þá er töluvert öðru máli að gegna. Þá er um að ræða atvinnurekstur um lengri tíma. Jafnframt hefir það í för með sjer aukna notkun mannvirkja á staðnum, svo sem vega, fiskreita o. fl.

Jeg vænti nú, að háttv. deildarmenn geti verið sammála um, að hjer sje um nauðsynlega og sanngjarna tillögu að ræða, eins og nú er ástatt um kjör margra útvegsmanna úti um land, sem neyddir eru til að nota uppsátur eða viðlegu utan heimilis síns.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar nú. Og jeg geymi að gera grein

fyrir aðstöðu nefndarinnar til brtt. einstakra þm. þangað til síðar.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla aðeins að minnast stuttlega á brtt. mínar á þskj. 216.

Fyrsta brtt. mín, við 7. gr., er aðeins orðabreyting, til þess að það komi skýrara fram, undir hvaða kringumstæðum leggja eigi útsvar á með tilliti til dvalartíma, en ekki eftir efnum og ástæðum.

Önnur brtt., við 9. gr., er sömuleiðis orðabreyting til skýrari framsetningar.

Í upphafi 9. gr. er sú höfuðregla sett, að þar í sveit skuli útsvar gjalda, sem það er lagt á. En svo kemur undanþáguboðun með þessum orðum: „Þó skal skifta útsvari milli sveita", — og undantekningarnar svo taldar upp í 4 liðum á eftir.

Annar málsliður 1. töluliðs byrjar svo aftur á sömu undanþáguboðun: „Þó skal skifta útsvari." — Þegar maður les þetta á síðari staðnum, finst manni það koma eins og fjandinn úr sauðarleggnum, en með því að lesa áfram má þó skilja, að þessi síðasta undanþága á aðeins við mismunandi tímalengd, en það skilst ekki fyr en búið er að lesa liðinn til enda. Hjá þessari tvíræðu og óviðfeldnu framsetningu má komast með þeirri framsetningu, sem brtt. mín á þskj. 216 leggur til. Ef til vill mætti til skýringar bæta við c.-lið, sem endar þannig: „þótt skemur sje rekið" — að bæta þar við: „en 4 vikur." Jeg álít þó, að þess þurfi ekki, en mjer hefir verið bent á, að það væri skýrara, og get jeg fallist á það, og vilji hæstv. forseti taka við skriflegri brtt. í þá átt, mun jeg koma fram með hana.

Þá er 3. brtt., við 9. gr. Hún var rædd hjer í háttv. deild við 2. umr. og vel tekið, en þá var hún borin fram við 8. gr., en nú við 9. gr. Sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um hana nú.

Þá er 4. og síðasta brtt., við 10. gr. Hún er bygð á því, að heimilissveit gjaldþegns á fyrsta rjettinn til þess að fá útsvar hans, því að á henni hvíla allar aðalskyldurnar við gjaldþegn. Brtt. fer því fram á það, að lágmarkshluti heimilissveitar sje bundinn við ½ en ekki ⅓, eins og í frv. stendur. Þetta er í rauninni lítill munur, en þó mundi þessi brtt. heldur draga út annmörkunum, sem af skiftingunni stafa, á þann hátt, að í færri tilfellum en áður þyrfti að skifta útsvari.

Hákon Kristófersson: Jeg gat þess við 2. umr. þessa máls, að jeg mundi leitast við að koma fram með brtt. við 3. umr. Jeg skal taka það fram, að mjer var það þegar ljóst, að þótt jeg vildi koma með ítarlegar brtt. við frv., þá er aðstaða mín svo ólík aðstöðu háttv. nefndar, sem haft hefir málið til meðferðar langan tíma og þar af leiðandi þrauthugsað tillögur sínar, að mínar brtt. gætu aldrei orðið eins mikils grundvallarlegs eðlis og jeg hefði viljað. T. d. hefði jeg viljað fella niður þá ákvörðun frv., er jeg tel einna versta, að reikningsár sveita skuli vera almanaksárið. Jeg verð því að sætta mig við það, þótt svo verði sagt, að færri rök hafi verið færð fram fyrir brtt. mínum og ekki svo vandað til þeirra sem skyldi. Þær miða þó allar í þá átt að gera frv. auðveldara í meðförum og framkvæmd.

Brtt. mínar eru á 2 skjölum, 334 og 352. Jeg hafði fyrst samið brtt. á þskj. 334, en við nánari athugun og með ráðum góðra manna komst jeg að þeirri niðurstöðu, að samræmis vegna þyrfti einnig brtt. við 9. og 10. gr.

Að gefnu tilefni skal jeg geta þess, að það var af gleymsku eða athugaleysi, að jeg legg til á þskj. 334, að 24. gr. frv. falli niður. Sú till. var feld hjer við 2.

umr., og mun því efasamt, hvort hún getur komið til atkv. Því vil jeg samt skjóta til úrskurðar hæstv. forseta. Falli úrskurður hans í þá átt, að brtt. þessi geti ekki þingskapa vegna komist að, neyðist jeg til að taka hana aftur.

Þá skal jeg snúa mjer að brtt. við 3. gr., þar sem eru þau ákvæði, að útsvör megi aldrei nema meira en meðaltali útsvara í sveitinni 3 síðustu árin, nema „sýslunefnd veiti hreppsnefndum til þess samþykki sitt, en atvinnumálaráðherra bæjarstjórnum.“ Þetta ákvæði er gamalt, og mætti ef til vill segja, að það hefði mátt sætta sig við það. En óhætt mun að fullyrða það, að slík ákvæði sem þessi voru ef til vill nauðsynlegri fyrir rúmum 20 árum en nú, ef það hefir þá nokkurntíma verið nauðsynlegt, sem jeg tel líklegast. Hreppsnefndir eru nú orðnar svo vanar sveitarstjórnarmálum, að það segir sig sjálft, að þær leggja engin aukagjöld á, nema brýn nauðsyn krefji. Jeg legg því til, að þessu ákvæði verði breytt þannig að í stað sýslunefnda og bæjarstjórna verði lögmætir borgarafundir að samþykkja slíka hækkun útsvara. Fæ jeg ekki betur sjeð en fullkomin sanngirni mæli með samþ. þessarar tillögu, hvernig sem á er litið. Jeg skal ekki deila neitt um þetta atriði; það er öllum svo ljóst, að óþarfi er að skýra það frekar.

Þá er b.-liður brtt., að í stað „stjórnarvalda“ komi „aðilja“. Það er aðeins nauðsynleg leiðrjetting, ef a.-liðurinn verður samþyktur.

Þá er 2. brtt., við 5. gr., sem jeg legg til, að falli niður. Eins og jeg hefi áður bent á, er greinin algerlega óþörf. Um það efni, sem greinin ræðir um, hefir aldrei nein óánægja átt sjer stað. Og mjer vitanlega hafa hvergi komið fram óskir um sjerstök framtöl til útsvarsálagningar, enda mundu slík lagaboð, þó samþ. verði, aðeins verða pappírslög. Þessi grein gæti átt við um framtal til skatts, en um framtal til útsvars er hún alveg óþörf. Jeg býst og við því, að hv. þdm. viti, að framtal er svo á reiki, að á því er í rauninni ekkert græðandi; það er enginn grundvöllur til þess að byggja á. En þeir, sem hafa óbifanlega trú á slíkum skýrslum, geta látið sjer það nægja, að trygging fyrir rjettri upptalningu er komin eða á að vera komin í skattskýrslunum.

Þá er 3. brtt., við 6. gr., og miðar hún að því að fella niður 5 króna útsvarslágmark, en láta það vera komið undir dómi niðurjöfnunarnefndar, hvaða útsvör hún álítur menn færa um að greiða.

Vitanlega getur mjer ekki verið það neitt kappsmál, hvort þessi tillaga verður samþ. eða ekki, en mjer þykir gaman að vita, hvort menn geta mælt í móti því af sanngirni, að enginn megi bera t. d. 4 kr. útsvar, þó ekki væri sanngjarnt að leggja á hann 5 kr. Atriði þetta er þess eðlis, að það er engin grundvallarröskun á frv., og er þetta svo auðskilið, að jeg skal ekki fara frekar út í það. Umkvartanir um, að hreppsnefndir rjeðu því sjálfar, hvaða menn þær telja færa um að bera útsvar, hafa ekki átt sjer stað. Óánægjan um útsvörin er um alt annað efni. En tökum t. d. fátækan hrepp. Þar geta verið 10—20 menn, sem eru færir um að bera 4—4,50 kr. útsvar, en þau útsvör gætu fallið undan eftir frv., og hreppnum orðið að því talsvert óhagræði.

Þá er 4. brtt. mín, við 8. gr. stafl. b. Þar legg jeg til, að í staðinn fyrir „laxveiði“ komi: „eignarrjettur yfir laxám“. Það má vera, að þetta sje ekki nógu ljóst orðað, og skal jeg því reyna að skýra,

hvað fyrir mjer vakir. Jeg álít, að með því fyrirkomulagi, sem nú er, megi skilja frv. svo, að ef t. d. einhver labbar upp í Elliðaár og veiðir þar með leyfi, sem hann hefir borgað fyrir, þá megi leggja á hann útsvar í þeirri sveit, þar sem áin er. En þetta getur orðið tafsamt og erfitt, jafnvel ómögulegt að ná útsvari hjá þeim mönnum, jafnvel samkv. frv. Fyrir mjer vakir það, að hægt sje að leggja útsvar á þá, sem eiga veiðirjett í ám eða vötnum, þótt ekki eigi þeir eignarrjett á jörðum í þeirri sveit. Það er sama að segja um þessa brtt. eins og hinar, að jeg legg það undir dómgreind háttv. þdm., hvort þeir vilja fallast á hana.

Þá eru 2 smávægilegar brtt. við 9. gr., önnur á þskj. 334, en hin á þskj. 352. Fyrri brtt., um að á eftir orðinu „selveiði" komi „á þilskipi", kemur til af því, að jeg vil ekki, að það misskiljist, hvað við er átt. Jeg býst við því, að hjer sje átt við Íshafsselveiði, og ef þessum orðum er bætt inn í greinina, þá leiðir það af líkum, að ekki getur verið átt við nótaveiði, sem heyrir undir leiguliðaafnot. Býst jeg við, að þessi skilningur minn sje rjettur, enda byggi jeg það á umsögn eins virðulegs manns úr allsh.

Þá eru brtt. á þskj. 352, sem eiga við 9. og 10. gr., og er seinni liðurinn aðeins til samræmis, ef hinn fyrri skyldi vera samþ. Þær miða báðar að því að koma í veg fyrir, að hægt sje að leggja tvisvar sinnum sama árið á mann, sem flyst búferlum, eða að reglurnar, sem gilt hafa um þetta, gildi áfram. Jeg hefi mikinn vilja á því að samrýma mínar skoðanir við skoðanir annara hv. þdm., en jeg get ekki sjeð, að það styðjist við neinn rjett að breyta fyrra fyrirkomulagi í þessu efni. Við skulum taka t. d., að lagt sje á mann í febrúar hæfilegt útsvar, miðað við þörf sveitarinnar og gjaldþol mannsins. Svo flyst hann í aðra sveit í júní. Ef jeg skil nú frv. rjett, þá má leggja á manninn í þeirri sveit líka, ef þar eru meiri sveitarþyngsli en í hinni sveitinni. Eins færi, ef hann flyttist í sveit, þar sem minni sveitarþyngsli væru, þá mætti hann búast við endurgreiðslu frá burtfararsveitinni. Er þá vafasamt, á hvaða grundvelli er bygt. Áður en hreppsnefndir fara að jafna niður útsvörum, gera þær altaf áætlun um allar tekjur og gjöld hreppsins yfir næsta reikningsár, og í flestum hreppum mun gjaldþol manna teygt og togað eins og framast má verða. Þetta hefir þó ekki valdið ágreiningi áður, og er betra að láta það atriði standa óhreyft, því að skiftingin verður altaf til erfiðleika.

6. brtt., við 12. gr., er í samræmi við þetta, að í staðinn fyrir niðurlag 1. málsgr. komi: „Sömu meðferð skal hafa, ef gjaldþegn á lögheimili víðar en í einni sveit."

Þá er 7. brtt., við 16. gr., sem jeg vil breyta svo, að í staðinn fyrir „sýslunefnd" komi hreppsfundir, sem boðað hefir verið til á löglegan hátt. Þessa heimild, að ákveða þóknun fyrir niðurjöfnunarstörf, vil jeg fela sveitafundum, en ekki sýslunefnd. Þetta er einkamál hverrar sveitar, eins og sjest á því, að þessari heimild verður ekki beitt nema eftir ósk úr hverjum hreppi. Jeg mintist á það við 2. umr., að jeg teldi borgun óþarfa, því að þessi kvöð hefir nú verið á mönnum áður endurgjaldslaust, og jeg álít, að minst af starfi hreppsnefnda fari í niðurjöfnun, heldur meira í annað. Og það er óþarft að launa menn bara fyrir það að sitja á niðurjöfnunarfundi, því að það tekur ekki marga daga.

Þá er 8. brtt., við 18. gr. Vil jeg, að síðasta málsgr. hennar orðist svo:

„Niðurjöfnunarnefndarmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag gjaldþegna.“

Jeg tek þarna upp orðrjett grein úr gildandi skattalöggjöf. Ef frv. verður samþykt, eiga niðurjöfnunarnefndir að komast að hinu sama um efnahag manna og skattanefndir, og eiga því að vera bundnar sömu þagnarskyldu og þær. Vona jeg, að hæstv. atvrh., allshn. og háttv. deild fallist á, að það sje rökrjett hugsun í brtt. Hinsvegar skiftir mig það engu, þótt hún sje feld. Jeg hefi gert skyldu mína, að reyna að færa þetta til betri samrýmingar.

Þá er 9. brtt., við 21. gr. Hún er lítils virði að efni og skýrir sig sjálf. Jeg legg það til, að aðalniðurjöfnun fari fram á tímabilinu janúar—maí, í stað þess, að í frv. stendur febrúar—maí. Um hana má hið sama segja og aðrar brtt. mínar, að hún er þess eðlis, að hún raskar ekki rjettargrundvelli frv., þótt hún verði samþ.

Þá kemur 10. brtt., við 22. gr., og er hún í tveim liðum. Í a.-lið legg jeg til, að orðin „eða nefndin hafi í hyggju .... borið sig saman við hann“ í fyrstu málsgrein falli burt. Þessi ákvæði eiga að falla niður. Þau eru óþörf og ótæk og eiga ekki í frv. að vera. Það getur verið háð dutlungum hverrar hreppsnefndar eða niðurjöfnunarnefndar, hvað hún eltir einn mann með álögum, svo framarlega sem þessi ákvæði frv. verða látin standa óbreytt. Við skulum taka dæmi: Nú er lagt á einhvern gjaldanda, og þegar komið er að því, að kærufrestur er úti, kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, að hækka beri á honum, en þegar hann fær að vita það, er komið alveg að því, að kærufrestur sje útrunninn, eða ef til vill liðinn, og getur hann þá ekki borið sig saman við aðra í sveitinni.

Jeg held, eins og jeg hefi tekið fram, að engar umkvartanir hafi komið fram út af gildandi löggjöf hvað þetta snertir. Það er ekki nema eðlileg afleiðing, ef a.-liðurinn verður samþ., að jeg legg til í b.-lið, að 3. málsgr. falli niður.

Þá kemur 11. brtt., við 23. gr. frv. Þetta er grundvallarbreyting á frvgr. og grundvallast á því, að jeg vil, að í stað skattanefnda komi sýslunefndir. Þó verð jeg að viðurkenna, að talsverðir agnúar eru á því að fela þetta sýslunefndum; tel jeg það þó betra en að fela það skattanefndum, því að mínu áliti mælir flest á móti þeim. Þær þurfa að koma saman sjerstaklega til að úrskurða um útsvarskærur. Þær þurfa að fá borgun fyrir ómak sitt, og verða það tugir króna og eykur það útgjöld á sýslusjóðum, og þar sem sýslunefndir koma saman árlega, geta þær firt þessum kostnaði. Ef slá má því föstu, að betur sjái augu en auga, þá er síður hætt við ónákvæmni hjá þeim en hjá 3 mönnum, eins og eru vanalega í skattanefnd. Auk þess gerir þessi grein hreppsnefndum erfiðara fyrir, eykur skriffinsku, enda virðist sá mælir aldrei verða of fullur, því að eftir greininni er skylt að láta í tje skrá yfir útsvörin.

Jeg hefi ennfremur lagt til, að úrskurði sýslunefnda verði ekki áfrýjað og að í stað sýslunefnda komi í kaupstöðum bæjarstjórnir. Jeg hefi heyrt það borið á móti till. minni, að bæjarstjórnir sjeu frekar hlutdrægar en skattanefndir, en valinkunnir menn býst jeg við, að sjeu valdir í bæjarstjórnir engu síður en skattanefndir, og þess vegna þetta atriði í brtt. óhæft. Jeg held nú, að ef slíkt getur komið fyrir, geti það alveg eins átt sjer stað

með skattanefndir, og jeg sje ekki, að rökin á móti till. minni geti orðið veigameiri en það, sem mælir með henni. Jeg sleppi að sinni fleiri orðum um þessa brtt. Hún skýrir sig sjálf, og læt jeg háttv. deild um það, hvað um hana verður. Vitanlega hefi jeg ekkert vald um það.

Þá er loks 13. brtt., við 26. gr., um það, að jeg vil, að orðin „ekki má yfirskattanefnd" til enda greinarinnar falli burt. Í greininni stendur: Ekki má yfirskattanefnd eða atvinnumálaráðuneyti heldur breyta útsvari, nema svo reynist, að það hafi verið a. m. k. 10% of hátt eða of lágt.

Jeg tel þetta ákvæði óhafandi og eigi að falla niður, og eins, að kærum, sem koma eftir kærufrest, verði ekki sint. Þá býst jeg t. d. við, að það sje svo í lögum, að mismunandi refsing sje lögð við hinum ýmsu brotum, en jeg býst ekki við því, að brotið þurfi að vera svo eða svo mikið til þess að það skuli tekið til meðferðar. Og ef maður hefir fengið 2000 kr. útsvar, þá er ekki rjett að meina skattanefnd að færa útsvarið niður, ef hún álítur, að útsvarið eigi að lækka um minna en 200 kr.

Jeg vil taka það fram, að jeg hefði viljað fara ítarlegar út í að koma fram með brtt. við frv., og einkum hvað snertir fardagaárið og gjalddagann. Jeg hygg, að þar mætist röksemdirnar, og jeg held, að það sje bara verra að hafa gjalddagana tvo, og jeg þori að fullyrða, að reynsla mín í þessu efni sje fult eins trygg og dómar þeirra manna, sem hafa styttri æfingu en jeg í útsvarsálagningu og innheimtu á sveitargjöldum. En jeg get ekki verið að eltast við að koma með fleiri brtt. Bæði var það, að mig brast nægilegan tíma til þess, og svo hitt, að jeg taldi líklegt sökum þverúðar ýmsra hv. deildarmanna, að óhugsandi væri, að neinar grundvallarbreytingar á frv. yrðu samþyktar.

Hvað viðkemur nefndinni, þá býst jeg við því, að hún hafi ráðið það við sig að ljá ekki brtt. mínum liðsyrði, og það er ekki í mínu valdi að ráða við það. En eins og gefur að skilja, þá hefi jeg ekki farið ómildum orðum um þá, sem á móti þeim hafa talað. Jeg hefi stilt orðum mínum í hóf, til þess að hv. andmælendum mínum mislíkaði ekki.

Jeg býst við, að enn komi fram andmæli frá þeim, og get jeg þá látið staðar numið að sinni, en jeg mun þá ef til vill gera frekar grein fyrir brtt. mínum um leið og jeg svara þeim, sem jeg býst við, að eigi eftir að tala á móti mjer.

Klemens Jónsson: Jeg get verið stuttorðum um brtt. mínar við frv., því að hv. frsm. allshn. hefir lýst yfir því, að hún geti aðhyllst þær, eða a. m. k. tvær þeirra. Eins og hv. þm. muna, orkaði það mjög tvímælis við 2. umr., hvort orðin í 6. gr. II. 1 næðu tilgangi sínum. Það voru allir sammála um það í hv. deild, að ekki væri rjett að leggja bæði á fjelagið og fjelagsmanninn vegna eignar hans eða tekna af því. En sumir hv. þm. drógu það í efa, að þessi skilningur gæti samrýmst orðum greinarinnar, eins og þau hljóðuðu.

En úr því allir eru sammála um þetta atriði, finst mjer það vera sjálfsögð skylda þingsins að ganga svo frá þessu, að trygt væri. Það hefir oft farið svo, að þegar átt hefir að framkvæma lög Alþingis, þá hefir verið erfitt að fá einhverja meiningu út úr þeim og fljótt komið fram ýms vafaatriði. Jeg tel það því skyldu þingsins að vanda sem best löggjöfina, og einkanlega lög sem þessi, sem telja verður með þeim þýðingarmestu. Þess vegna hefi jeg

komið með þessa brtt. á þskj. 284, við 1. lið II, sem tekur af allan vafa um það, að þegar lagt er á fjelag, má ekki leggja á eign manns í fjelaginu. Hefir hv. frsm. allshn. tekið þetta til greina, og vona jeg, að ekki verði ágreiningur um þetta atriði.

2. brtt. mín er við 27. gr. frv. Hv. frsm. gat um það viðvíkjandi þessari brtt., að hið sama hefði vakað fyrir nefndinni, og hefði hún því aðhyllst hana. Jeg vil nú ekki vjefengja það, að nefndin hafi litið svona á þetta, en vafalaust gera aðrir það ekki, og ekki heldur framkvæmdarvaldið. Það er nefnilega almenn venja í borgaralegum málum, að kæra eða áfrýja í hvaða mynd sem er hefir frestandi afl, stöðvar framkvæmd þeirrar athafnar, sem kært er yfir eða áfrýjað. Ef því útsvar er kært eða útsvarskæru áfrýjað, þá er það svo eftir almennum reglum, að útsvarið er ekki krafið inn á rjettum gjalddaga, heldur þá fyrst, þegar úrskurður er fallinn. Þessari sömu skýringu hefir verið fylgt hjer í Reykjavík. Jeg kærði einu sinni útsvar mitt og áfrýjaði og fjekk ekki útsvarsseðilinn fyr en útgert var um úrskurðinn. Mjer finst, að þetta mætti ekki eiga sjer stað. Menn gætu, aðeins með því að kæra, skotið sjer undan því að greiða útsvarið í langan tíma, og eftir frestinum í frv. gætu liðið 6 mánuðir frá því að það er lagt á og þangað til úrskurður er fallinn um það í stjórnarráðinu. Ef til dæmis niðurjöfnun fer fram 15. apríl, þá er gjalddaginn þann 1. maí, en innan þess tíma getur viðkomandi kært útsvar sitt. Þarf þá niðurjöfnunarnefnd að kveða upp úrskurð sinn innan tveggja vikna. Getur þá viðkomandi áfrýjað innan 2 vikna þar frá til skattanefndar og hún kveður upp úrskurð sinn eftir tvær vikur. Eru þá liðnar 8 vikur frá því að útsvarið var lagt á. Getur nú viðkomandi enn áfrýjað til atvinnumálaráðuneytisins eftir tvo mánuði frá því að úrskurður skattanefndar fjell. Þarf svo atvinnumálaráðuneytið ekki að kveða upp úrskurð sinn fyr en eftir 2 mánuði. Það geta þannig liðið 6 mánuðir þangað til úrskurður er fallinn og útsvarið á að greiðast; það getur að vísu orðið eitthvað styttri tími, en það fer eftir því, hvað hver einstakur aðili er fljótur með úrskurð sinn. Og ef ekki væru nein föst ákvæði um það, að útsvar verði að greiða strax, enda þótt kært sje, þá gætu menn sjeð sjer hag í því að kæra og áfrýja og borga ekki útsvör sín fyr en seint og síðarmeir. Það vakti fyrir mjer, þegar jeg kom með þessa brtt., að girða fyrir sig beint með lögum, og þar sem hv. allshn. hefir fallist á það, þá vænti jeg þess, að það verði samþ. hjer í þessari hv. deild.

3. brtt. mín er um það, að í staðinn fyrir 1% komi ½%. Jeg veit, að þetta ákvæði hefir reynst sem gott aðhald við gjaldendur hjer í Reykjavík, en samt hefir það vakið mikla óánægju, og er það næsta þungbært fyrir þá menn, sem eiga erfitt með að greiða útsvar sitt á rjettum gjalddaga. Og þótt menn hafi eitthvað umleikis, getur þeim verið um megn að greiða útsvar sitt í gjalddaga, og margir, einkum embættismenn, hafa neyðst til þess að greiða útsvar sitt seinna, og hefir þeim því verið mjög tilfinnanlegt að þurfa að borga háa dráttarvexti að auki. Þess vegna kom jeg fram með brtt. um að lækka þá um helming, og var reyndar í vafa um, hvort jeg ætti ekki að fara hjer einhvern milliveg, t. d. lækka ekki nema niður í $^3/_4$. Get jeg því fallist á brtt. hv. allshn., sem einmitt fer fram á það, og gengið inn á $^3/_4$%, og tek jeg því

brtt. mína á þskj. 284 aftur og greiði atkv. með brtt. allshn.

Jeg finn ekki ástæðu til þess að minnast á brtt., sem komið hafa fram frá öðrum hv. þm. En jeg vil benda á það, að þegar um svona mikið og flókið mál er að ræða sem þetta, að þá er hætt við því, að fram komi ýmsar brtt., sem óviljandi geta raskað „principi“ og heildarsvip frv. Jeg legst því á móti mörgum brtt. einstakra hv. þm., og þótt jeg geti ekki í fljótu bragði sjeð, hvort þær muni raska nokkru, þá er jeg ekki viss um, nema svo kunni að vera.

Bernharð Stefánsson: Jeg á nokkrar brtt. við þetta frv. á þskj. 226. Eru þessar brtt. mínar í samræmi við þá skoðun, sem jeg hefi áður látið í ljós um þetta mál, og get jeg því að miklu leyti vísað til þess, sem jeg sagði um það við 2. umr. Jeg hefi haldið því fram, að frv. gangi of langt í því að skerða rjett atvinnusveitar. Jeg hefi að vísu viðurkent þörfina á því að takmarka hann að einhverju leyti og samræma ákvæðin um útsvarsskyldu, en mjer hefir samt þótt fulllangt gengið í þessu, bæði frá hendi hæstv. stjórnar og eins og málið liggur nú fyrir.

Þessar brtt., sem jeg ber fram, miða að því að fara gætilegar í þessu efni en til er stofnað í frv. Fyrsta brtt., við 8. gr., er í tveimur stafliðum; a.-liðurinn er við b.-lið 8. gr., sem jeg vil breyta þannig, að á eftir orðinu „laxveiði“ komi: selveiði. Laxveiðin var sett í b.-lið 8. gr. samkvæmt tillögum hv. allshn., þ. að í fyrstu var þetta atriði í 9. gr. En ástæðurnar til þessarar till. voru þær, að laxveiði sjeu hlunnindi, sem metin sjeu til verðs í fasteignamati. Svo er líka um selveiði, sem rekin er í ám og frá landi. Hinsvegar skal jeg viðurkenni, að rjett sje að undanskilja selveiði rekna á skipi, og var það eiginlega af vangá, að jeg aðgreindi ekki þetta eða kom með sjerstakt ákvæði um það. En um selveiði frá landi gildir hið sama og um laxveiði, og á því þetta tvent að fylgjast að. B.-liður 1. brtt. minnar er um það, að á eftir b.-lið 8. gr. komi nýr liður, sem er um það að færa efni 1. liðs 9. gr. að mestu í 8. gr., þó með þeirri breytingu, að jeg hefi bætt inn í ákvæði um verslun. Jeg sje, að hv. nefnd hefir tekið þetta atriði till. upp, svo að jeg fjölyrði ekki meira um það. Sömuleiðis hefi jeg bætt inn í frvgr. nánara ákvæði um síldaratvinnurekstur, því að hann er rekinn með fleira móti en fram er tekið í frv. Auk þess er það nýmæli í till. minni, að leggja megi á síldarafla, þótt veiðin hafi verið stunduð skemur en 4 vikur. Síldveiðunum er þannig varið, að mikil uppgrip geta verið á tiltölulega stuttum tíma, en jeg tel rjettara að miða útsvarið fremur við það, hve miklar tekjur eru af atvinnunni, heldur en við hitt, hve lengi hún er rekin. En tekjur af síldveiði geta verið eins miklar á 3 vikum eins og af annari veiði á 3 mánuðum.

Jeg vjek að því við 2. umræðu þessa máls, að skiftingu útsvaranna samkv. 9. gr. verði erfitt að framkvæma. Þessi till. mín dregur úr þessum erfiðleikum, þar sem hún leggur til, að þeim útsvörum, sem skifta á milli sveita, verði fækkað.

Mjer virðist það vera af handahófi, hvernig ákvæðunum um útsvarsskyldu er skift á milli 8. og 9. gr. í frv., eins og t. d. það, sem jeg hefi áður bent á, að laxveiði er höfð í 8. gr., en selveiði í 9. gr. Og margt fleira mætti nefna. En samkvæmt till. mínum kæmist allur atvinnurekstur undir 8. gr., en atvinnustundun

undir 9. gr. Þetta finst mjer fastari og eðlilegri grundvöllur heldur en það handahóf, sem nú er í frv. í því efni.

Þá kem jeg að 2. brtt. minni, sem er við 9. gr. Þar er fyrst farið fram á, að 1. liðurinn falli burt. Er það aðeins afleiðing af till. við 8. gr., og þarf því ekki skýringar við.

Í öðru lagi legg jeg til, að í stað „3 mánuði" komi „2 mánuði" í 2. lið 9. gr. og einnig að í staðinn fyrir „3000 kr." komi: 1000 kr. Er þetta hvorttveggja bygt á því sama, að draga úr tekjumissi atvinnusveitar. Ef þessi ákvæði verða samþykt óbreytt eins og þau eru í frv. þá útilokar það t. d. alveg, að sveitirnar geti fengið útsvar frá kaupamönnum, sem dvelja þar allan hábjargræðistímann og vinna fyrir kaupi. Frekar mundu verstöðvarnar geta náð útsvari frá vermönnum, er þar dvelja, en þetta útilokar alveg, að landssveitirnar nái því. Jeg vona því, að hv. þm. Borgf. sjái á þessu, að jeg er hjer engu síður að sjá fyrir hagsmunum Öxnadals og annara landbúnaðarsveita en Siglufjarðar. Og þó Siglufjörður njóti ekki náðar hv. þm. Borgf., þá er honum óhætt að fallast á þessar till., vegna þess, að Siglufjörður hefir ekki meira gagn af því en t. d. Borgarfjörður. Annars skal jeg geta þess, að brtt. við 9. gr. skifta í rauninni minna máli en brtt. við 8. gr., og legg jeg því ekki eins mikla áherslu á þær.

Þá er 3. brtt. mín, sem er við 13. gr., um að fyrri málsgr. falli burt. Er hjer um frekar lítilfjörlega breytingu að ræða, og held jeg henni því ekki fast fram. En jeg tel nægileg ákvæðin í síðari málsgr. 13. gr., þar sem svo er kveðið á, að ef upphæð sú, sem greiða á af útsvari, nemur ekki 5 kr., fellur útsvarið óskift til heimilissveitar gjaldþegns. Skiftir till. því ekki miklu máli.

Hvað snertir aðrar brtt., er hjer liggja fyrir frá nefndinni og hv. deildarmönnum, þá mun jeg sýna með atkvæði mínu, hvernig jeg lít á þær, þegar að því kemur. Þó get jeg ekki annað en minst lítilsháttar á brtt. á þskj. 288, frá hv. þm. Borgf. og fleiri þm. Till. gengur í sömu átt og till. frá þm. Borgf., er kom fram við 2. umr. og var þá feld. Annars vildi jeg spyrja hv. flm., hvað átt sje við með þessu: „4 vikur samfleytt af gjaldárinu." Það gæti hæglega orkað tvímælis, hvað hjer sje átt við. Við skulum hugsa okkur bát, sem gerður er út frá Sandgerði eða einhverri annari verstöð á Reykjanesinu, og legði þar upp aflann. Ef báturinn yrði nú einhverntíma að leita til Vestmannaeyja, eins og nýlega hefir komið fyrir, og seldi svo aflann þar í það sinn, — verður það þá ekki einmitt til þess að tíminn slitnar? *(PO*: Nei, því að hann leitaði þangað af ósjálfráðum ástæðum). Það getur vel verið, enda var þetta aðeins spurning.

Mjer finst frv. þetta ganga nógu langt í því að bera fyrir borð rjett atvinnusveitanna, þó ekki sje gengið þar feti framar. En það gerir einmitt þessi till., og liggur því í hlutarins eðli, að jeg get ekki greitt henni atkvæði. Hv. þm. Borgf. sagði, að hjer væri aðeins verið að færa út ákvæði gildandi laga. Það kann nú að vera rjett að nokkru leyti, þar sem svo er fyrir mælt, að skip sjeu laus við útsvar í atvinnusveit, ef þau eru úr sömu sýslu eða frá sama firði eða flóa. En jeg verð að segja það, að jeg fyrir mitt leyti vil heldur hafa ákvæði núgildandi laga en að samþ. þessa brtt. Skal jeg svo ekki hafa fleiri orð hjer um að svo stöddu.

Jón Baldvinsson: Jeg á enga brtt. og þarf því ekki mikið að segja. En jeg finn mig knúðan til að gera nokkrar athugasemdir við brtt. á þskj. 288, sem er flutt af nokkrum þm., og brtt. á þskj. 284, frá hv. 2. þm. Rang. (KlJ). Er jeg alveg samþykkur till. hans, að minsta kosti 1. og 2. till., enda er hin fyrri algerlega í samræmi við skoðun mína, er jeg setti fram við 2. umr. þessa máls. Það hefir ekki verið ætlun mín, að leggja ætti bæði á fjelag og eign einstakra manna í fjelagi. En það, sem fyrir mjer vakti með till. minni við 2. umr., var að það væri ótvírætt, að fjelög gætu ekki sloppið við útsvar. Tekur till. hv. 2. þm. Rang. þetta miklu skýrar fram en áður var.

Þá er hin till., við 9. gr., á þskj. 288. Við 2. umr. kom hjer fram till., sem gekk enn lengra í því að breyta ákvæðum frv. og draga úr því, sem hægt er að leggja á menn utan heimilissveitar. Þessi till. gengur þó ekki eins langt, en samt finst mjer rjett að láta ákvæði frv. haldast og fella þessa till.

Það er alveg rjett hjá hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að orkað getur tvímælis, hvort till. þessi sje svo skýr, að ekki verði vilst um, við hvað er átt. Er mikil spurning um það, hvort hún hefir nokkra þýðingu fyrir þá, sem hv. flm. bera fyrir brjósti. Mjer skilst, að aðalástæðan sje sú, að þeir vilja láta mótorbáta og togara, sem leggja upp afla sinn utan lögheimilis í tæpar 4 vikur af gjaldárinu, sleppa við að greiða útsvar eftir 9. gr. Ef nú t. d. togari, sem á lögheimili annarsstaðar, leggur upp afla sinn í Hafnarfirði í 3 vikur og einnig í Reykjavík jafnlangan tíma, þá hefir hann þannig verið samtals 6 vikur utan sinnar sveitar og á þá eftir till. að sleppa við að greiða útsvar. En jeg efast samt stórlega um, að lögin verði skilin svo. 1. tölul. 9. gr. tekur til allra þeirra, er reka atvinnu á fleiri en einum stað, og 2. tölul. til þeirra, er stunda atvinnu minst 3 mánuði í sömu sveit. Mjer skilst einnig, að ef skip stundar veiðar fjarri lögheimili sínu meira en 4 vikur, hljóti það að komast undir útsvarsákvæði. En hitt, sem fyrir flm. vakir, er ekki rjett. Þeir vilja láta leggja á útsvar, ef útgerðarmaður lætur verka fiskinn á staðnum, en ef hann er fluttur burtu, á ekki að leggja á útsvar. Þess má þó geta, að hjeraðsmenn hafa atvinnu við það, að fiskurinn er verkaður, en sje hann fluttur burt, bætist ofan á atvinnutapið það, að ekki má leggja á útsvar. Mjer finst því jafnvel eðlilegast, að tekið sje fram, að greiða skuli útsvar, ef fiskurinn er fluttur burtu.

Háttv. þm. Borgf. drap á það, að hjer væru aðeins færð út ákvæði gildandi laga. En hann má ekki gleyma því, að ekki hefir áður verið gengið eins langt í því að leggja á útsvör og nú.

Háttv. 2. þm. Eyf. hefir miklar áhyggjur út af frv., og jeg get vel skilið, að Siglufjörður þykist verða hart úti, ef ákvæði frv. haldast óbreytt og till. verður samþykt. Jeg skil vel ástæðuna fyrir því að vilja leggja á á hverjum stað og skifta síðan milli heimilis- og atvinnusveitar. Hún er komin fram af þeirri togstreitu, sem mjög hefir verið tíðkuð hjer. Þetta frv. gengur út á það að draga úr hinum mikla eltingaleik í útsvarsálagningum, og hefi jeg gengið svo langt að offra fyrir mitt kjördæmi til þess að stuðla að því, að þessum eltingaleik hætti, sjerstaklega að því er verkafólkið snertir.

Jeg verð að telja mig samþykkan sumum brtt. háttv. þm. Barð. (HK), eins og atkvgr. mun sýna, en að öðru leyti er jeg

sammála háttv. allshn. í aðalatriðunum, enda þótt ætíð hljóti að vera einhver ágreiningur, þegar um svo stórt mál er að ræða sem þetta.

Sigurjón Jónsson: Jeg ætla að minnast hjer lítilsháttar á brtt. á tveim þskj. Það eru brtt. frá hv. 2. þm. Eyf. (BSt), á þskj. 226, og brtt. sú, er háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) talaði um, frá háttv. þm. Borgf. (PO) og fleirum.

Jeg vil aðeins leggja áherslu á það, eins og háttv. 2. þm. Reykv. tók líka fram, að ástæðan til þess, að endurskoðun útsvarslaganna fór fram, var sú, að þingið hafði gengið alt of langt í því að veita atvinnusveitunum rjett til þess að elta menn með útsvarsálagningu. Það kom fram á síðasta þingi og einnig á þinginu 1924, að þm. var það fyllilega ljóst, að hjer var komið í óefni og menn voru hjer á hinni hættulegustu öfgabraut. Jeg hefi látið það í ljós fyr, og síðast við 2. umr., að því glögglegar, sem menn geta horfið af þessari braut og fjarlægst hana, því betur gera þeir þessu máli. En sumir virðast eiga erfitt með að taka upp aðra og heillavænlegri stefnu, og skal þar fyrst telja háttv. 2. þm. Eyf. Hann kom fram með brtt. við 2. umr., og kemur nú enn með þær, er ganga í sömu átt og áður, að ná sem mestu útsvari í atvinnusveit. Skil jeg það auðvitað vel, að atvinnusveitin er betur trygð með því að leggja sjálf á útsvörin heldur en að taka aðeins hluta af þeim og heimilissveitin ákveði þau. Og eins og hv. 2. þm. Reykv. tók fram, á þetta að nást með því að flytja ákvæðin frá 9. gr. yfir í 8. gr.

En það er annað í þessu sambandi, sem minna er hugsað um, og það er rjettur gjaldenda. Menn ættu ekki síður að athuga þessa hlið málsins. Er rjettur þeirra fyrir borð borinn eða er gjaldþoli þeirra misboðið? Og jeg hika ekki við að segja, að svo sje. Þeir eru misrjetti beittir eins og sakir standa nú. En með því að gefa atvinnusveitinni útsvarsleyfi, eins og gert er í 9. gr., er gengið út frá því, að gjöld þau, er lögð verða á menn, hljóti að vera í samræmi við gjaldþol þeirra og ekki verði aðeins tekið tillit til atvinnu þeirra um þriggja mánaða tíma, heldur og til atvinnu þeirra alt árið.

Það þýðir ekki í þessu sambandi að vera að fara í neinn launkofa með það, sem fyrir háttv. 2. þm. Eyf. vakir. En það er Siglufjörður og rjettur hans til þess að ná útsvari af mönnum, sem dvelja þar um stuttan tíma við vinnu. Hefir rjettur þessi verið misnotaður, og vil jeg fyrir mitt leyti, að kaupstaðurinn missi hann. Enda álít jeg það ekki skifta miklu, þótt hann missi rjett sinn til þess að leggja á báta, sem eru þar aðeins stuttan tíma. En ef fiskurinn er lagður þar upp og verkaður, þá hefir kaupstaðurinn auðvitað tækifæri til þess að ná gjaldi af þeim mönnum, er aflann kaupa. Þannig er lagt á gjaldendur, sem búandi eru á Siglufirði, og er efnahagur þeirra og ástæður allar mönnum þar kunnar. En sjálfsagt verða þeir, er aflann kaupa, að taka tillit til þess í kaupunum, að þeir eiga að borga þar útsvar.

Það hefir mikið verið rætt um þetta mál við 2. umr., og er því engin þörf að ræða það frekar.

Jeg vil fara sem skemst inn á þá braut, að atvinnusveitirnar leggi á menn útsvör. Það eru einmitt heimilissveitirnar, sem þekkja best til og færastar eru að dæma um efnahag manna og ástæður, sem leggja eiga á útsvörin. Síðan eiga atvinnusveitirnar að fá hluta af þeim, eftir nánari ákvæðum þar að lútandi. Hitt gæti frek-

ar orkað tvímælis, ef bátar legðu upp afla sinn þrisvar sinnum á ári og liði langt á milli. Það gæti gert fjórar vikur samtals, og yrði þetta þá mjög óljóst. Jeg vona, að hv. deild sjái samræmið í þessari till. á þskj. 288 við fyrri vilja deildarinnar í þessu máli. Tillögunni á þskj. 226, frá hv. 2. þm. Eyf. (BSt), mæli jeg mjög ákveðið á móti.

Þorleifur Jónsson: Það er engin furða, þó að ágreiningur geti orðið um jafnmikilvægt mál og þetta, enda koma nú fram við þessa 3. umr. málsins milli 30 og 40 brtt. Jeg á enga af þessum brtt., en vildi þó aðeins minnast á eina eða tvær þeirra. Jeg ætla fyrst að nefna brtt. á þskj. 288, frá hv. þm. Borgf. o. fl. Það hefir verið minst á hana frá ýmsum hliðum. Í raun og veru fer hún í sömu átt og till. háttv. þm. (PO) við 2. umr., að undanskilja frá útsvari þá, sem stunda veiði utan heimilissveitar. Jeg sje ekki, að um mikinn efnismun sje að ræða, þó að orðalagið sje dálítið öðruvísi. Það er síðasta setningin, sem dregur svo mjög úr því, að hægt sje að leggja útsvar á þá, sem veiði stunda utan heimilissveitar. Það er víða svo, að þessir menn leggja upp aflann og salta hann á þeim stað, sem útgerðin er rekin frá, flytja hann síðan heim til sín og fullverka hann þar. Svo mun það vera í Sandgerði. Á Hornafirði er það svo, að aflinn er ýmist fluttur burtu eða seldur upp úr sjó eða salti. Jeg sje ekki ástæðu til að undanskilja þá menn útsvari, sem selja afla sinn á staðnum, fremur en hina, sem láta fullverka hann. Það er vitanlega mikill atvinnumissir fyrir þá veiðistöð, sem í hlut á, að aflinn sje fluttur óverkaður burtu, og mjer finst ekki ástæða til að verðlauna þá, sem slíku valda, með því að undanskilja þá útsvari. Í raun og veru held jeg, að það sje alveg rangt að ganga svona langt, og vil mælast til, að þessi brtt. verði feld. Þar sem jeg fyrir mitt leyti er mótfallinn skiftingu útsvaranna með þeim hætti, sem ákveðið er í frv., tel jeg, að brtt. á þskj. 226, frá hv. 2. þm. Eyf. (BSt), fari nokkurnveginn í rjetta átt. Eftir henni er ætlast til, að atvinnusveitin geti lagt á atvinnurekstur líkt og verið hefir. Jeg er hræddur um, að þessari skiftingu fylgi ýmsir vafningar og erfitt geti orðið um framkvæmdir. Að minsta kosti fylgja henni miklar brjefaskriftir og skriffinska á alla lund, eins og jeg hefi áður vikið að. Jeg get vel búist við, að svo kunni að fara, að atvinnusveitin gefist alveg upp við að gera rjett sinn gildandi, vegna þeirra erfiðleika, sem henni eru skapaðir í þessu frv., og endirinn verði sá, að hún fái ekki neitt útsvar.

Fyrst er þess að gæta, að í 11. gr. er þeim, sem stundað hafa atvinnu utan heimilissveitar sinnar, gert að skyldu að gefa skýrslu um atvinnu sína og dvöl fyrir febrúarlok. En í 14. gr. er gert ráð fyrir, að sveitarstjórnir semji um áramót skrár yfir þá gjaldendur, sem útsvör ber að heimta frá úr annari sveit. Nú fer atvinnureksturinn fram á vetrarvertíð, og skilst mjer þá, að nokkuð langt geti liðið þar til þessum málum er að fullu komið í kring, og jeg held, að það verði erfitt fyrir atvinnusveit að gera nokkra sennilega áætlun um tekjur utansveitaratvinnurekenda. Jeg held, að þessu fylgi yfirleitt miklu meiri vafningar en margur heldur. Þá finst mjer óþarfi að skjóta kærum til yfirskattanefnda í stað sýslunefnda. Jeg veit ekki til, að sýslunefndir hafi yfirleitt misbrúkað vald sitt í þessu efni. Þá er nýtt atriði í 23. gr., um að yfirskattanefndir fái þóknun fyrir starf

sitt, mjer skilst m. a. fyrir úrskurði um útsvarskærur. Hjer er um nýjan kostnað að ræða fyrir sýslusjóðina, og þó ef til vill sje ekki um mikla upphæð að ræða, má vel benda á þetta.

Þetta frv. er svo merkilegt, að sjálfsagt er, að það sje grandskoðað af þinginu. Annars álít jeg málið svo vaxið, að rjett væri, að þingið legði ekki síðustu hönd á þetta frv. að svo komnu, heldur væri það nú milli þinga sent út til sveitarstjórna og þær látnar segja álit sitt um hin ýmsu nýmæli frv. Það er miklu hægra fyrir sveitarstjórnir að átta sig á málinu nú, þegar ákveðnar tillögur liggja fyrir. Jeg mun samt ekki koma með till. um, að þessi deild vísi málinu til stjórnarinnar nú þegar; rjettast, að hv. Ed. fái einnig að fjalla um það. En jeg áliti þó rjettara, að svo væri farið með frv. að lokum, að skorað væri á stjórnina að leita umsagna sveitarstjórna um ýms atriði í frv. áður en málinu væri ráðið til fullra lykta.

Sveinn Ólafsson: Jeg tók fram við 2. umr., að jeg mundi tæplega geta fylgt þessu frv. út úr deildinni, ef það tæki ekki verulegum breytingum. Við þá umr. lágu fyrir brtt. frá hv. þm. Mýr. (PÞ), sem hann tók aftur, en jeg skildi það svo, að þær ættu að koma í breyttri mynd við þessa umr. Það hefir ekki orðið. En þær lutu einmitt að því, sem jeg tel mest um vert að breyta í frv. Jeg kannast við, að nauðsyn sje á að draga úr þeim eltingaleik, sem hafður hefir verið í frammi við aðkomandi atvinnurekendur í sumum veiðistöðvum. En það má líka ganga of langt í því að svifta þessar veiðistöðvar rjetti til tekna. Það er víst, að sumar veiðistöðvar eru hreint og beint fótaskinn þessara aðkomumanna. Þeir þrengja svo að þeim, sem fyrir eru, að atvinna þeirra bíður mikinn hnekki af. Jeg skal t. d. benda á þá staði, þar sem að meira eða minna leyti er notaður krækilingur til beitu. Þar gera aðkomumenn oft svo mikinn usla, að heimamenn hafa lítil not þessarar fjörubeitu, og líkt er um notkun netlaga o. fl. Yfirleitt fylgja slíkum vermönnum oft kvaðir og átroðningur. Því ber að vísu ekki að neita, að nokkurt hagræði fyrir heimamenn fylgir einnig stundum aðkomumönnunum, t. d. hagnaður af viðskiftum þeirra, en þau hlunnindi falla aðallega í skaut verslandi mönnum, og því aðeins óbeint og að litlu leyti atvinnusveit til stuðnings.

Jeg hafði hugsað mjer að bera fram rökstudda dagskrá þess efnis, að málinu yrði frestað til næsta þings og frv. borið undir sýslunefndir og hreppsnefndir, og er jeg um þessa aðferð sammála hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). En nú get jeg ekki borið dagskrána fram, fyrir þá skuld, að hjer liggja fyrir margar brtt., sem sumar eru til bóta. Búningur frv. mundi batna, ef þær næðu samþykki, en þá gæti dagskráin ekki komist undir atkv. samkv. þingsköpunum, er gengin væru atkv. um brtt., eftir venjulegum skilningi á 42. gr. þingskapa. Hinsvegar geri jeg ekki ráð fyrir því, að deildin geti gengið að dagskrá áður en brtt. koma undir atkv., enda fengi frv. þá umbætur þær, sem felast í bestu till.

Mjer fyrir mitt leyti finst vanta í frv. þau öryggisákvæði, sem best hefði fyrirbygt eltingaleik um útsvör. Mjer virðist ráðið einfalt og þó einhlítt, það, að láta atvinnusveitina hafa áfram rjett til álagningar, en binda þann rjett við lágt hundraðsgjald af tekjum eða kaupi gjaldenda. Með því móti ættu gjaldendur að vera tryggðir gegn ásælni, en af ótta við þaua

hefir þetta skriffinskubákn um skifti útsvars milli hreppa verið sett í frv.

Jeg býst við, að jeg verði neyddur til að greiða atkv. á móti frv. í heild, þó að jeg geti stutt margar af brtt. Verði frv. samþ., sem jeg býst við, verð jeg að byggja á þeirri von, að hv. Ed. láti það ekki verða að lögum fyr en hjeraðsstjórnir hafa látið í ljós álit sitt.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Jeg skal snúa mjer að þeim brtt., sem hjer liggja fyrir. Það eru þá fyrst brtt. frá hv. 1. þm. N.-M. (HStef), á þskj. 216. Hann vill breyta upphafinu á 7. gr., af því að honum þykir orðalagið ekki nógu skýrt. Nefndin lítur svo á, að ekki sje þörf á þessari breytingu, því að skýrt komi fram síðar í greininni, hvað átt sje við. Sama er að segja um brtt. þessa hv. þm. við 9. gr. Það eru raunar aðeins orðabreytingar, sem nefndinni finst ekki ástæða til að taka til greina.

Þriðja brtt. er um vátryggingarfjelögin, og var þetta atriði dálítið rætt við 2. umr., sem sje að skifta útsvari af tekjum vátryggingarfjelaga. Þegar þetta kom til umræðu í annað sinn í nefndinni, var haft á móti þessari brtt. af þeirri ástæðu, að það væri mjög erfitt að ákveða tekjur slíkra fjelaga nema á einum stað, þ. e. nema þar, sem þau hafa aðalbækistöð sína, og því var meiri hluti nefndarinnar á móti þessari brtt. Jeg fyrir mitt leyti get þó greitt henni atkvæði.

Þá kem jeg næst að þeirri brtt., sem leggur til, að í stað ⅓, sem heimilissveit eigi að hafa óskert af útsvari gjaldþegns, sem verður útsvarsskyldur utan heimilissveitar samkv. frv., skuli koma helmingur útsvars. Með þessu er að vísu rjettur heimilissveitar enn betur trygður, en þó leit nefndin svo á, að svo gæti staðið á, að þetta ákvæði yrði ekki sanngjarnt, t. d. ef gjaldþegn rekur nær alla atvinnu sína utan heimilissveitar, þá sje ef til vill fullmikið gengið á rjett atvinnusveitar, með því að hún fengi þá ekki nema ⅓ í stað helmings af útsvarinu, og þess vegna getur nefndin ekki fallist á þessa brtt.

Þá kem jeg að viðaukabrtt., um það, ef atvinna er rekin ekki skemur en 4 vikur; — þetta er mikil breyting frá því, sem brtt. hljóðaði áður um, því þar voru engin takmörk sett, en aðeins tekið fram, ef um styttri tíma en 8 vikur væri að ræða. Þetta hefir verið gert til að koma brtt. í samræmi við b.-lið greinarinnar. Mjer finst samt, að þetta greiði ekki úr þeim misskilningi, sem hætt er við, að brtt. geti valdið, og get því ekki fallist á brtt.

Þá kem jeg næst að 1. brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (BSt), um að selveiði verði sett undir sömu ákvæði og laxveiði. Þegar þetta var rætt hjer við 2. umr. um frv., benti jeg á, að undir 8. gr. hefðu verið fluttar allar tegundir atvinnu, sem bundin var við fasteignaafnot. Að nefndin tók laxveiðiafnot með, kom til af því, að laxár eru metnar sjerstaklega til fasteignarverðs, þar sem þær hafa oft verið seldar undan jörðunum. Þær eru því orðnar alveg sjerstök fasteign, og hafa því viðkomandi hreppar útgjöld af þessum sem öðrum fasteignum, og þá var alveg sjálfsagt, að laxveiði kæmi undir þessi sömu ákvæði. En því verður vart mótmælt, að selveiði, ef hún er ekki stunduð af skipum, er einnig bundin við jarðarafnot, en til þess eru vart dæmi, að hún hafi verið seld sjerstaklega undan jörðunum, og því er það engin röskun á stefnu frv., þó að selveiði verði ekki tekin með undir ákvæði 8. gr.; en þó skal jeg játa, að þetta eru allskyld mál.

Þá kem jeg að aðalbrtt. þessa hv. þm., sem vill færa allan atvinnurekstur undir ákvæði b.-liðs 8. gr., jafnvel þó styttri tíma sje rekinn en 8 vikur, svo að atvinnusveit hafi álögurjett á þennan atvinnurekstur.

Jeg verð að segja, að í þessari brtt. felst svo stórkostleg skerðing á þeirri miklu rjettarbót frv. frá núgildandi lögum, að því leyti hvað rjettur heimilissveitar og gjaldþegns er betur trygður samkv. því, því að heimilissveitin, sem kunnug er efnum og ástæðum gjaldþegns, leggur útsvarið æfinlega á. Frv. tryggir rjett heimilissveitar margfalt betur en núgildandi löggjöf, vegna þess að frv. viðurkennir, að heimilissveit viti best deili á högum gjaldþegns, en atvinnusveit þekkir þar lítið til, og því sje ekki rjett, að atvinnusveitir hafi rjett til útsvarsálagningar. Það er þessi mikla öryggisráðstöfun frv., sem brtt. hv. þm. miðar að að eyðileggja. Öryggisráðstöfun, sem reynsla sú, sem menn hafa haft af niðurjöfnun útsvara, hefir bent mönnum á. Menn hafa svo þráfaldlega fengið að þreifa á því, að útsvarsálagning í atvinnusveit er oftast ósanngjörn; menn eru mjög grátt leiknir jafnast í þessum viðskiftum við atvinnusveitirnar. Að vísu getur verið og er allmikill munur á sveitunum í þessu efni, en þetta mun þó vera aðalreglan. Mjer finst þessi brtt. fela í sjer svo mikla stefnubreytingu á frv., ef hún verður samþ., að mjer virðist algerlega ófært, að þessi brtt. nái samþykki.

Þá nægir það ekki hv. þm. að ná útsvari af afla, sem lagður hefir verið upp 4 vikur samtals af gjaldárinu; honum þykja þetta of rífleg takmörk, og ef um síldarafla er að ræða, vill hann láta leggja á hann útsvar, jafnvel þótt hann aðeins hefði verið lagður á land einn einasta dag á árinu. Hjer er farið út í miklu meiri eltingaleik en dæmi eru til um áður, til þess að ná útsvari af mönnum, og var þetta athæfi þó orðið nógu óvinsælt áður.

Í annari brtt. sinni á sama þskj., við 9. gr. frv., ræðst hann á um 20 ára gamalt ákvæði sveitarstjórnarlaganna og vill færa út og rýmka þetta ákvæði, og upphæðirnar, sem útsvarsskyldar eru, vill hann hækka úr 3 þús. niður í 1 þús. kr., um leið og dvalartíminn er styttur úr 3 í 2 mánuði. Mig furðar þetta mjög; ekki sjerstaklega af því, að svo langt er til seilst, heldur vegna þess, sem á undan er gengið í þessu efni hjer í þessari hv. deild. Eins og menn vita, var í stjfrv. ákveðið, að lágmark útsvarsskyldra tekna í atvinnusveit skyldi vera 2 þús. kr. Nefndinni þótti þetta of lítið og gerði því tillögu um að hækka lágmarksupphæðina upp í 3 þús. kr., og það var samþ. með yfirgnæfandi meiri hluta. Þess vegna furðar mig mjög, er þetta var svo nýlega undan gengið hjer í deildinni, að hv. þm. (BSt) skuli bera fram aðra eins brtt. og þessa. Enda vil jeg skjóta því til hæstv. forseta, að jeg geri ráð fyrir því, að þessi till. samrýmist ekki þingsköpum og geti því ekki komið til atkvæða.

Háttv. þm. drap á skiftingu útsvaranna og taldi hana mundu verða erfiða í framkvæmd. Þegar þetta er borið saman við brtt. hans við 13. gr. frv., virðist mjer koma allmikið ósamræmi í ljós hjá háttv. þm. Í 13. gr. er svo ákveðið, að lægri útsvarsupphæðir en 20 kr. skuli ekki koma til skiftingar, og er þar augljós viðurkenning þess, að þetta sje talsverðum erfiðleikum bundið í framkvæmdinni og svari því ekki kostnaði með lægri upphæðir en 20 kr.; þess vegna eigi ekki að seilast eft-

ir smáupphæðum. En nú vill háttv. þm. eltast við skifti á hvaða smáupphæð sem er. Það er þetta, sem jeg botna ekkert í hjá háttv. þm.

Þá sagði hann, að tilfærslan milli 8. og 9. gr. frv. hefði verið af handahófi gerð. Jeg hefi þegar skýrt frá því, af hvaða ástæðum fasteignaafnot voru flutt undir þessa grein, og auk þess er það venjulegast, að fasteignirnar sjeu nýttar alt árið. Það er einnig þetta, sem skilur á milli þess, sem flutt var yfir í 8. gr., og þess, sem eftir varð í 9. gr., að atvinna sú, sem heyrir undir ákvæði 9. gr., er venjulega aðeins rekin skamman tíma.

Háttv. þm. beindi því til okkar sveitabændanna hjer í þessari háttv. deild, að í sveitunum væri ekki hægt að leggja á kaupamennina, sem þangað kæmu um sláttinn, en í sjóþorpunum væri lagt á þá, sem þangað kæmu til að leita sjer atvinnu. Jeg held jeg geti ekki gert upp á milli þessara aðilja, því í báðum stöðunum eru það aðeins heimilissveitirnar, sem geta lagt útsvar á menn, og jeg sje því ekki annað en að háttv. þm. sje með þessum orðum að reyna að þvo hendur sínar af þessum siglfirsku brtt., sem hann hefir orðið til að flytja hingað inn í deildina. Því að það mun hvort sem er ekki vera um að villast markið á þessum brtt., þetta mark, sem skráð er í meðvitund allra þeirra, sem stungið hafa stafni við á Siglufirði, stigið hafa þar á land í atvinnuleit eða rekið þar atvinnu að einhverju leyti. Á þessum brtt. eru öll einkenni hinnar gömlu togstreitu, en raunar magnaðri en nokkru sinni hefir áður þekst.

Þá vjek háttv. þm. að brtt. minni, sem og ýmsir aðrir hv. þm. hafa gert að umtalsefni, og hann spurði að því, hvort dvalartíminn slitnaði ekki við það, ef báturinn hrektist undan ofviðri, svo hann næði ekki til þeirrar hafnar, sem hann hefði lagt upp aflann í, og yrði þess vegna að leggja hann upp á öðrum stað í það skiftið. En háttv. 2. þm. Rang. greip þá fram í fyrir honum og benti á, að þetta kæmi ekki til mála, þó að bátar yrðu að leita nauðhafnar, og jeg þarf þess vegna ekki að svara þessu frekar. Það er tilgangur háttv. þm., ef brtt. hans verða samþ., að þá megi leggja útsvar t. d. á síldarafla, þótt hann sje aðeins lagður upp í eitt skifti á þeim stað. Þess vegna mætti gera ráð fyrir, ef t. d. eyfirskur síldarbátur hrektist til Siglufjarðar og losaði sig þar við aflann, þá yrði hann útsvarsskyldur þar samkv. þessum till., svo öfgafullar eru þær. Að vísu veit jeg ekki, hvort þetta muni vera tilgangurinn með brtt., og eins er jeg heldur ekki viss um, að dómstólarnir mundu líta svo á, að þetta væri rjettmæt ástæða til útsvarsálagningar.

Háttv. 2. þm. Reykv. (JBald) talaði um brtt., sem jeg ásamt nokkrum öðrum hv. þm. flyt, og kvað hann tilgang hennar óljósan; jeg held það orki ekki tvímælis; þar á að fara eftir orðanna hljóðan, sem er fullskýr. Þá sagði sami háttv. þm., að það væri síður ástæða til að leggja útsvar á afla, sem verkaður væri þar á staðnum, því að það veitti svo mikla atvinnuaukning. Jeg tók það fram við 1. umr., að þess frekari ástæður væru til að leggja útsvar á afla, sem hann væri lengur á sama stað, og færði ástæður fyrir því. Til viðbótar því, sem jeg sagði þá, vil jeg aðeins benda á, að svo getur staðið á, þar sem afli er lagður upp, að þröngt sje um vergögn og erfitt að bæta við þau, og ef utansveitarmenn færu að verka þar afla sinn, yrði það aðeins til þess að gera þeim erfiðara fyrir, sem þar eiga heima,

og draga úr atvinnurekstri innsveitarmanna, sem væri sveitinni ef til vill arðmeiri. Væri þó frekari ástæða til þess að leggja útsvar á þessa aðkomumenn heldur en ef þeir legðu aflann á land aðeins um stundarsakir. Háttv. þm. (JBald) lagði svo mikið upp úr því og bar kvíðboga fyrir hönd okkar flm. brtt., að við næðum ekki tilgangi okkar með brtt. En þetta er gersamlega ástæðulaust; tillagan er skýr og ótvíræð. Hafi þessi hv. þm. samvisku af því að vera á móti till., getur hann ekki friðað hana með því, að tilgangurinn muni ekki nást. Að öðru leyti erum við samherjar í þessu máli, háttv. 2. þm. Reykv. og jeg, og fer því illa á því, að við sjeum að deila í þessu máli, þar sem okkur ber ekki annað á milli en þessi eina brtt.

Þá vil jeg aðeins víkja fáeinum orðum til háttv. 2. þm. Rang. (KlJ). Jeg var búinn að lýsa því yfir, að nefndin fjellist á brtt. hans, og jeg skal bæta því við, að þær gera frv. skýrara og eru því til bóta. Hv. 2. þm. Rang. (KlJ) er athugull og reyndur maður í þessum efnum, og hefir því fundið, að frv. stóð til bóta að þessu leyti. Um brtt. vil jeg taka það fram, að þar sem gert er ráð fyrir, að í sveitum verði menn að greiða útsvör sín strax og geti ekki beðið með það þangað til úrskurður er fallinn, ef kært hefir verið, þá segir háttv. þm., að þetta sje öfugt í kaupstöðunum, og til þess að þetta verði skýrara framvegis, er brtt. hans borin fram.

Háttv. þm. Barð. (HK) á 13 brtt. við frv., en þær raska ekki stefnu þess og eru flestar fremur lítilvægar.

1. brtt. er við 3. gr. frv. Þar er svo ákveðið, að leita þurfi álits eða leyfis sýslunefnda til að hækka útsvar. Þessu vill hv. þm. Barð. ekki hlíta, en vill, að hreppsnefndirnar ráði þessu sjálfar, þ. e. a. s. leiti til borgarafundar um þessi atriði. Þetta er gamalt ákvæði í lögum og háttv. þm. sagði, að þó að þetta hefðu fyrrum verið nauðsynleg ákvæði, væru þau það ekki lengur. En við þetta er það að athuga, að ekki er óhugsandi, að enn gætu komið fyrir þau atvik, sem geri þessi gömlu ákvæði þörf aftur, eða að minsta kosti rjettmætt, að þau fái að standa áfram í lögum. Þá getur það líka farið svo, að hinn almenni borgarafundur, sem háttv. þm. treystir á, verði andvígur hækkunum á útsvörum, þótt hreppsnefnd telji nauðsynlegt að hækka þau. En hvað sem um þetta er, getur allshn. ekki fallist á þessa brtt. hv. þm. Barð.

2. brtt. er við 5. gr., að greinin falli niður. Það eru ákvæðin um, að ef gjaldþegn telur ekki fram tekjur sínar til útsvarsálagningar, geti hreppsnefnd áætlað honum tekjur svo hátt, að víst sje, að gjaldþegn vinni ekki við það að láta undir höfuð leggjast að telja fram. Þetta er í samræmi við ákvæði tekjuskattslaganna, og allshn. getur ekki fallist á að fella þessa grein úr frv., því að það væri að ýta undir menn að telja ekki fram tekjur sínar.

Þá er brtt. við 6. gr. frv., sem nefndin getur heldur ekki fallist á. Hún telur ekki skifta svo miklu máli að leggja á menn, sem ekki eru færir um að bera 5 kr. útsvar. Það svarar tæplega kostnaði og er aðeins til þess að auka á skriffinsku að vera að því. Háttv. þm. Barð. er kunnur að því að hafa horn í síðu skriffinskunnar, og jeg veit, að honum er það óviljandi að vera að stuðla að því að auka hana, en þó færi svo, ef þessi brtt. yrði samþ.

Þá er brtt. við 8. gr. frv., við laxveiðaákvæði frv. Þessa brtt. getur nefndin ekki aðhyllst, því hún hefir áður tekið skýrt fram, hvernig hún lítur á laxveiðina. Það væri ósamræmi í því að leggja á eigendur veiðiánna, sem máske leigja árnar út, en veiða ekki sjálfir, en þeir, sem afnotin hafa, yrðu þá útsvarsfríir. Það er alveg hliðstætt því, ef jarðareigandi ætti að bera útsvar, en ábúandinn að vera útsvarsfrí.

Jeg var kominn að 6. brtt. á þskj. 334. Hún er við 12. gr., að fyrir orðin „sömu meðferð skal hafa“ til enda málsgreinarinnar komi: Sömu meðferð skal hafa, ef gjaldþegn á lögheimili víðar en í einni sveit. Það er meining hv. þm. (HK) með þessari till., að sú breyting verði gerð frá ákvæðum 12. gr. um skiftingu, að sá maður, sem flytur sig búferlum á reikningsárinu, greiði alt útsvarið fyrir það ár í þeim hreppi, sem hann er í, þegar útsvarið er lagt á. En hreppurinn, sem hann flyst í, fái ekkert útsvar hjá honum það ár. Aðalgrundvöllur fyrir skiftingu milli hreppa er aftur á móti sá, að í þessu tilfelli njóti hver hreppur fyrir sig hlutfallslega af því útsvari, er slíkur maður greiðir, miðað við sveitarþyngslin í hverjum hreppi og tímalengdina, sem hann dvelur í hverjum hreppi fyrir sig. Þannig myndi fara eftir till. háttv. þm. Barð. í þessu tilfelli, að sá hreppur, sem gjaldandi hefði dvalið í meira en helming af árinu, fengi ekkert útsvar hjá honum að því sinni. Skiftingin eftir frv. byggist á þeim grundvelli, að þrátt er svo sem hægt er að reyna að tryggja það, að hvert hreppsfjelag fái sinn hlutfallslega skerf. Þess vegna getur nefndin ekki fallist á þessa till. Hv. þm. sagði, að hann vildi koma í veg fyrir, að verið væri að leggja tvisvar á sama manninn. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. Hjer er ekki um það að ræða, því að hjer er einungis farið fram á, að útsvari mannsins verði skift milli tveggja hreppa. Aðeins í því tilfelli, að svo stæði á, að sveitarþyngslin væru meiri í þeim hreppi, sem gjaldandi flyst til, þá gerði nefndin það beinlínis af hagkvæmum ástæðum að breyta því þannig, að sá hreppur mætti bæta við útsvarið með aukaniðurjöfnun, í stað þess að hreppurinn, sem lagði á manninn útsvarið, ætti að leggja á viðbótina og greiða þeim hreppi, sem gjaldandinn er þá orðinn búsettur í. Það er auðveldara í meðferð. *(HK*: Var þetta af „praktiskum“ ástæðum?). Já, og hv. þm. leggur svo mikið á móti óþarfa fyrirhöfn, að hann ætti að taka höndum saman við nefndina að gera þetta einfaldara og þægilegra í meðförum. Hv. þm. sagði; að það myndi gera því hreppsfjelagi erfitt fyrir, sem lagt hefir á mann og bygt á öllum tekjum hans. En það er oftast svo, þegar menn flytja búferlum, að það er orðið vitanlegt á þeim tíma, sem lagt er á, ef maður ætlar að flytja sig í annan hrepp. Hjer er sennilega ekki um svo mikið að ræða, að það raski neinu verulegu.

Þá hefir hv. þm. í sambandi við þessa brtt. flutt aðra brtt., á þskj. 352, um að fella niður síðustu málsgr. 9. gr. og síðari málsgr. 10. gr. Hv. þm. hefir ekki athugað, að ákvæði þessarar till. snerta önnur ákvæði í frv. heldur en þau, sem hann ætlar að breyta. Jeg vil benda á, að í 8. gr. er gert ráð fyrir, að ef maður á lögheimili á fleiri en einum stað, þá má hann ráða, hvort útsvar er lagt á hann þar, sem hann er, þegar lagt er á, eða á hinum staðnum. En það er vitanlegt, að skifting útsvarsins verður fremur eftir ákvæðum 4. gr. en 9. gr. Ef

þessi till. verður samþykt, þá standa ekki eftir nein ákvæði um það í frv., hvernig skifting eigi fram að fara. Þetta kemur einnig fram í 2. málsgrein 10. gr. í samhljóða ákvæðum, sem stuðla að þessu. Það er þess vegna ótækt að fella þetta burtu. Þess vegna er ómögulegt að samþ. þessa brtt. á þskj. 352 og að óbreytt standi 8. gr. frv.

Þá kem jeg að 7. brtt., við 16. gr. Í 16. gr. er ákveðið, að sýslunefnd sje heimilt að ákveða þóknun fyrir niðurjöfnunarstörf í hreppum, þó ekki yfir 5 kr. á dag til hvers nefndarmanns. Það voru við 2. umr. færð rök fyrir því, að í sumum stórum hreppum fer mjög mikill tími í niðurjöfnun. Vitanlega minni í fámennum hreppum. Mælir því full sanngirni með því, að þeir, sem eru marga daga að þessum störfum, þurfi ekki að vinna þau endurgjaldslaust.

Till. nefndarinnar, sem líka var samþ., hljóðaði um, að sýslunefndir skuli ákveða þetta. Það vakti fyrir nefndinni, að með því móti yrði meira heildarsamræmi heldur en ef hver hreppur gerði það út af fyrir sig. Sýslunefndum er fullkunnugt um, hvað mikið starf er í hverjum hreppi. Nú vill háttv. þm. Barð. láta hreppsfund annast þetta, sem boðað er til á lögmætan hátt. Mun samkv. núgildandi sveitarstjórnarlögum sá fundur teljast lögmætur, sem boðað er til á lögmætan hátt. Nú getur viljað svo til, að slíkur fundur verði mjög fásóttur, og ef til vill yrði það í sumum tilfellum hreppsnefndin ein, sem skamtaði þetta. Ekki er jeg að segja, að farið yrði óvarlega í sakirnar, þó að svona vildi til. En jeg tel það heppilegra fyrir allra hluta sakir, að sýslunefnd verði falið að ákveða þessa þóknun.

Þá er brtt. við 18. gr. Í henni eru tekin upp viðvíkjandi þagnarskyldunni óbreytt ákvæði skattalaganna. Við þessu er vitanlega ekkert að segja, því að bæði brtt. og þessi gr. frv. stefna að þessu sama marki, að koma í veg fyrir það, að viðlagðri hegningu, að menn brjóti út af þessu. Nefndin leit raunar svo á, að 18. gr. eins og hún er nú myndi fullnægja, ef menn brytu í þessu efni. Má því segja, að hvort sem brtt. verður samþ. eða frv.-gr. látin standa eins og hún er nú, þá verði það alveg sama í framkvæmdinni.

Þá kemur 9. brtt., við 21. gr., um að niðurjöfnunartíminn, sem nú er ákveðinn frá febrúar til maí, verði frá janúar til maí. Það er grundvallarstefna þessa frv., að niðurjöfnunarnefndir eigi að hafa skattaframtalið til hliðsjónar við niðurjöfnun. Með tilliti til þessa annarsvegar, og hinsvegar að nefndinni virðist þetta ekki svo þýðingarmikið atriði, að færa niðurjöfnunartímann þetta fram, þá hefir hún ekki heldur getað fallist á þessa brtt.

Næst er brtt. við 22. gr. Frv. gengur út á það, að þegar kært hefir verið til hreppsnefndar og koma fram einhverjar upplýsingar, sem sýna, að á einhvern gjaldanda hefir verið lagt of lágt útsvar, samanborið við þarfir hreppsins og útsvör annara gjaldenda, þá sje hreppsnefnd heimilt að hækka útsvarið, þó að kærandi hafi ekki tekið hann til samanburðar, en bundið því skilyrði, að hlutaðeiganda sje tilkynt það áður. Þetta vill hv. þm. Barð. fella niður. En nefndinni virtist rjett að gefa hreppsnefnd þessa heimild til leiðrjettingar, þar sem nýjar upplýsingar geta komið fram óbeinlínis við kærur.

Þá sagði hv. þm., að afleiðingin af þessari breytingu yrði sú, að niður yrði feld 3. málsgr. í 22. gr. Þar er gert ráð fyrir, að heimilt sje að kæra til yfirskattanefndar. En það er eins með þessa

till. og till. á þskj. 352, að hjer hefir hv. þm. ekki athugað það, að ákvæði þessarar málsgreinar snerta fleira en þetta í 22. gr. Samkvæmt þessari málsgrein er mönnum heimilt, sem teknir eru til samanburðar og hreppsnefnd hækkar á, að áfrýja til yfirskattanefndar. Það mundi þá ef til vill mega líta svo á, að þeim væri þetta fyrirmunað, ef 3. málsgr. væri niður feld, eins og hv. þm. leggur til. Þess vegna tel jeg tryggara að láta þetta standa.

Þá er 11. brtt., sem fer fram á, að í staðinn fyrir, að í frv. er gert ráð fyrir, að skattanefnd eigi að kveða upp úrskurð kærumála, þá sje það falið sýslunefnd, eins og nú er. Jeg lýsti því yfir við 2. umr. þessa máls, að jeg liti svo á, sem fremur væri það ókostur á frv. að taka þetta af sýslunefndum og fela skattanefndum. Jeg hefi átt tal við ýmsa hv. þm. hjer í deildinni, sem eru sammála mjer um þetta. En hinsvegar er það, að okkur virðist það óhjákvæmileg afleiðing af öðrum breytingum að gera þessa breytingu líka. Því að með þessum breytingum, sem liggja fyrir, gæti það orðið alt að því heilt ár frá því úrskurði hreppsnefndar væri áfrýjað þangað til sýslunefnd hefði gefist kostur á að úrskurða í málinu, svo framarlega að ekki yrði aukafundur haldinn vegna þess. Af þessu leiddi það, að útsvarsbreytingin, ef um það væri að ræða, gæti vitanlega ekki komið á hreppsreikninginn á því yfirstandandi reikningsári, og er dálítill bagi að því. Þessi breyting er óhjákvæmileg, þótt jeg viðurkenni, að hún að öðru leyti sje ekki til bóta. Jeg minnist þess, að jeg átti tal um þetta við hv. 1. þm. Árn. (M. T). Hann er auðvitað sem gamall og reyndur sýslumaður kunnugur þessum málum, og hann var andstæður breytingunni, en sagðist ekki sjá annað en að þetta væri nauðsynleg afleiðing af öðrum ákvæðum frv.

Hv. þm. Barð. (HK) talaði um, að verið væri að leggja ný gjöld á menn með þessari breytingu, en jeg vil minna háttv. þm. á það, að það er ekki kostnaðarlaust að láta sýslunefnd — en hana skipa 10—20 manns — sitja yfir útsvarskærum kannske marga daga í röð. Sýslunefndarmenn fá 6 krónur á dag, og það er alkunna, að það tekur oft mikinn tíma að útkljá útsvarskærur í sýslunefnd. Það fer oft heill dagur í eitt einasta mál, svo að jeg held, að kostnaðaraukinn við breytinguna þurfi ekki að vera verulegt atriði.

Þá er 12. brtt., við 24. gr., um að sú grein falli niður. Hún hljóðar um það, að úrskurði megi skjóta til atvinnumálaráðuneytisins, þar til sett kynni að verða á stofn landsyfirskattanefnd. Þessi till., eða till. samhljóða henni, var borin hjer fram við 2. umr. af hv. 2. þm. Reykv. (J. Bald), og var þá feld, svo jeg hugsa, að það sje tæplega hægt samkvæmt þingsköpum að bera hana upp aftur, en ef svo er ekki, getur það ekki staðist, að 11. brtt. sje samþykt, því að þar stendur: „Úrskurði sýslunefnda og bæjarstjórna verður ekki áfrýjað.“ Þessi ákvæði geta ekki samrýmst, og virðist það því eðlileg afleiðing, að ef 12. brtt. verður vísað frá, sje ekki hægt að bera 11. brtt. upp.

Þá er 13. brtt., við 26. gr., um að fella niður það ákvæði, að yfirskattanefnd eða atvinnumálaráðuneyti megi ekki breyta útsvari, nema svo reynist, að það hafi verið að minsta kosti 10% of hátt eða of lágt. Þetta getur verið álitamál, en ef um lítilfjörlegt atriði er að ræða, er því minni ástæða til að breyta.

Jeg hefi þá minst á allar brtt. hv. þm. Barð. og gert grein fyrir ástæðunum fyrir því, að nefndin getur ekki aðhyllst

þær. Eins og tekið hefir verið fram, breyta þær ekki meginatriðum frv. í neinu. Stærsta breytingin er í því fólgin, að sýslunefndir hafi áfram úrskurðarvaldið. Hv. þm. gat þess, að verra væri að hafa tvo gjalddaga. En það þykir einmitt mikill kostur í kaupstöðunum, þar sem þetta hefir verið reynt, og það sama hlýtur að gilda um stóra hreppa eða kauptún.

Annars hefir hv. þm. Barð. verið svo sanngjarn, að þó að hann hafi ýmislegt við frv. að athuga, hefir hann þó lýst því yfir, að af því að í frv. felist verulegar bætur, muni hann greiða frv. atkvæði sitt.

Þá ætla jeg aðeins með örfáum orðum að minnast á ræðu hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ). Hann fór nokkrum orðum um brtt. mína og sagði, að hún væri að mestu leyti sama tillagan og sú, sem áður hefði verið flutt. Þetta er ekki rjett, því að mikil breyting var á henni gerð, og einmitt sú breyting, sem að áliti þeirra manna, sem voru á móti tillögunni eins og hún upphaflega var, gerir hana aðgengilegri. Hv. þm. áleit ekki sanngjarnt, að menn væru ekki útsvarsskyldir, þó að þeir legðu snöggvast aflann upp á land. En það hefir verið bent á það af hv. þm. Ísaf. (SigurjJ), að slíkt mundi vera hliðstætt því, að þegar bændur kæmu með framleiðsluvörur sínar í kaupstaðinn til að selja þær, væri lagt á þá útsvar þar, en það nær auðvitað engri átt. Hv. þm. sagði, að svo gæti staðið á, að þetta væri skaði fyrir útvegsstöðvarnar. Að því er Hornafjörð snertir, vil jeg benda á, að þessu er tæplega svo háttað á þeim stað, því að eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja um, hvaða skyldur menn eiga að inna af hendi við veiðistöðvarnar, þá eiga þeir, sem reka útgerð á Hornafirði, samkvæmt upplýsingum fulltrúa Fiskifjelagsins, að borga $^1/_{12}$ af afla hvers báts og auk þess 1 skippund af stórfiski í ljósagjöld. Þetta virðist nú allnokkuð, enda mun það eitt af hæstu gjöldunum, sem viðlegumenn þurfa að greiða. Jeg held það sannist enn á þessum stað, að sú heimild, sem slíkir staðir hafa til þess að ná inn gjöldum, sje notuð í fullum mæli. Hv. þm. sagði, að það gæti verið óhagur að því, að aflinn væri fluttur burtu. Þá er með öðrum orðum hagur að því, að aflinn sje lagður upp. Þá mintist hann lítilsháttar á skiftinguna. Jeg hefi minst á hana áður, og minnist kannske á hana nánar í svari mínu til hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ). Hv. 1. þm. S.-M. kvaðst tæplega geta aðhylst frv. óbreytt og taldi fram ýmsa annmarka á því. Mjer er ekki kunnugt um, að hv. 1. þm. S.-M. hafi gert tilraun til þess að fá fram neina breytingu til bóta. Hann sagði, að verstöðvarnar væru sumstaðar orðnar að fótaskinni fyrir aðkomumenn og að þeir tækju af mönnum beitu og annað. Jeg skil ekki, hvernig á þessu stendur. Það er vitanlega mjög leiðinlegt, sje það satt, að þeir menn, sem þarna hafa ráðin, láti aðkomumenn vaða þannig uppi, enda er þessi vitnisburður gagnstæður öllum upplýsingum, sem fram hafa komið í þessu máli og liggja hjer skjallega fyrir, svo mjer virðist ekkert upp úr þessu leggjandi. Hv. þm. mintist líka á skiftinguna og vildi láta vísa málinu frá. En það er nú tekið fram, að búið er að bera mál þetta undir hreppsnefndir. Það kann að vera, að um einhver ákvæði frv. hafi ekki verið leitað álits hreppsnefnda, en það er ekki hægt að girða fyrir, svo framarlega, sem málið var komið inn á þing, að ekki kæmu fram ný ákvæði, enda mætti það æra óstöðugan, ef í hvert sinn ætti að bera öll ákvæði lagafrumvarpa undir hreppsnefndir áður en þau eru afgreidd frá þinginu. Það er ekki hægt að segja annað en að málið

hafi fengið góðan undirbúning. Það er búið að vinna mikið að því á þingi og koma fram með margar brtt. Þá sagði hv. þm., að það vantaði öryggisákvæði í frv. og að heppilegra væri að ákveða hundraðsgjald af aflanum. Við 2. umr. kom fram tillaga um þetta, sem deildin gat ekki aðhyllst, enda færð fullgild rök fyrir því, að hún væri ekki til bóta, og virðist mjer ekki blása byrlegar, þó að samskonar tillaga kæmi fram á næsta þingi.

Þegar verið er að tala um ókosti skiftingarinnar, ber þess að gæta, að skiftingin er leið til þess að útiloka ranglæti í útsvarsálagningu, og deildin hefir ekki getað aðhyllst aðra leið til þess að kippa þessu í lag.

Skal jeg svo ekki fjölyrða um þetta frekar, en þætti æskilegt, að hægt væri að ljúka þessu máli í kvöld.

Bernharð Stefánsson: Jeg verð að taka undir það, sem hv. þm. A.-Sk. og hv. 1. þm. S.-M. hafa látið í ljós um, að heppilegt væri, að frv. gengi ekki fram nú. Jeg álít, að ef frv. gengi fram óbreytt eða lítið breytt, muni á sumum sviðum verða svo mikil bylting í þessu efni, að ekki geti verið heppilegt að breyta svo hastarlega frá því, sem nú er. Annars sannfærist jeg æ betur og betur um það, eftir því sem málið er meira rætt hjer í hv. deild, að ekki mundi hafa verið vanþörf á, að sú tillaga, sem samþykt var í fyrra hjer í hv. deild um skipun milliþinganefndar í þetta mál, hefði náð samþykki þingsins og komist til framkvæmdar. Jeg býst við, að þá mundu fleiri hagsmunir og fleiri skoðanir hafa verið teknar til greina og reynt að samræma það.

Hv. þm. Ísaf. (SigurjJ) og hv. frsm. (PO) hafa vikið að orðum mínum í dag af miklum móði. Hv. þm. Ísaf. sagði, að ástæðan fyrir nauðsyn á endurskoðun útsvarslöggjafarinnar hefði verið eltingaleikur við menn, sem atvinnu stunda utan heimilissveitar sinnar. Þetta verð jeg að efast um. Aðalástæðan var ósamræmið í löggjöfinni og það, að önnur ákvæði giltu í sveitum en í kaupstöðum. Hv. þm. sagði, að því meira sem við fjarlægðumst eltingaleik þennan, því betra. En jeg býst við, að hjer sem annarsstaðar þurfi að gæta hófs, því að hóf er best í hverjum hlut. Jeg hefi áður sýnt fram á, að atvinnusveitin á líka sanngirniskröfur til útsvars af atvinnurekstri. Ef altaf færi saman heimilissveit og framfærslusveit, væri alt öðru máli að gegna, og þá væri rjett að líta meira á hag heimilissveitar. En þetta fer ekki nærri altaf saman. Framfærslusveitin á mest á hættu um manninn, en oft fær hún ekki einn eyri í útsvar frá honum. Hv. þm. sagði, að rjettur gjaldþegns væri betur trygður, ef heimilissveitin legði á hann útsvar en þegar útsvarið greiddist í atvinnusveit. Þetta verð jeg að efast um. Atvinnusveitin þekkir miklu betur þann atvinnurekstur, sem þar fer fram, og jeg verð því að ætla, að hún hafi meiri skilyrði til að geta lagt rjettmæt útsvör á atvinnureksturinn en heimilissveitin.

Þá vildi hv. þm. halda því fram, að það, sem vekti fyrir mjer, væru hagsmunir Siglufjarðarkaupstaðar. Þetta er að nokkru leyti rjett; jeg skal játa, að hagsmunir Siglufjarðarkaupstaðar vaka fyrir mjer, en einnig hagsmunir annara staða á þessu landi. Jeg vil benda á, að á sama hátt og rjettur Siglufjarðar er skertur með þessu frv. er líka skertur rjettur Vestmannaeyja og Hornafjarðar. Ennfremur gildir það sama um fleiri staði í mínu kjördæmi, t. d. Hrísey og Ólafsfjörð,

Hv. þm. sagði, að sá rjettur, sem Siglfirðingar hafa haft í þessu efni, hefði oft verið misbrúkaður, og því væri rjett að afnema hann. Þetta er fullyrðing, alveg órökstudd, og því ekkert tillit hægt til þess að taka. En jeg efast ekki um, að mörgum aðkomumanninum, sem lagt hefir verið á á Siglufirði, hefir sjálfum fundist útsvar sitt ranglátt. En slíkt er algengt, að mönnum finst sitt eigið útsvar of hátt, og þetta sannar alls ekki, að útsvörin þurfi að vera ranglát. Menn sjá eftir útsvari til sinnar eigin sveitar, og náttúrlega enn meira til þeirrar sveitar, sem þeir eiga ekki heima í.

Jeg ætla þá að snúa mjer að hv. frsm. allshn., sem einnig vjek að minni ræðu. Hann sagði út af a.-lið 1. tillögu minnar, að laxveiði væri bundin við fasteignaafnot og oft seld sjerstaklega, en selveiði væru engin dæmi til, að seld væri sjer. Jeg hygg, að þó að þetta kunni að vera rjett hjá hv. frsm., að þetta hafi aldrei verið gert, þá sje það ekki því til fyrirstöðu, að hægt sje að selja selveiði sjer og láta það sama eiga við um selveiðar og laxveiðar, og er því hugsunarlega rangt að aðskilja þetta tvent. Út af b.-lið tillögu minnar, um að á eftir b.-lið 8. greinar komi nýr liður, eins og segir á þskj. 226, sagði hv. frsm., að af því leiddi stórkostlega skerðing á rjetti heimilissveitarinnar. Skerðing á rjetti heimilissveitarinnar frá því, sem er í gildandi lögum, er það ekki, heldur þvert á móti. Þó tillögur mínar yrðu samþyktar, mundi heimilissveitin samt sem áður standa miklu betur að vígi heldur en eftir núgildandi lögum, en jeg álít, að í frv. sje skertur um of rjettur atvinnusveitarinnar.

Hv. frsm. og hv. þm. Ísaf. hjeldu því fram, að atvinnusveitin þekti ekki ástæður þeirra manna, sem hún væri að leggja á. Jeg verð að halda því fram, að hún þekki ástæður þess atvinnurekstrar, sem um er að ræða, betur en heimilissveitin; þær ástæður, sem jeg álít, að fyrst og fremst beri að taka tillit til. Hv. frsm. talaði um, að mjer nægði ekki, að afli, sem væri lagður á land 4 vikur samfleytt, væri útsvarsskyldur, heldur vildi jeg líka gera síldarafla útsvarsskyldan, enda þótt um skemri tíma sje að ræða. Þetta er rjett, en það byggist á því, sem jeg tók fram í fyrri ræðu minni og hv. frsm. gerði enga tilraun til að hnekkja, að síldaraflanum er þannig háttað, að hann gefur oft af sjer afarmiklar tekjur á skömmum tíma, og meiri en önnur veiði. En mjer skilst það vera rjettara að leggja á þær tekjur, sem maðurinn hefir, heldur en á þann tíma, sem hann er að afla þeirra, því maður getur jafnvel verið lengi að afla lítilla tekna.

Þá mintist hv. frsm. á brtt. mína við 9. gr. og hjelt því fram, að jeg hefði með till. minni um að lækka tímatakmarkið úr 3 mánuðum niður í 2 mánuði ráðist á 20 ára gömul lagaákvæði. Önnur rök færði hann ekki fyrir máli sínu en að ákvæðið væri gamalt. En jeg álít, að aldur laga sje engin trygging fyrir rjettlæti þeirra. Ef þessi röksemdafærsla hans móti brtt. minni væri rjett, þá mætti hið sama segja um frv. og brtt. hans og annara hv. þdm.: Það er alt árás á gömul lög og lagavenjur.

Þó sagði hv. frsm., að sig furðaði enn meir á síðari lið brtt., er jeg lagði til að færa lágmarkið niður í 1000 kr., þar sem svo hefði farið við 2. umr., að þetta hefði verið hækkað úr 2 þús. upp í 3 þús. kr. Það er að vísu rjett, að þetta var samþ. við 2. umr. En það er ekkert ósam-

ræmi hjá mjer að bera fram þessa brtt., því jeg greiddi atkv. á móti hækkuninni. Og þó að hv. deild gerði rangt þá, er ekki ástæða til að örvænta um, að hún geti gert rjett nú. Jeg verð að álíta alla hv. þdm. svo samviskusama, að ef hægt er að sannfæra þá um rjettmæti einhvers máls, láti þeir það ekki í vegi standa um að fylgja því, þó þeir hafi áður verið á móti því. Hann gat þess, sem rjett er, að jeg hefði lýst því yfir, að jeg teldi rjett, að takmarka þyrfti nokkuð útsvarsálagningu atvinnusveitar, en kvaðst þó hinsvegar ekki koma þessari yfirlýsingu minni heim við brtt. En þetta er auðvelt, því verði frv. samþ. með brtt. mínum, þá er samt um nokkrar takmarkanir að ræða frá því, sem nú er. Áður var ekkert lágmark tekna, sem atvinnusveit mætti leggja á, heldur aðeins um tímatakmark að ræða.

Hv. frsm. mintist á, að jeg hefði haldið því fram, að skifting útsvara samkvæmt 9. gr. yrði erfið þegar til framkvæmdanna kæmi. Það er rjett, að jeg hefi haldið þessu fram. Hinsvegar taldi hann ekki samræmi í því, að jeg legði til, að fyrri málsgrein 13. gr. yrði feld niður. Þetta er lítilfjörlegt atriði, sem jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvernig fer um, enda hygg jeg, að skiftingin yrði lítið margbrotnari, þó að hún yrði samþykt. Aðalbrtt. mínar eru við 8. gr., og tel jeg þær miklu meira en vega upp á móti þessari, hvað þetta sjerstaka atriði snertir. Og yrðu þær allar samþyktar ásamt brtt. mínum við 9. gr., yrði skifting útsvaranna miklu óbrotnari og ljettari í vöfum heldur en eftir frv. Og ef ekki stæði annað í vegi fyrir samþykt þeirra, gæti jeg vel gengið inn á að taka brtt. við 13. gr. aftur.

Hv. frsm. vildi ekki kannast við, að ekkert ósamræmi væri milli gjaldstofnanna í 8. og 9. gr. Hann sagði, að í 9. gr. væri atvinnurekstur miðaður við stuttan tíma, en í 8. gr. væri um langan tíma að ræða, og aðallega þann rekstur, sem stæði árlangt. Þetta virðist mjer ákaflega hæpið. Jeg býst t. d. við, að enginn stundi laxveiði árlangt, eða annað þess háttar. Sama er og um leiguliðaafnot að segja, þar sem ekki fylgir ábúð, eins og t. d. upprekstur í afrjett o. fl. Jeg verð að halda mjer við það, sem jeg hefi áður sagt, að þetta sje nokkuð af handahófi sett í frv., en hinsvegar er úr þessu bætt og því komið fyrir á fastari og tryggari grundvöll með brtt. mínum.

Þá var hv. frsm. eitthvað að gefa í skyn, að jeg vildi þvo hendur mínar af Siglufjarðartill. Þetta er ekki rjett. Jeg flyt aldrei nema rjett og sjálfsögð mál fyrir Siglfirðinga, t. d. um að koma upp sjúkrahúsi o. s. frv., svo þess vegna þarf jeg aldrei að þvo hendur mínar af neinum órjettmætum Siglufjarðartill.

Annars býst jeg við, að þessum hv. þm. hafi dottið þetta í hug af því, að hans eigin samviska hafi rumskað við honum og mint hann óþægilega á, að nú væri kominn tími til þess, að hann þyrfti að þvo hendur sínar af Akranestill. Jeg hefi t. d. aldrei farið fram á það fyrir Siglufjörð, að Alþingi breytti flóum og fjörðum frá því, sem verið hefir, en þetta hefir hv. þm. Borgf. gert vegna Akurnesinga, og fjekk það samþykt. Þegar drottinn skóp landið með flóum þess og fjörðum, hefir hann eflaust ekki ætlast til að gera Faxaflóa eins stóran og hv. þm. Borgf. hefir nú tekist. Faxaflói nær ekki og hefir aldrei náð nema að Garðskaga. (*PO*: Jú, jú, jú, frá upphafi veraldar).

Jeg hefi heldur aldrei farið fram á, að Siglfirðingum væri gefin upp rjettmæt skuld, enda munu þeir greiða sjálfir

skuldir sínar, og það refjalaust. En þetta hefir hv. þm. Borgf. gert fyrir Akurnesinga nú nýlega. (*MT*: Batnandi manni er best að lifa). Annars þykir mjer það undarlegt, að þessi sami hv. þm. skuli altaf vera að tala um þennan eltingaleik við að ná útsvörum af mönnum, sem stunda atvinnu utan heimilissveitar, því jeg man ekki betur en að hann hafi sjálfur tekið fullan þátt í slíku. Eða hvernig var það hjerna um árið, þegar hann var að koma því í kring, að hægt væri að leggja útsvör á slægjuafnot? Var það ekki gert fyrir hans elskulegu kjósendur í Borgarfirði? (*PO*: Það var gert fyrir alt landið). Jeg skal nú ekki karpa lengur um þetta. Fyrir mitt leyti hefði jeg helst kosið, að mál þetta hefði verið afgreitt með rökstuddri dagskrá og frv. borið undir sveitarstjórnir landsins, svo að þeim hefði gefist kostur á að segja álit sitt um það fyrir næsta þing. En till. til rökstuddrar dagskrár liggur ekki fyrir, svo um það þýðir ekki að tala. Hinsvegar vil jeg geta þess, að jeg mun ekki fylgja dæmi hv. þm. Barð. (HK), að greiða frv. atkv., þótt brtt. hans falli. Verði brtt. mínar feldar, mun jeg greiða atkv. móti því, að frv. komist út úr deildinni.

Magnús Torfason: Jeg hefi ekki lagt hjer til mála síðan við 1. umr., að jeg sagði nokkur orð, og það sakir þess, að málið hefir verið í meðferð nefndar og deildin nú gert mun meiri umbætur á því fyrirkomulagi, sem við höfum búið við, en jeg hefi nokkru sinni leyft mjer að vonast eftir.

Jeg lít svo á, þó að deilt sje um ýms atriði, þá eigi ekki að setja það fyrir sig, og samþykkja heldur frv. sem breytingaminst, því það er víst, að fyrir allflest sveitarfjelög er það til stórra bóta. Þess vegna mundi illa þegið af fjöldanum, ef eitthvað það yrði nú gert, að lagabót þessi næði ekki fram að ganga, eins og hún er þó vel á veg komin.

Annars stóð jeg upp til þess að fylgja úr hlaði smábrtt., sem jeg hefi borið fram við brtt. á þskj. 288. Í sjálfu sjer er þar ekki um neitt nýmæli að ræða, heldur er hún aðeins fram komin til varúðar. Eins og brtt. á þskj. 288 er orðuð, þá er gert ráð fyrir, að útgerðarmaður þyrfti sjálfur að vera á staðnum og sjá um verkun á afla sínum. En þetta er ekki meiningin með henni, því aðkomumenn fara þegar vertíð er lokið.

Jeg tók eftir, að úr einu horni var sagt, að þetta gæti komið illa við að því leyti, að menn flyttu fisk burt af höfn til verkunar. Þetta eru víst sjerstakar undantekningar, því að ekki eiga þær sjer stað þar, sem jeg þekki til, t. d. í verstöðvunum austanfjalls, og það af þeirri einföldu ástæðu, að það borgar sig ekki að flytja fiskinn; það er svo dýrt.

Jeg sagði, að þetta hljóð hefði komið úr einu horni. Jeg trúi ekki, að það geti skaðað þá sveit neitt, þó brtt. mín sje samþ. Fiskur úr Hornafirði mundi aldrei verða fluttur til stórra muna austur á fjörðu til verkunar. Jeg man eftir, að í landafræði þeirri, sem jeg lærði í skóla og Halldór Friðriksson, sá mæti mann, hafði samið, var það tekið fram, að á Djúpavogi væru 300 þokudagar á ári, svo jeg get varla trúað, að neinn geri það að gamni sínu að flytja þangað fisk til verkunar.

Halldór Stefánsson: Jeg ætla ekki að fara að karpa um brtt. mínar, enda ekki von, að menn geti gert upp öll ágrein-

ingsatriði sín við umr., svo um þær verður að fara við atkvgr. eins og verkast vill.

En jeg ætla að minnast nánar á 2. brtt. mína, e.-liðinn. Hv. frsm. sagði, að slitið væri sambandið milli fyrri stafliða og síðasta stafliðs, og á hið sama hefir hæstv. atvrh. bent mjer. Við nánari athugun get jeg fallist á, að svo sje, og ætla því að bera fram skriflega brtt. til þess að bæta úr þessu, sem jeg vona, að hæstv. forseti taki til greina. Undanþágan frá höfuðreglunni er bundin því skilyrði, að atvinnan sje rekin utan heimilissveitar. Þetta kemur fram í a.- og b.-lið, en er ekki tekið fram í c.-lið. Þess vegna vil jeg skjóta inn á milli orðanna „verið“ og „selveiði“ (í 1. línu c.-liðs) orðunum „utan heimilissveitar“. Vona jeg, að hv. þdm. geti fallist á, að þetta nægi, og sömuleiðis að aftan við liðinn bætist „en 4 vikur“.

Að lokum skal jeg taka það fram, sem jeg gleymdi áður, að ef brtt. 1. a. og b. á þskj. 226, frá hv. 2. þm. Eyf. (BSt), verða samþ., þá er mín brtt. óþörf, og tel jeg, að hún þurfi þá ekki að koma til atkvæða. Brtt. á þskj. 226 fer fram á að færa þetta alt undir 8. gr. Því fylgdi jeg við 2. umr., og geri eins nú. Þess vegna mæli jeg með því, að það nái fram að ganga.

Um 3. brtt. mína þarf jeg ekkert að tala, því ekkert hefir komið fram henni til andmæla.

Þá er það 4. brtt. og síðasta, að í stað 1/3 komi 1/2, þegar skifta á útsvari milli heimilissveitar og atvinnusveitar. Háttv. frsm. sagði, að þetta gæti orðið órjettlátt í einstaka tilfellum, t. d. ef stunduð væri atvinna alt árið, þá væri lítið, að atvinnusveitin fengi ekki nema helming útsvarsins. En jeg held, að jafnvel í slíkum tilfellum sje þetta ekki ósanngjarnt, því að eins og oft hefir verið tekið fram, eru skyldurnar við gjaldþegn almennast bundnar við heimilissveitina — og þó að ekki fari saman framfærslusveit og heimilissveit, þá á heimilissveitin að gæta hinna árlegu skyldna við gjaldþegninn, svo sem um barnafræðslukostnað og fleira. Og þar sem atvinnusveitin nýtur hins beina og óbeina hagnaðar af vinnu hvers manns, er stundar þar atvinnu um lengri eða skemri tíma, sem kemur fram í aukinni framleiðslu og útsvarsálagningu á hana, þá virðist 1/3 hluti útsvarsins nóg í hennar hlut, svo mjer virðist langt frá því, að hlutur atvinnusveitar sje fyrir borð borinn, þó að mín brtt. sje samþ. Jeg fyrir mitt leyti gæti vel gengið lengra í þessa átt.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg ætla að vera mjög stuttorður, enda eru umr. orðnar langar. Jeg skal því ekki fara mikið út í einstakar brtt., heldur láta mjer nægja að vísa til þess, sem hv. frsm. hefir um þær sagt, enda er jeg honum í flestu sammála.

Út af því, sem hv. 1. þm. N.-M. (H-Stef) sagði um þessa nýju brtt. sína, sem hann hefir nú flutt, þá skal jeg taka það fram, að jeg get með ánægju greitt henni atkvæði mitt.

En það var aðallega út af orðum hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), sem jeg vildi segja nokkur orð. Hann virtist halda því fram, að frv. ætti ekki að verða að lögum á þessu þingi. Jeg vil nú segja honum það, að frv. á alllangt í land, þótt það yrði samþ. nú. Jeg fyrir mitt leyti dreg enga dul á það, að jeg vil, að það verði að lögum, þó mjer hinsvegar blandist ekki hugur um það, að það eigi eftir að koma

hingað aftur; því jeg get ekki trúað því, að hv. Ed. fallist á það óbreytt. En ef tilgangurinn er, að frv. eigi að sendast út um sveitir og gjaldendurnir að láta uppi skoðun sína á því, þá er mikilsvert, að það hafi að minsta kosti komist í gegnum 2. umr. í hv. Ed. Annars held jeg enga bót í því að spyrja allar hreppsnefndir og sýslunefndir á landinu um álit sitt á frv. Við vitum, að þar vill hver ota sínum tota og erfitt að greina á milli svaranna, hvar sanngirnin sje mest.

Þá er því haldið mjög á lofti, að skifting útsvara eftir frv. hafi mikla skriffinsku í för með sjer. Því skal ekki neitað, að hún verði nokkur, en ekki get jeg líkt því við þá skriffinsku, sem leiðir af berklavarnalögunum, og þykir þó ástæða til að halda þeim uppi. Það er ekki með neinum rökum hægt að finna frv. til foráttu, þó að kosti dálitla fyrirhöfn að framkvæma ýms ákvæði þess. Og eigi að keppa að því að auka rjettlæti í landinu, þá má ekki horfa í það, þó að það kosti nokkrar brjefaskriftir. Það hefir þótt við brenna, að ekki væri auðvelt að finna rjettlátan mælikvarða á meðan atvinnusveit hefir óbundnar hendur til þess að leggja á eftir eigin geðþótta. Og þótt þær raddir sjeu ekki eins sterkar nú og áður, þá hefir þó heyrst, að legið hafi við borð, að sumir atvinnurekendur hafi hugsað til að flýja á brott undan ósanngjörnum álögum atvinnusveitarinnar.

Því skal ekki neitað, að umr. eru nú orðnar miklar um þetta mál. En það hefði líka orðið, þó að milliþinganefnd hefði samið frv. Þetta mál snertir svo marga menn, að hjá því getur ekki farið, að mikið sje um það rætt. Auk þess eru skoðanir manna svo skiftar í þessu efni, að óhugsanlegt er að setja lög um það, sem allir væru fúsir á að undirskrifa. Að minsta kosti gæti jeg ekki hugsað mjer að finna þann meiri hluta í þinginu, sem gæti fallist einhuga á öll ákvæði frv.

Þá hefir því verið haldið fram af hv. 2. þm. Eyf. (BSt), að atvinnusveit eigi kröfur um hlutdeild í útsvari þeirra manna, sem þangað sækja atvinnu. Í frv. eru einmitt ákvæði, sem tryggja þetta. En það má ekki gleyma því, að heimilissveit á líka heimting á þessu. Í frv. er reynt að vega, hve mikið atvinnusveit eigi að bera úr býtum gagnvart heimilissveit, án þess þó að gjaldandanum sje misboðið, því einnig hann á heimting á, að honum sje sýnd fullkomin sanngirni

Jeg mun nú ekki segja margt fleira, þar sem áliðið er orðið fundartímans, en mikilsvert að ljúka málinu í kvöld. Þó vil jeg bæta við einu atriði, út af því, sem hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) sagði. Það er hreinn misskilningur hjá honum, að það sje vantraust á sýslunefndir að taka af þeim úrskurðarvaldið um útsvarskærur, heldur vil jeg, að það sje gert af alt öðrum ástæðum. Útsvör eru ekki lögð á fyr en í fyrsta lagi í febrúar, og hljóta þá kærurnar venjulega að koma eftir þann tíma, er sýslufundur er afstaðinn. Verður þá annaðhvort að fá öðrum úrskurðarvaldið eða bíða næsta árs um úrskurðinn. — Austur-Skaftafellssýsla er að vísu undantekning um þetta, því að sýslufundur er haldinn þar mun síðar en í öðrum hjeruðum. Gæti jeg vel gengið inn á það til samkomulags við hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ), að ef sýslufundur væri ekki afstaðinn, mætti hann úrskurða um þær kærur, sem komnar væru. En ástæðan til þess að hafa sjerstaka nefnd til að úrskurða þetta er nauðsynin að fá úrskurð sama ár, en alls ekki vantraust á sýslunefndum. En jeg verð að álíta það of kostnaðarsamt að kalla saman aukafund í sýslunefnd um

ekki stærra mál en útsvarskærur eru oftast nær. Og jeg held því fram, að ekki verði sagt, að það sje ónóg að hafa 3 menn til að dæma um útsvarskæru, alla þá stund, sem við höfum aðeins 3 menn í hæstarjetti, svo stór mál sem þar koma stundum. (*ÓTh*: En það er líka alt of lítið).

Þorleifur Jónsson: Jeg skal nú ekki fara neitt út í þá aths., sem hæstv. atvrh. gerði nú síðast, um ástæðuna fyrir því, að skjóta verði útsvarskærum til yfirskattanefndar, og hann tók það fram, að það væri ekki af því, að stjórnin hefði að neinu vantreyst sýslunefndum. En það er skiftingin á útsvörunum, sem fyrir mjer er aðalatriðið, og jeg býst við, að það verði erfitt að verja það, að hún verði ekki altaf til klúðurs og baga fyrir sveitarstjórnirnar.

Þá vildi hv. frsm. reyna að verja þá brtt., að utansveitarmenn skyldu undanþegnir útsvari. En mjer virðist ákaflega ósanngjarnt, að atvinnusveitin fái engan þátt í ágóða þeirra, sem reka eða stunda þar atvinnu máske hálf eða heil missiri. En jeg tala ekki meira um það, því að jeg lofaði að vera stuttorður. — En það var fyrst og fremst eitt atriði, sem hv. frsm. mintist á, sem gefur mjer tilefni til andsvara. Það var sem sje það, að vermenn, sem stunda sjó á Hornafirði á vetrarvertíðinni, yrðu fyrir mjög þungum búsifjum, með því að borga $^1/_{12}$ af afla sínum í húsaleigu. Það mun nú vera rjett, að Þórhallur Daníelsson kaupmaður í Hornafirði tekur $^1/_{12}$ hluta í leigu af vermönnum, ef þeir salta sjálfir afla sinn, en $^1/_{24}$, ef þeir selja honum hann blautan. En þess er að gæta, að verstöðin er afarfullkomin og bygð á dýrustu tímum, svo að mjög mikið fje liggur í henni. En þrátt fyrir það, þótt leigjandinn hafi fengið umrædda húsaleigu, held jeg, að hann hafi ekki spunnið silki á stöðinni. Jeg hefi ekki heldur heyrt neina umkvörtun um það frá Austfirðingum, sem stunda sjó á Hornafirði, að þeir sjeu óánægðir með leiguna á stöðinni. Þvert á móti er þetta stór hagur fyrir þá, að eiga þarna athvarf, í stað þess að áður urðu þeir að liggja aðgerðarlausir yfir vetrarvertíðina. En það, að Þórhallur Daníelsson rjeðist í þetta stórvirki, hefir orðið til mjög mikils stuðnings fyrir sjávarútvegsmenn á öllum Austfjörðum. Er því leitt, er hann fær slíkar aðdróttanir, sem jeg þóttist heyra á ummælum hv. þm.

Sje jeg ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum og vona, að senn megi ganga til atkvæða.

Hákon Kristófersson: Jeg skal reyna að vera stuttorður og ekki fara að þrátta við hv. frsm. allshn. meira en minst verður komist af með. Jeg geri ráð fyrir því, að við gætum staðið hjer dag út og dag inn í marga mánuði og karpað um þetta, og sannfærði þó hvorugur annan. Þó get jeg ekki stilt mig um að benda á, hvílík dæmalaus firra það var, sem hann sagði um 1. brtt. mína, að þótt boðað væri til sveitarfundar, þá gæti það komið fyrir, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn einsömul kæmi á þann fund, og rjeði því úrslitunum.

Þá vil jeg benda á það, í sambandi við 11. brtt. mína, við 23. gr., að þótt feld hafi verið við 2. umr. brtt. um, að 24. gr. fjelli burt, þá lít jeg svo á, að það hljóti að vera afleiðing af 11. brtt. minni, ef hún verður samþ., að þessi breytingartillaga megi komast að. Vil jeg því leggja það undir úrskurð hæstv. forseta, hvort 12. brtt. mín verði ekki tekin til greina, ef hin verður samþykt.

Þá vil jeg mótmæla því, að skattaframtalið verði undirstaðan undir útsvarsálagningu, heldur á að leggja á eftir efnum og ástæðum. Tel jeg óþarft að fara nú að hnekkja því, sem fram hefir verið borið gegn minni skoðun og sumir hafa kallað „rök“; það hefi jeg marggert áður.

Jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta, að jeg hafi sagt, að ekkert væri leggjandi upp úr hreppsnefndabrjefunum. Hafi jeg sagt nokkuð í þá átt, hefir það verið alveg óviljandi. — Eins er það, að jeg miði alt við Barðastrandarsýslu; því vil jeg algerlega mótmæla. En jeg vil aðeins segja það, að menn, sem eru eins ógurlega víðsýnir eins og t. d. hv. þm. Borgf., eiga ekki að vera að bregða meðbræðrum sínum og vinum um þröngsýni, þó þeir hafi ekki eins víðan sjóndeildarhring og hann sjálfur. — Jeg læt hjer staðar numið, því að jeg býst við, að hver sitji við sinn keip, þótt við hjeldum áfram að karpa um þetta. — Jeg hefi víst fyr í umræðunum tekið það fram, að jeg mun greiða atkv. með frv., þótt einhverjar misfellur kunni að verða á því, sakir þess, að það á eftir að fara gegnum hreinsunareldinn í hv. Ed., og þar vona jeg, að sviðni af því verstu vankantarnir.

Jeg er alveg sammála hæstv. atvrh. um það, að ekki verði hneykslast á, þótt nokkrar umræður verði um annað eins mál og þetta, þegar stundum fara heilir dagarnir í að tala um allskonar rusl, eins og sjá hefir mátt dæmin stundum á síðari tímum.

Jeg hefi það ekki á mínu valdi, hvort brtt. mínar verða samþyktar, en hefi gert þessa tilraun til að endurbæta frv., í þeirri von, að góðir menn mundu ljá mjer fylgi sitt.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Nú get jeg verið afarstuttorður, enda ekki ástæða til að svara mörgu. Raunar væri þörf að segja fáein orð við hv. 2. þm. Eyf. (BSt), út af því, sem hann sagði um rjett heimilis- og atvinnusveitar. Hæstv. atvrh. hefir nú svarað honum að mestu leyti. Þó get jeg ekki komist hjá að benda honum á, að það er munur á að leggja á eftir efnum og ástæðum þar, sem maður dvelur aðeins stuttan tíma og er öllum ókunnugur, eða þar, sem hann er heimilisfastur og hægt er að taka tillit til allrar afkomu hans. (*BSt*: Atvinnusveitin veit best um afkomu hans þar). En það er aðeins lítill hluti af allri afkomu mannsins og getur gefið alveg ranga mynd af raunverulegu gjaldþoli hans.

Hv. þm. hneykslaðist á því, sem jeg sagði um 20 ára gömul ákvæði í lögunum. En þó veit hann, að grundvallarástæðan til að menn vilja breyta útsvarslögunum, er, að þeir vilja takmarka heimildina til að leggja útsvar á utansveitarmenn. Hv. deild hefir nú þegar lýst sig þeirri stefnu fylgjandi. Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að hún væri þar á rangri leið, og vill víst gefa henni kost á að sjá að sjer. En nú hefir ekkert nýtt komið fram, sem gæti stuðlað til þess, nema þá það væri árangur af sendiförinni miklu frá Siglufirði. Því að eins og ýmsir hv. þm. hafa líklega orðið varir við, kom hjer fyrir skemstu hið fríðasta lið frá Siglufirði, með sjálfan bæjarfógetann í broddi fylkingar. Jeg þykist stundum hafa sjeð þetta vörpulega lið hjer á göngunum, og væri varla ólíklega til getið, að þeir hefðu nefnt útsvarslögin við einhverja hv. þm. — Það væri ekki úr vegi að benda í þessu sambandi á ósköp lítið dæmi um útsvarsálagningarnar á

Siglufirði. — Þó að jeg geti ekki hjer í umræðunni lesið upp allar sannanir fyrir þessu, þá hefi jeg þær þó með höndum, og er fús til að sýna hv. 2. þm. Eyf. þær, ef hann vill rengja sögusögn mína. — Þessi saga var þannig, að við aukaniðurjöfnun í haust var þar lagt útsvar á tvo aðkomukaupmenn. Annar hafði haft litla verslun, sakir þess að hann vantaði oft vörur, og fjekk hann 650 kr. útsvar. Hinn hafði verslað nokkru meira, enda lagðar á hann 800 kr. Þetta virtust nú vera sæmilegar upphæðir til þess að sjá Siglufirði fyrir sínu. En viti menn! Þegar útsvörin eru birt, kemur fram kæra frá kaupmönnum á staðnum, og krefjast þeir þess, að útvarið sje *fimmfaldað*. Niðurjöfnunarnefnd sá sóma sinn í að synja þessu, en hinir áfrýjuðu til bæjarstjórnar. Þar var hækkunartillagan feld með jöfnum atkvæðum. En af hverju? Af því að einn bæjarfulltrúinn, sem var með hækkuninni, var að sjá um afgreiðslu á skipi og kom of seint á fund til að geta greitt atkvæði! Þá hefi jeg og gögn fyrir því, og get sýnt þau hv. 2. þm. Eyf., að í sumar voru lögð útsvör á utanbæjarmenn sem svaraði *83 aurum* á hverja síldartunnu, sem þeir söltuðu á Siglufirði, en útsvör innanbæjarmanna námu sem svaraði tæpum 30 aurum á hverja síldartunnu. — Þetta er svona ofurlítill spegill af ágæti þessarar heimildar til að leggja á aðkomumenn eins og Siglfirðingar nota.

Hv. 2. þm. Eyf. var hinn reiðasti út af því, að jeg sagði, að hann einblíndi nokkuð mikið á Siglufjörð í þessu máli. Þótti honum mjer varla farast að mæla digurt, því að ekki væri jeg barnanna bestur með hreppapólitíkina. Nefndi hann tvent til. Annað var það, að jeg hefði farið fram á að fá uppgjöf á láni til fátæks hrepps, og hitt, að jeg hefði fengið því framgengt, að færð voru út takmörk Faxaflóa til hagsmuna fyrir Akurnesinga. Hann sagði, að frá sköpun heimsins *(BSt:* landsins!).—Jæja, landið er hluti af heiminum og hefir nú líklega verið skapað um svipað leyti. — já, hann sagði, að frá sköpun landsins hefðu takmörk Faxaflóa verið ákveðin. Jeg er því nú hjartanlega sammála, og skal í því sambandi benda á, hvernig forfeður vorir litu á það mál. Í 2. kap. Landnámu segir svo um siglingu þeirra Hrafna-Flóka og fjelaga hans að landinu:

„Þeir kvámu austan at Horni, ok sigldu fyrir sunnan landit. Enn er þeir sigldu vestr um Reykjanes, *ok upp lauk firðinum, svá at þeir sá Snæfellsnes*, þá ræddi Faxi um: ‚Þetta mun vera mikit land, er vér höfum fundit; hér eru vatnföll stór.‘ Síðan er þat kallaðr *Faxaóss*.“

Jeg held, að þetta skeri sæmilega úr um takmörk Faxaflóa að sunnan, svo að enginn þarf að bera kinnroða fyrir að hafa veitt mjer fylgi í því máli. — Jeg man nú ekki betur en að þessi ágæti háttv. 2. þm. Eyf. hafi fylgt mjer að báðum þeim málum, sem hann nefndi til að sanna, að jeg væri að þessu leyti haldinn sama sjúkdómi og hann. Raunar segist hann ekki fylgja öðrum málum en þeim, sem góð eru og nytsamleg (gagnstætt flestum öðrum þingmönnum!), og fyrst hann fylgdi mjer þarna, þarf víst ekki frekar vitnanna við um, að þessi mál hafa verið að hans áliti góð mál og nytsamleg, og stendur hann því illa að vígi með að fella þungan áfellisdóm yfir mjer fyrir að hafa flutt þau.

Eiginlega þyrfti jeg að svara hv. þm. A.-Sk. (ÞorlJ) nokkru, en verð að sleppa því, til þess að atkvgr. geti orðið sem fyrst.

Bernharð Stefánsson: Þetta er aðeins stutt aths., enda mun jeg láta alt annað niður falla en að bera af mjer sakir. Hv. þm. Borgf. sagði, að jeg hefði greitt atkv. með þeim Akranestill., sem hann hefir borið fram. Jeg hefi aldrei greitt atkvæði með stækkun Faxaflóa; jeg vil leyfa mjer að neita því algerlega, að jeg hafi fylgt því máli. *(PO*: Það er ómögulegt annað en að háttv. þm. hafi verið með þessu: það er svo gott og sanngjarnt). Jeg held, að tilvitnunin í Landnámu sanni lítið í þessu efni. En allir þeir, sem hafa sjeð Íslandskort, vita, að landfræðislega sjeð nær Faxaflói ekki lengra en að Garðskaga. Einnig vildi hv. þm. Borgf. halda því fram, að jeg hefði greitt atkvæði með uppgjöf á dýrtíðarláni Akraneshrepps. Jeg hefi vitni að því, að þetta er misskilningur. Jeg greiddi atkvæði á móti því við 2. umr. fjárl. En við 3. umr. var það ekki borið upp sjerstaklega, heldur með tveim öðrum liðum. Jeg ætlaði að mótmæla því, að atkvgr. færi fram á þann hátt, en hæstv. forseti heyrði ekki mál mitt Mundi jeg hafa greitt atkvæði á móti þessum lið eins og við 2. umr., ef hann hefði verið borinn undir atkv. sjerstaklega.

Um frásögn hv. þm. Borgf. um Siglufjörð og útsvörin þar get jeg ekkert sagt. Hv. þm. bar ekki fram neinar sannanir fyrir máli sínu, og meðan þær vanta, verður að líta á þetta sem skáldsögu. Út af þessari kröfu, sem hv. þm. nefndi, um að fimmfalda útsvarið, gæti manni einmitt dottið í hug, að niðurjöfnunarnefnd hefði farið nokkuð vægt í sakirnar. Og það, að fimmföldunarkrafan var feld, sýnir einmitt sanngirni bæjarstjórnarinnar og að Siglfirðingar hafa viljað fara varlega gagnvart aðkomumönnum.

ATKVGR.

Fram kom skrifleg brtt. (verður þskj. 370). — Afbrigði leyfð og samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 287,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 334,1.a feld með 15:5 atkv.
— 334,1.b sjálffallin.
— 334,2 feld með 18:1 atkv.
— 334,3 feld með 15:10 atkv.
— 284,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 328 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 216,1 feld með 14:8 atkv.
— 287,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 334,4 feld með 15 8 atkv.
— 226,I.a feld með 14:12 atkv.
— 226,I.b feld með 16:6 atkv.
— 226,II.1 tekin aftur.
— 370 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 361 samþ. með 17 shlj. atkv.
— 216,2 samþ. með 16:4 atkv.
— 296,1 samþ. með 19 shlj. atkv.
— 334,5 feld með 14:11 atkv.
— 362 samþ. með 16 shlj. atkv.
— 363 tekin aftur.
— 288 feld með 14:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MG, MT, PO, SigurjJ, ÁÁ, BL, JAJ, JS, JörB, KlJ.

nei: MJ, ÓTh, SvÓ, TrÞ, ÞorlJ, ÞórJ, ÁJ, BSt, HStef, HK, IngB, JBald, JK, JÞ.

PÞ, JakM, BSv greiddu ekki atkv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Brtt. 226,II.2.a feld með 17:2 atkv.
— 226,II.2.b feld með 18:1 atkv.
— 352,1 feld með 15:2 atkv.
— 216,3 samþ. með 14:12 atkv.
— 216,4 feld með 14:10 atkv.
— 352,2 tekin aftur.
— 334,6 feld með 14:2 atkv.
— 226,III tekin aftur.

Brtt. 334,7 feld með 18:3 atkv.
— 334,8 samþ. með 18:2 atkv.
— 334,9 feld með 14:9 atkv.
— 334,10.a feld með 16:9 atkv.
— 334,10.b tekin aftur.
— 334,11 feld með 17:6 atkv.
— 334,12 tekin aftur.
— 334,13 feld með 15:7 atkv.
— 284,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 284,3 tekin aftur af flm.,. en tekin upp af þm. N.-Þ. og samþ. með 15:10 atkv.
— 296,2 sjálffallin.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:3 atkv. og afgr. til Ed.

Á 53. fundi í Ed., laugardaginn 17. apríl, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 371).

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 19. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (MG): Á síðasta þingi var samþ. áskorun til stjórnarinnar um að leggja fyrir þetta þing frv. um útsvör. Þetta var gert þegar í þingbyrjun, er frv. þetta var lagt fyrir hv. Nd., sem nú er komið þaðan hingað til 1. umr. Það er ekki annað hægt að segja en að Nd. hafi tekið þessu frv. vel. Afgreiðsla þess þar hefir að vísu gengið seint, bæði vegna þess, að allmargar brtt. komu þar fram við frv., og vegna þess, að frv. varð að sitja á hakanum fyrir fjárlagafrv.

Frv. var ekki lengur í nefnd hjá Nd. en vænta mátti; mestur drátturinn á afgreiðslu þess stafaði af fjárlagafrv., sem var þar til umræðu samtímis útsvarsfrv., en ef svo hefði ekki viljað til, mundi frv. hafa gengið tiltölulega greitt gegnum Nd. Þótt tíminn sje nú orðinn naumur, vil jeg biðja háttv. allshn. þessarar deildar að taka þetta mál til eins gagngerðrar athugunar og föng eru á. Jeg er ekki í neinum vafa um, að frv. felur í sjer mikla rjettarbót og bætir mjög úr því vandræðaástandi, sem nú er og ekki virðist vera viðunandi lengur. Það hefir jafnvel farið svo, að í sumum stöðum á landinu hafa menn haft í hótunum um að flytja á brott vegna þess, hve harðlega þeir væru skattaðir í útsvörum, bæði af atvinnu- og heimilissveitum, og sumstaðar hafa menn jafnvel flutt brott af þessum sökum.

Eins og kunnugt er, er mest kvartað undan því, að útsvör eru lögð á menn á 2—3 eða fleiri stöðum á sama ári, og var mikil óánægja orðin yfir þessu fyrir nokkrum árum. En þó keyrði alveg um þverbak, er Reykjavíkurbær fjekk heimild til að leggja útsvör á sjómenn, sem voru lögskráðir á skip, sem gerð voru út þaðan. Síðan hefir óánægjan yfir þessu magnast stórum, enda er hún á rökum bygð. Í þessu frv. er bent á leið til þess að komast hjá þeirri tvísköttun á mönnum með útsvörunum, þannig, að gert er ráð fyrir, að ekki megi leggja á menn nema á einum stað, þ. e. í heimilissveitinni. Þetta er þó þeim vandkvæðum bundið, að sjá verður fyrir því, að atvinnusveitirnar verði ekki of mikið fyrir barðinu á þessum ákvæðum í lögunum. Til þess að fyrirbyggja þetta eru sett í frv. ákvæði um skifting útsvaranna. Það er viðurkent, að heimilissveitin á mestan rjett til útsvaranna, en þegar atvinna er rekin langan tíma ársins utan heimilissveitar, þá er það ósanngjarnt að neita atvinnusveit um hluta af útsvarinu. Ef nú á að sameina þetta tvent, að leggja ekki útsvar á nema í einum stað og láta bæði atvinnusveit og dvalarsveit fá sinn hluta, þá þarf að skifta útsvörunum á einhvern hátt, og sú regla

hefir verið tekin upp í 8. og 9. gr. frumvarpsins. Hvort það er sú rjettasta eða besta regla, skal jeg ekki fullyrða um. En það er víst, að víða á Norðurlöndum hafa verið teknar upp svipaðar reglur og gefist vel. Jeg er í engum vafa um, að þetta verður talsverð fyrirhöfn, að minsta kosti fyrst í stað. En þar sem hjer er um að ræða rjettláta skattalöggjöf, er vitanlega til töluverðs að vinna, og dugir því ekki að telja eftir nokkra fyrirhöfn. Það má ekki heldur einblína á hag heimilissveitar og atvinnusveitar, því til er þriðji aðili í þessu máli, og það er gjaldandinn sjálfur, sem greiða á gjaldið.

Af breytingum þeim, sem gerðar voru á frumvarpinu í neðri deild og snerta stefnu þess, er ekki hægt að telja nema eina, sem sje flutning milli 8. og 9. greinar. En þar sem málið er nú til 1. umr., sje jeg ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði frumvarpsins.

Það er nú svo, þegar búa á til löggjöf sem þessa, þá kemur margt fyrir, sem getur verið álitamál. Hjer getur það t. d. verið álitamál, hvað heimilissveitin á að fá minst, ef maðurinn rekur atvinnu annarsstaðar alt árið.

Það hefir farið svo í neðri deild, þrátt fyrir töluverðan skoðanamun, að tillögur stjórnarfrumvarpsins hafa orðið lítsterkastar í flestum atriðum. Að vísu var upphæð sú, sem menn þurfa að vinna sjer inn í atvinnusveit til þess að verða útsvarsskyldir, hækkuð. Þó var það ekki gert með eindregnum vilja deildarinnar, því að líka komu fram tillögur um að lækka hana.

Geri jeg svo ekki ráð fyrir, að rjett sje að tala meira um málið á þessu stigi, og legg til, að því verði vísað til allshn. að umræðunni lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 8 shlj. atkv.

Á 70. fundi í Ed., laugardaginn 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 371, n. 495 og 523, 522, 537).

Afbrigði um brtt. 537, sem of seint var útbýtt, leyfð og samþ. í e. hlj.

Frsm. meiri hl. (Eggert Pálsson): Jeg skal byrja á því að geta þess, að það er prentvilla í nál. meiri hlutans, á bls. 2, 10. línu að ofan. Þar stendur „hnoða", en á að vera: bræða. Jeg hefi gert ráðstafanir til þess að skrifstofan leiðrjetti það.

Það hefir fallið í minn hlut að verða frsm. meiri hl. allshn., og skal jeg nú lofa því að verða ekki langorður, enda munu hv. deildarmenn vera orðnir æðiþreyttir. Jeg skal nú viðurkenna það, að jeg hefi ekki mikið vit á sveitarstjórnarmálum; jeg hefi ekki mikið fengist við þau um dagana, þótt jeg að vísu hafi komið nokkuð nærri þeim. Jeg reiði því hvorki þekkingu nje vit í þverpokum í þessu efni. En slíkt hið sama verður tæplega sagt um meðnefndarmann minn, hv. þm. Seyðf. (JóhJóh). Hann hefir um langt skeið verið sýslunefndaroddviti og bæjarstjóri á Seyðisfirði, og hefir því fyrir það öðlast mikla reynslu og þekkingu á þessum málum. Jeg hygg því, að jeg standi á traustum grundvelli, er jeg fylgi honum að málum í þessu efni. En hvað sem okkar þekkingu líður, þá býst jeg þó við, að þeir, sem frv. sömdu í upphafi, taki okkur þó fram í þekkingu á þessum efnum. Það má að minsta kosti segja, að reynslan hafi sýnt það. Í Nd. komu margar brtt. fram

við frv. En reynslan varð sú, að þær fjellu flestar. Hv. minni hl. (GuðmÓ) segir, að höfund eða höfunda frv. muni hafa skort kunnugleika á þessum málum, eða þá að sjónarhringur þeirra hafi ekki náð neitt að gagni út fyrir kaupstaðina. Þetta er harðlega að orði komist og ekki sanngjarnt, þar sem jeg veit, að hæstv. atvrh. hefir nokkuð haft hönd í bagga með samningu frv. En hann hefir lengi verið sýslunefndaroddviti í einu stærsta landbúnaðarhjeraði þessa lands og hlýtur því að hafa mikla þekkingu á þessu sviði. Jeg get og vel fyrirgefið hv. minni hl. slettur hans í garð okkar meðnefndarmanna sinna. Við vitum, að hann á það til að vera nokkuð glettinn, og því fúsari erum við að fyrirgefa það, þar sem við vitum, hvað samkomulagið hefir altaf verið gott í nefndinni. Honum finst það rekast á, að við teljum eðlilegt, að Nd. hafi þurft langan tíma til að athuga þetta frv., en við treystum okkur til þess að afgreiða það á svona stuttum tíma. En það er nú svo, að mál þurfa venjulega lengri tíma í Nd., og kemur það af því, að hún er mannfleiri. Kemur það í ljós hjer sem annarsstaðar, að betra er fámenni en fjölmenni til rólegrar athugunar. Um þetta frv. er það að segja, að allshn. hefir lagt venjulega vinnu í það. Hún hefir lesið það gaumgæfilega yfir og borið það saman við stjfrv. og athugað breytingarnar, svo ekki er hægt að segja, að hún hafi kastað til þess höndunum. En að því er snertir afstöðu okkar meiri hlutans, þá teljum við kosti þessa frv. marga. Aðalkostur þess er, að það safnar öllum lagaákvæðum um þetta saman í eitt og samræmir þau. Vegna kosta frv. erum við tilleiðanlegir til að bera hlýjan hug til þess í heild sinni. Svo er líka gaumur gefandi fordæminu í Nd. Brtt. þær, sem þar komu fram, voru flestar feldar og gerðu ekki annað en tefja fyrir málinu. Ekki er líklegt, að betur færi hjer, eða þá að Nd. gengi að þeim brtt., er hjer yrðu samþyktar. Þess vegna má það vera skiljanlegt, að við þyrftum minni tíma til að athuga frv. þetta heldur en hv. minni hluti, sem var fyrirfram ákveðinn í því að vilja gera breytingar. En þó hafa þær orðið færri en jeg hafði ástæðu til að búast við.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að vera langorðari að svo komnu, þar sem ekki liggja fyrir neinar brtt. frá okkur. Ef mjer finst ástæða til þess að tala um brtt. hv. minni hl., þá getur það komið til greina seinna. Annars býst jeg við, að hæstv. atvrh. taki af mjer ómakið um það.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson): Það er nú að mestu leyti tekið fram í nál. á þskj. 523, sem jeg þarf að segja um þetta mál alment. Þess er getið í nál., að fleiri breytingar hefði þurft á frv. en jeg hefi treyst mjer til að koma með við þessa umræðu. Jeg hefi fært þau rök fyrir því, að það hefir verið of naumur tími til þess að athuga þetta vandasama mál svo vel sje. Jeg leit því svo á, að þótt jeg sæi mjer ekki fært að koma fram með svo gagngerðar breytingar, sem jeg hefði talið nauðsynlegt, þá væri þó betra en ekki að koma fram með nokkrar. Vænti jeg, að háttv. deild sjái, að þær breytingar, sem jeg hefi komið með, sjeu til bóta. Jeg hefði t. d. gjarnan viljað, að því hefði verið haldið að hafa fardagaárið fyrir reikningsár í hreppum, í stað almanaksársins, og hefi jeg fært gild rök fyrir því í nál., að slíkt sje að öllu leyti hentugra fyrir sveitirnar. Mjer finst

jeg og hafa fært nokkuð gild rök fyrir því, að höfundar frv. hafi meira haft fyrir augum kaupstaðina en hreppana, er þeir sömdu frv. Hv. frsm. meiri hl. vildi láta það líta svo út, sem hæstv. atvrh. væri aðalhöfundur þessa frv. En eftir því sem jeg þekki til hæstv. atvrh., þá kannast jeg lítið við hans fingraför á því. Jeg gæti því best trúað, að hann hefði mjög lítið að því komið. Orðalag frv. er víða mjög klaufalegt og ósmekklegt. Nægir í því efni að benda á 3. tölul. 4. gr. Þar er verið að gefa gjaldendum leiðbeiningar eða reglur um, hvernig þeir eigi að láta hreppsnefndir eða bæjarstjórnir vita um ástæður sínar. Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp kafla úr greininni. Þar stendur svo, að til greina skuli taka:

„Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem fjölskyldu hans, heilsufar hans eða þeirra, sem á vegum hans eru, *höpp eða óhöpp*, sem hann hefir orðið fyrir, svo sem *slys, dauðsföll, fjárskaða af sjó*“ — og fleira, sem þar er talið. Það er ekki hægt að skilja þetta á annan veg en að fyrstu höppin, sem að höndum geti borið, sjeu slys, dauðsföll og fjárskaðar af sjó! Jeg á bágt með að trúa því, að slíkt orðalag sem þetta sje verk hæstv. atvrh., og þótt jeg tryði því, að hann hefði samið það, þá gæti jeg ekki verið sá hræsnari að lofa það. Þar sem hv. frsm. meiri hl. gat þess, að jeg hefði verið fyrirfram ákveðinn í því að koma fram með brtt. við frv., þá má eins segja um hann og hv. meiri hl., að hann hafi verið fyrirfram ákveðinn í því að samþykkja frv. óbreytt, hvernig sem það væri. Hv. frsm. meiri hl. byrjaði á því að skýra frá prentvillu, sem stæði í nál. meiri hl. Jeg vil í þess stað benda á, að það eru að minsta kosti tvær prentvillur í sjálfu frv. Á bls. 4 í niðurlagi 7. gr. er orðfæri, sem jeg felli mig ekki við og veit ekki til, að sje móðins, og hygg því, að hljóti að vera prentvilla. Mjer finst vera ofaukið a. Þar stendur „þessa árs“ í stað „þess árs“. Þá er á bls. 5 í upphafi 9. gr. Þar stendur „útvarið“, á að vera „útsvarið“. Jeg vona, að jeg móðgi hæstv. ráðherra ekki með þessu, en jeg man eftir því, að hann tók það illa upp fyrir mjer í öðru máli, er jeg mintist á prentvillur, og kallaði það útúrsnúninga. Jeg er ekki með þessu að gera mikið úr því, þótt prentvillur komi fyrir, en mjer finst rjett að vekja athygli á þeim, fremur ef þær standa í frv. en þótt þær standi í nál.

Þá sagði háttv. frsm., að meiri hlutinn hefði ekki haft neitt verulegt að athuga við frv., vegna hinna mörgu kosta, sem prýddu það. Mjer hefði nú fundist viðkunnanlegra, að hann hefði bent á einhvern þessara mörgu kosta. (*EP*: Jeg talaði um samræmið). Jú, hann nefndi samræmið. Það er gott að samræma þar, sem það er hægt, en frv. sýnir, að hjer hefir verið færst meira í fang en fært er. Þetta frv. er að mínu viti mjög óglögt og þvælingslegt. Meiri hluti þess eru undantekningar. Það er oft, að aðalreglan í greinunum er ein lína, en svo geta greinarnar verið nokkuð langar, en alt, sem á eftir kemur, eru undantekningar. Eftir frv. er ein af breytingum þeim, sem það gerir á fyrirkomulagi þessara mála, að yfirskattanefnd er ætlað að úrskurða útsvarskærur. Jeg býst nú kannske við, að sú breyting stafi af þessari breytingu með reikningsárið, því að kærurnar verða orðnar ársgamlar, ef ætti að úrskurða þær á venjulegum sýslufundartíma, og sjerstaklega af því, að niðurjöfnun á að fara fram á öðrum tíma en nú. Jeg skal ekkert segja um það, hvort yfirskattanefnd

er ekki fult eins vel fær um þetta, en jeg er viss um, að meiri kostnaður fylgir því, að það verður að halda sjerstakan aukafund í yfirskattanefnd, og þeir geta meira að segja, ef einhver hreppur vill nota sjer þessa nýju rjettarbót, orðið einir fjórir á ári, og getur það orðið nokkur kostnaður fyrir sýslusjóði, því að þeir munu eiga að borga. Jeg vona, að hæstv. ráðh. (MG) leiðrjetti mig, ef jeg fer ekki rjett með. Þetta er í mínum augum enginn kostur, og vil jeg ekki fullyrða, að þessu væri öðruvísi betur fyrir komið. Það má vel vera, að yfirskattanefnd sje alt eins vel fær til að gera það, en þarna er auðsjáanlega stofnað til nýs kostnaðar, og tel jeg það ekki neinn kost, því að þar, sem jeg þekki til, hafa sýslusjóðirnir nóg að borga án þess.

Þá kann jeg ekki við ákvæðið í 26. gr., þar sem um úrskurði er sagt, að hvorki yfirskattanefnd eða atvinnumálaráðuneytið megi breyta útsvari, nema þessi stjórnarvöld sjeu viss um, að það hafi verið að minsta kosti 10% of hátt eða of lágt. Þetta þykir mjer ekki mikill kostur, því að hvorki yfirskattanefnd nje ráðuneytið hefir þá vald til að breyta útsvari, nema það væri þá svona hæfilega vitlaust; það getur þó munað nokkru, að minsta kosti á háum útsvörum, þó að það sje ekki nema 10% of hátt eða of lágt, og ekki er þetta betra en í sveitarstjórnarlögunum nú, því að þar er þó ekki verið að setja nein takmörk um það, hve mikið þurfi að vera skakt til þess að megi leiðrjetta það.

Jeg veit nú ekki, hvort hv. frsm. meiri hl. telur þetta alt kosti, sem jeg hefi bent á í frv., en ef svo er, þá lít jeg alt öðrum augum á það. — Þá sagðist hv. frsm. meiri hl. ekki hafa mikið vit á sveitarstjórnarmálum; jeg skal nú náttúrlega ekki segja um þetta, þótt mjer satt að segja þyki það ekki vel trúlegt um mann, sem búið hefir í sveit svo tugum ára skiftir, og því líklega ekki sloppið hjá að vera í hreppsnefnd og kannske oddviti. Það er ekki vanalegt, að menn sjeu svona af hjarta auðmjúkir og lítillátir, og að minsta kosti óvanalegt, að menn byrji á framsöguræðu sinni með því að lýsa yfir því hátíðlega, að þeir hafi ekkert vit á málinu, en aðeins treysta á þann ágæta mann, hv. þm. Seyðf. (JóhJóh), sem hafi verið sýslunefndaroddviti og hafi því svo gott vit á því. Þykir mjer undarlegt, ef hv. þm. (EP) getur þannig gengið undir hönd hv. meðnefndarmanns síns með skoðun sína á málinu, og skal jeg ekki trúa því nema hv. þm. endurtaki það, en jeg tók þetta svo, að hv. þm. væri að þagga niður samvisku sína um það, að það gerði ekkert til hvað það snerti, hvernig notaður hefði verið tíminn af allshn. til þess að athuga málið, því að það skiftir auðvitað ekki máli, hvort haldnir eru margir fundir eða fáir, ef maður slær því föstu með sjálfum sjer í byrjun, að maður hafi ekkert vit á málinu. Þá sagði háttv. frsm. meiri hl., að komið hefðu margar brtt. við þetta frv. í hv. Nd., sem ekki hefðu náð samþykki, og taldi það benda á, að þeirra hefði ekki verið þörf, frv. hefði verið svo gott frá stjórnarinnar hendi og hv. deild sjeð, að það hefði ekki verið nema til þess að spilla frv. að hleypa þeim að. Þó munu vera nokkrar undantekningar á þessu, því að eitthvað var samþykt af þeim, og að brtt. komu frá mörgum þm., sýnir, að margir eru óánægðir með frv. En það er rjett hjá hv. frsm. meiri hl., að margt af þeim var felt, en ætli það geti ekki farið líkt hjer, því að mjer finst, að ef meiri hl. þessarar hv. deildar væri líkur meiri hl. hv. allshn., að þykjast ekki þurfa að athuga

málið og þykja nóg að samþykkja það, þá myndu mínar brtt. feldar, enda hefir hv. meiri hl. lýst yfir því í nál. sínu, að hann ætli ekki að samþ. neinar brtt., sem fram komi, og þá ekki heldur þær, sem honum þættu til bóta. Og þótt ekki væri nema annar nefndarmaðurinn, sem lítið eða ekkert vit hefði á málinu, þykir mjer það samt hreystilega sagt að gefa þá yfirlýsingu, að hann að sjálfsögðu yrði á móti öllum brtt., því að hv. þm. (EP) gæti þó hugsað sjer, að einhverjar af þeim væru til bóta, þótt hann náttúrlega skilji ekkert í þeim. En það er nú svo, að háttv. þm. eru nú orðnir svo ringlaðir í höfðinu hjer í þessari háttv. deild, af því að komið er svo nærri þingslitum, þá er sama þótt háttv. deild hafi ekkert athugað málið; það er samt sjálfsagt að drífa það fram, og menn varðar þá ekki svo mikið um það, hvort fleiri eða færri stórir agnúar eru á því, og það er þá líka besta atvinnuvon fyrir næsta þing að sitja þá mánuðum saman við að lagfæra þessi lög og önnur líkt vönduð. Það verða ekki ómyndarlegri Alþingistíðindin eða Stjórnartíðindin fyrir það. Jeg hugsaði satt að segja ekki, að svona fáránleg yfirlýsing hefði yfir höfuð getað komið frá þessum tveim háttv. meðnefndarmönnum mínum, ef þetta hefði ekki fyrir þeim vakað, en jeg hefi aldrei álitið, að það borgaði sig að gera mikilsverð frv. að lögum á seinustu dögum þingsins, aðeins til þess að hafa afgreitt mörg lög, og jeg held, að þingið hefði verið í eins miklu áliti og að maklegleikum, þótt það sum árin hefði afgreitt færri lögin og þótt minna hefði þurft að leiðrjetta af nýjum lögum heldur en venjan hefir verið. Þá gat hv. frsm. meiri hl. um einhverja glettni hjá mjer í nál. til hv. meðnefndarmanna minna. Mjer þykir leitt að heyra það, því að jeg ætlaði ekki að móðga þá, en mjer finst, að jeg hafi fulla ástæðu til að segja þetta um þá hvað þetta mál snertir, því að mjer finst það vera hvað á móti öðru hjá þeim, að telja það ekki of langan tíma fyrir hv. Nd. að hafa þetta mál í því nær 10 vikur, en þessa deild ekki nema hálfan mánuð, og geta þó ekki sint málinu nema helminginn af þeim tíma vegna fjárlaganna, og jeg verð að gera miklu minna úr þessu starfi allshn. við frv. heldur en hv. frsm. gerði, sem sagði, að við hefðum borið frv. nákvæmlega saman við núgildandi lög um þetta efni, því að jeg fullyrði, að við höfum aldrei lokið við þann samanburð. Við höfðum fjóra fundi, mjög stutta, í málinu. Þá sagði hv. frsm., að það væri eðlilegt, að það þyrfti meiri vinnu við málin í hv. Nd. Það getur náttúrlega verið, að það sje eðlilegt, en meira fer það þó eftir því, fyrir hvaða deild málið er lagt fyrst. Jeg get játað, að líklega þurfi minni vinnu í málinu fyrir þá deild, sem seinna fær það til athugunar. Jeg vil taka það upp aftur, að það er hreint ekki rjett, að allshn. þessarar hv. deildar hafi lagt venjulega vinnu í þetta frv., samanborið við önnur frv., sem hún hefir haft til meðferðar; jeg hugsa t. d., að hv. frsm. meiri hl. vilji ekki ábyrgjast það, eftir þá vinnu, sem hann hefir lagt í frv., hvort það er rjett, að allar þær lagagreinar, sem taldar eru upp í enda frv., falli burt. Við bárum þær aldrei saman; líklega hefir hv. Nd. gert það, eða jeg get að minsta kosti hugsað mjer það, en skekkja kom fram hvað það snerti í frv. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Þá sagði hv. frsm., að það þýddi ekki að koma með brtt. hjer, því að þær myndu fara eins og í háttv. Nd. Jeg vil nú ekki fara eftir því, hvort það þýðir mikið eða lítið að

koma með brtt., heldur eftir því, hvort jeg álít það rjett eða ekki. En að hinu leytinu furðaði hv. frsm. meiri hl. á því, að minni hl. skyldi ekki koma með fleiri brtt. heldur en orðið hefði. Jeg væri nú kannske hissa á því líka, ef ekki hefði staðið svo á, eins og jeg tók fram, að jeg hafði ekki nægilegan tíma til þess; það var hert á mjer með nál. og jeg athugaði frv. ekki lengur en hv. meðnefndarmenn mínir, á fjórum stuttum fundum, og jeg hefi líka tekið það fram, að þó að jeg hafi ekki komið með fleiri brtt. en þetta, þá er það ekki af því, að jeg ekki teldi æskilegt, að fleiri hefðu verið gerðar.

Jeg skal þá fara nokkrum orðum um þessar brtt. mínar. Fyrsta brtt. mín er, eins og hv. deildarmenn munu hafa sjeð, við 3. gr. frv. Þar legg jeg til, að í staðinn fyrir sýslunefnd komi sýslumaður, ef sveitarstjórn þarf að sækja til sýslunefndar um leyfi til þess að hækka útsvörin. Jeg álít, að það sje heppilegra, og það er að minsta kosti í meira samræmi við það, sem samþykt var viðvíkjandi kosningum í málefnum sveita og kaupstaða. Jeg álít, að það sje nægilegt að snúa sjer til sýslunefndaroddvita, því að það getur sparað kostnaðinn við aukasýslunefndarfund, en mjer þykir sá kostnaður óþarfi, því að sýslufund er ekki hægt að halda öðruvísi en svo, að það kosti sýsluna þó dálítið.

Jeg hefi áður tekið fram, hvað mjer þótti óhæfilega orðaður 3. liðurinn í 4. gr., en samt kom jeg nú ekki með brtt. við hann, en aftur á móti með brtt. um að fella nokkuð úr 1. lið þeirrar greinar. Nú hljóðar hann svo, með leyfi hæstv. **forseta**:

„Útsvar skal leggja á eftir efnum og ástæðum. Skal þá til greina taka:

1. Eignir aðilja, hverjar þær eru og hversu verðmætar, hversu miklar skuldir hvíla á aðilja og hversu miklar eignir hann á afgangs skuldum ....“.

Jeg kann nú ekki við þetta, því að jeg býst ekki við, að hvorki nokkur hreppsnefnd eða bæjarstjórn geti nú ekki sjeð það með ljettu móti, hve mikið verður afgangs skuldum, þegar hún veit bæði um eignir og skuldir gjaldþegns, eða að minsta kosti eru henni ætlaðir erfiðari útreikningar hjer síðar í frv., svo að hún ætti hæglega að geta reiknað þetta.

Þá legg jeg til, að viðbót komi aftan við 9. gr., 1. b., að aftan við liðinn bætist: enda láti útgerðarmaður fullverka aflann á staðnum. Eftir þessum lið getur skip orðið útsvarsskylt, sem leggur upp afla sinn utan heimilissveitar útgerðarmanns að minsta kosti samtals 4 vikur af gjaldárinu, og vil jeg þá láta þetta koma aftan við. Mjer finst nefnilega, að þessi atvinnurekstur, eins og hann er tilfærður í frv., sje svo lítilfjörlegur, að varla sje vert að gera skip útsvarsskylt, ef það fylgir ekki með, að þarna eigi að verka aflann. Sumir hafa líka haldið því fram sem kosti á þessu frv., að það vildi draga úr eltingaleiknum með útsvarsálagningar utan heimilissveitar, en þetta atriði frv. miðar jafnvel til þess að auka eltingaleikinn við þessa menn. Eins er það líka í núgildandi lögum, að menn verða ekki útsvarsskyldir, þótt þeir stundi bátfiski og leggi upp afla í öðrum hreppi, ef það er innan sýslunnar eða við sama fjörð eða flóa. Þarna er útsvarsskyldan því aukin við það, sem nú er. Jeg hefi því miður ekki haft nægilegan tíma til að kynna mjer þetta, frekar en margt annað í frv., en heyrt hefi jeg það sagt, að einmitt allmikil harðdrægni sje oft viðhöfð í svona tilfellum.

Þá kemur nú stærsta brtt. Það er sú,

að jeg legg til, að 12. gr. falli niður. Jeg býst nú við, að hv. deildarmenn að minsta kosti hafi frv. fyrir framan sig og hafi jafnvel lesið það yfir, flestir þeirra, og jeg skil varla, að þeir að minsta kosti sjái það ekki fljótt, að þessi grein er þó nokkuð margbrotin, og eftir þeirri fyrirhöfn, sem hún bakar, mun þurfa að fá eitthvað í aðra hönd. Það er nefnilega í þessari grein reglan fyrir því, hvernig á að skifta niður útsvörum á milli heimilissveitar gjaldþegns og atvinnusveitar. Það er nokkuð margbrotið og á líka sitt við í hverju tilfelli, nefnilega eftir því, hvort það eru meiri sveitarþyngsli í atvinnusveitinni eða heimilisveitinni. Jeg vildi, með leyfi hæstv. forseta, mega lesa upp niðurlag hennar, því að hún er svo löng og leiðinleg, að jeg býst ekki við, að nokkur forseti vildi leyfa mjer að lesa hana alla. Niðurlagið er þannig:

„Finna skal, hvort útsvör verði talin hlutfallslega hærri eða lægri í einni sveit en annari, með því að leggja saman í hvorri sveit eða hverri hlutfallið milli skuldlausra eigna gjaldþegna sveitarinnar eftir síðasta skattframtali og útsvara þar, hlutfallið milli skattskyldra tekna þeirra og útsvara og hlutfallið milli gjaldendatölu sveitarinnar og útsvara, og deila síðan með 3. Skera þær tölur, er þá koma fram, úr því, í hvorri sveit eða hverri sje hlutfallslega hærra eða hæst útsvar.“

Þetta skilja nú allir; það er aðeins tekið meðaltal og alveg rjett, að það er hægt að sjá mismun sveitarþyngsla af þessu. En svo kemur rúsínan:

„Atvinnumálaráðuneytið getur sett reglur til leiðbeiningar um þetta atriði, og er heimilt, ef það kemur í ljós, að fyrstnefnda hlutfallsins gætir of mikið, að draga úr gildi þess með því að deila eignum samkvæmt skattframtali með tölu, er telst hæfileg, þó ekki hærri en 10.“

Jeg gæti nú hugsað mjer, að hann mætti vera nokkur ár í hreppsnefnd eða yfirskattanefnd, hv. frsm. meiri hl., til þess að hann yrði flinkur í þessu verki, eftir þeim vitnisburði, sem hv. þm. (EP) gefur sjálfum sjer um þekkingu í útsvarsmálum, auk þess sem jeg veit, að í hv. Nd. urðu þó nokkrar deilur um þessa 10, sem átti að nota seinast svona eftir tilfinningu, og sumum háttv. þm. í Nd. þótti hæfilegra að hafa hámarkið 7. Það mun hafa verið háttv. þm. Mýr. (PP), sem hjelt því fram í háttv. Nd., að 7% myndi hæfilegt, og hæstv. atvrh. hefir enn ekki getað sagt, hvort 10% væri hæfileg tala. Hinsvegar hefir hann vafið þetta og flækt í ræðu sinni, án þess nokkuð verulegt væri upp úr því að hafa.

Þegar nú þess er gætt, að nokkuð af útsvarinu þarf heimilissveit að greiða atvinnusveit, þá þarf hún að fá skýrslur þar að lútandi, sem skifting útsvarsins miðast við, svo slíkt getur vel farið fram með einföldum hætti, ef 12. gr. fellur niður, milli hreppsnefndanna, og ekki sýnt, að þess rjettlætis verði ver gætt, sem mest er talað um, að frv. eigi að skapa. Mjer virðist rjettara, að jafnað sje niður eftir þörfum heimilissveitarinnar og atvinnusveit borgað samkvæmt því, og þó að það kæmi á daginn, að það yrði vitund ónákvæmara í stöku tilfelli en þeir menn gera ráð fyrir að verði, sem halda fram þessari skiftingu samkv. 12. gr., þá væri það vel til vinnandi, til þess að vera laus við allar þær flækjur og vafninga, sem verða mundu í framkvæmd hennar. Enda næst með þessari skiftingu, eins og grein-

in er orðuð, ekki það rjettlæti, sem af er gumað, eins og jeg er margbúinn að sýna fram á.

Annars held jeg, að þeir háu herrar, er þessa 12. gr. hafa samið, hafi lagst of djúpt og ekki gert sjer ljóst, hvað þeir voru að fara, enda er hún með því versta í frv., og sú aðferð, sem þar er ætlast til að nota, miklu lakari en það, sem nú tíðkast. Að minsta kosti virðist mjer við nánari athugun, að með gömlu aðferðinni náist meira rjettlæti. Eftir henni munar það þó aldrei meira en þessum 10%, sem ranglega má leggja á samkv. frv.

Þá kem jeg að næstu brtt. minni, við 16. gr. Jeg held það sje rjett hjá mjer, að það hafi komist inn í frv. í hv. Nd., að þeir, sem sæti eiga í niðurjöfnunarnefnd í hreppum, skuli taka borgun fyrir starf sitt úr hreppssjóði. Þetta er nýmæli, því fyrir það er engin þóknun ákveðin í lögum nú. Hinsvegar virðist mjer, ef það á að dragast fram á slátt, að nefndarmennirnir þurfi að svara útsvarskærum, sjeu þeir ekki of sælir af því, þó að þeir fengju 5 kr. á dag fyrir þá vinnu, en til þess vil jeg ekki láta koma, enda engin borgun ákveðin í því augnamiði. Felli jeg mig því best við, að frv. hafi engin ákvæði að geyma í þessu efni, og legg því til, að seinni hluti greinarinnar falli niður. Þeir, sem vita, hvað útgjöldin eru orðin há, sem jafna þarf árlega niður í hreppunum, munu tæplega telja nauðsynlegt að ætla niðurjöfnunarnefnd dagkaup. Allur fundahaldakostnaður vegna niðurjöfnunar er líka greiddur nú úr hreppssjóði, svo að frá sjálfum sjer leggja nefndarmenn ekki annað til en tíma þann, sem starfið tekur.

Þá er það næst brtt. mín við 17. gr., um að fella niður, að konur geti skorast undan því að taka sæti í niðurjöfnunarnefnd. Þessi brtt. er í samræmi við það, sem jeg og fleiri hv. þm. hafa haldið fram. Hæstv. atvrh. mæltist til, að brtt. þessi biði til 3. umr., og get jeg eftir atvikum fallist á það, þótt jeg hinsvegar megi ætla, að hv. deild sje sama sinnis um þetta efni og áður.

Þá kem jeg að þeirri brtt. minni, sem er við 21. gr. og fer fram á að fella bæði framan og aftan af þeim tíma, sem jafna megi niður útsvörum á.

Í frv. er ætlast til, að niðurjöfnun byrji með febrúarmánuði. En þar sem mjer skilst, að bæði hreppsnefndum og bæjarstjórnum sje ætlað að hafa aðgang að skattaframtali gjaldenda til hliðsjónar við niðurjöfnunina, þá virðist mjer illa til fallið að taka febrúarmánuð með, þar sem vitanlegt er, að skattaframtalsskýrslum þarf ekki að skila fyr en í febrúarmánaðarlok. *(Atvrh. MG*: Í Reykjavík). Nei, í Reykjavík þurfa sumir gjaldendur ekki að skila framtalsskýrslu fyr en í lok marsmánaðar, að mig minnir, svo það er út í loftið og ekki á neinum rökum bygt að reikna með febrúarmánuði einnig hvað Reykjavík snertir. Annars vil jeg í sambandi við það, sem hæstv. atvrh. greip fram í fyrir mjer, benda á, að það meðal annars sannar þetta, sem jeg og fleiri hafa haldið fram, að þeir, sem lagt hafa hönd að samning þessa frv., hafa fremur haft kaupstaðina fyrir augum, en tekið minna til athugunar, hvernig hagar til úti um sveitir. *(Atvrh. MG*: Þetta er útúrsnúningur!). Hann um það, hæstv. atvrh., hvort hann kallar það útúrsnúning eða ekki, en jeg skýt því til þeirra hv. þm., sem eitthvað þekkja til í sveitum, hvort það sje ekki rjett hjá mjer, að ekki sje ætlast til, að skattaframtalsskýrslur liggi frammi til notkunar fyr en í febrúarmánaðarlok.

Jeg fer líka fram á að stytta tímabilið aftan frá. Mjer þykir óþarft, að niðurjöfnunin dragist langt fram á vor. Þess vegna legg jeg til með brtt. minni, að tímabilið, sem jafna má niður útsvörum á, reiknist frá 1. mars til 15. apríl. Það, sem fyrir mjer vakir með því að stytta aftan frá, er það, að ekki lendi það í vorönnum að svara kærum, því nóg er vinnan samt, sem þetta hefir í för með sjer, að ástæða sje til að auka mönnum meiri óþægindi en þörf gerist. Enda finst mjer, að þessi tími sje nógu langur til niðurjöfnunar, einkum þó með tilliti til þess, að síðar í greininni er heimilað, að niðurjöfnun megi fara fram síðar á árinu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, en um það verður að sækja til atvinnumálaráðuneytisins.

Jeg fer nú líklega að stytta mál mitt úr þessu, enda held jeg, að hv. þdm. þurfi ekki að hlusta á aðfinslur mínar, ef þegar er ráðið, að frv. skuli ná fram að ganga, hversu ilt sem það er. Vona jeg þó, að ýmsir skilji, að það margir gallar sjeu á frv., þó að hv. meiri hl. skilji það ekki, eða vilji ekki skilja það, og þeir svo stórir og varhugaverðir, að varlegt sje, að slíkt festist í löggjöf okkar.

Einar Árnason: Jeg skal fúslega játa það, að það mun erfitt að gera frv. svo úr garði, að öllum líki. Það er alkunna, að þegar minst er á útsvör, þá er það viðkvæmt mál, því að það tekur til svo margra, og hverjum einum finst þar stefnt að sjer að einhverju leyti.

Jeg er einn í tölu þeirra, sem ekki eru ánægðir með þetta frv. Skal jeg þó ekki halda langa ræðu um smáatriði nje fara út í neitt skæklatog. Það er stutt síðan þetta frv. kom fyrir deildina; hefir síðan verið annríki mikið og ekki tök á fyrir deildarmenn að lesa það svo niður í kjölinn, sem þörf er á, til þess að gera sjer ljóst hvert atriði.

Það, sem jeg meðal annars finn að frv., er, að það er nokkuð flókið, svo að jeg er hræddur um, að framkvæmd þess verði erfið. Þar kemur fyrst og fremst til greina, að reikningsárinu er breytt. Mjer virðist, eftir þeirri reynslu, er jeg hefi í sveitarstjórnarmálum, að fardagaárið sje hentugra eins og hjer hagar til. En með því að miða við almanaksárið breytist tíminn, sem útsvörum er jafnað niður á, svo og gjalddagi þeirra. Nú fara flutningar manna milli sveita mest fram á vorin, og mun þetta því valda óþægindum og erfiðleikum. Maður, sem flyst búferlum, er ekki í sömu sveit, er honum ber að greiða útsvar, og er það var lagt á hann. Þetta yrði til óþæginda bæði fyrir manninn og sveitarstjórnirnar. En yfir höfuð er frv. þannig bygt, að ef þessu er breytt með almanaksárið, verður að bylta því öllu við. En jeg treysti mjer ekki til þess sakir naums tíma, enda bjóst jeg ekki við nægu fylgi í deildinni til þess.

Jeg gat þess áðan, að frv. væri flókið, og jeg er hræddur um, að svo reynist, að hreppsnefndum muni veitast erfitt að átta sig á ýmsum ákvæðum þess. En jeg tel nauðsynlegt, að þau lög, sem almenningur þarf að nota jafnmikið og þessi lög, sjeu gerð svo einföld og óbrotin sem hægt er. Jeg held, að þetta frv. myndi auka til muna skriffinskuna og rekistefnur milli sveita, en þær eru jafnan vandræðamál.

Í þessu frv. kemur fram sú stefna, að það sje aðallega heimilissveit gjaldþegna, sem leggi á útsvör, er síðan skiftist milli heimilissveitar og atvinnusveitar. Þetta er

alveg nýmæli, og það ekki alllítið. En hræddur er jeg um, að af því mundi leiða, að áætlanir sveitarstjórna yrðu óábyggilegar, tekjur allar óvissari sökum erfiðleika á innheimtu. Það fer ekki hjá því, að meira tapast af útsvörum með þessu fyrirkomulagi heldur en nú. Má búast við, að heimilissveitir innheimti ekki eins rækilega, er þær vita, að þær eiga að skila kannske meiri hluta innheimtufjárins í hendur annarar sveitar. Í frv. er að sönnu gerður nokkur munur á, hvort menn stunda atvinnu eða reka. Um þá, er atvinnu stunda, má gera ráð fyrir, að undantekningar sjeu, ef útsvör þeirra þurfa að skiftast, nema í því tilfelli, að atvinna þeirra hafi gefið þeim óvenju miklar tekjur. Aftur á móti um þá, er atvinnu reka utan heimilissveitar, þá er eftir núgildandi lögum lagt á þá í sveit, þar sem atvinnureksturinn fer fram. Eftir frv. á að leggja á þá í heimilissveit þeirra. Þetta er ákaflega mikil breyting frá því, sem nú er. Er jeg hræddur um, að kvartað verði undan þessu, ef til framkvæmda kemur.

Því hefir verið haldið fram, að lögð hafi verið útsvör þyngri en góðu hófi gegndi á utansveitaratvinnurekendur. Eftir þessu frv. virðist ekki hætta á, að slíkt kæmi fyrir, þótt atvinnusveit fái að halda rjettinum til útsvarsálagningar, vegna þess, að úrskurðarvaldið um upphæð útsvarsins er tekið frá aðiljum, sem það hafa haft, og flutt til þeirra, er geta litið óhlutdrægari augum á málavöxtu.

Nú á seinni árum ber mikið á því, að atvinnurekendur sjeu á sífeldu flökti milli landsfjórðunga og flytji sig til atvinnurekstrar til ýmsra staða, og er ákaflega hætt við því, þegar heimilissveit á að annast innheimtu útsvara, að það verði næsta erfitt. Getur farið svo, að sumt náist aldrei.

Jeg hefi því leyft mjer að koma með brtt., sem stefnir í þá átt að gera atvinnurekstur útsvarsskyldan á þeim stað, sem hann er rekinn. Tel jeg það með því trygt, að þau hjeruð, þar sem atvinnurekstur fer fram, eigi ekki á hættu tekjumissi, með því að þau hafa betri aðstöðu til innheimtu en heimilissveitir. Stefnubreytingar í útsvarslöggjöfinni yrðu heldur ekki eins stórar og snöggar með því að samþykkja þessa brtt.

Reynsla er fyrir því, t. d. á Siglufirði, að menn geta á örskömmum tíma, kannske 1—2 vikum, rekið atvinnu, sem gefur þeim feikna arð. Virðist ekki nema sanngjarnt, að hjerað, sem veitir þeim aðgang til að afla sjer slíkra tekna, hafi rjett til að leggja á þá útsvar, en þurfi ekki að eiga alt undir heimilissveit þeirra, hvað henni þóknast að skamta atvinnusveitinni.

Jeg hefði nú álitið rjett að fresta framgangi frv. í þetta sinn. Hinsvegar getur það verið þægilegur grundvöllur fyrir þjóðina til að átta sig á málinu, láta sjer verða ljóst, hvað þurfi að endurbæta og hvert beri að stefna. Mjer er að vísu kunnugt, að leitað var álits og umsagnar sveitarstjórna um útsvarsmálið. En þótt einhverjar þeirra hafi sent svör, er varasamt á þeim að byggja að svo stöddu. Hlýtur alt að vera í óvissu og molum enn, Þarf bæði tíma og undirbúningsgrundvöll til að átta sig á þessu máli. Jeg teldi því vel til fallið, að frv. lægi til athugunar til næsta þings.

Það er ekkert óeðlilegt við það, þó að svo stórt og flókið mál, sem grípur svo mjög inn í fjárhagsmál landsmanna, verði ekki afgreitt á einu þingi.

Jeg lofaði að fara ekki út í einstök atriði, enda hefi jeg ekki gert það. Mest almennar athugasemdir, sem jeg hefi gert við frv. — Jeg tel stefnu þess svo gerólíka

því, sem við höfum átt við að búa, að þess er ekki að vænta, að menn geti felt sig við það. Það hefir verið talinn kostur við frv., að þar væri gerð tilraun til að samræma útsvarslöggjöfina um land alt. Kann að vera, en jeg efast um, að það sje hægt, síst að koma á samræmi milli sveita og kaupstaða. Því hafa sumir stungið upp á að hafa sjerstakt form fyrir kaupstaðina. En heldur ekki í þeim hagar eins til alstaðar. Það er einmitt mjög ólíkt ástatt í hinum ýmsu kaupstöðum landsins. Þetta ásamt fleiru sýnir, að þörf er á að athuga þetta mál nánar en þegar hefir verið gert.

Ingibjörg H. Bjarnason: Að svo komnu ætla jeg ekki að taka til máls, en geymi mjer til 3. umr. að gera athugasemd við 17. grein.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi leyft mjer að bera fram eina brtt. við þetta frv. Ef jeg hefði haft tíma til að setja mig inn í málið svo sem vert var, hefði jeg borið fram fleiri brtt., því margar umkvartanir og óskir um breytingar hafa komið úr kjördæmi mínu. Jeg skal þó geta þess, að sú brtt., sem jeg ber fram, er ekki til orðin vegna óska úr mínu kjördæmi. Eins og hv. deild er kunnugt, eiga kaupfjelög að greiða útsvar af arði söludeilda sinna. Nú er það vitanlegt, að hið opinbera getur ekkert eftirlit haft með bókfærslu fjelaganna eða vitað, hve mikið þau selja utanfjelagsmönnum. Það er því algerlega undir ráðvendni kaupfjelagsstjóranna komið, hve rjettar upplýsingar eru gefnar um þetta. Jeg hygg, að gera megi ráð fyrir, að flestir gefi nokkurnveginn rjetta skýrslu um þetta. Þó liggur hjer fyrir kæra frá einni hreppsnefnd, þess efnis, að kaupfjelagsstjórinn í hennar hreppi, sem vera mun nokkuð harðgerður maður, gefi ekki rjettar upplýsingar um þetta efni og hafi jafnvel gerst svo djarfur að hafa í hótunum við hreppsnefndina, ef hún legði ekki svo og svo lítið á fjelagið, og látið í veðri vaka, að hann mundi finna aðra leið til þess að komast hjá gjaldinu, ef hún færi ekki að vilja sínum. Jeg fer ekkert út í það, hvernig hann mundi fara að þessu, og les ekki heldur upp kæruna, skýri aðeins frá þessu.

Þessi hreppur er bláfátækur og hefir engin ráð að afla nauðsynlegra tekna. Kemur honum því mjög bagalega, að kaupfjelagið skuli skjóta sjer undan því að greiða lögmætt útsvar. Brtt. mín fer fram á, að þegar grunur leikur á um svona undanbrögð, sje hreppsnefndum gefið meira vald til að áætla þennan tekjulið heldur en frv. gerir ráð fyrir. Það ætti auðvitað að vera auðvelt að kæra þetta, en af skiljanlegum ástæðum getur oft staðið svo á, að hreppsnefndir vilji hlíðra sjer hjá því og kjósi heldur að líða en stríða. Nú er tækifæri til að laga þetta.

Eins og jeg tók fram, hefi jeg ekki haft tíma til að koma fram með þær brtt., sem kjördæmi mitt hefir óskað eftir. En aðalkrafan þaðan er sú, að haft sje sama reikningsár og verið hefir. Ef sú breyting verður ekki á gerð, get jeg ekki greitt frv. atkv. Jeg þarf svo ekki meira um þetta að segja. Mjer er sama, þó frv. fari til 3. umr., ef von er um, að þessu verði breytt þá.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg er þakklátur hv. meiri hl. allshn. fyrir afgreiðslu þessa frv. Jeg get líka að vissu leyti verið ánægður með brtt. hv. þm. A.-Húnv. (GuðmÓ), því þær snerta ekki mjög mikið kjarna málsins, eins og jeg kem að síðar. En ummæli hans, sem fylgdu, og þau, sem í nál. standa, er jeg mjög óánægður með. Minni hl. kvartar yfir því,

að lítill tími hafi gefist til að athuga málið. En þó að frv. væri ekki vísað til nefndar í þessari deild fyr en 19. apríl, þá hefir frv. legið fyrir þinginu frá því í þingbyrjun, og jeg hygg, að hv. þm. (GuðmÓ) hafi ekki verið þess óvitandi, að það mundi koma fyrir þessa deild. Hann hafði því fulla ástæðu til að setja sig inn í efni þess framan af þingtímanum, meðan lítið var að gera. Það er ekki hægt að álasa mjer fyrir það, þó frv. væri lengi í Nd. Það tafðist þar af því, að fjárlögin voru á dagskrá um sama leyti, og var þá þetta mál látið sitja á hakanum. Annars verð jeg að segja, að málið hefir grætt talsvert við að vera svona lengi í Nd. Frv. var athugað þar vandlega. Margar brtt. komu fram, en voru flestar feldar. En þegar 28 menn víðsvegar af landinu leggja sig í bleyti um þetta mál og bera fram brtt. sínar, sem svo eru flestar feldar, þá er ekki líklegt, að meiri hluti almennings sje á bak við þær brtt. Það er öllum ljóst, og hefir verið játað í umræðunum, að ekki sje lítill vandi að semja löggjöf um þetta efni, og skattamál yfirleitt, svo öllum líki. Af beinum sköttum eru útsvörin þyngsti skatturinn og verða jafnan deiluefni, þó hugmyndin, sem á bak við liggur, að jafna niður eftir efnum og ástæðum, sje sanngjörn. En reynslan mundi verða sú, að þó allir þingmennirnir, 42 að tölu, kæmu með sitt frv. hver um þetta efni og ættu kost á að bera sig saman, þá myndu engar tvær skoðanir falla saman að öllu leyti. Út af því, sem hjer hefir verið minst á, að vafasamt væri, hvort rjett væri að láta gilda sömu reglur um þetta efni á öllu landinu, vil jeg benda á, að útsvarslöggjöfin er skattalöggjöf, en ein tekjuskattslög gilda fyrir alt land, og ætti þá hið sama að geta gilt um útsvörin. Háttv. frsm. minni hl. hjelt, að best færi á, að ein lög giltu fyrir kaupstaði og þau kauptún, sem eru sjerstakir hreppar, en önnur fyrir aðra hreppa. En þegar hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) mintist á þetta atriði, hjelt hann fram, að aðstaðan í kaupstöðunum væri mjög mismunandi og varla gætu gilt sömu reglur í öllum kaupstöðum. Svona eru skoðanirnar skiftar. Það er áreiðanlegt, að það verður aldrei hægt að ganga frá frv. um þetta efni svo, að allir þingmenn geti skrifað undir hvert einasta ákvæði. Það hefir verið talað um, að óheppilegt mundi vera að breyta reikningsárinu. Þó liggur engin brtt. fyrir í þá átt, og virðist því tilgangslítið að vera að ræða um það. Jeg skal taka fram, að leitað var álits hreppsnefnda landsins um þetta atriði, og voru einar átta á móti því að breyta til af þeim, sem svarað hafa. Mjer finst heldur ekki vera hjer um mikla breytingu að ræða. Mjer er kunnugt um, að haldið er áfram að taka á móti tekjum og greiða gjöld síðasta fardagaárs langt fram yfir gjalddaga, og oft er hreppsreikningurinn ekki fullgerður fyr en í nóvember. Þó sá siður væri tekinn að gera upp um nýár, munaði það ekki miklu. Í nál. minni hl. segir, að óheppilegur gjalddagi á útsvörunum sje ákveðinn í frv. Því er til að svara, að það ákvæði var sett í Nd., og þar eru líka sveitamenn ekki síður en hjer, svo jeg get ekki gert mikið úr því, sem hv. minni hl. segir um þetta. Mjer er kunnugt um það frá eldri tímum, að sýslusjóðsgjöldin voru ekki altaf borguð í júnímánuði, og jeg held, að ekkert hafi verið kvartað undan því, þó það væri ekki gert fyr en á síðari hluta sumarsins. Um þurfamannaframfærið er það að segja, að það er ekki frekar borgað í fardögum heldur en á öðrum tímum. Það mun oft koma upp í útsvör og greiðist þá með

reikningsjöfnuði. Minni hl. segir, að lítið tillit sje tekið til sveitanna í þessu frv., en hann nefnir ekki nein dæmi. Mjer sýnist brtt., sem fram eru komnar, vera á báða bóga, snerta bæði kaupstaði og sveitir. Ummæli hv. frsm. minni hl. um höfunda frv. læt jeg mig litlu skifta. Þeir eru kunnugir í sveitunum, ekki ósvipað því, sem hann sjálfur. Hv. 1. þm. Eyf. sagðist ekki hafa komið með brtt. um reikningsárið af því, að hann byggist ekki við, að hún hefði fylgi í þinginu. En hvaða ástæða er þá til að vera móti frv. þess vegna? Hver á að afgera þessi mál, ef ekki þingið, eftir óskum hreppsnefnda? Minni hl. þykir meira dreginn taumur kaupstaða, eins og jeg drap á, en það er ekki rjett, enda kemur hv. 1. þm. Eyf. með brtt., sem sýnir óánægju fyrir hönd kaupstaða og er veigameiri en nokkur brtt. hv. frsm. minni hl. Hv. frsm. minni hl. hjelt, að jeg hefði lítið komið nærri frv. og gaf í skyn, að það mundi þá hafa verið betra. Jeg á nú ekki þessi rósa-„kompliment" skilið. *(GuðmÓ*: Það er víst ný sort). Já, gefin undir rós. Það kemur oft ýmislegt undir rós hjá þessum hv. þm. Því, sem hann segir um orðalag frv., að það sje ósmekklegt, neita jeg algerlega. Það er mikill smekkmaður á íslenskt mál, sem setti frv. í stílinn, og hv. frsm. minni hl. kemst áreiðanlega ekki með tærnar þangað, sem hann hefir hælana í því efni. Hv. þm. vildi gera veður út af orðalaginu á 3. málslið 4. gr., þar sem stendur: „Ástæður aðilja að öðru leyti, svo sem fjölskylda hans, heilsufar hans og þeirra, sem á vegum hans eru, höpp eða óhöpp, sem hann hefir orðið fyrir, svo sem slys" o. s. frv. Hv. þm. skilst, að slys vera talin hjer með höppum og læst ekki sjá orðið „óhöpp" rjett á undan. Þó hjer sjeu ekki talin dæmi upp á höpp, býst jeg ekki við, að neinn villist á því, og finst mjer hv. þm. hafa verið fremur óheppinn í þessu happdrætti sínu. Þá hefir þessi hv. þm. fundið tvær prentvillur í frv. Jeg hefi ekki athugað, hvort þær eru í upprunalega frv., enda skifta þær litlu máli. Annars er ekkert ótítt, að prentvillur komi fyrir og ritvillur líka. Má mikið vera, ef hv. þm. hefir aldrei gert sig sekan í slíku. Hv. þm. sagði um frv. yfirleitt, að það væri óglögt og þvælingslegt. Það er ekki undarlegt, þó honum finnist það, fyrst hann hefir gefist upp við að skilja á því málið. Hann talaði um, að ekki mundi vera rjett að flytja úrskurðarvaldið um útsvarskærur frá sýslunefndum yfir til yfirskattanefnda. Hann áleit þó víst, að málunum væri ekki ver komið þar, heldur yrði þetta fyrirkomulag dýrara. En kostar þá ekkert að láta sýslunefndir úrskurða kærur, láta 15—16 menn sitja yfir þeim úrskurði? Allir vita, að útsvarsmál eru hitamál og tefja stundum sýslunefndir dögum saman. Það mundi einmitt verða sparnaður fyrir sýslusjóðina að losna við þetta. Þá hneykslast hv. þm. á 26. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir, að ekki megi breyta útsvari, ef skekkjan er álitin nema minna en 10%. Þetta snertir ekki grundvöll frv. En það kemur oft fyrir, að þrætugjarnir menn gera rekistefnu út af smáupphæðum, og getur orðið löng deila út af 5—10 kr. kæru. Þetta vill stjórnin fyrirbyggja með 26. gr.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að það væri sjálfsagt meiningin að láta samþ. frv. nú til þess að fá sjer atvinnu við að breyta því á næsta þingi. *(GuðmÓ*: Þetta er ekki rjett tekið eftir; hæstv. ráðh. má ekki rangsnúa mínu máli). Nei, ekki vil jeg gera það, — en hvort heldur hv. þm. að sje hyggilegra upp á vinnubrögðin, að samþ. frv. nú, eftir að búið er að leggja

þá miklu vinnu í það, sem gert hefir verið, eða geyma alt til næsta þings, þótt svo kynni að fara, að breyta þyrfti einhverju, sem jeg ekki býst við?

Jeg skal þá koma að brtt. hv. minni hl. Það er fyrst við 3. gr., þar sem hann vill láta koma „sýslumaður" í staðinn fyrir „sýslunefnd." Eftir því sem hv. frsm. mælti fyrir till., er þetta eintómur misskilningur. Það er einmitt tilgangurinn, að sýslumaður útkljái málið upp á væntanlegt samþykki sýslunefndar á næsta sýslufundi. Þetta er alveg eins og í gildandi sveitarstjórnarlögum; þar er víða til tekið, að þetta og þetta eigi sýslunefnd að gera. Hefir það verið „praktiserað" þannig, að oddviti afgerir málin til bráðabirgða og leggur síðan fyrir sýslunefnd til samþykkis. Eitt dæmi mjög glögt er samþykki til lántöku, ábyrgðar eða slíks. Þetta hefir 20 ára „praksis" á bak við sig. Þessi brtt. er því alóþörf, sjálfsagt bygð á þeim misskilningi, að kalla þurfi sýslunefnd saman í hvert skifti, enda mælti hv. frsm. þannig fyrir henni. Get jeg, ef hann vill, sýnt honum í sveitarstjórnarlögunum fjölmörg dæmi um þetta. (*GuðmÓ*: Jeg kannast við þau). Jeg veit þá ekki, hvers vegna hv. þm. misskilur þau svo.

Hv. frsm. breiddi sig talsvert yfir breytinguna við 4. gr. og sagði, að ekki mundi vera til svo heimsk hreppsnefnd á þessu landi, að hún gæti ekki dregið skuldir frá eignum til þess að sjá, hvað mikið er eftir. Jeg viðurkenni, að þetta er rjett. En hv. þm. hefir ekki fundið það, sem liggur bak við þetta, sem sje, að það er ekki einungis að finna, hvað mikið er afgangs skuldum, heldur þarf að taka tillit til þess, þegar jafnað er niður, hvaða hlutfall er á milli eigna og skulda. Það er oft svo, að þeir, sem skulda mikið, eiga erfiðara að öðru jöfnu; því að skuldirnar bera háa rentu án þess að víst sje, að tilsvarandi fje sje upp úr eigninni að hafa. Þetta hefir hv. þm. ekki athugað, að það er alveg sjálfstætt atriði, hlutfallið milli skuldlausra eigna og skulda annarsvegar og eigna hinsvegar.

Jeg skal bæta því við um 2. brtt., að þótt þetta væri ekki, sem jeg sagði, að þetta lægi sjerstaklega á bak við, þá sje jeg ekki ástæðu til að breyta frv. bara vegna þess. Það getur ekkert gert til, þó að þetta standi.

Þá er brtt. við 9. gr. Það er gamall kunningi úr Nd. og náði ekki samþykki þar. Jeg var satt að segja ekki á móti þessari brtt., en meiri hlutinn var á móti henni. Gæti jeg í raun og veru gengið inn á hana nú, ef jeg vildi annars ganga inn á að breyta frv. hjer.

Þá kem jeg að 12. gr., sem hv. þm. A.-Húnv. var allharðorður um. Hann sagði, að hún væri della og vitleysa. (*GuðmÓ*: Tæplega sagði jeg svona mikið). Ennfremur sagðist hann alls ekki hafa getað skilið hana, svo flókin væri hún. Ástæðan til þessarar greinar er sú, að þegar skifta á útsvari milli tveggja sveita, eru allar líkur til, að þær sjeu misþungar. Getur það munað alt að 100%. Þá sje jeg ekki annað en það sje rjettlætiskrafa, að sú sveit, sem meiri sveitarþyngsli hefir, eigi að fá að öðru jöfnu meira af útsvarinu heldur en hin. Það er sem sje einn af ókostum þeim, sem gjaldendur eiga við að búa, að þurfa að borga þyngra útsvar þar, sem útsvör eru tiltölulega hærri. En það verður að ganga jafnt yfir, hvort sem maðurinn aðeins rekur atvinnu í þeirri sveit eða á þar heima. Þetta er það, sem liggur til grundvallar fyrir greininni, og er hún þess vegna ekkert annað en bein tilraun til

að láta heimasveitina og atvinnusveitina bera sem rjettlátast hlutfall úr býtum, þegar útsvari er skift.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að komið hefði fram till. í Nd. um að breyta þeirri tölu, sem nefnd er í niðurlagi 12. gr., úr 10 og niður í 7. Þar hefir hann misskilið eitthvað. Það, sem rætt var um í Nd., var það, að hafa yfirleitt þá reglu við útsvarsálagningu, að leggja 1 á móti 7 á eignir og tekjur, eða 1 á eignir þegar 7 væri á tekjum. En það er alt annað en það, sem um er að ræða í þessari grein. Jeg sje ekki, að hv. þm. hafi að neinu leyti sýnt fram á, að þessi grein sje ósanngjörn. Jeg tel hana mikla rjettarbót og nauðsynlega. En jeg viðurkenni, að hún er ný; og það er það, sem ýmsir hnjóta um. Þeir vilja ekki breyta neitt frá því, sem nú er, þótt í rjettlætisáttina sje.

Næst er brtt. við 16. gr., um það, að ekki sje nein heimild til að borga fyrir niðurjöfnun útsvara. Þetta ákvæði var sett inn í Nd., og jeg verð að segja, að jeg get ekki fundið neitt athugavert við að lofa sýslunefnd að ákveða þetta. Þetta er aðeins heimild. Jeg get gjarnan sagt, að jeg geri ekki ráð fyrir, að hún verði notuð nema þar, sem niðurjöfnunin er talsvert mikið verk. Það er hart, að menn þurfi að sitja við þessi störf kannske viku, eins og er á hinum stærri stöðum, og ætla þeim enga borgun.

Um brtt. við 17. gr. þarf jeg ekki að ræða, þar sem hv. þm. A.-Húnv. hefir gengið inn á að taka hana aftur til 3. umr.

Þá er brtt. við 21. gr., sem hv. þm. var mjög svo harðorður um, eins og fleiri greinar. Honum fanst það svo ákaflega heimskulegt að leyfa niðurjöfnun frá 1. febrúar til maíloka, vegna þess, að skattskýrslurnar á að hafa til hliðsjónar, en þær komi ekki fyr en í febrúarlok. Jeg skaut því þá fram í fyrir honum, að þetta væri ekki þannig í Reykjavík, heldur væru menn skyldaðir til að láta sínar skýrslur af hendi fyrir janúarlok, en þá ærðist hv. þm. ennþá meir og kvað þetta vera svo ágæta sönnun fyrir því, að hjer væri eingöngu verið að hugsa um kaupstaðina. En jeg er viss um, að það skilur hver maður, að hjer í Reykjavík, þar sem þarf að jafna niður á fleiri þúsund gjaldendur, er nauðsynlegt að geta byrjað á því svo fljótt á árinu og unt er. Hjer í Reykjavík er byrjað síðast í janúar og ekki lokið fyr en í apríllok. Nú segir í 21. gr., að sýslunefnd geti ákveðið, hvenær eigi að jafna niður útsvörum á tímabilinu frá 1. febr. til 31. maí. Og jeg er alls ekki hræddur um, að nokkur sýslunefnd á landinu sje svo skyni skroppin, að hún fari að fyrirskipa niðurjöfnun í febrúar, þegar annarsstaðar í frv. er fyrirskipað að hafa skattaskýrslur til hliðsjónar, sem koma ekki fyr en í febrúarlok. En þetta er afleiðing af því, að lögin eiga að gilda fyrir alt landið. Sá tími, sem hv. þm. A.-Húnv. tiltekur, er alt of stuttur, að minsta kosti fyrir Reykjavík. Getur verið, að það sje eina undantekningin; en þess ber vissulega að gæta, að lögin eiga líka að gilda fyrir Reykjavík.

Þá kem jeg að hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), sem tók undir það, að frv. væri flókið og erfitt að átta sig á. En hann áleit ágætt að fá það sem grundvöll til þess að láta þjóðina segja um það álit sitt. Sje það nú svo flókið og torskilið sem hann vill vera láta, þá held jeg þjóðin skilji það ekki mikið og þurfi því að fá einhvern til að þýða það á betra mál og skiljanlegra. Annars get jeg vísað til þess, sem

jeg áður sagði, að jeg er viss um, að það verður ekki hægt að fá nein samstæð svör í heild frá hreppsnefndum og sýslunefndum. Það lítur hver sínum augum á hlutina.

Hann sagði, að það mundi aukast skriffinska út af þessu frv. Nú vil jeg minna á það, að ástæðan til, að farið var að skipa fyrir að endurskoða þessa löggjöf, var sú, að hún þótti ranglát og ekki viðunandi. Ranglætið sögðu menn í fyrra væri í því fólgið, að þegar lagt er á útsvar annarsstaðar en í heimasveit gjaldanda, væri hann beittur rangindum. Það hafa verið nefnd mjög átakanleg dæmi um það. En svo þegar á að fara að lagfæra þetta, þá eru menn alveg búnir að gleyma, að þeir hafa beðið um endurskoðun, og barma sjer út af því, að það þurfi að skrifa nokkur brjef til þess að leiðrjetta þetta. Til hvers er verið að búa til lög? Ætli það sje ekki til þess að koma fram rjettlæti, þó að það kosti örlitla fyrirhöfn.

Brtt. hans miða að því að halda við þessum gömlu lögum um það að láta leggja á menn þar, sem þeir hafa atvinnu, þrátt fyrir það, að einmitt þetta atriði var þess valdandi, að heimtuð var endurskoðun á útsvarslöggjöfinni. Þessi brtt. er svo sem ekki nýr gestur. Hún kom fram í Nd. tvisvar sinnum, að jeg ætla, en þar var ekki litið við henni, því að hún kæmi í veg fyrir, að bót yrði ráðin á misrjettinu. Jeg þarf ekki að fara út í að nefna dæmi til þess að sýna fram á, hvernig farið er með menn, sem lagt er á utan heimilis síns. En það eru dæmi, sem sýna það virkilega, að það er ekki að ástæðulausu verið að firrast þetta nú.

Það er rjett hjá háttv. þm. (EÁ), að það er nýmæli, að heimasveitin jafni niður öllu útsvarinu, þótt hlutaðeigandi stundi atvinnu annarsstaðar svo og svo lengi. En það er einungis gert til meira rjettlætis. Það hefir verið svo, að menn hafa svo að segja varla mátt vinna fyrir eyrisvirði á sumum stöðum hjer á landi til þess að verða ekki útsvarsskyldir. Og þótt þeir hafi meira að segja tapað á atvinnu sinni tugum þúsunda króna, hafa þeir samt orðið að greiða svo þúsundum króna skiftir í útsvar. Jeg get vel, — ef hv. 1. þm. Eyf. vill, — nefnt honum dæmi upp á það, en ætla ekki að gera það nema þann gefi sjerstakt tilefni til þess.

Hv. þm. hjelt, að heimasveitin mundi ekki innheimta útsvörin fyrir atvinnusveitina, — myndi verða einhver slóðaskapur með það. Jeg get ekki ímyndað mjer það, þar sem hún á líka sjálf að fá að minsta kosti ⅓ af útsvarinu. Hann viðurkendi það, háttv. 1. þm. Eyf., að það myndi verða sjaldgæft að skifta útsvörum þeirra, sem atvinnu stunda annarsstaðar. Það hefir nú verið svo, að þeir hafa verið eltir svo rækilega, að það má ekki lengur ganga. Það hafa t. d. þingmenn Árnessýslu sagt mjer, að menn vildu flytja burt frá Eyrarbakka, sem stunda atvinnu hjer, því að þeir fengju svo hátt útsvar hjer í bænum fyrir sína atvinnustundun.

Annars er það um þessa skiftingu að segja, að þetta er regla, sem hefir verið tekin upp erlendis og þótt gefast vel. Þar hefir líka það sama átt sjer stað og komið var fram hjer, er aðrir leggja á en heimasveitin, að þá urðu menn fyrir svo miklu ranglæti, að það þótti ekki fært annað en taka upp þessa reglu, — að skifta svipað því, sem hjer er farið fram á. Það er regla, sem gefst vel erlendis, og jeg sje ekki ástæðu til að ætla, að hún gefist ekki vel hjer.

Þegar verið var að lögleiða tekjuskattinn, sögðu menn þetta sama um skriffinskuna og að enginn myndi botna í þessu öllu saman, aldrei myndu verða neinar tekjur og ekki neitt, alt færi þetta í vitleysu. Nú kvartar enginn um, að neitt af þessu eigi sjer stað, síðan menn eru komnir á lagið með það.

Hv. þm. sagði, að flutningur milli sveita yrði oft því valdandi, að sveitin tapaði útsvarinu. Þetta mun vera alveg rjett, að menn fara úr einum stað í annan að leita sjer atvinnu, og svo er ekki hægt að ná af þeim útsvari. En úr þessu bætir frv. Það er lagt á manninn þar, sem hann á heimili, síðan skift milli þessara atvinnusveita, svo framarlega, að skifting geti eftir reglum frv. komið til greina, og heimilissveitin stendur skil á hluta atvinnusveitar af útsvarinu. Þá sagði hann, að stefna frv. væri gerólík því, sem nú á sjer stað. Það finst mjer ekki vera. Það eru teknar upp nokkrar nýjar reglur, en meginreglan er sú gamla regla að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Grundvöllurinn er sá sami. Þessar nýju reglur ganga sumpart út á það að leggja á gjaldendur sem allra mest í heimasveitinni, og einnig eru þar reglur gefnar í sambandi við að skifta útsvörum milli heimasveitar og atvinnusveitar. Þetta er þungamiðjan í nýbreytninni.

Þessu, sem hv. þm. sagði um kaupstaði og sveitir, hefi jeg áður svarað, þegar jeg sýndi fram á, að þeir væru ekki heldur sammála hv. þm. A.-Húnv. og hv. 1. þm. Eyf. Og eftir því, sem jeg heyri nú á hv. 1. þm. Eyf., þá er hann ekki heldur sammála háttv. þm. A.-Húnv. um allar hans brtt. Svona er þetta sitt á hvað í útsvarsmálunum.

Þá kem jeg að lokum að hv. 1. þm. G.-K. (BK). Hann sagði, að kvartanir hefðu komið úr hans kjördæmi yfir þessu frv. Jeg rengi það ekki. En mjer er kunnugt um, að það hefir einnig komið þakkarávarp þaðan yfir þessari miklu rjettarbót, sem felst í frv. Annars skal jeg segja um hans brtt. eins og um aðrar brtt., að jeg mun ekki fylgja henni. Mjer sýnist fullrækilega hugsað fyrir þessu í frv., því að samvinnufjelög og kaupfjelög eiga að gefa glöggar skýrslur um sína verslun við utanfjelagsmenn. Sjeu þær ekki glöggar, þá er niðurjöfnunarnefnd heimilt að leggja á það, sem hún telur hæfilegt. Að ekki sje hægt að hafa eftirlit með þessu, er ekki rjett. Þessi fjelög eru skyld til að hafa bókfærslu eins og aðrir, sem versla, sem á að sýna þetta. En jeg skal viðurkenna, að það er erfitt þar, sem hönd selur hendi, en þó er það alls ekki ókleift. Það má altaf segja, að grunur sje á um það, að ekki sje rjett með farið; 2 eða 3 hreppsnefndarmenn geta borið því við, að ekki sje rjett frá skýrt, en það dugir ekki að straffa fjelögin fyrir það, það verður að vera á rökum bygt, það sem fram er borið í því efni. Hann sagði, að fyrir lægi kæra. Um það veit jeg ekkert, en sje svo, verður hún að sjálfsögðu tekin til greina, svo framarlega, sem hún er á rökum bygð.

Jeg geri ráð fyrir því, að mjer gefist tækifæri til að taka aftur til máls, og get jeg þá svarað því, sem jeg kynni að hafa gleymt. Að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til að lengja umr. frekar.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson): Hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) og hv. 1. þm. G.-K. (BK) taka í líkan streng hvað frv. snertir og jeg, að það sje ekki eins gallalaust og þeir vilja láta líta út, hæstv. atvrh. og

hv. frsm. meiri hl. Hv. 1. þm. G.-K. tók það beinlínis fram, að úr hans kjördæmi hefðu komið fram allmiklar umkvartanir yfir frv. og óskað eftir, að það næði ekki fram að ganga í því formi, sem það er.

Þá verð jeg að snúa máli mínu til hæstv. atvrh. Mjer kom nú ekki óvart, þótt hann reyndi að andmæla mjer, en hitt þótti mjer undarlegt, að hann er ekki jafnsleipur skrifari og jeg hafði búist við. Það kom fyrir — og það nokkrum sinnum, — að hann tilfærði í ræðu sinni orð, sem hann kvaðst hafa ritað niður eftir mjer, en sem jeg hefi aldrei sagt.

Hæstv. atvrh. hóf mál sitt á því að flytja meiri hl. þakkir fyrir, hve vel hann hefði tekið í frv. Þetta er ekki nema vonum framar ánægjulegt, þegar maður er með jafngallað frv., að fá 2 nefndarmenn — háttvirta, vildi jeg sagt hafa — af þremur til þess að samþykkja frumvarpið óbreytt. Honum þykir þetta mikilsvert og finst það litlu skifta, hvort jeg er með eða móti, enda skildist mjer, að hann vilja láta það skína í gegn, að jeg hefði lítið vit á þessu máli.

Hann sagði, að frv. hefði legið í allan vetur fyrir þinginu, og átti víst að skilja það sem svo, að nógur tími hafi verið til að athuga það. En jeg veit ekki til, að frv. hafi tafist lengur en þörf gerist — og ef til vill tæplega það — hjer í þessari háttv. deild. Enda hefi jeg haft nóg að gera að athuga þau frv., sem vísað hefir verið til þeirra nefnda, sem jeg á sæti í, þó að jeg færi ekki sjerstaklega að hæta á mig að athuga frv., sem liggja fyrir hv. Nd. Annars þykja mjer þessar skoðanir undarlegar, því eftir þeim að dæma ætti að hætta við að vísa málum til nefnda hjer, sem koma úr hv. Nd., og líklega þá, að sama eigi að gilda um frv., sem hjeðan fara, að engin þörf sje á að vísa þeim til nefnda í hv. Nd., nema það eigi að skiljast svo, að háttv. Nd. sje svo óskeikul í sínum athugunum, að Ed. sje skyldug til að gleypa við öllu, sem þaðan kemur.

Þá sagði hæstv. atvrh., að dregist hefði að taka málið á dagskrá hjer. Það kannast jeg nú ekki við, þegar litið er á þann tíma, sem hv. Nd. þurfti til að athuga það. En það er vitanlega satt, að það þarf ekki langan tíma til athugunar, ef svo er farið að, eins og hv. meiri hl. lýsir yfir, því helst er svo að skilja, að meiri hl. hafi verið ráðinn í því að ganga að frv. áður en það kom til deildarinnar. Hann sagði líka, hæstv. ráðh., að 28 menn í Nd. hefðu lagt sig í bleyti að athuga málið og komið með brtt., sem flestar hafi verið feldar, og átti það að vera sönnun þess, að þeirra hefði ekki verið nein þörf. En hafi nú 28 hv. þm. þurft að leggja sig í bleyti til að athuga frv., þá virðist mjer það bending um, að eitthvað hafi nú verið athugavert við það. En jeg held þeir hafi nú aldrei verið svo margir, svo þetta er víst eitthvað orðum aukið. *(Atvrh. M-G.*: Þetta er víst ekki útúrsnúningur!) — Sje það útúrsnúningur, þá var komið svo mikið af slíku í minn garð, að jeg þykist ekki þurfa að biðja neinnar afsökunar. — Hann sagði líka erfitt að bera fram frv., þegar skoðanir 42 manna væru svo skiftar, að engir tveir ættu samleið um, hvað rjettast og best væri í þessu efni. Þess vegna væri ómögulegt að gera alla ánægða. Jeg ætlaði nú samt að sætta mig við frv. í bili, þó að allar breytingar kæmust ekki fram að þessu sinni, sem jeg hinsvegar tel, að hefði þó verið full þörf á. Annars vona jeg að verða ekki borinn því af hæstv. ráðh., að koma með útúrsnúning, þó jeg hafi eftir honum, að það sje ótrú-

legt, að jeg viti ekkert í sveitarstjórnarlögum. Hæstv. atvrh. sagði ágætt og nauðsynlegt að hafa ein útsvarslög um land alt, og tók þar dæmi af skattalögunum. En það er alt annað að hafa ein skattalög. Þar gefa allir upp sínar tekjur og eignir, hvort heldur er um kaupstað eða sveit að ræða, svo þessu tvennu er ekki hægt að jafna saman.

Þá sagði hann, að jeg væri óánægður með að breyta til um fardagaárið, og jafnvel fleiri, en fanst þó, að við hefðum átt að bera fram brtt. um að breyta því. Jeg tók það fram, að vegna tímaleysis hefði jeg ekki sjeð mjer fært við þessa umr. að breyta því, enda leiddi sú breyting til töluvert margra annara breytinga. Hinsvegar hefi jeg lýst því yfir, að jeg mundi lofa frv. að ganga fram, þó að alt fengist ekki, sem jeg vildi. En það kalla jeg fullmikla nýjungagirni, að vilja ekki lofa fardagaárinu að gilda fyrir sveitirnar, þó að upp sje tekið almanaksár fyrir kaupstaðina.

Þá sagði hann, að leitað hefði verið álits hreppanna um þetta efni, og aðeins 8 hefðu verið á móti almanaksári. Jeg hefi hvorki haft tíma nje tækifæri til þess að kynna mjer þessi svör, en býst við, að þetta sje rjett, en líklega vantar þá svör úr allmörgum hreppum. Annars þykir mjer ekkert undarlegt, þó að nokkrar hreppsnefndir glæpist á þessu, þar sem hæstv. ráðh. gerir það. En það er ekki frambærileg ástæða, sem hann færði fyrir því, að almanaksárið sje hentugra sveitunum, þar sem hann hjelt því fram, að hreppsreikningurinn væri gerður í nóvember og allar tekjur og gjöld taldar til þess tíma. Jeg þekki ekki þetta, enda er þarna gert ráð fyrir, að reikningarnir sjeu gerðir á ólöglegum tíma. Þar, sem jeg þekki til, eru tekjur og gjöld miðuð við fardaga, þó að reikningurinn sje sjaldnast gerður fyr en í nóvember. Hjer virðist því um óþarfa hótfyndni að ræða, að ákveða með lagasetningu það, sem gert er ráð fyrir, að ekki verði farið eftir í neinu.

Þá sagði hæstv. atvrh., að gjalddaginn, 15. júlí, hefði verið settur inn í frv. í hv. Nd., og mun það rjett vera, en þó að það sje sett inn þar, verð jeg að álíta það jafnóheppilegt. Hann sagði líka, að greiðslur hreppanna væru sjaldnast intar af höndum á rjettum gjalddaga. Þetta kannast jeg nú ekki við, að sje rjett að öllu leyti, því þar, sem jeg þekki til, er reynt að standa í skilum með þessi gjöld á manntalsþinginu, þó eitthvað standi eftir, svo það er engin bót, að gjalddaginn sje mánuði seinna. Enda þarf ekki að gera ráð fyrir því eftir þessu frv., að gjöldin greiðist á þinginu, því lítil líkindi eru til, að neinn eyrir sje í kassanum, sje gjalddaginn miðaður við 15. júlí. Þetta stríðir því algerlega á móti þeim kenningum hæstv. ráðh., að hentugra sje, að gjaldárið sje almanaksárið. Eftir þessu þarf þá að leggja á þá gjaldendur útsvar, sem flytja inn í sveitina fyrri hluta ársins, þó að búið væri að leggja á hann fyrir alt árið í þeirri sveit, er hann flytur sig úr. Ef t. d. jafnað er niður í febrúar, vita menn lítið, hvort bóndi fer úr sveitinni með vorinu eða ekki. *(Atvrh. M-G:* Þá kemur skiftingin til greina). Jú, mikið rjett, en jeg er ekki hrifinn af henni. Jeg álít heppilegra að leggja sem oftast á gjaldendur í einum og sama stað. Sama er að segja um þurfamenn, að þeim er ráðstafað frá fardögum til fardaga, og geta því verið á tveim stöðum um reikningsárið eftir frv. Nei, hvernig sem jeg athuga rök hæstv. ráðh. og velti þeim fyrir mjer, þá get jeg ekki fundið neitt í

þeim, sem mæli með því, að almanaksárið sje heppilegra fyrir sveitirnar en fardagaárið.

Þá áttu það víst að vera mikil meðmæli með frv., að höfundar frv. væru jafnkunnugir í sveitum eins og jeg. Frv. hefir nú ekki verið feðrað, svo jeg viti með vissu, hverjir að því standa, en þó finst mjer ýmislegt benda til, að þeir muni þó tæplega eins kunnugir, hvernig hagar til úti í sveitum, eins og jeg. Hann sagðist líka sjálfur hafa komið nærri frv., og efast jeg ekki um það; að minsta kosti hefir hann látið sjer ant um það í þinginu. En fátt finst mjer bera vott um það, að hann hafi verið með í ráðum um að semja það, enda tók hann það fram um höf., að hann væri makalaus smekkmaður á mál. Þau orð á jeg bágt með að trúa, að hann hefði haft um sjálfan sig.

Þá þótti hæstv. atvrh. óþarft hjá mjer að kunna illa við orðalag 3. liðs 4. gr., þar sem verið er að skýra fyrir gjaldendum að telja fram höpp og óhöpp og byrjað svo á slysum og haldið áfram. Jeg held, að það sje rjett hjá mjer að þykja skrítið, þegar byrjað er að telja upp höpp, að fara þá að nefna slys og halda áfram að telja upp eintóm óhöpp. Eftir því að dæma gæti það talist slys, ef frv. slampaðist í gegnum þingið. Og máli sínu um þetta atriði lýkur hæstv. ráðh. með því að segja, að minni hl. hafi skilið svo við frv., að hann hafi ekki skilið það. Jeg verð nú að telja það lítil meðmæli með stjfrv., að það sje svo úr garði búið, að jeg hafi ekki botnað upp nje niður í því. Jeg hefi þó átt nokkur ár sæti í hreppsnefnd, verið oddviti, sýslunefndarmaður og gegnt ýmsum fleiri sveitarstörfum. Og þessum störfum held jeg, að mjer hefði ekki verið trúað fyrir, ef jeg hefði ekkert skilið í þeim. En hinu held jeg að sje óhætt að slá föstu, að fleirum en mjer mundi reynast stirt að nota 12. gr. eins og hún er nú í frv.

Þá kom hæstv. atvrh. með það, að jeg væri því mótfallinn, að yfirskattanefndir úrskurði um útsvör manna, í stað sýslunefnda. Þó að það sje rjett hjá honum, að sýslunefnd skipi fleiri menn en að jafnaði eiga sæti í yfirskattanefnd, þá getur samt svo farið, að dýrara reynist að fela skattanefnd að úrskurða um útsvarskærur heldur en að leggja það fyrir sýslufund, sem þarf að halda hvort sem er, vegna svo margra mála, sem fyrir hann eru lögð. En það gæti verið, að halda þyrfti fleiri fundi í yfirskattanefnd, og það kostaði jafnvel meira, þó að nefndarmennirnir sjeu ekki nema þrír.

Þá kunni hæstv. ráðherra illa aðfinslum mínum um 10% skekkjuna og sagði, að það breytti ekki grundvelli frv. Um það skal jeg ekkert deila, en viðvíkjandi því, að jeg hefði ekki komið með brtt. við þetta, þá er því að svara, að jeg játa, að það var yfirsjón af mjer, en þó ekki meiri en það, að úr því má bæta enn. Ef þessum fáu brtt. mínum verður tekið vel, hefi jeg hugsað mjer að bera fleiri fram við 3. umr. frv. Hinsvegar vona jeg, að hæstv. ráðh. geti fallist á, að frv. versni ekki, þó að þessari 10% skekkju verði slept, sem hann vill löghelga með samþykt frv.

Jeg vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hjer upp 26. gr. Hún er stutt, ekki nema 3 línur, og hljóðar á þessa leið:

„Kærum, sem koma eftir kærufrest, verður ekki sint. Ekki má yfirskattanefnd eða atvinnumálaráðuneyti heldur breyta útsvari, nema svo reynist, að það hafi verið að minsta kosti 10% of hátt eða of lágt.“

Þá spurði hæstv. ráðh., hvort heppilegra

væri að samþ. frv. nú eða geyma alt til næsta þings, en ljet þess þó jafnframt getið, að mikið hefði það kostað að koma því þetta á leið, sem orðið er. Það mátti þó skilja á honum, að hann hefði nokkuð unnið að því sjálfur, svo það hefir ekki kostað ríkissjóð sjerstaklega. En hefir hann reiknað út, hvað kosta muni að breyta jafngölluðum lögum á næstu þingum og gera þau svo, að sem flestir megi við þau una?

Þá vjek hæstv. ráðh. að brtt. mínum og kvaðst vera á móti þeim öllum, nema einni.

Þá var það ákvæði, að þegar hreppsnefnd þarf að hækka útsvörin fram úr meðaltali síðustu þriggja ára, að viðbættum ⅕, þarf hún að sækja um það til sýslunefndar. Taldi hæstv. atvrh. það kost á þessu ákvæði, að því væri ekki breytt frá núgildandi lögum. Það er nú raunar sjaldsjeður kostur á þessu frv., því að yfirleitt má heita, að í því sje reynt að breyta öllu, sem hugsanlegt er, sem mest frá núverandi skipulagi. — Þetta mun nú vera svo í lögum, og það vissi jeg áður en hæstv. ráðh. tók það fram, en mjer þykir óviðfeldið að sækja um þetta til sýslunefndar, þegar sýslunefndaroddvitinn sker úr því í raun og veru samt. Því að í frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða var þetta vald fært yfir á sýslunefndaroddvitann, og man jeg ekki, að hæstv. atvrh. hefði neitt við það að athuga. Veit jeg ekki, hvað á að þýða að skjóta þessu til sýslunefndar, þegar valdið er alt í eins manns hendi.

Um aðra brtt. mína á þskj. 371 fór hæstv. ráðh. nokkrum orðum, þótt mjer væri ekki vel ljóst, hvað hann var að fara. Sagði hann, að þau orð, sem jeg fer fram á, að feld sjeu niður — sem sagt að til greina skuli taka, hve miklar eignir maður eigi umfram skuldir — **mættu** ómögulega missa sig. Jeg var nú ekki vel heima í rökunum, sem hann færði fyrir því. Hann sagði, að eignir og skuldir væru sjálfstæð atriði. Jeg geri nú ekki ráð fyrir, að það breytist mikið, þótt mín till. verði samþ. En það er nú svona, að þegar á að hafa á móti öllum brtt., er ekki von, að sum rökin verði góð.

Inn á 3. brtt. mína þóttist hæstv. atvrh. geta gengið fyrir sitt leyti, svo að hv. þdm. mega þá kannske samþykkja hana, ef þeir halda, að hún sje til bóta.

Síðan talaði hæstv. ráðh. um 12. gr. Þar ber okkur ekki á milli, af hverju hún er inn komin. En það er eftir að vita, hvort meira rjettlæti næst með henni eða núgildandi skipulagi. Mjer kemur ekki til hugar, að hægt sje að ná fullu rjettlæti, hvort sem hún stendur eða ekki. En jeg álít, að hún sje alt of fyrirhafnarsöm og komist lítið eða ekkert nær markinu. Hitt hefi jeg aldrei sagt, að jeg vissi ekki, að tilgangur þess, sem samdi, var góður. Það virðist ekki heldur altaf vera verið að hugsa svo mikið um rjettlætið í þessu frv. Eins og t. d. þetta, sem jeg nefndi áðan, að ekki má breyta áfrýjuðum útsvarsúrskurði nema skekkjan sje minst 10%. Maður, sem ætti að hafa 1000 kr. útsvar, yrði þá að sætta sig við að borga 99 kr. framyfir, og hefði ekkert nema útlátin, ef hann vildi fá það leiðrjett. Það *má* ekki einu sinni láta hann njóta rjettar síns.

Þá hafði hæstv. ráðh. á móti 5. brtt. minni. Þótti honum hart, að hreppsnefndir þyrftu að starfa að þessu vikum saman, ef þær fengju ekki túskilding fyrir. — Jeg held nú, að það sje ekki ákaflega víða, sem hreppsnefndir eru margar vikur að jafna niður, og hvorki styttir það setuna nje ljettir álögurnar, ef þær þurfa

líka að skrapa saman í kaupið. Það flýtir a. m. k. ekki fyrir.

Út af 7. brtt. minni sagði hæstv. ráðh., að jeg hefði sagt, að það væri „heimskulegt“ að taka febrúar með. Jeg býst nú varla við, að jeg hafi verið svona orðljótur, en hitt mun jeg hafa sagt, að jeg kynni ekki við að hafa febrúar með, því að þá væru engin framtöl komin. En úr því hæstv. atvrh. er nú svona ant um febrúar, get jeg vel gengið að því til samkomulags, að ekki sje ákveðið tímatakmark þeim megin skert, en hinu takmarkinu, 15. apríl, vil jeg halda, svo að útsvarskærur sjeu um garð gengnar, þegar útivinna byrjar til sveita. Vil jeg því spyrja hæstv. forseta, hvort jeg mætti ekki breyta brtt. minni þannig, að hún yrði: febrúar—15. apríl. (*Forseti*: Það má gera til 3. umr.). Jeg held raunar, að ekki kæmi að sök, þótt brtt. mín væri samþ. eins og hún er nú, því að samkv. frv. má leyfa, að niðurjöfnun fari fram síðar á árinu, ef ríkar ástæður mæla með því. Held jeg þá verði hægurinn hjá fyrir Reykjavík — en hana bar hæstv. ráðh. mest fyrir brjósti — að fá framlengingu út apríl.

Hefi jeg þá ekki fleira að segja að sinni.

Einar Árnason: Jeg get verið afarstuttorður, enda eru aðeins örfá atriði, sem jeg þarf að minnast á. Það er þá fyrst reikningsárið. Hæstv. atvrh. hjelt því fram, að þægilegra væri að hafa almanaksárið reikningsár heldur en fardagaárið. Sagði hann, að nú væri altítt, að sveitarstjórnir færðu ýmsar upphæðir á hreppsreikninga löngu eftir að fardagaárið væri liðið. Jeg þekki nú ekki til þessa, en þó má vera, að einhverjar sveitarstjórnir geri slíkt. En það er eigi að síður rangt. En þótt almanaksárið væri notað, geri jeg ráð fyrir, að því fremur verði færðar á það ár upphæðir, sem þar eiga ekki heima, ef menn vilja komast hjá því að skifta þeim á tvö reikningsár, t. d. kostnaður við ómagaframfærslu, sem altaf er reiknaður milli fardaga, eða fræðslumálakostnaður, því að fræðsluárið er frá hausti til hausts.

En þetta er ekkert aðalatriði. Hjer liggur ekki fyrir nein brtt. um þetta. En jeg get ekki stilt mig um að segja, að jeg hefi hvergi rekist á í frv., að sagt væri, hvenær hreppsnefnd á að hafa lokið hreppsreikningi, hvenær hann á að liggja frammi, nje hvenær á að skila honum til sýslumanns. Get jeg trúað, að einhver hreppsnefnd yrði í vafa um þetta.

Þá virtist hæstv. ráðh. leggja óþarflega mikið í þau orð mín, að frv. væri óskiljanlegt. Virtist hann halda, að jeg hefði ekki skilið það sjálfur, og væri því til lítils að senda það til hreppsnefnda til umsagnar til næsta þings. Jeg hafði aldrei kvartað undan, að mjer gengi illa að skilja frv., en sagði hinsvegar, að ýmsum hreppsnefndum mundi ganga illa að átta sig á því, því að það er víða flókið.

Hæstv. ráðh. mintist á rjettlæti í frv. í sambandi við brtt. mínar, og hjelt hann, að ómögulegt væri að ná því nema með aukinni skriffinsku og fyrirhöfn. Jeg er nú hræddur um, að einhverntíma gangi illa að ná rjettlæti með þeirri rekistefnu milli sveitanna, sem stofnað er til með frv. Vil jeg efast um, að heimilissveit manns hafi altaf nægileg gögn til að geta lagt rjettilega á utansveitaratvinnurekstur manna, og er það mín skoðun, að þar standi atvinnusveitin best að vígi.

Hæstv. atvrh. tók það fram, að fyrir gæti komið, að menn, sem skaða hefðu beðið, yrðu útsvarsskyldir. Það er nú ekkert nýtt, heldur er svo altaf. Sveitin verð-

ur að fá sitt, þótt tap hafi orðið á atvinnurekstri öllum á árinu. — Þá held jeg, að jeg hafi ekki ástæðu til að fara út í fleiri atriði í ræðu hæstv. atvrh.

En jeg verð að segja nokkur orð út af ræðu hv. 1. þm. G.-K. (BK). Hygg jeg, að hún sje bygð á misskilningi. Hann virtist halda, að kaupfjelögin yfirleitt gætu ekki gert greinarmun á því, hvað fjelagsmenn hefðu verslað við þau og hvað utanfjelagsmenn. *(BK:* Það sagði jeg ekki, heldur einstöku fjelög). Jeg veit, hvernig þetta er í því fjelagi, sem jeg þekki best, Kaupfjelagi Eyfirðinga. Þar er velta upp á miljónir króna, en samt er hægt að sjá upp á hár, hve mikið fjelagsmenn versla við fjelagið. Það er alt skrifað, smátt og stórt, með sínu útsöluverði. Þá er ljóst, að afgangurinn af því, sem inn kemur, þegar þetta er dregið frá, er verslunin við utanfjelagsmenn, sem síðan verður lagt á. Þetta veltur því ekki eingöngu á ráðvendni kaupfjelagsstjórans, eins og hv. 1. þm. G.-K. sagði. Það veltur á því, hvort reikningar kaupfjelagsins eru falsaðir eða ekki. Auk þess er orðalag till. meingallað. Þar er talað einungis um hreppsnefnd, en vitanlegt er, að kaupfjelög eru einnig í kaupstöðum, þar sem engar hreppsnefndir eru. Svo er orðalag till.: „ef hreppsnefnd fær *grun* um, að samvinnufjelag beiti undanbrögðum til að komast hjá rjettmætu útsvari," tæpast frambærilegt. Hæstv. atvrh. tók rjettilega fram, að ómögulegt er að samþykkja þetta, því að þá þarf hreppsnefnd ekki að færa neinar ástæður fyrir þessum *grun* sínum. Hv. þm. (BK) mintist á kæru, sem hefði komið frá einhverri hreppsnefnd um það, að kaupfjelagsstjóri hafi beitt hana harðræði, svo að ekki var hægt að leggja útsvar á kaupfjelagið. Mig undrar ekki, þótt þetta hreppsfjelag sje illa statt, eins og hv. þm. skýrði frá, þegar það hefir svona dæmalaust úrræðalausa hreppsnefnd. Því að vitanlega þurfti hún ekki annað en að leggja á fjelagið svo hátt útsvar sem henni sýndist. Þá varð fjelagið sjálft að sanna, að of mikið væri á það lagt, ef það fór að kvarta á annað borð. Þetta er ofur einfalt mál, og mesti óþarfi fyrir hreppsnefndina að láta kúga sig í því. Ef hjer eru þá ekki einhverjar staðleysur á ferðinni.

Frsm. meiri hl. (Eggert Pálsson:) Hv. frsm. minni hl. hneykslaðist á því, að jeg sagði, að jeg hefði ekki grundvallaða þekkingu á útsvarsmálum. En það er samt svo. Fyrst er jeg kom í embætti mitt eystra, kusu sóknarbörn mín mig í hreppsnefnd, en mjer þóttu þau störf ekki svo skemtileg, að mig langaði til að hafa þau á hendi lengur en jeg þurfti. Þegar kosið var aftur, bað jeg því hreppsbúa að láta mig lausan, og gerðu þeir það að óskum mínum. Og þótt jeg hafi langan tíma setið í sýslunefnd, hefi jeg ekki þurft þar á að halda svo óttalega víðtækri þekkingu í sveitarstjórnarmálum. Þess vegna hefi jeg orðið að styðjast við reynslu annara í þessum málum. Hefir mjer ekki dulist, að þeir hafa þar róttæka þekkingu, og ber jeg því fult traust til þeirra. Á jeg þar sjer í lagi við höfunda frv. og hæstv. atvrh., auk hv. samnefndarmanns míns, þm. Seyðf. (JóhJóh). Hversu oft byggja þm. ekki á nál.? Þegar nefndir klofna ekki, þá sökkva einstakir þm. sjer oft ekki niður í málin, en treysta nefndinni. Frsm. minni hl. gat um það, að tíminn, sem allshn. hafði til þess að athuga frv., hafi verið stuttur. Því hefir nú ekki verið neitað af okkur. En það

mætti segja líkt um fleiri mál, ef ætti að fara að bera slíkt fyrir sig. Tíminn er oft alt of stuttur og mörg merk mál daga uppi vegna þess. En annars held jeg, að ekki hafi verið svo sjerlega hrapað að athugun þessa máls. Nefndin las frv. yfir og bar það saman við gildandi lög, enda var hún vel sett að því leyti, að það var ágætur lögfræðingur í nefndinni. Nefndin hafði fjóra fundi um málið, og getur það tæplega talist lítið um eitt mál. Ef fjórum fundum hefði verið varið til hvers máls, sem fyrir nefndina kom, þá hefðu fundir hennar þurft að vera margir. En því er ekki svo varið. Stundum eru 3 og 4 mál afgreidd á sama fundinum. Hv. frsm. sagði, að það liti út fyrir, að við vildum samþykkja þetta frv. nú til þess að næsta þing hefði nóg að gera við að breyta því. En ef þetta frv. verður ekki samþykt nú, þá er enginn grundvöllur til þess að byggja á. Að vísa frv. til sveitarstjórnanna nú, held jeg að væri verra en að samþykkja það og láta þær glöggva sig á því sem lögum. Athugunin verður skarpari í framkvæmdinni en við yfirlestur. En ef tekin væri upp leið hv. minni hluta, að fresta samþyktinni til næsta þings, þá mundi þetta mál taka upp mikinn tíma á næsta þingi, án þess að betri niðurstaða fengist. Það er óhugsandi, svo skiftar sem skoðanirnar eru hjer á þinginu, að sveitarstjórnirnar yrðu sammála eða ánægðar. Alstaðar kæmi fram einhver óánægja. Það, sem mjer þykir einkennilegast hjá hv. minni hl., er, hve fáar breytingar hann kemur fram með, úr því hann fór að koma með breytingar á annað borð. Jeg vissi, að hann hafði hug á fleirum, og þá varð það ekki síður ljóst af ræðu hans. Jeg get nú leitt hjá mjer að gera athugasemdir við þessar brtt. Það hefir hæstv. atvrh. gert og sýnt fram á, að þær eru ekki bráðnauðsynlegar. Háttv. frsm. hefir borið það fyrir sig, að sig hafi skort tíma til þess að bera fleiri brtt. fram. Það má vera, að svo sje, en með sum atriði, sem hann vildi breyta, hygg jeg, að ekki hefði þurft langan tíma til að koma fram með brtt. um, svo sem t. d. almanaksárið. Það hefði ekki þurft langan tíma til brtt. í þá átt. Jeg get ekki neitað því, að grunur minn er sá, að úr því að brtt. eru ekki fleiri eða merkilegri en þetta, þá sje tilgangurinn með þeim aðallega sá, að fresta málinu, svo það nái ekki fram að ganga nú. Það þurfti ekki nema eina eða tvær brtt. til þess. Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Hæstv. atvrh. hefir tekið brtt. til athugunar, og svo sje jeg líka, að tveir hv. þm., sem flutt hafa brtt., standa hvor á móti öðrum.

Björn Kristjánsson: Jeg tók það fram áðan, að jeg byggist við því, að flest stærri kaupfjelög hjeldu sæmilega reikninga yfir það, sem þau selja til utanfjelagsmanna, svo athugasemd háttv. 1. þm. Eyf. (EÁ) var með öllu ástæðulaus, því að jeg bar engar sakir á kaupfjelögin. Jeg heyrði því miður ekki ræðu hæstv. atvrh., en mjer er sagt, að hann hafi sagt, að í frv. fælist það vald, sem jeg ætlast til, að hreppsnefndunum verði veitt. En í frv. er það miðað við, ef kaupfjelögin gefi ekki glögga skýrslu. En hver dæmir um það, hvort skýrslan er glögg eða ekki? Það er miklu sterkara að orði kveðið í till. minni, því eftir henni er hreppsnefndunum fengið þetta vald, ef þær hafa grun um, að samvinnufjelag beiti undanbrögðum til þess að komast hjá rjettmætu útsvari. Hæstv. atvrh. hlýtur að sjá, að eftir till. minni hafa hreppsnefndirnar meira vald en þær fá samkv. frv.

Jeg gat þess í fyrri ræðu minni, að það

væri ekki að ástæðulausu, að jeg ber fram þessa brtt., og skal jeg nú skýra háttv. deild frá því, hvers vegna jeg geri það. Svo er mál með vexti, að einn kaupfjelagsstjóri kemur því svo fyrir hjá sjer, að hann lætur utanfjelagsmenn taka alt út í sinn reikning, sem þeir taka út, og borga alt inn í sinn reikning, sem þeir borga inn. Hann býr þannig til einn stóran reikning fyrir sjálfan sig. Og þetta er gert í svo stórum stíl, að hann hefir prentuð eyðublöð með nafni sínu sem úttakanda. Jeg hefi hjer eina slíka nótu, sem jeg ætla að sýna hv. sessunaut mínum. Þetta eru hrein og bein svik, en hreppsnefndin hefir ekki bolmagn til þess að reka þau af sjer. Þannig sjest, hvernig fara má í kringum þetta, og farið er í kringum þetta, ef ekki er haft nákvæmt eftirlit og strangt. Þess vegna er þessi brtt. mín bæði rjettmæt og nauðsynleg. Jeg tel áríðandi að setja undir þennan leka strax. Þetta er alls ekki sprottið af andúð gegn kaupfjelögunum. Það er viðkomandi hreppsnefnd, sem hefir beðist hjálpar og stendur á bak við þetta.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf að svara háttv. frsm. meiri hl. nokkrum orðum. Hann byrjaði á því að segja, að jeg hafi hneykslast á því, að hann hefði sagt, að þekking sín á sveitarstjórnarmálum væri ekki mjög grundvölluð eða djúptæk. Hann komst nú ekki svo að orði í fyrstu ræðu sinni, enda hefði jeg ekki hneykslast á því, þótt hann hefði gefið sjer svofeldan dóm. En hann sagði þá, að hann hefði ekkert vit á þeim málum. En það kom nú fram í ræðu hans, að hann hafði sæmilegt meðalvit á sveitarstjórnarmálum, sem og ekki er að furða, því hann hefir lengi verið í hreppsnefnd, og þá sennilega einhverntíma oddviti, og sá maður, sem hefir verið hreppsnefndaroddviti, getur ekki verið alveg blár í þessum efnum. Auk þess mun hann vera meðal stærstu gjaldenda sinnar sveitar, og mun því vilja vita, með hve mikilli sanngirni á hann er lagt, en það getur hann ekki nema að hafa nokkurt vit á málinu. Jeg held, að það hafi oft komið fyrir, að ungir sýslumenn hafi verið ver að sjer í sveitarstjórnarlögum en gamlir sýslunefndarmenn. Af því að honum þótti leiðinlegt að sitja í hreppsnefnd stafaði sú kórvilla, að hann vildi ekki skylda konur til þess að taka á móti kosningu. Úr því að honum þykir leiðinlegt að fást við slíkt, þá finst mjer, að hann hefði heldur átt að ýta undir það, að konur væru skyldaðar til að taka við kosningu, svo að það sje því fremur hægt að lofa þeim karlmönnum að sitja hjá, sem leiðist að skifta sjer af þessum málum. Þá gat hann þess, að þó að hans þekking væri takmörkuð, þá hefði hann haft reyndan og góðan mann að styðjast við. Jeg skal nú ekki gera lítið úr þekkingu þessa háttv. meðnefndarmanns okkar á þessu efni, en mjer fanst óþarft af háttv. frsm. meiri hl. að gera svona lítið úr sinni þekkingu. En enginn getur haft mikla þekkingu á máli, sem hann athugar lítið. Þá gat hann þess, að sumir þm. fylgdu nefndum að málum. Það er nú ekkert við því að segja, ef það sjest af nál., að nefndirnar hafa athugað málin rækilega. En jeg vil ekki ráða neinum til þess að greiða atkvæði eftir nál. meiri hl. allshn. í þessu máli. Það er ekki hægt að byggja á því. Þar er talið líklegt, að frv. sje gott og hótað að greiða atkvæði á móti öllum brtt. Þá sagði hann, að mjer hefði ekki þótt meðferð málsins í allshn. fullkomin. Það er rjett; mjer þótti tíminn

of lítill til góðrar athugunar, þótt nefndin hjeldi 4 fundi um málið. Þó sum mál sjeu svo auðveld, að hægt sje að afgreiða þau á einum fundi, eða jafnvel 2—3 á sama fundi, þá er því ekki svo varið um þetta mál. Það er mjög vandasamt, og það hefir hv. meiri hluti líka játað með því að þykja eðlilegt, hve lengi það var í nefnd í Nd. og lengi þar í deildinni. Þá vjek hann að þeim ummælum mínum, að það yrði vinna fyrir næsta þing að lagfæra missmíðin, ef þetta frv. yrði samþykt nú. En hann sagði, að ef það yrði ekki samþykt nú, þá fengist enginn grundvöllur til þess að byggja á, en það mundi betra, að hreppsnefndirnar fengju að reyna þetta sem lög heldur en þeim væri sent frv. til yfirlestrar. Jeg kann nú ekki við það, að Alþingi láti hreppsnefndirnar kenna sjer að búa til lög; það er ekki vani í öðrum málum. Þeir, sem áhuga hafa á þessum málum, hafa sama gagn af frumvarpinu eins og þó það væri gert að lögum. Jeg held, að flestum muni finnast, að heppilegast sje að vanda sem best til lagasmíðinnar í upphafi. Þá sagði hann, að óhugsandi væri, að allar sveitarstjórnir yrðu ánægðar; altaf mundi einhverjir hafa eitthvað að athuga við frv. En því betur sem lögin eru úr garði gerð fyrst, því meiri líkur eru til þess, að færri verði óánægðir.

Þá tók hann fram, eins og líka hæstv. atvrh., að sig furðaði á því, hve fáar brtt. jeg hefði borið fram, þar sem jeg hefði þó haft margt við frv. að athuga. En er það ekki eðlilegt, að jeg komi ekki fram með svo mjög margar brtt., þegar meiri hl. lýsir því yfir, að hann sje staðráðinn í því að greiða atkvæði á móti öllum brtt., sem fram kunni að koma? Það er ekki venjulegt að sjá þvílíkar yfirlýsingar í nál., og slíkt dregur kjark úr mönnum. Því aðeins ber jeg fram brtt., að jeg ætlast til, að þær nái fram að ganga. En það er ekki hægt að sannfæra mig um það, að þó brtt. verði samþyktar nú, þá komist frv. ekki í gegnum þingið. Þá finst honum, að jeg hefði ekki þurft langan tíma til þess að koma fram með brtt. um reikningsárið. En jeg veit, að það þyrftu að vera fleiri brtt. samfara þeirri brtt., sem hann hefir ekki mælt á móti að væri til bóta, en úr þeirri vöntun mun jeg geta bætt við 3. umræðu. Það hefir hæstv. atvrh. ekki gert, og hv. frsm. meiri hl. vill heldur ekki gera það, eða talar ekkert um það. Svo finst hv. frsm. öll framkoma mín gagnvart málinu í heild sinni benda til þess, að fyrir mjer muni ekki vaka annað en að jeg vilji hindra, að það gangi fram á þessu þingi. Það væri nú ekki svo vítavert af mjer, ef jeg áliti það svo slæmt eins og hv. meðnefndarmenn mínir segja; en ef það væri til þess eins að ónýta alla þá vinnu, sem í það hefir farið, þá væri það ekki fallega gert af mjer. En ef meiri hlutinn af brtt. mínum yrði samþyktur, þá myndi jeg að sjálfsögðu samþykkja frv., svo að jeg held, að jeg eigi ekki fyrir öllum þessum tilgátum hv. frsm. meiri hl. Líka mundi jeg bæta við 1—2 brtt. við 3. gr. En svo fór hv. frsm. meiri hl. að tala um, hvernig það mundi fara, ef þetta frv. yrði ekki samþykt á þessu þingi, og næsta þing þyrfti að taka til þess aftur. Sú lýsing var svo, að þá fengist ekkert gott upp úr því og að frumvarpinu myndi þá stórum spilt. Það er nú ekki beinlínis heiður fyrir Alþingi, þetta, að við að sjálfsögðu fengjum ekki frv. bætt og lagað með því að fá tækifæri til þess að athuga það betur, heldur myndi það versna mikið, en það er mín skoðun, og jeg held meira að

segja, að hún sje rjett, að hefðum við í allshn. þessarar hv. deildar fengið frv. nógu snemma, svo að við hefðum getað gert nauðsynlegar brtt. við það, þá hefði frumvarpið miklar bætur fengið og nefndin ekki klofnað, en af því að nú er komið svo nærri þingslitum, þá skal drífa það í gegn, hvernig sem það er.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal reyna að vera ekki margorður, og jeg skal reyna líka að hafa ekki rangt eftir hv. frsm. minni hl., þótt honum þætti jeg gera það áðan, en þar til er því að svara, að jeg hefi ekki gert það viljandi, og jeg get heldur ekki fundið, að hv. þm. hafi getað bent á, að jeg hafi farið með rangfærslur eftir honum. *(GuðmÓ:* Jeg benti á þær jafnóðum með því að grípa fram í). Hv. frsm. minni hl. kveðst ekki hafa haft tíma til þess að athuga frv. Jeg get ekki verið honum samþykkur í þessu, því að hv. þm. sagði mjer löngu áður en frv. kom hingað, að hann væri óánægður með það, svo að eitthvað hefir hv. þm. lesið það, og svo get jeg heldur alls ekki viðurkent, að málin sjeu óviðkomandi þeim hv. þm., sem eiga sæti í annari deild en þeirri, sem þau eru borin fram í, og jeg veit líka, að hv. þm. var búinn að kynna sjer frv. mjög mikið áður en það kom hingað, og þingið gæti sjálfsagt orðið nokkuð langt, ef enginn hv. þm. teldi sjer skylt að athuga málin áður en þau koma í hans deild. Jeg veit að minsta kosti, að hv. fjvn. hefir ekki þann sið, því að hún byrjar strax að athuga málin og fylgjast með þeim eftir að þingið er byrjað. Þingin verða held jeg nokkuð löng, ef enginn þingmaður telur sjer skylt að athuga stór mál fyr en þeim er vísað til þeirrar nefndar, sem hlutaðeigandi þm. á sæti í, eða er að minsta kosti komið til þeirrar deildar, sem hann er í. Jeg er steinhissa á, að hv. þm. skuli telja efri og neðri deild sem tvo aðskilda heima. Og jeg held því hiklaust fram, að honum hafi borið skylda til að athuga frv. meðan það var í Nd. og að hann hafi haft nógan tíma til þess á þessu nærri 100 daga þingi.

Jeg sagði aldrei, að það hefði komið brtt. frá 28 þm. í Nd., því að það er fyrst og fremst, að um þingtímann hafa þar ekki verið nema 27 þm., og sá, sem er veikur, hefir ekki borið fram brtt., og ekki allir hinir, en þessir þm. komu með brtt. að því leyti, sem þeir voru óánægðir, en jeg geng út frá því, að þeir, sem ekki komu með brtt., hafi verið nokkurnveginn ánægðir. Jeg skil ekki annað en að þetta sje nokkuð skýrt, og annað sagði jeg ekki áðan. Jeg fæ ekki sjeð, að ilt sje að hafa sömu reglu um alt land, og að minsta kosti get jeg ekki skilið, að það sje ófært. Þetta eru þó skattamál, og jeg þekki ekki til þess í öðrum löndum, að mismunandi reglur sjeu fyrir einstök hjeruð, að minsta kosti ekki um almenna skatta. En við samningu slíks frv. verður líka að taka tillit til þess, að það á að gilda fyrir staði, þar sem öll ákvæði þess geta ekki átt við.

Það er alveg rjett, sem hv. frsm. minni hl. tók fram, að svör komu ekki frá öllum hreppsnefndum; en það er nú svo um þær, sem ekkert svar kom frá, að það get jeg alveg eins tekið mjer til inntekta eins og hv. frsm. minni hl., og jeg er alveg sannfærður um það, að í mörgum sveitum er það siður að færa á reikning síðastliðins fardagaárs þær tekjur og þau gjöld, sem innheimst hafa eða verið greidd eftir fardaga það ár, sem reikningurinn er gerður, svo framarlega sem þau tilheyra því reikningsári. Jeg þekki það vel, því að jeg var ekki nema 14 ára þegar jeg bjó til fyrsta sveitarsjóðsreikninginn, og

hefi haft talsvert með það að gera síðan. Einnig sá jeg meðan jeg var sýslumaður, hvenær reikningarnir eru dagsettir. Sami hv. þm. vildi halda því fram, að sýslusjóðsgjöld væru að miklu leyti borguð á manntalsþingum, en það er upp og niður þar sem jeg þekki til. Jeg hygg, að sýslunefndaroddvitar hafi ekki gengið hart eftir, að hreppsnefndir borguðu alt á þingum. Þá finnur hv. þm. að því, að gjalddagi sje eftir að sýslusjóðsgjöld eru fallin í gjalddaga, — en hvernig er það þá nú? Gjalddagi á sveitarútsvörum er 31. desember, og lengra er það frá gjalddaga sýslusjóðsgjaldanna en frv. ráðgerir, og jeg þekki ekki, að hreppsnefndir bíði með peninga í kassa frá 31. desember þangað til manntalsþing eru haldin.

Faðerni frv. get jeg sagt hv. þm., ef hann er þá ánægðari; við Einar prófessor Arnórsson erum höfundar að því. Við komum okkur saman um efnið, og svo setti hann það í stílinn. Það er því ekkert vafasamt faðerni að frv. (*GuðmÓ*: Hæstv. ráðh. taldi vafasamt, að jeg skildi nokkuð í frv.). Það er ekki rjett. Jeg sagði ekki að hv. þm. hefði farið frá frv. án þess að skilja það; jeg sagði það aðeins um 12. gr., að hv. þm. hefði farið frá henni án þess að skilja hana, og einmitt þess vegna útskýrði jeg hana, og mjer heyrðist svo, að hv. þm. gengi inn á, að það væri ekki mikið verra, að yfirskattanefnd úrskurðaði kærur heldur en sýslunefnd. Þá var hv. þm. mjer ekki samdóma um tölu sýslunefndarmanna. Mjer er vel kunnugt um, að þeir eru misjafnlega margir, en þeir eru þó sumstaðar 16, eins og jeg gat um áður, og það er auðsætt, að það er dýrara að kveðja saman sýslunefndarfund í sýslum, þó að sýslunefndarmenn sjeu ekki nema 8—9, heldur en að kalla saman yfirskattanefnd, 3 menn. Svo talaði hv. þm. um það, að útsvörin mættu ekki vera rjett, en það er ekkert nema hártogun á orðalagi frv. Það stendur aðeins, að það megi ekki breyta útsvari, nema það hafi verið að minsta kosti 10% of hátt eða of lágt, en það er gert til þess, að ekki sje verið að áfrýja og eyða miklum tíma og fyrirhöfn út af mjög lítilfjörlegri upphæð, enda er það oft gert eins mikið til þess að skaprauna hreppsnefndum eins og til að komast hjá því að greiða þessa upphæð, sem um er að ræða. En ákvæðið um 10% er bygt á því, að þar sem jafnað er niður, er altaf álitamál, hversu hátt útsvarið skuli vera. Það getur t. d. enginn sagt um það með vissu, hvort maður, sem hefir 200 kr. útsvar, skuli ekki hafa t. d. 220 kr., og það er ómögulegt, eins og hv. þm. sagði, að vita neitt fyrir víst, hvað rjett er í þessu, en meiningin með þessu ákvæði er, að þegar álitið er, að ekki muni meiru, þá skuli ekki breyta neinu.

Þá var hv. þm. að tala um vinnu við frv. og að hún mundi vera dýr. Það var ekki það, sem jeg átti við; jeg átti við kostnaðinn á þinginu, því að það hefir farið langur tími í það og mikið í prentkostnað. Jeg átti alls ekki við kostnaðinn við samningu frv. Hv. þm. sagði, að jeg hefði sagt, að jeg mundi verða við brtt. við 3. gr. frv.; en það er ekki rjett. Jeg sagði það í Nd., að jeg gæti samþykt breytingu á þeirri grein; jeg sagði, að jeg vildi helst fá frv. óbreytt hjer, og þess vegna gæti jeg ekki lagt til með brtt., enda þótti mjer líklegt, að hún fjelli, þegar frv. kæmi aftur til Nd. Mjer þykir leitt, ef jeg hefi verið svo óskýr, þegar jeg talaði um brtt. hv. þm. við 4. gr., að hann hefir ekki skilið mig, en jeg átti við það, að það er ekki alt fengið með því að vita, hve mikið maðurinn skuldar. Þarf ekki annað en að benda á, að sá maður, sem á 50 þús.

kr. skuldlausar, er venjulega færari um að greiða hærra útsvar heldur en annar, sem á 200 þús. kr. og skuldar 150 þús. kr. Jeg veit nú ekki, hvort jeg hefi sett þetta svo fram, að hv. þm. hafi skilið mig. Ef svo er ekki, þá bið jeg hv. þm. að gefa mjer merki, svo að jeg geti skýrt það á ný. Hv. þm. gefur mjer ekkert merki, svo að jeg geri ráð fyrir, að hann hafi skilið það, sem jeg sagði. *(GuðmÓ: Ætli maður láti það ekki gott heita, sem komið er).* Þetta er það, sem liggur í orðunum og á ekki að falla niður, og vona jeg því, að hv. þm. taki þessa brtt. sína aftur. Hv. þm. hagaði þannig orðum sínum um brtt. við 16. gr., eins og það hlyti endilega að vera svo, að það yrði borgað fyrir niðurjöfnun útsvara; en það er ekkert annað en heimild til að borga, og verður aldrei borgað neitt, nema sýslunefnd ákveði það. Mjer finst rjett að fela sýslunefndum að gera þetta, en þar sem ekki er sjerstök ástæða til að gera það, geri jeg ráð fyrir, að það verði ekki gert.

Svo er niðurjöfnunartíminn. Jeg vona, að það viðurkenni allir hvað Reykjavík snertir, að hjer þarf alllangan tíma, enda er hann hjer frá 1. febrúar og til aprílloka, því að það er orðin svo mikil vinna við þetta verk. En það er eins með þessa grein, að hjer eru það sýslunefndir, sem ákveða, nær niðurjöfnun skuli fara fram, og að sýslunefndum sje ekki trúandi til að ákveða hentugastan tíma til niðurjöfnunar, fæ jeg ekki sjeð, eða að þær endilega þurfi að hnjóta á því að ákveða niðurjöfnun strax í febrúar, þegar á að hafa nýjustu skattskrár við hendina. Og eins má gjarnan búast við því, að þær hafi vit á að setja tímann ekki svo seint, að útsvarskærur geti ekki verið komnar áður en vorannir eru byrjaðar. Bæði þessi atriði eru lögð á vald sýslunefnda og bæjarstjórna, til þess að þær geti valið þann tíma, sem eftir öllum ástæðum er hentugastur á hverjum stað, og mjer er ekki unt að sjá, að hægt sje að sýna meiri lipurð í löggjöfinni heldur en þetta, og ekki unt að sjá neina ástæðu til að meina þessum stjórnarvöldum að hafa þetta vald í sínum höndum.

Út af orðum hv. 1. þm. Eyf. (EÁ) hefi jeg lítið að segja. Hv. þm. talaði ósköp hógvært og rólega og mintist á almanaksárið, en jeg sje enga ástæðu til að fara að minnast á það, þar sem engin brtt. liggur fyrir, en jeg vil aðeins geta þess, að það er ekki annað að sjá en að það sje vilji meiri hluta hreppsnefnda hjer á landi að hafa almanaksárið reikningsár. Og þó að skiftar sjeu skoðanir um það, þá er þó ómögulegt að gera svo, að öllum líki. Hv. þm. benti á, að fræðsluárið væri frá hausti til hausts, og þetta er alveg rjett, — en hvernig er hægt að komast þar af án þess að hafa fardagaárið, og enginn hefir þó kvartað yfir því? Það er þá ekki alveg nauðsynlegt að hafa fardagaárið, eftir því. Um ómagameðlag er það að segja, að það er venjulega greitt í einu lagi, og líka er venjan sú, að það er látið koma upp í útsvar, svo framarlega sem þurfalingurinn á heimili í framfærslusveitinni, sem venjulegast er. Það er rjett, að í þessu frv. er ekkert sagt um, hvenær á að hafa sveitarsjóðsreikninga tilbúna, en það er engin gleymska nje galli, því að þetta atriði á heima í sveitarstjórnarlögunum og kemur til greina við endurskoðun þeirra laga, sem talað hefir verið um, að fara skuli fram fyrir næsta þing. Þá var hv. þm. ennþá að tala um það, hvað frv. væri flókið. Jeg get ekki viðurkent, að það sje flóknara en skattalöggjöf yfirleitt hlýtur að vera. Það er ekki hægt að búa til lög, sem við fyrsta yfirlestur

virðast ekki dálítið flókin, því að þá mundu þau verða svo löng, og mjer er til efs, að þó að þau væru lengri, yrðu þau nokkuð skýrari fyrir því. Þá sagði hv. þm., að rjettlæti fengist ekki með auknum skriftum. Það er rjett, að það fæst ekki með auknum skriftum eingöngu, en það er oft fyrsta meðalið til að ná rjettlæti, og jeg álít, að ekki sje unt að vernda rjett heimilissveitar, atvinnusveitar og gjaldþegns, nema með því að láta sem oftast jafna niður á gjaldþegn í heimilissveit og skifta svo útsvarinu í rjettum hlutföllum á milli sveitanna, þótt það kosti nokkuð auknar skriftir. Þá talaði hv. 1. þm. Eyf. um, að það mundi verða rjettlátust niðurjöfnun á mann þar, sem hann rekur atvinnu, en jeg skal nú sýna hv. þm. fram á það með einföldu dæmi: Maður, búsettur í Reykjavík, rekur atvinnu á Siglufirði. Þar veit niðurjöfnunarnefnd ekki um neitt annað af hans atvinnu en það, sem gerist á Siglufirði, og vantar því að taka alt tillit til þess annars, sem gerist heima fyrir hjá honum, sem best verður gert í heimilissveit, þar sem hann telur fram eignir sínar og tekjur og þar sem hægt er að leggja það best til grundvallar, sem mestu skiftir hans ástæður. Háttv. þm. nefndi útsvar af tapi, og mjer dettur ekki í hug að neita því, að oft þarf að leggja á mann, sem beðið hefir stórt tap á atvinnurekstri sínum. Kemur það einkum fyrir, ef lagt er á mann á atvinnustað, sem hefir grætt þar, en tapað stórkostlega heima fyrir. Á atvinnustaðnum er lagt á hann að öllu leyti eins og það væri tómur gróði á hans atvinnu, en það getur í heildinni verið mikið tap, svo að útsvarið eigi að vera miklu lægra.

Jeg get lokið máli mínu með því að segja hv. 1. þm. G.-K. (BK), af því að hann var ekki inni í deildinni, þegar jeg talaði síðast, að mjer þykir of langt gengið í hans brtt., að ekki þurfi að vera nema um grun að ræða. Og hvað það snertir, að hv. þm. segir kvartanir úr sínu kjördæmi yfir þessu frv., þá get jeg aftur svarað hv. þm. því, að jeg hefi fengið talsvert miklar þakkir einmitt úr hans kjördæmi fyrir þær rjettarbætur, sem í frv. eru fólgnar, og vona jeg, að það geti dálítið vegið salt í huga hv. þm., enda hefir mjer aldrei dottið í hug að geta búið til frv. um svona efni án þess að það kæmu kvartanir einhversstaðar frá. Jeg veit, að það eru miklar rjettarbætur í þessu frv., sem hjer liggur fyrir, og þó að ekki sje langt síðan þetta frv. kom fram, hefi jeg heyrt margar raddir um, að það er beðið með talsverðri eftirvæntingu eftir því, hvort frv. nær fram að ganga eða ekki.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson): Jeg skal nú ekki flytja langt mál, enda á jeg víst ekki rjett til þess, og því síður er líka ástæða til þess, því að jeg hefi nú átt svo mikið orðastað við hæstv. atvrh. út af þessu máli, að það er svo sem auðheyrt, að hann ætlar ekki að láta sannfærast. Hæstv. ráðh. byrjaði á því að segja, að mál væru ekki þm. óviðkomandi, þótt í annari deild væru. Það hefi jeg heldur ekki sagt, en hitt mun vera venjan, að það mun vera heldur lítið athugað á meðan það er í hinni deildinni, enda oft enginn tími til þess. Svo segist hæstv. ráðh. vita, að jeg hefði athugað málið, — hafa heyrt það á mjer. Það er að vísu rjett, að jeg las frv. yfir, en það getur naumast heitið mikil athugun. Svo hefir hæstv. ráðh. játað, að það hafi vantað svör frá ýmsum hreppsnefndum, eins og jeg bjóst

við. En það var ekki skakt hjá mjer, að hæstv. ráðh. nefndi þessa 28 þm. í hv. Nd., sem gert hefðu brtt. við frv., en jeg hefi kannske tekið það of bókstaflega, að þeir hafi allir gert brtt., en jeg skrifaði það eftir hæstv. ráðh., að þessir 28 þm. hefðu lagt sig í bleyti við að gera breytingar við frv. Jeg mótmælti því, að tekjur og gjöld væru tekin í sveitarreikning fram að þeim tíma, er hann væri gerður, en þetta getur verið venja þar, sem hæstv. atvrh. þekkir til, en jeg þekki það ekki.

Þá sagði hæstv. atvrh., að jeg hefði gengið fast eftir faðerni frumvarpsins. Það þóttist jeg nú ekki gera, en það verður varla sagt um höfunda frv., að þeir sjeu kunnugri í sveit og högum sveitamanna heldur en jeg. Líka sagði hæstv. atvrh. það, að hentugra mundi vera að láta yfirskattanefnd úrskurða útsvör manna heldur en sýslunefnd, vegna þess að það fyrirkomulag mundi verða ódýrara. Það held jeg, að ekki sje rjett.

Svo talaði hæstv. ráðh. um það, að nauðsynlegt væri að samþykkja frv. nú þegar, og bar því við, að það mundi spara mikið, svo sem prentunarkostnað og annað. En frómt frá að segja finst mjer málinu ekki liggja svo afskaplega mikið á, að mjög miklu gæti skift, þótt það yrði ekki afgreitt nú, því að mörg mál liggja enn fyrir hinu háa Alþingi, t. d. fyrir hv. Nd. En það lítur nú svo út, að ekki þurfi að vanda þau lög, er hv. Alþingi setur, og mjer finst, að nú sje tekið það nýmóðins ráð að samþykkja hjer alt.

Þá talaði hæstv. atvrh. um það, hve nauðsynlegt væri að taka tillit til eigna manna og skulda. Þetta vita nú allir, að sá, sem á t. d. 200 þús. krónur, en skuldar 150 þús. kr., stendur ver að vígi en hinn, sem á 50 þús. kr., en skuldar ekki neitt. Er því óþarft að fjölyrða um þetta. *(Atvrh. MG:* Ekki hefir hv. þm. sjeð þetta). Hvenær hefir hann sýnt það, að hann hafi ekki sjeð þetta? *(Atvrh. MG:* Brtt. hans bera það með sjer).

Jeg álít, að það sje óþarfi að áskilja hreppsnefndum sjerstaka borgun fyrir störf sín, enda mundi það draga dilk á eftir sjer, alveg eins og með embættismennina, að þegar einum var veitt uppbót, kom öll strollan á eftir.

Að svo mæltu skal jeg ekki lengja umr. meira um þetta mál að þessu sinni.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 523,1 feld með 7:5 atkv.

3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 523,2.a—b feld með 8:4 atkv.

4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 537 feld með 8:4 atkv.

6. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 522,I feld með 7:5 atkv.

8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Brtt. 522,II tekin aftur.

— 523,3 feld með 8:3 atkv.

9. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 523,4 feld með 7:6 atkv.

12. gr. samþ. með 8:6 atkv.
13.—15. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 523,5 feld með 7:5 atkv.

16. gr. samþ. með 10:2 atkv.

Brtt. 523,6 tekin aftur af flm., en tekin upp af 1. landsk. og feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, SE, GuðmÓ, GunnÓ, IHB, IP.

nei: JJós, JóhJóh, JM, ÁH, BK, EP, EÁ, HSteins.

17. gr. samþ. með 8:6 atkv.

18.—20. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Brtt. 523,7 feld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GuðmÓ, GunnÓ, IHB, JJ, SE, BK.

nei: EÁ, IP, JJós, JóhJóh, JM, ÁH, EP, HSteins.

21. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

22.—26. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

27.—31. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

32.—35. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Ed., mánudaginn 10. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Ed., næsta dag, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 371, 557, 558, 566, 568).

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson): Við 2. umr. þessa máls var mjer fremur láð það, hvað jeg hefði komið með fáar brtt. við þetta frv., en jeg þóttist hafa reynt að gera grein fyrir því, þar sem hv. meiri hl. lýsti yfir því, að hann ætlaði að greiða atkv. á móti öllum brtt., og svo gerði það líka mikið, að jeg hefi ekki haft góðan tíma til að koma með fleiri brtt. En jeg þykist nú hafa bætt úr því við þessa umr., því að nú hefi jeg komið með nokkrar brtt. í viðbót og fyllilega staðið við orð mín hvað það snertir.

Jeg skildi hæstv. atvrh. svo, að það, sem gerði, að hann setti sig á móti öllum brtt., væri það, að málið hefði ekki tíma til að fara til Nd. aftur. Það sýnist nú, sem breyting hafi orðið á því síðan, því að í gær var málið hjer á dagskrá, en var þá tekið út, svo að ekki lá því mikið á þá, og nú var hæstv. forsrh. (JM) að segja okkur, að þinginu mundi ekki verða slitið fyr en á laugardag, svo að jeg sje ekki annað en að tíminn sje nógur, þó að málið færi til Nd. aftur.

Þá vil jeg segja nokkur orð um brtt. mínar. Hin fyrsta er við 1. gr. Þar legg jeg til, að aftan við 7. málslið („Sveit: Bæði hrepp og kaupstað") komi: nema annað sje tekið fram. Þetta er reyndar ekki nema skýring, en þó nauðsynleg með tilliti til þeirra breytinga, er á eftir fara. Svo er önnur brtt. mín um það, að reikningsár hreppanna sje fardagaárið, eins og verið hefir. Jeg færði nægileg rök fyrir því í nál. mínu, og af því að engin rök komu í móti því þá, að annað væri heppilegra en að hafa fardagaárið fyrir reikningsár hreppa eins og verið hefir, þarf jeg ekki að fjölyrða frekar um það nú. Svo er 3. brtt. mín, við 6. gr. Hún er við ákvæðið um, að leggja skuli útsvar á alla, sem taldir verða færir að borga útsvar, en þó ekki, ef það þarf að vera minna en 5 krónur. Jeg held, að þetta ákvæði megi gjarnan fara, og að það megi vera á valdi hreppsnefnda og niðurjöfnunarnefnda, hvenær þær telja gjaldanda færan um að greiða útsvar. Jeg veit, að það hefir verið til, að lagt hefir verið á lægra útsvar en 5 kr., og það getur verið það enn, svo að mjer finst þetta takmark alveg óþarft. Þá er næst brtt. mín við fyrri málsgr. 10. gr.; þar er ákveðið, að heimilissveit megi aldrei fá minna en ⅓ af útsvari gjaldþegns, en jeg vil breyta því svo, að í staðinn fyrir þriðjung komi helmingur. Hvað sem þessum skiftum líður að öðru leyti, verður að teljast sanngjarnt, að heimilissveitin fái

aldrei minna en helming af útsvari hans, og það, sem fyrir mjer vakir, er það, að jeg vil altaf gera heimilissveit heldur hærra undir höfði en atvinnusveit, þar sem hún verður að greiða ýms gjöld fyrir gjaldþegninn vegna heimilisfangsins, og líka finst mjer, að þessi skifting milli hreppanna sje heldur ekki svo nákvæm, að það hljóti endilega að vera rjett, sem framkvæmt er eftir henni. Þá vil jeg bæta aftan við 22. gr. nýrri málsgrein, þannig, að kærum, sem komi að kærufresti liðnum, skuli ekki sint. Mjer finst, að það, sem talað er um kærur í þessari grein, fari vel á, að þessu sje bætt aftan við. En það, sem kom mjer einkum til að koma með þessa breytingu hjer, var, að þetta stendur síðar í frv., í 26. gr., en jeg vil láta hana falla að öllu leyti í burtu. Það var talað allmikið við síðustu umr. um þessa málsgrein, sem jeg vil fella niður, og sem (með leyfi hæstv. forseta) hljóðar þannig:

„Ekki má yfirskattanefnd eða atvinnumálaráðuneytið heldur breyta útsvari, nema svo reynist, að það hafi verið að minsta kosti 10% of hátt eða of lágt.“

Þessi málsgrein þykir mjer heldur óviðfeldin, því að jeg kann hreint ekki við þessa takmörkun fyrir rjettlæti, sem með henni er sett, en auðvitað sagði hæstv. atvrh., að þetta þyrfti til þess að draga ofurlítið úr þrætugirni þeirra manna, sem altaf eru að kæra útsvör sín. Jeg er sjálfur argur út í þessa menn, eins og hæstv. atvrh., en kann þó ekki við að setja þessi ákvæði í lög, enda þykir mjer það athugavert, því að niðurjöfnunarnefnd gæti þá lögum samkvæmt vel verið 10% neðan við rjettlæti og sanngirni með þá menn, sem hún vildi gera vel til, en 10% fyrir ofan það, sem sanngjarnt væri, við þá, sem hún væri óvinveitt, og ef þessi málsgr. er látin standa í lögunum, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að það verði 20% munur milli þeirra, sem vægast er farið í sakirnar við, og hinna, sem harðast verða úti. Í sambandi við þetta legg jeg til, að öll greinin falli niður og að fyrstu málsgrein hennar verði bætt aftan við 22. gr. Svo kem jeg með brtt. um gjalddagana. Í hreppum eru ákveðnir tveir gjalddagar, 15. júlí og 15. október, en það getur ekki staðist, þegar gert er ráð fyrir, að fardagaárið verði reikningsár, og þess vegna hefi jeg bent á, fyrir utan það, sem jeg tók fram áður, að fyrri gjalddaginn væri mánuði seinna en aðallega þarf á tekjunum að halda til greiðslu, og því hefi jeg lagt til, að fyrir 15. júlí komi 15. apríl, og fyrir 15. október komi 15. júní. Það verður sjálfsagt ekki búið að greiða öll útsvörin þá, en það munar svo litlu, að jeg álít, að það geri ekkert til, þó að það verði ekki fyr en fáum dögum eftir að reikningsárið er úti, því að jeg býst við, eftir öðrum ákvæðum í frv., þá reyni menn að vera að mestu eða öllu leyti búnir að greiða útsvarið á síðari gjalddaga, áður en hægt er að fara að taka dráttarvexti af því, sem eftir stendur óborgað. Í sambandi við þessa brtt. um reikningsárið er seinasta brtt., um að 32. gr. frv. falli niður. Þar er nefnilega gert ráð fyrir því, að fyrsta reikningsárið verði, ef þetta frv. nær fram að ganga óbreytt, frá fardögum í vor til ársloka 1927, en sú grein er að sjálfsögðu rjett feld niður, ef hinar brtt., er snerta reikningsárið, verða samþyktar.

Jeg vænti þess nú jafnvel, að hv. deild taki fleiri af þessum brtt. mínum til

greina heldur en þær, sem jeg bar fram við 2. umr., sem margar höfðu þó fyllsta rjett á sjer.

Jóhann Jósefsson: Jeg hafði ætlað mjer að tala um þetta mál við 2. umr., en þá var svo liðið á nótt, að jeg vildi ekki halda því til streitu að lengja umr.

Síðan hefi jeg komið fram með brtt. við frv., á þskj. 566, og hefir þeim verið útbýtt hjer í háttv. deild. Þær miða að því að færa frv. frekar í þá átt, er stjórnin hafði upphaflega útbúið það.

Þótt hjer í þinginu hafi verið tekin upp sú leið að gera helst ekki hægt að leggja á menn í atvinnusveit — enda þótt þeir hafi dvalið þar svo lengi, sem núgildandi lög mæla fyrir til þess að heimila útsvarsálagningu — þá er það ekki ætlun mín með 1. brtt. að brjóta þá meginreglu. Það er heldur ekki meining mín með 2. brtt. að brjóta bág við þessar reglur, heldur að færa þær nær sanni, þannig að atvinnusveit fái eitthvað í sveitarsjóð frá þeim mönnum, er stunda þar atvinnu í 4—5 mánuði á árinu. Stjfrv. tiltekur, að menn skuli útsvarsskyldir í atvinnusveit, ef þeir hafa dvalið þar 3 mánuði og haft að launum 2000 kr. Þessi upphæð er það allra mesta, sem tiltækilegt er að setja, ef ákvæðið á að ná til vermanna. En við meðferð frv. í háttv. Nd. breyttu menn þessu svo, að ákvæðið skyldi gilda um þá, sem ráðnir eru á báta, og setti inn 5000 kr. lágmark fyrir þá og 3000 kr. fyrir aðra. Með þessu er útilokað, að útsvar náist hjá einum einasta manni.

Það virðist á stjfrv., að með því hafi verið reynt að stilla svo í hóf, að vel hefði mátt við una, en upphæð þessi var þó of há. Og það er svo með marga sjómenn, er flytja sig eftir vertíðum, að í mörgum tilfellum er erfitt að vita, hvar þeir eiga lögheimili. Og jeg er ekki viss um það, þó atvinnusveit missi rjett sinn til þess að leggja á þessa menn, að þeir greiði allir útsvar jafnvel í heimilissveit. En þótt sú stefna sje nú ef til vill ofan á í þinginu, að ekki skuli leggja á menn í atvinnusveit, þá finst mjer þó mikið mæla með því, að menn komist þar ekki undan útsvari, ef þeir dvelja í sama stað ¼—⅓ úr ári, eða jafnvel lengur. Og sjerstaklega verða stærri verstöðvar hart leiknar, ef þær missa tilkall til þess að leggja á slíka menn. Í þessu atriði mætti sýna meiri sanngirni, ef kaupupphæðin væri færð niður í þær tölur, sem jeg hefi lagt til í brtt. mínum á þskj. 566. Jeg hefi ekki viljað breyta skiftingu útsvara milli heimasveitar og atvinnusveitar, til þess að brjóta ekki í bág við meginreglu frv., en jeg hefi reynt að færa ákvæði þess í sanngirnisáttina að því er stærri verstöðvar snertir. Mjer finst, að þeir menn, sem flytja í verstöð til þess að reka þar kaup á fiski, síld eða öðrum afurðum, eigi að sjálfsögðu að vera útsvarsskyldir þar. En jeg get ekki sjeð, að það verði með frv. eins og það nú er. Þess vegna hefi jeg flutt brtt. mína, sem er lík brtt. hv. 1. þm. Eyf. (EÁ), er borin var fram við 2. umr., en þó nokkuð fyllri á sumum sviðum og ekki að öllu leyti eins. Mjer finst, að með frv., eins og það er nú, sje of lítillar sanngirni gætt gagnvart þeim verstöðvum, þar sem þessi ákvæði skifta máli, eins og jeg hefi fyr drepið á, og það er áberandi, hvað frv. hefir verið fært til verri vegar síðan það kom frá stjórninni.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um brtt. mínar. Þær eru sanngirniskrafa af hálfu atvinnusveita, og jeg vona, að hv. þingdeild taki þær til greina.

Ingibjörg H. Bjarnason: Það hefir nú verið rætt svo mikið um frv., bæði ágalla þess og kosti, að jeg býst ekki við að geta bætt þar miklu við, er til lagfæringar horfði.

En það er einn höfuðgalli á frv. eins og það nú er, og þeim höfuðgalla ætlast jeg til, að kipt sje á burtu með brtt. minni á þskj. 558. Það getur engum hv. þdm. komið á óvart, að jeg flyt þessa brtt. enn einu sinni; jeg mun altaf flytja svipaðar brtt. við þau frv., er líkt stendur á um.

Í frv. á nú enn að undirstrika það, hver munur sje á skyldum og rjettindum kvenna. Þetta hefir komið fyrir oft áður, en jeg mun ekki láta neitt tækifæri ónotað til þess, að slíkri kórvillu verði kipt burtu úr lögum, þar sem hún stendur. Og jeg vænti þess skilnings af hv. þdm., að þeir standi ekki á móti kröfum kvenna í þessu efni, enda þótt nokkurrar mótspyrnu hafi gætt, sem jeg veit ekki, hvort fremur er sprottin af vantrausti á konum eða misskilinni hlífð.

Hið háa Alþingi hefir fengið áskoranir frá 2260 konum hjer í Reykjavík, sem sýnir það, að undanþáguákvæðið í 3. gr. frv. er ekki að vilja kvenna. En þótt slíkar áskoranir hafi ekki komið víðar að ennþá, finst mjer, að þingið verði að taka tillit til þeirra. Og það er jeg sannfærð um, að hvernig sem fer með þessa brtt., þá mega hv. þdm. vera vissir um, að það koma fleiri og ákveðnari kröfur frá konum um að fella úr öllum lögum þau ákvæði, er gera mun á skyldum og rjettindum karla og kvenna.

Það er heldur enginn ábyrgðarhluti fyrir háttv. þdm. að láta að vilja kvenna í þessu efni. Ef óánægja skyldi koma upp síðar, þá geta þeir sagt sem svo við konur: Þetta er ekki okkur að kenna! Þetta vilduð þið!

Mjer hefir verið bent á það, að þetta ákvæði um undanþágu kvenna stæði í öllum sambærilegum lögum, og það hefir verið sagt, að úr því þetta stæði í lögum, þá væri sjálfsagt að hafa það í þessu frv., enda væri það enginn rjettindamissir fyrir konur. Jeg stæði nú ekki hjer og krefðist þess hvað eftir annað, að þessi ákvæði væru feld úr lögum, ef við konurnar litum ekki þannig á, að rjettindum er haldið fyrir okkur í þessu eina atriði. Og konur vilja nú nota tækifærið, þegar verið er að endurskoða þessi og önnur lög, að láta fella þessi ákvæði burtu, svo að ekki þurfi að endurskoða þau aftur á næsta þingi eða næstu þingum.

Jeg mun flytja slíka brtt. sem þessa við hvert það mál, þar sem hún á við, og mun jafnan færa fyrir því sömu rök og jeg hefi gert, að þetta er eindregin ósk kvenna, að sömu skyldur fylgi sömu rjettindum. Og þó það eigi ef til vill að vera af hlífð hjá sumum, að þær skuli undanþegnar skyldunum, þá gæti líka verið, að eins mikið rjeði um, að þeir vildu sem minst breyta gamalli venju.

Jeg vona, að hv. þdm. tefji ekki fyrir málinu hjer og að hv. Nd. setji ekki ákvæði þetta inn aftur. Það má vera, að þetta sje hjegómaatriði í augum sumra þdm., en fyrir mjer og konum yfirleitt er það ekki hjegómamál, heldur stefnumál. Og jeg hygg, að við höfum ekki efni á því að draga úr starfsgetu þjóðarinnar með öðrum eins ákvæðum og því, er í frv. stendur. Vænti jeg þess því, að hv. þdm. greiði brtt. minni atkvæði.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg skal fara að dæmi annara að tala stutt og ró-

lega, því að það eru mörg mál á dagskrá og margt eftir ógert. Jeg skal því aðeins tala um brtt. þær, er hjer liggja fyrir, og tek þá fyrst brtt. hv. þm. Vestm. (J-Jós).

Um 1. brtt. er það að segja, að jeg lít svo á, að innihald hennar sje hið sama og í brtt., sem hv. 1. þm. Eyf. bar hjer fram við 2. umr., og samþingismaður hans í Nd., en báðar voru feldar. Jeg get því ekki annað en lagt á móti þessari brtt. og vona, að hv. deild verði þar sjálfri sjer samkvæm. Jeg segi þó ekki með þessu, að það eigi að vísa brtt. frá, því að hún er frábrugðin hinni brtt., þótt efnið sje hið sama.

2. brtt. er afleiðing af hinni 1., og þarf jeg því ekki um hana að tala.

Um 3. og 4. brtt. er það að segja, að jeg get ekki lagt með þeim, vegna þess, að í hv. Nd. kom fram ákveðinn og sterkur vilji um það að hafa tölurnar svo háar sem í frv. er, og litlar líkur til þess, að hv. Nd. mundi þar vilja skifta um skoðun. Ákvæði þessi voru ekki þannig í stjfrv.; þeim var breytt í Nd. og þar var svo mikill meiri hl. með breytingunni, að jeg tel alveg vonlaust, að þessar brtt. geti komist í gegnum þá hv. deild, þótt þær væru samþ. hjer. Jeg vona, að hv. þm. virði mjer það til vorkunnar, þó að jeg geti ekki mælt með þessum brtt., er hljóta að verða frv. að falli í hv. Nd. Jeg get tekið það fram, að hægt mun að deila um það, hvort alt sje rjettmætt í frv. eins og það kom frá hv. Nd., en það yrði of langt mál að telja upp alt það, sem rjettlætir frv., eða það, sem hafa má á móti því. En það virðist svo, sem í umr. nú hafi oft gleymst það, sem talið hefir verið höfuðgallinn á útsvarslöggjöfinni, sem sje það, að heimilt er að leggja á menn í atvinnusveit. Margir telja þetta versta gallann á núverandi löggjöf, og það tel jeg líka, vegna þess, að með því að leggja á menn útsvar í atvinnusveit er ekkert tillit tekið til efna og ástæðna og oft lagt heldur freklega á.

Jeg mæltist til þess við 2. umr., að brtt. hv. 4. landsk. (IHB) væri tekin aftur til 3. umr. Það gerði hv. flm., en brtt. var nú samt tekin upp. Ástæðan til þess, að jeg vildi ekki, að hún kæmi til atkv. við 2. umr., var sú, að jeg vildi geyma hana þangað til farin væri fram í hv. Nd. samskonar atkvgr. Hún fór nú fram í gærkvöldi, og þar var samþ., að konur skyldu ekki geta skorast undan kosningum í hreppsnefndir og bæjarstjórnir. Þessi brtt. hv. 4. landsk. er í samræmi við þá samþykt Nd., og þess vegna er mjer ekki unt að vera á móti henni, því að hún verður ekki frv. að falli í hv. Nd. eftir atkvgr. þar í gærkvöldi.

Þá eru brtt. hv. þm. A.-Húnv., á þskj. 557. Jeg skal tala í sama dúr og hann talaði fyrir þeim brtt. Við síðustu umr. um málið fór hann hörðum orðum um frv., og svaraði jeg þá hvast; en nú hefir hann aðeins talað um brtt., og skal jeg því gera hið sama. Um 1. brtt. er það að segja, að jeg hefi ekkert að athuga við hana. Það er aðeins skýring, og ef breytingar verða gerðar á frv., þá get jeg ekki haft neitt á móti því, að hún sje samþ.

Aftur á móti hlýt jeg að vera á móti 2. brtt., um reikningsárið, því að það er engin von til þess að koma henni í gegn hjá hv. Nd. Það var svo sterkur meiri hl. þar á móti þessari breytingu, að það væri sama sem að fella frv., ef hún væri samþ. Og eins og jeg hefi tekið fram áður, sje jeg ekki ástæðu til þess, að haldið sje fast við þetta atriði.

Jeg gæti til samkomulags gengið inn á 3. brtt., en jeg álít, að sjaldgæft muni

vera, að lagt sje á lægra útsvar en 5 kr. Meðan jeg var í sveit, var aldrei lagt á lægra útsvar en 2—3 krónur, og með núverandi gildi peninga ætti það að samsvara 5 kr. lægsta útsvari nú.

Þá get jeg ekki heldur gengið inn á að hækka útsvarshluta heimasveitar úr ⅓ í ½, því að sú breyting er ekki sanngjörn. Jeg skal þar taka sem dæmi, að bankastjóri í Íslandsbanka á lögheimili utan Reykjavíkur, en í þeirri sveit stundar hann enga atvinnu. Mjer finst það því fyllilega nóg, að sú sveit fái ⅓ af útsvari hans. Vitanlega má deila um þetta, en þess ber þó að gæta, að hjer er um „minimum" að ræða, sem heimasveit á að fá.

Þá er 5. brtt., en hún er ekki annað en afleiðing af 6. brtt., um að 26. gr. frv. falli niður.

Þá er 6. brtt. Jeg gæti gengið inn á hana til samkomulags, ef hún stofnaði ekki málinu í voða. En jeg vil undirstrika það, að öll útsvarsálagning er mat. Og það, hvort útsvar er úrskurðað um 10% of hátt eða of lágt, er einnig mat. En jeg held, að það mundi ekki vera neitt órjettlæti í 26. gr. frv.

Þá er 7. brtt., sem fer fram á breytingu á gjalddögum útsvara, þannig, að í sveitunum verði gjalddagarnir 15. apríl og 15. júní, en í frv. eins og það er nú eru þeir 15. júlí og 15. okt. Mjer þykir undarlegt, að háttv. þm. skuli vilja hafa þessa gjalddaga fyrir bændur. Jeg býst við, að þeir hafi þá einna minst peningaráð. En einmitt í júlí selja þeir ull sína og í október kjötið, og því ættu gjalddagar á þessum tímum að koma sjer miklu betur en í apríl og júní. Það voru líka bændur í Nd., sem settu þetta inn í frv. Jeg get því ekki sjeð, að það sje nokkur bót að breyta þessu. Auk þess kemur seinni gjalddaginn til að falla utan við reikningsárið, þar sem hv. þm. A.-Húnv. gerir ráð fyrir fardagaárinu. Fardagar eru fyrst í júní, 3.—5. júní, og falla því útsvörin í gjalddaga eftir að reikningsárið er á enda. Er þá nauðugur einn kostur að telja helming útsvara í eftirstöðvum eða að halda reikningnum lengur opnum, eins og jeg reyndar sagði við 2. umr., að gert mundi nú, en háttv. þm. mótmælti þá harðlega.

8. brtt. er afleiðing af breytingunni á reikningsárinu, og sje jeg ekki ástæðu að tala frekar um hana.

Þá vil jeg taka upp það, sem jeg hefi sagt, að til samkomulags get jeg gengið inn á 1., 3., 5. og 6. brtt., svo fremi hv. þm. A.-Húnv. vill fylgja frv. út úr deildinni, af því að jeg geri mjer von um að koma málinu í gegn, þótt þessar till. verði samþ. *(GuðmÓ*: Það eru þær, sem minstu máli skifta). Það er ekki rjett hjá hv. þm., því að hann talaði einna mest um þessi 10%, sem voru honum mestur þyrnir í augum við 2. umr. Jeg vona, að háttv. þdm. virði mjer það til vorkunnar, þótt jeg geti ekki mælt með brtt. hjer, er verða myndu frv. að falli í Nd. En það er alls ekki orðinn tími til þess að láta málið koma fyrir Nd., síðan hingað aftur og loks í Sþ. Það vita hv. þm. ofur vel.

Ingibjörg H. Bjarnason: Jeg vil votta hæstv. atvrh. þakklæti mitt fyrir það, hversu vel hann tók í brtt. mína á þskj. 558. Hefi jeg því bestu vonir um, að hún muni ekki valda neinum deilum eða tefja fyrir frv., sem í sjálfu sjer er mjög þýðingarmikið og mun hafa verulegar bætur í för með sjer.

Jeg get heldur ekki látið hjá líða að lýsa ánægju minni yfir meðferð háttv. Nd. á frv. til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, þar sem meiri hluti deildarinnar sá sjer þó fært að verða

við ósk okkar kvenna um að fella burtu undanþáguna, sem felst í síðustu málsgr. 3. gr. frv. Vænti jeg þess fastlega, að eins giftusamlega megi þetta ganga hjer í þessari háttv. deild.

Forsætisráðherra (JM): Jeg vil láta þess getið, að jeg var á móti till., er gekk í svipaða átt og till. háttv. 4. landsk. (IHB), við 2. umr. Mjer virtist málið þá svo langt komið, að jeg sá mjer ekki fært, enda þótt þetta væri áríðandi atriði, að stofna frv. í hættu vegna þess. Jeg gerði ekki grein fyrir atkv. mínu þá, en jeg vissi, að hv. þdm. skildu, hvers vegna jeg var á móti till., þótt jeg væri henni annars alveg samdóma. En síðan hefir málið tekið breytingum, og ætla jeg þess vegna að fylgja því, sem jeg álít rjettast vera. En það kemur nú stundum fyrir, að menn eru í efa um, hvorn eiðinn þeir eigi heldur að rjúfa.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson:) Jeg verð að vera þakklátur hæstv. atvrh. fyrir það, hve liðlega hann tók í brtt. mínar, mun betur en í till. þær, sem jeg flutti við 2. umr. *(Atvrh. MG:* Jeg svaraði í sama dúr og háttv. þm.). En jeg talaði þó ekki kuldalega til hæstv. atvrh., heldur aðeins um málið sjálft. Og fyrst málið er athugavert, get jeg ekki hælt því, hver svo sem að því stendur.

Hæstv. atvrh. sagðist ekkert hafa á móti því, að 1. brtt. mín verði samþ. Þá er hann nú kominn á þá skoðun, að frumvarpið megi fara til háttv. Nd. En við 2. umr. mátti engu breyta, eins og meiri hl. allshn. hjelt einnig fram. En það hefir nú reynst svo, t. d. í gær, þegar frv. um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða var til einnar umr. í hv. Nd., að hún er ekki eins hættuleg og Ed. hefir verið talin trú um, enda gekk hún þegar að breytingu Ed.

Hæstv. atvrh. var mótfallinn því að breyta til um reikningsárið. En hann færði þó enga frambærilega ástæðu fyrir því, að hentugra væri fyrir sveitirnar að hafa almanaksárið fyrir reikningsár. Hann var yfirleitt á móti þeim breytingum, sem mjer eru aðalkappsmál. Jeg hygg, að engum hafi getað annað en skilist það við 2. umr., að jeg lagði aðaláhersluna á það að fá 12. gr. út. Og nú er það reikningsárið. En jeg get ekki verið hlyntur málinu, þó að þær till., er minstu máli skifta, verði samþ., en aðaltill. feldar, aðeins af ótta við Nd.

Viðvíkjandi brtt. á þskj. 558 hefir hæstv. ráðh. skift um skoðun, eftir atkvgr. í Nd. í gær. *(Atvrh. MG:* Jeg sagði ekkert um hana við 2. umr.). Mig minti það nú samt, og fyrir tilmæli hæstv. atvrh. tók jeg hana aftur, en háttv. 1. landsk. (SE) tók hana upp, og var hún þá feld.

Kem jeg þá að 3. brtt. minni, er ráðherrann er ekki mótfallinn. Jeg tel í rauninni óþarft að hafa þetta lágmark, þar sem altaf mun lagt á útsvar, ef niðurjöfnunarnefndin álítur, að gjaldþegn sje á annað borð fær um að greiða nokkuð. En annars skiftir þetta ekki miklu máli. En jeg er sammála hæstv. atvrh. um það, að sjaldan muni lagt á minna en 5 kr. nú orðið, en reyndar getur það breyst aftur

Jeg hefi líklegast tekið skakt eftir, er mig minti, að hæstv. atvrh. hefði talað á móti 6. brtt. *(Atvrh. MG:* Hún er afleiðing af 5. brtt.). Að nokkru leyti, en þar fer jeg fram á, að þessi 10% falli niður. Hann ætlar þá að vera með henni. ef það væri hættulaust að því er snertir Nd. *(Atvrh. MG:* Til samkomulags ætla jeg að vera með henni).

Jeg get ekki fallist á það, sem hæstv. atvrh. sagði um úrskurði yfirskattanefnda og ráðuneytis. En jeg fellst hinsvegar á, að öll útsvarsálagning sje mat. En þá á líka að fara eftir því mati, en ekki að draga 10% frá því, eða bæta þeim við.

Nú er hæstv. atvrh. farinn, en þá verð jeg bara að láta deildina hafa svör mín í staðinn.

Jeg vildi mótmæla því, sem hann sagði um gjalddagana. Það er auðvitað rjett, að 15. júní er liðugri viku eftir fardaga. Það ætti ekki að gera svo mikið til, eins og jeg hefi áður tekið fram. Er óþarft að hafa þau orð um, að reikningnum þurfi þess vegna að halda opnum í svo og svo langan tíma. Það er ekki rjett, að þetta ákvæði hafi verið sett inn í frv. af bændum í hv. Nd., því að það var upphaflega í stjfrv. Því var haldið fram, að þetta væri hentugur tími. Bændur hefðu frekar peninga um 15. júlí og 15. október en ella. En þessu þarf enginn að halda fram við mig hvað fyrri gjalddagann snertir, því að enda þótt bændur selji t. d. ullina í júlí, eru þeir oftast búnir að taka út á hana og fá því lítið eða ekkert útborgað í peningum. Allar þessar mótbárur eru í rauninni einskis virði. Hæstv. atvrh. færði ekki minstu rök fyrir því, að þetta væri alment hentugra, sem ætlast er til í frumvarpinu.

Nú er máli þessu svo komið, eftir ráðleggingum hæstv. atvrh., að jeg get alls ekki verið með því, þótt brtt. mínar, er minstu máli skifta, yrðu samþ. Ef brtt. mínar við 2. umr. hefðu verið samþyktar, mundi öðruvísi hafa farið. En málið kemst nú líklega í gegn, hvað sem atkv. mínu líður. En jeg á bágt með að trúa öðru en að lög þessi sæti almennri óánægju, er til framkvæmda kemur, og verði jafnvel þinginu til minkunar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg gat ekki heyrt niðurlagið á ræðu hv. þm. A.-Húnv., þar eð jeg þurfti að vera við atkvgr. í Nd. Mjer skildist, að hann vildi ekki sveigja neitt til til samkomulags til þess að fá frv. fram, því að hann er mótfallinn frv. Jeg kæri mig þá ekki um að láta neitt eftir honum og legg á móti till. hans.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Ólafsson): Mjer þótti gott að heyra orð hæstv. atvrh. Hann komst svo langt að játa það, að brtt. mínar væru til bóta. En hann vildi ekki vera með þeim, af því að jeg vildi ekki gera mig ánægðan með það, ef aðalbrtt. mínar yrðu feldar.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg hefi aldrei sagt, að jeg teldi brtt. til bóta. En jeg vildi ganga að sumum þeirra til samkomulags, þar eð þær eru þannig vaxnar, að þær raska ekki grundvelli frv., svo að málið þarf ekki að daga uppi af þeim sökum.

ATKVGR.

Brtt. 557,1 feld með 7:6 atkv.
— 557,2 feld með 8:6 atkv.
— 557,3 feld með 7:5 atkv.
— 566,1 feld með 7:5 atkv.

Vatill. 568,1—2 teknar aftur.

Brtt. 566,2 sjálffallin.
— 566,3 feld með 7:6 atkv.
— 566,4 feld með 8:5 atkv.
— 557,4 feld með 7:5 atkv.
— 558 samþ. með 9:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GunnÓ, IHB, IP, JJós, JóhJóh, JM, SE, BK, HSteins.
nei: ÁH, EP, EÁ.
GuðmÓ og JJ greiddu ekki atkv.
Brtt. 557,5 feld með 7:4 atkv.
— 557,6 feld með 7:3 atkv.
— 557,7 feld með 7:5 atkv.
— 557,8 sjálffallin.
Frv., svo breytt, samþ. með 8:5 atkv. og endursent Nd.

Á 76. fundi í Nd., s. d., var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 574).

Á 77. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. maí, var frv. tekið til e i n n a r u m r.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Pjetur Ottesen): Þetta mál kemur nú frá hv. Ed., og ber þess líka merki. Það hefir verið talsvert um það deilt hjer á þessu þingi, hvort konur ættu að halda þeim rjetti, sem þær hafa nú, að vera undanþegnar því að taka þátt í nefndarstörfum, þegar þær vilja undan því skorast. Og í mörgum tilfellum er því þannig farið, að þeim er illkleift að inna slíkar skyldur af hendi. Það hefir verið rakinn meiri hluti með því hjer í hv. deild að láta konur halda áfram þessum rjetti. Þegar atkvgr. fór hjer síðast fram um þetta atriði í sambandi við þetta frv., þá voru víst 19 eða 20 atkv. með því. (*JBald*: Menn hafa nú sannfærst síðan!). Það er nú svo, að alt er háð breytingum, og sannast þetta átakanlega á afstöðu manna hjer til þessa máls. Síðan þetta gerðist hefir orðið stefnubreyting í þessu máli. Hv. Ed. setti breytingu inn um þetta í frv. um fræðslu barna, sem þá var búið að ganga gegnum báðar deildir, og þegar það kom svo í annað sinn hingað, þá glúpnaði hv. Nd. og ljeði þessu samþykki sitt. En þó kom þessi stefnubreyting enn átakanlegar í ljós í fyrradag, þegar hjer var til einnar umr. frv. til laga um kosningar í málefnum bæja og sveita. Það lá fyrir yfirlýstur vilji hv. deildar um að láta þar í engu undan síga. Allsherjarnefnd gaf út meirihlutaálit gegn breytingunni í fullu trausti þess, að deildin mundi standa vel á verði. En það undarlega skeður, að einmitt þeir sömu menn, sem skarpast töluðu á móti málinu, glúpnuðu alveg þegar til atkvæðagreiðslunnar kom og greiddu nú atkvæði þvert ofan í sjálfa sig, og breytingin var samþykt. Það er svo um þetta mál, að það sannast á því, að hver syndin býður annari heim. Hv. Ed. var ekki lengi á sjer, þegar hún sá, hvernig málunum var komið í þessari hv. deild, en greip strax tækifærið til þess að koma þessu sama að í frv. um útsvörin. Hvað þetta frv. snertir skiftir það ekki miklu máli, hvort þetta ákvæði er í þessu frv. eða ekki, úr því að það er komið inn í lögin um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða. Að minsta kosti skiftir það ekki miklu máli til sveita, því að þar hafa hreppsnefndir jafnframt niðurjöfnunina á hendi. Það er aðeins í kaupstöðum, að kosnar eru sjerstakar niðurjöfnunarnefndir. Úr því sem komið er er því ekki ástæða til að láta það valda neinum ágreiningi um afgreiðslu þessa máls, þó svona hafi tekist til. En mjer sárnar, að neðri deild skuli hafa kvikað frá fyrri samþyktum sínum um þetta ágreiningsefni deildanna, og það fremur, þar sem henni var í lófa lagið að bjarga þessum sjerrjettindum kvenfólksins með því að láta málið fara í sameinað þing.

Þórarinn Jónsson: Jeg hefi ekki tekið til máls fyr í útsvörunum, og er það af því, að jeg hafði svo miklar annir í fjvn., þegar þau komu fram, að mjer vanst ekki tími til að fara til hlítar í gegnum þetta mikla mál. Jeg var ekki að öllu leyti ánægður með frv., en fylgdi því þó, með það fyrir augum, að það mundi fá meðferð í báðum deildum og breytast við það til bóta. Hinsvegar áleit jeg, að þó að gallar væru á frv. frá mínu sjónarmiði, væru þó í því miklar rjettarbætur. Nú er frv. komið aftur frá Ed. og hefir tekið nokkrum breytingum, og þó að jeg sje enn ekki ánægður með það, álít jeg, að svo mikil bót sje að því, að jeg álít, að það eigi að ganga í gegn; en það væri ekkert undarlegt með þessi lög, þó að reynslan gæfi fljótlega tilefni til breytinga. Jeg býst við því, að jeg muni greiða frv. atkv. mitt, en get hinsvegar ekki komist hjá að minnast á þetta mesta deiluatriði, um konurnar. Það er kallað rjettur, sem er órjettur. Jeg hefði þó leitt þetta atriði hjá mjer, ef ekki hefðu fallið ýms ummæli um það í umræðunum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, sem jeg tel algerlega óviðeigandi og óverðug. En þá voru af forseta skornar niður umræður, svo ekki varð svarað.

Það var háttv. 2. þm. N.-M. (ÁJ), sem hafði orð fyrir sjálfum sjer, því að hann var að gera grein fyrir atkv. sínu. En það fyrsta, sem mjer datt í hug, þegar jeg hafði hlustað á þessa ræðu, var það, sem umskiftingurinn sagði, að aldrei hefði hann sjeð svo langan gaur í svo lítilli grýtu. Því að eftir alla þessa greinargerð varð ekkert atkvæðið. Það kom aldrei. Jeg hefi hjerna hjá mjer skrifað það helsta, sem hv. þm. (ÁJ) sagði, og skal jeg fara nokkrum orðum um það og byrja á hinum vægari ummælunum. Hv. þm. segir, að heimilin missi af hæfustu konunum. Jeg tel, að aðalstarf konunnar sje á heimilinu, en vil ekki, að hún sje svo einangruð við heimilisstörfin, að hún megi ekki koma nálægt öðru, og jeg skil ekki í því, að konur geri heimilin ómöguleg, þó þær eyði 4—5 dögum á ári til annars. Það ætti líka ekki að vera lakara fyrir konuna að sjá önnur störf heldur en eingöngu heimilisstörfin. Enda eru störf í hreppsnefndum að vissu leyti sama eðlis og heimilisstörfin; þar er t. d. um töluvert uppeldisstarf að ræða, svo sem ómagaframfæri. Konur hafa líka oft lagt það til þeirra mála, sem ekki var ómannúðlegra en till. karlmannanna, og hefir stundum síst verið vanþörf á því. Það ætti ekki að spilla fyrir uppeldisstarfi konunnar á heimilinu, að hún kynnist slíkum störfum. Þvert á móti, við það eykst víðsýni hennar og dómgreind. Hitt er hrein einangrun.

Hv. þm. sagði sögu, og við það datt mjer í hug önnur saga, sem jeg ætla að segja honum, og það er sönn saga. Það var maður í hreppsnefnd, sem var einfaldur en ljet mikið yfir sjer, en átti skynsama konu og vel þekta. Einu sinni kom hann heim af hreppsnefndarfundi og var ekkert ölvaður, — jeg vil taka það fram, því að ekkert mark er takandi á því, sem menn kunna að segja í slíku augnabliksástandi. — Konan spyr hann frjetta af fundinum, og hann svarar: „Það gekk alt vel. Ómagarnir voru boðnir upp“. „Ómagarnir boðnir upp?“ spurði konan. „Já. Annars er ekki til neins að tala um þetta við þig, þú hefir ekkert vit á þessu“, segir maðurinn. Konan sagði þá aðeins þetta: „Ósköp er það lítið, sem getur skygt á konuna“. Þarna var farið þannig með ómagana, að þeir voru fengn-

ir þeim, sem gerðu lægst boð í þá. Ætli konur hefðu verið þarna lakari en karlar? Jeg segi nei.

Þá sagði hv. 2. þm. N.-M., að hroki kvenna minti sig á það, þegar þrælar voru gefnir lausir. Þetta álít jeg algerlega óverðskuldað og óviðeigandi. Eða hver ætli hafi þá sett þrælsmerki á konuna? Svona ummæli eiga alls ekki við, og jeg álít það beinlínis heppilegt, að konur taki þátt í þessum störfum, og að það geti á engan hátt spilt heimilunum. Auk þess þori jeg að fullyrða það, að hvergi þar, sem jeg þekki til, mundi kona vera kosin nauðug í hreppsnefnd.

Hv. þm. (ÁJ) varð svo skrafdrjúgt um þetta, að hann hófst á loft og mintist á hugsjónir og sagði, að þær gætu verið góðar, þó að menn næðu aldrei í þær, og hafði það eftir Guðmundi á Sandi. En nú mundi það hafa atvikast svo, að kvenrjettindamenn hefðu rekið bát sinn á hugsjónina og brotið hann. En jeg held nú, að hugsjónir sjeu ekki svo efniskendar, að hætt sje við, að menn brjóti bát sinn á þeim. Hitt hygg jeg rjettari skýringu, úr því að svo er komið, að þessir kvenrjettindamenn hafa rekist á hugsjónina, þá sje það af því, að þeir hafi nú náð henni heilu og höldnu. Hinsvegar held jeg, að menn muni ekki sjá glæsta sigling, þar sem fley hv. þm. er á ferðinni, og að það muni stranda á útskerjum undir Svörtuloftum eða Stigahlíð, eða einhverjum slíkum stað. Og jeg fullyrði, að þó að flakið finnist, mun aldrei verða notaður nagli eða fjöl úr því í nýtt fley. Jeg vil ekki fara út í sögu hv. þm., því að fyrir mjer er þetta mál ekkert hlægilegt. Eins og frv. er nú, finst mjer að ætti því fremur að samþ. það, og jeg vona, að hv. deild sje nú búin að fá skilning á þessu, þó að hún hafi litið svo á áður, að um einhver rjettindi væri að ræða fyrir konur, að geta skorast undan kosningu. Það væri aðeins grímuklætt vantraust, og þær mundu finna það, að slíkt ákvæði væri sett aðeins af því, að þeim væri ekki trúað fyrir þessum störfum.

Árni Jónsson: Jeg bjóst ekki við því, að jeg mundi þurfa að segja mikið um þetta mál nú. Það var aðallega út af ummælum hv. þm. Borgf. (PO), að jeg bað um orðið. Hann talaði um stefnubreyting, sem hefði komið fram í kosningalögunum, og að jeg og fleiri hefðu þar gefið eftir. Jeg vil bera þetta af mjer, þó að jeg hafi áður gert grein fyrir minni framkomu í málinu. Jeg vildi ekki hleypa málinu í strand vegna þessa eina ákvæðis. Jeg er nefnilega þeirrar skoðunar, að það hefði verið mjög tvísýnt um málið, ef menn hefðu barið höfðinu við steininn og haldið fast við þetta ákvæði, en geng hinsvegar út frá því, að hægt muni vera að færa þetta í lag á næsta þingi, og hygg jeg, að hv. þm. Borgf. muni þá ekki þurfa að hvetja mig til áræðis. Jeg hefi litið þannig á þessi tvö mál, að þau væru mjög tengd hvort öðru. Örlög þeirra hefðu ekki verið ákveðin, ef breytingin hefði ekki verið samþ. Og það hefði getað farið svo um þetta frv. um útsvörin, sem hæstv. stjórn og þingið hefir lagt í mikla vinnu, að það hefði einnig getað strandað á því sama. Hv. þm. (PO) sagði, að ein syndin byði annari heim og að hv. Ed. hefði nú sjeð sjer færi á að koma þessu ákvæði inn í útsvarsfrv. líka.

Eiginlega finst mjer hv. Ed. ekki geta bygt mikið á þessu, vegna þess að við, sem gáfum eftir, „mótiveruðum“ okkar aðstöðu greinilega og gátum þess, að við

gerðum það aðeins vegna þess, að við vildum halda okkur við þetta gamla og góða, að sá eigi að vægja, sem vitið hefir meira. Jeg held, að Ed. hafi unnið lítinn sigur og þetta verði henni skammgóður vermir. Jeg vil ekki vera að amast við því að hafa þingið tvískift, en reynsla þessara síðustu daga er nú orðin svo slæm, að jeg fer að efast um rjettmæti þess og tilverurjett hv. Ed. Þegar Ed. þverskallast við vilja meira en helmings allra hv. þm., þá finst mjer hún vera að smíða nagla í líkkistu sína. *(TrÞ*: Heyr!).

Þetta var aðaltilefnið til þess, að jeg stóð upp, en svo var veist allharðvítuglega að mjer úr annari átt. En jeg ætla nú samt að stilla skap mitt, með því að jeg á því láni að fagna að eiga hjer við miklu ósanngjarnari mann og ofstopafyllri en jeg er sjálfur. Jeg held, að ef jeg hefði átt tal við kunningja minn eftir svona langan umhugsunartíma, þá hefði verið dregið úr ofstopanum. En jeg hefi sjeð það fyr, að hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) er harðskeyttur. Hv. þm. fjekk að láni hjá hv. 2. þm. Árn. (JörB) þessa fyndni um umskiftinginn í grýtunni, og er það heiður fyrir háttv. 2. þm. Árn. að vera „síteraður" þarna. Háttv. þm. hjelt því fram, að konur tefðu sig ekkert frá heimilunum með því að sitja í hreppsnefnd. En þetta er ekki rjett. Þær tefjast vitanlega minst við það að sitja á fundunum sjálfum, en jeg geri ráð fyrir, að þær myndu taka þetta alvarlega og setja sig inn í málin, og er það auðvitað aðalatriðið. Hv. þm. talaði um víðsýni, og þykir mjer vænt um að heyra það, að hann nú ætlar að gerast postuli víðsýnisins. Hann hefir verið mjög nýtur þm. öll þessi ár, og jeg hefi metið hann mjög mikils, en ekki svo mjög fyrir það, að hann sýndi sjerstaklega mikið víðsýni í meðferð mála. Jeg veit ekki, hvort nokkur hefir tekið eftir þeirri hlið á manninum fyr en hann góðfúslega benti á hana sjálfur. Hv. þm. nefndi dæmi um hreppsnefndarmann, sem hefði verið heimskari en konan hans. Jeg get ekki sjeð, hvað þetta kemur málinu við, þó að þessi kona gæti tekið þátt í sveitarstjórnarstörfum. Það bannar henni það enginn. *(ÞórJ*: Sama sem). Nei, alls ekki. Enda sitja konur bæði í hreppsnefndum og bæjarstjórnum hjer á landi.

Þá hneykslaðist háttv. þm. á því, að jeg hefði talað um hroka hjá konum, og að hann minti á gamlan þrælahroka. Jeg sagði, að þetta minti á það, þegar þrælum var gefið frelsi. — Jeg vil líka minna á það, að það eru ekki konurnar í heild, sem standa fyrir þessu. Það eru nokkrar konur hjer í Reykjavík, sem ekki þekkja þau kjör, sem kynsystur þeirra úti um land eiga við að búa. Og þegar sagt er í öðru orðinu, að enginn muni kjósa konu nauðuga í hreppsnefnd, þá finst mjer þetta vera aðeins að fara í kringum efnið. Til hvers er þetta þá? Er það aðeins til þess, að Ed. geti sýnt sitt mikla vald? Jeg hefði haft fulla ástæðu til þess, út af ýmsum orðum hv. þm., að snúa mjer persónulega að honum eins og hann að mjer, en jeg ætla að láta mjer lynda það sem yngri manni, að hann tugti mig til frammi fyrir háttv. deild, þó að jeg álíti það í alla staði óverðskuldað.

Atvinnumálaráðherra (MG): Jeg vildi fyrst minna á það, að stutt er til þingslita, og ætti því vel við, að hv. þm. takmörkuðu mál sitt. Jeg skal líka vera stuttorður og byrja á því, að mjer finst engin ástæða til þess að vera að ámæla þeim hv. þm., sem ætla sjer að greiða atkv. með frv., þótt í því sje eitt atriði, sem þeir eru

óánægðir með. Það verður að meta meira alt frv. en þetta eina atriði. Því að hversu oft verður maður ekki að telja sjer skylt að gera það, þegar annars eru kostir frv. yfirgnæfandi yfir galla þess? Enda er það sjaldgæft, að hægt sje að afgreiða stóra lagabálka án þess að einstakir þingmenn sjeu óánægðir með einstök ákvæði þeirra. Í tilefni af breytingu þeirri, sem hv. Ed. hefir gert á frv., vona jeg, að enginn líti svo á, að það sje svo stórt atriði, að hann geti ekki þar fyrir greitt atkv. með frv. En á hvaða skoðun, sem jeg annars væri um það atriði, þá gæti jeg ekki látið annan eins lagabálk og þennan velta á því eina ákvæði. Og jeg vil benda á það, að þessi breyting hv. Ed. hefir fyrir þetta mál enga þýðingu, því að inn í lögin um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, sem urðu að lögum fyrir 3 dögum, er komið ákvæði um það, að konur megi ekki skorast undan kosningu. Kæmi svo ákvæði inn í þessi lög um, að þeim væri leyft að skorast undan kosningu, kæmi til að standa í öðrum lögunum, að þær mættu skorast undan, en í hinum, að þær mættu það ekki. Það væri meiningarlaust að afgreiða málið á þann hátt, sjerstaklega þar sem hreppsnefndir og niðurjöfnunarnefndir er hið sama í sveitum. Þetta kom fram í ræðu hv. þm. Borgf. Hann hefir athugað þetta og getur nú vonandi greitt atkv. með frv., þótt hann sje óánægður með þetta ákvæði.

Jeg vil benda á það, að komið hafa fram frá mörgum hv. þm. brtt., sem hafa verið feldar, en þeir hafa samt greitt atkv. með frv. Sýnir þetta, að ekki eru allir ánægðir. Jeg vona, að það verði álit meiri hl. hv. deildarmanna, að þrátt fyrir galla, sem á frv. kunna að vera, verðskuldi þó þetta frv. að verða að lögum. Vona jeg, að það verði ofan á við atkvgr. Ennfremur vona jeg, að umr. verði ekki lengdar mikið úr þessu, þar sem mörg önnur mál eru á dagskrá.

Þorleifur Jónsson: Þegar þetta mál var til 3. umr., hafði jeg margt við það að athuga, en vildi hinsvegar ekki beita mjer fyrir því að stöðva það, þar eð jeg vildi, að báðar deildir þingsins fengju að fjalla um þetta mál, sem jeg verð að játa, að er talsvert mikilvægt. Nú hefir það verið rætt í báðum deildum, og hefir það sýnt sig, að skoðanir þingmanna á því eru ærið sundurleitar. Það sýna m. a. hinar mörgu brtt. í báðum deildum, sem fram hafa komið, og þær sýna, að margir þm. eru óánægðir með ýms ákvæði frv. Þeir hafa haft sundurleitar skoðanir um ýms meiri háttar ákvæði frv., svo sem um breytinguna á reikningsárinu, úrskurðarvöldin, álagningaraðferðina o. fl. Og þótt meiri hl. hafi fengist með frv., þá er víst, að mjög margir eru óánægðir með ýms ákvæði þess, og það sýna líka þeir, sem nú hafa talað í málinu. Tveir þm. hafa lýst megnri óánægju sinni yfir því ákvæði, sem sett var inn í hv. Ed. síðast, og hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) hefir sagt, að það ætti að verða nagli í líkkistu hv. Ed., svo að ánægjan er ekkert almenn.

Það var talið víst í gær, áður en atkvgr. fór fram um frv. í Ed., að það næði ekki að ganga fram, vegna þess að það hefði ekki nægilegt fylgi. En svo var það samþykt með eins atkvæðis mun, *(Atvrh. MG:* með 8:5 atkv.), en með það fyrir augum, að það færi ekki lengra að þessu sinni en til neðri deildar aftur. Jeg verð að telja það sómasamlega afgreiðslu á frv., þótt það verði ekki að lögum nú, heldur verði borið undir álit allra sveitarstjórna og svo borið fram á næsta þingi, með þeim breytingum, sem kunna að verða gerðar

á því. Og í trausti þess, að svo verði gert, vil jeg leyfa mjer að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

Með því að í frv. um útsvör eru mörg nýmæli, sem þjóðinni hefir ekki gefist tækifæri til að segja álit sitt um, þá virðist deildinni rjettast, að málið sje borið undir sveitarstjórnir í landinu áður en því er ráðið til fullra lykta — og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Fjölyrði jeg svo ekki meira um þetta mál og afhendi hæstv. forseta dagskrána.

Hákon Kristófersson: Jeg skal verða við ósk hæstv. atvrh. að vera ekki mjög margorður um þennan gamla kunningja. Eins og hv. þm. er kunnugt, lýsti jeg yfir því með brtt. mínum og allri aðstöðu til frumvarpsins, að jeg var því mjög andvígur að ýmsu leyti. Og það leiðir að líkum, að sú aðstaða er óbreytt. Nú hefir frv. farið í gegnum hv. Ed. og er komið hingað óbreytt frá því, sem það fór hjeðan, nema hvað ein lítil brtt. hefir komist inn í það, og gerir hún hvorki til nje frá, er í mínum augum hvorki nein veruleg skemd á frv. nje heldur nein rjettarbót. Því eins og tekið hefir verið fram, hafa konur þennan rjett, en það var talin ruddaleg framkoma við þær að undanþiggja þær að taka við kosningu. En þótt þetta ákvæði verði í þessum lögum, þá býst jeg ekki við, að farið yrði að kjósa konur til opinberra starfa að þeim nauðugum. Og þeir, sem telja þetta rjettarskerðingu fyrir þær, verða að fallast á það, að þetta ákvæði verður aldrei notað á móti vilja þeirra. En jeg læt hinsvegar ekkert uppi um það, að þá væri betur farið með málin, ef konur fjölluðu um þau, en karlar ekki. En jeg vil láta þess getið, að jeg tel verkahring þeirra veglegri á öðrum sviðum en að atast í opinberum málum.

Mig furðar á því, ef fylgismenn þessa máls telja þetta atriði vert þess að fella frv., því að eins og hæstv. atvrh. og hv. þm. Borgf. bentu á, þá er þetta ákvæði komið inn í önnur samskonar lög.

Jeg verð að mótmæla því, sem hv. þm. V.-Húnv. (ÞórJ) sagði, að gildandi ákvæði væri grímuklætt vantraust á konurnar. Jeg segi að vísu ekki, að minn skilningur á því sje rjettur, en jeg held það þó, að hann sje rjettari en hv. þm. V.-Húnv.

Það er rjettilega fram tekið af hæstv. atvrh., að margar brtt. hafa komið fram við þetta frv. Jeg er nú þess minnugur, að jeg átti margar brtt., sem flestar voru feldar, og gerði hæstv. atvrh. alt, sem hann gat, til að fella þær. Jeg læt hann um það, hann hefir eflaust talið það sjálfsagt.

Hæstv. ráðh. taldi menn oft verða að ganga inn á frv., þótt mörg atriði væru í þeim, sem þeir væru óánægðir með. Jeg hefi nú ekki langa þingsögu að baki mjer, en jeg veit það, að þótt fyrir komi mál, sem þm. eru óánægðir með, þá fylgja þeir þeim af því þau hafa mikla rjettarbót í för með sjer. Því er það, að þótt mín aðstaða í þessu máli hafi verið sú, að hafa komið fram með margar brtt., sem jeg hefði viljað fá samþyktar, en voru feldar, þá álít jeg rjettarbæturnar, sem í frv. felast, vera svo mikilvægar, að jeg þori ekki að taka þá ábyrgð á mig að fella málið, heldur greiði atkv. með því út úr deildinni. En verði jeg á næsta þingi, mun jeg að sjálfsögðu taka höndum saman við þá menn, sem þá væru fúsir á að gera grundvallarbreytingar á lögunum, því stórlega tel jeg illa hafa tekist til með þessa lagasmíð, þó nokkrar rjettarbætur sjeu í henni.

Þórarinn Jónsson: Aðeins örfá orð. Mjer finst hv. 2. þm. N.-M. (ÁJ) vera

nokkuð viðkvæmur, að ekki skuli mega tala svo um alment mál, að hann taki það ekki til sín, enda veit jeg ekki betur en að það viðgangist altaf að beina orðum sínum til einstakra þm., þegar talað er um einhver málsatriði, sem hann hefir minst á. En slíkt kemur ekki nærri þeim persónulega, enda viðurkenni jeg ekki að hafa beinst neitt að hv. þm. persónulega. Jeg vil taka þetta fram, ef einhver kynni að hafa litið svo á. Jeg er eins geðríkur og hver annar, en verð þó aldrei reiður, þótt eitthvað sje sagt við mig undir umr. Það, sem hv. þm. var að tala um víðsýni o. þ. h., er ekki svaravert. Jeg hefi ekkert tilefni til að svara neinu; hann hefir ekkert hrakið af því, sem jeg hefi sagt.

Út af því, sem hv. þm. Barð. (HK) sagði, að jeg hefði sagt, að þetta ákvæði væri grímuklætt vantraust á konur, vil jeg segja það, að konur hafa sjálfar álitið, að svo væri.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá þm. A.-Sk. feld með 22:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvÓ, ÞorlJ, BSt, HStef, JakM.

nei: MG, MJ, MT, ÓTh, PO, PÞ, SigurjJ, TrÞ, ÞórJ, ÁJ, ÁÁ, BL, HK, IngB, JAJ, JBald, JK, JS, JÞ, JörB, KlJ, BSv.

Einn þm. (BJ) fjarstaddur.

Frv. samþ. með 18:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 587).

Önnur mál.

I. Lát ekkjudrotningarinnar.

Á 3. fundi í Sþ., mánudaginn 22. mars, mælti

forsætisráðherra (JM): Hans hátign konungurinn hefir lagt fyrir mig að tilkynna hinu háa Alþingi lát móður konungs, hennar hátignar ekkjudrotningar Lovísu, Jósefínu, Eugeníu, ekkju Friðriks konungs hins áttunda. Hún andaðist eftir tveggja daga legu úr lungnabólgu síðasta laugardagskvöld, 20. þ. m.

(Þingmenn hlýddu standandi á tilkynningu forsætisráðherra).

Forseti (JóhJóh): Jeg vil láta þess getið, að forsetar Alþingis munu senda hans hátign konunginum skeyti til þess að votta samhygð þingsins út af láti ekkjudrotningarinnar.

Á 4. fundi í Sþ., fimtudaginn 8. apríl, mælti

forseti (JóhJóh): Í tilefni af samúðarskeyti frá Alþingi til konungs vors og drotningar vegna fráfalls hennar hátignar ekkjudrotningarinnar hefir mjer borist svo hljóðandi skeyti:

„Dronningen og jeg udtaler vor varmeste tak over den af althinget udviste deltagelse.

Christian R.“

II. Minning Sigurðar Sigurðssonar ráðunauts.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 15. febr., áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (BSv): Um miðdegi í gær andaðist að heimili sínu hjer í bænum fyrverandi alþingismaður Sigurður Sigurðsson, ráðunautur Búnaðarfjelags Íslands. Hann var fæddur 21. okt. 1864 og því liðlega 61 árs að aldri. Sigurður heitinn var lengi þingmaður Árnesinga og átti jafnan sæti hjer í Nd. Árið 1901 var hann 2. þm. Árn., og sömuleiðis árin 1909—1911, en 1. þm. þeirra var hann árin 1912—1919. Hann var ötull talsmaður landbúnaðarins, bæði utan þings og innan, vinsæll bæði meðal þingmanna og eins meðal bænda víðsvegar um sveitir landsins, enda hafði hann víða farið til þess að fræða bændur og leiðbeina þeim.

Bið jeg háttv. deildarmenn að standa upp til virðingar minningu þessa látna alþingismanns.

(Deildarmenn stóðu upp úr sætum sínum).

III. Málshöfðun gegn þingmanni.

Á 74. fundi í Nd., laugardaginn 8. maí, mælti

forseti (BSv): Eins og hv. þdm. muna, lýsti hæstv. fjrh. (JÞ) því á fundi fyrir nokkrum dögum, að hann myndi beiðast leyfis deildarinnar til þess að mega lögsækja hv. þm. Str., Tryggva Þórhallsson, fyrir ummæli, sem þingmaðurinn hafði haft um hann og ráðherra taldi meiðandi fyrir sig[1]). Hefir hæstv. ráðherra nú skrifað mjer brjef um þetta, sem jeg leyfi mjer að lesa upp fyrir hv. deild:

„Alþingi, 8. maí 1926.

Á þingfundi háttvirtrar neðri deildar Alþingis hinn 27. f. m. bar þingmaður Strandamanna, hr. Tryggvi Þórhallsson, fram meiðandi aðdróttanir til mín í þingræðu um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði. Þau ummæli þingmannsins, sem jeg tel sjerstaklega meiðandi fyrir mig, eru þessi, eftir handriti þingskrifaranna:

„Það er upphaf þessa máls, að áður en núverandi landsverkfræðingur tók við embætti sínu var hjer annar maður landsverkfræðingur um alllangan tíma. En áður en hann hætti, setti hann upp stóra verslun og verslaði með þau efni, er þarf til bryggju- og brúargerða, t. d. sement, járnpípur o. fl. Jeg vil nú spyrja hæstv. atvrh. (MG): Mun þessi maður hafa byrjað að versla eftir að hann varð landsverkfræðingur? Gæti mönnum ekki dottið í hug, að hann hefði byrjað að versla meðan hann gegndi embættinu, þar sem hann setur upp stóra verslun er hann hættir? Ef hann hefir þá rekið verslun, vil jeg spyrja: Var það heppilegt? Var það heppilegt, að hann verslaði þannig við sjálfan sig, þar sem hann annaðist allar verklegar framkvæmdir og kaup, sem heyrðu undir það opinbera? Og ef um ágóða hefir verið að ræða, var þá heilbrigt að reka slíka verslun?“

Nálægt því síðasta í ræðunni segir þingmaðurinn ennfremur, sömuleiðis eftir handriti þingskrifaranna:

„Jeg spyr því, hvort það hafi átt sjer stað, þegar núverandi hæstv. fjrh (JÞ) var landsverkfræðingur, að hann þá hafi verslað við sjálfan sig f. h. ríkissjóðs, eða hvort hann nú versli við firmað Jón Þorláksson og Norðmann, þegar hann er orðinn fjrh., fyrir hönd fjármálaráðuneytisins“.

Jeg tel, að í hinum tilvitnuðu ummælum felist aðdróttanir til mín um það, að jeg hafi, meðan jeg var landsverkfræðingur (en það var jeg frá 1. febr. 1905 til 1. febr. 1917), misbrúkað stöðu mína til óleyfilegra hagsmuna fyrir sjálfan mig, með því að gerast verslunarmilliliður í hagnaðarskyni milli seljenda efnis til opinberra verka, er jeg veitti forstöðu, og landssjóðsins. Og með því að jeg vil ekki liggja undir því ámæli, að jeg hafi framið slíkt afbrot, er varðar þungri refsingu samkvæmt hinum almennu hegningarlög-

[1]) Sbr. ræðu fjármálaráðherra (JÞ) við 3. umr. um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ákveða einkasölu á tilbúnum áburði, C. 125—126.

um, leyfi jeg mjer að beiðast leyfis hinnar háttvirtu þingdeildar til þess að mega lögsækja þingdeildarmanninn Tryggva Þórhallsson fyrir meiðandi aðdróttanir hans í framangreindum ræðuköflum. Jafnframt leyfi jeg mjer að beiðast þess, að þjer, hæstvirti forseti, takið þessa beiðni mína á dagskrá þingdeildarinnar sem fyrst.

Virðingarfyllst
Jón Þorláksson,
alþm., fyrv. landsverkfræðingur.
Til forseta Nd. Alþingis.“

Á 75. fundi í Nd., mánudaginn 10. maí, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

Tryggvi Þórhallsson: Fyrir 8 árum barst til þessarar hv. deildar ósk um að mega höfða mál móti einum þm. deildarinnar. Sú varð meðferð málsins þá, að sá háttv. þm., Jón Magnússon forsætisráðherra, kvaddi sjer hljóðs 18. júlí 1918 og óskaði, að forseti bæri beiðnina undir atkvæði. Nú kom fram sú ósk í lok síðasta fundar þessarar hv. deildar frá hæstv. fjrh. (JÞ) að mega höfða mál gegn mjer. Jeg vildi grípa fyrsta tækifæri til að óska þess, að málið fengi samskonar meðferð nú. Jeg þarf ekki að segja neitt um tilefni til þessa; öllum er það kunnugt. Stuttu eftir að jeg hafði þessi ummæli barst mjer ósk um að fara yfir ræðu mína svo fljótt sem jeg gæti. Hafði jeg góða aðstöðu til þess, þar sem jeg hafði áður skrifað aðaluppistöðu þeirrar ræðu minnar, og hefi nú leiðrjett ræðuna. Leyfi jeg mjer að óska, að deildin verði við þeirri ósk hæstv. fjrh. (JÞ) að mega lögsækja mig, ekki aðeins fyrir þau ummæli, sem hjer er um að ræða, heldur og fyrir öll önnur ummæli mín í garð hans á þessu þingi. Óska jeg, að allir þdm., bæði flokksbræður mínir og aðrir, greiði atkv. með þeirri till., er jeg ætla að bera hjer fram. Hún hljóðar svo:

„Neðri deild Alþingis gefur fult leyfi til þess af sinni hálfu, að Jón Þorláksson fjármálaráðherra megi lögsækja Tryggva Þórhallsson, þingmann Strandamanna, fyrir eitt og sjerhvert orð, sem hann hefir mælt í ráðherrans garð á þessu þingi“.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg vil leyfa mjer að fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann beri aðeins upp beiðni þá, er jeg hefi afhent honum.

Sveinn Ólafsson: Fyrir mitt leyti vildi jeg helst óska þess, að hæstv. fjrh. fjelli frá þessari ósk sinni um leyfi deildarinnar til málshöfðunar, vegna þess, að honum hefir verið boðið af háttv. þm. Str. að endurtaka ummæli þau utan deildarinnar, sem hæstv. ráðh. telur móðgandi fyrir sig. Það virðist því allsendis óþarft að ónáða deildina með atkvgr. um þetta mál.

Í till. háttv. þm. Str., sem hann hefir beint til hv. deildar, liggur áskorun til þingsins um að veita þetta leyfi, og jafnframt einskonar upphvatning um að fara þessa leið eftirleiðis, þegar líkt stendur á. Annars finst mjer ófyrirsynju vera farið fram á þetta málshöfðunarleyfi við deildina, úr því að hv. þm. Str. hefir boðist til þess að endurtaka ummæli sín utan deildarinnar. Það er sannarlega óviðfeldið að þurfa að taka fyrir á Alþingi svona mál, og sjerstaklega þegar engin nauðsyn krefur.

Jeg hefi einu sinni áður verið við atkvgr. um slíkt mál og þetta, og jeg skal láta þess getið, að jeg greiddi atkv. móti leyfisveitingunni. Jeg mundi gera það

eins nú, ef ekki stæði svo á, að háttv. þm. Str. leggur svo mikla áherslu á, að leyfið verði veitt. Jeg get virt þá beiðni hans og gert það fyrir hann að styðja hana, en óviðfeldið þykir mjer að fara með leyfi til málshöfðunar inn á Alþingi.

Annars sje jeg, satt að segja, ekki í þessum ummælum hv. þm. Str. um hæstv. fjrh. nokkurt frekara tilefni til móðgunar en í svo mörgum öðrum orðahnippingum, sem hjer hafa orðið fyr og síðar í deildinni, og finst mjer hæstv. ráðherra vera í þessu nokkuð hörundssár.

Það er ekki langt síðan mál var höfðað hjer í bæ út af skopyrðum í blaði einu, sem voru á þann veg, að sækjandi var nefndur „íturmennið prúða". Fór það svo, ef mig minnir rjett, að viðkomandi ritstjóri fjekk harðan sektardóm. En ef nú á að leika svipaðan skollaleik hjer, þá virðist mjer illa fara á því, að Alþingi eigi nokkurn þátt í honum með málshöfðunarleyfi.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af ummælum hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) vil jeg segja það, að mjer hefði aldrei komið til hugar að biðja um leyfi deildarinnar til þess að lögsækja fyrir venjuleg stóryrði í þingræðum. Jeg legg það heldur ekki í vana minn að vera með rekistefnu út af því, sem sagt er um mig í blöðunum. En eftir því sem mjer voru flutt ummæli háttv. þm. Str. og eftir því, sem þingskrifararnir höfðu skrifað, þá hefir hann dróttað því að mjer, að jeg hafi framið glæp á þann hátt, að jeg hafi misnotað stöðu mína sem landsverkfræðingur til hagnaðar fyrir sjálfan mig. Jeg vil ekki og get ekki látið þessi ummæli á mjer sitja.

Vegna þessara aðdróttana hefi jeg sótt um leyfi deildarinnar til þess að mega lögsækja hv. þm. Str. Jeg vona, að hv. 1. þm. S.-M. og allir þdm. skilji, að þetta er alt annað en að vera hörundssár fyrir stóryrðum.

Fyrir slík afbrot sem þessi er lögð þung refsing í hegningarlögunum og að mínu áliti er hún sanngjarn mælikvarði á það, hversu menn líta á þesskonar afbrot.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg vildi segja nokkur orð um tvö atriði, er fram hafa komið.

Út af fyrri ræðu hæstv. fjrh. vildi jeg mælast til þess við hæstv. forseta, að hann bæri mína till. upp fyrst, og vona jeg, að háttv. 1. þm. S.-M. greiði henni atkv. Hún fer lengra en beiðni hæstv. fjrh. að því leyti, að hún heimilar honum að lögsækja mig fyrir alt, sem jeg hefi um hann sagt. *(Fjrh. JÞ:* Jeg hefi ekki beðið um það).

Jeg ætla ekki að tala neitt um hegningarlög eða aðdróttanir. En allir, sem ræðu mína heyrðu, vita, að þar var um engar aðdróttanir að ræða. Og þegar hæstv. fjrh. hafði talað, endurtók jeg það, að jeg hefði ekki verið með neinar aðdróttanir um óheiðarleik í garð hans og væri reiðubúinn að endurtaka ummæli mín utan þinghelginnar. Jeg spurði aðeins um þessi umgetnu atriði.

Að endingu vil jeg enn óska þess, að þingbræður mínir samþykki till. mína.

Forseti (BSv): Nú á síðari árum er aðeins eitt fordæmi til um slík mál sem þetta, og er það frá þinginu 1918. En þá var það utanþingsmaður, sem vildi fá leyfi til þess að höfða mál gegn hæstv. forsrh. (JM). Nú er svo háttað samkvæmt þingsköpum, að ekkert mál má taka upp nema einhver þm. sje flm. Þá var það,

að hæstv. forsrh. (JM) tók sjálfur upp kröfuna um heimild til málssóknar á hendur sjer, eins og háttv. þm. Str. (TrÞ) nú.

En hjer víkur að því leyti annan veg við, að sá, er telur sig meiddan (hæstv. fjrh.), er sjálfur þingmaður, og hafði jeg því búist við, að hann sjálfur mundi flytja málið hjer í deildinni. — Vil jeg því skjóta því til hæstv. fjrh., hvort hann óski, að mál þetta verði nú tekið til meðferðar, eða jeg taki það á dagskrá næsta fundar, eins og jeg hafði hugsað mjer að gera.

Fjármálaráðherra (JÞ): Jeg óska, að hæstv. forseti skilji mig svo, að jeg sje flm. beiðni þessarar.

Forseti (BSv): Mjer skilst, að hæstv. fjrh. hafi eigi á móti því, að málið sje rætt nú, og halda þá umr. áfram, enda hefi jeg áður getið þess fordæmis, að samskonar mál var tekið til meðferðar utan dagskrár.

Jón Baldvinsson: Jeg var einráðinn í því, er krafa þessi kom fram, að vera á móti henni, því að jeg veit, að það er oft ákaflega lítilfjörlegt, sem hægt er að sekta menn fyrir. Jeg álít, að það eigi ekki að veita slíkt leyfi. Ef tekið væri alt það, sem menn tala hjer á Alþingi um opinberar stofnanir og menn, og það, sem kemur fram í blöðunum, þá mundu margar sektirnar verða þungar og mörg skaðabótamálin verða dæmd. Það yrði til þess, að enginn mundi þora að koma fram með nokkrar aðfinslur. En þingið er griðastaður, þar sem menn mega tala hispurslaust og í fullri alvöru, en þó með kurteisi, um menn og málefni. Þess vegna sje jeg ekki ástæðu til þess að veita leyfi til þess að lögsækja þm. Það var einnig viðurkent af hæstv. fjrh., að hv. þm. Str. hafi talað af fullri kurteisi.

En úr því að hv. þm. Str. hefir sjálfur óskað þess, að leyfið væri veitt, þá mun jeg líklega greiða atkvæði með því, enda þótt mjer sje ógeðfelt að ljá fylgi mitt slíkum till.

Ásgeir Ásgeirsson: Jeg gat ekki heyrt það, að hæstv. fjrh. svaraði aðalspurningunni í ræðu hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ), hvort hann vildi ekki láta sjer nægja tilboð það, er háttv. þm. Str. gerði, um að endurtaka ummælin utan þings. Jeg sje ekki annað en hæstv. fjrh. hefði þá haft fullan rjett til þess að verja sig gegn ummælunum og hefði því ekki þurft að ónáða deildina með þessu. Mörgum er heldur illa við að greiða atkvæði í þessu máli, því sú meginregla ætti að gilda, að veita aldrei slíkt leyfi sem hjer er farið fram á. En samkvæmt óskum hv. þm. Str. munu þó ýmsir láta til leiðast að brjóta þá reglu. Hitt er höfuðatriðið, að hæstv. fjrh. hefði getað fengið vilja sínum framgengt án þess að koma með beiðni þessa fyrir þingið. Jeg lít því svo á, að beiðni hans sje óþörf og mun greiða atkv. gegn henni, þrátt fyrir ósk háttv. þm. Str.

Sveinn Ólafsson: Hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ) hefir nú tekið upp mest af því, sem jeg ætlaði að segja. En jeg vil samt víkja þeirri spurningu til hæstv. fjrh. aftur, hvort hann vilji ekki falla frá ósk sinni og nota tilboðið, sem honum var gert í öndverðu, að endurtaka ummælin utan þings. Það hefði auðvitað verið það besta. Og jeg er viss um það, að með því móti verður vegur hans mestur. Engum gerir hann þægt verk með því að heimta atkv.,

og það hygg jeg gilda eins um hans flokksmenn sem aðra.

Hæstv. fjrh. vjek síðast í ræðu sinni að því opinbera lífi í landinu og afleiðingum þess að láta slíkt mál sem þetta niður falla óátalið, eða leggja það undir dóm almennings, sem hneykslast mundi á því. Hjer held jeg, að ekki sje miklu fyrir að fara um álit almennings á velsæmi þeirra, sem með völd fara, og ef ætti að taka eitthvað til samanburðar þessu velsæmi, eitthvað, sem nýlega hefir skeð þessu líkt í þingsögunni, þá dettur mjer í hug afgreiðsla þál. í Ed. um málshöfðun gegn höfundi að ósvífnum meiðyrðum um æðstu embættismenn landsins, sem deildin vísaði frá með rökstuddri dagskrá og þeirri hálegu yfirvarpsástæðu, *að af því að tiltekinn maður hefði ekki höfðað mál til að bera af sjer svipuð meiðyrði, þá væri ekki ástæða fyrir embættismenn ríkisins að gera það heldur.* Þess vegna álít jeg, að hjer sje ekki neitt sjerlega hvítt að velkja um það opinbera líf, þó að þessum „seremoníum“ öllum væri slept, þetta atriði látið niður falla og deildin þannig losuð við að greiða atkvæði um þá hluti, sem henni er ógeðfelt að skifta sjer af og engin ástæða er til að sinna.

Fjármálaráðherra (JÞ): Það getur vel verið svo, að hv. 1. þm. S.-M. (SvÓ) þyki það óþarfi fyrir fyrv. opinberan starfsmann ríkisins að bera slíkar aðdróttanir af sjer og hjer er um að ræða, en jeg verð að hafa aðra skoðun á því, og jeg tel þetta ekki óþarft. Viðvíkjandi því, hvernig jeg hafi svarað tilboðinu um, að aðdróttanir þessar gegn mjer yrðu endurteknar utan þings, skal jeg fúslega viðurkenna það, að jeg svaraði því með nokkuð hvatskeytlegum orðum, sem stafaði af því, að jeg hafði skift skapi, vegna þessara aðdróttana, sem jeg hafði ekki gefið nokkurt tilefni til og mjer var flutt að bornar hefðu verið á mig. En jeg get aftur lýst því yfir hjer, að jeg óska ekki eftir, að slíkar aðdróttanir verði endurteknar utan þings, hvorki um mig eða aðra, enda hefi jeg enga tryggingu fyrir því, að þessi orð verði endurtekin óbreytt, þó að þetta sje boðið.

Benedikt Sveinsson: Jeg bjóst að vísu ekki við að þurfa að taka til máls um það, sem hjer er að fara fram, en úr því sem komið er, verð jeg að segja fáein orð.

Jeg er þeirrar skoðunar, að þingið eigi að vera mjög tregt til að veita slíkar heimildir sem þessa, þ. e. til að lögsækja þm., því að Alþingi er friðheilagt innan þeirra takmarkana, sem stjórnarskráin setur. Vitanlega getur svo staðið á, einkum ef utanþingsmenn eiga hlut að máli, að frá þessu verði að víkja, og þess vegna er þessi varnagli sleginn í stjórnarskrá vorri. Á þinginu 1918 kom fyrir samskonar krafa, og heimildin var veitt, — aðeins vegna þess, að sá maður, sem fyrir lögsókninni átti að verða, mælti sjálfur með því; en þá var það utanþingsmaður, sem vildi lögsækja þingmann.

Jeg hefi talað við hv. þm. Dal. (BJ) nýlega, og hann sagði mjer, að hann hefði þá greitt atkvæði með því, að heimildin yrði veitt, aðeins fyrir bein tilmæli frá þeim, sem lögsækja átti.

En hjer er eigi um fullsambærilegt atriði að ræða, er það eru tveir þingmenn, sem eigast við, og geta þeir sjálfir rjett sinn hlut þegar í stað innan þings, sem er rjettur vettvangur.

Ef móðgandi eða meiðandi aðdróttanir hefðu verið bornar á hæstv. fjrh. í þingræðu, hefði jeg auðvitað vítt það þegar í stað, en þar sem jeg tók eigi eftir nein-

um meiðandi sakargiftum í ræðú hv. þm. Str., þá kom slíkt eigi til greina, enda kom hæstv. fjrh. sjálfur á vettvang og svaraði þegar allskörulega fyrir sig, og virtist mjer þá svo, að hvorugur ætti hjá öðrum.

Fyrir utan það, sem nú var talið, verður vel að gæta eins atriðis í kröfu hæstv. fjrh., áður en deildin geti fallist á kröfu hans. Hann biður um leyfi til að hefja málssókn út af orðum í ræðukafla, óleiðrjettum af þingmanninum sjálfum. Mjer virðist þessi ræðukafli, eða sjerstaklega fyrri hluti hans, bera með sjer, að hann getur ekki verið rjett hafður eftir; eru þar beinar mótsagnir, svo að úr verður endileysa ein. Hjer er því um bersýnilegar og sannanlegar villur að ræða. Þess vegna get jeg ekki sjeð, að hv. þingdeild geti leyft að nota *óleiðrjettan ræðukafla* til að hefja málssókn út af, enda væri það hreint brot á móti ákvæðum 52. gr. þingskapa, sem ákveða þingmönnum rjett til að leiðrjetta ræður sínar. Jeg mun því verða að greiða atkvæði á móti því, að málshöfðunarbeiðni hæstv. fjrh. verði samþykt.

Fjármálaráðherra (JÞ): Mjer er skylt að geta þess, út af ræðu hv. þm. N.-Þ. (BSv), að jeg hefi fyrir mjer handrit af ræðu háttv. þm. Str., sem er leiðrjett af honum sjálfum; en því er svo varið, að þeir kaflar ræðunnar, sem jeg tel meiðandi fyrir mig, eru strikaðir út af háttv. þm. sjálfum og hefir hann skrifað þar inn alt annað mál í staðinn. *(TrÞ*: Hvernig er það alt annað mál?). Vegna þess, að það er fátt sameiginlegt í því, sem út er strikað, og hinu, sem ritað er í staðinn, þótt um svipað efni sje hvorttveggja. Jeg hefði ekki þóst hafa tilefni til málshöfðunar, ef ræðan hefði verið eins og háttv. þm. (TrÞ) hefir skrifað hana, því að þar tekur hann allar aðdróttanir í minn garð aftur, sem stóðu í handriti skrifaranna. Jeg vil vekja athygli háttv. deildar á því, að þetta getur ekki verið næg ástæða til að neita mjer um heimild til að lögsækja hv. þm.; neiti hann að hafa haft í frammi þessi orð um mig, hvílir sönnunarskyldan á mjer, og geti jeg ekki sannað þau, sleppur hann ódæmdur.

Tryggvi Þórhallsson: Mjer finst hæstv. fjrh. ná alveg tilgangi sínum, ef till. mín verður samþykt. Hún er svo rúm, að hæstv. ráðh. getur um alt fengið vilja sinn, og rýmri en beiðni hans. Jeg mælist því enn til, að mín till. verði samþykt.

Hákon Kristófersson: Um leið og jeg geri grein fyrir mínu atkv. um þetta mál, vil jeg leyfa mjer að beina þeirri spurningu til hæstv. fjrh., hvort hann geri sig ekki ánægðan með það og láti þetta mál niður falla, ef háttv. þm. Str. lýsir því yfir í heyranda hljóði hjer í deildinni, að hann hafi ekki ætlað sjer að bera fram neinar móðgandi aðdróttanir í garð hæstv. fjármálaráðherra.

Jafnframt vil jeg lýsa því yfir, að þrátt fyrir vinsamleg tilmæli háttv. þm. Str. til mín um það, get jeg ekki greitt till. hans mitt atkv., vegna þess, að niðurlag till. fer lengra en ástæða er til; auk þess tel jeg þingið fara út á allhálar brautir, ef leyfa skal slíkar málshöfðanir, og því teldi jeg betra, ef sættir kæmust á.

Halldór Stefánsson: Jeg vil lýsa því, að jeg fæ ekki skilið, að þetta mál sje hjer raunverulega á dagskrá. Hæstv. forseti (BSv) ljet þess getið, að hann tæki þetta mál á dagskrá morgundagsins, en nú hefir málið þegar verið allmjög rætt

og alment, og að því er mjer virðist utan dagskrár; ennfremur virðist mjer enn vanta úrskurð hæstv. forseta um, hvað skuli hjer bera upp til atkvæða, till. hv. þm. Str. eða beiðni hæstv. fjrh. Mjer er því alls ekki ljóst, hvað það er, sem menn ætla að fara að ganga til atkvæða um. En sje málið alment tekið til meðferðar nú þegar, liggur í augum uppi, að það verður að skera úr því, hvað á að bera upp til atkvæða.

Viðvíkjandi beiðni hæstv. fjrh. vil jeg taka það fram, að mjer virðist ekki vera nauðsynlegt, að hún verði tekin hjer til greina, til þess að hæstv. ráðh. geti lögsótt háttv. þm. Str., þar sem boðið hefir verið að endurtaka þau orð, sem um er deilt, utan þinghelginnar. Auk þess tel jeg varhugavert, sem einnig hefir þegar verið bent á í þessum umræðum, að það, sem hæstv. fjrh. fer fram á, felur það í sjer, að þingmenn verði sviftir þeim rjetti, sem þeir nú hafa til þess að leiðrjetta ræður sínar, og beiðni hæstv. ráðherra er beinlínis bygð á því, að þingmenn hafi ekki lengur þennan rjett. Af þessum ástæðum verð jeg að vera á móti því, að þetta málshöfðunarleyfi verði veitt.

Magnús Torfason: Jeg verð að segja, að jeg tel það allhart, að þingdeildin þurfi að eiga í þessu stappi út af slíku smámáli, sjerstaklega vegna þess, að hv. þm. Str. hefir þegar tvisvar lýst því yfir, bæði hjer í dag og áður, að hann hafi ekki ætlað sjer að drótta neinu óheiðarlegu að hæstv. fjrh. Jeg hefi ávalt skilið það svo, að ef menn hafa mælt eitthvað hvatskeytlega hver til annars, en þóst síðan ofmælt hafa og lýst því yfir, að þeir hafi ekki haft neitt óheiðarlegt í huga, þá hafi verið látið þar við sitja. Þetta ætti hæstv. fjrh. að taka til greina, einkum þar sem hann sjálfur er alls ekki orðvarari en aðrir. Hann hefir fyrir skemstu borið fram í þingræðu svo svartar sakir á utanþingsmann, að jeg vil alls ekki endurtaka það hjer. En ef hann heldur þessari málshöfðunarbeiðni sinni fast fram, tel jeg hann skyldan til að endurtaka utan þings ummæli sín um Arnór Sigurjónsson skólastjóra, svo honum gefist kostur á að hreinsa sig af þeim.

Það eru tvær ástæður, sem gera það að verkum, að jeg get ekki greitt atkvæði með slíkum tillögum, sem hjer hefir komið til orða, að upp verði bornar. Sú fyrri er sú, að það er alhægt að eyða og berja niður allar aðfinslur á opinberri starfsemi með lögsóknum, ef menn vilja það viðhafa, eins og hegningarlögum vorum er nú háttað. Það má hreint og beint eyðileggja mann með lögsóknum, þótt hann aðeins hafi gert það eitt, sem rjett var. Og jeg get þar úr flokki talað, því að jeg hefi verið ofsóttur með málshöfðunum fyrir verk, sem hæstirjettur dæmdi rjett, og orðið útlægur um rúmar 1100 kr. fyrir, og mildi, að ekki varð meira. Það er svo auðvelt að misbeita málshöfðunarrjettinum, ef menn hafa aðeins nóg fje undir höndum. Alberti Íslandsráðherra drap niður öllum opinberum aðfinslum gegn sjer með málshöfðunum. Hann ljet höfða mörg hundruð slík mál um alla Danmörk, og það gat hann vel veitt sjer, því að hann stal því fje, sem hann þurfti að kosta til málssóknanna. Hann gereyðilagði líf eins manns, sem hann ofsótti þannig, svo að maðurinn varð að flýja land og fór til Ameríku; og það var fyrst eftir að Alberti komst í steininn, 20 árum síðar, að hann fjekk nokkra rjetting sinna mála. Af þessu má sjá, að það

gæti orðið varhugaverð braut að leggja út á, ef þingið færi að ýta undir slíkar málshöfðanir peningamanna.

Nú er jeg með þessu alls ekki að drótta neinu misjöfnu að hæstv. fjrh., því jeg tel hann heiðarlegan mann, og jeg veit einnig, að hv. þm. Str. metur hann mikils, líklega langmest allra flokksbræðra hæstv. ráðherra hjer í deildinni.

Þá kem jeg að öðru atriði í þessu máli, sem hv. þm. N.-Þ. (BSv), hæstv. forseti þessarar deildar, vjek að í ræðu sinni áðan, sem ærið væri nóg til þess að samþykkja ekki till. hæstv. fjrh., því að ef hún verður samþykt, er hún beinlínis yfirlýsing frá þingsins hálfu um það, að handrit skrifaranna sjeu rjett afrit af ræðum þingmanna. Þetta vil jeg ekki skrifa undir. Jeg hefi sjálfur orðið fyrir barðinu á þeim; jeg hefi jafnvel verið látinn tala á móti minni eigin skoðun í máli. Svo lítið er að marka það, sem skrifararnir láta frá sjer fara. Jeg tel því ekki aðeins ósanngjarnt, heldur algerlega ófært að leyfa málshöfðun bygða á handriti skrifaranna án þess að þau sjeu leiðrjett af viðkomandi þingmönnum. Það mundi þá þýða það, að 52. gr. þingskapanna væri alveg úr gildi feld; en þar er þingmönnum heimilað að leiðrjetta ræður sínar. Jeg tel því ekki geta komið til mála að samþykkja till., því það væri beint brot á þingsköpum, ef handrit skrifaranna eiga að standa óhögguð, en leiðrjettingar þm. gerðar þýðingarlausar.

Fjármálaráðherra (JÞ): Út af ræðu háttv. þm. Barð. (HK) vil jeg taka það fram, að jeg hefi ætíð verið mjög sáttfús, og það verður líka í fyrsta skifti á ævi minni, ef það verður úr, að jeg höfði mál á hendur háttv. þm. Str.

Viðvíkjandi spurningu hv. þm. Barð. um það, hvort jeg mundi vilja láta þetta mál niður falla, ef háttv. þm. Str. tæki orð sín aftur, vil jeg aðeins segja það, að jeg hefi tekið vel eftir því, hvað háttv. þm. Str. hefir sagt um þetta tvisvar sinnum. Hann hefir í bæði skiftin sagt, að hann hefði engar aðdróttanir komið með, hann hefði aðeins borið fram spurningar. Jeg hefi nú einmitt orðið að álíta, að í spurningum hans fælust aðdróttanir til mín, en vilji hv. þm. Str. nú lýsa því yfir hjer í deildinni, að í spurningum hans hafi engar aðdróttanir átt að felast í minn garð, þá mun jeg telja, að nokkuð öðru máli sje að gegna þar á eftir.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg get endurtekið það nú, sem jeg strax lýsti yfir á þeim fundi, er jeg hjelt margnefnda ræðu, að í spurningum mínum, sem jeg beindi til hæstv. atvrh. (MG), áttu alls engar aðdróttanir að felast í garð hæstv. fjrh.

Fjármálaráðherra (JÞ): Eftir að hv. þm. Str. nú hefir gefið hjer þessa yfirlýsingu, get jeg vel gert það til sátta að láta þetta mál niður falla frá minni hálfu.

Forseti (BSv): Út af orðum háttv. 1. þm. N.-M. (HStef), þar sem hann kvaðst ekki skilja í því, hvort þetta mál væri hjer til umræðu og meðferðar eða ekki, skal jeg láta þess getið, að jeg lýsti því, að jeg mundi fara að fordæminu 1918 um að taka þetta mál síðar á dagskrá, nema ef háttv. flm. (fjármálaráðherra) óskaði það þegar tekið til meðferðar og afgreiðslu. Nú hefir hæstv. fjrh. fallið frá þessari beiðni sinni um heimild til málshöfðunar, en mjer skilst, að hv. þm. Str.

haldi enn við þá kröfu, að till. hans verði borin upp til atkvæða.

Tryggvi Þórhallsson: Það gæti vel verið, að það væri eitthvað fleira, sem hæstv. ráðh. hefir að athuga við ræður mínar og vildi lögsækja mig fyrir, og vil jeg gefa honum tækifæri til þess.

Fjármálaráðherra (JÞ): Ef á að bera nokkuð upp hjer í hv. deild, þá held jeg fast við, að mín beiðni verði borin upp.

Forseti (BSv): Jeg sje ekki ástæðu til að bera upp málshöfðunarbeiðni hæstv. fjármálaráðh., þar sem hann hefir lýst yfir því, að hann falli frá henni.

Magnús Torfason: Jeg vil leyfa mjer í nafni þess góða þingfriðar, sem hjer hefir ríkt hingað til, að skora á hv. þm. Str., að hann taki tillögu sína aftur.

Tryggvi Þórhallsson: Jeg legg það á vald hæstv. forseta, hvort tillaga mín verður borin upp eða ekki. *(KlJ*: Forseti úrskurðar).

Forseti (BSv): Úrskurður minn er sá, að hvorug tillagan komi til atkvæða, af þeim röksemdum, er fram eru komnar, og er þessu máli þar með lokið.

IV. Kosningar.

1. Gæslustjóri Söfnunarsjóðsins.

Á 69. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. maí, var tekin til meðferðar

kosning gæslustjóra Söfnunarsjóðs Íslands fyrir þann tíma, sem eftir er ábilsins frá 1. jan 1924 til 31. des. 1927.

Skrifleg kosning fór fram, og hlaut kosningu

Sigurður Gunnarsson præp. hon. með 25 atkv. — 1 seðill var auður.

2. Stjórn Minningarsjóðs Jóns frá Gautlöndum.

Á sama fundi var tekin til meðferðar

kosning eins manns í stjórn Minningarsjóðs Jóns alþm. Sigurðssonar frá Gautlöndum fyrir þann tíma, sem eftir er ábilsins frá 1. jan. 1926 til 31. des. 1931.

Skrifleg kosning var viðhöfð, og fjellu atkvæði í fyrstu þannig, að Guðmundur Friðjónsson frá Sandi hlaut 13 atkv., Ingólfur Bjarnarson alþm. 13 atkv. og Klemens Jónsson alþm. 1 atkv.

Fór þá fram bundin kosning milli þeirra tveggja, sem jöfn atkvæði fengu, og hlaut þá kosningu

Ingólfur Bjarnarson með 14 atkv. — Guðmundur Friðjónsson fjekk 13 atkv.

3. Þingfararkaupsnefnd.

Á 5. fundi í Sþ., laugardaginn 8. maí. var tekin til meðferðar

kosning þingfararkaupsnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Barst for seta einn listi, með nöfnum 5 þingmanna, eða jafnmargra og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rjett kjörna í þingfararkaupsnefnd, en þeir voru þessir:

Eggert Pálsson,
Guðmundur Ólafsson,
Þjetur Ottesen,
Þorleifur Jónsson,
Þórarinn Jónsson.

4. Dansk-íslensk ráðgjafarnefnd.

Á 7. fundi í Sþ., föstudaginn 14. maí, var tekin til meðferðar

kosning hins íslenska hluta hinnar

dansk-íslensku ráðgjafarnefndar, samkvæmt tilskipun 28. maí 1919, fyrir tímabilið frá 1. des. 1926 til 30. nóv. 1934.

Forseti (JóhJóh): Það hefir komið fram ósk um það, að 2. málið á dagskránni yrði tekið út, sökum þess að till. til þál. er fram komin frá hv. 2. þm. Reykv. (JBald) um að fjölga mönnum í ráðgjafarnefndinni. En þar sem nú er komið að þingslitum, vildi jeg ekki verða við þeirri ósk, nema þingið ljeti vilja sinn í ljós um það. — Jeg vil því leyfa mjer að bera það undir þingið, hvort það sje því samþ. að 2. málið sje tekið af dagskránni.

ATKVGR.

Felt að taka málið af dagskrá með 30: 4 atkv.

Forseti (JóhJóh): Jeg vil þá spyrja hæstv. forsrh. (JM), hvort ekki sje meiningin að kjósa jafnmarga menn í nefndina og áður. *(Forsrh. JM:* Jú, talan er óbreytt).

Jón Baldvinsson: Út af spurningu hæstv. forseta (JóhJóh) til hæstv. forsrh. (JM) vildi jeg benda á það, að þáltill. mín gerir ráð fyrir fleiri mönnum í nefndina en nú er, og er því rjettara að fresta málinu, þó ekki verði það tekið út af dagskrá.

Það er nú orðið altítt, ef hraða þarf máli, að halda fundi hvern á fætur öðrum og veita afbrigði frá þingsköpum. Jeg veit t. d. ekki betur en að Nd. þurfi í dag að halda minst tvo fundi og knýja í gegn mál, er afbrigða þarf til. Þetta er algeng regla, þótt ekki sje hún góð. Jeg vildi því mælast til þess við hæstv. forseta, að hann noti vald sitt og taki nefndarkosninguna út af dagskrá, og setji síðan nýjan fund og taki þar þáltill. mína til meðferðar, þó að ekki fylgi áskorun frá 9 mönnum.

Forseti (JóhJóh): Út af orðum hv. 2. þm. Reykv. (JBald) skal jeg taka það fram, að þáltill. á þskj. 595 getur ekki orðið tekin fyrir á þessum fundi, þar sem hún er ekki á dagskrá. Auðvitað mætti slíta fundi og taka málið fyrir á næsta fundi. En nú hefir þingið samþykt með miklum meiri hl. atkv. mótmæli gegn því, að málið verði tekið út af dagskrá, og liggur það því fyrir.

Jón Baldvinsson: Hæstv. forseti hefir vald samkv. 54. gr. þingskapa til að gera uppástungu um að taka mál á dagskrá; og það er þetta, er jeg fer einnig fram á, svo ekki þurfi að rekast í því að fá 9 þm. til að senda skriflega uppástungu um þetta.

Forseti (JóhJóh): Jeg lít svo á, að Alþingi hafi látið vilja sinn í ljós um þetta, og liggur því fyrir að kjósa hinn íslenska hluta hinnar dansk-íslensku ráðgjafarnefndar.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram þrír listar, er forseti merkti A, B og C. — Á A-lista voru Jóhannes Jóhannesson og Bjarni Jónsson frá Vogi, á B-lista Jónas Jónsson og á C-lista Bjarni Jónsson frá Vogi.

Þar sem ekki voru fleiri til nefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti rjett kjörna án atkvgr. alþingismennina:

Jóhannes Jóhannesson,
Bjarna Jónsson frá Vogi,
Jónas Jónsson.

5. Orðunefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning tveggja manna í orðunefnd, samkvæmt 3. gr. reglugerðar 3. júlí 1921, um hina íslensku fálkaorðu, fyrir árabilið 1927—1932.*

Benedikt Sveinsson: Jeg vil leyfa mjer að nefna menn í kjör þetta, til þess að nefndin verði skipuð fjölbreyttari „starfskröftum". Legg því til, að kosnir verði: Gunnar Sigurðsson frá Selalæk og Hallbjörn Halldórsson ritstjóri.

Forseti (JóhJóh): Fram hefir komið ósk um, að beitt verði hlutfallskosningu, og þykir mjer rjett að verða við þeirri beiðni. Hverjum þingmanni er vitanlega frjálst að koma fram með lista, en afhenda verður þá skriflega.

Forseta bárust tveir listar. Á öðrum, er hann merkti A, var Klemens Jónsson, en á hinum, er merktur var B, var Guðmundur Björnson landlæknir. Þm. N.-Þ. tók þá aftur tillögu sína.

Forseti lýsti því rjett kjörna í orðunefnd án atkvgr.:

Klemens Jónsson alþm. og
Guðmund Björnson landlækni.

6. Yfirskoðunarmenn landsreikninga.

Á sama fundi var tekin til meðferðar *kosning þriggja yfirskoðunarmanna landsreikninganna 1925, að viðhafðri hlutfallskosningu.*

Fram kom einn listi með nöfnum jafnmargra manna og kjósa skyldi. Lýsti forseti þá rjett kjörna yfirskoðunarmenn án atkvgr., en þeir voru alþingismennirnir:

Jörundur Brynjólfsson.
Magnús Jónsson.
Árni Jónsson.

V. Símanot þingmanna.

Á 2. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. febr., og á 2. fundi í Nd., s. d., skýrðu deildaforsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefði ákveðið að láta þingmönnum heimil símanot um þingtímann til heimila sinna og annað þangað, er þeir sem þingmenn þyrftu að nota síma, þó svo, að símanot hvers einstaks þingmanns mættu ekki fara fram úr 150 krónum.

Þess bæri ennfremur að gæta:

1. Alþingi greiði kostnaðinn beint til landssímans, ef þingmenn tali frá símum þingsins eða landssímastöð Reykjavíkur, enda segi þeir símaþjónum jafnan til nafns síns.
2. Ef þingmenn tali frá heimilum sínum hjer í bænum, greiði þeir kostnaðinn sjálfir landssímanum, en fái hann síðan endurgreiddan frá Alþingi, þó því aðeins, að þeir sanni reikning sinn með kvittunum landssímans.
3. Þingmenn megi ekki senda á kostnað Alþingis símskeyti, er varða verslunarviðskifti þeirra, atvinnurekstur eða önnur þau málefni, sem eru þingstörfum þeirra óviðkomandi.
4. Sjeu þingmenn kvaddir til símtals frá símastöð utanbæjar, sje ekki heimilt að telja þau símtöl Alþingi til skuldar.

VI. Ljósmyndir af þingmönnum.

Á 13. fundi í Ed., fimtudaginn 25. febr., og á 14. fundi í Nd., s. d., skýrðu deildaforsetar frá, að forsetar allir í sameiningu hefðu samþykt að safna saman til geymslu í bókasafni þingsins ljós-

myndum af þingmönnum fyr og síðar, eftir því sem unt væri, og ákveðið, að þingið kostaði myndtöku af hverjum núverandi þingmanni og áfram, jafnóðum og nýir kæmu. Hefði verið samið við Ólaf hirðljósmyndara Magnússon um að taka myndirnar, gegn afhendingu spjalds, er skrifstofa Alþingis hefði nú fengið hverjum þingmanni í hendur.

VII. Starfsmenn þingsins.

Á 2. fundi í Ed., þriðjudaginn 9. febr., og á 2. fundi í Nd., s. d., skýrðu forsetar frá, að ráðnir væru af forsetum öllum í sameiningu þessir starfsmenn Alþingis:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Pjetur Lárusson, Torfi Hjartarson, Theodóra Thoroddsen.

Skjalavarsla og afgreiðsla:
Kristján Kristjánsson.

Lestrarsalsgæsla:
Ólafía Einarsdóttir, Pjetrína Jónsdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

Dyra- og pallavarsla:
Árni S. Bjarnason, Þorlákur Davíðsson, Páll Lárusson, Halldór Þórðarson.

Þingsveinar:
Erlingur Ólafsson, Jón Þórður Aðils[1]), Kjartan Th. Líndal, Eggert Ísdal, Magnús G. Blöndal.

Símavarsla:
Ingibjörg Jónsdóttir, Ingibjörg Pjetursdóttir, sinn hálfan daginn hvor.

[1]) Hvarf frá starfinu 10. apríl.

Innanþingsskrifarar:
Teknir strax: Gústaf A. Jónasson, Finnur Sigmundsson, Þorkell Jóhannesson, Magnús Björnsson.
Teknir síðar eftir þörfum: Helgi Tryggvason, Vilhelm Jakobsson, Svanhildur Ólafsdóttir, Jóhann Hjörleifsson, Árni Óla, Einar Sæmundsen, Pjetur Benediktsson, Sigurður Z. Gíslason, Sigurður Haukdal, Einvarður Hallvarðsson.

Hefðu fjórir hinir síðasttöldu ekki verið þingskrifarar áður, en orðið hlutskarpastir við þingskrifarapróf 1. febr. síðastl.[1]).

Gústaf A. Jónasson skyldi hafa á hendi verkstjórn við innanþingsskriftir.

VIII. Starfslok deilda.

A. Í efri deild.

Á 78. fundi í Ed., föstudaginn 14. maí, að lokinni dagskrá, mælti

forseti (HSteins): Áður en jeg slít þessum síðasta fundi hv. deildar, vil jeg geta þess, að þær vonir, sem jeg ljet í ljós í þingbyrjun um góða samvinnu og starfsemi hafa fyllilega ræst. Nefndirnar í þessari hv. deild hafa unnið með alúð og elju og leyst verkefni sín vel og tiltölulega fljótt af hendi. Því er ómögulegt með nokkurri sanngirni að kenna þessari hv. deild, þótt þetta þing hafi dregist nokkuð lengur en vænta mátti eftir þeim málum, sem lágu fyrir. Að endingu vil jeg

[1]) Vegna lasleika Einvarðs Hallvarðssonar um tíma og í stað Jóhanns Hjörleifssonar, sem hvarf frá starfinu 8. maí, var bætt við 6. maí Þorgrími Sigurðssyni, en hann hafði hlotið við þingskrifaraprófið hæsta einkunn næst þeim fjórum, sem nefndir voru.

þakka hv. þm. góða samvinnu og óska þeim góðrar heimferðar og heimkomu, sem utanbæjar búa, en öllum þingheimi góðs gengis framvegis.

Ágúst Helgason: Jeg vil leyfa mjer að þakka hæstv. forseta góða og röggsama fundarstjórn og óska honum góðrar heimfarar og farsællar heimkomu. Vænti jeg þess, að jeg tali þar fyrir munn allra hv. deildarmanna.

(Deildarmenn tóku undir orð 6. landsk. þm. (ÁH) með því að standa upp).

Forseti (HSteins): Jeg þakka hv. þm. (ÁH) og hv. deild þessa hlýlegu kveðju, og segi svo þessum síðasta fundi deildarinnar slitið.

B. Í neðri deild.

Á 80. fundi í Nd., s. d., að lokinni dagskrá, mælti

forseti (BSv): Þá liggja ekki fleiri störf fyrir þessari hv. deild að þessu sinni. Að vanda síðustu ára mun jeg ekki flytja neina skýrslu um störf deildarinnar, þar sem hæstv. forseti sameinaðs Alþingis (JóhJóh) gerir grein fyrir störfum Alþingis í einu lagi.

Jeg vil þakka þingmönnum fyrir þá löngu og góðu samvinnu, er vjer höfum átt á þessu þingi. Finst mjer þingið hafa farið fram í spakara og friðsamara lagi, a. m. k. hjerna megin veggjarins. Jeg vona því, að hv. þdm. skilji allir í bróðerni og óska þeim góðrar heimferðar og heimkomu, sem heima eiga utan Reykjavíkur. En öllum hv. þingmönnum óska jeg alls hins besta; mæli jeg svo um, að vjer megum allir heilir hittast á næsta þingi.

Jeg vil minnast þess, að sá harmur hefir orðið þessu þingi að missa hins mikla og ágæta þingskörungs frá þingstörfum, hv. þm. Dalamanna, Bjarna Jónssonar frá Vogi. Vona jeg, að þau ummæli mín verði að áhrínsorðum, að hann megi einnig koma heill og hraustur til næsta þings.

IX. Þinglausnir.

Á 8. fundi í Sþ., laugardaginn 15. maí, skýrði forseti frá störfum þingsins í stuttu máli á þessa leið:

A. *Þingfundir* hafa verið haldnir:

í neðri deild	80
í efri deild	78
í sameinuðu þingi	8
Fundir alls	166

B. *Þingmál* og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:		
a. lögð fyrir neðri deild	15	
b. lögð fyrir efri deild	10	
		25
2. Þingmannafrumvörp:		
a. borin fram í neðri deild	49	
b. borin fram í efri deild	13	
		62
		87
Þar af		
a. Afgreidd sem lög		
stjórnarfrumvörp	22	
þingmannafrumvörp	29	
		51
b. Feld		
þingmannafrumvörp		10
c. Vísað frá með rökst. dagskrá		
þingmannafrumvörpum		6

d. Vísað til stjórnarinnar þingmannafrumvörpum 2
e. Ekki útrædd stjórnarfrumvörp 3
þingmannafrumvörp 15
——— 18
87

II. Þingsályktunartillögur:

a. bornar fram í neðri deild 16
b. bornar fram í efri deild 17
c. bornar fram í sameinuðu þingi 3
——— 36

Þar af
a. Þál. afgr. til ríkisstjórnarinnar
1. ályktanir Alþingis 8
2. ályktanir neðri deildar 4
3. ályktanir efri deildar . 3
——— 15
b. Þál. um framkv. innan þings 1
c. Feldar 3
d. Vísað frá með rökst. dagskrá 2
e. Vísað til stjórnarinnar 8
f. Ekki útræddar 7
36

III. Fyrirspurnir:

a. bornar fram í neðri deild .. 2
b. borin fram í efri deild 1
——— 3

Þar af tveim svarað.
Mál til meðferðar í þinginu alls 126

Síðan mælti

forseti (JóhJóh): Þá er nú störfum þessa 38. löggjafarþings íslensku þjóðarinnar lokið, eftir að þingið hefir átt setu í 99 daga. Á þessu þingi hefir verið unnið mikið, deildafundir verið margir og langir og nefndastörf ærin.

Þinginu auðnaðist ekki að binda enda á seðlaútgáfumálið. Hinsvegar hefir það sett lög um nýjan banka, samþykt fjárlög, sem kalla má sæmileg, og ljett sköttum, sjerstaklega af framleiðslunni.

Af öðrum lögum, sem þingið hefir samþykt, vil jeg sjerstaklega nefna hin nýju fræðslulög, lögin um skipströnd og vogrek, lögin um útsvör og lögin um kosningar í málefnum sveita og bæja, sem alt eru allmiklir lagabálkar, og loks lögin um framlag til kæliskipskaupa, sem þegar má segja, að komin sjeu til framkvæmdar.

Að svo mæltu vil jeg leyfa mjer að óska öllum utanbæjarþingmönnum góðrar heimferðar og gleðilegrar heimkomu.

Þeim tveimur háttvirtu landskjörnu þingmönnum, er setið hafa á þessu þingi, en auðsætt er, að ekki muni eiga setu á næsta Alþingi, vil jeg sjerstaklega leyfa mjer að færa þakkir fyrir samstarfið og samveruna í vetur.

Þá stóð upp forsætisráðherra **Jón Magnússon** og las upp konungsumboð sjer til handa til þess að segja Alþingi slitið, þá er það hefði lokið störfum sínum.

Samkvæmt því umboði lýsti forsætisráðherra yfir því í nafni konungs, að þessu 38. löggjafarþingi Íslendinga væri slitið.

Stóð þá upp **Klemens Jónsson,** 2. þm. Rang., og mælti:

„Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!“

Tóku þingmenn undir þau orð með níföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.

Leiðrjetting.

Í 464. dálki, 3. l. a. o.: C. Hansen les: C. Hauch.